ÞINGSETNINGARFUNDUR

fimmtudaginn 31. maí

Árið 2007, fimmtudaginn 31. maí, var hundrað þrítugasta og fjórða löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það tuttugasta og fimmta aukaþing í röðinni en hundrað fertugasta og níunda samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu, anddyri Skálans, kl. 1.10 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Jakob Ágúst Hjálmarsson predikaði og þjónaði fyrir altari ásamt biskupi Íslands, herra Karli Sigurbjörnssyni. Séra Jakob lagði út af Jóhannesarguðspjalli 14:15–21.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar Alþingis.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Norðaust.
2. Atli Gíslason, 7. þm. Suðurk.
3. Ágúst Ólafur Ágústsson, 4. þm. Reykv. s.
4. Álfheiður Ingadóttir, 11. þm. Reykv. s.
5. Ármann Kr. Ólafsson, 4. þm. Suðvest.
6. Árni Páll Árnason, 11. þm. Suðvest.
7. Árni Johnsen, 6. þm. Suðurk.
8. Árni M. Mathiesen, 1. þm. Suðurk.
9. Árni Þór Sigurðsson, 9. þm. Reykv. n.
10. Ásta R. Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykv. s.
11. Ásta Möller, 7. þm. Reykv. s.
12. Birgir Ármannsson, 9. þm. Reykv. s.
13. Birkir J. Jónsson, 6. þm. Norðaust.
14. Bjarni Benediktsson, 3. þm. Suðvest.
15. Bjarni Harðarson, 8. þm. Suðurk.
16. Björgvin G. Sigurðsson, 2. þm. Suðurk.
17. Björk Guðjónsdóttir, 9. þm. Suðurk.
18. Björn Bjarnason, 6. þm. Reykv. s.
19. Einar K. Guðfinnsson, 5. þm. Norðvest.
20. Einar Oddur Kristjánsson, 8. þm. Norðvest.
21. Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.
22. Ellert B. Schram, 11. þm. Reykv. n.
23. Geir H. Haarde, 1. þm. Reykv. s.
24. Grétar Mar Jónsson, 10. þm. Suðurk.
25. Guðbjartur Hannesson, 2. þm. Norðvest.
26. Guðfinna S. Bjarnadóttir, 3. þm. Reykv. n.
27. Guðjón A. Kristjánsson, 6. þm. Norðvest.
28. Guðlaugur Þór Þórðarson, 1. þm. Reykv. n.
29. Guðni Ágústsson, 3. þm. Suðurk.
30. Gunnar Svavarsson, 2. þm. Suðvest.
31. Helgi Hjörvar, 7. þm. Reykv. n.
32. Höskuldur Þórhallsson, 10. þm. Norðaust.
33. Illugi Gunnarsson, 3. þm. Reykv. s.
34. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 2. þm. Reykv. s.
35. Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv. n.
36. Jón Bjarnason, 4. þm. Norðvest.
37. Jón Gunnarsson, 7. þm. Suðvest.
38. Jón Magnússon, 10. þm. Reykv. s.
39. Karl V. Matthíasson, 7. þm. Norðvest.
40. Katrín Jakobsdóttir, 4. þm. Reykv. n.
41. Katrín Júlíusdóttir, 5. þm. Suðvest.
42. Kjartan Ólafsson, 4. þm. Suðurk.
43. Kolbrún Halldórsdóttir, 5. þm. Reykv. s.
44. Kristinn H. Gunnarsson, 9. þm. Norðvest.
45. Kristján Þór Júlíusson, 1. þm. Norðaust.
46. Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.
47. Lúðvík Bergvinsson, 5. þm. Suðurk.
48. Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.
49. Ólöf Nordal, 9. þm. Norðaust.
50. Pétur H. Blöndal, 6. þm. Reykv. n.
51. Ragnheiður E. Árnadóttir, 9. þm. Suðvest.
52. Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 12. þm. Suðvest.
53. Sigurður Kári Kristjánsson, 8. þm. Reykv. n.
54. Siv Friðleifsdóttir, 10. þm. Suðvest.
55. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðaust.
56. Steinunn Valdís Óskarsdóttir, 10. þm. Reykv. n.
57. Sturla Böðvarsson, 1. þm. Norðvest.
58. Valgerður Sverrisdóttir, 2. þm. Norðaust.
59. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 1. þm. Suðvest.
60. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 8. þm. Suðvest.
61. Þuríður Backman, 8. þm. Norðaust.
62. Ögmundur Jónasson, 6. þm. Suðvest.
63. Össur Skarphéðinsson, 2. þm. Reykv. n.

Forseti Íslands setur þingið.

[14:06]

Forseti Íslands (Ólafur Ragnar Grímsson):

Hinn 24. maí 2007 var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar fimmtudaginn 31. maí 2007. Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.

Gjört á Bessastöðum, 24. maí 2007.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Geir H. Haarde.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman fimmtudaginn 31. maí 2007.“

Samkvæmt bréfi því sem ég hef nú lesið lýsi ég yfir því að Alþingi Íslendinga er sett.

Það er jafnan hátíðarstund þegar Alþingi kemur saman, elsta stofnun Íslendinga, framvarðarsveit á nýjum tímum; sérstakur blær þegar hér hefur á nýjan leik verið skipað til sæta í samræmi við vilja fólksins.

Við höfum átt því láni að fagna að lýðræði á hér dýpri rætur en í flestum löndum öðrum. Upphaf ríkis var stofnun Alþingis á Þingvöllum við Öxará, lög og réttur gerð að grundvelli samfélagsins. Sjálfstæðisbaráttan var háð með

orðsins brandi; héraðsfundir, bænarskrár, blöð og tímarit tækin sem færðu fullnaðarsigur. Kosningaþátttaka varð smátt og smátt til muna meiri en annars staðar; almenningi metnaðarmál að eiga greiða leið að alþingismönnum.

Sá jarðvegur lýðræðis sem hér hefur myndast er í senn arfleifð frá fyrri öldum og sköpunarverk síðari tíma, er auðlind en líka aðhald — auðlind sem veitir sérhverri kynslóð veigamikið veganesti og aðhald sem endurspeglar takmörk valdsins, áminning um að þjóðin á jafnan síðasta orðið.

Kosningarnar fyrr í maí voru vitnisburður um að lýðræðishefðin er áfram sterk og hefur reyndar öðlast nýjan þrótt. Þátttakan einstök sem fyrr; Ísland í sérflokki hvað það snertir en víða á Vesturlöndum eru merki um hnignun í því efni. Að auki veitti nú fjölmiðlaflóran öllum flokkum fjölþætt tækifæri til að koma boðskap til skila. Hin margradda umræða í sérhverjum miðli er ótvíræð framför frá fyrri árum þegar flokksmálgögnin þrengdu að og umræðuþættir í ljósvakamiðlum voru fáir.

Það sýnir styrk að gerlegt reynist að endurnýja lýðræðið og efla þrátt fyrir umbreytingar samfélagsins, stakkaskipti fjölmiðlanna og að æ fleiri áhugasvið móta atferli fólksins. Einkum er árangurinn fagnaðarefni sé horft til annarra átta og hreyfiafl og myndbirting lýðræðisins borin saman við reynslu þjóða vítt og breitt um veröldina, líka meðal elstu lýðræðisríkja á Vesturlöndum.

Þótt sitt sýnist hverjum um úrslitin, eins og gengur, getum við í sameiningu fagnað því að kosningarnar voru til vitnis um að lýðræðið er á raunsannan og lifandi hátt grundvöllur stjórnskipulagsins; samgróið menningu, hugsun og þjóðfélagsgerð Íslendinga.

Ég óska alþingismönnum til hamingju með traustið sem þjóðin hefur sýnt ykkur hverjum og einum. Ótvíræður trúnaður er í því fólginn að vera kjörinn alþingismaður, að axla æðstu ábyrgð sem lýðræðið veitir, vera falið að setja lög sem móta örlög einstaklinga, þjóðarinnar.

Einkum býð ég velkomna í þennan sal þá fjölmennu sveit sem hér situr nú í fyrsta sinn en óvenjumikil endurnýjun varð í kosningunum. Verður fróðlegt að fylgjast með nýjum straumum sem slík tímamót hafa jafnan haft í för með sér.

Reynslan kennir okkur þó að árin líða undrahratt og hver og einn þarf að nýta vel umboðið sem þjóðin veitir alþingismönnum. Flestum er sjálfsagt þannig farið að finnast ærinn tími fram undan en rétt er þá að hafa í huga að mannaskipti hafa reynst hér tíð. Nú er enginn eftir í þessum sal sem á Alþingi sat þegar ég kom hér fyrst — og hefur sú mikla saga sem það mannval skóp nánast liðið sem örskotsstund.

Ríkisstjórnir koma og fara og svo hefur reyndin orðið nú. Ég óska nýju ráðuneyti og ráðherrum öllum velfarnaðar í vandasömum verkum sínum um leið og ég þakka þeim sem yfirgáfu ríkisráðið fyrir þjónustuna, hollustu við þjóðarhag og farsæla samvinnu við forsetann.

Þegar litið er yfir farinn veg hefur valdavægi á lýðveldistíma verið slíkt að fyrr eða síðar vinna nánast allir með öllum. Samvinnan reynist þegar upp er staðið þýðingarmeiri en ágreiningur, flokkadrættir falla í skuggann.

Þótt eðlilega setji víglína stjórnar og stjórnarandstöðu svip á þingið, eins og vera ber, eru mál hér afgreidd í æ ríkara mæli með samkomulagi allra flokka; kannski vegna þess hvernig stjórnmálin hafa tekið sífellt meiri mið af umsköpun þjóðfélagsins og sáttargjörð á öðrum sviðum.

Ágreiningur, oft djúpstæður og langvarandi, verður þó aldrei umflúinn með öllu enda ólík viðhorf og andstæðar stefnur áhrifaþættir í flokkaskipan. Mikilvægt er að þingheimur allur kappkosti jafnan að ólík afstaða til deilumála fari ekki svo úr böndum að þjóðin lamist vegna deilna og nái ekki að nýta dýrmætan samtakamátt.

Við höfum á liðnum vetri orðið vitni að því að ágreiningur sem klauf þjóðina í áratugi gufaði upp og í staðinn kom víðtæk samvinna við að breyta gamalli herstöð í háskólabyggð, nýta herskála fyrir námsmennina, gera vopnabúr að vísindastöð.

Í viðræðum við forustumenn fremstu háskóla í Ameríku hef ég fundið einlægan og ríkan áhuga þeirra að gerast þátttakendur í þeirri vegferð, að vera með okkur í því að þróa háskólabyggð í herstöðinni og helga þannig samvinnu yfir Atlantshafið sem áður var mótuð af köldu stríði ögrandi viðfangsefnum í vísindum og tækniþróun á okkar tímum. Við getum virkjað til samstarfs nýja bandamenn og staðið þannig að málum að eftir verði tekið víða um veröld.

Við sjáum nú í hverri viku vitnisburð um nýja heimsmynd, um tækifærin sem blasa hvarvetna við Íslendingum.

Nýr orkuskóli á Akureyri gerði fyrir nokkrum dögum merkan samning við menntamiðstöð rússneska utanríkisráðuneytisins, samning um rannsóknir og fræðslu þar sem nýting hreinnar orku er kjarninn.

Fjöldi áhrifafólks í listaheimi og viðskiptalífi Evrópu og Ameríku tókst langferð á hendur nú í maí, hélt til Stykkishólms að fagna nýju Vatnasafni sem fræg listakona skóp í samvinnu við heimamenn. *Þar varðveita fagrar súlur vatn* úr íslenskum jöklum, áminningu um að loftslagsbreytingar skapa jarðarbúum nýja ógn, að jöklarnir hopa um allan heim, að kannski verður loks ekkert eftir af jöklum landsins nema vatnið í súlunum í Stykkishólmi.

Já, ábyrgð okkar og tækifæri eru annarrar ættar en áður var. Við erum nú í heimsbraut miðri.

Þjóð, sem um aldir bjó einangruð í sárri fátækt við ysta haf, berast nú samvinnutilboð úr öllum áttum; áskoranir um að taka höndum saman við framvarðarsveitir á ólíkum sviðum. Óskir af því tagi að við höfum fyrir fáeinum árum ekki haft hugmyndaflug til að orða þær.

Á slíkum tímum er heillandi viðfangsefni að vera kjörinn á Alþingi Íslendinga, að fá tækifæri til að feta með öðrum nýjar leiðir, vera þátttakandi í skapandi stefnumótun.

Ég óska nýkjörnu Alþingi allra heilla á komandi árum og bið þingheim að rísa úr sætum og minnast ættjarðarinnar.

[Þingmenn risu úr sætum og **forsætisráðherra, Geir H. Haarde,** mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Tóku þingmenn undir þau orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú þeim þingmanni sem lengsta þingsetu hefur að baki að stjórna fundi þangað til forseti Alþingis hefur verið kosinn og bið ég Jóhönnu Sigurðardóttur, 5. þm. Reykv. n., að ganga til forsetastóls.

Ávarp aldursforseta.

[14:18]

Aldursforseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Ég býð alla hv. alþingismenn, sem kjörnir voru í alþingiskosningunum 12. maí 2007, velkomna til starfa á Alþingi. Sérstaklega býð ég velkomna 24 nýkjörna alþingismenn sem ekki áttu hér fast sæti þegar Alþingi lauk störfum í marsmánuði síðastliðnum. Ég vil láta í ljós þá von að störf þessa nýkjörna þings verði landi og þjóð til heilla.

Fyrir hönd okkar alþingismanna heilsa ég starfsfólki Alþingis og vænti þess að við megum eiga góða samvinnu við það eins og endranær.

Varamenn taka þingsæti.

[14:19]

Aldursforseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Borist hafa tvö bréf um forföll þingmanna. Hið fyrra er frá 4. þm. Norðvesturkjördæmis, Jóni Bjarnasyni, og hljóðar svo:

„Þar sem ég get ekki af persónulegum ástæðum sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísun til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Norðvesturkjördæmi, Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Hið síðara er frá 6. þm. Suðvesturkjördæmis, Ögmundi Jónassyni, og hljóðar svo:

„Þar sem ég get ekki af persónulegum ástæðum sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísun í 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Suðvesturkjördæmi, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, taki sæti mitt á Alþingi á meðan."

Kosning kjörbréfanefndar.

[14:20]

Aldursforseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. þingskapa skal nú kjósa níu þingmenn í nefnd til þess að prófa kjörbréf og kosningu nýkjörinna þingmanna og varaþingmanna.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Lúðvík Bergvinsson (A),
Atli Gíslason (B),
Bjarni Benediktsson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (A),
Magnús Stefánsson (B),
Birgir Ármannsson (A),
Helgi Hjörvar (A),
Jón Magnússon (B).

Fundi frestað kl. 14:21.

ÞINGSETNINGARFUNDUR (frh.)

fimmtudaginn 31. maí,
kl. 3.30 síðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning forseta skv. 1. mgr. 3. gr. þingskapa.
2. Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.
3. Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa.
   a. Allsherjarnefnd, 9 manna.
   b. Efnahags- og viðskiptanefnd, 9 manna.
   c. Félagsmálanefnd, 9 manna.
   d. Fjárlaganefnd, 11 manna.
   e. Heilbrigðis- og tryggingnefnd, 9 manna.
   f. Iðnaðarnefnd, 9 manna.
   g. Landbúnaðarnefnd, 9 manna.
   h. Menntamálanefnd, 9 manna.
   i. Samgöngunefnd, 9 manna.
   j. Sjávarútvegsnefnd, 9 manna.
   k. Umhverfisnefnd, 9 manna.
   l. Utanríkismálanefnd, 9 manna og 9 varamanna.
4. Kosning í alþjóðanefndir skv. 35. gr. þingskapa, sbr. reglur forsætisnefndar frá 17. maí 1999, með síðari breytingum.
   a. Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins, 3 manna og 3 varamanna.
   b. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins, 3 manna og 3 varamanna.
   c. Íslandsdeild EFTA, 5 manna og 5 varamanna.
   d. Íslandsdeild NATO-þingsins, 3 manna og 3 varamanna.
   e. Íslandsdeild Norðurlandaráðs, 7 manna og 7 varamanna.
   f. Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins, 6 manna og 6 varamanna.
   g. Íslandsdeild Vestur-Evrópuþingsins, 3 manna og 3 varamanna.
   h. Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, 3 manna og 3 varamanna.
   i. Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um Norðurskautsmál, 3 manna og 3 varamanna.
5. Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen fjmrh., 1. þm. Suðurk.

Rannsókn kjörbréfa.

[15:31]

Frsm. kjörbn. (Arnbjörg Sveinsdóttir) (S):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir áliti og tillögum kjörbréfanefndar sem lagt hefur verið fram.

Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf þau sem landskjörstjórn gaf út 20. maí 2007 í samræmi við úr-

slit alþingiskosninga sem fram fóru 12. maí sl. Nefndinni barst bréf dómsmálaráðuneytis, dags. 18. maí 2007. Bréfinu fylgdu í lokuðu umslagi sjö ágreiningsseðlar ásamt endurriti úr gerðabók yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis suður en yfirkjörstjórnin hafði úrskurðað kjörseðlana ógilda og umboðsmaður stjórnmálasamtaka gert ágreining um þann úrskurð. Í samræmi við ákvæði 104. gr. kosningalaga voru ágreiningsseðlanir sendir Alþingi til úrskurðar.

Við rannsókn kjörbréfanefndar kom í ljós að allir seðlarnir voru með sams konar frágangi. Strikað hafði verið yfir nafn eins eða fleiri frambjóðenda á lista en ekki merkt við listabókstafinn. Ekki hafði verið átt við aðra lista á kjörseðlinum eða önnur merki gerð. Nefndin telur ágreiningsatkvæðin ekki fara augljóslega í bága við 101. gr., samanber 100. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Niðurstaða nefndarinnar er því sú að meta ætti gild þau sjö ágreiningsatkvæði í Reykjavíkurkjördæmi suður sem send voru Alþingi til úrskurðar. Atkvæðin skiptast þannig milli framboða:

Eitt atkvæði greitt B-lista Framsóknarflokks, fimm atkvæði greidd D-lista Sjálfstæðisflokks og eitt atkvæði greitt S-lista Samfylkingarinnar.

Nefndin hefur gengið úr skugga um að þessi ákvörðun hafi ekki haft áhrif á niðurstöðu kosninganna. Aðrir ágreiningsseðlar hafa ekki borist og engar kosningakærur hafa heldur borist.

Nefndin leggur til í samræmi við 46. gr. stjórnarskrár og 2. mgr. 1. gr., samanber 5. gr. laga um þingsköp Alþingis, að kjörbréf aðalmanna og varamanna verði samþykkt eins og þeir eru tilgreindir í áliti og tillögum nefndarinnar sem lagt hefur verið fram.

Undir þetta álit rita hv. þingmenn Arnbjörg Sveinsdóttir, Lúðvík Bergvinsson, Bjarni Benediktsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Birgir Ármannsson, Helgi Hjörvar, Atli Gíslason, Magnús Stefánsson og Jón Magnússon.

Kjörbréf eftirfarandi aðalmanna og varamanna voru þar með samþykkt:

Aðalmenn:

Sturla Böðvarsson, 1. þm. Norðvest.
Guðbjartur Hannesson, 2. þm. Norðvest.
Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.
Jón Bjarnason, 4. þm. Norðvest.
Einar K. Guðfinnsson, 5. þm. Norðvest.
Guðjón A. Kristjánsson, 6. þm. Norðvest.
Karl V. Matthíasson, 7. þm. Norðvest.
Einar Oddur Kristjánsson, 8. þm. Norðvest.
Kristinn H. Gunnarsson, 9. þm. Norðvest.

Kristján Þór Júlíusson, 1. þm. Norðaust.
Valgerður Sverrisdóttir, 2. þm. Norðaust.
Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðaust.
Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Norðaust.
Birkir J. Jónsson, 6. þm. Norðaust.
Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.
Þuríður Backman, 8. þm. Norðaust.
Ólöf Nordal, 9. þm. Norðaust.
Höskuldur Þórhallsson, 10. þm. Norðaust.

Árni M. Mathiesen, 1. þm. Suðurk.
Björgvin G. Sigurðsson, 2. þm. Suðurk.
Guðni Ágústsson, 3. þm. Suðurk.
Kjartan Ólafsson, 4. þm. Suðurk.
Lúðvík Bergvinsson, 5. þm. Suðurk.
Árni Johnsen, 6. þm. Suðurk.
Atli Gíslason, 7. þm. Suðurk.
Bjarni Harðarson, 8. þm. Suðurk.
Björk Guðjónsdóttir, 9. þm. Suðurk.
Grétar Mar Jónsson, 10. þm. Suðurk.

Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 1. þm. Suðvest.
Gunnar Svavarsson, 2. þm. Suðvest.
Bjarni Benediktsson, 3. þm. Suðvest.
Ármann Kr. Ólafsson, 4. þm. Suðvest.
Katrín Júlíusdóttir, 5. þm. Suðvest.
Ögmundur Jónasson, 6. þm. Suðvest.
Jón Gunnarsson, 7. þm. Suðvest.
Þórunn Sveinbjarnardóttir, 8. þm. Suðvest.
Ragnheiður E. Árnadóttir, 9. þm. Suðvest.
Siv Friðleifsdóttir, 10. þm. Suðvest.
Árni Páll Árnason, 11. þm. Suðvest.
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 12. þm. Suðvest.

Geir H. Haarde, 1. þm. Reykv. s.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 2. þm. Reykv. s.
Illugi Gunnarsson, 3. þm. Reykv. s.
Ágúst Ólafur Ágústsson, 4. þm. Reykv. s.
Kolbrún Halldórsdóttir, 5. þm. Reykv. s.
Björn Bjarnason, 6. þm. Reykv. s.
Ásta Möller, 7. þm. Reykv. s.
Ásta R. Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykv. s.
Birgir Ármannsson, 9. þm. Reykv. s.
Jón Magnússon, 10. þm. Reykv. s.
Álfheiður Ingadóttir, 11. þm. Reykv. s.

Guðlaugur Þór Þórðarson, 1. þm. Reykv. n.
Össur Skarphéðinsson, 2. þm. Reykv. n.
Guðfinna S. Bjarnadóttir, 3. þm. Reykv. n.
Katrín Jakobsdóttir, 4. þm. Reykv. n.
Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv. n.
Pétur H. Blöndal, 6. þm. Reykv. n.
Helgi Hjörvar, 7. þm. Reykv. n.
Sigurður Kári Kristjánsson, 8. þm. Reykv. n.
Árni Þór Sigurðsson, 9. þm. Reykv. n.
Steinunn Valdís Óskarsdóttir, 10. þm. Reykv. n.
Ellert B. Schram, 11. þm. Reykv. n.

Varamenn:

Herdís Á. Sæmundardóttir, 1. vþm. Framsfl. í Nv.
Herdís Þórðardóttir, 1. vþm. Sjálfstfl. í Nv.
Guðný Helga Björnsdóttir, 2. vþm. Sjálfstfl. í Nv.
Birna Lárusdóttir, 3. vþm. Sjálfstfl. í Nv.
Þórunn Kolbeins Matthíasdóttir, 1. vþm. Frjálsl. fl. í Nv.
Ragnheiður Ólafsdóttir, 2. vþm. Frjálsl. fl. í Nv.
Anna Kristín Gunnarsdóttir, 1. vþm. Samf. í Nv.
Sigurður Pétursson, 2. vþm. Samf. í Nv.

Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir, 1. vþm. Vinstri gr. í Nv.

Huld Aðalbjarnardóttir, 1. vþm. Framsfl. í Na.
Jón Björn Hákonarson, 2. vþm. Framsfl. í Na.
Sigfús Arnar Karlsson, 3. vþm. Framsfl. í Na.
Þorvaldur Ingvarsson, 1. vþm. Sjálfstfl. í Na.
Sigríður Ingvarsdóttir, 2. vþm. Sjálfstfl. í Na.
Steinþór Þorsteinsson, 3. vþm. Sjálfstfl. í Na.
Lára Stefánsdóttir, 1. vþm. Samf. í Na.
Margrét Kristín Helgadóttir, 2. vþm. Samf. í Na.
Björn Valur Gíslason, 1. vþm. Vinstri gr. í Na.
Dýrleif Skjóldal, 2. vþm. Vinstri gr. í Na.

Helga Sigrún Harðardóttir, 1. vþm. Framsfl. í Su.
Eygló Þóra Harðardóttir, 2. vþm. Framsfl. í Su.
Unnur Brá Konráðsdóttir, 1. vþm. Sjálfstfl. í Su.
Drífa Hjartardóttir, 2. vþm. Sjálfstfl. í Su.
Guðjón Hjörleifsson, 3. vþm. Sjálfstfl. í Su.
Grímur Gíslason, 4. vþm. Sjálfstfl. í Su.
Óskar Þór Karlsson, 1. vþm. Frjálsl. fl. í Su.
Róbert Marshall, 1. vþm. Samf. í Su.
Guðný Hrund Karlsdóttir, 2. vþm. Samf. í Su.
Alma Lísa Jóhannsdóttir, 1. vþm. Vinstri gr. í Su.

Samúel Örn Erlingsson, 1. vþm. Framsfl. í Sv.
Rósa Guðbjartsdóttir, 1. vþm. Sjálfstfl. í Sv.
Bryndís Haraldsdóttir, 2. vþm. Sjálfstfl. í Sv.
Pétur Árni Jónsson, 3. vþm. Sjálfstfl. í Sv.
Sigríður Rósa Magnúsdóttir, 4. vþm. Sjálfstfl. í Sv.
Sjöfn Þórðardóttir, 5. vþm. Sjálfstfl. í Sv.
Þorsteinn Þorsteinsson, 6. vþm. Sjálfstfl. í Sv.
Guðmundur Steingrímsson, 1. vþm. Samf. í Sv.
Tryggvi Harðarson, 2. vþm. Samf. í Sv.
Sonja B. Jónsdóttir, 3. vþm. Samf. í Sv.
Ásgeir Jóhannesson, 4. vþm. Samf. í Sv.
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, 1. vþm. Vinstri gr. í Sv.

Dögg Pálsdóttir, 1. vþm. Sjálfstfl. í Rs.
Erla Ósk Ásgeirsdóttir, 2. vþm. Sjálfstfl. í Rs.
Ragnhildur Björg Guðjónsdóttir, 3. vþm. Sjálfstfl. í Rs.
Kolbrún Baldursdóttir, 4. vþm. Sjálfstfl. í Rs.
Þóra Björk Smith, 5. vþm. Sjálfstfl. í Rs.
Kjartan Eggertsson, 1. vþm. Frjálsl. fl. í Rs.
Mörður Árnason, 1. vþm. Samf. í Rs.
Kristrún Heimisdóttir, 2. vþm. Samf. í Rs.
Reynir Harðarson, 3. vþm. Samf. í Rs.
Auður Lilja Erlingsdóttir, 1. vþm. Vinstri gr. í Rs.
Guðmundur Magnússon, 2. vþm. Vinstri gr. í Rs.

Sigríður Ásthildur Andersen, 1. vþm. Sjálfstfl. í Rn.
Grazyna María Okuniewska, 2. vþm. Sjálfstfl. í Rn.
Auður Björk Guðmundsdóttir, 3. vþm. Sjálfstfl. í Rn.
Katrín Helga Hallgrímsdóttir, 4. vþm. Sjálfstfl. í Rn.
Valgerður Bjarnadóttir, 1. vþm. Samf. í Rn.
Margrét S. Björnsdóttir, 2. vþm. Samf. í Rn.
Dofri Hermannsson, 3. vþm. Samf. í Rn.
Kjartan Due Nielsen, 4. vþm. Samf. í Rn.
Guðmundur Ágúst Pétursson, 5. vþm. Samf. í Rn.
Paul Nikolov, 1. vþm. Vinstri gr. í Rn.
Steinunn Þóra Árnadóttir, 2. vþm. Vinstri gr. í Rn.

Drengskaparheit unnin.

[15:36]

Aldursforseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Samkvæmt 2. gr. þingskapa ber þeim alþingismönnum sem nú taka sæti á Alþingi í fyrsta sinn að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni. Af hinum 24 nýkjörnu alþingismönnum hafa sjö áður setið á Alþingi sem þingmenn eða varaþingmenn. 16 nýir þingmenn undirrita drengskaparheit á þessum fundi en þeir eru:

Ármann Kr. Ólafsson, Árni Páll Árnason, Árni Þór Sigurðsson, Bjarni Harðarson, Björk Guðjónsdóttir, Gunnar Svavarsson, Guðbjartur Hannesson, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Höskuldur Þórhallsson, Illugi Gunnarsson, Katrín Jakobsdóttir, Kristján Þór Júlíusson, Ólöf Nordal, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir, Steinunn Valdís Óskarsdóttir.

Auk þess eru varamennirnir sem áður er getið, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir og Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir. Einn hv. þingmaður, Jón Gunnarsson, er forfallaður og vinnur sitt heit þegar hann kemur til þings. Ég vil biðja skrifstofustjóra að færa þingmönnum eiðstafinn til undirskriftar.

[18 þingmenn undirrituðu drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[15:42]

Aldursforseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Þeir hv. alþingismenn og varaþingmenn sem nú taka sæti á Alþingi í fyrsta sinn hafa undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni. Ég vil bjóða þá alla sérstaklega velkomna til starfa á Alþingi.

Kosning forseta skv. 1. mgr. 3. gr. þingskapa.

[15:43]

Aldursforseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Nú fer fram kosning forseta Alþingis. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. þingskapa eru þeir einir í kjöri sem tilnefndir eru. Mér hefur borist ein tilnefning, um 1. þm. Norðvesturkjördæmis, Sturlu Böðvarsson. Eru aðrar tilnefningar?

Aðrar tilnefningar hafa ekki borist. Sturla Böðvarsson er því einn í kjöri.

Þar sem aðeins einn er í kjöri er það ætlun forseta að láta kosninguna fara fram með atkvæðagreiðslukerfinu eins og á undangengnum þingum. Ef ekki eru athugasemdir fer atkvæðagreiðslan fram með þessum hætti. Kerfið er þannig stillt að jafna má við leynilega atkvæðagreiðslu. Töflurnar á veggjum munu aðeins sýna hverjir hafa neytt atkvæðisréttar síns en ekki hvernig þeir greiddu atkvæði og sama gildir um geymsluminni tölvunnar. Þeir sem kjósa Sturlu Böðvarsson ýti á já-hnappinn en þeir sem skila vilja auðu ýti á hnappinn sem merktur er: Greiðir ekki atkvæði. Gult ljós kviknar við miðhnappinn þegar atkvæði hefur verið greitt, sama á hvorn hnappinn er ýtt, og eins kviknar aðeins gult

ljós á veggtöflunni. Hefst nú atkvæðagreiðslan.

[Gengið var til forsetakosningar. Atkvæði féllu þannig að **Sturla Böðvarsson,** 1. þm. Norðvest., hlaut 54 atkvæði, 4 þingmenn greiddu ekki atkvæði.]

[15:44]

Aldursforseti (Jóhanna Sigurðardóttir):

Samkvæmt þessu er Sturla Böðvarsson, hv. 1. þm. Norðvesturkjördæmis, rétt kjörinn forseti Alþingis. Ég óska honum til hamingju með kosninguna og allra heilla í starfi og bið hann að taka við fundarstjórn.

Ávarp forseta.

[15:45]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Ég þakka hæstv. starfsaldursforseta, Jóhönnu Sigurðardóttur félagsmálaráðherra, árnaðaróskir í minn garð og alþingismönnum þá virðingu sem þeir sýna mér með því að kjósa mig forseta Alþingis. Ég mun leggja mig fram sem forseti við að sem best samstarf takist milli allra hv. alþingismanna um þau störf sem þjóðin hefur falið okkur í nýafstöðnum kosningum. Ég vænti einnig góðs samstarfs við hið ágæta starfsfólk Alþingis.

Ég lít svo á að það sé meginhlutverk Alþingis að sjá um að löggjafarstörfin, sem eru meginkjarni þinghaldsins, fari fram samkvæmt þeim reglum sem stjórnarskrá og þingsköp mæla fyrir um og svo sé búið að Alþingi og alþingismönnum að viðhlítandi sé. Til þingsins og okkar alþingismanna eru gerðar miklar kröfur en til þess að við þeim megi verða þarf öll aðstaða og starfskjör að vera eins og best verður á kosið.

Þótt saga þjóðarinnar sé nær okkur á Alþingi en víðast hvar annars staðar í þessu landi og þann merka arf eigi að heiðra og rækta verðum við þó ávallt að fylgja þróuninni og búa þeim fulltrúum sem hingað eru kjörnir jafngott starfsumhverfi og almennt tíðkast í samfélaginu. Þannig hlýtur það m.a. að vera eitt aðalviðfangsefni þeirrar forustu sem nú verður kosin á Alþingi að leggja drög til frambúðar um aðstöðu þingsins á Alþingisreitnum og undirbúa þær framkvæmdir sem þar eru nauðsynlegar.

Það er vinsælt nú um stundir, eins og okkur stjórnmálamönnum er í fersku minni, að kanna skoðanir fólks og viðhorf til ýmissa hluta, þar á meðal til Alþingis. Þar kemur fram að staða þingsins í huga landsmanna er ekki nægilega traust. Ég tel raunar að það sé vandasamt að túlka þær niðurstöður sem fyrir liggja um þetta efni og þar geti deilur um grundvallaratriði stjórnmálanna mótað þá mynd af Alþingi og að það hafi goldið fyrir í hugum almennings. Eigi að síður tel ég að umræðuhættir á Alþingi eigi hér nokkra sök en það er sá þáttur þingstarfanna sem er sýnilegastur okkur. Ég hvet til þess að við öll tökum saman höndum og bætum hér um. Það á að vera hlutverk okkar að setja þann svip á löggjafarsamkomuna að hún njóti virðingar með þjóðinni og hafi trúverðugleika. Sem betur fer hafa kosningarannsóknir sýnt að áhugi á stjórnmálum virðist ekki minnka meðal þjóðarinnar þrátt fyrir neikvæðar umræður og misvísandi mynd sem oft er gefin af starfi stjórnmálamanna.

Það er þrálátt viðhorf að sterk stjórnarandstaða feli það í sér að halda margar ræður og langar í þessum sal. Ég held að tími sé kominn til að endurskoða skipulag umræðu um þingmál. Alþingi er einn meginvettvangur stjórnarandstöðunnar í hinu pólitíska starfi. Hún þarf því, hver sem hana skipar hverju sinni, á því að halda að þingið hafi sterka stöðu, það njóti trausts og að vel sé að því búið, þannig að málflutningur stjórnarandstöðu og hið mikilvæga aðhaldshlutverk hennar fái hér þann búning og styrk sem bestur kostur er á. Ég er ekki að kalla eftir styttri umræðum heldur skýrari skoðanaskiptum, betra skipulagi og betri undirbúningi umræðna en oft hefur verið.

Með sama hætti þarf ríkisstjórnin og þingflokkar stjórnarflokkanna að skipuleggja starf sitt þannig að nefndir þingsins fái það svigrúm til starfa sem nauðsyn krefur svo vanda megi alla málsmeðferð á Alþingi og skapa eðlilegt rými fyrir umræður. Umræður á Alþingi um mál eru lykill að umræðum í þjóðfélaginu og því geysilega mikilvægar. Við þurfum að gera meiri kröfur til okkar sjálfra í þessum efnum en verið hefur um sinn. Að þessu vil ég vinna sem forseti í eins góðri sátt við þingmenn og kostur er, úr hvaða þingflokki sem þeir eru.

Nú er að hefjast annað kjörtímabilið eftir að kjördæmaskipan var breytt. Þeir þingmenn sem sátu á Alþingi síðasta kjörtímabil og höfðu áður unnið í gömlu kjördæmunum geta talað af reynslu af því að starfa í kjördæmunum eftir þá miklu breytingu.

Öllum má ljóst vera að aðstæður þingmanna til að rækja hlutverk sitt eru mjög ólíkar. Þingmenn í Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurkjördæmi búa við þær aðstæður að ferðast hundruð kílómetra til þess að komast milli kjördæmamarka og sinna eðlilegri og nauðsynlegri vinnu sinni við að halda tengslum og skynja og skilja kjör og aðstæður íbúanna og halda þeirri pólitísku tengingu við kjósendur sem nauðsynleg er.

Í þessum þremur landstóru kjördæmum er mest af náttúruauðlindum þjóðarinnar nýtt af íbúunum sem eiga allt undir sól og regni og því að löggjöf og allar aðstæður til búsetu séu hagstæðar og að þingmenn viðkomandi kjördæma skynji og skilji aðstæður fólksins. Það verður ekki gert nema með því að þingmönnum verði sköpuð betri skilyrði til þess að rækja hlutverk sitt gagnvart hinum dreifðu byggðum.

Ég tel það eitt af mikilvægustu verkefnum forsætisnefndar Alþingis á næstunni að efna til umræðu og standa fyrir úrbótum sem stuðlað geta að því að þingmönnum þessara þriggja kjördæma verði skapaðar hagfelldari aðstæður til að gegna hlutverki sínu við að halda tengslum við íbúa kjördæmanna og tryggja þannig hagsmuni fólksins. Það væri óheillavænleg þróun ef íbúar dreifbýlisins teldu sinn hlut sitja eftir vegna þess að þingmenn hafi ekki starfsaðstöðu og geti ekki sinnt samráði og haldið sambandi við kjósendur.

Ég býð alla alþingismenn velkomna til starfa á 134. löggjafarþingi. Sérstakar hamingjuóskir færi ég þeim alþingismönnum sem nú setjast á þing í fyrsta sinn og bið þeim velfarnaðar í störfum þingsins. Að þessu sinni eru nýkjörnir alþingismenn, þeir sem ekki sátu á síðasta þingi, 24 talsins og hafa aðeins einu sinni áður verið fleiri. Það er gangur lýð-

ræðisins að hér í þingsölum verði endurnýjun, hingað komi nýtt fólk með nýja reynslu, fjölbreytta menntun og fersk viðhorf.

Ný ríkisstjórn er sest að völdum. Ég óska henni velfarnaðar í störfum og vona að samstarf hennar og Alþingis verði farsælt. Sérstaklega óska ég þeim þingmönnum sem stíga nú sín fyrstu spor í ráðherraembætti allra heilla. Meiri hlutinn að baki ríkisstjórninni er óvenjulega stór og það mun væntanlega setja mark sitt á þingstörfin. En þess ber jafnan að minnast að sjónarmið sem taka þarf tillit til fara ekki alltaf eftir þingsætafjölda eða fjölda íbúa í einstökum kjördæmum.

Þingstörf að þessu sinni munu standa í skamman tíma. Í haust bíður nýkjörins þings að takast á við þau verkefni sem úrlausn þurfa að fá, þar á meðal nýrra fjárlaga.

Ég endurtek þakkir til þingheims fyrir að fela mér þetta embætti. Það er von mín að ég megi eiga gott samstarf við alla hv. alþingismenn.

Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.

Fram komu tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og kjósa skyldi. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kjörin væru án atkvæðagreiðslu:

1. varaforseti: Ásta R. Jóhannesdóttir (A),
2. varaforseti: Þuríður Backman (B),
3. varaforseti: Kjartan Ólafsson (A),
4. varaforseti: Einar Már Sigurðarson (A),
5. varaforseti: Magnús Stefánsson (B),
6. varaforseti: Ragnheiður Ríkharðsdóttir (A).

[15:54]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Ég óska varaforsetum til hamingju með kjörið og velfarnaðar í starfi. Ég vænti þess að eiga góða samvinnu við varaforsetana um fundarstörfin og önnur verkefni í forsætisnefndinni.

Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa.

[15:56]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Þá hefst kosning fastanefnda. Mér hefur borist ósk frá formönnum þingflokka stjórnarflokkanna um að kosningu til efnahags- og viðskiptanefndar, sjávarútvegsnefndar og landbúnaðarnefndar verði frestað því að það eru áform stjórnarflokkanna að gera nú þegar á þessu þingi breytingar á þingsköpum sem varða þessar þrjár nefndir. Ég leita því afbrigða frá 13. gr. þingskapa um að kosning til þessara þriggja nefnda fari ekki fram á þessum fundi heldur síðar á þinginu þegar þingskapafrumvarpið hefur hlotið afgreiðslu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[15:56]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að óska forseta til hamingju með kjörið og við væntum að sjálfsögðu góðs samstarfs við hann.

Ég hlýt að gera þær athugasemdir við þá atkvæðagreiðslu sem á að fara að hefjast að eins og það mál snýr að okkur í stjórnarandstöðunni þá kynntu formenn stjórnarflokkanna þetta sem tiltölulega óljós áform fyrir þremur dögum og síðan hefur ekki meira verið um það rætt við okkur. Eins og forseti tók fram byggir þetta á áformum stjórnarflokkanna um að breyta lögum um Stjórnarráð Íslands, sameina og skipta upp ráðuneytum og eftir því sem við höfum skilið á sú skipan mála að taka gildi um næstu áramót. Engu að síður á að fara að leggja til við Alþingi að það kjósi ekki í þingnefndir sínar samkvæmt gildandi lögum og að engar nefndir verði starfandi á þessu þingi hvað varðar landbúnaðarmál, sjávarútvegsmál og efnahags- og viðskiptamál. Ég fæ ekki alveg séð hvernig þetta á að geta gengið eðlilega fyrir sig og maður spyr: Hvað verður ef óskað verður eftir fundum í viðkomandi þingnefndum, ef hér verða flutt þingmál á þessu þingi sem eðlilegt væri að vísa til viðkomandi nefnda? Getur það talist eðlilegur framgangsmáti að engar þingnefndir starfi hér, þess vegna viku, hálfan mánuð eða hvað lengi sem þetta þing kann að vera að störfum sem hafi umboð á viðkomandi sviðum? Hvert ætlar hæstv. ríkisstjórn að vísa frumvörpum sem hún hefur sjálf boðað að verði flutt og heyra undir efnahags- og viðskiptanefnd ef engin nefnd er starfandi á meðan þingið situr fyrr en þá í lok þess? Ég tel að þetta sé fullkomlega óeðlilegur framgangsmáti og eðlilegast væri að hæstv. ríkisstjórn legði áform sín fyrir með skýrum hætti, að við hefðum hér þau frumvörp sem eiga að breyta verkaskiptingu ráðuneyta saman í einum pakka og þá gæti Alþingi tekið ákvarðanir og afstöðu til þess hvernig það vill skipa sínum störfum með hliðsjón af áformuðum breytingum í Stjórnarráðinu. Það er ekki þannig þó að hæstv. ríkisstjórn kunni að telja það eðlilegt að framkvæmdarvaldið í sjálfu sér eigi að hafa frumkvæðisskyldu og skipa innri málum þingsins.

Hér er verið að boða breytingar á þingsköpum Alþingis sem venjan er að þingið sjálft hafi með höndum en ekki framkvæmdarvaldið. Það er að vísu hefð fyrir því og hefur ágerst á síðari árum að menn líti á það sem formsatriði að virða verkaskiptingu löggjafarsamkomunnar og framkvæmdarvaldsins. En mér finnst þetta ekki byrja sérstaklega vel og ég get ekki séð að hæstv. ríkisstjórn hafi með nokkrum hætti lagt málin þannig skýrt fyrir Alþingi að það sé eðlilegt að ætlast til þess að við veitum nú afbrigði við þessa skipan mála. Ég teldi að annaðhvort ætti að fresta allri nefndaskipan þangað til málin liggja ljósar fyrir eða kjósa samkvæmt gildandi lögum í allar fastar nefndir þingsins. Við getum því ekki greitt atkvæði með þessum afbrigðum, herra forseti.

[15:59]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir hamingjuóskir til forseta með kjörið. Ég vil síðan í tilefni af því að beðið hefur verið um þessi afbrigði taka fram að það er fullkomlega eðlilegt að standa svona að málum þegar fyrir liggur að nú á að breyta málefnum Stjórnarráðsins og þar af leiðandi að breyta líka þingsköpum Alþingis. Þessi frumvörp hafa verið samþykkt í þingflokkum stjórnarflokkanna og verður væntanlega dreift á Alþingi í dag þannig að ég tel þetta fullkom-

lega eðlilega málsmeðferð.

Þingnefndir eru kjörnar fyrir allt kjörtímabilið í einu en þegar fyrir liggur að innan mjög skamms tíma verður væntanlega samþykkt frumvarp um þingsköp og um breytingu á nefndum Alþingis þá er eðlilegt að bíða eftir því. Sú töf er eingöngu á meðan þetta frumvarp er afgreitt á Alþingi. Það þarf ekki að taka mjög langan tíma og þess vegna er eðlilegt að staðið verði svona að málum. Ef upp kemur að nauðsynlegt sé að þessar nefndir starfi er auðvitað eðlilegt að kjósa til þeirra en engin sérstök nauðsyn kallar á að gera það núna og því eðlilegt að hafa þetta allt í samhengi.

Ég legg til, hæstv. forseti, að við samþykkjum þessi afbrigði.

[16:01]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að hér sé óeðlilega að verki staðið og það geti ekki samræmst þingsköpum, þeim reglum sem Alþingi starfar eftir. Ég held að það sé best að ég fari fram á það við forseta að haldinn verði fundur í sjávarútvegsnefnd þingsins á mánudag til að ræða stöðuna sem uppi er í byggðum landsins.

Ég vænti þess að hæstv. forseti muni verða við þeirri bón minni. Hún er sjálfsögð og eðlileg en það sýnir í hnotskurn í hvaða fúafen er verið að fara með þá tillögu sem hér er lögð til, ef nefndir eru ekki til sem eiga að fjalla um mál sem við eigum rétt á að fjalla um. Þessari ósk minni er hér með komið á framfæri.

Ég vænti þess að hæstv. forseti leysi úr henni eftir þingsköpum.

[16:03]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Ég minni á það sem ég sagði áðan, að venjan er sú að Alþingi sjálft hafi hönd í bagga með og sjái um skipan sinna innri mála. Ég minnist þess tæpast að frumkvæði að breytingu á þingsköpum hafi borið að með þeim hætti sem hér virðist eiga að stefna í, að tilkynning komi frá hæstv. ríkisstjórn um að hún hrókeri verkefnum í Stjórnarráði Íslands, hún hyggist leggja til breytingar á þingskapalögum í samræmi við það og ætli síðan þingi, hafandi nánast engar upplýsingar í höndum aðrar en munnlegar lýsingar á ákaflega óljósum áformum meiri hlutans, að bregðast við í framhaldi af því.

Í 13. gr. þingskapa eru taldar upp þær tólf fastanefndir sem starfa á Alþingi og síðan segir, með leyfi forseta:

„Fastanefndir skal kjósa á fyrsta fundi hvers þings og skal kosið hlutbundinni kosningu, sbr. 68. gr. Kosning fastanefnda gildir til upphafs næsta þings."

Þetta eru reyndar gömlu þingsköpin sem ég er með í höndunum og breytir ekki öllu þó að það sé kosið sé til kjörtímabilsins í heild núna.

Þessu má einungis víkja frá ef tveir þriðju hlutar alþingismanna sem þátt taka í atkvæðagreiðslu samþykkja það. Því kann að reyna á það fyrr en maður ætlaði hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að fara aukinn meiri hluta sinn á Alþingi. Ætlar hún í andstöðu við stjórnarandstöðu að beita afli sínu og þvinga fram afbrigði til að víkja frá gildandi þingskapalögum, sem eru alveg skýr í þessu efni, um að það eigi að kjósa í nefndirnar á fyrsta fundi hvers þings? Ég teldi rétt að hæstv. forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar veltu fyrir sér hvort þeir hafi gert upp hug sinn um að beita afli sínu á þingi með þeim hætti. Ég minni á að ekkert samráð var haft við okkur um þetta annað en að tilkynna okkur um áformin hjá stjórnarliðinu snemma í þessari viku.

Ég endurtek það og tek undir það sem hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson sagði, að það er auðvelt að sýna fram á að reynt geti á hvort þingnefndir séu starfandi með umboð, ég tala nú ekki um ef tíma tekur að gera þær breytingar sem ríkisstjórnin boðar okkur að gera eigi, ef óskir koma fram um fundi í þingnefndum eða verði flutt mál sem eðli máls samkvæmt ættu að ganga til viðkomandi þingnefnda. Stenst þá að þær séu ekki starfandi og ekki með umboði?

Ég held að það sé ákaflega fátækleg viðbára að mönnum sé að vanbúnaði að kjósa fyrst í nefndir samkvæmt gildandi skipan og breyta því svo þegar niðurstaða er fengin í verkaskiptingu í Stjórnarráðinu, þegar þingskapalögum hefur verið breytt og öðrum þeim lögum sem hljóta að leiða af endurskipulagningunni. Það væri eðlilegasti kosturinn. Allt tæki það þá gildi um næstu áramót.

[16:06]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að óska forseta innilega til hamingju, virðulegur forseti, með kjörið. Ég og við þingmenn Framsóknarflokksins eigum von á að eiga mjög gott samstarf við hæstvirtan forseta.

Ég tel að hér sé óeðlilega að verki staðið. Það er ljóst að það er í hæsta máta óeðlilegt að fresta hluta þeirrar kosningar sem kveðið er á um í þingsköpum og síðan eigi að bjarga málum seinna ef eitthvað kemur upp á á sumarþinginu. Þetta er auðvitað ekki boðlegt.

Það á að breyta verkaskiptingu í ráðuneytum og þess vegna ætlar stjórnarmeirihlutinn að fresta þessum kosningum. Ég vil bara spyrja virðulegan forseta: Hvað ætlar virðulegur forseti að gera nú þegar búið er að biðja um að sjávarútvegsnefnd komi saman, ef hún er ekki til? Það er auðvitað réttur þingmanna að fá að ræða mál í nefndum, þrír þingmenn geta beðið um fund í viðkomandi nefnd. Nú þegar er komin fram ósk um það. Hvernig ætlar virðulegur forseti að bregðast við því?

Ég vil líka spyrja, af því að það er búið að boða frumvarp um kauphallir, sem hæstv. viðskiptaráðherra Björgvin G. Sigurðsson taldi mikilvægt að kæmist hér í gegn, eins og fram kom í fjölmiðlum, í hvaða nefnd á það mál að fara? Það er ekki til nein efnahags- og viðskiptanefnd. Á að bíða með það mál þangað til í blálokin og fara þá að vinna í málinu? Þetta er auðvitað óeðlilegt að standa þannig að málum, virðulegur forseti.

Hvað ef það koma fram önnur mál frá stjórnarandstöðunni? Við höfum okkar rétt, eins og ofurmeirihlutinn. Við höfum okkar rétt til að flytja mál. Ef þau mál eru á vettvangi landbúnaðarnefndar, sjávarútvegsnefndar eða efnahags- og viðskiptanefndar, hvert á að vísa þeim málum? Ekki neitt?

Virðulegur forseti. Hér er óeðlilega að verki staðið og við getum ekki stutt þessa gjörð. Það væri eðlilegra að skipa í allar nefndirnar eins og þingsköp gera ráð fyrir og

endurskipa síðan þegar búið er að breyta þingsköpunum. Það er alveg hægt að gera það. Það er í okkar valdi. Það er ekki þannig að við þurfum að fara eftir þeim reglum um aldur og ævi sem nú gilda. Það á að breyta þeim. Þá getum við líka breytt nefndum og skipað í nýjar nefndir.

Virðulegur forseti. Ég tel að hér sé ekki eðlilega að verki staðið. Við framsóknarmenn teljum að ágætt væri að heyra hvernig virðulegur forseti ætlar að snúa sér í þessu, með að kalla saman sjávarútvegsnefnd og hvert boðuð frumvörp ríkisstjórnarinnar eiga að fara, t.d. kaupahallafrumvarpið. Mér finnst eðlilegt að við þingmenn fáum að vita það.

[16:09]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti þakkar góðar óskir í sinn garð. Ég sé að hv. þingmenn koma galvaskir til leiks á hinu háa Alþingi og er það vel.

[16:09]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það er vissulega óvenjulegt að hefja fyrsta þingfund á því að taka ákvörðun um það að fara ekki að þingsköpum. Það er ekki bara ósk stjórnarmeirihlutans að ekki verði kosið í þessar þrjár þingnefndir heldur jafnframt ákvörðun sama þingmeirihluta að svo verði ekki gert vegna þess að þingmeirihlutinn sé það stór að hann geti vikið frá þingsköpum hvenær sem honum sýnist, á hvaða veg sem honum sýnist.

Ég vil vekja athygli á því að þessi ákvörðun ríkisstjórnarinnar er orðin bein stjórnun ríkisstjórnarinnar á Alþingi um innri málefni Alþingis, tekin í viðræðum tveggja forustumanna í íslenskum stjórnmálum. Það er verið að aftengja hefðbundna þinglega meðferð á málum. Þingmenn eru sviptir möguleikanum á að mál sem þeir kunna að leggja fram fái þinglega meðferð, mál sem lúta að sjávarútvegi, að landbúnaði, sköttum og efnahagsmálum. Þau frumvörp eða þau mál sem kunna að verða lögð fram á þessu þingi verða aðeins á borðum þingmanna og komast ekki lengra vegna þess að engin nefnd verður til að taka við þeim og fjalla um þau á þinglegan hátt. Það er ákvörðun stjórnarmeirihlutans að aftengja þinglega meðferð mála að þessu leyti.

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að þessi fyrsta för Samfylkingarinnar inn í ríkisstjórn og þaðan inn í þingsali kemur á óvart. Ég átti ekki von á að menn yrðu svo fljótir að aðlagast valdinu að menn næðu þessum hæðum, sem óþekktar eru í þingsögunni. Ég minni á að þingsköp eru viðfangsefni þingflokka og síðast breyttum við þingsköpum í vor með samkomulagi allra þingflokka. Nú hefur verið ákveðið að þingsköp séu viðfangsefni ríkisstjórnar og þingforseti hefur minnt okkur á að hann vilji takmarka umræður á þinginu. Núverandi ríkisstjórn hefur styrk til að stöðva umræður um þingmál hvenær sem henni sýnist, takmarka umræður um hvaða mál sem er eða jafnvel banna umræður um mál. Núverandi ríkisstjórn getur t.d. ákveðið að ekki fari fram nein umræða um fjárlög íslenska ríkisins ef henni dettur það í hug. Sjá menn ekki í hvaða fen við erum að stefna, virðulegi forseti, ef svo er komið að jafnvel hæstv. iðnaðarráðherra, sem jafnan hefur mjög gaman af því að taka þátt í umræðum, (Forseti hringir.) skyldi ekki fá að tala í umræðum um fjárlög?

[16:13]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að taka undir heillaóskir með kjörið og óska forseta velfarnaðar í starfi.

Umræðan sem hér fer fram er athyglisverð. Efnislega snýst hún um að seinka um nokkra daga kjöri í tilteknar nefndir og breyta þingsköpum. Það er í raun efni umræðunnar og hún er dramatíseruð svo í þingsalnum að menn velta því jafnvel upp hvort fjárlög komi til umræðu í þinginu. Það er orðið innihald umræðunnar. Maður spyr: Hver er tilgangurinn með slíkum málflutningi?

Kjarni málsins er að þingflokkar stjórnarflokkanna hafa lagt til þessar breytingar. Það eru ekki tilmæli utan úr bæ. Það er verið að tala um breytingar á þingsköpum og að fresta um nokkra daga kjöri í nefndir. Komi hins vegar upp að það ástand í þessu samfélagi að ekki megi bíða með að kalla saman fundi í tiltekinni nefnd, eins og til að mynda hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson óskaði eftir því að ein nefnd yrði kölluð saman vegna sjávarútvegsmála, væri sjálfsagt og eðlilegt að kjósa sérnefnd til að taka á því máli, ef það má ekki bíða í tvo, þrjá daga. Þetta er þannig mál og þess eðlis að mér finnst það umhugsunarvert að við getum ekki á þessum degi staðið saman að því að seinka kosningu um nokkra daga og virt orð forseta Íslands, sem hvatti þingið eindregið til þess að vera samtaka í sinni vinnu en ekki sundrað.

[16:14]

Arnbjörg Sveinsdóttir (S) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég vil eingöngu ítreka það sem hér hefur komið fram, að það er ákvörðun þingflokka stjórnarflokkanna að leggja fram frumvarp til breytinga á þingsköpum. Það hefur verið sagt frá því og ég votta að það er búið að samþykkja það frumvarp í þingflokki sjálfstæðismanna. Mér þykir það nokkuð sérkennileg uppákoma ef ekki er hægt að ljúka afgreiðslu með þeim hætti sem við höfum lagt til. Við erum hér með þingræði. Mér þykir hv. þingmaður Kristinn H. Gunnarsson gera heldur lítið úr því að á bak við ríkisstjórnina, bak við stjórnarmeirihlutann, eru 43 þingmenn á þessari skoðun. Það er skoðun þessara þingmanna að svona beri að standa að málum.

Mér koma verulega á óvart þau gífuryrði sem hér hafa komið fram. Ég vil enn og aftur ítreka að við samþykkjum þessi afbrigði og göngum til kosninga um þær nefndir sem tillaga er um að kjósa til á þessum þingfundi.

[16:16]

Guðni Ágústsson (F) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Mér þykja það hálfgerð leiðindi á þingsetningarfundi að hann skuli fara í þessar deilur. Það er rétt sem hér hefur komið fram að hæstv. forsætisráðherra og foringjar stjórnarflokkanna fóru yfir þetta með okkur formönnum flokkanna. Við vöruðum við þessu og töldum mjög óeðlilegt að ganga þennan veg. Okkur fannst það vera óvirðing bæði við þingsköpin og Alþingi sjálft og okkur

fannst það óvirðing við höfuðatvinnuvegi Íslendinga, sjávarútveg og landbúnað. Okkur finnst það líka ógæfa ef hingað fara að koma mál frá hæstv. ráðherrum sem þeir vilja jafnvel afgreiða á þessu þingi og nefndin er ekki til staðar. Þetta skoðun mín af því að ég ber virðingu fyrir Alþingi og ég ber virðingu fyrir stórum og miklum meiri hluta á Alþingi. Ég geri eina kröfu til hans og hún er sú að hann sýni stjórnarandstöðu og minni hluta sóma í því að hlusta. Valdið er gilt og valdið er gott en valdið skemmir fyrr en varir. Þess vegna er þetta ógæfulegur þingsetningardagur.

Nú höfum við eignast nýjan forseta, hæstv. forseta Alþingis sem ég treysti til góðra verka. (**Gripið fram í:** Og nýjan Guðna.) Ég held að hann þurfi á þessum þingsetningarfundi að sýna að hann er forseti Alþingis, hann sé forseti okkar allra og að hann höggvi á þennan hnút. Hann er sá maður sem við verðum við svona aðstæður að setja traust okkur á og mér finnst það meiðandi fyrir þingið að ganga til slíkra verka með þessum hætti. Þess vegna skora ég á hæstv. forseta að höggva á þennan hnút. Ég tel eðlilegast að hér verði farið að þingsköpum og þau lög höfð í gildi sem við höfum markað á Alþingi og síðan í lokin, ef samstaða verður um breytingar, kjósum við nýjar nefndir í þeim anda sem meiri hlutinn hefur boðað. Margt getur breyst á stuttri vegferð hvað þá langri. Ég skora á hæstv. forseta að sýna réttlæti sitt með því að hlusta á rök minni hlutans á þessum fundi.

[16:19]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að árétta það að þingsköp hafa verið viðfangsefni þingmanna sjálfra og þingflokkanna sem þeir eru í. Þau hafa verið afgreidd með samkomulagi. Menn hafa sest niður, rætt um breytingar á þingsköpunum, náð niðurstöðu og síðan flutt málið saman.

Breytingin er sú að ríkisstjórnin hefur farið út úr þessum farvegi, það er orðið ríkisstjórnarmál hvernig menn hafa þingsköpin í þessum sal. Það er mikil breyting. Hún grundvallast á hinum mikla styrk stjórnarsamstarfsins, þetta er ríkisstjórn hins mesta meiri hluta sem getur gert það sem honum sýnist í krafti þess að varnaglaákvæðið í þingsköpunum segir að víkja megi frá þeim ef tveir þriðju þingmanna eru því samþykkir. Það töldu menn nauðsynlegt til að tryggja að samkomulag væri um breytingar á þingsköpum og tryggja það að stjórn og stjórnarandstaða næðu saman um breytingar.

Nú eru þær óvenjulegu aðstæður að stjórnin er svo stór að hún er komin yfir þetta varnaglaákvæði. Þá kemur í ljós að freistingin að beita meiri hlutanum er of mikil til þess að ný ríkisstjórn standist hana. Mig langar að spyrja hv. þm. Lúðvík Bergvinsson: Hvað hefði hann talið hæfilega umræðu um Ríkisútvarpið ohf. hér í þingsölum á síðasta kjörtímabili? Hvenær hefði Samfylkingin talið nóg rætt ef hún hefði verið í ríkisstjórn þá við þær aðstæður sem hún er núna að geta stöðvað umræðuna hvenær sem er með einfaldri samþykkt í þingsalnum? Hvenær hefði Samfylkingin talið nóg rætt um vatnalögin? Það hefði kannski verið seint. Ég man ekki betur en að menn hafi rætt um Ríkisútvarpið í 100 klukkutíma og að Samfylkingin hafi lagt langmest til í þeirri umræðu, ágætar ræður sem voru mjög fróðlegar. En nennir hv. stjórnarmeirihluti að sitja í 100 klukkutíma undir umræðum ef hann veit að hann þarf þess ekki? Er þá ekki freistandi að segja sem svo: Við höfum ákveðið að umræður um þetta mál standi í 10 klukkutíma?

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að þegar ríkisstjórnin fer að beita þessu ákvæði strax í svona litlu máli hrannast upp grunsemdirnar um að freistingin verði svo mikil og hún standist það ekki í erfiðari málum.

[16:23]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi áður en gengið verður til atkvæða leggja það til við hæstv. forseta, ef það gæti orðið til að leysa þetta mál, að kosningu í nefndir yrði frestað til mánudags og menn reyndu þá að ná samkomulagi um málið. Það var fyrst og síðast þetta sem ég vildi beina til forseta og ég hef ekki meira um málið að segja.

Afbrigði við þingsköp, um kosningu í fastanefndir, samþ. með 41:19 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, EOK, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GÞÞ, GSv, HHj, IllG, ISG, JóhS, KVM, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞKG, ÞSveinb, ÖS.

nei: AtlG, ÁI, ÁÞS, BJJ, BjH, GLG, GAK, GÁ, HöskÞ, IIG, JM, KJak, KolH, KHG, MS, SF, SJS, VS, ÞBack.

3 þm. (ÁMM, GMJ, JónG) fjarstaddir.

[16:25]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Atkvæðagreiðslu er lokið, afbrigðin eru samþykkt og er því frestað kosningu til efnahags- og viðskiptanefndar, landbúnaðarnefndar og sjávarútvegsnefndar eins og gert var ráð fyrir. Verður þá gengið til þess verks að kjósa fastanefndir.

Við kosningu í aðrar fastanefndir en efnahags- og viðskiptanefnd, landbúnaðarnefnd og sjávarútvegsnefnd komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndirnar svo skipaðar:

Allsherjarnefnd:
Birgir Ármannsson (A),
Ágúst Ólafur Ágústsson (A),
Atli Gíslason (B),
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Ellert B. Schram (A),
Siv Friðleifsdóttir (B),
Ólöf Nordal (A),
Karl V. Matthíasson (A),
Jón Magnússon (B).

Félagsmálanefnd:
Ármann Kr. Ólafsson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (A),

Ögmundur Jónasson (B),
Árni Johnsen (A),
Guðbjartur Hannesson (A),
Birkir J. Jónsson (B),
Pétur H. Blöndal (A),
Jón Gunnarsson (A),
Kristinn H. Gunnarsson (B).

Fjárlaganefnd:
Kristján Þór Júlíusson (A),
Guðbjartur Hannesson (A),
Jón Bjarnason (B),
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Gunnar Svavarsson (A),
Bjarni Harðarson (B),
Ásta Möller (A),
Steinunn Valdís Óskarsdóttir (A),
Guðjón A. Kristjánsson (B),
Ármann Kr. Ólafsson (A),
Björk Guðjónsdóttir (A).

Heilbrigðis- og tryggínganefnd:
Ásta Möller (A),
Ágúst Ólafur Ágústsson (A),
Þuríður Backman (B),
Pétur H. Blöndal (A),
Árni Páll Árnason (A),
Valgerður Sverrisdóttir (B),
Ragnheiður Ríkharðsdóttir (A),
Ellert B. Schram (A),
Álfheiður Ingadóttir (B).

Iðnaðarnefnd:
Kristján Þór Júlíusson (A),
Einar Már Sigurðarson (A),
Álfheiður Ingadóttir (B),
Bjarni Benediktsson (A),
Katrín Júlíusdóttir (A),
Guðni Ágústsson (B),
Ragnheiður E. Árnadóttir (A),
Björk Guðjónsdóttir (A),
Grétar Mar Jónsson (B).

Menntamálanefnd:
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Einar Már Sigurðarson (A),
Katrín Jakobsdóttir (B),
Illugi Gunnarsson (A),
Guðbjartur Hannesson (A),
Höskuldur Þórhallsson (B),
Ragnheiður Ríkharðsdóttir (A),
Katrín Júlíusdóttir (A),
Kolbrún Halldórsdóttir (B).

Samgöngunefnd:
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Karl V. Matthíasson (A),
Árni Þór Sigurðsson (B),
Árni Johnsen (A),
Steinunn Valdís Óskarsdóttir (A),
Guðni Ágústsson (B),
Ármann Kr. Ólafsson (A),
Ólöf Nordal (A),
Guðjón A. Kristjánsson (B).

Umhverfisnefnd:
Kjartan Ólafsson (A),
Helgi Hjörvar (A),
Kolbrún Halldórsdóttir (B),
Illugi Gunnarsson (A),
Katrín Júlíusdóttir (A),
Höskuldur Þórhallsson (B),
Guðfinna S. Bjarnadóttir (A),
Ólöf Nordal (A),
Árni Þór Sigurðsson (B).

Utanríkismálanefnd:
Aðalmenn:
Bjarni Benediktsson (A),
Árni Páll Árnason (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Ragnheiður E. Árnadóttir (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (A),
Siv Friðleifsdóttir (B),
Guðfinna S. Bjarnadóttir (A),
Lúðvík Bergvinsson (A),
Kristinn H. Gunnarsson (B).

Varamenn:
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Ágúst Ólafur Ágústsson (A),
Ögmundur Jónasson (B),
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Steinunn Valdís Óskarsdóttir (A),
Magnús Stefánsson (B),
Björk Guðjónsdóttir (A),
Ellert B. Schram (A),
Jón Magnússon (B).

Kosning í alþjóðanefndir skv. 35. gr. þingskapa, sbr. reglur forsætisnefndar frá 17. maí 1999, með síðari breytingum.

Við kosningu alþjóðanefnda komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndirnar svo skipaðar:

Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins:
Aðalmenn:
Ásta Möller (A),
Ágúst Ólafur Ágústsson (A),
Þuríður Backman (B).

Varamenn:
Birgir Ármannsson (A),
Lúðvík Bergvinsson (A),
Atli Gíslason (B).

Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins:
Aðalmenn:
Guðfinna S. Bjarnadóttir (A),
Ellert B. Schram (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B).

Varamenn:
Birgir Ármannsson (A),
Árni Páll Árnason (A),
Kristinn H. Gunnarsson (B).

Íslandsdeild NATO-þingsins:
Aðalmenn:
Ragnheiður E. Árnadóttir (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (A),
Magnús Stefánsson (B).

Varamenn:
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Ágúst Ólafur Ágústsson (A),
Kristinn H. Gunnarsson (B).

Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu:
Aðalmenn:
Pétur H. Blöndal (A),
Einar Már Sigurðarson (A),
Valgerður Sverrisdóttir (B).

Varamenn:
Björk Guðjónsdóttir (A),
Lúðvík Bergvinsson (A),
Birkir J. Jónsson (B).

Íslandsdeild þings Vestur-Evrópusambandsins:
Aðalmenn:
Einar Oddur Kristjánsson (A),
Ármann Kr. Ólafsson (A),
Kristinn H. Gunnarsson (B).

Varamenn:
Björk Guðjónsdóttir (A),
Ólöf Nordal (A),
Höskuldur Þórhallsson (B).

Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA:
Aðalmenn:
Bjarni Benediktsson (A),
Katrín Júlíusdóttir (A),
Árni Þór Sigurðsson (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Illugi Gunnarsson (A).

Varamenn:
Ármann Kr. Ólafsson (A),
Steinunn Valdís Óskarsdóttir (A),
Katrín Jakobsdóttir (B).
Ólöf Nordal (A),
Jón Gunnarsson (A).

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins:
Aðalmenn:
Árni Johnsen (A),
Guðbjartur Hannesson (A),
Guðni Ágústsson (B),
Jón Gunnarsson (A),
Karl V. Matthíasson (A),
Guðjón A. Kristjánsson (B).

Varamenn:
Birgir Ármannsson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (A),
Bjarni Harðarson (B),
Kristján Þór Júlíusson (A),
Katrín Júlíusdóttir (A),
Jón Magnússon (B).

Íslandsdeild Norðurlandaráðs:
Aðalmenn:
Kjartan Ólafsson (A),
Árni Páll Árnason (A),
Kolbrún Halldórsdóttir (B),
Kristján Þór Júlíusson (A),
Ragnheiður Ríkharðsdóttir (A),
Siv Friðleifsdóttir (B),
Helgi Hjörvar (A).

Varamenn:
Ólöf Nordal (A),
Einar Már Sigurðarson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Árni Johnsen (A),
Björk Guðjónsdóttir (A),
Jón Magnússon (B),
Steinunn Valdís Óskarsdóttir (A).

Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um Norðurskautsmál:
Aðalmenn:
Sigurður Kári Kristjánsson (A),
Gunnar Svavarsson (A),
Jón Bjarnason (B).

Varamenn:
Illugi Gunnarsson (A),
Karl V. Matthíasson (A),
Álfheiður Ingadóttir (B).

Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

[16:37]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Leita þarf afbrigða frá þingsköpum, þ.e. lokamálsgrein 3. gr. þingskapa um hvernig hluta skal um sæti þingmanna, þannig að hv. þm. Helgi Hjörvar geti fengið sæti sem hentar fyrir þann búnað sem hann þarf að hafa í þingsalnum meðan þingfundur stendur. Þetta er sæti 32 fyrir hv. þm. Helga Hjörvar. Enn fremur hefur orðið samkomulag milli

forseta og formanna þingflokka að leggja til að tekin verði frá sæti næst inngangi í salnum fyrir formennina en þeir dragi innbyrðis um þessi sæti. Skoðast þau afbrigði samþykkt ef enginn hreyfir andmælum.

Sætaúthlutun fór á þessa leið:
1. sæti er sæti forseta.
2. sæti hlaut Árni Johnsen.
3. sæti hlaut Þuríður Backman.
4. sæti hlaut Guðjón A. Kristjánsson.
5. sæti hlaut Guðni Ágústsson.
6. sæti hlaut Ármann Kr. Ólafsson.
7. sæti hlaut Bjarni Benediktsson.
8. sæti hlaut Siv Friðleifsdóttir.
9. sæti hlaut Björk Guðjónsdóttir.
10. sæti hlaut Jón Gunnarsson.
11. sæti hlaut Ásta Möller.
12. sæti hlaut Bjarni Harðarson.
13. sæti hlaut Gunnar Svavarsson.
14. sæti hlaut Steinunn Valdís Óskarsdóttir.
15. sæti hlaut Kristján Þór Júlíusson.
16. sæti hlaut Jón Magnússon.
17. sæti hlaut Einar Oddur Kristjánsson.
18. sæti hlaut Pétur H. Blöndal.
19. sæti hlaut Katrín Júlíusdóttir.
20. sæti hlaut Grétar Mar Jónsson.
21. sæti hlaut Magnús Stefánsson.
22. sæti hlaut Ögmundur Jónasson.
23. sæti hlaut Lúðvík Bergvinsson.
24. sæti hlaut Álfheiður Ingadóttir.
25. sæti hlaut Einar Már Sigurðarson.
26. sæti hlaut Ásta R. Jóhannesdóttir.
27. sæti hlaut Birkir J. Jónsson.
28. sæti hlaut Jón Bjarnason.
29. sæti hlaut Atli Gíslason.
30. sæti hlaut Guðfinna S. Bjarnadóttir.
31. sæti hlaut Sturla Böðvarsson.
32. sæti hlaut Helgi Hjörvar.
33. sæti hlaut Ólöf Nordal.
34. sæti hlaut Valgerður Sverrisdóttir.
35. sæti hlaut Kolbrún Halldórsdóttir.
36. sæti hlaut Höskuldur Þórhallsson.
37. sæti er sæti varamanns.
38. sæti er sæti varamanns.
39. sæti hlaut Birgir Ármannsson.
40. sæti hlaut Illugi Gunnarsson.
41. sæti hlaut Ellert B. Schram.
42. sæti hlaut Steingrímur J. Sigfússon.
43. sæti hlaut Árni Páll Árnason.
44. sæti hlaut Kristinn H. Gunnarsson.
45. sæti hlaut Arnbjörg Sveinsdóttir.
46. sæti hlaut Karl V. Matthíasson.
47. sæti hlaut Guðbjartur Hannesson.
48. sæti hlaut Sigurður Kári Kristjánsson.
49. sæti hlaut Kjartan Ólafsson.
50. sæti hlaut Ragnheiður Ríkharðsdóttir.
51. sæti er sæti varamanns.
52. sæti er sæti varamanns.
53. sæti hlaut Ágúst Ólafur Ágústsson.
54. sæti hlaut Katrín Jakobsdóttir.
55. sæti hlaut Ragnheiður E. Árnadóttir.
56. sæti hlaut Árni Þór Sigurðsson.
57. sæti er sæti varamanns.
58. sæti er sæti samgönguráðherra.
59. sæti er sæti sjávarútvegsráðherra.
60. sæti er sæti menntamálaráðherra.
61. sæti er sæti dómsmálaráðherra.
62. sæti er sæti utanríkisráðherra.
63. sæti er sæti forsætisráðherra.
64. sæti er sæti fjármálaráðherra.
65. sæti er sæti félagsmálaráðherra.
66. sæti er sæti iðnaðarráðherra.
67. sæti er sæti umhverfisráðherra.
68. sæti er sæti viðskiptaráðherra.
69. sæti er sæti heilbrigðisráðherra.

Fundi slitið kl. 16:47.

---

2. FUNDUR

fimmtudaginn 31. maí,
kl. 7.50 síðdegis.

Dagskrá:

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana.

[19:51]

Útbýting:

Brottfall vatnalaga, 4. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 4.

Fjármálafyrirtæki o.fl., 9. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 9.

Friðlandið í Þjórsárverum og verndun Þjórsár, 6. mál, þáltill. KolH o.fl., þskj. 6.

Kauphallir, 8. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 8.

Samningar, viljayfirlýsingar og fyrirheit ráðherra, 5. mál, beiðni um skýrslu IIG o.fl., þskj. 5.

Stjórnarráð Íslands, 1. mál, stjfrv. (forsrh.), þskj. 1.

Verðbréfaviðskipti, 7. mál, stjfrv. (viðskrh.), þskj. 7.

Viðurkenning Íslands á ríkisstjórn Palestínu, 3. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 3.

Þátttaka Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu, 2. mál, stjfrv. (utanrrh.), þskj. 2.

Þingsköp Alþingis, 10. mál, frv. ArnbS og LB, þskj. 10.

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana.

[19:51]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Gengið er til dagskrár og fyrir tekið eina dagskrármálið, stefnuræða forsætisráðherra og umræður um hana sem verður útvarpað og sjónvarpað héðan úr Alþingishúsinu. Umræðurnar skiptast í þrjár umferðir. Forsætisráðherra hefur 20 mínútur til framsögu en aðrir þingflokkar en þingflokkur forsætisráðherra hafa 12 mínútur í fyrstu umferð, í annarri umferð hafa þingflokkarnir 6 mínútur en í þeirri þriðju 5 mínútur hver. Röð flokkanna er í öllum umferðum þessi:

Sjálfstæðisflokkur, Vinstri hreyfingin – grænt framboð, Samfylkingin, Framsóknarflokkur og Frjálslyndi flokkurinn.

Ræðumenn fyrir Sjálfstæðisflokk verða Geir H. Haarde forsætisráðherra í fyrstu umferð, Ólöf Nordal, 9. þm. Norðausturkjördæmis, í annarri umferð og Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra í þriðju umferð.

Ræðumenn fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð verða Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðausturkjördæmis, í fyrstu umferð, í annarri Katrín Jakobsdóttir, 4. þm. Reykjavíkurkjördæmis norður, og í þriðju umferð Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, 6. þm. Suðvesturkjördæmis.

Ræðumenn Samfylkingarinnar verða í fyrstu umferð Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra, Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra í annarri og Guðbjartur Hannesson, 2. þm. Norðvesturkjördæmis, í þriðju umferð.

Fyrir Framsóknarflokk tala Guðni Ágústsson, 3. þm. Suðurkjördæmis, í fyrstu umferð, í annarri Siv Friðleifsdóttir, 10. þm. Suðvesturkjördæmis og í þriðju umferð Höskuldur Þórhallsson, 10. þm. Norðausturkjördæmis.

Fyrir Frjálslynda flokkinn tala í fyrstu umferð Guðjón A. Kristjánsson, 6. þm. Norðvesturkjördæmis, Kristinn H. Gunnarsson, 9. þm. Norðvesturkjördæmis, í annarri umferð en í þriðju umferð Jón Magnússon, 10. þm. Reykjavíkurkjördæmis suður.

[19:53]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Virðulegi forseti. Góðir tilheyrendur. Alþingi kemur nú saman á ný eftir nýafstaðnar alþingiskosningar. Ég vil þakka öllum þingmönnum fyrir drengilega og málefnalega kosningabaráttu. Jafnframt vil ég óska nýkjörnum þingmönnum til hamingju með kjörið og bjóða þá velkomna til starfa. Sjaldan hafa jafnmargir nýir þingmenn tekið sæti á Alþingi og nú. Þetta sýnir að Alþingi er eftirsóknarverður vinnustaður og að þau störf sem hér eru unnin í þágu lands og þjóðar eru mikils metin, þvert á það sem stundum er haldið fram. Það er fagnaðarefni.

Fyrir réttri viku tók ný ríkisstjórn við völdum, ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Úrslit kosninganna báru með sér að slík ríkisstjórn væri öflugasti kosturinn í stöðunni. Framsóknarflokkurinn fer nú úr ríkisstjórn eftir tólf ára árangursríka stjórnarsetu. Ég vil við þetta tækifæri þakka fyrrverandi samstarfsmönnum mínum í Framsóknarflokknum fyrir ánægjulegt samstarf á umliðnum árum.

Hin nýja ríkisstjórn byggist á samstarfi tveggja stærstu stjórnmálaflokka landsins. Þessir flokkar hafa einsett sér að mynda frjálslynda umbótastjórn um kraftmikið efnahagslíf, öfluga velferðarþjónustu, bættan hag heimilanna og aukna samkeppnishæfni atvinnulífsins. Með þessi meginmarkmið að leiðarljósi stefnir hin nýja ríkisstjórn á vit nýrra tíma á þeim trausta grunni sem lagður hefur verið á undanförnum árum.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á að raunverulegt jafnrétti verði leiðarljós í allri stefnumótun hennar sem skapi öllum landsmönnum jöfn tækifæri. Árangur og hagsæld undanfarinna ára gefur tækifæri til enn frekari framfara og Ísland á að sjálfsögðu að vera áfram í fararbroddi þeirra þjóða sem búa við best lífskjör. Málefni yngstu og elstu kynslóðanna fá forgang og ríkisstjórnin mun leggja áherslu á að bæta kjör þeirra hópa sem standa höllustum fæti. Hún mun vinna að víðtækri sátt í samfélaginu um aðgerðir á sviði efnahags- og félagsmála, um náttúruvernd og auðlindanýtingu og stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna. Ríkisstjórnin mun leitast við að eiga gott samstarf við alla flokka á Alþingi og standa vörð um sjálfstæði og heiður Alþingis sem og eftirlitshlutverk þess.

Virðulegi forseti. Kraftmikið efnahagslíf er forsenda þess að hægt sé að halda áfram uppbyggingu í menntamálum, samgöngumálum og heilbrigðis- og félagsmálum. Eitt brýnasta verkefni nýrrar ríkisstjórnar er að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu í þágu heimila og atvinnulífs. Markmið hagstjórnarinnar er að tryggja lága verðbólgu, lágt vaxtastig, betra jafnvægi í utanríkisviðskiptum, jafnan og öflugan hagvöxt og áframhaldandi trausta stöðu ríkissjóðs. Stórframkvæmdir, skattkerfisbreytingar og aðrar hagstjórnaraðgerðir verða tímasettar í ljósi þessara markmiða. Jafnframt viljum við tryggja að íslensk fyrirtæki búi við bestu samkeppnis- og rekstrarskilyrði sem völ er á. Mikilvægt er að rekstrarumhverfi íslenskra fyrirtækja tryggi vöxt þeirra og laði að starfsemi erlendis frá. Við leggjum áherslu á víðtækt samráð við helstu hagsmunaaðila á sviði efnahagsmála og höfum í því skyni ákveðið að setja á laggirnar samráðsvettvang ríkisins, aðila vinnumarkaðarins og sveitarfélaga um aðgerðir og langtímamarkmið á sviði efnahags-, atvinnu- og félagsmála.

Íslensk fyrirtæki eru í harðnandi samkeppni við erlend fyrirtæki bæði heima og heiman og á næstu árum mun hugvit og tækni- og verkþekking ráða úrslitum um velgengni þeirra. Ríkisstjórnin vill skapa kjörskilyrði fyrir áframhaldandi vöxt, útflutning og útrás íslenskra fyrirtækja, m.a. með aðgerðum til að efla hátækniiðnað og starfsumhverfi sprotafyrirtækja. Samstarf atvinnulífsins og íslensku háskólanna er lykill að bættum árangri og nýsköpun í atvinnurekstri. Ríkisstjórnin mun styðja við menningu og listir sem á undanförnum árum hefur fært Ísland í sviðsljósið á alþjóðavettvangi og orðið vaxandi uppspretta útflutningstekna.

Í þeim miklu breytingum sem orðið hafa á íslensku atvinnulífi á undanförnum árum hefur vægi ýmiss konar alþjóðlegrar þjónustustarfsemi aukist, þar á meðal fjármálaþjónustu. Ríkisstjórnin stefnir að því að tryggja að slík starfsemi geti áfram vaxið hér á landi og sótt inn á ný svið í samkeppni við önnur markaðssvæði og að útrásarfyrirtæki

sjái sér áfram hag í að hafa höfuðstöðvar á Íslandi. Við munum leggja áherslu á að efla Fjármálaeftirlitið til þess að íslenski fjármálamarkaðurinn njóti fyllsta trausts. Enn fremur teljum við tímabært að leysa úr læðingi krafta einkaframtaksins svo að íslensk sérþekking og hugvit fái notið sín til fulls í útrás orkufyrirtækja. Mikilvægt er að heilbrigð samkeppni og eðlileg verðmyndun þrífist á öllum sviðum atvinnulífsins og að neytendur njóti góðs af þeirri samkeppni. Það kallar á öflugt samkeppniseftirlit sem við viljum beita okkur fyrir.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á mikilvægi öflugs landbúnaðar og hágæðaframleiðslu á matvælum í landinu. Við munum vinna að endurskoðun landbúnaðarkerfisins með það fyrir augum að auka frelsi, bæta stöðu bænda og lækka verð til neytenda. Sömuleiðis er mikilvægt að tryggja stöðugleika í sjávarútvegi. Í því skyni verður gerð sérstök athugun á reynslunni af aflamarkskerfinu við stjórn fiskveiða og áhrifum þess á þróun byggða.

Ríkisstjórnin stefnir ótrauð að frekari lækkun skatta á einstaklinga á kjörtímabilinu, m.a. með hækkun persónuafsláttar. Jafnframt munum við vinna að endurskoðun á skattkerfi og almannatryggingum til að bæta hag lágtekjufólks og millitekjufólks. Samhliða þessu viljum við leita leiða til að lækka frekar skatta á íslensk fyrirtæki og tryggja að þau búi við stöðugt og örvandi skattaumhverfi. Þá stefnir ríkisstjórnin að því að umhverfisþættir fái aukið vægi í skattastefnunni auk þess sem kerfi óbeinna skatta, svo sem vörugjalda og virðisaukaskatts, verði endurskoðað. Sömuleiðis höfum við einsett okkur að afnema stimpilgjald í fasteignaviðskiptum á kjörtímabilinu þegar aðstæður á fasteignamarkaði leyfa.

Ríkisstjórnin hefur markað þá stefnu að einfalda og nútímavæða stjórnsýsluna. Áhersla verður lögð á aukna notkun á upplýsingatækni til að bæta opinbera þjónustu, auka skilvirkni og einfalda samskipti milli almennings og stjórnvalda. Breytt verkaskipting ráðuneyta, sem kynnt hefur verið, er liður í þessari stefnumörkun. Jafnframt hefur ríkisstjórnin ákveðið að ráðherrum, alþingismönnum og stjórnsýslu ríkisins verði settar siðareglur.

Ríkisstjórnin leggur áherslu á að ýtrasta aðhalds sé gætt í rekstri hins opinbera þannig að fjármunir skattgreiðenda séu nýttir sem best. Ráðdeild og varfærni í fjármálum hins opinbera er höfuðnauðsyn og áríðandi að hlutur opinberrar starfsemi af þjóðarframleiðslunni vaxi ekki umfram það sem nú er. Við stefnum að því að gera rammafjárlög sem taki til fjögurra ára í senn og þróa þannig áfram vinnulag undanfarinna ára í því efni. Þar verði sett fram meginstefna í hagstjórn og viðmið um tekjuöflun og útgjöld ríkissjóðs. Jafnframt verði þjónustuverkefnum og framkvæmdum ríkisins forgangsraðað.

Loks vil ég nefna að ríkisstjórnin stefnir að því að tekju- og verkaskipting milli ríkis og sveitarfélaga verði endurskoðuð með það að markmiði að efla sveitarstjórnarstigið. Þannig verði t.d. ábyrgð á lögbundinni þjónustu við aldraða og fatlaða færð frá ríki til sveitarfélaga.

Eitt mikilvægasta verkefni stjórnarinnar snýr að markvissum aðgerðum í þágu barna og barnafjölskyldna á Íslandi. Ríkisstjórnin hefur í því skyni ákveðið að móta og leggja fyrir Alþingi heildstæða aðgerðaáætlun í málefnum barna og ungmenna sem m.a. byggist á rétti þeirra samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Dæmi um aðgerðir í slíkri áætlun, sem ætlunin er að leggja fyrir á Alþingi í vor, eru bætt tannvernd barna með gjaldfrjálsu eftirliti, forvarnaraðgerðum og auknum niðurgreiðslum á tannviðgerðum barna. Þá verða barnabætur hækkaðar til þeirra sem hafa lágar tekjur. Nemendur í framhaldsskólum fá stuðning til kaupa á námsgögnum. Sérstaklega verður hugað að stuðningi við börn innflytjenda í skólakerfinu.

Stuðningur við langveik börn, börn með hegðunarvandamál, geðraskanir og þroskafrávik verður aukin og þegar í stað gripið til aðgerða til að vinna á biðlistum á þeim sviðum. Jafnframt verður hugað að foreldraráðgjöf og foreldrafræðslu. Forvarnarstarf gegn kynferðislegu ofbeldi verður eflt og stuðningur við fjölskyldur ungmenna sem eiga í vanda vegna vímuefnaneyslu verður aukinn. Síðast en ekki síst mun ríkisstjórnin beita sér fyrir því að fæðingarorlof verði lengt í áföngum.

Ríkisstjórnin leggur ríka áherslu á að styrkja stöðu aldraðra og öryrkja. Við viljum vinna að einföldun almannatryggingakerfisins. Eins er brýnt að taka til sérstakrar skoðunar samspil skatta, tryggingabóta, greiðslna úr lífeyrissjóðum og atvinnutekna einstaklinga til að tryggja meiri sanngirni og hvetja til tekjuöflunar og sparnaðar. Í þessu skyni verður dregið úr tekjutengingum og skerðingum bóta í almannatryggingakerfinu. Þannig er stefnt að hækkun frítekjumarks vegna atvinnutekna fyrir aldurshópinn 67–70 ára. Tekjutenging atvinnutekna 70 ára og eldri við lífeyri almannatrygginga verður að fullu afnuminn sem og skerðing tryggingabóta vegna tekna maka. Skoðað verður hvort undanskilja megi hluta af lífeyrissjóðstekjum eldri borgara skerðingum í almannatryggingakerfinu. Jafnframt er stefnt að því að ríkissjóður tryggi ellilífeyrisþegum lífeyri að lágmarki 25 þús. kr. á mánuði frá lífeyrissjóði og að almennt skerðingarhlutfall í almannatryggingakerfinu lækki á kjörtímabilinu í 35%. Til þess að tryggja framgang þessara mála verður þegar á þessu þingi lagt fram frumvarp sem felur í sér mikilvægar breytingar á þessu sviði.

Við höfum líka ákveðið að hraða uppbyggingu 400 nýrra hjúkrunarrýma fyrir aldraða og fjölga einbýlum. Þá verður sólarhringsþjónusta efld og einstaklingsmiðuð þjónusta aukin. Enn fremur er ríkisstjórnin sammála um að fylgja eftir tillögum örorkumatsnefndar um stórauknar starfsendurhæfingu og nýtt matskerfi varðandi örorku og starfsgetu en koma jafnframt til móts við þann hóp sem er með varanlega skerta starfsgetu.

Ríkisstjórnin hefur sett sér metnaðarfull markmið í jafnréttismálum. Meðal annars vil ég nefna að gerð verður áætlun um að minnka svokallaðan óútskýrðan kynbundinn launamun hjá ríkinu og stefnt að því að hann minnki um helming fyrir lok kjörtímabilsins. Ríkisstjórnin vill einnig koma á samvinnu aðila vinnumarkaðarins og hins opinbera um að leita leiða til að eyða slíkum launamun á almennum vinnumarkmiði. Kjör kvenna hjá hinu opinbera verða endurmetin, einkum þeirra stétta þar sem konur eru í miklum meiri hluta. Þá verður unnið að því að jafna stöðu kvenna og karla í nefndum og stjórnunarstöðum á vegum ríkisins. Tryggður verði réttur launafólks til að skýra frá launakjörum sínum ef það svo kýs. Loks vil ég nefna þá stefnumörk-

un að trúfélögum verði veitt heimild til að staðfesta samvist samkynhneigðra.

Herra forseti. Ríkisstjórnin setur sér það markmið að allt menntakerfi þjóðarinnar, frá leikskóla til háskóla, verði í fremstu röð í heiminum. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir áframhaldandi fjárfestingu í rannsóknum og menntakerfi þjóðarinnar enda er ljóst að framfarir og hagvöxtur komandi ára verða knúin áfram af menntun, vísindum og rannsóknum. Áhersla verður lögð á gæði, sveigjanleika og fjölbreytni í námsframboði þannig að allir geti fundið nám við sitt hæfi. Fjölgað verður námsleiðum og áhersla verður aukin á valfrelsi nemenda og einstaklingsmiðað nám, m.a. til að draga úr brottfalli nemanda á framhaldsskólaaldri. List- og verkmenntun á öllum skólastigum verður efld og náms- og starfsráðgjöf aukin. Lögð verður áhersla á að skapa ný tækifæri til náms fyrir þá sem hafa eingöngu lokið grunnskólaprófi og efla fullorðinsfræðslu innan skólakerfis og á vinnumarkaði. Stefnt verður að auknu faglegu og rekstrarlegu sjálfstæði skóla og minni miðstýringu og unnið að lengingu og aukinni fjölbreytni í kennaranámi. Lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna verða endurskoðuð með það að markmiði að bæta kjör námsmanna enn frekar.

Stefna ríkisstjórnarinnar er að á Íslandi sé veitt heilbrigðisþjónusta á heimsmælikvarða. Tekin verður upp blönduð fjármögnun á heilbrigðisstofnunum þar sem fjármagn fylgir sjúklingum og áhersla verður lögð á að kostnaðargreina heilbrigðisþjónustuna. Þannig fái heilbrigðisstofnanir fjármagn í samræmi við þörf og fjölda verka. Við þurfum einnig að skapa svigrúm til fjölbreytilegri rekstrarforma í heilbrigðisþjónustu, m.a. með útboðum og þjónustusamningum, en jafnframt tryggja að allir hafi að henni jafnan aðgang óháð efnahag. Þá þarf að leita leiða til að lækka lyfjaverð og einfalda greiðsluþátttöku hins opinbera. Stóraukin áhersla verður lögð á forvarnir á öllum sviðum og stuðlað að heilbrigðari lífsháttum. Brugðist verður hart við aukinni vímuefnavá með öflugri fræðslu og forvörnum, stuðningi við fjölskyldur í vanda, fjölbreyttum meðferðarúrræðum og hertri löggæslu.

Ríkisstjórnin telur mikilvægt að að allir landsmenn eigi greiðan aðgang að menntun, atvinnu og þjónustu óháð búsetu og fái notið sambærilegra lífskjara. Við munum í þessu skyni skilgreina þau störf á vegum ríkisins sem hægt er að vinna án tillits til staðsetningar og geta þannig stuðlað að fjölgun starfa á landsbyggðinni. Í rammafjárlögum fyrir næstu fjögur ár verður lögð mikil áhersla á eflingu innviða samfélagsins á sviði samgangna og fjarskipta. Úrbætur í samgöngum eru lykilatriði í að stuðla að jafnvægi í byggðum landsins og lækka flutningskostnað. Styttri vegalengdir milli byggðakjarna og öruggari vegir skapa möguleika á stærri og lífvænlegri atvinnu- og búsetusvæðum. Ríkisstjórnin mun beita sér sérstaklega fyrir úrbótum á samgöngukerfi höfuðborgarsvæðisins og leggur áherslu á umferðaröryggi og almenningssamgöngur.

Ríkisstjórnin vill enn fremur tryggja öryggi í gagnaflutningum til og frá landinu með lagningu nýs sæstrengs og sömuleiðis að flutningshraði gagna aukist í takt við þá þróun sem á sér stað. Góð gagnasamskipti auka mjög aðgengi að menntun og þjónustu óháð landfræðilegri staðsetningu og fela auk þess í sér tækifæri til nýsköpunar.

Ríkisstjórnin hefur einsett sér að Ísland verði í fararbroddi þjóða heims í umhverfismálum. Íslensk stjórnvöld, fyrirtæki og menntastofnanir, eru í einstakri stöðu til þess að láta til sín taka á alþjóðavettvangi í baráttu gegn mengun og sóun náttúruauðlinda. Ríkisstjórnin stefnir að því að ná víðtækri sátt um verndun verðmætra náttúrusvæða landsins og gera skýra áætlun um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Ríkisstjórnin hyggst efla skógrækt og landgræðslu, m.a. í þeim tilgangi að binda kolefni í andrúmsloftinu. Einnig verður skipulega unnið að aukinni notkun vistvænna ökutækja, m.a. með því að beita hagrænum hvötum. Til að skapa sátt um vernd og nýtingu náttúrusvæða er mikilvægt að ljúka rannsóknum á verndargildi þeirra og gildi annarrar nýtingar.

Sérstök áhersla verði lögð á að meta verndargildi háhitasvæða landsins og flokka þau með tilliti til verndar og orkunýtingar. Stefnt verður að því að ljúka vinnu við rammaáætlun fyrir lok árs 2009 og leggja niðurstöðuna fyrir Alþingi til formlegrar afgreiðslu. Þar til sú niðurstaða er fengin verður ekki farið inn á óröskuð svæði án samþykkis Alþingis nema rannsóknar- eða nýtingarleyfi liggi fyrir.

Nokkur svæði sem talin eru mikilvæg út frá verndunarsjónarmiðum af stofnunum umhverfisráðuneytisins verða undanskilin nýtingu og jarðrask þar óheimilt þar til framtíðarflokkun hefur farið fram í samræmi við staðfestar niðurstöður hinnar endurskoðuðu rammaáætlunar. Slík svæði eru Askja, Brennisteinsfjöll, Hveravellir, Kerlingarfjöll, Kverkfjöll og Torfajökull. Vatnasviði Jökulsár á Fjöllum verður bætt við Vatnajökulsþjóðgarðinn og tryggt að ekki verði snert við Langasjó í virkjanaskyni. Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum verður tryggð þannig að það nái yfir hið sérstaka votlendi veranna.

Mikilvægt er að stjórnvöld, atvinnulífið og samfélagið allt taki saman höndum við að berjast við fordómum gagnvart minnihlutahópum, hvort sem þeir fordómar byggjast á uppruna eða öðrum þáttum. Ríkisstjórnin hefur því ákveðið að unnin verði heildstæð framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda sem hafi það markmið að betur verði tekið á móti erlendu fólki sem flyst til landsins og því auðveldað að verða virkir þátttakendur í íslensku samfélagi og rækta menningu sína. Jafnframt verði tryggt að útlendingar á vinnumarkaði njóti sambærilegra réttinda og íslenskt launafólk og að allar ráðningar erlends verkafólks séu í samræmi við gildandi kjarasamninga.

Mannréttindi, aukin þróunarsamvinna og áhersla á friðsamlega úrlausn deilumála verða nýir hornsteinar í íslenskri utanríkisstefnu. Ný ríkisstjórn harmar stríðsreksturinn í Írak og vill leggja sín lóð á vogarskálar friðar í Írak og Miðausturlöndum, m.a. með þátttöku í mannúðar- og uppbyggingarstarfi.

Íslendingar eiga að stefna að því að taka forustu í baráttunni gegn mengun hafsins og alþjóðlegu starfi til að bregðast við loftslagsbreytingum. Að öðru leyti byggist stefna ríkisstjórnarinnar í utanríkismálum á þeim gildum sem legið hafa til grundvallar samvinnu vestrænna lýðræðisríkja, norrænu samstarfi og viðleitni þjóða heims til að auka frelsi í alþjóðlegum viðskiptum. Ríkisstjórnin mun fylgja markaðri stefnu í öryggis- og varnarmálum og koma á fót samráðsvettvangi stjórnmálaflokkanna um öryggismál. Við

leggjum áherslu á að allar meiri háttar ákvarðanir um utanríkismál verði teknar í samráði við utanríkismálanefnd Alþingis.

Ríki Evrópusambandsins eru mikilvægasta markaðssvæði Íslands. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefur reynst þjóðinni vel og er ein af grunnstoðum öflugs efnahagslífs þjóðarinnar. Skýrsla Evrópunefndar verður grundvöllur nánari athugunar á því hvernig hagsmunum Íslendingar verður í framtíðinni best borgið gagnvart Evrópusambandinu. Við höfum ákveðið að koma á fót föstum samráðsvettvangi stjórnmálaflokka á Alþingi sem mun fylgjast með þróun mála í Evrópu og leggja mat á breytingar út frá hagsmunum Íslendinga. Nefndin mun hafa samráð við innlenda sérfræðinga og hagsmunaaðila eftir þörfum.

Ríkisstjórnin er sammála um nauðsyn þess að halda áfram með þá endurskoðun á stjórnarskrá lýðveldisins sem hófst á síðasta kjörtímabili. Áhersla verður lögð á að leiða til lykta ágreining um þjóðareign á náttúruauðlindum í ljósi niðurstöðu sérnefndar um stjórnarskrármál um það atriði á síðasta þingi.

Herra forseti. Ég hef nú farið yfir helstu atriði úr stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Við höfum sett okkur afar metnaðarfull markmið á mörgum sviðum sem öll eiga það sameiginlegt að stuðla að aukinni velsæld íslensku þjóðarinnar. Þetta er auðvitað meginmarkmið stjórnmálanna, að bæta kjör almennings og skapa hér fjölskylduvænt samfélag þar sem fólki líður vel, að skapa umhverfisvænt samfélag sem við getum verið stolt af og skapa hér samkeppnishæft og aðlaðandi umhverfi fyrir okkar kröftuga atvinnulíf. Með öðrum orðum: Íslensk samfélag verður áfram í fremstu röð þjóða heims á hvaða lífskjaramælikvarða sem litið er.

Ég horfi björtum augum til kjörtímabilsins sem nú er að hefjast og tel það fela í sér mikil tækifæri til að gera gott samfélag enn betra. — Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

[20:13]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Forseti Alþingis. Góðir áheyrendur. Ég vil í upphafi máls míns óska nýkjörnum alþingismönnum til hamingju og bjóða þá velkomna til starfa hér á þingi. Ég vil jafnframt óska nýrri ríkisstjórn og nýjum ráðherrum velfarnaðar í störfum, vandasömum verkefnum. Ég vil þakka öllum þeim sem lögðu sitt af mörkum fyrir okkur vinstri græn í kosningabaráttunni og auðvitað ekki síst kjósendum fyrir viðtökurnar og stuðninginn sem gerði okkur vinstri græn að höfuðsigurvegurum kosninganna.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur nú á einu ári tekið sér þriðja sætið í stærðarröð íslenskra stjórnmálaflokka bæði í sveitarstjórnar- og alþingiskosningum. Við erum stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn með níu þingmenn og erum með menn kjörna í öllum kjördæmum landsins í fyrsta sinn. Það býr mikið og vaxandi afl í okkar ört stækkandi hreyfingu og ég, eins og forsætisráðherra, horfi björtum augum fram á veginn. Enginn flokkur getur státað af sambærilegri endurnýjun hlutfallslega, eins miklum stuðningi og þátttöku ungs fólks og hlutfall kvenna er hæst í okkar þingflokki. Reyndar skipa hann þessa stundina sex konur og þrír karlar og mér er til efs að slík hlutföll hafi áður sést hér á Alþingi í blönduðum þingflokki.

Nú spyrja sjálfsagt einhverjir: En eru það ekki mikil vonbrigði fyrir vinstri græn að vera ekki í ríkisstjórn? Er það ekki áfall fyrir ykkur sem höfuðsigurvegara kosninganna? Því svara ég þannig: Við vorum að sönnu reiðubúin, við gerðum allt sem við gátum til þess að hægt yrði að mynda raunverulega félags- og umhverfisverndarstjórn, raunverulega græna velferðarstjórn sem stæði undir nafni. Við lögðum alla orku okkar í það að knýja fram umskipti í stjórnmálum landsins og fella ríkisstjórnina. Og vel að merkja, það tókst að knýja fram stjórnarskipti. Hvað var það sem gerði það mögulegt? Hvað var það sem gerir það að verkum að nú situr ný ríkisstjórn? Það var ekki tap Samfylkingarinnar upp á rúm 4 prósentustig og mínus tveir þingmenn sem gerði stjórnarskipti möguleg. Það var ekki óbreytt staða Frjálslynda flokksins. Það voru þaðan af síður rúm 3% og 5.900 atkvæði Íslandshreyfingarinnar sem féllu dauð sem komu ríkisstjórninni á kné. Nei, það var kosningasigur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem gerði stjórnarskiptin möguleg. Það var sem sé út á kosningasigur vinstri grænna sem draumur samfylkingarfólks um að komast loksins í ríkisstjórn rættist — kannski ekki endilega óskaríkisstjórnina, kannski ekki ríkisstjórnina þar sem Samfylkingin var stærsti flokkur landsins, kannski ekki ríkisstjórnina sem Samfylkingin leiddi án þátttöku Sjálfstæðisflokksins, kannski ekki ríkisstjórnina þar sem kona var í fyrsta sinn gerð að forsætisráðherra. Nei, en ríkisstjórn samt. Og við skulum ætla að Samfylkingin sé í henni af því að hún vilji vera þar, af því að henni sé sjálfrátt. Eða var þessi stjórn með einhverjum hætti þvinguð fram eins og presturinn orðaði það í Dómkirkjunni í dag?

Svo undarlega bregður við að Samfylkingin fer inn í ríkisstjórnina sína undir ásökunum í garð vinstri grænna um að hún sé ekki að gera eitthvað allt annað, þ.e. Samfylkingin. Því vil ég gjarnan spyrja: Er þess að vænta að Samfylkingin geri það fljótlega upp við sig hvort þetta er ríkisstjórnin sem hún vill vera í? Er Samfylkingin í þessari ríkisstjórn af því að hún trúir því að hún sé góð? Er Samfylkingin í þessari ríkisstjórn af því að stefna hennar sé ágæt? Eða er Samfylkingin bara í þessari ríkisstjórn af því að sá vondi maður sem hér stendur hrakti hana til þess?

Nú það í sjálfu sér þannig að ég get vel tekið það á mínar herðar fyrir Samfylkinguna ef hana skortir sjálfa réttlætingu fyrir því sem hún er að gera, ef hún hefur engin önnur rök til að réttlæta veru sína undir sænginni hjá íhaldinu en mig, enga aðra afsökun en áburðinn um að ég og við vinstri græn höfum gert myndun annars konar ríkisstjórnar ómögulega. En ég vil þá fara að vita, hvað líður senn, hversu langt guðföðurskyldur mínar ná í þessum efnum. Eiga þær að endast Samfylkingunni sem allsherjarafsökun og réttlæting næstu fjögur ár eða jafnvel lengur? Eða er þetta bara til að sefa óánægjuraddir í baklandi Samfylkingarinnar tímabundið? Ég vona a.m.k. að föðurhlutverk mitt sé ekki svo bókstaflegt að ég sé meðlagsskyldur og verði að borga Geir H. Haarde fósturlaun vegna krógans næstu fjögur árin.

Auðvitað er dapurt til þess að vita ef Samfylkingin er nauðug viljug í þessu samstarfi og það leyndi sér vissulega

ekki a.m.k. ekki hvað Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra varðaði að honum var það allt þvert um geð sem var að gerast dagana fyrir stjórnarmyndun. Það sá öll þjóðin hversu harmþrungið ráðherraefnið var. En ábyrgðina hefur hinn sjónumhryggi jafnaðarmaður sent og skrifað á réttan stað. Sá voðalegi maður sem ber ábyrgð á því að Össur Skarphéðinsson féllst tárvotum augum og gegn vilja sínum á að gegna ráðherradómi heitir Steingrímur J. Sigfússon og stendur hér. En vonandi fer nú að rætast úr fyrir okkar manni því að hann er þrátt fyrir allt kominn heim á kunnuglegar slóðir, í fangið á íhaldinu þar sem hann undi um skeið sem ráðherra undir merkjum Alþýðuflokksins og lagði þar á skólagjöld og sjúklingaskatta í þágu jafnaðarstefnunnar svo eitthvað sé nefnt. Já, svona er nú hátt á því risið þegar Samfylkingin loksins kemst í ríkisstjórn að það þarf að kenna öðrum um, bera sakir á aðra, varpa ábyrgðinni af sjálfum sér yfir á aðra og kaupa sér fjarvistarsönnun.

Auðvitað er veruleikinn sá að tveim, þrem vikum fyrir kosningar fór forusta Samfylkingarinnar á taugum, gafst upp í baráttunni við að fella ríkisstjórnina, hóf að undirbúa stjórnarsamstarf með Sjálfstæðisflokknum, fór að strjúka honum með hárunum síðustu vikur kosningabaráttunnar, stakk Evrópustefnunni og öðrum ágreiningsefnum ofan í skúffu og hóf að semja og æfa leikritið um að kenna vinstri grænum um og eyddi að lokum síðustu kröftunum í slagsmál við okkur um fylgi úti á vinstri vængnum í staðinn fyrir að reyna að ná því af ríkisstjórninni. Strax á kosninganóttina hófu einstakir talsmenn Samfylkingarinnar upp sönginn um að vinstri græn væru að eyðileggja möguleikann á myndun vinstri stjórnar.

Samfylkingin setti stefnuna á Sjálfstæðisflokkinn þegar fyrir kosningar og hóf mikla ásókn á hann strax að þeim loknum og fékk reyndar furðugóðar viðtökur eins og best sést á því að Sjálfstæðisflokkurinn hélt Framsókn uppi á snakki, lét jafnvel líklega við fleiri flokka meðan hann gekk frá öllu saman bak við tjöldin við Samfylkinguna. Og sá einstaki atburður varð svo á uppstigningardag að Geir H. Haarde forsætisráðherra sló af sína eigin ríkisstjórn með Framsókn og myndaði nýja með Samfylkingunni í sömu setningunni, í sömu setningunni í beinni útsendingu, allt klappað og klárt, formsatriði að fara til Bessastaða. Þannig var nú þetta.

Um virðingu fyrir settum leikreglum og hreinskiptni í samskiptum manna á meðal þessa liðnu daga segi ég það eitt að þar sem stjórnarflokkarnir eiga í hlut og forustumenn þeirra virðist mér enn sannast hið fornkveðna að sækjast sér um líkir. Tímamótin sem urðu í ríkisstjórnarsamstarfinu eru ekki fólgin í því að nýr flokkur hafi leyst Framsókn af hólmi sem hjól undir valdavagni Sjálfstæðisflokksins. Þau eru þaðan af síður fólgin í stefnubreytingu því að hún varð engin nema fáeinar gráður til hægri. Tímamótin eru fólgin í uppgjöf Samfylkingarinnar öðru fremur, uppgjöfinni gagnvart því að vera stóra mótvægið við Sjálfstæðisflokkinn, uppgjöfinni gagnvart því að vera forustuafl ríkisstjórnar án aðildar Sjálfstæðisflokksins.

Það skyldi nú ekki vera að þörfin fyrir afsökun, blóraböggul, sökudólg, sem Samfylkingin hefur svo snilldarlega sameinast um að finna í ræðumanni — og er nú ekki oft sem þau ná að sameinast svona innilega og til hamingju með það, samfylkingarfólk — sé sprottin af þeim ástæðum að auðvitað veit samfylkingarfólk í hjarta sínu að það er að gefast upp. Tilrauninni um stóra mótvægisaflið við Sjálfstæðisflokkinn, að koma honum frá völdum, skaffa landsmönnum annars konar ríkisstjórn, annars konar stjórnarstefnu, er lokið með uppgjöf. Nú sér félagshyggjufólk og umhverfisverndarsinnar það svart á hvítu að mótvægið við Sjálfstæðisflokkinn verður ekki byggt upp með því að telja hausa í flokki sem er honum svo skyldur, liggur honum svo nálægt í stefnumálum að hann rennur saman við hann í ríkisstjórn án nokkurra vandkvæða.

Þegar fréttir voru sagðar af stjórnarmyndunarviðræðunum í síðustu viku voru þær allar á einn veg: Einstaklega góður andi í viðræðunum, enginn ágreiningur, aðeins áherslumunur. Eina uppstyttan sem varð í viðræðunum var vegna þess að menn þurftu að komast í veislu. Það þurfti ekki að fresta viðræðum vegna ágreinings, nei, nei, nei, menn þurftu að komast á tónleika og í veislu. Það var nú það.

Frá sjónarhóli Sjálfstæðisflokksins er valið auðvitað skiljanlegt. Með átakafælinn og verðarsækinn formann við stýrið er valinn þægilegasti kosturinn, leikurinn frá 1995 endurtekinn, gripið til þess flokks sem næstur Sjálfstæðisflokknum stóð og dugði honum til að framlengja völd sín þegar Framsókn var útslitin, hafði misst helming fylgis síns og 8 af 15 þingmönnum sem lagt var upp með. Þannig er nú þetta. Vissulega má þó viðurkenna, svo eitthvað sé nú séð skemmtilegt við þetta, að Sjálfstæðisflokkurinn yngir hressilega upp hjá sér þegar Samfylkingin er borin saman við hinn níræða Framsóknarflokk.

Það sem ég vil svo segja um framgöngu ríkisstjórnarinnar efnislega að öðru leyti er þetta: Ríkisstjórnin byrjar illa í umhverfismálum. Uppgjöf Samfylkingarinnar eftir nýtilkominn áhuga á þeim málaflokki er aumkunarverð. Formönnum stjórnarflokkanna tókst að verða margsaga um innihald stjórnarsáttmálans hvað varðar Þjórsárver nokkurn veginn samtímis því að hann kom fyrir almannasjónir.

Við vinstri græn höfum nú með höndum mikilvægasta hlutverk sem við höfum hingað til haft í íslenskum stjórnmálum sem forustuafl stjórnarandstöðunnar og við munum ekki bregðast skyldum okkar í þeim efnum. Við munum ekki gleyma mikilvægi grundvallarhugsunarinnar um sjálfbæra þróun og sjálfbæra framvindu þó að ríkisstjórnin með grænan fálka af síðum Morgunblaðsins og *Fagra Ísland* í farteskinu sé svo seinheppin að minnast ekki einu orði á sjálfbæra þróun hvorki í stjórnarsáttmála né í stefnuræðu og er þó komið árið 2007, takið eftir því.

Við vinstri græn tökum við keflinu sem Samfylkingin hefur nú rétt okkur með uppgjöf sinni gagnvart Sjálfstæðisflokknum og munum ekki bregðast hlutverki okkar sem hinn eiginlegi og eini hugmyndafræðilegi og pólitíski höfuðandstæðingur hægri stefnunnar á Íslandi.

Ég óska landsmönnum alls góðs og gæfuríks sumars og þakka áheyrnina.

[20:26]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ágæta samstarfsfólk á Alþingi. Góðir

Íslendingar. Í dag kemur saman í fyrsta sinn að loknum kosningum nýkjörið Alþingi. Þingmenn mæta til leiks fullir eftirvæntingar og löngunar til að takast á við áhugaverð og krefjandi verkefni í þágu lands og þjóðar. Vafalaust ekki síst 24 þingmenn sem í dag koma nýir á þing. Óvenjulegur í þeirra hópi er auðvitað maður sem árið 1971 settist yngstur allra á Alþingi það árið en snýr nú aftur, 36 árum síðar, sem elstur í hinum nýja þingheimi. Þessi óvenjulegi ferill er okkur hinum áminning um að vegferð hvers og eins sem velur að ganga stjórnmálaleiðina verður alltaf einstök og ógjörningur að skipuleggja hana fyrir fram. Ég óska öllum nýkjörnum fulltrúum á hinu háa Alþingi velfarnaðar á stjórnmálaleiðinni þar sem ný tækifæri bíða við hvert fótmál.

Ég vænti mikils af samstarfinu við þingið og hlakka til að vinna í umboði þess. Ný ríkisstjórn er byrjuð á því verki að stokka upp verkaskiptingu ráðuneyta og innleiða ný vinnubrögð hjá framkvæmdarvaldinu. Ég vil leyfa mér að færa fram þá ósk að við sameinumst um að bæta vinnubrögð einnig hér á Alþingi Íslendinga. Okkur ber að vera öllu lýðræðislegu félagsstarfi í landinu góð fyrirmynd. Við eigum að leita sáttaleiða þegar þær eru færar en virða grundvallarmun á afstöðu án svikabrigsla eða stóryrða.

Hannes Pétursson er eitt okkar bestu skálda og hann segir á einum stað:

> Lágmælt orð
> ljóðsins, þau troðast undir
> í styrjöldum – einnig
> í stórkarlalegu þusi
> upplausnartíma þegar dagarnir
> eru á dreif eins og fjúkandi hey.

Stundum á síðustu árum hefur opinbert líf á Íslandi turnast skyndilega og hiti hinna pólitísku deilna orðið meiri en góðu hófi gegnir. Það er í daglegu tali nefnt fár og við þær aðstæður, eins og skáldið segir svo vel, eru dagarnir á dreif eins og fjúkandi hey. Dagsverkin eru þá líka ódrjúg og kröftunum illa varið. Og í hinu stórkarlalega þusi átakastjórnmála hverfur mikilvægt inntak stjórnmálastarfsins, þ.e. að hlusta á raddir sem hafa ekki endilega hæst en hafa þó frá svo mörgu að segja og það verkefni að breyta vandamálum hins daglega lífs í opinber úrlausnarefni. Ég vil í dag sem formaður stjórnmálaflokks sem gengið hefur til samstarfs í nýrri ríkisstjórn horfa til framtíðar til þeirra verkefna sem íslenskt samfélag kallar á að unnin séu.

Góðir Íslendingar. Til þess að verkefnin verði unnin þarf hina víðtæku sátt sem nú er efnt til og nýtt hugarfar, ný vinnubrögð, samræðu og virðingu fyrir ólíkum skoðunum. Ný ríkisstjórn ætlar sér að verða frjálslynd umbótastjórn. Umskiptin eru söguleg af mörgum ástæðum, m.a. þeim að Samfylkingin sem stofnuð var sem nýr stjórnmálaflokkur aldamótaárið 2000 stígur nú í fyrsta sinn fram sem ríkisstjórnarflokkur. Þetta eru tímamót í sögu jafnaðarflokks Íslands, framsækins umbótaflokks sem reistur er á hornsteinum jafnaðarstefnunnar um jöfnuð, frelsi og samábyrgð. Jafnaðarstefnan er erindi okkar, á Íslandi eigum við öll að vera jöfn og frjáls hvort sem við erum ung eða gömul, hver sem við erum eða viljum geta orðið. Jafnaðarflokkur Íslands er umbótasinnaður og lýðræðissinnaður og við viljum skila venjulegu fólki árangri sem um munar.

Í kosningunum gengum við samfylkingarfólk til íslenskra kjósenda með erindið um betri almannaþjónustu í forgangi, metnaðarfulla aðgerðaáætlun í þágu íslenskra barna undir heitinu Unga Ísland, miklu hraðari uppbyggingu hjúkrunarrýma og bætta þjónustu við aldraða Íslendinga. Strax í upphafi nýs þings þegar aðeins rúmar tvær vikur er liðnar frá kjördegi er í undirbúningi umbótamál til afgreiðslu hér á Alþingi, annars vegar um aðgerðaáætlun fyrir börnin í landinu og hins vegar fyrstu aðgerðir í þágu aldraðra. Á haustþingi þegar lengri tími hefur gefist til undirbúnings þingmálum munu væntanlega fleiri þingmál um aðgerðir í þágu aldraðra fylgja í kjölfarið.

Eitt af veigamestu áhersluatriðum í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar er átak í jafnréttismálum. Ríkisstjórnin mun grípa til markvissra aðgerða til að draga úr óútskýrðum kynbundnum launamun hjá ríkinu með það að markmiði að minnka hann um helming á kjörtímabilinu. Enginn vafi er í mínum huga að til að ná þessu markmiði þarf sérstaklega að endurmeta kjör kvenna hjá hinu opinbera, einkum þeirra stétta þar sem konur eru í miklum meiri hluta. Það gerðum við hjá Reykjavíkurborg þegar ég var borgarstjóri og það er löngu tímabært að slíkt endurmat eigi sér stað hjá ríkisvaldinu. Jafnframt mun ríkisstjórnin leita eftir samvinnu við aðila vinnumarkaðarins þar sem leitað verði leiða til að eyða launamun kynjanna á almennum vinnumarkaði. Þá segir í stjórnarsáttmálanum að réttur launafólks til að skýra frá launakjörum sínum, ef það svo kýs, verði tryggður.

Jafnrétti kynjanna er mikið réttlætismál og ég er stolt af því að ný ríkisstjórn hefur mótað þá stefnu að jafnrétti í reynd verði leiðarljós í allri stefnumótun hennar. Þetta er grundvallaratriði því það verður aldrei full sátt í samfélaginu meðan konur og karlar sitja ekki við sama borð í kjörum og áhrifastöðum. Við verðum líka að gera miklu betur í aðgerðum gegn kynbundnu ofbeldi. Það er líka jafnréttis- og mannréttindamál að trúfélög fái heimild til að staðfesta samvist samkynhneigðra.

Við höfum mikið verk að vinna hér heima við að ná jafnvægi í efnahagsmálum og sátt í velferðarmálum, umhverfismálum og jafnréttismálum en við höfum einnig verk að vinna á alþjóðavettvangi. Loftslagsváin er alþjóðamál sem mun hafa gríðarlega þýðingu á næstu árum og sem íslenska utanríkisþjónustan mun leggja mikla áherslu á. Þá verðum við Íslendingar að setja okkur mælanleg, metnaðarfull markmið í aðgerðum gegn gróðurhúsaáhrifum.

Eitt þeirra mála sem reynst hefur þjóðinni þungbært á síðustu árum er afstaðan til Íraksstríðsins. Við þekkjum öll sögu þess máls. Það var fyrri ríkisstjórn Íslands sem tók þá umdeildu ákvörðun að styðja innrásina í Írak, m.a. í andstöðu við minn flokk. Þeim stuðningi fylgir siðferðileg ábyrgð sem við sem þjóð verðum að horfast í augu við og axla. Ákvörðunin um innrásina í Írak var tekin á röngum forsendum og stuðningur stjórnvalda á Íslandi var það einnig. Að mínum dómi átti hann aldrei að koma til greina. Ný ríkisstjórn lýsir því yfir að hún harmar þennan stríðsrekstur. Hún styður hann því ekki. Þetta er mikilvæg yfir-

lýsing um nýja stefnumótun um utanríkisstefnu þar sem friðsamleg lausn deilumála og virðing fyrir alþjóðalögum og mannréttindum verða leiðarljós stjórnvalda á alþjóðavettvangi. Ég hygg að þjóðarsátt sé um það að Íslendingar eigi um ókomna tíð að ganga fram í samfélagi þjóða sem friðflytjandi. Þjóð menningarsamskipta, viðskipta og útrásar, stolt af landi okkar og þjóð en jafnframt meðvituð um nauðsyn vits þess sem víða ratar eins og segir í Hávamálum. Ný ríkisstjórn lýsir því yfir að í framtíðinni munu allar meiri háttar ákvarðanir á sviði utanríkismála verða teknar í samráði við utanríkismálanefnd Alþingis.

Virðulegi forseti. Fram undan eru breyttir tímar, tímar sátta og samstöðu, tímar framþróunar og spennandi tækifæra á öllum sviðum. Íslendingar hafa á undanförnum árum flutt þekkingu sína og áræði til útlanda og haslað sér völl í viðskiptalífi og á fræðasviðinu þannig að eftir hefur verið tekið. Ríkisstjórnin vill leggja sitt lóð á vogarskálar enn frekari útrásar og þekkingarsköpunar. Þar þarf að huga að frekari fjárfestingu í menntun og rannsóknum og styðja sérstaklega við bakið á efnilegum sprotafyrirtækjum, svo sem á sviði hátækni og þekkingariðnaðar. Útflutningur þekkingar og hugvits á sviði orkuframleiðslu er hið nýja spennandi sóknarfæri.

Atvinnustefna nýrrar ríkisstjórnar á að beinast að því að hlúa að vaxtarsprotum á sem flestum sviðum, gæta jafnræðis milli atvinnugreina og skapa heilbrigt samkeppnisumhverfi. Þar mun okkur farnast best ef frelsi einstaklinga og fyrirtækja til athafna helst í hendur við heilbrigða samkeppni og eðlilega verðmyndun í þágu neytenda. Vinna þarf að því að frjáls samkeppni og fullt atvinnufrelsi nái einnig til hefðbundinna greina, svo sem sjávarútvegs og landbúnaðar, en gæta þess þó ætíð að umbætur og breytingar eigi sér stað í sanngjörnu samráði við hagsmunaaðila í viðkomandi greinum.

Virðulegur forseti. Það hefur verið ánægjulegt að finna mikinn stuðning og velvilja landsmanna við hina nýju ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar sem nú hefur tekið til starfa. Við munum nálgast verkefnið af mikilli ábyrgð með heill allrar þjóðarinnar í huga og þann einlæga ásetning að vinna landi og þjóð gagn á þeim árum sem fara í hönd. Þetta verður vandasöm sigling, ekki síst í efnahagsmálum og þar verður mikilvægt að eiga gott samráð við aðila vinnumarkaðarins og aðra hagsmunaaðila. Ríkisstjórnin þarf einnig að gæta þess að eiga gott samstarf við alla flokka á Alþingi jafnframt því sem staðinn verði vörður um sjálfstæði Alþingis og eftirlitshlutverk þess.

Fyrir hönd Samfylkingarinnar óska ég landsmönnum öllum gæfu og gengis á komandi árum. — Ég þakka áheyrnina.

[20:37]

Guðni Ágústsson (F):

Hæstv. forseti. Góðir áheyrendur. Ég vil byrja á því að óska nýkjörnum þingmönnum til hamingju og velfarnaðar í mikilvægu starfi. Enn fremur flyt ég nýrri ríkisstjórn og forsætisráðherra mínar bestu árnaðaróskir á þessum tímamótum. Ég þakka íslenskri þjóð þau farsælu 12 ár sem við framsóknarmenn áttum aðild að ríkisstjórn, trúlega einn lengsta uppgangs- og hagsældartíma seinni áratuga.

Hin nýja ríkisstjórn byggir áætlanir sínar um framtíðina að stórum hluta til á starfi og stefnumörkun sem við framsóknarmenn höfum markað og undirbúið með Sjálfstæðisflokki — skuldlaus ríkissjóður, líf og fjör í landinu. Hins vegar virðist ríkisstjórnin ekki skynja að það er við vaxandi efnahagsvanda að etja vegna verðbólgu og viðskiptahalla. Það er vont að fljóta sofandi að feigðarósi. Ríkisstjórn sem þorir ekki að takast á við vandann á sínum fyrstu dögum fer ekki vel af stað.

Ísland hefur verið eitt af framsæknustu ríkjum Evrópu síðustu ár. Hér voru 12–14 þúsund Íslendingar án atvinnu árið 1995, landflótti og versnandi lífskjör. Þessu var öllu snúið á betri veg. Evrópa er full af fólki sem fæðist til lífsins og býr við þá raun að vera atvinnulaust allt sitt líf.

Hæstv. forseti. Hér situr ný ríkisstjórn með vonarglampa í augum. Ég efast ekki um góðan vilja ráðherranna til að láta gott af sér leiða. Ég hef hins vegar efasemdir um samstarf þessara flokka. Hér eru engar sögulegar sættir höfuðandstæðinga í íslenskri pólitík að eiga sér stað. Það hefur hins vegar gerst að íslenskur stjórnmálamaður, eins og hæstv. utanríkisráðherra Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hefur étið grautinn sinn þótt hann væri saltur. Gammarnir á Íslandi eru að hrifsa völdin í Sjálfstæðisflokknum, hinn meinlausi forsætisráðherra mun ekki ráða för. Ég spyr: Verður ríkisvaldinu stjórnað utan úr bæ? Já, grauturinn er saltur, Borgarnesræðurnar eru gleymdar.

Einhvern tímann orðaði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hugsun sína svo, með leyfi forseta:

„Samfylkingin hafnar stjórnlyndi Sjálfstæðisflokksins sem hefur það stefnumið eitt að halda völdum.“ Síðan sagði hún að markmiðið væri eitt, að leysa íslenskt samfélag úr viðjum þeirra þröngsýnu sérhagsmuna sem hafa þrifist í skjóli Sjálfstæðisflokksins.

Hæstv. utanríkisráðherra er valdapólitíkus, hún þrífst og brosir hafi hún völdin og nú hefur hún hæstv. forsætisráðherra í hendi sér, það er gaman. Allt er þá þrennt er: Fyrst klauf hún Kvennalistann, næst sveik hún flokkana sem stóðu að R-listanum og Reykvíkinga og nú hefur hæstv. ráðherra gengið á bak orða sinna um að Samfylkingin sé höfuðandstæðingur Sjálfstæðisflokksins.

Það merkilega og skemmtilega er að hlusta hér á Steingrím J. Sigfússon, foringja vinstri grænna. Enn grætur hann að vera ekki í bólinu hjá Sjálfstæðisflokknum, enda bað hann þeirra í beinni útsendingu og Ögmundur Jónasson einnig. Þeir vildu vera þar sem við vorum áður.

Hæstv. forsætisráðherra hefur hér flutt þingi og þjóð einhverja bragðdaufustu ræðu sem ég hef heyrt. Það var ekkert í þessari ræðu frekar en sáttmála ríkisstjórnarinnar. Um hvað snerist samkomulag forustumannanna á Þingvöllum? Þingmönnum stjórnarflokkanna er sýnd sú vanvirða, hvað þá okkur hinum, að sagan er hálfsögð. Hvers vegna þessa leynd og baktjaldamakk? Það er ljóst að þegar þessir flokkar ná saman leggjast þeir báðir á sína hægri hlið í ljósi þess að mesta eignarveldi á Íslandi er guðfaðir þessarar ríkisstjórnar. Hinar sögulegu sættir liggja í gegnum Baugsveldið.

Hvað gerist nú í heilbrigðiskerfinu? Hefst þar einkavæðing með forgangi þeirra ríku? Sjálfstæðisflokkurinn hefur ályktað um að einkavæðing hefjist nú í heilbrigðismálum,

menntamálum og orkumálum. Framsóknarflokkurinn stóð gegn því að frjálsu markaðsöflin fengju hér allt í hendur.

Það liggur fyrir og báðir foringjarnir hafa staðfest það að rætt er um að færa Íbúðalánasjóð inn í fjármálaráðuneytið sem ég kalla líknardeild eða sölumeðferð. Ætlar velferðarráðherrann Jóhanna Sigurðardóttir að láta Sjálfstæðisflokkinn og bankakerfið hrifsa Íbúðalánasjóð til sín og þar með fyrsta veðréttinn í eignum fólksins í landinu, íbúðarhúsum þeirra? Bankakerfið þarf kannski á því að halda í dag á sinni hröðu ferð. Að koma sér upp húsnæði er velferðarmál einstaklinganna. Þjóðin vill og telur það öryggismál að Íbúðalánasjóður starfi áfram. Það liggur fyrir að bankakerfið hefur viljað kokgleypa sjóðinn. Sjálfstæðisflokkurinn er sömu skoðunar. Ég spyr: Hvað vill Samfylkingin í þessu máli?

Framsóknarflokkurinn lítur á það sem mikilvægt atriði að fólk ráði sinni tilveru. Félagslegt öryggi eru mikilvæg mannréttindi. Eitt af stærstu grundvallaratriðum hverrar þjóðar er að tryggja að fáir fái ekki allt of mikið og margir allt of lítið. Skattapólitík Sjálfstæðisflokksins hefur ávallt verið þeim ríku og efnuðu í hag og bitnaði á þeim mörgu og tekjulægri.

Ég segi hér: Það er mikilvægt að horfa til byggðanna með nýjum hætti. Það fjarar undan sjávarþorpum víða um land. Það er líka hægt að stöðva uppbyggingu og ný tækifæri sveitanna. Ég get tekið undir með ríkisstjórninni að landið verði eitt búsetu- og atvinnusvæði og vona að orðum fylgi efndir. Ég þarf ekki að minna hæstv. landbúnaðarráðherra á að síðustu ár vitna um framsækinn og öflugan landbúnað, landbúnað sem á ótal ný tækifæri og framleiðir í hreinni náttúru einstök matvæli. Samkvæmt óljósum fréttum virðist standa til að færa stóran hluta af vísindamönnum landbúnaðarins annað. Skógrækt og landgræðsla er landbúnaður um allan heim. Ég bið hæstv. landbúnaðarráðherra að fara yfir þessi mál af vandvirkni. Landbúnaðarháskólarnir eru atvinnuvegaháskólar. Ég óttast að þessir miklu uppgangsskólar hverfi í hítina fari þeir í menntamálaráðuneytið og deyi þar innan frá. Næstbesti kosturinn gæti verið sjálfseignarform en undir því dafnar viðskiptaháskólinn á Bifröst vel.

Það sem hins vegar vekur mesta athygli nú er að Sjálfstæðisflokkurinn er að snúast Evrópusambandinu á hönd. Það sem ekki var á dagskrá í gær heitir í dag opinská umræða um Evrópumál. Hvað nú með Davíð Oddsson og þann arm flokksins? Hvað hugsar hann við þessar aðstæður? Svona snerist Sjálfstæðisflokkurinn á einni nóttu frá harðri andstöðu gegn EES-samningnum og kokgleypti það mál með krötunum. Nú eru breytingar í nánd. Spurningin er hvort Evrópusýn Samfylkingarinnar verði hin nýja sólarsýn Sjálfstæðisflokksins. Ég á mér ekki þann draum. Ég tel að Ísland og Noregur eigi að standa fast saman um EES-samninginn og þróa hann sem sína viðskiptabrú við Evrópu. Frelsi Íslands utan Evrópusambandsins þýðir athafnafrelsi Íslendinga í framtíðinni.

Það er nú svo að það verður einstaklega skemmtilegt að gegna starfi samgönguráðherra næstu árin. Það stafar af því að fyrrverandi samgönguráðherra tókst með sínum flokki og í samstarfi við okkur framsóknarmenn að móta stefnu um stærstu og mikilvægustu framkvæmdir í vegamálum. Í raun blasir við bylting í samgöngumálum á Íslandi á næstu fimm árum. Það þarf engan að undra þótt hæstv. forseti bryðji mélin við hinn nýja stall og fýli grön yfir örlögum sínum. „Að skiljast við ævinnar æðsta verk í annars hönd, það er dauðasökin", sagði skáldið.

Sturla Böðvarsson, hæstv. forseti, var góður samgönguráðherra. Nú verður það hlutverk Kristjáns Möllers, hæstv. samgönguráðherra, að fara um landið sigurreifur. Það mun sindra á makkann á hæstv. ráðherra þegar stórverkin verða í höfn, jarðgöng, fjórbreiðir vegir, brýr og tengivegir sveitanna. Þá kemur hæstv. ráðherra á hvítum hesti með borðann, klippurnar og koníakið. Já, margt leggjum við upp í hendurnar á Samfylkingunni, verk og afrek sem þeir eiga enga hlutdeild í.

Góðir Íslendingar. Við framsóknarmenn munum veita ríkisstjórninni ábyrga og málefnalega stjórnarandstöðu. Við munum hafa hag landsins alls að leiðarljósi. Ég sé fyrir mér í framtíðinni að Framsóknarflokkurinn verður stjórnmálaaflið á miðjunni með hjartalag til vinstri. Honum til hvorrar handar verður annars vegar vinstri flokkur og hins vegar Sjálfstæðisflokkur. Undir slíku flokkakerfi vegnar alþýðu manna best. Þar eigum við framsóknarmenn ríkastar skyldur. — Góðar stundir.

[20:48]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Góðir landsmenn. Ég þakka stuðninginn við Frjálslynda flokkinn í alþingiskosningunum á þessu vori. Ég þakka þeim sem unnu að kosningaárangri okkar, unnu fyrir flokkinn og fólkinu sem lagði okkur lið.

Ég óska hæstv. forseta velfarnaðar við stjórn þingsins og nýjum þingmönnum óska ég velfarnaðar í störfum sínum. Að sjálfsögðu vonast ég til þess, og þingflokkur Frjálslynda flokksins allur, að ríkisstjórnin verði gæfusöm í verkum sínum. Á mörgum sviðum er þörf umbóta, t.d. í velferðarmálum, skattamálum einstaklinga, tryggingamálum og huga þarf að hag heimilanna og miklum skuldum þeirra.

Þar sem ríkisstjórnin leggur áherslu á að hafa raunverulegt jafnrétti að leiðarljósi í allri stefnumótun, sem skapi öllum landsmönnum jöfn tækifæri, eins og forsætisráðherra sagði í ræðu sinni, þá vænti ég þess að þar séu loforð á ferðinni sem eigi að standa við. Þau eru gefin í upphafi ræðunnar um verkin og stefnuna. Slíkt jafnrétti hlýtur því að vera leiðarljósið.

Orð skulu standa, var yfirskrift eins af baráttufundum Vestfirðinga fyrir rétti sínum til að fá áfram að byggja á sinni einu stóriðju sem ávallt er tiltæk sem undirstaða atvinnu og búsetu, þ.e. fiskinum í sjónum. Hún hefur verið mörg Bolungarvíkin og Flateyrin á undanförnum árum. Því miður verður svo áfram að þar verður fólkið réttlaust til vinnu og búsetu þrátt fyrir loforð um að skapa öllum landsmönnum jöfn tækifæri, eins og sagt er í stjórnarsáttmála þessarar ríkisstjórnar.

Fögur loforð hjá nýrri ríkisstjórn, en er eitthvert innihald í þeim orðaflaumi? Sums staðar má marka það af því sem stendur skrifað í sáttmála ríkisstjórnarinnar. Í velferðarmálum, skattamálum og tryggingamálum má víða finna orð og setningar sem lýsa breytingum sem gætu orðið til hagsbóta fyrir lágtekjufólk, aldraða og öryrkja, ef þær kæmu til fram-

kvæmda. Að sjálfsögðu munum við, þingmenn Frjálslynda flokksins, leggja góðum málum lið, eins og við höfum oft gert á Alþingi, hver svo sem ber málin fram. Það á jafnt við um þessa ríkisstjórn sem aðrar þótt við séum í stjórnarandstöðu. Við í Frjálslynda flokknum erum stefnuföst og samkvæm sjálfum okkur, hver sem í hlut á. Það skal ítrekað að góð verk geta haft stuðning okkar. Við munum vinna með öðrum að því að standa vörð um sjálfstæði og heiður Alþingis, eins og forsætisráðherra boðaði, þótt verkin á Alþingi í dag sýni annað. Við skulum vinna að sátt í samfélaginu, m.a. um náttúruvernd og auðlindanýtingu og jafnvel marka stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna ef eitthvert vit og bót er í slíkri sáttargerð.

En spyrja má: Ef nýju hornsteinarnir í íslenskri utanríkisstefnu eru áhersla á mannréttindi, aukna þróunarsamvinnu og friðsamlega úrlausn deilumála, hverjar voru þá áherslur Davíðs og Halldórs? Voru þær stuðningur við stríð? Ráðning vildarvina í utanríkisþjónustuna, eins hratt og við væri komið og lítil áhersla á friðsamlega lausn deilumála? Svo má ætla ef upptalningin markar í raun nýja hornsteina í utanríkisstefnunni.

Víkjum aftur að innanlandsmálum og stöðu landsbyggðar. Við tökum því illa ef byggja á sáttargjörð á því markmiði að tryggja stöðugleika í sjávarútvegi, eins og sagt er í sáttmálunum, sem byggir á ósætti um kvótabraskskerfi, kvótakerfi sem með réttu má hafa nafnið þjófamarkskerfi, eins og einn gamall vinur minn á Ströndum orðar það. Lögin marka þau örlög sem hver sjávarbyggðin eftir aðra hefur hlotið síðastliðinn hálfan annan áratug, að fólkið sem þar býr nýtur ekki raunverulegs jafnréttis sem skapar öllum jöfn tækifæri, sem ríkisstjórnin þó boðar sem grunngildi sinnar stefnu. Telja stjórnarliðar virkilega að sérstök athugun á reynslunni af aflamarkskerfinu, eins og forsætisráðherra sagði orðrétt í ræðu sinni, leiði eitthvað í ljós, sem fólkinu í sjávarbyggðunum er hulið? Heldur hann að fólk missi atvinnu sína og tapi eignum sínum vegna þess að ekki hafi farið fram sérstök rannsókn eða athugun hjá fólki á Djúpavogi, á Breiðdalsvík, á Stöðvarfirði, Seyðisfirði, Borgarfirði eystra, Vopnafirði, Bakkafirði, Þórshöfn, Raufarhöfn, Kópaskeri, Húsavík, Grímsey, Hrísey, Ólafsfirði, Siglufirði, Hofsósi, Skagaströnd, Blönduósi, Hvammstanga, Hólmavík, Drangsnesi, Norðurfirði, Súðavík, Ísafirði, Bolungarvík, Suðureyri, Flateyri, Þingeyri, Bíldudal, Tálknafirði, Patreksfirði, Barðaströnd, Flatey, Stykkishólmi og jafnvel á Akureyri og Akranesi.

Það er vísbending um að minni ráðherranna sé ekki í lagi þegar slíkt orðalag, um sérstaka athugun á reynslunni af kvótabraskskerfinu, sem ég leyfði mér að kalla lög um þjófamark. Kerfið byggir á stórgölluðum lögum frá Alþingi sem stolið hafa atvinnurétti frá fólkinu í öllum þeim sjávarbyggðum sem ég taldi upp. Þó var ekki fulltalið, eins og sumir íbúar Suðurkjördæmis vita.

Nú er bestu verstöð landsins, Vestmannaeyjum, einnig ógnað með kaupum á veiðiréttindum, þ.e. óveiddum fiski í sjó. Óvissan er þannig lögbundin og innmúruð í kvótabraskskerfið. Frjálslyndi flokkurinn krefst breytinga og atvinnuöryggis fyrir fólkið í sjávarbyggðunum. Þannig er reynslan af kvótabraskskerfinu og það vita sumir þingmenn Samfylkingarinnar, eins og ræður þeirra og skrif báru með sér fyrir kosningar. Eins og sumir hafa talað vita jafnvel ráðherrar Sjálfstæðisflokksins ekki neitt um vanda byggðanna. Jafnvel ekki sjávarútvegsráðherrann sjálfur sem hafði ekki hugmynd um þá Flateyringa sem nú eru í vanda. Trúi orðum hans hver sem vill. Væntanlega trúa samflokksmenn orðum hans. Væntanlega verður af öllum kórnum tekið undir orð hans, að þetta ástand á Flateyri og áður í mörgum öðrum sjávarbyggðum sé vitaskuld alls ekki kvótabraskskerfinu að kenna.

Tímaritið Vísbending þvær allt í bak og fyrir í skrifum sínum, öllu þjófamarkinu og óróa á Alþingi til afsökunar. Þetta var að sjálfsögðu hin fullkomna hagræðing. Fólk sem vill veiða fisk og vinna við þau störf á að sætta sig við það að missa bæði vinnu og eignir. Hagfræðingar segja: Já, byggðinni má breyta. Það verða alltaf breytingar. Þá verða einnig til ódýr sumarhús fyrir okkur og aðra. Blaðið Vísbending vísar veginn að gæfu fólksins í sjávarbyggðunum sem að lokum leggur blómsveig að minnismerki hagræðingarinnar, hagræðingar Sjálfstæðisflokksins, eyðibyggðinni.

Ég spyr ykkur samfylkingarfólk, sem nú er komið í ríkisstjórn og til valda: Ætlið þið einhverju að breyta til betri vegar í stöðu sjávarbyggðanna? Ég vona að svo verði. Ég spyr ykkur, nýja þingmenn Sjálfstæðisflokksins: Ætlið þið að viðhalda þjófamarkskerfi um atvinnurétt, eignir og líf fólksins í sjávarbyggðunum? Ég vona að svo verði ekki. Ég vona að þið getið gengið á vegum réttlætisins inn í framtíðina.

[20:58]

Ólöf Nordal (S):

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Íslenskt þjóðfélag hefur gjörbreyst á síðasta áratug. Hagvöxtur hefur verið mikill í landinu. Íslensk fyrirtæki hafa haslað sér völl um víðan heim. Fjölbreytni í atvinnulífi hefur stóraukist og umbylting hefur orðið í menntamálum þjóðarinnar. Fráfarandi ríkisstjórn undir forustu Geirs H. Haardes og forvera hans hefur skilað góðu verki.

Nú er komið að nýjum áfanga sem vonandi færir þjóðinni áframhaldandi framfarir. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar hefur á bak við sig mikinn meiri hluta kjósenda, góðan þingstyrk og fyrirheit um áframhaldandi uppbyggingu íslensks samfélags. Með þennan styrk að bakhjarli hafa flokkarnir komið sér saman um stefnumörkun til næstu ára þar sem höfuðáherslan er lögð á kröftugt efnahagslíf en enn fremur stóraukna áherslu á heilbrigðismál, mennta- og menningarmál og umhverfismál.

Það er gömul saga og ný að vandasamt er að taka við góðu búi. En lengi má gera gott betra og um leið og við treystum þann árangur sem náðst hefur verðum við að vera sívakandi fyrir því að grípa ný tækifæri. Því er sérstaklega ánægjulegt hve metnaðarfullur og framsækinn stjórnarsáttmáli nýrrar ríkisstjórnar er. Það er lykilatriði að tryggja að Ísland verði áfram í fremstu röð þjóða en það gerist ekki af sjálfu sér. Við verðum við stöðugt að bæta samkeppnishæfni landsins á öllum sviðum. Grundvallarstefið í þeirri vinnu er að skapa jöfn tækifæri landsmanna.

Ástæða er til að fagna þeirri ákvörðun að hafin verði vinna við gerð rammafjárlaga til næstu fjögurra ára. Í rammafjárlögunum á sérstaklega að huga að hagsmunum

þeirra sem búa úti um land með því að leggja mikla áherslu á eflingu innviða samfélagsins á sviði samgangna og fjarskipta.

Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar vill leggja áherslu á að allir landsmenn hafi greiðan aðgang að menntun, þjónustu og atvinnu, óháð búsetu. Í því sambandi er sérstaklega mikilvægt að huga að mikilvægi menntunar. Stefnt er að því að efla list- og verkmenntun á öllum skólastigum. Það er æskilegt fyrir börnin okkar að þau séu strax á fyrstu árum skólagöngu sinnar kynnt fyrir íslenskri menningu þannig að sú menntun verði samofin skólagöngu þeirra og lífsviðhorfi allt frá upphafi. Við sem búum úti á landi gerum það ekki síst lífsgæðanna vegna. En við vitum líka að traustir innviðir eru forsenda þess að samfélagið vaxi og dafni.

Í Norðausturkjördæmi eru starfandi afar sterk fyrirtæki á sviði sjávarútvegs, matvælaframleiðslu og iðnaðar, að ógleymdum Háskólanum á Akureyri, sem eiga allt sitt undir blómlegu mannlífi og kröftugum innviðum. Ný fyrirtæki eru að hasla sér völl í kjördæminu, m.a. á fjármálamarkaði, vegna þess að menn sjá þau miklu lífsgæði sem fólgin eru í kyrrlátara samfélagi og nálægð við náttúruna, fyrir fjölskyldur og einstaklinga. Það skiptir ekki höfuðmáli hvar við búum, heldur að við sköpum samfélag þar sem frumkvæði og kraftur fólks fær að njóta sín.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar eru umhverfismálin sett í samhengi við stefnumörkun til framtíðar. Vinnu við rammaáætlun verði flýtt til ársloka 2009 sem er afar mikilvæg ákvörðun. Í því felst eindreginn vilji að leiða helstu ágreiningsmál til lykta og byggja um leið heilsteypta umhverfisstefnu og náttúruverndaráætlun. Með þessu móti getum við tekið afstöðu til þeirra svæða sem við viljum vernda til framtíðar. Þegar er kominn fram skýr ásetningur um að stækka Vatnajökulsþjóðgarð með því að vatnasviði Jökulsár á Fjöllum verði bætt við þjóðgarðinn.

Engum blandast hugur um að í heiminum er aukin áhersla lögð á umhverfismál. Við Íslendingar erum svo lánsamir að glíma ekki við mörg þau erfiðu verkefni í umhverfismálum sem aðrir þurfa að takast á við, t.d. að brenna olíu og öðrum mengandi orkugjöfum til rafmagnsframleiðslu og fleiri þarfa. Þvert á móti erum við í fararbroddi í nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa. Á þeim grunni erum við farin að flytja út þekkingu okkar. Hámenntun á sviði tækni- og orkumála er grundvöllur áframhaldandi atvinnusköpunar og útrásar á erlendri grundu.

Til þess að tryggja hvort tveggja í senn, farsæla verndun umhverfisins og sjálfbæra nýtingu auðlinda lands og sjávar, þurfum við að vera sífellt leitandi að nýrri þekkingu og nýjum hugmyndum. Ein þeirra er að beita skattkerfinu og efnahagslegum hvötum til að hafa áhrif á viðhorf fólks til umhverfisins þannig að fólk og fyrirtæki sjái sér beinan hag í því að vernda náttúruna og breyta lífsháttum sínum til betra samræmis við hagsmuni náttúrunnar. Það er því farsælast á öllum sviðum að fólk finni að saman geti farið hagsmunir einstaklingsins og heildarinnar.

Góðir Íslendingar. Ég þakka kjósendum það mikla traust sem ég hef fundið í Sjálfstæðisflokknum í nýafstöðnum alþingiskosningum. Því trausti munum við ekki bregðast. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[21:04]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Það er við hæfi að óska nýrri ríkisstjórn til hamingju í upphafi sumarþings og óska henni og öllum þingmönnum velgengni í störfum sínum á þessu þingi og kjörtímabili.

Við vinstri græn getum vel unað við okkar hlut í nýafstöðnum kosningum, enda unnum við þar mestan sigur allra. Þetta þarf ekki að koma á óvart. Við höfum haslað okkur völl sem framsýnn vinstri flokkur, flokkur sem berst gegn kúgun í hvaða formi sem hún birtist. Við byggjum stefnu okkar á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og höfum skýra framtíðarsýn í þeim anda. Sú framtíðarsýn er hvorki meira né minna en kjarni flokksins og með hana höfum við ekki hörfað undan veðri og vindum hvernig sem blásið hefur. Nú er það metnaður okkar að veita núverandi ríkisstjórn öflugt og málefnalegt aðhald út frá þessari hugmyndafræði. En um hvað mun það aðhald snúast?

Hæstv. forsætisráðherra kynnti hér stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Sumu ber þar að fagna, t.d. þeirri áherslu sem þar er lögð á málefni aldraða og barna. Í stjórnarsáttmálanum er kveðið á um að móta skuli heildstæða stefnu í málefnum barna sem er auðvitað löngu tímabært. Þar skiptir máli að vera framsýnn. Markmiðið á að vera það að hvert barn sem fæðist á að eiga rétt á sömu heilsugæslu og önnur börn. Skólakerfið á ekki að auka eða viðhalda mismunun sem börn búa við frá fæðingu vegna þess að sum fæðast rík og önnur fátæk. Við eigum að tryggja öllum börnum það frelsi að fá að mennta sig og þroska hæfileika sína, það frelsi að njóta sömu heilbrigðisþjónustu og aðrir.

Þá er auðvitað fagnaðarefni að hér eigi að hraða uppbyggingu nýrra hjúkrunarrýma og auðvitað viljum við biðlistana burt eins og Samfylkingin lofaði fyrir kosningar þó að eitthvað sé kannski farið að draga úr þeim loforðum, farið að heyrast að biðlistar verði alltaf til, og er þó stjórnin ekki nema nokkurra daga gömul. Raunsæi er ágætt en vonandi gufa þó góðar fyrirætlanir ekki svo hratt upp að þær verði gleymdar í næsta mánuði.

Hugmyndir ríkisstjórnarinnar um heilbrigðiskerfið valda mér og fleirum áhyggjum. Þar er rætt um svokallaða blandaða fjármögnun sem þýðir auðvitað einungis meiri einkarekstur. Auðvitað skiptir máli að fé sé skynsamlega varið í heilbrigðiskerfinu og það á að vera hlutverk hins opinbera að gera einmitt það. Hins vegar mega sjónarmið gróðans ekki ráða för þegar kemur að lífi og heilsu landsmanna. Undanfarna tvo áratugi hafa komugjöld í heilbrigðiskerfinu vaxið hratt og þannig hefur skattheimta á sjúklinga aukist á sama tíma og skattalækkanir hafa verið básúnaðar. Þess vegna vörum við vinstri græn við gróðasjónarmiðum í heilbrigðiskerfinu. Við Íslendingar viljum ekki leiðast út á þá glapstigu að þeir sem hafa fé milli handanna geti borgað meira fyrir betri þjónustu og hinir sitji eftir, verði undirmáls í samfélaginu.

Margt fleira mætti tína til úr stjórnarsáttmálanum sem bendir til þess að þegar kemur að stefnumálum Samfylkingarinnar hafi fjallið tekið jóðsótt og fæðst lítil mús. Hvað varð um stóru orðin um að taka ætti Ísland af lista hinna viljugu þjóða? Það er full ástæða til að harma þá sorglegu

ákvörðun að gera okkur Íslendinga að opinberum stuðningsmönnum innrásarinnar í Írak, ekki aðeins stríðsrekstrinn. Skýr og skorinorð yfirlýsing um að stuðningsyfirlýsingin hafi verið mistök væri nýrri ríkisstjórn sæmandi og við skulum átta okkur á því að þetta er ekki fortíðarmál, heldur snýst um það hvernig við tökum ákvarðanir í ríkisstjórn og hér á Alþingi.

Að lokum vakti það athygli mína að lítið sem ekkert er minnst á lýðræði í stjórnarsáttmálanum. Hin nýja ríkisstjórn hefur einstaklega sterkan þingmeirihluta eins og kom fram í dag á fyrsta degi þingsins þegar afbrigðum var beitt. Því skiptir meira máli en nokkru sinni fyrr að staða Alþingis sé tryggð sem löggjafarsamkundu þjóðarinnar. Nú skiptir máli að breyta vinnubrögðum hér á þingi, og reynir auðvitað á þann flokk sem hvað mest hefur talað um samræðustjórnmál að tryggja samráð og samtal við stjórnarandstöðuna enda hreint ekki sjálfgefið að ríkisstjórn fari með öll völd á þingi. Það er lífsnauðsynlegt að hér fái allar skoðanir að njóta sín.

Með leyfi forseta vitna ég til Johns Stuarts Mills sem sagði:

„En skoðanir eru ekki einkaeign. Ef skoðun er meinað að njóta sín, þá er gervallt mannkyn rænt eign sinni. Komandi kynslóðir bíða tjón ekki síður en þær, sem nú lifa, og þeir, sem öndverðir eru skoðuninni, bíða meira tjón en hinir sem aðhyllast hana. Sé skoðunin rétt, glata menn færi á að hverfa frá villu síns vegar. Sé hún röng, missa menn næstum jafnmikils, þeirrar skýrari skynjunar og fjörmeiri myndar af sannleikanum, sem birtist, þegar sönnu og lognu lýstur saman."

Þannig er lýðræðið. Það þarf að halda öllum skoðunum til haga og það er undir okkur komið að Alþingi verði sá pólitíski umræðuvettvangur þar sem öll sjónarmið fá að njóta sín. Með þá von í brjósti að þingmenn deili þessari skoðun óska ég okkur öllum farsældar í störfum okkar á þessu þingi og þeim sem síðan koma. — Góðar stundir.

[21:10]

Umhverfisráðherra (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Góðir landsmenn. Í nýrri ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks hefur mér verið falið að fara með ráðuneyti umhverfismála. Ég fagna því að fá að takast á við þann málaflokk, það er brýnt að ná víðtækri sátt um náttúru- og umhverfisvernd hér á landi. Þess vegna má segja að umhverfismálin séu miðlæg í stjórnarsáttmála Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks.

Ég lít svo á að það sé verkefni mitt og stjórnarmeirihlutans að skapa slíka sátt í samvinnu við stjórnarandstöðu og almenning, sátt sem byggir á upplýstum ákvörðunum, sátt sem tryggir verndun og varðveislu mikilvægra náttúruverðmæta og tækifæri fólksins í landinu til að búa í haginn fyrir framtíðina. Takist okkur sem hér sitjum að skapa slíka sátt verður það stærsti sigur náttúru- og umhverfisverndar á Íslandi.

Hlutverk stjórnvalda er ekki að efna til ófriðar um þessi mál, sem varða hag og framtíð landsmanna mestu, heldur er það hlutverk okkar að finna lausnir sem henta þeim tímum sem við lifum á. Mona Sahlin, formaður sænska jafnaðarmannaflokksins, sagði á landsfundi Samfylkingarinnar í vor að spurningarnar sem jafnaðarstefnan þyrfti að svara væru ávallt hinar sömu en svörin væru hins vegar alltaf ný og í takt við þá tíma sem við lifum á. Vægi umhverfis- og náttúruverndar eykst og viðfangsefni sem fyrir nokkrum árum þóttu fjarlæg og flókin eru nú dagleg úrlausnarefni fólks um allan heim. Afleiðingar loftslagsbreytinga eru gleggsta dæmið um þetta.

Af þessum sökum er það m.a. verkefni stjórnvalda að færa umhverfismálin nær hinum almenna borgara með því markmiði að umhverfisverndin fléttist inn í daglegt líf okkar allra. Í þeim efnum hef ég reyndar litlar áhyggjur af yngstu kynslóðum landsmanna. Það kann hins vegar að vera flóknara að eiga við þá sem eldri eru. Öflug fræðsla, hagrænir hvatar í efnahagslífinu og skýr stefnumótun í anda sjálfbærrar þróunar á sviði umhverfismála er sá grunnur sem byggja þarf á. Það eru fjöldamörg verkefni fram undan.

Til að hægt verði að hefjast sem fyrst handa um metnaðarfull áform um verndun verðmætra náttúrusvæða hefur ríkisstjórnin einsett sér að ljúka vinnu við rammaáætlun fyrir lok árs 2009. Strax og vinnunni verður lokið verður áætlunin lögð fyrir Alþingi til afgreiðslu og henni gefið lögformlegt gildi. Í forgang verður sett, eins og fram hefur komið, að vernda háhitasvæði landsins og meta verndargildi þeirra. Það er nauðsynleg grunnvinna sem lengi hefur verið beðið eftir. Í þessum efnum munu ráðuneyti umhverfis og iðnaðar eiga náið samstarf.

Á sviði loftslagsmála verður ráðist í að gera framkvæmdaáætlun um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda hér á landi. Aðgerðir sem miða að því að stemma stigu við loftslagsbreytingum og hlýnun lofthjúpsins eru meðal brýnustu verkefna samtímans. Það er skylda okkar að skapa almennan ramma sem hvetur fólk og fyrirtæki til þess að draga úr mengun, t.d. með því að hygla umhverfisvænum bílum á kostnað þeirra sem menga meira svo eitt lítið dæmi sé nefnt.

Íslendingar eiga einnig að vera í fararbroddi þeirra sem vilja ná viðunandi samningum um annað skuldbindingatímabil Kyoto-bókunarinnar við loftslagssamning Sameinuðu þjóðanna og í þeim efnum ber okkur að axla siðferðilega ábyrgð á því að stemma stigu við loftslagsbreytingum í heiminum.

Hæstv. forseti. Í fjóra áratugi hafa deilur staðið um mörk Þjórsárvera. Allir vita að friðlýsingin frá 1981 var ekki öllum að skapi, sumir tala um málamiðlun. Það er því mikið fagnaðarefni að í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar er skýrt kveðið á um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum þannig að það nái yfir hið sérstaka votlendi veranna. Ég hef sem nýr umhverfisráðherra einsett mér að gera það sem í mínu valdi stendur til að leiða þetta mál til lykta á yfirstandandi kjörtímabili. Til að svo megi verða áskil ég mér rétt til þess að fara vandlega yfir þau gögn sem til eru í ráðuneyti og hjá fagstofnunum þess og kalla til ráðslags þá sem besta yfirsýn hafa og þekkingu á gildi Þjórsárvera. Aðeins þannig verður hægt að tryggja stækkun friðlandsins og verndun Þjórsárvera allra.

Góðir landsmenn. Ég vænti þess að samstarf stjórnar og stjórnarandstöðu verði gott og farsælt á öllum sviðum og

ekki síst á sviði umhverfismála. Allt bendir til þess að svo geti orðið og ég mun leggja mig fram um það. — Góðar stundir.

[21:16]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Góðir landsmenn. Ný ríkisstjórn hefur tekið við, ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, ríkisstjórn sem hefur svo mikinn meiri hluta að Samfylkingin getur hæglega öll setið hjá í málum og Sjálfstæðisflokkurinn samt náð málum í gegnum þingið. Slík staða útheimtir að við í stjórnarandstöðunni veitum meiri hlutanum sterkt aðhald og þegar okkur finnst hann bera af leið er okkur skylt að veita eins öfluga mótspyrnu og okkur er unnt. Góð mál munum við hins vegar styðja af alhug. Framsóknarflokkurinn mun því veita aðhald á sama tíma og hann mun tala fyrir sinni framfarastefnu þar sem manngildið er ofar auðgildi.

Meðal stærstu verkefna í íslenskum stjórnmálum í dag er að tryggja efnahagslegan stöðugleika og samkeppni á markaði. Við verðum að ná niður vöxtum og verðbólgu með markvissum aðgerðum. Uppi eru miklar efasemdir um að þessi ríkisstjórn geti ráðið við efnahagsmálin því að sagan segir okkur að sömu stjórnmálaöfl hrökkluðust úr Stjórnarráðinu árið 1995 þar sem upp var komið sundurlyndi á milli þeirra og algjört getuleysi í efnahagsmálum. Þá var tuttugasti hver maður atvinnulaus og velferðarkerfið komið að fótum fram.

Ísland er fámennt land og hér ríkir fákeppni á mörgum sviðum. Við höfum orðið vitni að verðsamráði á markaði. Samkeppniseftirlitið hefur verið eflt, m.a. undir forustu Framsóknarflokksins. Að mati okkar þarf að stórefla Samkeppniseftirlitið þannig að það hafi svigrúm til að rannsaka og taka á einokun og verðsamráði. Neytendur eiga kröfu á því að þeir séu ekki hlunnfarnir í skjóli fámennis landsins.

Ráðherraval stjórnarflokkanna er eftirtektarvert. Hreinn Loftsson, stjórnarformaður Baugs, gaf nýju ríkisstjórninni einkunnina 9,5 á opinberum vettvangi. Hann dró hálfan frá vegna kynjasjónarmiða við ráðherraval Sjálfstæðisflokksins. Hvað gerði Samfylkingin? Jú, Samfylkingin fetaði í fótspor Framsóknarflokksins með því að hafa kynjahlutfall í ráðherrahópi sínum jafnt eins og Framsókn hefur gert um nokkurt skeið með ágætum árangri. Fínt hjá Samfylkingunni að elta okkur.

Sjálfstæðisflokkurinn stóð hins vegar ekki undir væntingum. Hann heldur sig við gamla tímann. Í Sjálfstæðisflokknum stendur allt fast að þessu leyti, ein kona og fimm karlar. Ég fagna því hins vegar að konur í þingflokki Sjálfstæðisflokksins hafa viðurkennt opinberlega að þær séu ósáttar vegna þessa. Konur munu aldrei ná framgangi ef þær snúa sér þegjandi frá þegar þeim svíður óréttlætið.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Endurmeta ber sérstaklega kjör kvenna hjá hinu opinbera, einkum þeirra stétta þar sem konur eru í miklum meiri hluta."

Þetta er að mínu mati athyglisvert séð í því ljósi að snemma á næsta ári eru kjarasamningar við fjölmennar kvennastéttir lausir hjá hinu opinbera, svo sem á heilbrigðisstofnunum. Ef taka á mark á ríkisstjórninni hlýtur hún að ætla sér að bæta verulega kjör þessara stétta og minnka þannig hinn ólgandi vanda sem er á Landspítalanum – háskólasjúkrahúsi og öðrum heilbrigðisstofnunum.

Virðulegur forseti. Ekki byrjar ríkisstjórnin gæfulega. (**Gripið fram í:** Hver var heilbrigðisráðherra?) Stefnuyfirlýsingin er útþynnt moðsuða þar sem tæplega er hönd á nokkru festandi. Þar sést líka hvernig Samfylkingin spilaði af sér í samningsstöðunni. Hvað varð um allt tal Samfylkingarinnar um Írak? Sjaldan hefur maður séð flokk éta jafnmikið ofan í sig á jafnskömmum tíma og Samfylkingin gagnvart öllum gífuryrðum sínum um Írak.

Fyrstu málin sem koma upp benda til þess að það sé sundurlyndi í ríkisstjórninni. Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í hvalveiðum? Utanríkisráðherra Ingibjörg Sólrún Gísladóttir virðist ekki styðja þær en sjávarútvegsráðherrann Einar K. Guðfinnsson gerir það. Hver er stefnan í Þjórsárverum? Forsætisráðherra Geir Haarde telur Norðlingaölduveitu mögulega, iðnaðarráðherrann Össur Skarphéðinsson telur hana ekki vera það. Og ekki kvað nýr umhverfisráðherra Þórunn Sveinbjarnardóttir nokkuð upp úr um það hér áðan, það heyrði ekki nokkur maður. Strax á fyrstu dögunum er hægt að telja upp mörg mál þar sem greinilegt er að hin nýja ríkisstjórn á eftir að ræða sig niður á haldbæra stefnu til að fylgja. Við framsóknarmenn teljum mikilvægt að ríkisstjórnin nýti tímann sem best á næstu vikum í þau samræðustjórnmál.

Um leið og ég óska þjóðinni allra heilla vil ég einnig óska okkur öllum til hamingju með reykleysið sem tekur gildi á veitinga- og skemmtistöðum núna frá og með miðnætti. — Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

[21:21]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Nýrri ríkisstjórn fylgja úr hlaði góðar óskir frá Frjálslynda flokknum um giftu í starfi og gæfu til að sýna réttsýni og sanngirni í samskiptum sínum við þing og þjóð. Við munum taka málefnalega afstöðu til mála ríkisstjórnarinnar hverju sinni og styðja þau sem til framfara horfa.

Frjálslyndi flokkurinn leggur áherslu á gott samstarf við félaga okkar í stjórnarandstöðunni en mun starfa á eigin sjálfstæðu forsendum sem frjálslyndur og framfarasinnaður flokkur með almannahagsmuni í öndvegi. Við leggjum áherslu á að byggja upp áfram stéttlaust velferðarþjóðfélag jafnréttis á grunni markaðshagkerfis. Í því er atvinnufrelsi grundvallaratriðið enda er það engin tilviljun að kveðið er á um það í stjórnarskrá lýðveldisins. Þegar út af er brugðið, eins og í sjávarútvegi, hljótast af því stórkostleg vandamál sem hafa bitnað á þúsundum fjölskyldna. Atvinnugrein án atvinnufrelsis fær ekki staðist til lengdar. Fjötrarnir verða að lokum brotnir, spurningin er aðeins hve skaðinn verður mikill áður en yfir lýkur, skaði sem þúsundir landsmanna bera bótalaust.

Við tökum undir áherslu stjórnarflokkanna um heilbrigða samkeppni og eðlilega verðmyndun á öllum sviðum atvinnulífsins. Mikill misbrestur er á að svo sé. Þar má nefna sem dæmi vöruflutninga, fjarskiptaþjónustu og fjármálamarkaðinn. Fákeppni og óeðlilegir tilburðir gagnvart neytendum eru algengir og lýsa sér bæði í háu verði og

slakri þjónustu. Raunvextir hér á landi eru 2–5 prósentustigum hærri en gerist í allmörgum löndum í Evrópu sem tekin hafa verið til samanburðar. Bankarnir bjóða viðskiptavinum sínum hérlendis lakari kjör en þeir bjóða erlendis vegna þess að samkeppnina skortir.

Það er kannski það allra mikilvægasta almenningi til hagsbóta að samkeppnisvæða atvinnulífið og gera það m.a. með nauðsynlegri lagasetningu. Það mun skila sér í betri þjónustu og lægri útgjöldum heimilanna sem nemur hundruðum þúsunda króna á hverju ári.

Ég vil minna á tillögur Frjálslynda flokksins í skattamálum og málefnum aldraða og öryrkja og fagna því að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er sumar þeirra þar að finna, svo sem áherslu á hækkun persónuafsláttar, boðað er að hætt verði að skerða tryggingabætur vegna tekna maka og að hraða skuli uppbyggingu 400 nýrra hjúkrunarrýma. Hins vegar verða þau áform ríkisstjórnarinnar að tryggja ellilífeyrisþegum að lágmarki 25 þús. kr. greiðslu á mánuði frá lífeyrissjóði ekki til hagsbóta í þeim mæli sem ætla má. Eftir að almannatryggingabætur hafa verið skertar vegna þessara nýju tekna standa aðeins eftir liðlega 12 þús. kr. hjá ellilífeyrisþega sem er með tekjutryggingu og heimilisuppbót og ef viðkomandi á ekki ónotaðan persónuafslátt greiðist til viðbótar skattur af sumargjöf ríkisstjórnarinnar. Eftir standa þá að lokum aðeins rúmar 3 þús. kr. af þessum 25 þús. kr.. Ríkið sjálft tekur um 22 þús. kr. til sín eða um 90% fjárhæðarinnar. Miðað við staðtölur almannatrygginga fyrir árið 2005 voru um 84% ellilífeyrisþega með tekjutryggingu og 12 þúsund bótaþegar fengu heimilisuppbót svo það fer ekki á milli mála að stærstur hluti ellilífeyrisþega mun ekki fá að fullu boðaðar kjarabætur.

Nauðsynlegt er að vinna að breytingum í heilbrigðismálum. Ríkisstjórnin er að vísu fáorð í þeim málum og stefnan nokkuð óljós. Þó er það skynsamlegt sem segir í stjórnarsáttmálanum að taka upp blandaða fjármögnun á heilbrigðisstofnunum þar sem fjármagn verði að hluta tengt sjúklingi, en stíga þarf stærri skref í umbótum. Óhjákvæmilegt er, m.a. vegna athugasemda Ríkisendurskoðunar, að gera þjónustusamninga við allar stofnanir sem hafa tekið að sér að veita öldruðum þjónustu þar sem þjónustan er nákvæmlega skilgreind og ríkið sem greiðandi tryggi að sú þjónusta sé veitt sem það er að greiða fyrir. Skoða á hvort ekki sé rétt að útvista einstökum þjónustuþáttum í stað þess að safna þeim saman undir forræði Landspítalans í eina ofurstóra ríkisstofnun. Þannig má vel hugsa sér að endurhæfing, geðdeildarþjónusta, starfsemi Blóðbankans og öldrunarþjónusta verði klofin frá Landspítalanum og hver um sig rekin sem séreining eða útvistað með samningum. Í samræmi við þessar hugmyndir á að endurskoða áform um nýbyggingu Landspítalans. Ríkið verður að greina í sundur hlutverk sitt sem greiðandi, veitandi og eftirlitsaðili þjónustunnar og skilja í sundur þessa hagsmuni. Þar er brýnasta þörfin á skipulagsumbótum í kerfinu. Horfa á sérstaklega til þess að landlæknisembættið er hvort tveggja í senn ráðgjafi heilbrigðisráðherra og eftirlitsaðili með þeim stofnunum sem heyra undir þennan sama ráðherra. Eðlilegt er að styrkja eftirlitshlutverkið með því að færa landlæknisembættið undan yfirstjórn ráðherra og undir beina stjórn Alþingis eins og gildir varðandi Ríkisendurskoðun. Allar þessar skipulagsbreytingar eiga að miða að því að veita betri og markvissari heilbrigðisþjónustu án þess að nokkur breyting verði á kostnaði fyrir notendur þjónustunnar.

Virðulegi forseti. Að lokum staldra ég aðeins við þá yfirlýsingu að ríkisstjórnin hafi ákveðið að setja ráðherrum og alþingismönnum siðareglur. Ég velti því mér hvað þetta eigi að þýða. Í umboði hvers ætlar ríkisstjórnin að setja alþingismönnum siðareglur? Alþingismenn sækja umboð sitt beint til kjósenda og setja sig undir dóm þeirra. Ég sé ekki að ríkisstjórn sé þess umkomin að hafa vit fyrir kjósendum og hún ætti að láta það vera.

Ég spyr líka: Eru þeir ráðherrar sem studdu þá sem gáfu út stuðningsyfirlýsinguna við Íraksstríðið þess umkomnir að setja einhverjum öðrum siðareglur í ljósi þess að lög um samráð við utanríkismálanefnd Alþingis voru sniðgengin og þingflokkar þáverandi stjórnarflokka voru ekki virtir viðlits? Eða þeir ráðherrar sem stóðu að aðför að tilteknum einstaklingum í þjóðfélaginu með fjölmiðlalögunum fyrir þremur árum og tróðu þeim með handafli og þvingunum í gegnum þingið? Eru það kannski þær siðareglur sem setja á að þingmenn eigi skilyrðislaust að beygja sig fyrir valdi ráðherranna og hafi þeir verra af sem gera það ekki? Eða eru það ráðherrarnir sem gengu nú fram í kosningabaráttunni af fullkominni ósvífni með loforðum og samningum um útgjöld úr ríkissjóði til þess að auka fylgi við sig í komandi alþingiskosningum sem eiga að setja okkur alþingismönnum siðareglur?

Ég held að ríkisstjórnin ætti að fara sér hægt í þessum efnum. Hins vegar er full ástæða til þess fyrir Alþingi að setja lög sem setji ráðherrunum skýrar reglur og afmarkaðan lagaramma til að vinna eftir. — Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

[21:30]

Heilbrigðisráðherra (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að á Íslandi sé veitt heilbrigðisþjónusta á heimsmælikvarða. Á undanförnum áratugum hefur verið byggð upp heilbrigðisþjónusta sem við getum verið stolt af og stenst samanburð við það besta í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við.

Umræðan um heilbrigðismál einkennist stundum af neikvæðni og gagnrýni en þeir sem hafa þurft að reiða sig á þjónustu íslensku heilbrigðisþjónustunnar vita að hún er traust. Þar starfar einstaklega hæft fólk sem leggur líf sitt og sál í að veita umönnun og bót meina. Við vitum að þegar við stöndum frammi fyrir heilsubresti eða slysförum er líf og heilsa það sem skiptir einstaklinginn mestu máli.

Mikilvægi heilbrigðisþjónustunnar endurspeglast ekki síst í forgangsröðun stjórnvalda. Þetta má sjá af því að til einskis annars málaflokks er varið meiri fjármunum. Miklu máli skiptir að það fé sé notað þannig að það nýtist sem best til að ná þeim markmiðum sem við setjum okkur.

Við eigum það til að skilgreina heilbrigðismál út frá forsendum heilsubrests. Umræða um heilbrigðisþjónustu snýst gjarnan um hvernig best sé að bregðast við því sem afvega fer. Ég tel mikilvægt að við nálgumst heilbrigðisþjónustu ekki síður út frá forsendum heilbrigðis. Markmið okkar hlýtur að vera að auka heilbrigði þjóðarinnar og draga úr

líkum á vanheilsu.

Við lifum í breyttum heimi og stöndum frammi fyrir vandamálum og verkefnum sem ekki voru til staðar fyrir örfáum árum. Það er ekki svo ýkja langt síðan við vorum meðal fátækustu þjóða. Í dag telst Ísland til þeirra landa þar sem þegnarnir búa við hvað best lífskjör. Næstum 70% vinnuafls starfar við þjónustuiðnað í samanburði við tæplega 40% fyrir 30 árum. Námstækifæri hafa stóraukist. Fjölskyldugerðin hefur að sama skapi tekið stórfelldum breytingum.

Þessum þjóðfélagsbreytingum fylgja ný viðfangsefni en á sama tíma ný vandamál, m.a. aukin kyrrseta, aukið áreiti, aukinn kvíði og aukin streita. Þá hefur samverustundum barna og foreldra fækkað á undafönum áratugum. Á sama tíma og breyttu þjóðfélagi fylgja aukin lífsgæði, fleiri tækifæri og betri lífskjör verðum við jafnframt að horfast í augu við og taka á þeim fylgikvillum sem fylgja breytingunum.

Hreyfingarleysi og offita ungmenna getur skapað stórkostlegt heilbrigðisvandamál fyrir einstaklinga síðar á lífsleiðinni. Ég nefni einnig andlega vanlíðan en samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni er þunglyndi í öðru sæti yfir algengustu ástæður vinnutaps í aldurshópnum 15–44 ára á Vesturlöndum. Stofnunin áætlar að árið 2020 muni það sama gilda fyrir alla aldurshópa af báðum kynjum. Ekki þarf að fara í grafgötur með hversu alvarlegur kvilli þunglyndi er. Nauðsynlegt er að efla forvarnir á þessu sviði.

Einn af ömurlegustu vágestum nútímans eru fíkniefnin. Í mörgum nágrannaríkjum okkar hefur neysla fíkniefna farið úr öllum böndum á undanförnum árum. Fíkniefnavandinn er þar orðið eitt stærsta heilbrigðisvandamál í ákveðnum aldursflokkum. Hér á landi hefur verulega dregið úr neyslu fíkniefna meðal ungs fólks. Það er þróun sem er afar jákvæð. Það er ekki þróun sem hefur orðið af sjálfu sér, hún er árangur þrotlauss starfs sem hér hefur verið unnið með víðtæku samstarfi þeirra sem vinna með börnum og ungmennum. Íslendingar hafa verið leiðandi og sýnt að hægt er að ná árangri í forvarnastarfi með markvissri stefnu og þrautseigju. Ég lít svo á að þar hafi náðst stórkostlegur árangur sem hægt verði að draga lærdóm af og yfirfæra á önnur svið.

Ég mun sem ráðherra heilbrigðismála gera það eitt af meginverkefnum mínum að setja forvarnastarf á öllum sviðum í forgrunn. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er lögð aukin áhersla á forvarnir. Við höfum sett okkur það markmið að stuðla að heilbrigðari lífsháttum. Við stefnum að því að bæta hag og heilsu allra Íslendinga.

Við höfum jafnframt ákveðið að setja tvo hópa í forgang, annars vegar börn og ungmenni og hins vegar eldri borgara. Á þessu sumarþingi verður sá tónn sleginn. Mér er mikil ánægja að leggja fram frumvarp sem gerir þeim sem eldri eru kleift að auka atvinnutekjur sínar án þess að bætur skerðist. Það er sannfæring mín að eldri borgarar þessa lands, reynsla þeirra og þekking, séu einhver mikilvægasta auðlind samfélagsins. Þá auðlind verður að virkja og frumvarpið er liður í þeirri viðleitni.

Einnig verður það eitt af verkefnum okkar á haustþingi að ríkissjóður tryggi lífeyrisþegum 25 þús. kr. á mánuði að lágmarki frá lífeyrissjóði. Undirbúningur að þeirri breytingu er hafinn en ekki tókst að ljúka honum fyrir þetta þing.

Á þessu sumarþingi munum við einnig ræða aðgerðaáætlun vegna málefna barna og ungmenna. Ein af meginstoðum þeirrar áætlunar er að bæta svo um munar stöðu þeirra barna sem eiga við geðraskanir, frávikshegðun og vímuefnavanda að stríða.

Góðir Íslendingar. Breyttir tímar kalla á nýjar lausnir. Við verðum á hverjum tíma að nálgast viðfangsefnin með opnum hug. Við þurfum að hafa að leiðarljósi að finna lausnir sem nýtast best fólkinu í landinu. Ég mun sem ráðherra heilbrigðismála leitast við að ná sem víðtækastri sátt um þennan mikilvæga málaflokk. Við erum í grundvallaratriðum sammála um meginmarkmiðin. Við viljum framsækna heilbrigðisþjónustu (Forseti hringir.) sem við getum áfram verið stolt af og getum óhikað treyst fyrir heilsu okkar og velferð þegar mikið liggur við.

[21:36]

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Góðir landsmenn. Í upphafi máls míns langar mig að vitna til orða Jóhönnu Jóhannsdóttur, fyrrum bónda í Haga í Gnúpverjahreppi. Jóhanna segir, með leyfi forseta:

„Mér varð hugsað til Landsvirkjunar sem e.t.v. sekkur svo túnum í Haga á þessari fallegu landnámsjörð að ekki verður búandi hér lengur og enginn situr við glugga og dáist að fegurðinni eða nýtur góðs af gæðum jarðarinnar. Það er mikið vald sem fáeinir gróðahyggjumenn taka sér."

Svo skrifar kona sem lifað hefur nær heila öld með Þjórsá. Jóhanna Jóhannsdóttir er á tíræðisaldri en engin öfgamanneskja, ekki frekar en sú sem hér stendur. Hún er einfaldlega ein fjölmargra Íslendinga sem berjast fyrir náttúrugersemum þjóðarinnar. Þótt sumir tali fjálglega um sátt er staðreyndin sú að baráttan um mestu dýrgripi okkar Íslendinga er enn í algleymingi. Í þeirri baráttu mun Vinstri hreyfingin – grænt framboð áfram verða leiðandi brautryðjendaafl umbóta. Við munum standa umhverfisvaktina eins og við erum vön, héðan úr stjórnarandstöðu á Alþingi.

Mér þykir stjórnarsáttmálinn fátæklegur í þessum efnum. Askja var friðlýst árið 1978. Telst það til sérstakra afreka nýrrar ríkisstjórnar að hreyfa ekki við Öskju, Kverkfjöllum, Hveravöllum þar til svokölluð framtíðarflokkun hefur farið fram? Mikill er metnaðurinn. Ekki er stakt orð að finna um Norðlingaölduveitu, ekki orð um Þjórsá.

Og hvað með sjávarútveginn? Jú, þar er óbreytt varðstaða um ranglætið. Í undraskjótri stjórnarmyndun hefur margítrekað komið fram að málefnaágreiningur Sjálfstæðisflokks og Samfylkingarinnar sé lítill sem enginn. Í hinni auðsjáanlegu óskaríkisstjórn beggja flokka er hlutur umhverfisins rýr þótt ég efist ekki um góðan ásetning nýskipaðs umhverfisráðherra og óski henni velfarnaðar í störfum.

Þá kemur í opna skjöldu að ekki skuli til staðar framsæknari og beittari stefna í kvenfrelsis- og jafnréttismálum. Hvar eru afgerandi aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi, vændi og klámvæðingu? Kynbundinn launamunur er brot á jafnræðisreglu stjórnarskrár lýðveldisins. Það er undarlegt metnaðarleysi að stefna einungis að því að minnka þann mun. Slíkan mun á að uppræta með öllu.

Forsætisráðherra kveðst ætla að stefna að því að jafna

stöðu kvenna og karla í nefndum og stjórnunarstöðum. Virðulegi forseti. Hér hefðu verið hæg heimatökin í eigin ranni. Jafnvel ný hægri stjórn Frakklands skipar einvala liði kvenna jafnt sem karla í ráðherrastóla. Við sjáum hvernig ráðherrabekkurinn er skipaður heima á Íslandi. Er slík ríkisstjórn trúverðugur málsvari kvenfrelsis og jafnréttis?

Undir hvaða formerkjum eru svokallaðar frjálslyndar umbætur ef þær eru að mestu endurunnar yfirlýsingar fyrri stjórna og tala máli gærdagsins, íhaldsins, liðins tíma og veigra sér við nýrri og róttækri hugsun morgundagsins? Við viljum öll setja bættan hag barna, aldraðra og öryrkja í forgang. Þar tek ég heils hugar undir með nýrri stjórn. En hvar er metnaðurinn og djörfungin í stærstu ágreiningsmálum okkar tíma? Hvar er sköpunin, ferskleikinn og hin nýja sýn um betra samfélag jafnaðar sem lifir í sátt við náttúruna?

Ég er ekki sú eina í þessum sal sem óar við hinum óvenju samstillta boðskap frjálshyggju og einkavæðingar sem ný stjórn lofar. Kreddur sem fela sig undir yfirbragði frjálslyndis, frelsis og umbóta en viðhalda í raun misrétti, gróðafíkn og ranglæti, eru lúmskar. Slíkt er ekki pólitík framtíðarinnar. Pólitík framtíðarinnar byggir ekki á taumlausri gleði yfir nýjum valdastólum, spretthlaupi inn í ríkisstjórn eða faðmlagi nýfrjálshyggjuafla. Pólitík framtíðarinnar byggir á djúpstæðri og róttækri umhverfisvernd, sjálfbærri þróun, kvenfrelsi, jafnrétti, jöfnuði og félagslegu réttlæti, blómlegri menningu í öllum byggðum landsins. Þangað eigum við að stefna. — Góðar stundir.

[21:42]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Við höfum í kvöld hlýtt á stefnuræðu forsætisráðherra ríkisstjórnar sem leggur mikla áherslu á umbætur í velferðarþjónustu og bættan hag heimilanna. Ríkisstjórnin er mynduð í framhaldi af tímabili þar sem stórframkvæmdir og þensla hafa sett svip á samfélagið. Hagvöxtur hefur verið umtalsverður en viðskiptahalli mikill, sem og skuldaaukning heimilanna og vaxtakostnaður allt of hár. Gagnrýnt hefur verið hvernig gæðum samfélags okkar hefur verið misskipt á milli landsvæða og á milli þjóðfélagshópa. Það er því engin tilviljun að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar séu tilgreind þau markmið að tryggja stöðugleika í þágu heimila og atvinnulífs og að koma á sátt og jafnvægi í samfélaginu.

Samfylkingin hóf kosningabaráttu sína með fundaherferð um landið þar sem boðaður var sáttmáli um jafnvægi og jafnræði. Talað var um jafnrétti á milli landsbyggðar og höfuðborgar, milli karla og kvenna, milli Íslendinga og innflytjenda, milli umhverfis og stóriðju, milli hagvaxtar og stöðugleika og á milli Íslands og Evrópu. Jafnframt var lögð meginhersla á endurreisn velferðarkerfisins þar sem málefni eldri borgara og öryrkja, auk málefna barna og ungmenna, voru í forgrunni. Öll þessi mál setja sterkan svip á stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar sem hér er til umræðu.

Ég ætla sérstaklega að ræða þau atriði sem snúa að jafnræði á milli landsbyggðar og höfuðborgar annars vegar og hins vegar hvernig velferðarmálin, þá einkum málefni yngstu kynslóðarinnar, eru með afdráttarlausum hætti sett í forgang hjá nýrri ríkisstjórn. Landsbyggðarfólk veit hversu mikilvægt er að jafnræði ríki á milli landsbyggðar og höfuðborgar og að starfsskilyrði fyrirtækja séu sambærileg óháð landsvæðum. Fagna ber því að ríkisstjórnin dragi fram mikilvægi þess að allir landsmenn eigi greiðan aðgang að menntun, atvinnu og þjónustu óháð búsetu og fái notið sambærilegra lífskjara. Slík yfirlýsing gefur skýr fyrirheit um sókn til bættra lífskjara fólks á landsbyggðinni.

Þá er ákveðið að störf á vegum ríkisins sem hægt er að vinna án tillits til staðsetningar verði að öðru jöfnu unnin á landsbyggðinni. Áhersla er lögð á stóreflingu samgangna og fjarskipta til að skapa jafnvægi í byggðum landsins. Ný ríkisstjórn boðar líka eflingu sveitarstjórnarstigsins með breyttri tekju- og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og með frekari tilflutningi á verkefnum til sveitarfélaganna. Þar eru nefnd bæði málefni aldraðra og málefni fatlaðra. Slíkur verkefnaflutningur, aukinn sjálfsákvörðunarréttur og ábyrgð heimaaðila, samhliða auknum tekjum sveitarfélaga, ætti ekki hvað síst að efla þjónustu og atvinnu á landsbyggðinni ef rétt er á haldið.

Því miður eru blikur á lofti og alvarlegt atvinnuástand í sjávarplássum á ákveðnum svæðum eins og á Vestfjörðum. Þar þarf að grípa til sértækra úrræða til að bregðast við ástandinu. Jafnframt þarf að breyta starfsumhverfi fyrirtækja á landsbyggðinni og auka þjónustu og menntun til að skapa fjölbreyttara atvinnulíf og betri búsetuskilyrði til lengri tíma. Hugmyndir varðandi slíkar lausnir eru nú þegar til umfjöllunar og verða á dagskrá á næstu dögum og vikum.

Það er sérlega ánægjulegt að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er ákveðið að móta og leggja fyrir Alþingi heildstæða aðgerðaáætlun í málefnum barna og ungmenna. Þar eru nefnd til sögunnar ýmis mál svo sem tannvernd barna, með gjaldfrjálsu eftirliti og auknum niðurgreiðslum. Ákveðið er að hækka barnabætur til þeirra sem hafa lágar tekjur, að lengja fæðingarorlofið í áföngum og veita nemendum í framhaldsskólum stuðning við kaup á námsgögnum. Öll þessi mál munu vonandi koma inn á sumarþinginu þannig að við sjáum skýrt hverjar breytingarnar eru í stjórnarháttum.

Það er þó ekki síður mikilvægt að auka stuðning við langveik börn, börn með hegðunarvandamál, geðraskanir og þroskafrávik og að grípa til aðgerða til að eyða biðlistum á þeim sviðum. Sett eru fram skýr ákvæði um aukið forvarnastarf bæði gegn kynferðislegu ofbeldi og fíkniefnaneyslu. Leita á nýrra leiða þar sem samstarf og stuðningur við fjölskyldur ungmenna sem og foreldraráðgjöf og fræðsla verður stórefld.

Varðandi málefnin hinna eldri er í stefnuyfirlýsingunni skýrt tekið fram að vinna á að einföldun almannatryggingakerfisins og styrkja stöðu aldraðra og öryrkja. Draga á úr tekjutengingum og skerðingum bóta í almannatryggingakerfinu. Hraða á uppbyggingu 400 hjúkrunarrýma fyrir aldraða, fjölga einbýlum og gera þjónustuna einstaklingsmiðaðri og efla sólarhringsþjónustu til að bæta hag aldraðra enn frekar.

Stefnuyfirlýsing nýrrar ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, ríkisstjórnar velferðar og umbóta, boðar klárlega breyttar áherslur þar sem aukið jafnræði og jafnrétti milli landsbyggðar og höfuðborgar, milli karla og

kvenna, eru höfð að leiðarljósi. Fagna ber nýjum áherslum varðandi bættan hag barna og ungmenna og barnafjölskyldna og breyttum áherslum varðandi málefni aldraðra og öryrkja.

Ég veit að þjóðin á eftir að sjá að hér er komin til valda *öflug ríkisstjórn sem mun sameina kraftmikið atvinnulíf og* öfluga velferðarþjónustu en þessar tvær stoðir samfélagsins þurfa og munu haldast í hendur.

Góðir landsmenn. Ég óska landsmönnum heilla og hlakka til samstarfsins á Alþingi um bættan hag lands og þjóðar.

[21:48]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Það er sérstök ánægja fyrir nýjan þingmann að setjast á Alþingi á þessum sólríka degi. Ég vil af því tilefni óska nýrri ríkisstjórn, ráðherrum og þingmönnum velfarnaðar í störfum þeirra á komandi þingi.

Í valdatíð Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks hafa verið stigin einhver mestu framfaraskref í íslensku þjóðfélagi. Hagvöxtur og kaupmáttur launa hafa aukist og traustur grunnur hefur verið lagður að efnahagslífi þjóðarinnar. Framsóknarflokkurinn stóð fast í fæturna í þeirri ríkisstjórn sem nú hefur látið af völdum. Stefna flokksins fyrir öflugu atvinnulífi um allt land og baráttan gegn atvinnuleysi var og er eitt af höfuðmarkmiðum Framsóknarflokksins. Það markmið tókst enda er atvinnuleysi lítið og samkeppnishæfni atvinnulífsins hefur aldrei verið betri. Með góðu atvinnuástandi hafa skapast tekjur til að gera enn betur í velferðarmálum. Þegar Framsóknarflokkurinn kom í ríkisstjórn fyrir 12 árum var staða ríkissjóðs veik og gripið hafði verið til niðurskurðar í velferðarkerfinu. Framsókn hafði þá skýru stefnu að auka fjármagn til velferðarmála og stuðla að enn frekari uppbyggingu heilbrigðiskerfisins sem látið hafði á sjá í tíð ríkisstjórnar íhalds og krata. Við þá stefnu var staðið.

Stefnuræða hæstv. forsætisráðherra verður ekki skilin öðruvísi en að meginstefna nýrrar ríkisstjórnar sé að halda áfram því góða starfi sem Framsóknarflokkurinn hefur lagt grunninn að. Stefnt sé að árangri áfram. En það er einnig ástæða til að hafa áhyggjur. Stefnuleysi og óvissa um hvernig halda eigi áfram því starfi sem unnið hefur verið að í fyrri ríkisstjórn blasir við. Þá hefur misvísandi skilningur og túlkun nýrrar ríkisstjórnar á eigin stefnuyfirlýsingu hvorki verið traustvekjandi né gefið þjóðinni tilefni til bjartsýni um að árangur náist áfram.

Staða Íbúðalánasjóðs er til að mynda í uppnámi. Eitt af meginmarkmiðum sjóðsins er að tryggja öllum landsmönnum, *óháð búsetu, öruggt aðgengi að íbúðalánum.* Það yrði köld vatnsgusa fyrir íbúa landsbyggðarinnar, sérstaklega íbúa Vestfjarða og í norðausturhluta landsins, ef sjóðurinn yrði lagður niður eða færður bönkunum. Framsóknarflokkurinn hefur staðið vörð um Íbúðalánasjóð og hefði aldrei samþykkt að hann yrði færður í einkavæðingarhendur Sjálfstæðisflokksins.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur einnig margoft ályktað að stefna skuli að frekari einkavæðingu í heilbrigðiskerfinu. Því hafnar Framsóknarflokkurinn og um það var staðinn vörður í síðustu ríkisstjórn. Í stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra kom fram að tekin verði upp blönduð fjármögnun á heilbrigðisstofnunum. Það verður aðeins skilið á þann veg að hinum efnameiri verði gert kleift að borga sig fram fyrir biðraðir. Ef af verður er sú leið aðeins skref í átt til einkavæðingar og aukins ójafnaðar í samfélaginu.

Skýrust, *ef svo má að orði komast,* í stefnuræðunni voru áform um einkavæðingu orkufyrirtækjanna. Stefna Framsóknarflokksins er og verður að Landsvirkjun verður ekki seld eða einkavædd. Nú reynir á kosningaloforð Samfylkingarinnar um að standa vörð um Landsvirkjun og orð margra þingmanna Sjálfstæðisflokksins í sömu veru.

Nú reynir einnig á fögur fyrirheit hæstv. fjármálaráðherra um að vinda ofan af því óréttlæti sem viðgengist hefur í þjóðlendumálunum. Það verður afar spennandi að fylgjast með hvernig ný ríkisstjórn tekur á þeim viðkvæmu málum.

Þjóðin þarf á stöðugu efnahagslífi að halda. Áform um að endurskoða eða kollvarpa því kerfi sem komið hefur verið á í landbúnaðinum eru aðeins til að skapa óvissu og óstöðugleika hjá bændum og framleiðslufyrirtækjum á landsbyggðinni. Það hefði Framsóknarflokkurinn ekki samþykkt.

Vonandi mun ný ríkisstjórn viðhalda góðum árangri Framsóknarflokksins og þeim markmiðum að minnka atvinnuleysi um allt land og koma í veg fyrir fólksflótta frá þeim byggðarlögum sem eiga undir högg að sækja. Hlutverk stjórnarandstöðunnar er að veita aðhald í þessum efnum og miðað við stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra og stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar á hún verðugt verkefni fyrir höndum.

Góðir Íslendingar. Auknum meiri hluta fylgir mikið vald. Því valdi er á auðveldan hátt hægt að misbeita með að takmarka eða stöðva umræður á hinu háa Alþingi. Um leið og ég ítreka velfarnaðaróskir mínar til nýrrar ríkisstjórnar minni ég á að auknum meiri hluta fylgir ekki bara vald heldur líka mikil ábyrgð. Vonandi verður ábyrgðin alltaf ofan á. — Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

[21:54]

Jón Magnússon (Fl):

Herra forseti. Góðir Íslendingar. Í stefnuræðu sinni setur forsætisráðherra fram sjónarmið nýrrar ríkisstjórnar. Athygli vekur að í upphafi ræðu sinnar fjallar hann um 12 ára árangursríka stjórnarsetu Framsóknarflokksins og hvað þau ár hafi skilað miklu og hversu farsæl sú ríkisstjórn hafi verið. Þetta samþykkir Samfylkingin þrátt fyrir að hafa allt frá stofnun flokksins og fram yfir síðustu kosningar hamrað á því hversu slæm þessi ríkisstjórn hafi verið og öll sú stefna *sem henni fylgdi.*

Meginsjónarmið sem koma fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og stefnuræðu forsætisráðherra eru í grunninn byggð á arfleifð fráfarandi ríkisstjórnar. Almenn góðmálafyrirheit sem eru í sjálfu sér þau sem allir geta fallist á sem markmið. Spurning er hins vegar hversu langt á að ganga, hversu hratt og hvaða aðferðum á að beita.

Forsætisráðherra og utanríkisráðherra halda því fram að verið sé að mynda frjálslynda umbótastjórn. Í hverju er frjálslyndið fólgið? Í hverju eru umbæturnar fólgnar? Frjálslynd umbótastjórn dregur úr heildarskattheimtu og

eykur svigrúm einstaklinga og atvinnulífs til að lifa og starfa í friði án afskipta ríkisvaldsins en jafnar um leið velferðarhallann í þjóðfélaginu. Engin slík fyrirheit eru gefin.

Í stefnuræðu forsætisráðherra og þeim tillögum sem koma munu frá ríkisstjórninni felst viðurkenning á stefnumörkun Frjálslynda flokksins í málefnum innflytjenda. Þingmenn Frjálslynda flokksins vöruðu við því fyrir ári síðan að undanþága frá frjálsu flæði vinnuafls frá nýju Evrópusambandsríkjunum yrði ekki nýtt. Á það var ekki hlustað og þess vegna hafa komið til landsins þúsundir erlendis frá. Straumur innflytjenda og þeirra útlendinga sem hér dveljast tímabundið er ekki að minnka. 300 þúsund manna þjóð þarf að gæta hagsmuna sinna. Mikil fjölgun innflytjenda á stuttum tíma veldur lækkun launa og félagslegum undirboðum eins og dæmin sanna. Ég get þó tekið undir með forsætisráðherra þar sem hann segir að heildstæð framkvæmdaáætlun verði sett í málefnum innflytjenda sem hafi það markmið að betur verði tekið á móti erlendu fólki sem flyst til landsins og því auðveldað að verða virkir þátttakendur í íslensku samfélagi. Allt þetta er nauðsynlegt. Leggja verður áherslu á að það fólk sem hingað flytur aðlagist íslensku samfélagi sem best á sem skemmstum tíma en við eigum að vinna að því að það verði ein þjóð í landinu en ekki margar.

Ef vil vill vekur það helsta athygli sem ekki stendur í stjórnarsáttmálanum og engin fyrirheit eru gefin um. Þannig er það með landbúnað og sjávarútveg. Í þeim efnum verður kyrrstaða. Kvótakerfi og hátt verð til neytenda verður áfram. Stærsta ráni Íslandssögunnar, eins og einhverjir hafa orðað það í Samfylkingunni, verður viðhaldið. Gjafakvótakerfið verður óbreytt. Skiptir þar engu máli þó að Samfylkingin hafi heitið kjósendum sínum breytingu á þessu óréttlæti.

Á sama tíma og forsætisráðherra og utanríkisráðherra voru að stinga saman nefjum á Þingvöllum var stórum hluta verkafólks sagt upp störfum á Flateyri. Kvótaeigandinn ákvað að betra væri að selja kvótann, njóta fengsins, innleysa arðinn, og gera starfsfólk sitt atvinnu- og eignalaust. Ekki olli þetta forsætisráðherra eða utanríkisráðherra nokkru hugarangri.

Því miður er ekki verið að kynna stefnu frjálslyndrar umbótastjórnar heldur kyrrstöðustjórnar. Ég óska ríkisstjórninni þó alls velfarnaðar í störfum og lít á það sem hlutverk stjórnarandstöðu að styðja við þau góðu mál sem ríkisstjórnin hefur fram að færa og ætlast til þess sama af ríkisstjórninni gagnvart stjórnarandstöðu.

Íslenskt þjóðfélag býr yfir miklum auðæfum til lands og sjávar og miklum mannauði. Svigrúm ríkisstjórnarinnar til góðra verka er mikið. Forgangsatriðið á að vera og verður að vera að lagfæra þann velferðarhalla sem aldraðir og öryrkjar búa við. Þar verður að taka á af myndarskap. Ríkasta þjóðfélag í heimi á og verður að forgangsraða fyrir fólkið í landinu. Í því felast umbætur, í því felst frjálslyndi.

Góðir Íslendingar. Fyrir hönd Frjálslynda flokksins færi ég landsmönnum öllum sumarkveðjur. — Góðar stundir.

Fundi slitið kl. 22:00.

---

3. FUNDUR

mánudaginn 4. júní,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Samningar, viljayfirlýsingar og fyrirheit ráðherra, beiðni um skýrslu, 5. mál, þskj. 5. *Hvort leyfð skuli.*
3. Þingsköp Alþingis, frv., 10. mál, þskj. 10. — 1. umr.
4. Stjórnarráð Íslands, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Kristinn H. Gunnarsson, 9. þm. Norðvest.,
Ólöf Nordal, 9. þm. Norðaust.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 1. þm. Suðvest.

Lagt fram á lestrarsal:

Aðildarsáttmáli um inngöngu lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu, frá utanríkisráðherra.

Bókun sveitarstjórnar Djúpavogshrepps.

Samþykktir 85. héraðsþings Héraðssambandsins Skarphéðins.

Drengskaparheit.

[15:03]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Einn nýkjörinn alþingismaður, hv. 7. þm. Suðvest., Jón Gunnarsson, er nú kominn til þings. Kjörbréf hans hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hann hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirskrifa drengskaparheit að stjórnarskránni og gerir hann það nú.

[Jón Gunnarsson, 7. þm. Suðvest., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[15:03]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Jón Gunnarsson hefur undirskrifað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Tilkynning um stjórnir þingflokka.

[15:03]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Borist hafa eftirfarandi tilkynningar um stjórnir þingflokka á þessu þingi:

Þingflokkur framsóknarmanna: Siv Friðleifsdóttir formaður, Magnús Stefánsson varaformaður, Birkir J. Jónsson ritari.

Þingflokkur Frjálslynda flokksins: Kristinn H. Gunnarsson formaður, Jón Magnússon varaformaður, Grétar Mar Jónsson ritari.

Þingflokkur Samfylkingarinnar: Lúðvík Bergvinsson

formaður, Steinunn Valdís Óskarsdóttir varaformaður, Árni Páll Árnason ritari.

Þingflokkur sjálfstæðismanna: Arnbjörg Sveinsdóttir formaður, Illugi Gunnarsson varaformaður, Ásta Möller ritari.

Þingflokkur Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs: Ögmundur Jónasson formaður, Katrín Jakobsdóttir varaformaður, Kolbrún Halldórsdóttir ritari.

Tilkynning um embættismenn fastanefnda.

[15:04]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Borist hafa eftirfarandi tilkynningar um kosningu embættismanna fastanefnda:

Allsherjarnefnd: Birgir Ármannsson formaður og Ágúst Ólafur Ágústsson varaformaður.

Félagsmálanefnd: Guðbjartur Hannesson formaður og Ármann Kr. Ólafsson varaformaður:

Fjárlaganefnd: Gunnar Svavarsson formaður og Kristján Þór Júlíusson varaformaður:

Heilbrigðis- og tryggínganefnd: Ásta Möller formaður og Ágúst Ólafur Ágústsson varaformaður:

Iðnaðarnefnd: Katrín Júlíusdóttir formaður og Kristján Þór Júlíusson varaformaður.

Menntamálanefnd: Sigurður Kári Kristjánsson formaður og Einar Már Sigurðarson varaformaður.

Samgöngunefnd: Steinunn Valdís Óskarsdóttir formaður og Einar Oddur Kristjánsson varaformaður.

Umhverfisnefnd: Helgi Hjörvar formaður og Kjartan Ólafsson varaformaður.

Utanríkismálanefnd: Bjarni Benediktsson formaður og Árni Páll Árnason varaformaður.

Kjörbréfanefnd: Arnbjörg Sveinsdóttir formaður.

Tilkynning um embættismenn alþjóðanefnda.

[15:05]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Borist hafa eftirfarandi tilkynningar um kjör embættismanna alþjóðanefnda:

Íslandsdeild Alþjóðaþingmannasambandsins: Ásta Möller formaður og Ágúst Ólafur Ágústsson varaformaður.

Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins: Guðfinna S. Bjarnadóttir formaður og Ellert B. Schram varaformaður.

Íslandsdeild NATO-þingsins: Ragnheiður E. Árnadóttir formaður og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir varaformaður.

Íslandsdeild Norðurlandaráðs: Árni Páll Árnason formaður og Kjartan Ólafsson varaformaður.

Íslandsdeild Vestnorræna ráðsins: Karl V. Matthíasson formaður og Árni Johnsen varaformaður.

Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA: Katrín Júlíusdóttir formaður og Bjarni Benediktsson varaformaður.

Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um Norðurskautsmál: Sigurður Kári Kristjánsson formaður og Gunnar Svavarsson varaformaður.

Íslandsdeild þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu: Einar Már Sigurðarson formaður og Pétur H. Blöndal varaformaður.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Stuðningur við innrásina í Írak.

[15:07]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegur forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. utanríkisráðherra. Nú er það kunnugt að fyrri ríkisstjórn lýsti yfir stuðningi við innrásarstríð í Írak og veitti þá um leið heimildir til að bandarísk stjórnvöld mættu nýta íslenska lögsögu, lofthelgi og flugvelli til flutninga í þágu þessara aðgerða í Írak.

Ég vil spyrjast fyrir um hvort þær heimildir hafi verið teknar aftur eða hvort til standi að afturkalla þær í ljósi þess harms sem ný ríkisstjórn lýsir yfir í nýjum stjórnarsáttmála vegna þessa stríðsrekstrar og í ljósi orða hæstv. utanríkisráðherra í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra á Alþingi sl. fimmtudag þar sem sérstaklega var rætt um þetta mál og þessi stríðsrekstur harmaður sérlega. Nú stendur hann auðvitað enn þá, eins og okkur hér er fullkunnugt, og full ástæða til að upplýsa Alþingi um það hver fyrirætlun ríkisstjórnarinnar í þessum efnum er, hvort þessar heimildir hafi verið teknar aftur eða hvort til standi að afturkalla þær, enda er þessi atbeini Íslands, þessi óbeini stuðningur getum við sagt, enn í fullu gildi á meðan stríðið stendur.

[15:08]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Eftir því sem mér er best kunnugt voru þessar heimildir veittar þegar Íslendingar studdu innrásina í Írak og voru þá í gildi um ákveðinn tíma en slíkar heimildir eru ekki í gildi lengur. Það eru auðvitað breyttar aðstæður líka í Keflavík eftir að herinn hvarf af landi brott og nú mun það vera til sérstakrar skoðunar hvernig slíkum heimildum verði háttað í framtíðinni.

[15:09]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegur forseti. Ég fagna þessu auðvitað. Þetta er ótvíræð yfirlýsing um að þessar heimildir hafi þá verið afturkallaðar og auðvitað lýsi ég fögnuði yfir því að þær séu ekki lengur í gildi.

Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar.

[15:10]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Í tilefni af því sem stendur í stjórnarsáttmálanum: „Tryggja skal stöðugleika í sjávarútvegi. Gerð verður sérstök athugun á reynslunni af aflamarkskerfinu við stjórn fiskveiða og áhrifum þess á þróun byggða“ vil ég spyrja utanríkisráðherra sem formann Samfylkingarinnar hvort það sé afstaða Samfylkingarinnar að taka tillit til ráðgjafar Hafrannsóknastofnunar og þá að hvaða leyti og hversu víðtækt.

[15:10]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf):

Virðulegur forseti. Ég fékk eins og aðrir þessa skýrslu frá Hafrannsóknastofnun um helgina með þeim alvarlegu tíðindum sem þar koma fram sem auðvitað munu, ef það gengur eftir, hafa veruleg áhrif á bæði íslenskt efnahagslíf og ekki síst sjávarbyggðirnar um land allt. Ég held að ég hljóti eins og aðrir þingmenn að áskilja mér rétt til að fara yfir þessi mál og hlýða á þá sérfræðinga sem um þau fjalla og sem m.a. munu hafa kynnt þetta fyrir þingmönnum í morgun og taka síðan mína ákvörðun og mynda mér afstöðu ásamt væntanlega öðrum, ekki bara í ríkisstjórn heldur hljóta líka allir þingmenn að hafa af þessu áhyggjur, vilja koma að þessu máli og koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Eftir góða yfirferð munum við að sjálfsögðu taka afstöðu til málsins.

[15:11]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Það er spurning hvernig þetta fari saman við það ákvæði í stjórnarsáttmálanum að tryggja stöðugleika í sjávarútvegi. Sömuleiðis er ákvæði um að gerð verði sérstök athugun á aflamarkskerfinu. Það er spurning hvort þessi skýrsla sem liggur fyrir valdi því ekki að ekki sé um neinn stöðugleika að ræða í sambandi við sjávarútveginn, hvernig við eigi að bregðast og hvort ekki sé kominn tími til að gera verulegar breytingar á því kerfi sem við höfum búið við. Það var það sem ég var í raun að spyrja um og leita svara við frá hæstv. utanríkisráðherra, þ.e. hvort einhver slík sjónarmið eða skoðanir hefðu komið upp hjá henni eða flokki hennar varðandi það að taka myndarlega á í þessum efnum til að víkja frá þeirri eyðingarstefnu sem uppi er í þessum atvinnuvegi.

[15:12]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf):

Virðulegur forseti. Ég fagna því að sjálfsögðu að hv. 10. þm. Reykv. s., Jón Magnússon, les vel stjórnarsáttmálann og vill leggja sig eftir því að eftir honum verði farið. Það vil ég að sjálfsögðu líka og þess vegna munum við gera þá úttekt sem þarna er kveðið á um á aflamarkskerfinu og reyna að átta okkur á því hvaða afleiðingar eða áhrif það hefur haft annars vegar á fiskveiðiauðlindina í sjónum og hins vegar á sjávarbyggðirnar og skoða síðan framhald málsins í ljósi þeirrar úttektar sem þar verður gerð.

Framkvæmd þjóðlendulaga.

[15:13]

Bjarni Harðarson (F):

Herra forseti. Ég beini fyrirspurn til hæstv. fjármálaráðherra Árna M. Mathiesens um þjóðlendumál.

Á undanförnum árum hefur fjöldi Íslendinga verið sviptur eignum sem ríkið hefur til áratuga, jafnvel um aldir, skilgreint sem einkaeignir og fjárhirslan skattlagt sem slíkar. Sumt þetta land hefur ríkið sjálft selt aðilum við verði en sölsar nú undir sig bótalaust með ofríki. Tilviljunarkennd varðveisla pergamentpappíra og skrýtlur úr Landnámu hafa ráðið úrslitum um hvort einstaklingar teljist geta uppfyllt barnalega sönnunarbyrði sem júristar í pappírsleik hafa búið til.

Framkvæmd þjóðlendulaga hefur öll verið á hendi ráðherra Sjálfstæðisflokksins og var frá fyrstu tíð mótmælt af Framsóknarflokki, fyrst ráðherrunum Páli Péturssyni og Guðna Ágústssyni og oft síðan. Það er fyrst nú í aðdraganda kosninga árið 2007 sem ljáð er máls á breyttum vinnubrögðum við framkvæmd laganna. Þar með voru gefin fyrirheit um að, eins og segir orðrétt í stjórnmálaályktun Sjálfstæðisflokksins frá því í aprílmánuði sl., með leyfi forseta, „við meðferð þjóðlendumála verði þess gætt í hvívetna að eignarréttur landeigenda og þinglýstar eignarheimildir séu virtar ásamt öllum þeim lögvörðu réttindum sem jörðum fylgja".

Sá sem hér stendur hefur öndvert við málflutning Sjálfstæðisflokksins haldið því fram að breytt vinnubrögð muni í engu breyta niðurstöðum ef ekki komi til endurskoðun þjóðlendulaga. Nú ber svo við eftir kosningar að á forsíðu Morgunblaðsins er skýrt frá því að þessu sé einmitt svo farið að breytt verklag, með leyfi forseta, „breyti ekki niðurstöðu óbyggðanefndar og dómstóla".

Í hugum landsmanna er Morgunblaðið að fornu og nýju talið málgagn Sjálfstæðisflokks. Því eru það spurningar mínar til hæstv. fjármálaráðherra sem sér um að afla ríkisvaldinu þjóðlendna: (Forseti hringir.)

1. Er hans skilningur á hinu breytta verklagi hið sama og Morgunblaðsins og ef ekki, mun Sjálfstæðisflokkurinn þá hirða um að koma réttum skilaboðum á framfæri? (Forseti hringir.)

2. Mun Sjálfstæðisflokkurinn (Forseti hringir.) beita sér fyrir því að þjóðlendulögin verði endurskoðuð?

(**Forseti** (StB): Forseti beinir því til hv. þingmanna að virða tímamörk.)

[15:16]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Ég heyri að hv. þingmaður ætlar að byrja þingferil sinn á því að vera gamansamur eins og mér skilst að hann eigi eðli til og þá sérstaklega með því að fara með miklar sögur af því hversu hátt framsóknarmenn mótmæltu þjóðlendulögunum. Ég man ekki eftir því að þeir hafi greitt atkvæði með þjóðlendulögunum á annan hátt en þorri þingheims þegar þau voru sett.

Mér finnst það líka merkilegt að hv. þingmaður skuli tala um að Morgunblaðið hafi skýrt frá því að breytt tilhögun í þjóðlendumálum mundi engin áhrif hafa. Fyrir hönd hvers skýrði Morgunblaðið frá því? Væntanlega ekki fyrir hönd neins annars en sjálfs síns að það væri skoðun einhvers þar á bæ. Ég geri ráð fyrir því að breytt framkvæmd þjóðlendulaga muni hafa áhrif á það hvernig þau mál ganga fram, hvernig bændur muni þurfa að reka mál sitt fyrir óbyggðanefndinni sem er sá aðili sem úrskurðar í þessum efnum.

Valdsvið fjármálaráðherrans í þessu máli nær ekki lengra en í það hvernig kröfur eru gerðar fyrir óbyggðanefndinni því að eftir að þar er komið tekur annars vegar óbyggðanefndin við, sem er sjálfstæð stjórnsýslunefnd, og

úrskurðar í málinu og síðan er hægt að vísa málunum til dómstóla og það eru dómstólar sem þá gera kröfur um hvernig færa beri sönnur á eignarhaldi á landareignum. Þannig er það í dag, þannig hefur það verið í áratugi ef ekki hundrað ár þar sem íslenskir dómstólar hafa fjallað um eignarhald á landi.

Ég hef ekki uppi neinar áætlanir um að leggja til breytingar á (Forseti hringir.) þjóðlendulögunum sem hafa áhrif á það hvernig sönnunarbyrði fyrir dómstólum er.

[15:18]

Bjarni Harðarson (F):

Herra forseti. Ráðherra víkur að gamansemi minni og það er gott og blessað en ég tek líka eftir því að valdsvið ráðherra í hinni nýju ríkisstjórn er greinilega minna en það var fyrir kosningar þegar hann hét bændum og landsbyggðarfólki því að framkvæmd laganna mundi leiða til nýrrar niðurstöðu. Nú er engu um það lofað og ég bið þingheim um að taka eftir því, nú er engu lofað öðru en því að framkvæmdin verði öðruvísi á framkvæmdatímanum. Þetta skiptir miklu máli.

Þú spyrð um það, Árni, fyrir hönd hvers Morgunblaðið segir þetta (Forseti hringir.) , það er einfaldlega sagt frá þessu í fréttaskýringu. Ég fer fram á fullt svar við því: Telur þú að þetta muni engu breyta um niðurstöðurnar eða telurðu að þetta mundi einhverju breyta? Ég endurtek spurninguna.

[15:19]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Framkvæmd laganna og breytingar á framkvæmd laganna munu breyta því hvað það er sem kemur fyrir óbyggðanefndina. Hvernig óbyggðanefndin leysir síðan úr þeim málum þegar gögn málsins liggja fyrir — og væntanlega munu betri og fyllri gögn liggja fyrir óbyggðanefndinni a.m.k. fyrr en áður var og þar með gera málarekstur bænda einfaldari og auðveldari en áður — þá lýkur einfaldlega valdsviði fjármálaráðherrans þegar þarna kemur, eins og ég sagði áðan. Þá koma til annars vegar óbyggðanefndin og hins vegar dómstólarnir. Hvernig hv. þingmanni hefur dottið til hugar að ég ætli mér að segja dómstólunum fyrir verkum þá er það einhver stórkostlegur misskilningur sem hefur orðið uppi (Forseti hringir.) hjá hv. þingmanni.

[15:20]

Bjarni Harðarson (F):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að biðjast afsökunar á því að hafa ekki farið rétt með ávörp hér áðan.

Hæstv. fjármálaráðherra dregur mjög úr því valdi sem hann hefur. Hann hefur vald til þess að ákveða hvort ríkisvaldið gerir kröfur inn í þinglýst lönd bænda. Ég fer fram á svar fjármálaráðherra við því hvort hann muni áfram gera kröfur inn fyrir það sem eru þinglýst lönd samkvæmt gildandi landamerkjabréfum allt frá 19. öld.

[15:21]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Hvað varðar undirbúning málanna ætti það að gerast í mun minna mæli en hingað til hefur gerst að kröfur verði gerðar inn í þinglýstar landareignir samkvæmt landamerkjum samkvæmt lögunum frá 1882. Það er alls ekki hægt að útiloka að í einhverjum tilfellum verði slíkrar kröfur gerðar einfaldlega vegna þess að Hæstiréttur hefur margsinnis úrskurðað á þá vegu að það þurfi að skoða þinglýst landamerki samkvæmt þeim lögum sem ég vitnaði í áðan, hvert og eitt fyrir sig til þess að komast að niðurstöðu þó að almennt megi telja að þinglýstu landamerkin gildi.

Ef það eina sem hv. þingmaður fer rangt með í þessum stóli á þingtíð sinni eru ávörpin held ég að hann verði farsæll þingmaður.

Sumarafleysingar á heilbrigðisstofnunum.

[15:22]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Ég vil beina fyrirspurn til hæstv. heilbrigðisráðherra og spyrja hvort hann hafi nú þegar eða muni leita leiða til þess að létta heilbrigðisstofnunum þann vanda sem þær eru flestar ef ekki allar í hvað varðar sumarafleysingar og í raun mönnun í störf heilbrigðisstétta og þó sérstaklega störf hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða.

Það hefur oft verið erfitt, hæstv. forseti, fyrir heilbrigðisstofnanir að ráða fram úr sumarafleysingum en það hefur aldrei, leyfi ég mér að fullyrða, verið jafnerfitt og núna. Það er mikil þensla í þjóðfélaginu, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu og á nokkrum stöðum annars staðar á landinu en þetta virðist samt ekki eingöngu fylgja mestu þenslusvæðunum heldur er það viðloðandi úti um allt land að það er mjög erfitt að fá heilbrigðisstarfsfólk til starfa. Það er ekki hægt að bregðast við nema með því að draga úr starfsemi, að loka deildum eða hluta stofnunar, eða að draga svo úr starfseminni að biðlistar myndist.

Nú hefur hæstv. ríkisstjórn lýst því yfir í stefnuyfirlýsingu sinni að hún vilji bæði bæta þjónustu við aldraða og minnka og útrýma biðlistum. Ég vil því spyrja hæstv. heilbrigðisráðherra með hvaða ráðum og hvort ráðuneytið hafi undið sér í að leysa úr þessum mikla vanda.

[15:24]

Heilbrigðisráðherra (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir fyrirspurnina. Það sem hv. þingmaður fer hér yfir er vandi sem við þekkjum, hann er ekki nýr af nálinni og hefur verið til staðar í þeim stofnunum sem hv. þingmaður fór yfir um langa hríð. Þær aðstæður sem hv. þingmaður lýsir sýna okkur ljóslega hversu mörg verkefnin eru og margur vandinn þegar kemur að heilbrigðismálum. Ég hef lýst yfir að það skipti afskaplega miklu máli að menn líti á þetta til lengri tíma því eins og hv. þingmaður nefndi þá hefur vandinn hvað þetta snertir verið viðvarandi. Þetta er eitt af þeim verkefnum sem nýr heilbrigðisráðherra og ný ríkisstjórn fer yfir á næstu dögum og ekki bara á næstu dögum heldur næstu vikum, mánuðum og missirum því að í þessum málaflokki eru mörg verkefni og eðli málaflokksins er þannig að það munu alltaf verða ný verkefni eftir því sem líður á og margt af því kemur til af góðu. Þetta er bara eitt af þeim fjölmörgu verkefnum sem fram undan eru til að fara yfir og takast á við.

[15:25]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Það er rétt að á undanförnum árum hefur sumarafleysingavandi heilbrigðisstofnana oft verið mikill en ég vil halda því fram að á sumum stofnunum, t.d. Landspítalanum ríki núna neyðarástand. Við fáum fréttir af því daglega að sjúklingar liggja á göngum og starfsaðstaða fyrir heilbrigðisstarfsfólk til að sinna þeim sjúklingum er óviðeigandi og þetta er í raun og veru miklu alvarlegri staða núna en hefur verið. Ég held að hæstv. heilbrigðisráðherra verði að fara vel yfir þetta með tilliti til þess að margar hverjar stofnanir verði að fá fjármagn og þá af fjáraukalögum og að það verði að undirbúa það mjög gaumgæfilega að endurskoða daggjaldakerfið og greiðslur til öldrunarstofnana því að það er ljóst að það er undirliggjandi vandi. Það gengur ekki að þetta sé svona ár frá ári og á þenslutímum séu þessar (Forseti hringir.) stofnanir ekki samkeppnishæfar um starfsfólk og þá sérstaklega heilbrigðisstarfsfólk.

[15:27]

Heilbrigðisráðherra (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. þingmanni að hér er um ákveðinn undirliggjandi vanda að ræða. Það liggur alveg fyrir að þetta er verkefni okkar sem hér verðum á næstu árum og næstu þingum að fara yfir og ég vænti góðs samstarfs við hv. þingmann og aðra hv. þingmenn hér í salnum til að takast á við verkefni sem þessi.

Vaðlaheiðargöng.

[15:27]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég vil leggja fram fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra sem varðar Vaðlaheiðargöng — og þó fyrr hefði verið.

Í allmörg ár hefur verið til umfjöllunar og mikill áhugi á því á Eyjafjarðarsvæðinu og í Þingeyjarsýslum að gera jarðgöng undir Vaðlaheiði. Félagið Greið leið ehf. var stofnað fyrir nokkrum árum af öllum sveitarfélögum á svæðinu og ýmsum fyrirtækjum til þess að vinna að málinu sem einkaframkvæmd. Samkvæmt könnun sem gerð var er gríðarlegur stuðningur við framkvæmdina, 76,3% telja framkvæmdina mjög mikilvæga og 15,4% frekar mikilvæga.

Í samgönguáætlun til fjögurra ára sem samþykkt var í þinginu í vor var samþykkt að verja 300 millj. kr. til verksins á árunum 2008–2010. 300 milljónir eru vissulega ekki miklir fjármunir en engu að síður vísbending um að stjórnvöld styddu verkið og síðan átti eftir að semja um einstaka þætti og Framsóknarflokkurinn beitti sér verulega í því að koma þessum 300 milljónum inn á samgönguáætlun.

Það skal tekið fram að þingmenn Norðausturkjördæmis og Greið leið ehf. hafa alla tíð rætt um þetta mál sem einkaframkvæmd. Þá gerist það í kosningabaráttunni að frambjóðandi Samfylkingarinnar, Kristján Möller, klýfur sig út úr hópnum og spilar því út að það sé hægt að fara strax í Vaðlaheiðargöng og þau skuli fara á hefðbundinn hátt inn í samgönguáætlun og vera gjaldfrjáls.

Nú kemst þessi hv. þingmaður og núverandi hæstv. ráðherra í þær sérstöku aðstæður að geta uppfyllt þetta kosningaloforð sitt sem samgönguráðherra og því spyr ég: Er þess að vænta að nú á vorþinginu verði lögð fram samgönguáætlun eða tillögur að breytingum á samgönguáætlun þar sem lögð verði fram tillaga um að leggja aukið fjármagn (Forseti hringir.) til verksins?

[15:30]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Herra forseti. Nú eru akkúrat þær sérstöku aðstæður uppi að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir spyr hér hæstv. samgönguráðherra spurninga. Það er vel að þau skipti hafi átt sér stað á milli okkar. Hún spyr út í Vaðlaheiðargöng og þann mikla áhuga sem er á þeim og við vitum öll um, sérstaklega þingmenn kjördæmisins. Ég get sagt að tveir fundir hafa átt sér stað milli Vegagerðarinnar og Greiðrar leiðar ehf. um þetta mál og þær viðræður ganga vel. Ég get líka upplýst að ég hef í hyggju að fara sem fyrst norður til að ræða við Greiða leið ehf. um þetta mál.

Það er rétt sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sagði, það eru ekki nema 300 millj. markaðar í þetta verkefni á árunum 2008, 2009 og 2010. Það vitum við að dugar ekki til.

Hún ræðir líka um nýliðna kosningabaráttu og um einkaframkvæmd. Ég vil bara leiðrétta hana með það, hv. þingmann, að ég hef aldrei útilokað að framkvæmdir við Vaðlaheiðargöng verði unnar í einkaframkvæmd. Svo er ekki.

Ég vona að þetta segi hv. þingmanni eitthvað um þann áhuga sem fyrir hendi er. Ég get sagt að áhugi þess sem hér stendur fyrir framkvæmdum við Vaðlaheiðargöng hefur ekki minnkað. (**Gripið fram í:** Nú?)

[15:31]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Spurningin snýst um það hvort hv. þingmaður getur staðið við þetta kosningaloforð eða ekki. Samfylkingin sagði fyrir kosningar: Gjaldfrjáls Vaðlaheiðargöng strax. Það var hvorki meira né minna.

Þess vegna verður hæstv. samgönguráðherra annaðhvort að segja hér í þessum ræðustóli að hann standi við þau orð eða þá að viðurkenna að hann sé nú þegar búinn að svíkja þessi loforð. Það er bara um tvennt að ræða.

[15:32]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er eiginlega dálítið gaman að vera bara í áframhaldandi kosningabaráttu hér. Ég vissi ekki að hún mundi halda áfram en það er ágætt og allt í lagi með það. (**VS:** Það verður kosið aftur eftir fjögur ár.) Já, það er rétt, það verður kosið eftir fjögur ár. Það er hárrétt. (Gripið fram í.) Þær kosningar munu ekki fara í Norðaust. eins og þær fóru nú. Það er alveg hárrétt.

Ég hef engu við það að bæta sem ég sagði áðan. Núna þegar ein og hálf vika er liðin frá því að núverandi ríkisstjórn tók við verður, a.m.k. af minni hálfu, leitað leiða til að setja þessa framkvæmd í gang eins og markað hefur verið. Einkaframkvæmd eða ríkisframkvæmd, það er allt opið í því og við leitum allra leiða. Aðalatriðið er að verkið fari sem fyrst í gang.

[15:33]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Við höfum skipt svolítið um hlutverk, ég og hæstv. samgönguráðherra. Það er rétt, en þetta finnst mér vera það stórt mál að það sé algjörlega nauðsynlegt að fá fram strax hvar við stöndum í því, slík stóryrði voru látin falla fyrir kosningar um þetta stóra mál. Það eru ekki fáir á þessu svæði, eins og kom fram í máli mínu áðan, sem styðja verkið og það eru ekki fáir sem ég reikna með að hafi tekið þá ákvörðun að styðja Samfylkinguna út á þetta loforð. Og voru þó ekki mjög margir sem studdu Samfylkinguna í því kjördæmi sem hér um ræðir. Var fylgi hennar hvergi minna en einmitt þar.

Þetta finnst mér mikilvægt að komi fram, og komi þá inn í þingtíðindin að hæstv. samgönguráðherra hefur svikið það sem hann sagði við kjósendur fyrir kosningar.

[15:34]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er ánægjulegt að við hv. 2. þm. Norðaust. höfum skipt um hlutverk eins og ég sagði áðan. Það var kominn tími til. Ég vænti þess þó að við þingmenn kjördæmisins alls, undir farsælli forustu hv. þm. Kristjáns Þórs Júlíussonar sem nú er 1. þm. kjördæmisins, getum unnið sameiginlega að því að framfylgja þessu máli og öðrum góðum málum í vegamálum, bæði í okkar kjördæmi sem og í öðrum kjördæmum landsins.

Strandsiglingar.

[15:35]

Atli Gíslason (Vg):

Herra forseti. Ég beini þeirri fyrirspurn til hæstv. samgönguráðherra hvort hann muni beita sér fyrir því að strandsiglingar verði teknar upp á þessu ári að undangengnu útboði eins og hæstv. ráðherra lofaði í kosningabaráttu sinni.

Það mun létta verulega á vegakerfi okkar, minnka mengun og auðvelda hæstv. ráðherra og ríkisstjórninni að lækka flutningskostnað til landsbyggðarfólks.

Í öðru lagi spyr ég hæstv. ráðherra hvað hann hyggist fyrir í samgöngumálum Vestmannaeyinga, bæði til framtíðar litið og í ljósi þeirra stöðu sem uppi er í samgöngumálum Vestmannaeyinga. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að rannsóknum varðandi jarðgöng verði hraðað? Hyggst hann beita sér fyrir því að ný ferja verði keypt þegar í stað? Og hyggst hann beita sér fyrir því að auka tíðni ferða með Herjólfi á álagstímum? Þar horfir til vandræða og Vestmannaeyingar búa sannarlega við átthagafjötra og vinir þeirra sem vilja heimsækja þá til Eyja.

[15:36]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

(**GÁ:** Nú reynir á.) Hæstv. forseti. Margar spurningar hafa komið hér fram. Ég byrja bara aftan frá þar sem hv. þingmaður ræddi um Vestmannaeyjar og bættar samgöngur þangað. Eins og sá ágæti þingmaður sem hér stóð og aðrir hv. þingmenn vita vafalaust er vinna í gangi á vegum Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsens sem felst í að fara yfir fyrirliggjandi gögn og fara ofan í það hvort ástæða sé til að fara í frekari rannsóknir.

Hv. þingmaður spyr út í ferju. Hv. þingmaður á að vita að inni á samgönguáætlun eru 1.600 millj., að mig minnir, á næstu tveimur árum til að byggja nýja Vestmannaeyjaferju. Það eru 3,2 milljarðar eyrnamerktir þar inni til að byggja nýja höfn í Bakkafjöru. Ég vona að það segi allt sem segja þarf um þetta eins og málið stendur í dag.

Varðandi hitt, að létta á vegakerfi landsins, hefur mín skoðun ekkert breyst hvað það varðar, það þarf að gera það. Það er ekki bara umhverfisvænt, það er líka umferðaröryggismál að létta flutninga á landsbyggðinni. En ég bið um aðeins lengri tíma en fimm eða sex daga í ráðherrastól til að fara að framfylgja þessum málum.

[15:38]

Atli Gíslason (Vg):

Herra forseti. Það er eins hér og með Vaðlaheiðargöngin, það fæst ekki orð út úr hæstv. samgönguráðherra. Maður spyr eingöngu um hvað hann hyggist gera og hann segir að hann muni ekkert gera, hann hafi haft of stuttan tíma. Ég veit ekki betur en að hæstv. ráðherra hafi haft nokkur kjörtímabil og alla kosningabaráttuna til að undirbúa það að koma þessum málum af stað.

1.600 millj. í nýja ferju á næstu tveimur árum þýða að Vestmannaeyingar mega bíða eftir henni í 4–5 ár. Það er hreint út sagt allt of langur tími. Með því að leggja það á Vestmannaeyinga að bíða í 4–5 ár eftir ferjunni eru þeir settir áfram í átthagafjötra, átthagafjötra samgangna. Það eru líka brotin á þeim mannréttindi vegna búsetu þeirra sem Eyjamanna. Hæstv. ráðherra ætti að sjá sóma sinn í að drífa í að koma þessari ferju á koppinn. Hann ætti líka að sjá sóma sinn í því að hringja eitt símtal og auka ferðatíðnina milli lands og Eyja, sérstaklega á næturnar með vörur.

[15:39]

Samgönguráðherra (Kristján L. Möller) (Sf):

Virðulegi forseti. Það er ágætt að gremja vinstri grænna skuli koma hérna fram í óundirbúnum fyrirspurnum. Það er ekkert verra að fá þær ofan í umræðuna um stefnuræðu forsætisráðherra. Við hlustuðum auðvitað á formann Vinstri grænna í stefnuumræðunni lýsa því hvað menn væru svekktir og sárir og súrir og allt það eftir ríkisstjórnarmyndun.

Þau stóru orð sem hér hafa verið viðhöfð af hv. þingmanni hitta held ég helst fyrir hann sjálfan. Hann spurði um Vestmannaeyjar og hvað við ætluðum að gera. Ég lýsti því sem er í gildandi samgönguáætlun sem m.a. þingflokkur Vinstri grænna, meðan hann taldi fimm menn, sat hjá og var ekki á móti.

Það er það verkefni sem við erum að vinna að núna og eftir þessa einu og hálfu viku í tíð núverandi ríkisstjórnar er hún enn þá í gildi og það er unnið eftir henni.

[15:40]

Atli Gíslason (Vg):

Herra forseti. Fátt er um svörin ef persónulegar tilfinningar mínar eru orðnar aðaluppistaðan í svörum hæstv. ráðherra, gremja þess sem hér stendur.

Ég er í ágætu skapi í dag. Ég flyt hins vegar fram gremju íbúa Vestmannaeyja sem hafa beðið eftir þessum úrbótum í áraraðir. Ég er talsmaður þeirrar gremju. Þetta eru engin svör: Hyggst vinna að málinu.

Þetta hafa Vestmannaeyingar heyrt í áraraðir, að menn séu að vinna að málum, og það er ekkert að gerast. Vestmannaeyingum hefur verið haldið í óvissu og þeir hafa verið dregnir á asnaeyrum í þessum málum. Það er kominn tími til að það verði tekið af skarið með búsetujafnræði þeirra hvað samgöngur varðar.

Samningar, viljayfirlýsingar og fyrirheit ráðherra.

Beiðni IIG o.fl. um skýrslu, 5. mál. — Þskj. 5.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:42]

Beiðni leyfð til forsætisráðherra með 53 shlj. atkv.

Um fundarstjórn.

Umfjöllun um sjávarútvegsmál.

[15:43]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Mér leikur nokkur forvitni á að vita hvernig forseti hyggst stýra fundum í þessari viku að því er varðar málefni sem snúa að sjávarútvegi og sjávarbyggðum. Ég veit ekki fyrir víst hvort það var hæstv. forseti sem stóð fyrir því að í morgun var haldinn sérstakur fundur þar sem þingmönnum var boðið að hitta starfsmenn Hafrannsóknastofnunar, hvort það var að beiðni hæstv. sjávarútvegsráðherra eða hvort það var ákvörðun formanns þingflokks sjálfstæðismanna.

Allt að því, við fengum a.m.k. að hitta forustumenn Hafrannsóknastofnunar. Um framhald málsins er mér þó ekki ljóst hvað á að verða — sjávarútvegsnefnd þingsins er ekki til.

Ég spyr hæstv. forseta hvernig hann hyggist fjalla um þá alvarlegu stöðu sem annars vegar snýr að sjávarbyggðum og hins vegar þeim tillögum sem við fengum um helgina frá Hafrannsóknastofnun að því er varðar þorskstofninn sérstaklega. Það kemur vissulega öllum landsmönnum við og einkanlega því fólki sem í sjávarbyggðunum býr.

Hvernig hyggst hæstv. forseti halda á þessum málum miðað við núverandi stöðu? Mér þætti vænt um að fá upplýst, hæstv. forseti, hvernig fundarstjórninni verður hagað að þessu leyti.

[15:45]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Ég tek undir orð hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar, það er ástæða til að fá upplýst hjá hæstv. forseta hvernig hann hyggst standa að fundarstjórninni hér og þingstörfunum í ljósi m.a. og sérstaklega þeirrar uppákomu sem varð á þingsetningarfundi sl. fimmtudag þegar sá einstaki atburður varð að meiri hlutinn beitti hér afli sínu til að víkja til hliðar réttum þingskapalögum. Af því leiðir að það er engin sjávarútvegsnefnd starfandi á Alþingi í dag. Þetta var gert til að greiða fyrir pólitískum hrossakaupum stjórnarflokkanna um ráðherra- og ráðuneytahrókeringar og setur Alþingi satt best að segja í ákaflega ankannalegt ljós að samningar úti í bæ og áform framkvæmdarvaldsins um verkaskiptingu sín í milli valda því að þingstörf ganga ekki fyrir sig með eðlilegum hætti og ekki er fylgt settum þingskapalögum. Þetta endurspeglaðist svo í þeim vandræðagangi sem varð þegar Hafrannsóknastofnun var tilbúin með sína ráðgjöf og samkvæmt hefðum hefði sjávarútvegsnefnd Alþingis verið kölluð til og sett inn í það sem í vændum var í trúnaði áður en málið hefði verið gert opinbert. Það var a.m.k. sú skipan sem komst á meðan sá sem hér talar var formaður sjávarútvegsnefndar.

Í staðinn var reynt að boða fulltrúa þingflokka sem í sjálfu sér er góðra gjalda vert til að taka við boðskapnum, en engin fagnefnd þingsins með umboði er sem sagt starfandi á viðkomandi sviði og verður ekki næstu daga þrátt fyrir þær alvarlegu aðstæður sem þarna eru uppi. Hefði einhvern tíma þótt ástæða til að sjávarútvegsnefnd Alþingis væri til þegar boðaður er þorskveiðikvóti upp á 130 þús. tonn og þær fréttir berast að búast megi við því að viðmiðunarstofn þorsks fari niður í sögulegt lágmark á næsta ári. Sama staða gæti hæglega komið upp strax á morgun ef hér verður afgreitt til 2. umr. og nefndar frumvarp frá hæstv. viðskiptaráðherra sem ætti að ganga til efnahags- og viðskiptanefndar en hún er heldur ekki til og verður ekki næstu daga. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. forseta, líka í ljósi þess sem formenn þingflokka stjórnarliðsins gáfu í skyn sl. föstudag, að ef á þyrfti að halda yrði kosið í þessar nefndir — ég held að ég muni þau orð rétt, að það var orðað um það bil þannig að það yrði þá hægt að kjósa nefndirnar ef á þyrfti að halda — og nú þarf á að halda: Er hægt að ná samkomulagi um að síðar á þessum fundi í dag verði kosið í sjávarútvegsnefnd samkvæmt lögum og hún taki til starfa og taki fyrir hönd Alþingis við því að fjalla um ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar og vera samráðsvettvangur af hálfu þingsins um erfiðar ákvarðanir sem fram undan eru í þeim efnum? Eða hvernig annars hyggst hæstv. sjávarútvegsráðherra eiga það samráð sem hann hefur boðað í ræðum að hann hafi áhuga á að verði?

[15:48]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Mér er ljúft að gangast við því að hafa átt frumkvæði að því að ræða við forustumenn stjórnmálaflokkanna á Alþingi um að þeir kæmu saman til að eiga fund með Hafrannsóknastofnun til að fara yfir skýrsluna sem var gerð opinber síðdegis á laugardaginn.

Það er skemmst frá því að segja að þessari beiðni minni var afskaplega vel tekið og fyrir það er ég þakklátur. Ég held að það hafi verið mjög til góðs fyrir alla aðila, ekki síst fyrir þá umræðu sem þarf að fara fram í framtíðinni um þessi mál, að þessi fundur var síðan haldinn í morgun þar sem fulltrúar allra stjórnmálaflokka sátu og átti þess kost að ræða á nokkuð ítarlegum fundi með Hafrannsóknastofnun um þessi mál.

Það er alveg rétt að auðvitað er eðlilegast að samráðsvettvangur sé sjávarútvegsnefnd sem væntanlega verður

sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis. Það liggur nú fyrir að næsta mál á dagskrá Alþingis er einmitt frumvarp til laga um þingsköp Alþingis þar sem boðaðar eru breytingar á nefndaskipan þar sem m.a. verður þá kosin í framhaldi ný nefnd, sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd. Ég trúi því að það sé einlægur vilji þingsins að koma þessu málum sem fyrst í gott form þannig að við getum kosið þessar starfsnefndir og þetta sé um leið viljayfirlýsing frá hv. þingmönnum sem hér töluðu um að greiða svo fyrir þingstörfum að mjög fljótlega verði þessi nefnd kosin þannig að hún geti tekið við því verkefni sínu að fara yfir þau mál sem fyrir henni liggja í sjálfu sér með þessari skýrslu Hafrannsóknastofnunar.

Ég þakka hv. þingmönnum sem hér hafa talað vegna þess að ég leit svo á að málflutningur þeirra væri í þá veruna að hvetja til þess að reynt yrði að greiða fyrir þingstörfum, ljúka þessari vinnu með eðlilegum hætti þannig að hægt verði að kjósa nýjar nefndir sem þörf er á að kjósa, m.a. sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd sem þá getur tekið til við að fara yfir þessi mál.

[15:50]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekkert að tjá mig um það hér og nú hvort það gengur fljótt eða illa að koma frumvörpum ríkisstjórnarinnar í gegnum þingið. Ég hefði hins vegar talið, hæstv. forseti, að á hæstv. forseta hvíldi sú ábyrgð að búa til eðlilegan og lögbundinn farveg fyrir mál í hv. þingi og að hæstv. forseti gæti ekki haldið áfram störfum þingsins með þá stöðu sem uppi er eins og ekkert hafi í skorist. Við erum með mjög brýn mál á sjávarútvegssviðinu. Er það þannig að þau eigi að liggja kyrr í meðförum þingsins næstu daga meðan verið er að afgreiða þessi frumvörp ríkisstjórnarinnar eða hvernig yfirleitt hyggst hæstv. forseti þingsins stýra þessum málum? Er það ef til vill svo, hæstv. forseti, að það verði sjávarútvegsráðherra sem ákveður fundi fyrir hæstv. forseta á nefndasviði? Ég geri út af fyrir sig ekkert lítið úr störfum sjávarútvegsráðherra að því leyti til. Ég tek þeim tilmælum að sjálfsögðu en það er hins vegar ekki samkvæmt formi og venjum þingsins. Ég átta mig ekki alveg á því hvers vegna menn setja málin í þetta far þótt þeir viti hvaða staða er uppi. Reyndar hygg ég að hæstv. sjávarútvegsráðherra hafi kannski vitað fyrir helgi hvað gæti verið uppi varðandi tillögugerð Hafrannsóknastofnunar því að erfitt á ég með að trúa því að forstjóri Hafrannsóknastofnunar hafi sent lið sitt til ICES, Alþjóðahafrannsóknaráðsins, með tillögur sem ráðherrann hafði ekki minnstu hugmynd um.

[15:52]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Það er rétt að það var haldinn fundur í morgun fyrir fulltrúa þingflokka þar sem Hafrannsóknastofnun setti okkur sem þar mættum inn í ástand mála. Þessi fundur stóð frá 10 til 12. Að vísu þurftu allflestir þingmenn að fara frá meðan á þessum fundi stóð til þess að fara í nefndir og kjósa formenn og varaformenn þannig að það var svolítið rót en þó var fundurinn ágætur.

Mér finnst hins vegar að þessi staða sé mjög óþægileg að því leyti að skilaboðin sem við fáum hér í þinginu eru þau að núna eiga stjórnarandstæðingar að vera þægir og góðir og drífa þessi nýju þingsköp og breytingar á Stjórnarráðinu í gegn sem fyrst svo við getum haldið fundi í landbúnaðar- og sjávarútvegsnefnd. Það eru skilaboðin. Mér finnst þetta mjög óþægileg staða og mér finnst þetta ekki þinginu til sóma. Það hefði verið miklu eðlilegra að kjósa í nefndirnar sem þingsköp gerðu ráð fyrir. Þetta er það stórt mál og alvarlegt að annað er tæpast boðlegt. Það er verið að boða að það þurfi að minnka kvótann um þriðjung. Þetta er gífurlegt áfall fyrir okkur öll og mér finnst, virðulegur forseti, að það verði að vera einhver eðlilegur farvegur í þinginu fyrir svona stór mál. Það á ekki að vera eðlilegt að við þurfum að sitja undir skilaboðunum: Þegið þið, verið þið góð, komið málum í gegn sem fyrst hér, þingsköpum og stjórnarráðsbreytingum, af því að þá er hægt að kalla saman sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd. Mér finnst þetta ekki þinginu til sóma, virðulegur forseti, og vonast til að þessu ástandi linni sem fyrst án þess að stjórnarminnihlutinn sé beittur þvingunum.

[15:54]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Auðvitað standa öll efnisleg rök til þess að kjósa án tafar í sjávarútvegsnefnd og láta gildandi lög hafa eðlilegan framgang. Auðvitað hefði verið hægt að hugsa sér þá leið ef meiri hluti hæstv. ríkisstjórnar hefði verið á þeim buxunum að leita eftir samstarfi eða samráði um hlutina að kjósa sérnefnd við þessar aðstæður ef að öðru leyti væri samkomulag eða sæmilegur friður um málsmeðferðina. En það er ekki upp á slíkt boðið. Það vekur reyndar athygli mína að hæstv. forseti svarar í engu því sem til hans er beint í þessum efnum. Við höfum beint spurningum og óskum til hæstv. forseta, bæði á fimmtudaginn og aftur nú, um að forseti standi í ístaðinu fyrir hönd Alþingis og láti ekki niðurlægingu þess gagnvart framkvæmdarvaldinu verða algerlega taumlausa. En auðvitað er það að gerast að framkvæmdarvaldið ákveður úti í bæ hvernig hlutirnir skuli vera og í tilkynningaformi berst Alþingi að það skuli veskú breyta sínu skipulagi eins og framkvæmdarvaldinu úti í bæ þóknast.

Það væri fróðlegt að vita hvort hæstv. ráðherrar og virðulegur forseti hafi kynnt sér ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu um aðskilnað valdsins þar sem rík áhersla er lögð á það að valdið sé þrígreint og löggjafarvaldið sé sjálfstætt og óháð gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Mannréttindasáttmáli Evrópu er þjóðréttarlega skuldbindandi samningur og það er hægt að taka brot af honum fyrir Evrópudómstólinn. Það skyldi ekki vera að mönnum þar á bæ þættu þetta býsna sérkennileg samskipti nýrrar ríkisstjórnar við löggjafarþing sem við erum að upplifa þessa dagana. Allt ber þetta auðvitað að í rangri röð. Fyrst á hæstv. ríkisstjórn að móta og leggja fram hugmyndir sínar um breytta verkaskiptingu í Stjórnarráðinu, fá þær lögteknar, og í framhaldinu bregst Alþingi sjálft við og ákveður hvernig það endurmetur eða breytir skipulagi sínu í samræmi við það sem orðin er niðurstaðan með verkaskiptingu í Stjórnarráðinu. Auðvitað er hér byrjað algerlega á öfugum enda með því að henda inn í Alþingi frumvarpi um breyt-

ingu á þess eigin vinnureglum, þingskapalögunum, vegna þess sem ríkisstjórnin hafi ákveðið úti í bæ í hrossakaupum um ráðuneytaskiptingu. Hér er ekki hátt risið á hlutunum og það kemur ekki til greina að við förum að afgreiða þessi mál í tímapressu sem ríkisstjórnin býr sjálf til vegna þess að það er engin starfandi sjávarútvegsnefnd og engin starfandi efnahags- og viðskiptanefnd. Þá fyrst væri niðurlægingin fullkomin ef Alþingi tæki sér ekki þann tíma sem eðlilegur og nauðsynlegur er til að skoða þessi mál. Það verður gert, a.m.k. af okkar hálfu. Við áskiljum okkur allan rétt til að taka öll þessi mál til vandaðrar efnislegrar umfjöllunar og skoðunar í þingnefndum. Þetta er allt hluti af einum pakka eins og þetta ber að af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og auðvitað væri hið eina rétta að skoða þetta í sumar og haust og afgreiða þær breytingar á haustþingi sem niðurstaða verður um að gera.

Ég ítreka spurningu mína: Er forseti tilbúinn (Forseti hringir.) til að beita sér fyrir því að nú verði kosið í sjávarútvegsnefnd?

[15:57]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill geta þess vegna þess sem hér hefur komið fram að hann leit svo á að komið væri býsna gott samkomulag á milli sjávarútvegsráðherra og forustu þingflokkanna um að hefja umræður um þetta mikilvæga mál sem snýr að sjávarútvegi með því að efnt var til fundar í morgun. Forseti hafði gert ráð fyrir því að í ljósi þeirrar umræðu sem verður og í ljósi þeirrar framvindu sem yrði um 3. dagskrármálið yrði tekin ákvörðun um framhaldið. Forseti hvetur hv. þingmenn til að taka tillit til þess hversu hratt við getum afgreitt 3. dagskrármálið og ég tel að það séu allar líkur á því að innan mjög skamms tíma verði hægt að kjósa þær nefndir sem um er að ræða. Það er engin vá fyrir dyrum enda eins og ég gat um fyrr var komið á tiltekið samkomulag í mínum huga um samráð á milli sjávarútvegsráðherra og forsvarsmanna þingflokkanna.

Þingsköp Alþingis, 1. umr.

Frv. ArnbS og LB, 10. mál (skipan fastanefnda). — Þskj. 10.

[15:59]

Flm. (Arnbjörg Sveinsdóttir) (S):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, sbr. lög nr. 74/1992, 102/1993 og 68/2007. Flutningsmenn erum við formenn þingflokka stjórnarflokkanna, hv. þm. Arnbjörg Sveinsdóttir og Lúðvík Bergvinsson.

Frumvarp þetta er lagt fram til samræmis við frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, sem þingflokkar stjórnarflokkanna hafa sameinast um að flutt verði og ráðgera að verði afgreitt á þessu þingi. Því frumvarpi hefur verið dreift á Alþingi og er þskj. 1 og mál nr. 1 á 134. löggjafarþingi og er á dagskrá í dag.

Með breytingum á þeim lögum verða ráðuneyti sameinuð og breytingar gerðar á heitum ráðuneyta vegna tilfærslu á málaflokkum milli þeirra. Skipan og heiti fastanefnda Alþingis hafa tekið mið af heitum ráðuneyta og skiptingu málaflokka milli þeirra og er í 1. mgr. 23. gr. þingskapa kveðið á um að vísa skuli frumvörpum, þingsályktunartillögum og skýrslum til nefnda eftir efni þeirra og hafa um það hliðsjón af skiptingu málefna í Stjórnarráðinu. Þingnefndir eru samkvæmt nýlegum breytingum á þingsköpum kosnar fyrir allt kjörtímabilið og því mikilvægt að nefndaskipan liggi fyrir þegar í upphafi kjörtímabils og miðist við það hvernig skipan Stjórnarráðsins er ætlað að verða. Með þessu frumvarpi verður því samræmi milli heita ráðuneyta og fastanefnda þingsins og málaflokka.

Þær breytingar sem gert er ráð fyrir eru í fyrsta lagi að efnahags- og viðskiptanefnd verði tvær nefndir sem beri heitin annars vegar efnahags- og skattanefnd og hins vegar viðskiptanefnd.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að annars vegar muni félagsmálanefnd heita félagsmála- og trygginganefnd og hins vegar að heilbrigðis- og tryggingnefnd muni heita heilbrigðisnefnd. Er þetta til samræmis við þau áform að almannatryggingahluti heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins flytjist til félagsmálaráðuneytisins.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að landbúnaðarnefnd annars vegar og sjávarútvegsnefnd hins vegar verði ein nefnd sem beri heitið sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd vegna áforma um að sameina sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti. Gert er ráð fyrir að lögin öðlist gildi samkvæmt 3. gr. frumvarpsins þegar þau hafa verið samþykkt á Alþingi þó svo að breytingar á Stjórnarráðinu taki ekki gildi fyrr en um áramót vegna þess sem fyrr segir um að nefndirnar eru kosnar fyrir allt kjörtímabilið og rétt þykir að koma strax á þeirri nefndaskipan sem ætlað er að gildi út kjörtímabilið.

Þó að breytingar þessar séu til komnar vegna breytinga á Stjórnarráðinu má segja að þær eigi sér ástæður í vinnu þingsins sjálfs því verkefni sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnda hafa verið minni en annarra nefnda síðustu ár en verkefni efnahags- og viðskiptanefndar hafa verið mikil og farið vaxandi. Skiptir í því sambandi ekki minnstu máli lagasetningar um fjármálastarfsemi og neytendamál sem verið hafa til meðferðar í þinginu að undanförnu. Ég hygg því að þessi breyting sé í sjálfu sér til bóta fyrir starfsemi þingsins.

Herra forseti. Ég legg til að mál þetta fari til allsherjarnefndar þegar 1. umr. um það er lokið. Ég vænti þess jafnframt að málið fái skjóta afgreiðslu í þinginu þannig að unnt verði að kjósa í hinar nýju nefndir á allra næstu dögum þannig að nefndaskipan þingsins verði fullokið.

[16:03]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Frú forseti. Það er óhjákvæmilegt að gera hér í byrjun athugasemdir við þau vinnubrögð sem meiri hlutinn ástundar í þessum efnum og það hefðarrof sem nú á sér stað með því að ekki er einu sinni haft fyrir því að kanna hvort áhugi sé á því eða vilji til staðar til að eiga þverpólitískt samstarf um breytingu á þingsköpum eins og ætíð hefur verið gert að ég held svo langt aftur sem skráðar heimildir ná.

Hér kemur frumvarp, flutt af formönnum þingflokka stjórnarliðsins, um breytingu á þingsköpum, sem er sprottið af ákvörðunum stjórnarflokkanna við ríkisstjórnarmyndun

og er klæðaskerasaumað að því og því einu að falla að pólitísku samkomulagi stjórnarflokkanna og hrossakaupum um ráðherraskipan og ráðuneytaskipan til þess að hægt sé að halda sömu tölu ráðherra hjá báðum flokkum og menn lenda út á hallærisbrautir eins og þær að skipta upp ráðuneyti sem verið hefur saman um langt árabil og þvert á kosningaloforð og yfirlýsingar beggja flokka um að fækka ráðuneytum. Menn geta tæpast gefið sjálfum sér lengra nef en þeir gera með þessum hætti.

Það hlýtur að vera stórbrotið fyrir þá hæstv. ráðherra Össur Skarphéðinsson og hæstv. ráðherra Björgvin G. Sigurðsson að birtast nú þjóðinni sem hálfdrættingar á við þá iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem setið hafa í því ráðuneyti að undanförnu. Nú veit ég ekki hvort verkum verður skipt alveg til helminga milli þeirra og ekki verður hlutur sá sem minna ber úr býtum skárri við það ef hann er kannski þriðjungsdrættingur. Kannski það sé þá þannig að hæstv. ráðherra Össur Skarphéðinsson eigi að draga tvo þriðju hluta og hæstv. ráðherra Björgvin Sigurðsson einn þriðja. En það skiptir ekki öllu máli.

Þetta gengur algerlega þvert gegn því sem flokkar hafa boðað, sérstaklega þessir tveir sem reynt hafa að slá keilur á því í pólitískum umræðum undanfarið og sérstaklega nú í aðdraganda kosninganna að þeir vilji hagræða, fækka ráðuneytum og endurskipuleggja Stjórnarráðið á einhverjum slíkum grunni. En hér er sem sagt brotið í blað og pólitíkin færð innar og nær þinginu sjálfu en sennilega oftast áður. Auðvitað er það með miklum endemum að ríkisstjórnin skuli hefja svona samskipti sín við þingið. Eins og ég vék að í upphafi er það þannig að hér er rofin órofa hefð, áratugahefð um að leitað sé eftir samkomulagi og helst algerri þverpólitískri samstöðu um breytingar á skipulagi innan þings.

Síðast þegar þingsköpum var breytt á síðastliðnu vori, á 133. löggjafarþingi, hverjir fluttu þá frumvarp til breytinga á lögum um þingsköp? Það voru hv. þingmenn Sólveig Pétursdóttir, Arnbjörg Sveinsdóttir, Össur Skarphéðinsson, Hjálmar Árnason, Ögmundur Jónasson og Magnús Þór Hafsteinsson. Hverjir voru þetta? Þetta var forseti þingsins og formenn allra þingflokka.

Hvernig var þetta næst á undan þegar meiri háttar breyting var gerð á þingsköpum? Á 117. löggjafarþingi fluttu frumvarpið um breytingu á lögum um þingsköp hv. þingmenn Geir H. Haarde, og við vitum hver hann er, Páll Pétursson, Rannveig Guðmundsdóttir, Ragnar Arnalds og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formenn allra þingflokka.

Hvernig var þetta næst þar á undan þegar meiri háttar breyting var gerð á árunum 1992–1993, á 116. löggjafarþingi? Þá voru flutningsmenn hv. þingmenn Páll Pétursson, Geir H. Haarde, Svavar Gestsson, Össur Skarphéðinsson og Kristín Ástgeirsdóttir. Aftur formenn allra þingflokka.

Næstu meiri háttar breytingar þar á undan voru á 114. löggjafarþingi og þá fluttu frumvarpið á vorþinginu 1991, ef ég man rétt, hv. þingmenn Páll Pétursson, Geir H. Haarde, Guðrún Helgadóttir, Össur Skarphéðinsson og Anna Ólafsdóttir Björnsson. Þannig að meira að segja sömu forustumennirnir stóðu aftur og aftur að því að stuðla að þverpólitískri sátt um þessi mál og öðruvísi mér áður brá. Eru þeir stoltir af arfleifð sinni nú í þessum efnum, hv. þingmenn, hæstv. ráðherrar Geir H. Haarde og Össur Skarphéðinsson, sem í fyrri hlutverkum sínum sem formenn þingflokka höfðu aftur og aftur tekið þátt í að læsa saman þverpólitíska samstöðu um þessa hluti?

Það má meira að segja fara enn þá lengra aftur ef út í það er farið. 1985 varð breyting á þingskapalögum. Málið flutti forsætisráðherra og í athugasemdum við lagafrumvarpið stóð þetta: „Frumvarp þetta er flutt samkvæmt samkomulagi þingflokkanna.“ Sama skipan var á oft á undan. Árið 1983 flutti forsætisráðherra mál og greinargerðin hefst á þessum orðum: „Frumvarp þetta er flutt samkvæmt samkomulagi allra þingflokka.“ 1978, um haustið, fluttu breytingu á þingskapalögum eftirtaldir hv. þingmenn: Lúðvík Jósepsson, Gunnar Thoroddsen, Sighvatur Björgvinsson og Halldór E. Sigurðsson. Ég get farið lengra aftur ef menn vilja. Hefðin er sem sagt þessi, órofin, að menn leita samstöðu um breytingar á þingskapalögum og frumvörpin yfirleitt án undantekninga annaðhvort flutt af forsætisráðherra eða forseta þingsins fyrir hönd allra þingflokka á grundvelli samkomulags þar um eða að formenn þingflokkanna og forseti flytja þau saman. Nú er það liðin tíð og hæstv. ríkisstjórn kýs að hefja samskipti sín við þingið með þessum hætti.

Það alvarlega er í sjálfu sér ekki þessi atburður, enda frumvarpið ekki mikið að vöxtum, að breyta nöfnum á nokkrum þingnefndum, það alvarlega er hugarfarið sem á bak við býr. Þetta er þrælmengað af því hugarfari sem hefur farið versnandi og ágerst undanfarin ár, og allt frá 1991 þegar hér var vissulega brotið í blað í sögum framkvæmdarvalds og löggjafarvalds með ýmsum hætti og á árunum sem á eftir fylgdu, að Alþingi sé ekkert annað en afgreiðslustofnun fyrir framkvæmdarvaldið. Það virðist fara versnandi með hverju kjörtímabilinu sem líður og í hvert skipti sem ríkisstjórn með sterkan meiri hluta á bak við sig sest að völdum hegðar hún sér og telur sjálfsagt að hegða sér eins og henni komi þingið ekki við að öðru leyti en því að hún þurfi að koma þar málum í gegn og þá skuli þingið veskú gera það sem til er ætlast af því í þessum efnum.

Þetta er auðvitað sama hugarfarið og er á ferðinni í stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra, sem ég hafði ætlað að hafa með mér í púltið en ég held ég muni nú orðrétt hvað þar stóð, að ríkisstjórnin hefði ákveðið að setja ráðherrum og alþingismönnum og öðrum slíkum siðareglur. Ríkisstjórnin ákvað það um það leyti sem hún var að verða til að setja alþingismönnum siðareglur. Síðan hvenær varð það hlutverk ríkisstjórnar og framkvæmdarvalds að hlutast til um innri málefni þingsins með þessum hætti? Hvað segja forsetar þingsins? Er það svona sem þeir vilja standa að verki hvað varðar heiður og sóma Alþingis, að hér sé ekki um neitt annað að ræða en stimpil, afgreiðslustofnun fyrir það sem ríkisstjórninni dettur í hug? Útkomuna höfum við m.a. séð strax efnislega í því að þingið er ekki starfhæft með eðlilegum hætti, hér vantar fagnefndir til að takast á við þau mál sem á þeirra verksviði eru. Það er engin sjávarútvegsnefnd til á Alþingi við þær aðstæður að ein mestu ótíðindi í upp undir aldarfjórðung hvað varðar ástand þorskstofnsins koma fram og er þó þingið að störfum. Í raun og veru eru lög brotin með því að hér skuli ekki starfa þingnefnd með umboði á þessu sviði.

Þetta er líka angi af sama hugarfari og birtist í því að meiri hlutinn er ekki öruggari um sig en svo, þó að hann telji 43 menn, að hann passar upp á að stjórnarandstaðan komi hvergi nokkurs staðar nálægt neinu sem lýtur að forustustörfum í þinginu, ekki í einu einasta tilviki svo ég viti til hefur meiri hlutinn lyft litla fingri til þess að sýna að hann vilji að minni hlutinn eigi einhverja hlutdeild, einhverja aðild, hafi einhverja rödd varðandi skipulag og forræði mála hér innan dyra.

Það hefði mátt hugsa sér svo dæmi séu tekin að meiri hlutinn hefði af örlæti sínu boðið upp á að 1. varaforseti þingsins kæmi úr röðum stjórnarandstöðunnar. En nei, nei, nei, það verður að vera stjórnarsinni líka af því að hlutföllin segja að þannig skuli það vera. Það hefði mátt hugsa sér að meiri hlutinn hefði talið veldi sínu ekki stofnað í verulega hættu þó að stjórnarandstöðunni, minni hlutanum, hefði verið boðin ein og ein varaformennska í þingnefnd. Nei, það er of mikið, það væri hættulegt, þá væri fyrst vá fyrir dyrum ef þessi mikli meiri hluti með þetta stóra hjarta mundi missa frá sér eina og eina varaformennsku. Nei, það er ekki hægt.

Af öllu sem við höfum upplifað hingað til verður ekki annað ráðið en að það sé ætlun þessa meiri hluta að beita valdi sínu af ýtrustu hörku, gera ekkert með sjónarmið minni hlutans og halda áhrifum hans eins niðri og takmörkuðum og mögulegt er. Það vissi auðvitað ekki á gott þegar brotin var strax á fyrsta degi sú grunnregla þingskapanna að afbrigðum sé ekki beitt nema í samkomulagi. Hver er hugsunin á bak við það að afbrigði frá þingsköpum séu ekki veitt nema tveir þriðju hlutar þingmanna samþykki? Hún er auðvitað sú að meiri hluti og minni hluti, a.m.k. einhver hluti stjórnarandstöðunnar, minni hlutans á hverjum tíma, sé því sammála, vegna þess að í þingsögunni er það afar fátítt að svo sterkur meiri hluti standi að baki ríkisstjórn að hún geti meira að segja farið fram hjá þessu ákvæði.

En þurftu menn að hugsa sig um hérna á fimmtudaginn var hvort þeir ætluðu að beita þessu afli? Nei, það var ekki einu sinni gert fundarhlé. Forseti svaraði ekki hugmyndum um að menn veltu því fyrir sér hvort fresta mætti kosningunni fram á mánudag þannig að menn gætu aðeins velt þessu fyrir sér. Þannig er nú lýðræðisástin og þingræðisástin djúprætt í brjóstum meiri hlutans. Hvar eru samræðustjórnmálin núna? Hvar er lýðræðisblaðrið í Samfylkingunni eða Mogganum? Hvernig ætlar Mogginn að standa við bakið á þessari fáliðuðu stjórnarandstöðu? Með því að ráðast á hana og rægja hana. Það er aðferð Morgunblaðsins, það er stuðningur þeirrar stofnunar sem telur sig stundum hafa prókúru í þeim efnum þegar kemur að stjórnarandstöðunni núna.

Ég held að meirihlutamenn ættu aðeins að velta því fyrir sér hvort þeir vaxi af þessari framgöngu sinni. Það er enginn vandi að beita afli sínu og allra síst ef það er mjög mikið en það er vandasamt að fara með það og kunna sér hóf og bera virðingu fyrir öðrum grundvallargildum sem þarf líka að hafa í huga eins og þeim að lýðræðið snýst ekki síst um það að vernda rétt minni hluta, að tryggja að skoðanafrelsi ríki, að eðlilegt samráð sé haft um hlutina eftir því sem hægt er. Það þarf enginn af efast um hver ræður að lokum, allra síst við aðstæður eins og þær sem núna eru uppi þegar aflsmunurinn eða liðsmunurinn er jafnmikill og raun ber vitni. Reyndar er ekki endilega víst að það eigi eftir að reynast svo mikill styrkleikamunur þegar upp er staðið því að það er ekki alltaf sama magn og gæði. Þeir ættu að hugleiða það, meirihlutamenn. Það er nefnilega ekki alltaf sama.

Aðalvandinn er sá, virðulegur forseti, að tímaröðin á þessum hlutum er algjörlega fráleit, hún er lítilsvirðing við Alþingi. Síðasta frumvarpið í þessum pakka sem á að takast til umræðu og afgreiðast er þingskapabreytingin, að sjálfsögðu, vegna þess að fyrst á framkvæmdarvaldið að koma með hugmyndir sínar til Alþingis um breytingar á verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins. Alþingi tekur við því, samþykkir það eftir atvikum eða gerir á því breytingar, því að löggjafarvaldið er hér, frú forseti, er það ekki? Þannig er það a.m.k. að nafninu til. Síðan skoða menn í framhaldinu hvort rétt sé að gera breytingar á skipan mála innan þings í samræmi við það sem ákveðið hefur verið um Stjórnarráðið en það er ekki sjálfgefið að Alþingi hafi nefndaskipan sína algerlega eins og ákveðið hefur verið að ráðuneytum og verkefnum þeirra sé skipt. Það er nefnilega ekki þannig. Það væri í sjálfu sér ekkert því til fyrirstöðu að hér störfuðu áfram aðskildar sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndir þó að þau mál væru í einu ráðuneyti og öfugt. Hér hafa iðulega verið dæmi í gegnum þingsöguna um nefndir, fleiri en eina og fleiri en tvær, sem hafa eftir atvikum tekið við verkefnum frá fleiri en einu ráðuneyti og öfugt. Það er því engin ein hrein lína í því. Alþingi kynni vel að vilja skoða það og ákveða sjálft hvernig það skipaði málum í framhaldi af því að niðurstaða væri fengin hvað varðar verkaskiptinguna í Stjórnarráðinu. Þetta er fullkomlega öfug röð á hlutunum, óeðlileg og niðurlægjandi fyrir Alþingi. Það er bara þannig, frú forseti, og sómi meiri hlutans verður ekki mikill af þessu að mínu mati.

Nú er upplýst að mér er tjáð, og það væri fróðlegt ef einhverjir aðstandendur málsins úr stjórnarliðinu aðrir en formenn þingflokka — ég sé að ráðherrabekkurinn er fljótur að gerast þunnskipaður, þeir hafa ekki meiri ást á þingskyldum sínum, nýju ráðherrarnir, en svo að þeir máttu hér varla við bindast í hálftíma eða meira — er það rétt sem sagt hefur verið að ekki einu sinni reglugerðir muni breytast fyrr en um næstu áramót, að þetta sé eingöngu nafnbreyting, táknræn aðgerð fram að næstu áramótum að öllu öðru leyti en því að Samfylkingin fær sína sex stóla? Þetta var verið að upplýsa mig um í dag, að það yrði engin breyting á neinu innan Stjórnarráðsins fyrr en um næstu áramót. Ráðherrar biðja að vísu um að fá að mæta af því að þeir séu tilvonandi ráðherrar byggðamála eða tilvonandi ráðherrar málefna sveitarfélaganna frá og með næstu áramótum en ekki fyrr. Til hvers er þá Alþingi að rjúka til og breyta nefndum sínum? Af hverju höfum við þær ekki í samræmi við gildandi lög og verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins fram að næstu áramótum? Það er auðvitað vandræðaleg viðbára að það sé eitthvert vandamál að kjósa núna í nefndirnar samkvæmt þeim lögum sem í gildi eru og hafa fyrirkomulagið þannig fram að næstu áramótum. Eða hvað? Við hvað ráða menn ekki í þeim efnum? Var kannski svona erfitt að hnoða saman tillögunum um það í hvaða nefndir stjórnarliðar færu að menn treysta sér ekki til að taka það

upp? Var kannski búið að ákveða skiptinguna á grundvelli þess sem Alþingi ætti að gera þegar því yrði sagt fyrir verkum? Eða hvað er svona erfitt við þetta? Hvað er svona óskaplega erfitt við að kjósa aftur í þessar nefndir um næstu áramót? Ekki neitt annað en að pólitískur vilji stjórnarflokkanna stendur bara til að gera þetta einhvern veginn öðruvísi og þá á Alþingi auðvitað að taka við því.

Niðurstaðan er auðvitað sú að þetta mál er sýndarmennska, þetta mál er pólitísk sýndarmennska. Ríkisstjórnin er ekki búin að koma sér saman um þetta eiginlega að neinu leyti. Það er bara eitt sem ríkisstjórnin er búin að ákveða: Það skulu vera tólf ráðherrar, tólf stólar, tólf pláss við borðið. Það er útgangspunkturinn, restin er óútkljáð, kemur bara síðar, verður afgreitt einhvern tíma fyrir áramótin, vonandi. Og sagt er jafnvel að ráðherrarnir segi, ef að þeim er saumað, að þetta sé nú allt ómótað enn þá. En Alþingi á að tefla hér við blindan og afgreiða þetta án þess að hafa neitt í höndunum annað en pólitísk áform ríkisstjórnarinnar um að einhvern veginn svona hugsi hún sér að hafa þetta. Það sé hennar meining að ráðuneytin heiti um það bil þetta og þingnefndirnar þar með. Það eina sem komin er niðurstaða í varðandi fjölda og nöfn, hitt er óútkljáð, hitt er autt blað. Er það þá eðlilegt að Alþingi fari að breyta skipulagi sínu án þess að hafa fyrirliggjandi hina efnislegu niðurstöðu?

Hvað nákvæmlega af þessum viðfangsefnum á að færast þarna á milli? Hvað tilheyrir tryggingaþættinum og fer úr heilbrigðisráðuneytinu yfir í félagsmálaráðuneytið? Hvað fer frá landbúnaðarráðuneytinu undir menntamálaráðuneytið nákvæmlega, hvað fer til umhverfisráðuneytisins og hvað verður eftir? Verður eitthvað hróflað við sjávarútvegsráðuneytinu, verður eitthvað hróflað við iðnaðarráðuneytinu? Er verið að stofna eitthvað í áttina að eiginlegu atvinnuvegaráðuneyti? Nei, það á bara að taka landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið, ekki atvinnuvegaþættina sem heyra undir samgönguráðuneytið eða væntanlega iðnaðarráðuneytið þegar ferðamálin flytjast þangað og svo iðnaðinn sjálfan. Af hverju er þetta gert svona? Þetta er auðvitað algjör óskapnaður, óunnið verk, ekki einu sinni hálfkarað eins og menn segja, af því að sauðburði er rétt að ljúka má kannski nota þá líkingu að þetta er sko ekki einu sinni hálfkarað. Það er ekki hægt að gefa þessum vinnubrögðum háa einkunn á nokkurn hátt.

Hæstv. forsætisráðherra sló um sig á landsfundi Sjálfstæðisflokksins með því að það væri alveg sérstakt keppikefli hans að fækka ráðuneytum og gerði síðan kosningabaráttuna að mínu mati mjög ómaklega út á það að hann spurði að því í eitt einasta skipti á fundi okkar formanna flokkanna hvort samkomulag væri um að gera slíkar breytingar fyrir kosningar þannig að það lægi fyrir eftir kosningar. Inntur að því hvaða hugmyndir hæstv. ráðherra hefði um það þá varð nú fátt um svör og niðurstaðan varð sú að málið koðnaði niður og engum datt í hug um það bil sem fundinum lauk að þetta væru raunhæfar hugmyndir. Það var ekkert í kortunum til þess að afgreiða fyrir kosningar í þessum efnum, enda málið algjörlega óunnið eins og best kemur í ljós núna að ekki einu sinni forsætisráðherra sjálfur, þegar hann hefur aðstöðu til, er með mótaðar eða útfærðar hugmyndir á nokkurn hátt um hvernig skuli gera þetta. Að minnsta kosti á hann, sá góði maður, hæstv. ráðherra, greinilega eftir að semja um það við samstarfsflokkinn.

Langeðlilegast er, frú forseti, að vísa þessum pakka öllum saman frá, biðja hæstv. ríkisstjórn að vinna vinnuna sína í sumar og koma að hausti með mótaðar hugmyndir um þetta þannig að hægt sé að taka á þeim efnislega og afgreiða þetta mál með einhverjum sómasamlegum hætti. Þá getum við haft þetta sumarþing mjög stutt, þetta er hvort sem er allt saman sýndarmennska og við getum lokið störfum hér upp úr miðjum degi á morgun.

[16:24]

Flm. (Arnbjörg Sveinsdóttir) (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrri hluti ræðu hv. þingmanns fór í það að rekja breytingar á þingsköpum og hvernig þær hefði borið að. Var það í sjálfu sér áhugavert, sögulegt yfirlit. En eftir því sem ég best veit voru formenn flokka kallaðir saman og boðið upp á samráð og samstarf um það hvernig þessu yrði hagað að þessu sinni. Það reyndist ekki áhugi fyrir því en þegar málið kemur hér fullmótað inn í Alþingi þá er kvartað yfir því. En ég heyrði ekki betur en hv. þingmaður væri í ræðu sinni jafnframt að kvarta yfir því að það hefðu ekki legið fyrir fullmótaðar hugmyndir á fundi formanna flokka fyrir kosningar. Það er því erfitt að gera hv. þingmanni til hæfis.

Í öðru lagi talaði hv. þingmaður að mestu leyti um stjórnarráðsfrumvarpið sem er á dagskrá hér á eftir og væri hægt að fara yfir það. Þær breytingar sem við erum að gera hér á lögunum um þingsköp Alþingis, í frumvarpinu sem liggur fyrir, eru í rauninni bara praktísk niðurstaða af því að annars vegar standa til breytingar á Stjórnarráðinu og hins vegar það sem við þekkjum héðan úr Alþingi að álag á þingnefndum hefur breyst mjög mikið að undanförnu. Þess vegna er þetta algjörlega eðlileg breyting. Verkefnum sem landbúnaðarnefnd og sjávarútvegsnefnd hafa haft til að fjalla um hefur fækkað mjög en hins vegar var mikið álag á efnahags- og viðskiptanefnd og því eðlilegt að skipta þeirri nefnd upp, annars vegar í efnahags- og skattahlutann og hins vegar í viðskiptanefnd.

Ég hvet því til þess (Forseti hringir.) að hv. þingmaður horfi á þetta með þeim augum og íhugi aðeins hvort hann er ekki sáttari við frumvarpið með það fyrir framan sig.

[16:26]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að hv. þingmaður hljóti að hafa mismælt sig þegar hún sagði að málið kæmi hér inn fullmótað. Nema hv. þingmaður sé svona hrottalega gamansöm í dag að við eigum að taka þessu þannig.

Það er nú aldeilis sem það er fullmótað. Ég var að fara yfir það að í raun og veru er þetta ekki neitt nema ákvörðun um fjölda og nafn. Það er ekkert annað í þessu. Þess vegna er þetta allt saman tóm sýndarmennska. Allt efnisinnihaldið er eftir og á að koma í haust, þ.e. ráðuneytin og annað því um líkt.

Varðandi stjórnarráðsfrumvarpið þá er nú erfitt að aðskilja þetta tvennt. Hv. þingmaður sagði einmitt sjálf að þetta leiddi af breytingunum í stjórnarráðsfrumvarpinu. Nema hvað? Er þá ekki eðlilegast að þetta komi síðast? Jú,

auðvitað, það er hin rétta röð á hlutunum sem ég var að vísa hér til.

Það er mjög dapurlegt að þessi mál skuli vera unnin með þessum hætti. Að þau skuli ekki vera vandlega undirbúin og faglega og að þetta sé einhvers konar heildarendurskipulagning á verkaskiptingu og skipulagi mála innan Stjórnarráðsins fyrst og þá í framhaldinu eftir atvikum þær breytingar sem Alþingi vill gera. Því þetta eru auðvitað mikilsverð mál.

Þegar ég var að lýsa fundinum sem við formenn flokka áttum hér þegar tveir, þrír, fjórir dagar voru eftir af þinginu fyrir þingslit í vor, þá kom þessi hugmynd og var lauslega reifuð. Eru menn tilbúnir til að skoða það að gera einhverjar breytingar þarna? Þá var auðvitað ekkert á bak við það. Það var engin útfærð vinna, engar tillögur sem hönd var á festandi og þess vegna koðnaði málið niður. Það hefur greinilega lítið þroskast síðan.

Hugmyndirnar t.d. um atvinnuvegaráðuneyti, sem lengi hafa verið uppi, hafa væntanlega byggt á því að um yrði að ræða eiginlegt atvinnuvegaráðuneyti. Atvinnumálin yrðu sem slík sameinuð í einu, stóru öflugu ráðuneyti. Það eru áhugaverðar hugmyndir. Við erum tilbúin að skoða það. En þetta er ekki neitt neitt. Þetta er bara bastarður í þeim efnum.

Hin hugmyndin hefur verið að stofna hér matvælaráðuneyti. Það gæti líka verið áhugaverður kostur. Að fara dönsku leiðina eins og Danir sem stofnuðu sitt fødervareministeriet og síðan er þar í danska þinginu fødervareudvalget. (Forseti hringir.) Það er bara önnur leið sem auðvitað kemur til greina að fara. En þetta er hvorki né.

[16:29]

Jón Magnússon (Fl):

Frú forseti. Mér virtist hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vera í svo miklum ham áðan að ég taldi að það væri allt í lagi að bregða sér frá. Til þess að stytta mál mitt get ég hins vegar tekið undir þau efnislegu sjónarmið sem hann kom með varðandi þau vinnubrögð sem hér hafa verið höfð uppi. Hann rakti þau mjög ítarlega í greinargóðri ræðu og gerði það með þeim hætti að hann vék allt til þess tíma og þeirra sjónarmiða sem dr. Gunnar Thoroddsen hafði uppi og allt fram til þess að víkja að ástandi þorskstofna og rekja þetta saman við samræðustjórnmál og hvernig þetta fléttaðist allt í því. Með hvaða hætti ríkisstjórnin mundi misnota og beita þingmeirihluta sínum sem út af fyrir sig er þess eðlis að það verður að taka undir að hluta til og þó sérstaklega varðandi vinnubrögðin vegna þess að það voru engin vandamál fólgin í því að kjósa þær starfsnefndir þingsins sem um var að ræða og þingsköp fjölluðu um. Það var engin ástæða til þess að beita þeim afbrigðum sem gert var. Það var full ástæða til að verða við því fyrst stjórnarandstaðan fór fram á það að kosið yrði í þingnefndirnar. Það var hins vegar ekki gert og við stöndum frammi fyrir því og uppi með þá ákvörðun.

Hér erum við að ræða um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis þar sem um er að ræða ákveðna hagræðingu og ákveðna leiðréttingu sem við í þingflokki Frjálslynda flokksins viljum styðja og greiða fyrir að gangi sína leið í gegnum þingið. Það er þó atriði sem vert er að vekja athygli á af því að þessi lög, þ.e. annars vegar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands og síðan frumvarp til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis sem út af fyrir sig styður þau óeðlilegu vinnubrögð sem hér hafa verið höfð uppi. Varðandi þingsköp Alþingis þá er kveðið á um það í 3. gr. að lög þessi öðlist þegar gildi.

Í greinargerð með frumvarpinu segir, með leyfi forseta:

„Frumvarp til breytingar á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum, er hér lagt fram til samræmis við frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969."

Í 5. gr. frumvarpsins til laga um breytingar á lögum til Stjórnarráðs Íslands segir, með leyfi forseta:

„Lög þessi öðlast þegar gildi að frátöldum a–e-lið 1. gr. og 2. gr." — sem eru þau atriði sem hljóma saman við frumvarp til laga um breytingu á þingsköpum — „sem öðlast gildi 1. janúar 2008."

Það er eiginlega mergurinn málsins og styður mjög það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon fjallaði um áðan, að þarna er um það að ræða að það eru óeðlileg vinnubrögð að fara svona að. Fyrst breytingar á lögum um Stjórnarráðið taka ekki gildi fyrr en 1. janúar 2008, þ.e. hvað varðar a–e-lið 1. gr. og 2. gr., þá var það í sjálfu sér lagalega eðlileg framkvæmd og afgreiðsla að kjósa þingnefndirnar og afgreiða það frumvarp um þingsköp sem hér liggur fyrir á haustþingi. Það liggur ekkert á. Það er ekkert sem knýr á um að gera þetta með öðrum hætti.

Það er því hægt að taka undir algjörlega efnislegt sjónarmið varðandi að hér er um óeðlilega framkvæmd að ræða af hálfu stjórnarmeirihlutans og í andstöðu við það sem verður að telja að eigi að vera eðlileg vinnubrögð Alþingis Íslendinga um það hvernig með skuli fara og hvernig samvinna er milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Undir það skal tekið.

En það skal ítrekað hér að þingflokkur Frjálslynda flokksins hefur fjallað um það frumvarp sem hér er til umræðu og lýsir stuðningi við að vísa því til allsherjarnefndar.

[16:33]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Ég vil í nokkrum orðum lýsa skoðun minni á frumvarpi til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis sem hér er lagt fram af tveimur hv. þm., Arnbjörgu Sveinsdóttur og Lúðvíki Bergvinssyni, þingflokksformönnum flokka sinna.

Ég tek undir orð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar þar sem hann fór yfir breytingar á þingsköpum Alþingis, þær breytingar sem hafa verið gerðar á undanförnum árum og hafa allar verið unnar í samráði og samstarfi þingflokkanna. Ýmist hafa verið lögð fram frumvörp af þingflokksformönnum eða forsætisráðherra og í fullu samráði allra þingflokka.

Það sem mér finnst alvarlegast við þetta mál, hæstv. forseti, er að mér finnst sú lína sem á að vera mjög skýr á milli hins þrískipta valds, löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds, óljóst dregin. Línan á milli þessara stjórnsýslustiga á að vera mjög skýr. Hún er aftur og aftur að þurrkast út og mér finnst endurspeglast í því frumvarpi sem hér ligg-

ur fyrir að það gleymist að Alþingi er sjálfstæð stofnun, löggjafarstofnun, og á að lúta eigin vilja en ekki vera handbendi eða framkvæmdastofnun fyrir framkvæmdarvaldið.

Ég ætla ekki að leggja neinn dóm á þær tillögur sem hér liggja fyrir um hvernig eigi að skipta ráðuneytum og nefndum þingsins. Það er eingöngu það hvernig farið er í þetta mál. Í stjórnarmyndunarviðræðum á hverjum tíma getur það eðlilega verið hluti af stjórnarmyndun að breyta tilhögun Stjórnarráðsins. Örugglega hafa verið umræður í öllum flokkum á undanförnum árum um hvað þar megi betur fara eða hvort ástæða sé til að breyta ráðuneytunum. Það hefur verið gert í okkar flokki líka. Við höfum farið yfir það og hér á eftir verður örugglega gert betur hvað varðar frumvarpið um breytingu á Stjórnarráðinu. Ég ætla þó ekki að leggja neitt mat á það. Það eru eingöngu vinnubrögðin hvað þetta varðar.

Eðlilegast væri að hér kæmi fram frumvarp um breytingu á Stjórnarráðinu. Þegar það liggur fyrir hvernig ríkisstjórnin ætlar að haga sínum málum og þegar ljóst er hvernig skipta eigi verkum á milli þessara nýju ráðuneyta — það er heldur ekki sjálfgefið — væri langeðlilegast að þingið sjálft, að eigin frumkvæði, eins og verið hefur, stjórnarflokkarnir og stjórnarandstaðan, ynni að þeim breytingum sem við hér á Alþingi vildum gera til þess að stjórnsýslan öll, framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið, ynni sem best saman. En það er ekki gert.

Þar að auki skil ég ekki það bráðræði sem liggur í þessu frumvarpi um að koma nefndarskipaninni á núna, breytingunni. Að sönnu segir í lögum um þingsköp Alþingis um breytingar sem voru gerðar núna í lok síðasta þings að kjósa skuli til allra nefnda til fjögurra ára en það er svo sannarlega hægt að breyta því og Alþingi hefur sjálft afl til þess að breyta nefndaskipan sinni. Það tel ég að hefði átt að gera. Þegar þing kemur saman í haust og ljóst er hvernig ráðuneytin verða skipuð ætti Alþingi sjálft að fara í þessa vinnu og þá hefðu þær breytingar tekið gildi um áramót rétt eins og breytingarnar sem eiga að taka gildi hjá Stjórnarráðinu. Þetta finnst mér vera hin eðlilega leið, hin eðlilegu vinnubrögð, með tilliti til þess að vanda skal til verka og gleyma ekki hvert valdsviðið er.

Ég vil líka taka undir önnur orð Steingríms J. Sigfússonar og gera að mínum undir þessum merkjum: Hér ríkir oftar en ekki: Við ráðum. Það er meiri hlutinn sem ræður. Vissulega búum við í lýðræðisþjóðfélagi þar sem meiri hlutinn ræður. En það er líka til list sem heitir samræðulist og sem Samfylkingin fór með inn í kosningabaráttuna sem eitt af höfuðmálum sínum sem átti að gera að breytingu hér í Alþingi, að ná fram samræðustjórnmálum, sem ég trúði í einfeldni minni að fæli í sér að ná betri samvinnu og samkomulagi á milli stjórnar og stjórnarandstöðu og hugsanlega að fara til baka til þeirra vinnubragða að stjórnarandstaðan hefði eitthvað með stjórn þingsins að gera, eins og var hér á árum áður, að hugsanlega væri með samræðustjórnmálum, sérstaklega í ljósi þess mikla meiri hluta sem nú er á Alþingi, hægt að treysta stjórnarandstöðunni, þótt ekki væri nema fyrir varaformannsembætti í einstöku nefndum. En það var ekki gert.

Valdið er vandmeðfarið og það á eftir að reyna á það hér á næsta kjörtímabili, eða svo lengi sem þessi ríkisstjórn situr, að það er jafnvel enn þá vandmeðfarnara að hafa svo sterkan meiri hluta og þurfa ekki að hlusta á stjórnarandstöðuna, að verða ekki að beita sig þeim aga að taka tillit til sjónarmiða annarra og hlusta, hvort sem stjórnarmeirihlutinn tekur tillit til gagnrýni eða gerir skoðanir minni hlutans að sínum. Meiri hlutinn ætti a.m.k. að hlusta.

Ég tel, hæstv. forseti, eins og ég sagði áðan að það hefði átt að byrja á breytingu á lögum um Stjórnarráðið og geyma breytingar á þingsköpum til haustsins, láta þær breytingar ekki taka gildi fyrr en um næstu áramót og kjósa nú samkvæmt þeim lögum sem eru í gildi. Ég hvet hæstv. ríkisstjórn og meiri hlutann á Alþingi til að fara vel með valdið og taka tillit til stjórnarandstöðunnar og ólíkra sjónarmiða.

[16:41]

Guðni Ágústsson (F):

Hæstv. forseti. Hér eiga sér í rauninni stað alveg fáheyrðir atburðir í þingsögunni, og á margan hátt mjög einstakir, bæði hvað varðar þingsköp Alþingis og þá breytingu sem þar er fyrirhuguð og hvað Stjórnarráð Íslands varðar.

Það er fáheyrt að tveir forustumenn í stjórnmálaflokkum skuli taka sér það vald á Þingvöllum við myndun ríkisstjórnar að taka sér bæði þingræðisvaldið í hendur og taka að sér einir og sjálfir að breyta Stjórnarráði Íslands án samkomulags við nokkurn annan. Hæstv. forsætisráðherra, sem enn gegnir því starfi, og sem við framsóknarmenn vorum í samstarfi við, leitaði eftir því í mars, ef ég man rétt, við forustumenn annarra stjórnmálaflokka hvort þeir vildu ganga til breytinga á Stjórnarráðinu. Það var ekki samkomulag um það þá en nú liggur fyrir að menn varðar ekkert lengur um neitt sem heitir samkomulag.

Á nokkrum vordögum á Þingvöllum semja forustumenn þessarar nýju ríkisstjórnar um stórkostlegar breytingar, einir og sjálfir, á Stjórnarráðinu, eftir sínu höfði, eftir því hvað hentar flokkum þeirra en ekki hvað hentar lýðræðinu, hvað hentar þeim ályktunum sem allir flokkar hafa verið sammála um, þ.e. að breytinga væri þörf í Stjórnarráðinu, ekki síst til þess að fækka ráðherrum, kannski úr 12 niður í 10. Nú var það ekki á dagskrá því að nýja helmingaskiptaríkisstjórnin þurfti á því að halda að hafa þá 12 áfram og lét það eftir sér. Hún tekur í rauninni Stjórnarráðið og rífur það í þá snepla sem fáheyrt er að horfa á. Það er mjög undarlegt af jafnreyndum stjórnmálamönnum að leyfa sér þá ósvinnu að búta Stjórnarráðið upp og niður eftir því hvað hentar flokkunum.

Ég beið eftir því að Samfylkingin fengi ráðherra án ráðuneytis. Minnsta ráðuneytið var allt í einu eitthvað sem hægt var að skipta upp, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, til þess að koma tveimur vinum og félögum úr öðrum flokknum þar inn og þeir gætu átt þar félagsskap með örfáum embættismönnum. Síðan var hægt að ráðast að grundvallaratvinnuvegi þjóðarinnar, landbúnaðinum.

Hér er svo margt óljóst við upphaf þessarar umræðu, m.a. um þingsköpin. Þau ættu náttúrlega að koma á eftir, menn ættu að ræða Stjórnarráðið fyrst því að við höfum ekki hugmynd um hvað er á bak við þá samninga sem gerðir voru á Þingvöllum.

Auðvitað er fáheyrt, hæstv. forseti, að forustumenn þessara ríkisstjórnarflokka, þeir sem svo véluðu um þessi

mál á Þingvöllum, skuli ekki sitja hér í þessum sal. Á ég við hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra. Sannarlega er það nú svo að það hefur ekki komið upp úr pökkunum hvað stendur í rauninni til í kringum Stjórnarráðið. Við vitum að það eru margar breytingar í aðsigi en við vitum að þeir ætla að fá reglugerðarvald til að gera nánast það sem þeim dettur í hug. Þess vegna ætti náttúrlega að vera krafa þingsins að þessari umræðu yrði frestað og farið yfir málið með nýjum hætti.

Allir stjórnmálaflokkarnir voru sammála um að breytinga væri þörf. Við vorum kannski ekki alveg á einni línu um hvaða breytingar ættu að eiga sér stað. Flestir flokkar voru þó á því, og stjórnmálamenn, að ráðuneyti yrðu u.þ.b. 10, það væri jafnræði á milli ráðuneytanna og að verkefni sem væru lík og skyld færðust til. Um þetta höfðu þing flokkanna fjallað og farið yfir.

Ég verð að segja hér, hæstv. forseti, að mér finnst það mikið virðingarleysi af hæstv. forsætisráðherra sem í mars fundaði með stjórnarandstöðu um þetta mál, og taldi þá skipta að reyna að ná samstöðu um það, að hafa síðan setið nokkrar vornætur á Þingvöllum með forustumanni Samfylkingarinnar og samið um það fyrir hönd flokka sinna og Alþingis Íslendinga.

Ég veit það sem ég stend hér að margir af þingmönnum stjórnarliðsins, hvort sem það eru sjálfstæðismenn eða samfylkingarmenn, hafa ekki hugmynd um hvað er í þeim pökkum sem þetta háttvirta kærustupar á Þingvöllum skrifaði undir. Það er leynilisti sem ekki hefur verið gefinn upp.

Það hlýtur að vera skýr krafa okkar sem þingmanna í æðstu stofnun Íslendinga á hinu háa Alþingi að frá þessum pökkum verði leyst og frá því skýrt hvað í vændum er í málinu. Fyrr er í rauninni ekki hægt að halda áfram störfum þingsins.

Við heyrum alls konar gróusögur, bæði úr þingflokkum stjórnarliðanna, hvað þar er og hverju þeir eru á móti, hvað þeir ætli að snúa niður, hverju breyta fram til áramóta og hafa með öðrum hætti. Þess vegna er mikið óráð að halda þessum fundi áfram, hæstv. forseti.

Ég verð að segja fyrir mig að mér finnst það mikið virðingarleysi, hæstv. forseti, að hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra skuli ekki sjá sóma sinn í því að vera við þessa umræðu. Þetta er fólkið sem veit hvað í þessum pökkum er. Hvort á eggið eða hænan að koma á undan? Auðvitað hljótum við að fjalla hér fyrst um breytingarnar á Stjórnarráðinu. Síðan sníðum við þingskapalögin að því sem við ákveðum um breytingarnar á Stjórnarráðinu.

Ég verð að segja fyrir mig að miðað við það sem stendur í stjórnarsáttmála, miðað við það sem sagt hefur verið hér í stefnuræðum ríkisstjórnarinnar, er í mínum huga ekkert ljóst í málinu. Mér er sagt að mörg þörf verkefni sem í Stjórnarráðinu hafa verið séu að fara í ferðalag. Um þetta eru óljósar kjaftasögur sem engin leið er fyrir Alþingi Íslendinga að sætta sig við. Það er t.d. sagt að málefni sveitarfélaganna fari í samgönguráðuneytið, eins og þau séu vegagerðarmál. Það er sagt að skógrækt og landgræðsla séu höggnar af landbúnaðinum þótt það liggi fyrir að skógrækt og landgræðsla um allan heim séu landbúnaðarmál, málefni atvinnuvegarins og skipta miklu máli. Þetta verðum við að fá á hreint. Það er jafnvel sagt að búvörusamningarnir séu að fara inn í fjármálaráðuneytið. Það er sagt að Íbúðalánasjóður fari þar á líknardeild og verði seldur. Enginn í stjórnarliðinu hefur getað svarað þeim spurningum sem settar hafa verið fram um þetta efni.

Það er sagt að landbúnaðarháskólarnir með öllum vísindamönnum landbúnaðarins muni hverfa undir menntamálaráðuneytið. Það hlýtur að vera skýlaus krafa að áður en við ræðum þingsköpin ræðum við af fullri hreinskilni hvaða breytingar eru í vændum af hálfu stjórnarflokkanna hvað Stjórnarráðið varðar. Fyrr er ekki hægt að ræða þingskapamálið því það verður að liggja fyrir.

Þar fyrir utan tek ég undir það sem hér hefur komið fram, vissulega er ástæðulaust að ræða þetta á vorþingi því margt af þessu á ekki að koma til framkvæmda fyrr en um næstu áramót.

Ég verð að segja fyrir mig að mér finnst lítið hafa lagst fyrir Sjálfstæðisflokkinn sem hefur gefið sig út fyrir að vera landbúnaðarsinnaður flokkur — svo hefur hann sagt — en með Samfylkingunni er á einni vornóttu reynt að vega þannig að íslenskum landbúnaði að hann bíði skaða af. Þetta er ábyrgðarhlutur (Gripið fram í.) sem ekki er hægt að sætta sig við. Þeim mun meiri skömm er að því, hv. þingmaður, að gera það á Þingvöllum sjálfum þar sem löggjafarsamkoman var haldin, þar sem Ísland sótti frelsi sitt, þar sem barist var af heiðarleika og manndómi, þar sem ekkert var haft í felum heldur allt haft uppi við.

Nú er það svo að þessir nýju foringjar ríkisstjórnarinnar ætla að hafa allt í felum. Þau ætla að hafa það í felum fyrir stjórnarandstöðunni. Þeim er alveg sama þótt það sé í felum fyrir stjórnarliðum sínum líka því þau vita sem er að þótt tveir eða þrír verði með mótþróa skipta þeir páfar engu í umræðunni. Þau ráða ferðinni með 42–43 mönnum í þinginu og geta farið vilja sínum fram hvernig sem þeim sýnist.

Þetta er ábyrgðarhlutur fyrir hv. þingmenn sem hér eru nýkjörnir á þing og hafa skap og skapsmuni til að rísa upp gegn ofbeldi og eru líklegir til þess. Heiti ég nú á unga og vaska menn að láta ekki bjóða sér í sínum flokkum að svona verði farið með þingræðið, Stjórnarráð Íslands þannig leikið að það verði í tætlum hér og þar og menn gangi til starfa þingsins án þess það sé ljóst hvað í pökkunum var sem bundið var um á Þingvöllum.

Ég geri kröfu til þess, hæstv. forseti, áður en þessari umræðu verður haldið lengra að við fáum að vita um hvað var samið á Þingvöllum. Hvernig á að breyta Stjórnarráði Íslendinga? Hér kemur t.d. hæstv. iðnaðarráðherra sem situr í einum bútnum af iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu sem áður var lítið fyrir og tók með sér félaga sinn í hinn bútinn. Ég geri skýlausa kröfu til þess hér við þessa umræðu að hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra skýri frá því í heild sinni hvaða breytinga er að vænta á Stjórnarráðinu. Það er ekki hægt að sitja hér uppi með kjaftasögur utan úr bæ eða sögusagnir sem ganga á milli þingmanna. Við verðum að fá þetta mál upp á borðið eins og það liggur.

[16:53]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert fyrir okkur sem hér erum ný að afloknum kosningum að fylgjast með þessari umræðu. Hér hafa stjórnarandstæðingar haft uppi harða

gagnrýni sem skipta má í þrennt.

Í fyrsta lagi er bent á algeran skort á samráði við undirbúning breytinga á þingsköpum.

Í öðru lagi er bent á að hér er verið að brjóta áralanga hefð, áratugalanga hefð hvað varðar undirbúning slíkra mála með því að frumvarpið er ekki lagt fram í nafni allra þingflokka, forsætisráðherra eða forseta fyrir þeirra hönd.

Í þriðja lagi hefur verið bent á að hér er byrjað algjörlega á öfugum enda með því að taka fyrst til umræðu breytingar á þingsköpum Alþingis sem eiga að leiða af breytingum á öðrum lögum sem ekki eru komin á dagskrá.

Það verður að segjast eins og er, virðulegi forseti, að viðbrögð ríkisstjórnarflokkanna við þessari gagnrýni hafa verið ærið snautleg. Hér hefur engu verið svarað sem málefnalegt má teljast. Einu svörin sem hér hafa komið fram eru þessi: Svona ætlum við að hafa þetta, já, um næstu áramót. Þingið á að afgreiða þetta svona, svo ætlum við að breyta hinu þegar við erum búin að finna einhverjar leiðir til þess.

Hér hefur aðeins einn 43 manna meiri hluta ríkisstjórnarflokkanna verið til andsvara. Mitt erindi í þennan ræðustól, virðulegi forseti, er að kalla eftir afstöðu samfylkingarmanna. Annar af tveimur flutningsmönnum þessa frumvarps er hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, formaður þingflokks Samfylkingarinnar. Hann hefur ekki verið mikið við umræðuna, virðulegi forseti, fremur en aðrir fulltrúar Samfylkingarinnar í þessum sal. Ég lýsi eftir afstöðu flutningsmanns og annarra samfylkingarþingmanna, þessara boðbera samræðulistarinnar í stjórnmálum. Mér finnst snautlegt að heyra ekkert frá þessum nýja ríkisstjórnarflokki.

En hér er nú í salnum einn hæstv. ráðherra úr bútaráðuneytinu, sem áður var lýst, og, eins og ég segi, virðulegi forseti, erindi mitt í þennan stól er ekki annað en að lýsa eftir viðbrögðum Samfylkingarinnar. Og ég þakka fyrir, þau munu í augsýn.

[16:56]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér þótti hv. þingmaður tala helst til óvirðulega um mitt góða ráðuneyti en ég vona að ég vinni henni og öðrum vel með sæti mínu þar.

Hv. þingmaður talaði um bútaráðuneyti. Það er þá rétt að (Gripið fram í.) — nei, hv. þingmaður gerði það — rifja það upp að í síðasta skiptið sem þessi aðskilnaður var sat einmitt í sæti hæstv. iðnaðarráðherra Hjörleifur Guttormsson og sá sem fór með hinn bútinn, eins og hv. þingmaður kallar það, er nú einn af leiðtogum lífs hennar, sjálfur Svavar Gestsson. Það er ekki leiðum að líkjast.

[16:57]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki var þetta málefnalegt svar. Það hefur farið svo fyrir hæstv. iðnaðarráðherra einu sinni sem oftar að hann leitar í fortíðina, fortíð sína í öðrum pólitískum flokkum.

Hann má gera það. Ég er hingað komin til þess að líta til framtíðar. Ég kæri mig lítið um hvað gerðist 1938, 1978 eða 1998, hæstv. iðnaðarráðherra, ég vil vita hvað á að gerast á árinu 2008. Þá er okkur sagt að eigi að breyta skipan Stjórnarráðsins, og ég spyr: Af hverju hafa samfylkingarmenn ekki döngun í sér til þess að koma hér og lýsa skoðun sinni á því frumvarpi sem hér er til umræðu og á þeirri gagnrýni sem hefur verið sett fram á málsmeðferðina?

[16:58]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hið fornkveðna segir: Að fortíð skal hyggja þegar framtíð skal byggja. Ég er stoltur af þeirri samfylgd sem ég átti með hv. þingmanni í Alþýðubandalaginu forðum tíð. Mér líkaði bara þokkalega vel við þá sem ég var samferða þá, m.a. þann iðnaðarráðherra fyrrverandi sem ég nefndi. Ég mun svo hugsanlega gera á eftir grein fyrir afstöðu minni til skiptingar Stjórnarráðsins þegar það mál kemur á dagskrá.

Ég vildi einungis koma hingað til að mótmæla því mér fannst hv. þm. Álfheiður Ingadóttir gera lítið úr þeim mönnum sem áður gegndu embætti t.d. viðskiptaráðherra og ekki síst mínum gamla, góða félaga Svavari Gestssyni. Ég minnist þess að við þrjú deildum mörgum góðum stundum saman í þeim flokki sem ég minntist á áðan. (Gripið fram í.)

[16:59]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn óska ég eftir því að heyra viðbrögð Samfylkingarinnar við þeim málum sem hér eru á dagskrá. Ég óska eiginlega eftir því að annar flutningsmaður þessa frumvarps, hv. þm. Lúðvík Bergvinsson, sem hér er í salnum, skýri okkur aðeins frá því og svari þeirri gagnrýni sem hér hefur verið sett fram.

Við hæstv. iðnaðarráðherra vil ég segja þetta: Ég endurtók það sem áður hafði verið sagt hér í þessum ræðustól um bútasauminn sem upp er tekinn í Stjórnarráðinu og menn vita ekki hvert muni leiða. Ýmis önnur orð hafa fallið um skiptingu ráðuneyta hér, m.a. var rætt um hvernig hæstv. iðnaðarráðherra væri nú settur í þá stöðu að vera hálfdrættingur á við forvera sinn, hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur. Ekki sá hæstv. ráðherra ástæðu til að gera athugasemdir við það. Hann sá ástæðu til að gera athugasemdir við mál mitt og ég skal bara biðjast velvirðingar á því hafi það farið fyrir brjóstið á honum. En eins og ég segi er erindi mitt í þennan ræðustól, virðulegi forseti, að leita eftir afstöðu Samfylkingarinnar til þeirra mála og til þeirrar málsmeðferðar sem hér er viðhöfð. (**Iðnrh.:** Mér er sæmd að því að vera hálfdrættingur á við Valgerði.)

[17:01]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Frú forseti. Ég kem upp til að ítreka spurningar hv. þm. Guðna Ágústssonar og af því að hæstv. forsætisráðherra var í sæti sínu fyrir augnabliki síðan gerði ég ráð fyrir að hann væri kominn til þingsalar til þess að svara spurningum sem hér voru upp bornar um hvað samið var milli stjórnarflokkanna og kannski líka um hvað var ekki samið. Hvað liggur fyrir um þetta mál? Á ekki Alþingi heimtingu á því að formenn stjórnarflokkanna geri grein fyrir því við 1. umr. um

eitt mál af þessum pakka, fyrsta málið í þessum pakka sem varðar breytingu á Stjórnarráðinu sem er klæðskerasaumuð eða bútasaumuð — og finnst mér þeirri ágætu listgrein í raun gerður lítill heiður með því að líkja þessu við bútasaum, því að auðvitað er bútasaumur göfug listgrein en þetta sem hér hefur átt sér stað á nú ekkert skylt við það. Þetta eru einfaldlega pólitísk hrossakaup og reddingar til að búa til tólf ráðuneyti fyrir tólf ráðherra. En það væri ástæða til að fá hér upplýst að því marki sem það liggur ljóst fyrir og hægt er að upplýsa það: Um hvað var samið? Hvað liggur fyrir í þessu máli efnislega? Heiðarleg svör. Ef það er svoleiðis, sem manni býður í grun, að stjórnarflokkarnir eigi kannski í umtalsverðum mæli eftir að útkljá þetta sín í milli, þá það. En fáum það þá hér fram þannig að ekki sé verið að pukrast með málið heldur liggi bara ljóst fyrir þegar það kemur til kasta Alþingis og Alþingi er ætlað að fjalla um það, hvað er samningsbundið milli stjórnarflokkanna í þessum efnum og hvað ekki, hvað er hægt að upplýsa nákvæmlega um efnislega tilfærslu verkefna undir þessum hatti, því að það segir ósköp lítið þó að breytt sé um nöfn á ráðuneytum eins og hér er verið að gera. Í raun og veru liggur ekkert fyrir í þessum efnum annað en tvennt, það eru hinar nýju nafngiftir og það er fjöldinn, sem merkilegt nokk kom aftur út á tólf.

Svo fyndist mér líka prýðilegt ef hæstv. forsætisráðherra á erindi í ræðustólinn, sér ástæðu til að ómaka sig hingað — það er ekki löng leið, þetta eru þrjú skref — að hann upplýsi okkur um sinnaskipti sín frá því að hann á landsfundi Sjálfstæðisflokksins lagði ríka áherslu á að fækka bæri ráðuneytunum a.m.k. niður í tíu. Hvað hefur gerst síðan þá? Hafa völd og áhrif hæstv. forsætisráðherra minnkað? Hefur hann tekið einhverjum sinnaskiptum eða hvernig hugsar hæstv. ráðherra sér að hafa þetta? Er þess kannski að vænta að fækkunin komi fram síðar? Verða einhverjir ráðherrar settir út á miðju kjörtímabili og óskatölunni tíu náð? Hvernig er planið, hvað liggur til grundvallar? Eða á þetta bara að prjónast af fingrum fram, spilast af fingrum fram? Er verið að prjóna flíkina utan um búkinn sem á að vera í henni síðar meir? Það hefur aldrei þótt gæfulegt að prjóna peysur þannig. Mér finnst að hæstv. forsætisráðherra gæti greitt fyrir umræðunni með því að koma hér upp og sýna a.m.k. lit í því að svara því sem til hans hefur verið beint í formi spurninga.

[17:05]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Síst af öllu vildi ég neita hv. þingmanni um að koma í ræðustólinn.

Málið sem hér er til umræðu varðar þingsköp Alþingis. Stjórnarráðsfrumvarpið er næsta mál á dagskrá og þar mun ég gera grein fyrir því sem að því lýtur. Þingskapafrumvarpið er mjög einfalt mál. Það gerir ráð fyrir minni háttar breytingum á nefndaskipan Alþingis sem leiðir af breytingum á Stjórnarráði Íslands sem eru flestum vel kunnugar vegna þess að þær hafa verið til umræðu í mörg ár. Það hefur verið til umræðu í mörg ár í þinginu að skipta upp efnahags- og viðskiptanefnd vegna þess hversu vinnuálagið er ójafnt í nefndum þingsins. Það hefur líka verið talað um það í mörg ár að lítið væri að gera í landbúnaðarnefnd og það væri ekki óeðlilegt að hún sameinaðist sjávarútvegsnefnd eins og ætlunin er að gera með þessum tillögum. Síðan er verið að breyta heitum á heilbrigðis- og félagsmálanefndum til samræmis við það sem alkunna er að ætlunin er að flytja verkefni á milli þessara tveggja ráðuneyta og þetta er breyting til samræmis.

Þetta er allt og sumt sem um er að ræða í þessu litla frumvarpi um þingsköp. Þeir sem hafa kvartað undan því að ekki sé búið að kjósa hér í tilteknar þingnefndir ættu kannski að sjá sóma sinn í því að hraða því að hægt sé að kjósa í nefndirnar með því að greiða fyrir því að þetta frumvarp verði afgreitt. Þannig stendur þetta mál.

Ég skal síðan ræða breytingar á Stjórnarráðinu, það sem í því frumvarpi felst og ýmislegt fleira sem um það mál má segja þegar málið kemst á dagskrá, en það kemst náttúrlega ekki á dagskrá fyrr en umræðunni um þetta tiltekna mál er lokið.

[17:06]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir að leggja á sig það mikla erfiði að ganga þessi þrjú skref hér í ræðustólinn og tala við okkur af því lítillæti sem hann gerði. Nú er í raun málið borið þannig upp að þetta sé af umhyggju fyrir vinnuálagi þingmanna í tilteknum þingnefndum. Er það upphafspunktur þessa máls? Telur hæstv. forsætisráðherra að það gangi sem söguskýring? Ætli allir sjái ekki hvernig málið er búið? Það er vegna þess að ríkisstjórnin þurfti að koma saman þessum samningum sínum og þrautalendingin varð sú, til þess að skaffa Samfylkingunni sex ráðuneyti, að skipta upp iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu. Það var aldrei sérstaklega til umræðu í umfjöllun manna um að stofna atvinnuvegaráðuneyti og fækka ráðuneytum að skipta einu af léttari ráðuneytunum upp, og það er nú ekki afleiðing af því að létta þurfi vinnuálag í Alþingi, eða hvað?

Í öðru lagi má spyrja: Hvers vegna er þessi röð höfð á hlutunum? Af hverju er ekki stjórnarráðsfrumvarpið rætt fyrst og frumvarpið sem af því leiðir í kjölfarið?

Svo kemur auðvitað hótunin: Þið eruð að kvarta undan því, segir hæstv. forsætisráðherra á mannamáli, að ekki sé kosið hér í þingnefndir. Drífið þetta þá í gegn þannig að hægt sé að gera það. Þetta er það sem hæstv. forsætisráðherra segir hér á mannamáli við Alþingi. Drífið þetta í gegn, setjið færibandið í gang og hættið þessu röfli um að ekki sé farið að þingsköpum og ekki kosið í nefndir.

En hæstv. forsætisráðherra verður að bera ábyrgð á því, ásamt með meiri hluta sínum og þeim forsetum sem fara hér af stað sem æðileiðitamir sínum arfakóngum og herrum — ekki hafa þeir hreyft mótmælum, ekki hafa þeir andæft hér fyrir hönd þingsins — að það er ríkisstjórnin sem ákveður þessa röð. Ríkisstjórnin ákveður dagskrá þingsins, ríkisstjórnin ákveður hvernig mál ber hér að, ríkisstjórnin ákveður hvernig þetta skuli vera og ekki einu sinni hún öll heldur tvær manneskjur sem ákveða það hvernig hlutirnir skuli ganga fyrir sig á Alþingi. Það er veruleikinn, frú forseti, sem við okkur blasir og ég tek því þannig meðan forsætisráðherra (Forseti hringir.) mótmælir því ekki hér úr ræðustólnum að hann sé því sammála.

[17:09]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eflaust má deila um röð mála á dagskrá þingsins en ég geri ráð fyrir að forseti hafi viljað greiða fyrir því að hægt væri að kjósa þær þingnefndir sem á eftir að kjósa hér. Ég gat þess sérstaklega í máli mínu að frumvarp þetta leiddi af fyrirhuguðum breytingum á stjórnarráðslögunum. En það er jafnframt þannig og það vita menn sem hér hafa verið lengi í efnahags- og viðskiptanefnd m.a. að þar hefur verið mikið vinnuálag vegna þess að þangað koma þung frumvörp úr tveimur ráðuneytum. Það hefur verið rætt hér sérstaklega að rétt væri að taka viðskiptahlutann og setja hann annað og það gengur þá ágætlega upp í samræmi við breytingarnar á Stjórnarráðinu.

Það er eitt, virðulegi forseti, sem mönnum er tíðrætt um hér og það er að framkvæmdarvaldið sé að níðast á Alþingi rétt eins og ráðherrarnir í ríkisstjórninni séu ekki líka þingmenn og hafi ekki sinn rétt sem slíkir, rétt eins og þeir þingflokksformenn sem flytja þetta þingskapafrumvarp hafi ekki sama rétt og aðrir þingmenn. Það er afskaplega óviðeigandi hvernig hér er talað til annarra þingmanna. Þeim hættir nefnilega til þess sumum í stjórnarandstöðunni að tala um stjórnarandstöðuna sem Alþingi, að þingmenn í stjórnarmeirihluta séu hluti af framkvæmdarvaldinu en Alþingi sé stjórnarandstaðan. Þetta er alveg herfilegur misskilningur.

[17:10]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú er hæstv. forsætisráðherra kominn í gírinn og farinn að kenna okkur þingmönnum hvernig þetta eigi að ganga fyrir sig hérna og að við eigum ekki að vera með óþarfamúður um hlutina. Já, þetta er vegna vinnuálagsins í efnahags- og viðskiptanefnd. Það er vissulega rétt að þingnefndirnar eru misþungar en þó er það mjög breytilegt eftir árum. Það er t.d. alls ekki svo að sjávarútvegsnefnd eða landbúnaðarnefnd hafi alltaf haft lítið að gera. Stundum hafa þær verið aðalnefndir þingsins. Það skyldi nú ekki fara svo að sjávarútvegsnefnd Alþingis hefði ærið að starfa næstu vikurnar, mánuðina og missirin ef svo heldur sem horfir með ástandið í sjávarútveginum og það yrði fullt verkefni fyrir eina þingnefnd að fara með þau mál? Ég sé ekki betur en að verið sé að búa til aðra mjög þunga nefnd með því að sameina þessa málaflokka tvo í eina þingnefnd.

Fjárlaganefnd er gríðarlega störfum hlaðin frá hausti og fram að áramótum, engum dettur í hug að skipta henni upp. Nei, menn fjölga að vísu í þeirri nefnd og hafa þar meiri liðsafla og það væri auðvitað hægt að hugsa sér að gera það, að styrkja efnahags- og viðskiptanefnd þannig út af fyrir sig ef menn hefðu áhyggjur þar af vinnuálaginu. Einhvern veginn hefur þetta allt saman gengið hér að undanförnu og það hefur verið eftirsótt að vera í efnahags- og viðskiptanefnd þannig að það eru fátækleg rök.

Framkvæmdarvaldið er auðvitað að hlutast til um innri mál þingsins með þessum hætti, aðferðafræðin sýnir það. Ég fór yfir það í framsögu minni — og það er nú gaman að hafa hæstv. forsætisráðherra loksins í salnum — að hér er brotin órofa hefð, a.m.k. á lýðveldistímanum, sem hefur verið sú að allar meiri háttar breytingar á þingsköpum hafa verið gerðar í samkomulagi og frumvörp þar um hafa ævinlega verið flutt af fulltrúum allra flokka eða forsætisráðherra eða forseta fyrir hönd þeirra á grundvelli samkomulags sem fyrir hefur legið. Hæstv. forsætisráðherra situr uppi með það að hann ber ábyrgð á því að rjúfa þessa hefð hér einhliða (Forseti hringir.) án þess að hafa lyft litla fingri til þess að reyna að ná um þetta samkomulagi.

[17:13]

Guðni Ágústsson (F):

Hæstv. forseti. Ég vil segja að þetta er í rauninni eitt og sama málið. Verið er að gera stórkostlegar breytingar á Stjórnarráðinu sem við höfum ekki hugmynd um í hverju eru fólgnar og er byrjað hér á þingskapaumræðu. Ég verð að segja fyrir mig við hæstv. forsætisráðherra að það sem kemur mér á óvart og ég hafði farið yfir áður en hæstv. forsætisráðherra gekk í salinn og ég tala nú ekki um hæstv. utanríkisráðherra — mér þykir vænt um að sjá þau bæði í salnum — að þetta er eitthvert mesta leyniplagg, breytingar á Stjórnarráðinu, sem tveir þingmenn, annar þá forsætisráðherra, hinn væntanlegur utanríkisráðherra, hafa tekið að sér að semja um á Þingvöllum. Það liggur fyrir í þessari umræðu að mjög margir þingmenn stjórnarflokkanna hafa ekki hugmynd um hvað í pakkanum er, eins og ég fór hér yfir. Það er því mikið vald sem tveir menn geta tekið sér á hendur. Þess vegna er það auðvitað skýr krafa okkar og vonandi verður það svo að forsætisráðherra leysir frá skjóðunni, frá leyndarmálapökkunum á Þingvöllum, hér á eftir við umræðu um næsta mál.

Ég held að það væri heillavænlegt fyrir hæstv. ríkisstjórn að fela hæstv. forseta, nýkjörnum forseta þingsins, og forsætisnefnd að vinna að sátt um þessi mál í sumar því að í rauninni liggur ekkert á þessum breytingum.

Ég vil mótmæla þeim orðum hæstv. forsætisráðherra að lítið hafi verið um að vera í landbúnaðarnefnd á síðasta kjörtímabili. Stærstu málaflokkar landbúnaðarins voru hér vetur eftir vetur í umfjöllun í landbúnaðarnefnd og mestu breytingar sem gerðar hafa verið á stoðkerfi landbúnaðarins og hinum flóknu málaflokkum sem heyra undir landbúnaðinn. Þetta er mikil lítilsvirðing af hálfu hæstv. ráðherra í garð landbúnaðarins og þeirrar vinnu sem hann á að þekkja úr hæstv. ríkisstjórn þannig að ég vil mótmæla því. Í rauninni hafa öll lög og allir málaflokkar landbúnaðarins verið teknir til umræðu og endurskoðunar á síðustu fjórum árum.

Er þetta hin nýja virðing sem Sjálfstæðisflokkurinn ber fyrir landbúnaðinum? Er hann búinn að kokgleypa stefnu Samfylkingarinnar sem hefur ekki hingað til borið mikla virðingu fyrir íslenskum landbúnaði eða bændum, sýnt það bæði í orði og verki og ályktunum á síðasta sumri og oft síðan? Varð samkomulag um sinnaskipti á Þingvöllum í garð íslenskra bænda? Ég spyr. (**Gripið fram í:** Á öllum stöðum.) Það kann að vera að miklar breytingar séu fram undan í íslenskri pólitík og hæstv. forsætisráðherra sé að snúa sér einn hringinn enn í þá veru og þykir mér það nú skapleysi og ístöðuleysi að láta Samfylkinguna ná slíkum tökum á sér.

Ég valdi mér það, hæstv. forseti, að sitja í samgöngunefnd. Mér þykir mjög fróðlegt undir umræðunni um þingsköp Alþingis að fá úr því skorið sem sagt er hér á göngun-

um að sveitarstjórnarmálefnin séu að fara úr félagsmálaráðuneytinu yfir í samgöngumálin. Verður það mitt nýja hlutverk í samgöngunefnd Alþingis að fjalla um sveitarstjórnarmálin? Eru sveitarstjórnarmálin orðin nokkurs konar vegamál í Vegagerðinni í huga þessarar nýju hæstv. ríkisstjórnar? Ég vil því áður en þessari umræðu um þingsköpin lýkur vita í rauninni hverju þarf að breyta og hvað það er sem á að gera bæði í stjórnarráðsfrumvarpinu og með því reglugerðarvaldi sem kynna á hér á eftir.

Ég verð að segja fyrir mig, hæstv. forseti, að ég hef ekki kynnst þessu fyrr í þinginu. Ég fór yfir það áður en hæstv. forsætisráðherra kom í hús eða a.m.k. í þennan sal að í mars sl. var hann þeirrar skoðunar, sem skynsamur og rólegur og yfirvegaður hæstv. forsætisráðherra, að hafa bæri mikið samkomulag við þingflokkana á Alþingi Íslendinga um hvernig þingsköpum og Stjórnarráði Íslands yrði breytt. Hvað hefur breyst á þessum tveimur, þremur mánuðum sem gerir það að verkum að hann telur að ekkert samráð þurfi að hafa við hina flokkana? Er það sá stóri meiri hluti sem hæstv. forsætisráðherra bast heitum böndum á Þingvöllum, er það sá stóri meiri hluti sem gerir það að verkum að hann telur að þingið sé ekki merkilegra en það að menn geti nánast étið það sem úti frýs, þeir þurfi ekkert að vita hvað í pökkunum er? Ég undraði mig á því hér að í stefnuræðu forsætisráðherra var í rauninni ekkert skýrt frá þessum miklu breytingum á Stjórnarráðinu, mér sýnist allt gert út í loftið og handahófskennt og vera mikill bútasaumur eins og hér hefur komið fram, að þeim skyldi ekki gerð nánari skil í stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra. Þetta eru ekki bara tilfinningar, hæstv. forsætisráðherra, þetta er ekki bara nöldur, þetta er umræða manna sem bera smávirðingu fyrir Alþingi Íslendinga og telja að þetta eigi ekki að vera í höndum tveggja manna austur á Þingvöllum að nóttu til í einhverju samningsþófi um allt og ekkert, sem sýna þá vanvirðu að það þurfi ekki einu sinni að skýra þingheimi frá því um hvað var samið.

Hér fer fram lýðræðisleg umræða, hér er varpað fram stórum spurningum sem engin svör fást við. Ég geri í rauninni þá kröfu, hæstv. forseti, að þessari umræðu verði frestað þar til hæstv. forsætisráðherra er búinn að að opna laumupakkana frá Þingvöllum því að bæði er ég forvitinn að heyra hvað í þeim er og kannski grunar mig að það eigi heldur ekki að segja frá því hvað í þeim er, því að kannski eiga stjórnarflokkarnir enn eftir að semja um ýmsa hluti og þurfa sumarið til þeirra verka. Það skyldi nú ekki vera að kærleiksbandið hafi runnið svo hratt saman að verkefnin séu hálfkláruð og til þeirra þurfi lengri tíma? Þá hefði líka verið heiðarlegast, hæstv. forsætisráðherra, að hleypa Alþingi sem fyrst heim og gefa sér allan tímann til að endurskoða Stjórnarráðið, leyfa forsætisnefnd að koma að þingsköpunum og leyfa stjórnmálaflokkunum öllum, eins og hæstv. forsætisráðherra vildi í mars sl., að koma að því verki hvernig Stjórnarráðinu verði skipt upp.

Ég fór yfir það, hæstv. forsætisráðherra, að allir flokkar voru í rauninni sammála um að fækka bæri ráðherrum niður í tíu. Þeir eru tólf áfram í misstórum ráðuneytum. Þetta er ekki nein óbilgirni hér, hæstv. forseti, heldur fyrst og fremst málefnalegar spurningar sem við teljum mikilvægt að sé svarað, ekki með útúrsnúningi eða tali um að við séum að derra okkur að ástæðulausu. Við viljum bara fá þetta skýrt á borðið. Ég teldi mikilvægt við þessar undarlegu aðstæður að formenn þingflokka og forustumenn flokkanna kæmu saman með hæstv. forsætisráðherra og færu yfir vinnubrögðin með honum og hæstv. forseta þingsins.

[17:22]

Atli Gíslason (Vg):

Frú forseti. Það hefur verið ítarlega rökstutt hér á þingi að eðlilegra hefði verið að ræða frumvarpið um Stjórnarráðið á undan því frumvarpi sem hér er til umræðu. Þau rök eru skýr.

Ég beini því til frú forseta að taka ákvörðun um að fresta umræðu um þetta frumvarp. Taka frumvarpið um Stjórnarráð Íslands á dagskrá og halda áfram umræðunni um þingsköp að þeirri umræðu lokinni. Það blasir við að það sé leið til sátta og þar með geti samræðulistin átt sér stað hjá listamönnum Samfylkingarinnar.

[17:23]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég vil inna hæstv. forseta eftir því hvort við eigum að fara að búa okkur undir að forsetar svari ekki spurningum. Þeir bregðist ekki við óskum þingmanna. Hér komu fram skýrar óskir í ræðum að minnsta kosti tveggja þingmanna áðan sem lögðu til að umræðunni yrði frestað, næsta mál á dagskrá tekið og það klárað og síðan umræðu um þetta mál lokið í framhaldinu þegar þær upplýsingar lægju fyrir sem boðaðar hafa verið að muni komi fram í framsöguræðu með næsta dagskrármáli.

Það er dálítið óvenjulegt að forsetar skuli ekki líta á það sem hluta af embættisskyldum sínum að bregðast við og svara spurningum frá þingmönnum. Þetta endurtekur sig hér aftur og aftur og væri fróðlegt að vita hvort þetta sé ný lína, ný afstaða sem forsetar hafa tekið upp, að virða ekki þingmenn svara þegar þeir bera fram spurningar eða óskir um tilhögun fundarhaldsins. Ég vildi gjarnan að forseti svaraði þessu. En kannski tilheyrir það hinni nýju hefð að forseti svari ekki þessu heldur, ekki frekar en öðru.

[17:24]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti telur ekki ástæðu til að fresta umræðunni enda á eftir að ræða málið í tveimur umræðum í þinginu.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Stjórnarráð Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 1. mál (sameining ráðuneyta, tilfærsla verkefna). — Þskj. 1.

[17:25]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969. Megintilgangur frumvarpsins er að festa í lög breytingar á ráðuneytaskipan sem núverandi ríkisstjórn hyggst beita sér

fyrir. Þá geymir frumvarpið ákvæði sem búa í haginn fyrir frekari einföldun og eflingu stjórnsýslunnar.

Áður en ég fjalla nánar um breytingar þær sem felast í frumvarpinu vil ég víkja nokkrum orðum að sögu laganna um Stjórnarráð Íslands. Lögin voru sett árið 1969. Má rekja aðdragandann til þingsályktunar sem samþykkt var árið 1958 að tillögu Bjarna Benediktssonar sem þá var í stjórnarandstöðu. Skipun starfa í Stjórnarráðinu taldi hann vera í ringulreið og óljóst mjög hvaða ráðuneyti væru í raun til. Stofnun sem vera ætti öðrum til fyrirmyndar um reglusemi og starfsskipulag hefði þróast í þveröfuga átt.

Það kom síðan í hlut Bjarna sem forsætisráðherra að leggja fram frumvarp að núgildandi lögum um Stjórnarráð Íslands. Þar var fastákveðið hve mörg ráðuneytin væru. Jafnframt var kveðið á um að hvorki mætti setja á fót ráðuneyti né leggja af nema með lögum. Þá yrði hvert ráðuneyti að falla óskipt til eins og sama ráðherra. Áður hafði viðgengist að einu og sama ráðuneytinu væri skipt milli tveggja ráðherra.

Eitt helsta nýmæli stjórnarráðslaganna var að fjölga ráðuneytum í 13. M.a. var samgöngu- og iðnaðarráðuneytinu skipt í tvennt. Þá var stofnað sérstakt heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti en áður höfðu heilbrigðismál verið hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og tryggingamál hjá félagsmálaráðuneytinu. Einnig var atvinnumálaráðuneytinu skipt upp í landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti sem var þó fyrst og fremst staðfesting á orðnum hlut.

Þá var með lögunum stefnt að því að styrkja stöðu ráðherra gagnvart embættismönnum ráðuneytanna með því að veita þeim heimild til að ráða sér pólitíska aðstoðarmenn.

Stjórnarráðslögin hafa í heild sinni staðist tímans tönn. Ekki hafa verð gerðar á þeim miklar breytingar þótt margoft hafi það staðið til eins og stefnuyfirlýsingar fyrri ríkisstjórna og skipanir ýmissa nefnda til að endurskoða lögin bera vott um. Helstu breytingar eru þær að árið 1990 var stofnað nýtt ráðuneyti með lögum, þ.e. umhverfisráðuneytið. Þá var ýmsum ákvæðum laganna er fjalla um starfsmenn Stjórnarráðsins breytt árið 1997 í kjölfar setninga laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Ekki er hægt að fjalla um bakgrunn þessa frumvarps sem ég mæli nú fyrir án þess að minnast á 15. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að forseti skipi ráðherra og veiti þeim lausn. Hann ákveði tölu þeirra og skipti með þeim störfum. Hliðstætt ákvæði í dönsku stjórnarskránni hefur verið túlkað þannig að löggjafarvaldinu væri ekki heimilt að ákveða með bindandi hætti fjölda ráðherra. Þar hefur ríkisstjórnin svigrúm til að ákveða fjölda ráðuneyta án þess að bera það undir þingið. En hér á landi hefur heimild forseta, eða í reynd forsætisráðherra, til að ákveða fjölda ráðherra og skipta með þeim verkum verið þrengd allnokkuð með setningu stjórnarráðslaganna. Þessar takmarkanir hafa ætíð verið virtar og ekki verður séð að stjórnskipulegt gildi þeirra hafi nokkru sinni verið dregið í efa.

Undanfarin ár hefur staðið til að endurskoða lögin um Stjórnarráðið, m.a. með það fyrir augum að fækka ráðuneytum. Nútímastjórnsýsla er það flókin og kröfurnar til starfsmanna hennar það miklar að smáar einingar eiga erfitt með að uppfylla þær. Ekki náðist að koma þessari endurskoðun fram á síðasta kjörtímabili. Frumvarp þetta er í þessum anda. Ráðuneytunum verður gert betur kleift að starfa sem öflugar einingar og þau fá sveigjanlegri starfsramma. Meginefni frumvarpsins er að festa í lög þær breytingar á ráðuneytum sem núverandi ríkisstjórn hefur ákveðið að beita sér fyrir. Þannig er lagt til að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti verði sameinuð í eitt. Er það í samræmi við þá stefnumótun að ráðuneytin verði öflugri einingar. Jafnframt endurspeglar tillagan þróun í átt til minni ríkisafskipta af þessum tveimur undirstöðuatvinnugreinum.

Þá er lagt til að Hagstofa Íslands verði lögð niður sem ráðuneyti. Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu er ráðgert að endurskoða gömul lög um Hagstofu Íslands með það fyrir augum að búa henni lagaramma sem sjálfstæðri ríkisstofnun. Er ætlunin að hún heyri undir forsætisráðuneyti. Starfsemi Hagstofu Íslands er á margan hátt öðruvísi en venjulegs ráðuneytis. Þar fer ekki fram hefðbundin stefnumótunarvinna eins og í öðrum ráðuneytum. Þessi breyting því til þess fallin að skapa meira samræmi milli ráðuneyta en nú er og laga starfsramma Hagstofunnar að raunverulegu hlutverki hennar.

Enn fremur er lögð til breyting á heitum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis annars vegar og félagsmálaráðuneytis hins vegar, til samræmis við áformaðan flutning verkefna milli þeirra. Þannig stendur til að flytja verkefni á sviði almannatrygginga frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis. Þessar breytingar munu samkvæmt frumvarpinu taka gildi 1. janúar næstkomandi. Gefst þá svigrúm til að undirbúa breytingar á reglugerð um Stjórnarráð Íslands þar sem kveðið er á um verkefni einstakra ráðuneyta.

Við stjórnarmyndunina var samið um marghátta tilfærslu verkefna og verða næstu vikur notaðar til að útfæra það í einstökum atriðum. Jafnframt þarf að breyta ýmsum sérlögum þar sem ráðherrum eru falin sérstök verkefni. Verður frumvarp þess efnis lagt fram á haustþingi.

Eins og kunnugt er var enn fremur ákveðið við stjórnarmyndunina að iðnaðar- og viðskiptaráðuneytin yrðu ekki lengur rekin sem eitt ráðuneyti. Það kallar hins vegar ekki á neinar lagabreytingar því stjórnarráðslögin núgildandi gera ráð fyrir að um tvö ráðuneyti sé að ræða. Næstu vikur og mánuðir verða notaðir til að laga skipurit ráðuneyta sem í hlut eiga að breyttri verkaskiptingu. Í frumvarpinu er lagt til að lögfest verði ákvæði þess efnis að við flutning verkefna milli ráðuneyta verði starfsmönnum boðið að sinna þeim áfram hjá því ráðuneyti sem tekur við verkefninu. Þannig verði réttarstaða starfsmanna að fullu tryggð. Að öðru leyti má nefna að áformaðar breytingar kalla í sumum tilfellum á breytingar á húsnæði eða flutningi hluta af starfsemi og er starfshópur ráðuneyta að vinna að þeim málum.

En ríkisstjórnin hyggst ekki láta staðar numið við svo búið. Til lengri tíma er æskilegt að fækka ráðuneytum enn frekar. Til að greiða fyrir slíkri þróun er lagt til að forseti Íslands geti ákveðið, að tillögu forsætisráðherra, með úrskurði, að sameina tvö ráðuneyti eða fleiri í eitt. Þar með eru lögin gerð sveigjanlegri, samanber einnig 15. gr. stjórnarskrárinnar, án þess þó að hagga því meginmarkmiði þeirra að stemma við offjölgun ráðuneyta, sem varð ein helsta kveikjan að lögunum um Stjórnarráðið á sínum tíma.

Þá er að finna í frumvarpinu almenna heimild til að færa starfsmenn á milli ráðuneyta án þess að sjálfkrafa þurfi að

auglýsa opinberlega hina lausu stöðu sem þeir taka við. Er markmiðið m.a. að stuðla að auknum hreyfanleika starfsmanna milli ráðuneyta. Er ákvæði þetta nánar útskýrt í athugasemdum með frumvarpinu.

Virðulegi forseti. Ég hyggst ekki hafa fleiri orð um frumvarpið að svo stöddu. Ég legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. allsherjarnefndar. Eflaust eru fleiri atriði sem tengjast stjórnarráðslögunum, önnur en þau er lúta að verkaskiptingu ráðuneyta, sem nefndin gæti athugað í vinnu sinni. Aðalatriðið núna, hið eina sem lagt er til með þessu frumvarpi, er að gera lágmarksbreytingar á verkaskiptingu ráðuneyta, þ.e. skipan ráðuneyta. Aðrar breytingar bíða haustsins.

Það er mikilvægt að hafa í huga að gildistaka þessa frumvarps, um breytingar á stjórnarráðslögunum, er ætluð um næstu áramót, bæði til þess að gefa starfsmönnum eðlilega aðlögun en einnig til þess að tryggja að allur undirbúningur máls, allur undirbúningur flutnings verkefna, sameiningar tveggja ráðuneyta og fleira þess háttar, gangi eðlilega fyrir sig og án óeðlilegrar tímapressu.

Með sama hætti mundu önnur atriði sem ætlunin er að breyta, tilflutningur verkefna innan Stjórnarráðsins og sem hægt er að breyta með reglugerð, bíða þeirrar sömu dagsetningar, þ.e. áramóta. Einnig er rétt að minna á, sem ég gat um fyrr í ræðu minni, að breyta þarf sérlögum í einhverjum tilvikum vegna ákvæða í þeim um staðsetningu málefna hjá tilteknum ráðuneytum. Það er ætlunin að gera það í haust þannig að allar þessar breytingar geti komið til framkvæmda samtímis, þ.e. um áramót.

Hins vegar er mikilvægt, og því er er þetta frumvarp flutt nú, að stefnumótunin varðandi sjálft Stjórnarráðið og skipan ráðuneyta, sé alveg skýr. Það er nauðsynlegt að fyrir liggi að búið sé að afgreiða slíkt mál á Alþingi áður en það lýkur störfum í vor.

Þar með er kominn sá ytri rammi í skipan ráðuneyta sem þarf að vera fyrir hendi til að hægt sé að ljúka öðrum þáttum. Það er t.d. ekki hægt að ljúka því að flytja almannatryggingar að hluta til yfir í félagsmálaráðuneytið nema lagarammi liggi skýr fyrir. Þess vegna er þetta gert svona og því hefur verið flutt frumvarp um breytingar á þingsköpum Alþingis til samræmis við þetta, eins og þingmenn þekkja og voru að enda við að ræða.

[17:36]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Frekar voru þetta nú fátæklegar upplýsingar um það hvað fólgið er í samkomulagi stjórnarflokkanna. Kannski var fyrsta setningin sú sem var best lýsandi fyrir þetta mál þegar hæstv. forsætisráðherra sagði að hér væri um að ræða áformaða breytingu á ráðuneytaskipan sem ríkisstjórnin hygðist beita sér fyrir. Það var kannski það eina bitastæða sem kom í raun og veru fram í ræðu hæstv. forsætisráðherra sem segir allt sem segja þarf um hversu óljóst þetta mál er og vanreifað af hálfu ríkisstjórnarinnar. Og hvers konar frumhlaup það er að vera að koma með þetta inn hér á Alþingi svona illa búið og byrja þar á öfugum enda, byrja á því að hlutast til um þingsköp og innra skipulag mála hér á þingi.

Síðan var áhugaverð hin sögulega upprifjun hæstv. forsætisráðherra en hann rifjaði hér ágætlega upp arfleifð Bjarna Benediktssonar, fyrrverandi formanns Sjálfstæðisflokksins, í sambandi við stjórnarráðslögin. Hvað var það nú sem knúði Bjarna Benediktsson lagaprófessor til þess að flytja sínar tillögur um Stjórnarráðið á sínum tíma? Það var það að þessi mál voru komin í algjörar ógöngur vegna þess að í pólitískum hrossakaupum við stjórnarmyndanir á 5., 6. og 7. áratugnum var verkefnum hent á milli ráðuneyta vegna þess að menn höfðu þar algjörlega óbundnar hendur. Sá mæti maður Bjarni Benediktsson sá að þetta gat ekki gengið svona til. Það varð að koma einhverri festu í þessi mál og lagði til að ráðuneytum yrði hvorki komið á né þeim skipt nema með lögum frá Alþingi.

Nú er það formaður Sjálfstæðisflokksins, líka lögmaðurinn, hæstv. forsætisráðherra Geir H. Haarde, sem leggur til að hverfa frá þessari arfleifð Bjarna Benediktssonar og í (Gripið fram í.) átt til hins fyrra horfs sem komið var í hreinar ógöngur. Já, það má rétt vera að hér sé um hagfræðing að ræða en ekki lögfræðing. Það er nú ekki (Forseti hringir.) allur munur þar á. Hvað segir hæstv. forsætisráðherra um þessa sögulegu skírskotun? (Forseti hringir.) Hvað skýrir þessi sinnaskipti Sjálfstæðisflokksins?

[17:38]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður er hér á algjörum villigötum. Það er alls ekki verið að hverfa til þess horfs sem hér var áður en stjórnarráðslögin voru sett. Þvert á móti er verið að gera breytingar á lagarammanum og lögbinda aðra skipan hvað varðar heiti nokkurra ráðuneyta og sameina þarna tvö ráðuneyti. Það er ekkert verið að hverfa frá því að ráðuneytaskipanin sé lögbundin. Það var það sem var vandamálið fyrir 1969 og Bjarni Benediktsson beitti sér fyrir að leysa úr.

Það hefur síðan ætíð verið þannig, eins og hv. þingmaður veit náttúrlega, að það hefur verið hægt að flytja einstaka málaflokka og verkefni milli ráðuneyta með breytingum á reglugerðinni um Stjórnarráðið svo fremi sem almennum skilyrðum er fullnægt og málaflokkar vistaðir þar sem heiti ráðuneytis gefur til kynna að þeir eigi heima.

Þannig er þetta og það er algjörlega út í hött að gefa í skyn að hér sé verið að hverfa inn á svipaðar brautir og giltu áður en hin merku lög um Stjórnarráðið voru samþykkt 1969.

[17:40]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hvernig skýrir hæstv. forsætisráðherra f-lið 1. gr. ef þar er ekki verið að hverfa aftur í áttina að því, að framkvæmdarvaldið hafi með því verið að leggja til við forseta t.d. að ráðuneyti verði sameinuð, að framkvæmdarvaldið sé að fá aukið olnbogarými í þessum efnum á nýjan leik? Það er augljóslega þannig.

Ég er því ekki á neinum villigötum í því þegar ég bendi á að hér er verið að boða breytingu í áttina aftur til þess að framkvæmdarvaldið geti hringlað með þetta skipulag án aðkomu Alþingis þótt það sé að vísu bara að því leytinu til að þarna er lagt til að menn geti sameinað ráðuneyti þá er það samt breyting í þessa átt.

Þannig að ég held að hæstv. forsætisráðherra verði að reyna að standa sig betur í því að útskýra (Forseti hringir.) af hverju Sjálfstæðisflokkurinn leggur nú til að horfið verði frá þessari arfleifð Bjarna Benediktssonar.

[17:40]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég heyrði ekki betur áðan en að hv. þingmaður væri að gagnrýna mig fyrir að hafa ekki beitt mér fyrir því að ráðuneytin yrðu tíu talsins. Ég gat þess í framsöguræðu minni að ætlunin væri að halda þeim möguleika opnum að gengið yrði lengra í að fækka ráðuneytum. Það kallar á meiri vinnu og meiri tíma.

Það er opnað fyrir það hér með ákvæðinu í f-lið 1. gr. frumvarpsins að sameina megi ráðuneyti með úrskurði forseta. Það er verið að opna á að það verði hægt að grípa til þess ráðs að sameina ráðuneyti og fækka þeim með þeim hætti þó að ekki sé gengið lengra hvað það varðar að stofna ný ráðuneyti eða annað þess háttar. Þetta er einfalt atriði sem er eðlilegt að hafa í lögum ef til þess kæmi að menn vildu ganga svo langt. Það hefði t.d. verið gott að hafa þetta í lögum þegar iðnaðar- og viðskiptaráðuneytin voru í reynd felld saman í rekstri þó að þeirri breytingu hafi aldrei verið komið í lög.

[17:42]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. forsætisráðherra sagði áðan að það væri verið að búa í haginn fyrir eflingu Stjórnarráðsins. Þá vil ég spyrja: Af hverju í ósköpunum er ekki minnst á atvinnuvegaráðuneytið? Af hverju er ekki tækifærið nýtt núna? Bæði Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin hafa ályktað um það á fundum sínum. Sjálfstæðisflokkurinn segir meira segja að auðvelt væri að fækka ráðuneytum tölulvert, t.d. með sameiningu í eitt atvinnuvegaráðuneyti. Ég spyr því: Af hverju er það ekki gert núna?

Síðan segir hæstv. forsætisráðherra að hér sé verið að gefa til kynna að það eigi að fara að fækka ráðuneytum með f-liðnum af því að forsetinn á þá að geta sameinað ráðuneyti. Hvað þýðir það? Á að sameina iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti við landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti þannig að það verði eitt atvinnuvegaráðuneyti? Er verið að boða það? Á að slá af hæstv. ráðherra Össur Skarphéðinsson og Björgvin Sigurðsson? Hvað er verið að gefa hér í skyn? Ég spyr. (Gripið fram í.)

Eins og málið er sett upp hér er alls ekki verið að styrkja Stjórnarráðið, það er verið að veikja það með því að setja tvo ráðherra yfir lítil ráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytin. En samt er verið að gefa til kynna að það eigi að efla þau síðar.

Ég vil líka lýsa því að maður verður fyrir miklum vonbrigðum að hæstv. forsætisráðherra hafi ekki komið með neinar upplýsingar um það sem felst á svokölluðum leynilista, þ.e. það sem búið er að sameinast um á milli stjórnarflokkanna, hvaða verkefni eigi að vera á milli ráðuneyta. Ég vil sérstaklega benda á að í umsögn fjármálaráðuneytisins er talað um að tilfærsla verkefna snerti samtals 41 starfsmann í stjórnsýslunni. Af hverju stendur 41 starfsmaður en ekki um 40? Þetta er mjög nákvæm tala, 41 starfsmaður.

Það hlýtur því að vera til listi með verkefnunum sem á að færa á milli en við megum ekki sjá hann. Mér finnst alveg lágmark að þingmenn fái að vita hvað er í farvatninu varðandi breytingar á reglugerðum þannig að við vitum hvaða verkefni á að flytja á milli.

[17:44]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur ekki verið neitt ákveðið varðandi það með hvaða hætti f-liður 1. gr. yrði hugsanlega nýttur í framtíðinni. Auðvitað er alveg fráleitt að gera því skóna að búið sé að ákveða að leggja niður iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið eða sameina það öðrum ráðuneytum. Um það er engin ákvörðun fyrirliggjandi.

Hins vegar spyr þingmaðurinn, og það er eðlileg spurning, af hverju er ekki búið til atvinnuvegaráðuneyti með því að ganga lengra en að sameina sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti? Það má spyrja þeirrar spurningar, af hverju er ekki gengið lengra og búið til eitt risavaxið atvinnuvegaráðuneyti með iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu innan borðs? Það er vegna þess að í fyrsta lagi er það of risavaxið. Í öðru lagi er ástæðan sú að með sameiningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytanna er í raun og veru verið að leggja drög að því að búa til það sem stundum hefur verið kallað matvælaráðuneyti. Það fer ekki saman við það að vera jafnframt allsherjaratvinnuvegaráðuneyti. Þetta er nú skýringin á þessu.

Það er ekki til neinn leynilisti, hv. þingmaður. Við höfum verið að ræða þessi mál. Margt af því hefur þegar komið fram opinberlega, hvað geti falist í öðrum breytingum en þeim sem kæmu til framkvæmda um áramót, þ.e. breytingum á reglugerðinni um Stjórnarráðið og á öðrum lögum sem þessi mál kunna að varða.

Við erum enn að vinna í því máli og við munum ekkert ljúka því fyrr en í haust vegna þess að það liggur ekki á að klára það mál. Það sem liggur á er að klára lögin um Stjórnarráðið þannig að allir viti hvaða fastaland þeir hafi undir fótum þegar kemur að verkaskiptingunni í þessum efnum.

[17:46]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Af hverju ekki atvinnuvegaráðuneyti? Það er svo risavaxið, er sagt hér. En af hverju voru þá Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin sérstaklega að álykta um að það ætti að setja upp atvinnuvegaráðuneyti? Væntanlega af því að þessum flokkum þótti það skynsamlegt. Núna er sagt að það sé risavaxið og ómögulegt. Það er mjög skrýtið hvernig hér er að verki staðið, virðulegur forseti.

Varðandi leynilistann og reglugerð um það hvaða verkefni eigi að falla undir hvaða ráðuneyti hlýtur maður að spyrja sig: Af hverju stendur þessi sérstaka tala í umsögn fjármálaráðuneytisins með frumvarpinu? Að tilfærsla verkefna snerti samtals 41 starfsmann í stjórnsýslunni? Það hlýtur að vera eitthvað á bak við þessa tölu.

Það er búið að upplýsa ýmislegt sem er í farvatninu. Annað er óljóst. Það er lágmarkskrafa að við þingmenn fáum að vita hvað er á bak við þessa tölu, 41 starfsmann í stjórnsýslunni. Við hljótum að eiga kröfu á að vita hvaða

verkefni eiga að fara undir hvaða ráðuneyti. (Forseti hringir.)

[17:47]

Guðni Ágústsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð nú að segja fyrir mig að ég vorkenni hæstv. forsætisráðherra meira og meira eftir því sem á daginn líður. Mér finnst þetta mjög aumkunarverð framganga. Svo leyfir hæstv. forsætisráðherra sér að vitna í Bjarna Benediktsson, einn vitrasta stjórnmálamann síðustu aldar, og bera hann saman við það sem verið er að gera hér í dag.

Fjallið tók jóðsótt og það fæddist mús. Bjarni Benediktsson hugsaði þetta ekki út frá mönnum eða samkomulagi stjórnmálaflokka. Hann hugsaði þetta sem vitur stjórnmálaleiðtogi út frá heildarhagsmunum lýðræðisins, íslenska þjóðfélagsins. En nú hefur komið í ljós eftir að hæstv. forsætisráðherra er búinn að flytja sína ræðu að enn kemur ekkert upp úr þessum pökkum. Það eina sem liggur fyrir er að fjallið tók jóðsótt og það fæddist mús. Blessuð litla Hagstofan sem hafði verið ráðuneyti áður, hún verður stofnun. Síðan er ráðist í að höggva iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið í tvennt til þess að koma tveimur vinum fyrir, svo þeir geti verið ráðherrar yfir litlum ráðuneytum. Síðan á að höggva af landbúnaðarráðuneytinu ýmis þau verkefni sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur hingað til talið að heyrðu undir landbúnað og barðist fyrir því hér á sínum tíma eins og með landgræðslu og skógrækt. Nú henda þeir því í skúffu inni í sjávarútvegsráðuneyti.

Ég hefði talið mikilvægt að þar yrði jafnræði, hvernig þau ráðuneyti væru sameinuð. Það gat vissulega komið til greina. En ég verð að segja hæstv. forsætisráðherra, að mér finnst það mjög óskýrt sem hér hefur komið fram. Ég er mjög ósáttur. Ég verð að segja hér, hæstv. forseti, að ég þekki forsætisráðherra ekki fyrir sama mann við þessar aðstæður.

Þetta er aumkunarvert (Forseti hringir.) og ég geri kröfur til þess (Forseti hringir.) hæstv. forseti, að hæstv. forsætisráðherra sýni hér þá reglugerð sem hann er með í smíðum um hvert verkefnin (Forseti hringir.) eiga að fara.

(**Forseti** (ÞBack): Forseti vill áminna þingmenn um að ávarpa ætíð forseta.)

[17:49]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það væri ráð fyrir hv. þingmann að lesa frumvarpið. Það er ekkert minnst á iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið í þessu frumvarpi. Vegna hvers? Vegna þess að í núgildandi lögum um Stjórnarráðið eru það talin vera tvö ráðuneyti. Þannig hefur sú staðreynd að nú gegni tveir ráðherrar þeim ráðuneytum ekkert með þetta frumvarp að gera. Ekki neitt. Það er því misskilningur.

Frumvarpið er skýrt. Það gerir ráð fyrir tilteknum breytingum sem koma munu til framkvæmda um áramót. Í tengslum við þær breytingar er fyrirhugað að gera jafnframt breytingar á reglugerðinni um Stjórnarráðið sem leiðir af þessu og flytja hugsanlega fleiri málaflokka á milli ráðuneyta. Um það eru stjórnarflokkarnir að tala núna sín í milli og munu halda því áfram fram á haust.

Einnig þarf að breyta tilteknum sérlögum sem varða stofnanir sem kveðið er á um í lögum að heyri undir tiltekin ráðuneyti og geta komið þarna til skjalanna.

Hv. þingmaður lætur sér tíðrætt um málaflokka er varða landbúnaðarráðuneytið. Ég skal þá nefna ein sérlög sem þarf að breyta vegna þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru. Það eru lögin um búnaðarfræðslu vegna þess að ráðgert er, eins og fram hefur komið opinberlega, að flytja búnaðarháskólana tvo frá landbúnaðarráðuneytinu yfir í menntamálaráðuneytið. Það kallar á breytingar á lögunum um búnaðarfræðslu, ef ég man rétt. Það eru svona breytingar sem ætlunin er að ráðast í í haust og þá mun koma í ljós hvað fleira verður í þeim potti af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Ég er ekki viss um að þingmenn allir leggist gegn þeim breytingum af sams konar afturhaldssemi og hv. þm. Guðni Ágústsson er að gera, (Forseti hringir.) meira að segja breytingum sem hann hefur ekki einu sinni (Forseti hringir.) séð.

[17:51]

Guðni Ágústsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það getur vel verið að það fari hæstv. forsætisráðherra vel að uppnefna menn og bera á þá orð um að þeir séu afturhaldsmenn. Ég hef ekki sýnt það í þeirri ríkisstjórn sem ég hef setið með hæstv. ráðherra, að ég hafi verið afturhaldsmaður. Ég hef tekið á málefnum þeim sem ég hef farið með af miklum þrótti og þar hafa orðið miklar umbreytingar. Þannig að það er skömm að svona ummælum, hæstv. forsætisráðherra.

En hér liggur það fyrir sem komið hefur fram að það á eftir að semja um þetta allt saman. Það er það sem hæstv. forsætisráðherra ætti náttúrlega að gera, að fara heim til sín, í sinn flokk og til Samfylkingarinnar og skýra út hvernig þetta á að vera. Því málið er mjög óljóst. Það hefur ekkert nýtt komið fram sem segir manni að maður sé nokkru nær um þessa breytingu.

Ég ítreka það að ég vorkenni þeim samanburði að vitna til Bjarna Benediktssonar og þeirrar gjörðar sem hér er verið að fjalla um í dag því það var gert af stórsýni og framsýni (Forseti hringir.) sem hefur varað fram á (Forseti hringir.) þennan dag. En hér er ekki einu sinni (Forseti hringir.) verið að ganga frá neinu einasta atriði og á eftir að hnýta alla hnúta. Þetta er ekki gott verklag, hæstv. forsætisráðherra.

[17:53]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Það frumvarp sem hér hefur verið mælt fyrir af hálfu hæstv. forsætisráðherra tekur í raun á þremur meginatriðum. Í fyrsta lagi að breyta heitum ráðuneyta sjávarútvegsmála, landbúnaðarmála, heilbrigðis-, tryggingа- og félagsmála og að Hagstofan verði ekki lengur sérstakt ráðuneyti. Í öðru lagi er kveðið á um að heimilt verði að sameina ráðuneyti enn frekar með forsetaúrskurði í stað lagabreytinga og í þriðja lagi er fjallað um starfsmannamál.

Enda þótt frumvarpið taki aðeins á ofangreindum tilteknum ráðuneytum er ljóst að viðameiri uppstokkun í Stjórnarráðinu er í farvatninu. Við myndun núverandi ríkisstjórnar var því lýst yfir af hálfu forustumanna stjórnarflokkanna að til stæði að breyta skipan ráðuneyta og færa

verkefni milli þeirra og mun reglugerð um Stjórnarráðið því verða breytt sömuleiðis verði fyrirliggjandi frumvarp að lögum.

Þótt frumvarpið sem hér liggur fyrir boði í sjálfu sér ekki heildarbreytingar á skipan ráðuneyta er ljóst af allri umræðu, yfirlýsingum forustumanna ríkisstjórnarinnar og fjölmiðlaumfjöllun, að umfangsmiklar breytingar eru fyrirhugaðar, miklu viðameiri en frumvarpið gerir ráð fyrir. Hið sama kemur enn fremur fram í greinargerð með frumvarpinu, en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Í kjölfarið verður reglugerð um Stjórnarráð Íslands, nr. 3/2004, breytt. Tilfærsla verkefna kallar enn fremur á breytingar á ýmsum sérlögum og verður frumvarp þess efnis lagt fram á haustþingi."

Þess vegna er mikilvægt að ræða skipan Stjórnarráðsins heildstætt. Því hefði verið eðlilegt að í greinargerð með frumvarpinu væri gerð grein fyrir áformum ríkisstjórnarinnar í þessu efni.

Ég vil því beina þeirri spurningu til hæstv. forsætisráðherra hvort unnin hafi verið breyting á reglugerð um Stjórnarráðið og hvort sú þingnefnd sem fær þetta mál til meðferðar, væntanlega hv. allsherjarnefnd, geti fengið nánari upplýsingar um þau mál því það er eðlilegt að þingið sjái heildarmyndina fyrir sér þar sem fyrir liggur að breytingarnar taka í raun ekki aðeins til laganna um Stjórnarráðið heldur verða mun umfangsmeiri, bæði að því er varðar umrædda reglugerð og eins breytingar á margvíslegum sérlögum.

Ég hefði líka vilja spyrja hæstv. forsætisráðherra að því hvort það sé rétt skilið að fyrirhugaðar breytingar á verkefnum ráðuneyta samkvæmt reglugerðinni taki gildi samtímis breytingum á stjórnarráðslögunum, þ.e. um næstu áramót eða ef til vill fyrr.

Að mörgu leyti má segja að endurskipulagning Stjórnarráðsins sé tímabær. Lögin um Stjórnarráðið eru að stofni til frá árinu 1969 með þeirri breytingu að umhverfisráðuneytið var stofnað árið 1990. Í stjórnmálaumræðunni hér hafa margvíslegar hugmyndir og tillögur um breytingar á skipan Stjórnarráðsins komið fram á undanförnum árum. Má þar m.a. nefna tillögu til þingsályktunar sem hv. 4. þm. Norðaust. Steingrímur J. Sigfússon flutti á 131. löggjafarþingi um ráðuneyti lífeyris-, almannatrygginga og vinnumarkaðsmála. En þessi mál heyra í dag undir þrjú ráðuneyti, félagsmálaráðuneytið, heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið og fjármálaráðuneytið. Enn fremur lagði Samfylkingin fram á síðasta þingi frumvarp til laga um Stjórnarráð þar sem gert var ráð fyrir að ráðuneytin yrðu níu talsins.

Það er að sjálfsögðu ljóst að margháttaðar breytingar hafa orðið í atvinnuháttum og samfélagi frá því að lögin um Stjórnarráð tóku gildi fyrir bráðum fjórum áratugum. Sameining málefna atvinnuveganna í eitt ráðuneyti, flutningur almannatrygginga, lífeyrismála og málefna aldaðra til velferðarráðuneytis, efling umhverfisráðuneytis í umhverfis- og auðlindaráðuneyti, sameining sveitarstjórna og byggðamála í ráðuneyti með t.d. samgöngumálum, aukið vægi mannréttinda og lýðræðismála í t.d. dóms- og mannréttindaráðuneyti, eru allt atriði sem að mínum dómi kæmi vel til álita að skoða.

En til þess að endurskipulagning af þessu tagi geti tekist vel er algjör forsenda að vandað sé til undirbúnings og víðtæk pólitísk samstaða verði um þær breytingar. Hæstv. forsætisráðherra lýsti því til að mynda yfir í vetur þegar rætt var um endurskipulagningu Stjórnarráðsins að ekki hefði náðst nægilega mikil samstaða um málið til að unnt hefði verið að flytja frumvarp þar um.

Nú bregður hins vegar svo við að hér birtist frumvarp sem virðist lítið ígrundað og tekur langt í frá heildstætt á málum og hefur bersýnilega verið kokkað við kaffiborðið á Þingvöllum en ekki í því víðtæka samráði sem sami forsætisráðherra talaði um fyrr í vetur. Fyrri yfirlýsingar oddvita stjórnarflokkanna um fækkun ráðuneyta eru nú gleymdar og grafnar og fyrirliggjandi frumvarp er ekki í neinum takti við stefnu stjórnarflokkanna fyrir kosningar. Það er fróðlegt að skoða samþykktir flokkanna tveggja sem nú mynda ríkisstjórn, en í landsfundarsamþykkt Sjálfstæðisflokksins frá því í apríl síðastliðnum segir m.a., með leyfi forseta:

„Brýnt er að fækka ráðuneytum enda væri hagræðing í efsta lagi stjórnsýslunnar öðrum stofnunum, sem neðar eru, gott fordæmi. Auðvelt væri að fækka ráðuneytum töluvert, t.d. með sameiningu í eitt atvinnuvegaráðuneyti og eitt velferðarráðuneyti."

Og í samþykkt Samfylkingarinnar frá sama degi segir, með leyfi forseta:

„Samfylkingin vill endurskoða Stjórnarráð Íslands, stofna eitt atvinnuvegaráðuneyti."

Það er raunar í samræmi við frumvarp sem Samfylkingin flutti á síðasta þingi. Þannig lýstu báðir stjórnarflokkarnir því yfir fyrir kosningar að þeir vildu fækka ráðuneytum. En þegar á hólminn er komið skortir þá kjark og líklega metnað líka. Þegar berja þarf saman ríkisstjórn þá er það stólafjöldinn sem máli skiptir en hvorki málefnalegar eða faglegar forsendur né fyrri yfirlýsingar og samþykkir.

Það er að sjálfsögðu dapurlegt að svo hégómlegar ástæður skuli liggja að baki endurskoðun Stjórnarráðsins og það er vitanlega ríkisstjórninni og flokkunum sem að henni standa lítt til sóma.

Það vakti raunar óneitanlega athygli við myndun ríkisstjórnarinnar að einu sýnilegu breytingarnar á ráðuneytaskipaninni voru sameining sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyta og svo uppskipting iðnaðar- og viðskiptaráðuneyta á tvo ráðherra. Í fyrri ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks fór hvor flokkur með sex ráðuneyti. Í stjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar tók Sjálfstæðisflokkurinn landbúnaðarráðuneytið og var þannig í raun kominn með sjö ráðuneyti en Samfylkingin sat eftir með fimm frá Framsókn. Til að bjarga andlitinu var svo iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu skipt milli tveggja herramanna, þeirra Össurar Skarphéðinssonar og Björgvins G. Sigurðssonar, hæstv. ráðherra.

Og í framhaldi hófst tal um hina nýju atvinnuvegi. Samkvæmt þessu tali Samfylkingarinnar um nýju atvinnuvegina fer Sjálfstæðisflokkurinn með forna búskaparhætti en Samfylkingin með atvinnuvegi 21. aldar. (Gripið fram í.)

Þetta er auðvitað hlálegt, frú forseti, og fullkomlega á skjön við málflutning núverandi hæstv. iðnaðarráðherra þegar hann flutti hér þingsályktunartillögu um stofnun atvinnuvegaráðuneytis. Þessi framsetning er einfaldlega ekki trúverðug.

Frú forseti. Fyrir utan þær breytingar á ráðuneytum sem frumvarp forsætisráðherra gerir ráð fyrir höfum við séð og lesið umfjöllun fjölmiðla um frekari breytingar sem munu hafa verið kynntar af formönnum stjórnarflokkanna á fundi með fréttamönnum. Þær upplýsingar liggja hins vegar ekki fyrir hér þegar þetta mál er lagt fram og ég ítreka því spurningar mínar til hæstv. forsætisráðherra hvað það snertir. Getur ráðherrann séð til þess að þingnefndin, hv. allsherjarnefnd, sem fjalla mun um málið, hafi þau gögn undir höndum við meðferð þessa máls?

Samkvæmt fjölmiðlaumfjöllun hefur verið rætt um að sveitarstjórnarmál flytjist frá félagsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis, að ferðamál færist til iðnaðarráðuneytis frá samgönguráðuneyti, menntamál landbúnaðar færist undir menntamálaráðuneytið frá landbúnaðarráðuneyti, að matvælaeftirlit verði flutt frá umhverfisráðuneyti til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og vatnamál fari frá iðnaðarráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

Þá var einnig talað um að málefni Íbúðalánasjóðs færi frá félagsmálaráðuneyti til fjármálaráðuneytis, að þróunaraðstoð flyttist frá utanríkisráðuneyti til viðskiptaráðuneytis og landgræðsla og skógrækt færi undir umhverfisráðuneyti frá landbúnaðarráðuneytinu. En í raun og veru er staðan sú að þetta eru einungis flugufréttir, við vitum ekki hvort þetta eru áformin. Og eins og ég sagði áðan eru þær breytingar sem rætt hefur verið um miklu viðameiri en frumvarpið sem hér liggur fyrir sýnir.

Þær viðamiklu breytingar í stjórnsýslunni sem ég hef verið að nefna endurspeglast aðeins að litlu leyti í frumvarpi hæstv. forsætisráðherra. Hvar eru öll þessi mál þá stödd? Er ef til vill bullandi ágreiningur innan stjórnarliðsins? Er þetta enn eitt dæmið frá tíu daga gamalli ríkisstjórn um mál sem alls ekki hafa verið rædd eða til lykta leidd á stjórnarheimilinu? Allt þetta undirstrikar hversu fáfengilegt það er í raun og veru að leggja hér fram mál með þeim hætti sem gert er án samhengis og heildarmyndar.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að heimilt verði að sameina ráðuneyti með forsetaúrskurði. Ég vil leyfa mér, frú forseti, að vara sterklega við þessu ákvæði. Fyrirkomulagi Stjórnarráðsins er skipað með lögum. Í lögunum er kveðið á um heiti og fjölda ráðuneyta. Það hlýtur því að orka mjög tvímælis að með forsetaúrskurði sem er þá fyrir atbeina forsætisráðherra, sé hægt að breyta lögum eða víkja ákvæðum þeirra til hliðar. Skiptir þá engu hver efnisbreytingin er, hvort það er til að fækka að fjölga ráðuneytum. Meginreglan hlýtur að vera sú að lögum verði aðeins breytt af Alþingi og þess vegna hef ég allan fyrirvara um þetta efnisatriði frumvarpsins.

Við vinstri grænn erum að sjálfsögðu reiðubúin til frekari umræðu hér á vettvangi Alþingis til að fjalla um málefni Stjórnarráðsins. Ég vil nefna við 1. umr. nokkrar hugmyndir sem við teljum eiga erindi inn í umfjöllun um málið en undirstrika að hér er aðeins um fá atriði að ræða og alls ekki tæmandi umfjöllun.

Í fyrsta lagi nefni ég umhverfisráðuneytið. Það er okkar skoðun að efla beri umhverfisráðuneytið og stofnanir á þess vegum og sú efling eigi að byggja á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og hún á að haldast í hendur við nýja og framsýna stefnumörkun sem endurspeglar gjörbreytta stöðu og sýn á umhverfismál og nauðsyn samvinnu við frjáls félagasamtök. Að okkar mati er rétt að rannsóknir á náttúruauðlindum lands og sjávar, verndun þeirra og áætlanir um nýtingu séu á forræði umhverfisráðuneytisins sem vel færi á að kenna við umhverfi og auðlindir.

Í öðru lagi ætla ég að nefna byggða- og samgönguráðuneyti. Samgöngur eru undirstaða farsællar byggðaþróunar. Samgöngumál og byggðamál eru því nátengd og hið sama má segja um sveitarstjórnarmál og byggðamál. Sveitarfélögin hafa með höndum uppbyggingu mikilvægrar samfélagsþjónustu með það að leiðarljósi að búa íbúunum góðar aðstæður til uppvaxtar, menntunar, atvinnu og búsetu sem um leið eru undirstöður jákvæðrar byggðaþróunar. Víða í kringum okkur eru byggða- og sveitarstjórnarmál einmitt einn og sami málaflokkurinn, svo sem í Finnlandi, Noregi, Írlandi og Englandi. Og að vissu marki einnig í Þýskalandi.

Í þriðja lagi nefni ég atvinnuvegaráðuneytið. Við tökum í meginatriðum undir þá hugsun sem býr að baki sameiningu landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyta en teljum að engin skýr rök séu fyrir því að undanskilja iðnaðarráðuneytið í þessu sambandi. Sú ráðstöfun væri að vísu þeim stórfelldu annmörkum háð að hún kippti ráðherrastólnum undan hæstv. iðnaðarráðherra, Össuri Skarphéðinssyni, en líklega væri þó bættur skaðinn. Með nýju, heildstæðu atvinnuvegaráðuneyti, stórefldu umhverfis- og auðlindaráðuneyti og markvissu byggða-, sveitarstjórnar- og samgönguráðuneyti er engin þörf á sérstöku iðnaðarráðuneyti.

Í fjórða lagi nefni ég velferðarráðuneyti. Það er okkar skoðun að í ráðuneyti velferðarmála megi sameina flest þau málefni sem nú heyra undir félagsmálaráðuneyti en þar eigi einnig heima málefni lífeyrissjóða og lífeyrissparnaðar og almannatrygginga, málefni aldraða og ef til vill fleiri mál sem lúta að velferð einstaklinga og fjölskyldna.

Frú forseti. Frumvarpið sem hér er til 1. umr. gerir ráð fyrir að starfsmenn þeirra starfsdeilda og málaflokka sem færast til samkvæmt lögunum haldi óbreyttum réttindum sínum. Það er að sjálfsögðu mikilvægt að tryggja réttarstöðu starfsmanna við breytingar af þessum toga og má þá í rauninni einu gilda hvort málaflokkarnir sem viðkomandi starfsmaður starfar við eru fluttir með lögum eða reglugerð. Ég skil athugasemdir með frumvarpinu að minnsta kosti þannig, og vænti þess að hæstv. forsætisráðherra geti staðfest það.

Hins vegar vek ég einnig máls á því að það er þýðingarmikið að leitað sé eftir viðhorfum starfsmanna og stéttarfélaga þeirra þegar fjallað er um þær breytingar sem frumvarpið boðar, m.a. að því er varðar skyldu til að auglýsa laus störf og hvort biðlaunaréttur skapast með þessum breytingum. Er þess vænst að þeirra sjónarmiða verði leitað í nefndarstörfum um málið.

Við í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs teljum ýmislegt í fyrirliggjandi frumvarpi jákvætt, eins og þegar hefur komið fram í máli mínu. Við teljum til að mynda eðlilegt að horfa á atvinnuvegina í heildarsamhengi og vissulega er sameining landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytis skref í þá átt þótt ómarkvisst sé. Þá er flutningur almannatryggingahluta tryggingamála frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti til félagsmálaráðuneytis í anda tillagna sem áður hafa komið fram frá Vinstri grænum. Við

áteljum hins vegar að engin tilraun er gerð til að kynna málið heildstætt og leggja það þannig fram og þær breytingar sem boðaðar hafa verið til hliðar við lagabreytingar eru einnig fálmkenndar og skortir framtíðarsýn. Það er bersýnilegt að stjórnarflokkarnir hafa lagt í þennan leiðangur með það veganesti í farteskinu að ráðherrum yrði ekki fækkað í stað þess að nálgast málið út frá því hvaða málaflokkar eigi eðlilega saman að teknu tilliti til þeirra fjölþættu samfélagsbreytinga sem orðið hafa undanfarna áratugi.

Við áskiljum okkur að sjálfsögðu allan rétt til að taka afstöðu til einstakra efnisatriða frumvarpsins á síðari stigum eða að flytja breytingartillögur við það eftir atvikum. Enn fremur erum við reiðubúin að taka þátt í málefnalegri vinnu við endurskoðun Stjórnarráðsins og leggja þá fram okkar hugmyndir og tillögur sem byggja á grundvallarsýn okkar á samfélagið með sjónarmið umhverfis, félagslegs réttlætis, jafnréttis, kvenfrelsis, lýðræðis og mannréttinda að leiðarljósi. Það er von okkar að málið fái ítarlega og vandaða efnismeðferð í nefnd og ekki verði kastað til höndunum við afgreiðslu þess enda engin þörf á að flýta sér um of þegar fyrir liggur að breytingarnar eiga ekki að taka gildi fyrr en um næstu áramót.

[18:09]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir málefnalega ræðu og margar athyglisverðar athugasemdir um þessi mál. Það liggur fyrir eins og kom fram í máli hans að hægt er að fara margar leiðir í þessu og það eru margar góðar hugmyndir á sveimi um skipan ráðuneyta og verkaskiptingu í Stjórnarráðinu. Hann nefndi sjálfur ýmsar í þá átt sem hann og hans flokksmenn og fleiri hér á Alþingi hafa flutt.

Breytingin sem lögð er til í þessu frumvarpi er lítil, það er rétt. Hún klárar ekki málið en það er mikilvægt að ljúka henni. Það er mikilvægt að koma þessum breytingum frá og síðan geta menn haldið áfram, hvort sem það verður strax á næsta hausti eða síðar, að þróa Stjórnarráðið áfram til nútímalegra horfs en nú er. Þetta er málið í hnotskurn. Og af því að þingmaðurinn spurði mig hvort aðrar breytingar mundu taka gildi um áramót samkvæmt okkar ætlan þá hefur það þegar komið fram í ræðu minni að það er einmitt þannig að aðrar breytingar muni koma samtímis til framkvæmda.

Ef það væri eitthvað sem hv. þingmaður eða aðrir þingmenn kynnu að vilja leggja í það púkk, t.d. á hausti komanda, sem við gætum orðið sátt um þá væri alveg rakið að það tæki gildi á sama tíma. Með öðrum orðum, það er ekki útilokað að við getum orðið sammála um einhverjar fleiri breytingar þegar líður á haustið. En ef við hefðum bara setið hér og ekki hugsað okkur að gera nokkrar einustu breytingar þá væri nú ekki vel komið fyrir okkur. Menn hafa rætt um það árum saman að laga til í Stjórnarráðinu hvað varðar verkaskiptingu og skipan ráðuneyta en núna, loksins þegar það er verið að hreyfa við lágmarksbreytingum, stökkva menn hér jafnvel upp á nef sér og mikla þetta fyrir sér sem eitthvert gríðarlegt stórmál og nú má allt í einu engu breyta. Það er a.m.k. tónninn hér í sumum þingmönnum, ekki þeim sem talaði síðast en sumum sem hér hafa látið í sér heyra í dag. Einhvers staðar verður að byrja á þessu og það er það sem verið er að leggja hérna til.

Ég man mjög vel eftir því að 1983 var sett á laggirnar sérstök nefnd í kringum stjórnarmyndunina þá til þess að gera svona tillögur. Þeir komust ekki lönd eða strönd þrátt fyrir að eyða í það miklum tíma vegna þess að þeir ætluðu sér um of, þeir ætluðu að taka allt málið í einu og reyna að klára það allt saman. Það er margbúið að sýna sig að sú aðferðafræði hefur ekki skilað árangri og þess vegna höfum við valið þá leið núna að fara í tilteknar lágmarksbreytingar sem þó eru einfaldar og skýrar, felast í þessu frumvarpi, og ég held að ef allir þingmenn mundu skoða hug sinn ættu þeir auðvelt með að samþykkja þessar breytingar. Hvað síðan kemur í framhaldinu verðum við að skoða þegar þar að kemur.

[18:12]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir jákvæð viðbrögð við máli mínu. Það sem má segja að sé kannski kjarninn í þeirri gagnrýni sem hér hefur komið fram er að í því frumvarpi sem fyrir liggur er aðeins tekið á afmörkuðum þáttum málsins, það er rétt, og menn sakna þess að sjá ekki meira á spilin, hvaða hugmyndir eru í gangi. Í framsöguræðu sinni með frumvarpinu sagði hæstv. forsætisráðherra m.a. að það þyrfti að klára þetta stjórnarráðsfrumvarp strax svo allir viti hvert stefna ber og hafi fast land undir fótum.

Ég tek undir þetta, það er mikilvægt að menn hafi fast land undir fótum. En sannleikurinn er auðvitað sá að fæstir hafa fast land undir fótum með þessu frumvarpi vegna þess að það vita allir að það hangir meira á spýtunni með reglugerðarbreytingu og þeir sem eru undir það settir hafa ekki fast land undir fótum. Þess vegna hefði verið gott að fá að sjá hugmyndir hæstv. ríkisstjórnar í nefndinni jafnvel þó að þær væru þar aðeins til kynningar en ekki endilega til endanlegrar afgreiðslu.

[18:13]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það verður auðveldara að greiða úr þessum málum eftir að þetta frumvarp hefur hlotið afgreiðslu.

Þingmaðurinn má ekki gleyma því að hvað sem líður afdrifum þessa frumvarps þá er hægt að breyta reglugerðinni um Stjórnarráðið hvenær svo sem ríkisstjórnin ákveður. Forsætisráðherra hefur það í hendi sér og það hefur nokkrum sinnum verið gert, málaflokkar hafa verið fluttir án nokkurs atbeina Alþingis, vegna þess að það er í valdi forsætisráðherra og ríkisstjórnarinnar samkvæmt núgildandi stjórnarráðslögum að gera það. Það er því ekkert nýtt að slíkar breytingar geti orðið.

Ég fagna því að þingmaðurinn tekur málefnalega á þessu og ég vona að það sama verði um aðra þingmenn í hans þingflokki og á reyndar ekki von á öðru.

[18:14]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér er fullkomlega ljóst að það er hægt að

breyta reglugerð um Stjórnarráðið og það er hægt að flytja til verkefni, mjög umfangsmikil verkefni á milli ráðuneyta með reglugerðarbreytingu. En ég tel samt sem áður að þegar um mjög umfangsmiklar breytingar er að ræða á skipan Stjórnarráðsins sé eðlilegt og sjálfsagt að þær séu ræddar í þinginu í samhengi við breytingar á lögum.

Nú geta menn auðvitað deilt um það eða haft misjafnar skoðanir á því hvort það sé eðlilegt að reglugerðarmál séu rædd á þingi eða í þingnefnd og mér skilst að það sé ekki hefð fyrir því að það sé gert. En þegar það er angi af svona stóru máli, hluti þess máls kemur inn í þingið í formi lagafrumvarps, hluti af því er síðan afgreiddur með reglugerð, þá er það afstaða mín að það hefði verið jákvætt að geta rætt það í heildarsamhengi í viðkomandi þingnefnd a.m.k. En menn geta haft misjafnar skoðanir á þessu.

[18:15]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Við erum hér að ræða um breytingar á lögum um Stjórnarráðið og aðalröksemdafærslan fyrir þessu máli er að reyna að efla Stjórnarráðið. Að mínu mati hefði verið betra að ganga lengra á þeirri braut en hér er gert.

Ég vil koma inn á það að báðir stjórnarflokkarnir hafa ályktað um að það eigi að setja upp atvinnuvegaráðuneyti og Sjálfstæðisflokkurinn tilgreinir sérstaklega í ályktun sinni að það sé auðvelt að gera það, það er auðvelt að fækka ráðuneytum með sameiningu í eitt atvinnuvegaráðuneyti. Samfylkingin ályktar á sama hátt. Mér er því spurn: Af hverju er það ekki gert? Jú, hæstv. forsætisráðherra segir að það sé betra að taka stutt skref til að komast eitthvað af stað en ég átta mig ekki á því af hverju ekki var hægt að taka þetta skref bara til fulls fyrst stjórnarflokkarnir eru báðir sammála um það. Reyndar hafa fleiri flokkar ályktað á svipuðum nótum, Framsóknarflokkurinn hefur t.d. ályktað um að fækka beri ráðuneytum og hefur nefnt töluna 10 ráðuneyti.

Ég tel að hér sé ekki nógu langt gengið, tækifærið er ekki nýtt til að sameina líka iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið atvinnuvegaráðuneytinu. Það er að sjálfsögðu ekki gert af því að menn eru að búa til ráðherrastóla fyrir tvo þingmenn Samfylkingarinnar. Það liggur í augum uppi að þetta er redding til þess að hægt sé að hafa áfram 12 ráðherra. Þó að orðræðan segi að flokkarnir vilji allir fækka ráðuneytum er það ekki gert.

Framsóknarflokkurinn segir í sinni ályktun að, með leyfi virðulegs forseta, „leitast verði við að ráðuneyti í næstu ríkisstjórn sem Framsóknarflokkurinn á aðild að verði ekki fleiri en 10".

Síðan segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Framsóknarflokkurinn vill skýrari verkaskiptingu í Stjórnarráðinu. Verkaskipting ráðuneyta skal taka tillit til samfélags- og atvinnuhátta og áherslna ríkisstjórnar á hverjum tíma."

Stjórnarflokkarnir hafa ekki nýtt þetta og ég vil gjarnan fá að heyra viðhorf Samfylkingarinnar sérstaklega. Hér í salnum er hæstv. utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þannig að það væri gaman að heyra röksemdafærslu formanns Samfylkingarinnar í þessu máli. Það væri líka áhugavert að heyra hvað hæstv. iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson, segði um þetta af því að hann fór á sínum tíma með himinskautum vegna þess að það átti að setja upp atvinnuvegaráðuneyti. Það er ekki gert hér, virðulegur forseti. (**Iðnrh.:** Þetta er fyrsta skrefið.)

Já, þetta er fyrsta skref, en þetta er alls ekki eðlilegt skref. Miðað við þær ræður sem hér voru fluttar og þau mál sem Samfylkingin flutti á sínum tíma hlýtur maður að ályktа sem svo að það hefði átt að taka skrefið til fulls og sameina þessi ráðuneyti öll í eitt atvinnuvegaráðuneyti. Þá hefði hæstv. iðnaðarráðherra ekki getað setið í þeim stóli þannig að það er auðvitað röksemdafærslan á bak við þetta mál.

Varðandi sýn Samfylkingarinnar verður maður hissa þegar maður les þetta frumvarp vegna þess að Samfylkingin flutti frumvarp á síðasta þingi, 133. þingi, sem var endurflutt frá þinginu þar á undan, og nánast óbreytt. Fyrsti flutningsmaður á því frumvarpi er hæstv. núverandi utanríkisráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, og er allur þingflokkur Samfylkingarinnar á málinu. Þar vill Samfylkingin fækka ráðuneytum í níu. Fyrsta ráðuneytið sem er tilgreint þar er atvinnuvegaráðuneyti og í greinargerðinni með frumvarpinu er sérstaklega tekið fram að það sé brýnasta verkefnið, allra brýnasta verkefnið, að setja upp atvinnuvegaráðuneyti.

Hér stendur, með leyfi virðulegs forseta:

„Samfylkingin flutti þingsályktunartillögu um stofnun atvinnuvegaráðuneytis á 131. löggjafarþingi þar sem hún taldi það fyrsta og mikilvægasta skrefið í endurskipulagningu og nútímavæðingu Stjórnarráðsins."

Úr því að Sjálfstæðisflokkurinn ályktar líka um þetta átta ég mig ekki á því af hverju þetta er ekki gert. Þetta hlýtur Samfylkingin að upplýsa í umræðunni, þ.e. af hverju þetta skref hafi ekki verið tekið fyrst að þetta var mikilvægasta verkefnið í endurskipulagningu Stjórnarráðsins.

Ég vil líka spyrja sérstaklega fulltrúa Samfylkingarinnar í ríkisstjórninni um lið f í 1. gr. í frumvarpinu. Þar segir að það megi „sameina ráðuneyti með úrskurði forseta Íslands" og hæstv. forsætisráðherra gaf til kynna að það yrði gert síðar, sem sagt einhver ráðuneyti tekin í heilu lagi og sameinuð og ráðuneytum þannig fækkað.

Samfylkingin segir sérstaklega í frumvarpi sínu sem ég gat um áðan í 1. gr.: „Ráðuneyti má eigi á stofn setja né af leggja nema með lögum" og færir rök fyrir því í greinargerðinni að það sé skynsamlegra að binda þetta í lög en ekki. Reyndar hefur Framsóknarflokkurinn talið að það ætti að vera opið að sameina ráðuneyti án þess að gera það endilega með lögum en Samfylkingin var ekki þeirrar skoðunar. Nú er hins vegar verið að flytja frumvarp þess efnis og það er f-liðurinn í 1. gr. Ég tel eðlilegt að Samfylkingin upplýsi hér af hverju hún er tilbúin til þess að fara þá leið núna að breyta ráðuneytum án laga fyrst hún vildi það alls ekki síðast þegar hún flutti mál af þessum toga hér í þinginu.

Það er búið að boða hér talsverðar breytingar á reglugerðum og hlutverkum ráðuneyta. Félags- og tryggingamálaráðuneyti á hið nýja félagsmálaráðuneyti að heita og þangað á að færa almannatryggingar. Þó áttar maður sig ekki á því á núverandi stigi hvort sjúkratryggingar eigi að

fara þar inn eða bara lífeyrishluti almannatrygginga og það væri ágætt ef hægt væri að upplýsa það hér hvort sjúkratryggingarnar eigi að fara inn í félagsmálaráðuneytið. Á sama hátt væri eðlilegt að fá hér upplýst, af því að það hefur verið rætt um að færa málefni aldraða til félags- og tryggingamálaráðuneytisins væntanlega, hvað það þýðir. Eiga hjúkrunarheimilin að fara líka inn í félagsmálaráðuneytið eða er bara verið að tala um lífeyrishluta almannatrygginga? Þetta er mjög óljóst, og eðlilegt að það sé upplýst í umræðunni hvernig þessu verður fyrir komið.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að Hagstofan verði stofnun en ekki ráðuneyti og ég tel að það sé eðlileg breyting og hef ekkert sérstakt við hana að athuga.

Varðandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið nýja er alveg ljóst að það er boðað að taka ýmis verkefni frá landbúnaðarráðuneytinu, skógrækt, landgræðslu, skólana o.s.frv. og þá er nánast ekkert eftir þannig að það liggur auðvitað í augum uppi að þá er eðlilegt að sameina það. En manni er spurn: Af hverju er þá ekki tekið skrefið til fulls og sameinað í atvinnuvegaráðuneyti? Hér kom fram hjá hæstv. forsætisráðherra áðan að það yrði svo risavaxið ráðuneyti. Það getur þó varla átt við mikil rök að styðjast fyrst báðir ríkisstjórnarflokkarnir hafa ályktað í þá veru að það bæri að gera og var eitt fyrsta skrefið sem Samfylkingin vildi taka.

Varðandi það að geta sameinað ráðuneyti með úrskurði forseta og sleppt þá því að fara í gegnum svona lagabreytingar hefur maður velt fyrir sér hvort það væri eðlilegt, og ég legg það hér inn í umræðuna, að hafa ákvæði um lágmarksfjölda ráðuneyta þannig að þau yrðu t.d. aldrei færri en sjö. Ég skýt því hérna inn í umræðuna af því að þetta er atriði sem hefur komið til tals hjá okkur í Framsóknarflokknum að það gæti verið eðlilegt að binda í löggjöf af þessu tagi lágmarksfjölda ráðuneyta þannig að menn hefðu aðeins skýrar hvað væri hægt að ganga langt í að fækka ráðuneytum.

Varðandi þær greinar frumvarpsins sem kveða á um að færa starfsmenn á milli ráðuneyta tel ég að það sé jákvæð breyting. Það skapar meiri sveigjanleika og þýðir að það er hægt að færa betur starfsmenn á milli ráðuneyta án teljandi vandræða og hafta. Ég tel að það sé jákvæð breyting og held reyndar að það mætti gera ýmsar breytingar á lögum um opinbera starfsmenn til þess að auka sveigjanleika að þessu leyti.

Virðulegur forseti. Það sem mér finnst mikilvægt að draga hérna fram er hvort við getum ekki, við sem munum fjalla um þetta mál í allsherjarnefnd — mér skilst að bæði þessi frumvörp, um þingsköpin og Stjórnarráðið, fari til allsherjarnefndar — fengið meiri upplýsingar um hvað er í farvatninu varðandi reglugerðarbreytingar. Það hefur verið upplýst hér að það er ekki allt tilbúið en mér finnst eðlilegt að við fáum að sjá það sem þó er ljóst að hverju er stefnt. Það er búið að ræða um að landbúnaðarskólarnir fari til menntamálaráðuneytisins og Matvælaeftirlitið til nýja sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, vatnamælingarnar fari úr iðnaðarráðuneytinu og til umhverfisráðuneytisins og ferðamálin úr samgönguráðuneytinu í iðnaðarráðuneytið. Reyndar sagði Samfylkingin á sínum tíma þegar hún flutti sitt frumvarp um stjórnarskipunarlög að ferðamálunum hefði verið holað inn í samgönguráðuneytið en núna á sem sagt væntanlega þá að hola þeim inn í iðnaðarráðuneytið ef sama orðalag er notað og Samfylkingin notaði á þeim tíma. Er ekki hægt að upplýsa okkur betur um þetta?

Mér finnst líka eðlilegt að fá svör frá fulltrúum Samfylkingarinnar við þessu: Eiga jafnréttismálin að fara í forsætisráðuneytið? Er umræða um það? Það var atriði sem Samfylkingin gerði að miklu umtalsefni í síðustu kosningabaráttu, þá var sagt að jafnréttismálin ættu að fara í forsætisráðuneytið, að forsætisráðuneytið ætti að bera ábyrgð á því að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið í stefnumótun og starfi allra ráðuneyta. Mér finnst eðlilegt að það sé upplýst hvort til standi að gera einhverjar breytingar að þessu leyti.

Virðulegur forseti. Í heildina séð er þetta frumvarp þess eðlis að það hefði verið betur af stað farið ef lengra hefði verið gengið. Það er helst hrópandi vöntun á atvinnuvegaráðuneyti sem ég vil gera athugasemdir við, sérstaklega af því að báðir stjórnarflokkarnir hafa ályktað um það. Það er líka í anda þeirrar ályktunar sem við framsóknarmenn höfum gert um að fækka ráðuneytum. Það hlýtur að skiljast sem svo að þessar breytingar gangi of skammt og það að iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið er ekki sameinað sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu er einungis til þess að skapa ráðherrastóla fyrir Samfylkinguna.

Mér finnst mikilvægt í þessari umræðu að Samfylkingin tjái sig. Mér finnst hrópandi fjarvera þingmanna Samfylkingarinnar í þessari umræðu og var í umræðunum um þingsköpin. Stjórnarflokkarnir bera auðvitað báðir ábyrgð á þessu máli þó að hæstv. forsætisráðherra flytji það. Í ljósi þess að Samfylkingin fór mikinn á síðasta þingi og þarsíðasta varðandi breytingar á Stjórnarráðinu og þessar tillögur eru í engu samræmi við það sem Samfylkingin sagði, engu, hlýtur Samfylkingin að ætla að tjá sig um þær breytingar sem hér eru boðaðar.

[18:29]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því bara að hv. þingmaður skipar sér í hóp þeirra þingmanna sem telja að frumvarpið gangi í raun og veru of skammt og vill ganga lengra, og ítrekar það úr sæti sínu. Það ætti þá ekki að vefjast fyrir henni að styðja þetta mál svo langt sem það nær og slást síðan í hópinn með þeim sem vilja ganga lengra við fyrsta tækifæri. Það verður einhvern tímann að stíga fyrsta skrefið í þessum breytingum. Það er það sem ég hef verið að reyna að segja í dag í þessari umræðu. Þetta eru ekkert miklar eða flóknar breytingar sem verið er að leggja til á lögunum um Stjórnarráðið. Þetta er bara það í rauninni sem hver þingmaðurinn á fætur öðrum er búinn að vera að tala um í mörg ár. Þess vegna skil ég ekki af hverju gert er veður í þessari umræðu út af þessum sjálfsögðu breytingum.

[18:30]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Já, það er rétt. Ég hefði talið eðlilegt, fyrst að farið er af stað með þessum hætti, að stjórnarflokkarnir hefðu átt að ganga lengra, eins og þeir hafa sjálfir ályktað, þ.e. að setja á stofn atvinnuvegaráðuneyti. Það yrði

þá ráðuneyti sem í væri landbúnaðurinn, sjávarútvegurinn, iðnaðarmálin og viðskiptamálin. Báðir flokkarnir hafa ályktað um það en þeir heykjast á því og gera það ekki.

Í heild sinni er málið þannig að verið er að reyna að einfalda stjórnsýsluna, eins og ég skil það. Þarna eru málaflokkar færðir á milli. Sumt af því er ágætt en annað gerum við verulegar athugasemdir við. Sumt vitum við ekki alveg um meira en við höfum heyrt einhverjar sögusagnir um. Ég tel eðlilegt að lífeyristryggingar fari yfir í félagsmálaráðuneytið en ég hef efasemdir um að sjúkratryggingarnar eigi að fara þangað. Svona mætti lengi telja.

Mér finnst mikilvægt að við, sem munum fjalla um þetta mál í allsherjarnefnd og ekki bara við heldur reyndar þingmenn allir, fáum betri upplýsingar um verkaskiptingu ráðuneytanna. Það er eðlilegt að þingmenn fái upplýsingar um það. Að minnsta kosti um allt það sem er tilbúið. Ég átta mig á því og það hefur komið fram í tali hæstv. forsætisráðherra að ekki sé allt tilbúið, stjórnarflokkarnir eru enn að semja um þessi mál. Þeir ættu samt að upplýsa um það sem búið er að semja um þannig að við séum með þokkalega hreint borð hvað það varðar.

[18:31]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmanni fyrir að mörgu leyti ágæta ræðu og margt athyglisvert sem kom fram í máli hennar. Ég vil þó vekja athygli á því að Framsóknarflokkurinn sat í ríkisstjórn í tólf ár og ég man ekki til þess að hann hafi staðið fyrir fækkun ráðuneyta eða breytt Stjórnarráðinu á þeim tíma, þrátt fyrir að næg tækifæri hafi gefist.

Kjarninn í þessum breytingum er í mínum huga sá að í stað þess að engar breytingar verði gerðar á Stjórnarráðinu nema að undangengnum lögum er í reynd verið að gefa ráðherrum eða framkvæmdarvaldinu tækifæri til að skipuleggja sig sjálft að einhverju leyti og leggja sig niður, þ.e. að ráðherrunum gefist færi á að fækka sér. Það er í raun umboðið sem hér er verið að leggja til, að þingið leyfi að framkvæmdarvaldið hafi meira um eigið skipulag að segja.

Ráðuneyti verða ekki lögð niður, það er klárt, nema með lögum. Ráðuneytum verður ekki fjölgað, það er klárt, nema með lögum. En það er hægt að sameina þessi ráðuneyti og þau fá væntanlega ný nöfn í kjölfarið. Í reynd er því verið að taka þetta litla skref og ég get tekið undir það með ýmsum sem segja að taka hefði mátt stærri skref. En stærri skref verða ekki tekin í þessari umferð. Vel má vera að fleiri skref verði tekin í framhaldinu en mér finnst sjálfum ágætt að framkvæmdarvaldið fái heimild til að fækka ráðherrum. Það er í reynd heimildin sem við leggjum til að veitt verði. Það er engin heimild til þess að fjölga ráðherrum eða neitt í þá veruna, fyrst og fremst að fækka þeim og leyfa þeim að endurskipuleggja sig. Ég held að það sé skynsamlegt.

[18:34]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki rétt að ekkert hafi verið unnið í þessum málum í tíð síðustu ríkisstjórnar en það var einmitt Halldór Ásgrímsson sem setti á stofn nefndir til að fjalla um þessi mál. Síðan tók hæstv. forsætisráðherra við því kefli og kynnti breytingar fyrir forustumönnum flokkanna fyrir síðustu kosningar en þar sem ekki náðist víðtæk pólitísk samstaða um það var ekki farið í breytingar. Nú er verið að kynna breytingar án nokkurrar samstöðu um þær. Það er sagan sem liggur að baki.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson segir að með þessari lagabreytingu geti framkvæmdarvaldið skipulagt sig sjálft og sameinað ráðuneyti. Reyndar er hægt að leggja niður ráðuneytið, við sameiningu er verið að leggja niður ráðuneyti. Ef tvö eru sameinuð í eitt. Þetta er rétt hjá hv. þingmanni.

Hins vegar var Samfylkingin allt annarrar skoðunar á síðasta og þarsíðasta þingi þegar þeirra mál leit dagsins ljós. Það segir alveg skýrt í því máli í 1. gr.:

„Ráðuneyti má eigi á stofn setja né af leggja nema með lögum."

Í greinargerðinni er síðan sagt að skynsamlegra sé að binda þetta í lög, þ.e. að löggjafinn ákveði þetta en ekki framkvæmdarvaldið sjálft, eins og segir í f-liðnum hérna. Samfylkingin er því búin að breyta um skoðun í þessu. Eins og þetta mál er vaxið, ef það verður að lögum, kemur löggjafinn ekki meira að því, sé ráðuneytum fækkað, þ.e. hreinum ráðuneytum er skellt saman. En Samfylkingin var ekki þeirrar skoðunar á síðasta þingi þannig að þar hefur orðið kúvending.

[18:36]

Lúðvík Bergvinsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Á þeim tólf árum sem Framsóknarflokkurinn var í stjórn voru engar breytingartillögur lagðar fram og engar breytingar gerðar. Það getur vel verið að unnið hafi verið í nefndum og ráðum að breytingum en ekkert leit dagsins ljós. Hér er á ferðinni lítið skref og ég held að þeir sem vilja taka stærri skref hljóti að fagna því að þetta er þó a.m.k. áfangi í rétta átt.

Í umræðunni heyrist mér að það sé örlítill misskilningur í gangi hvað það varðar að menn eru að rugla saman ráðherrum annars vegar og ráðuneytum hins vegar. Hér er í reynd verið að fela framkvæmdarvaldinu heimild til þess að fækka ráðherrum. Það er kjarninn í málinu en ekki að heimila að leggja af ráðuneyti. Þetta er algert lykilatriði og um þetta snýst málið. Því er ekki verið að breyta neinu um hverju skuli skipað með lögum og hverju ekki. Hér er fyrst og fremst heimild fyrir framkvæmdarvaldið til að fækka ráðherrum og endurskipuleggja sig á þann hátt. Hér er verið að leggja til að þjóðþingið veiti þessa heimild.

Að sumu leyti hefur mér þótt menn gera of lítið og of mikið úr ráðherrunum og fjölda þeirra því að í sjálfu sér fer allt í gegnum Alþingi á endanum sem betur fer. Þannig á það að vera en hvort ráðherrarnir séu 8, 10, 11 eða 9 finnst mér ekki kjarninn í þessari umræðu. Fyrst og fremst hvernig ráðuneytunum er skipað og að málin koma á endanum til kasta þingsins.

[18:37]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er einhver grundvallarmisskilningur hjá hv. þm. Lúðvíki Bergvinssyni. Það stendur í frumvarpinu sem við erum að fjalla um hér, í f-lið:

„Þó er heimilt að sameina ráðuneyti með úrskurði forseta Íslands."

Þá eru menn að sameina væntanlega tvö eða fleiri í eitt og leggja eitthvert ráðuneyti niður. Það stendur ekki að heimilt sé að fækka ráðherrum. (Gripið fram í.) Heimilt mun að sameina ráðuneyti, þannig að það er alrangt sem hv. þingmaður er að halda fram, að þetta gangi út á það að fækka ráðherrum. Það gætuð þið hæglega gert, sem eruð í stjórnarmeirihlutanum í dag. Þið gætuð hæglega ákveðið að iðnaðar- og viðskiptaráðherra yrði einn ráðherra, bara hæstv. iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson. Hann gæti bara tekið viðskiptaráðuneytið yfir enda er það svo lítið hvort eð er.

Þessi breyting gengur því alls ekki út á það sem hv. þingmaður var að segja. Þessi lagabreyting gengur þvert á það sem Samfylkingin vildi á síðasta þingi. Ráðuneytunum verður ekki skipað með lögum, eins og Samfylkingin vildi og hvorki setja þau á stofn né leggja þau af nema með lögum. En í dag er verið að flytja frumvarp um að heimilt sé að sameina ráðuneyti fram hjá löggjafanum, fram hjá okkur hér inni. Þetta er því einhver grundvallarmisskilningur sem hv. þingmaður ber hér á borð. Samfylkingin hefur breytt algjörlega um stefnu í þessu máli.

(**Forseti** (ÞBack)**:** Forseti vill áminna þingmenn um að ávarpa forseta en ekki þingmenn beint úti í sal.)

[18:39]

Jón Magnússon (Fl):

Frú forseti. Í framsöguræðu sinni fjallaði forsætisráðherra réttilega um með hvaða hætti og hvernig staðið var á sínum tíma að setningu laga um Stjórnarráð, hvernig sá merki laga- og stjórnmálamaður, Bjarni Benediktsson, stóð að því, fyrst sem þingmaður í stjórnarandstöðu. Honum fannst hentast að hafa hlutina þannig að þingið kæmi að og hefði með að gera það hvernig hlutirnir þróuðust og breyttust.

Það sem við erum að fjalla um núna eru í sjálfu sér ekki stórir hlutir. Þá er ég að tala um það sem fjallað var um í 1. gr., a til e-lið sem varðar m.a. Hagstofu Íslands, þar sem verið er að breyta stöðu hennar, og síðan ráðuneytin.

Ég hjó eftir því sem hæstv. forsætisráðherra sagði í framsöguræðu sinni, þ.e. að sameining sjávarútvegsráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis væri til einföldunar og sumir hefðu viljað ganga lengra. Ég er einn þeirra sem hefðu viljað ganga miklu lengra. Ég er ekki sammála hv. þm. Lúðvík Bergvinssyni um að það skipti ekki máli hvort ráðherrar eru 8, 9 eða 10. Því færri, þeim mun betra. Ég hygg líka að menn þurfi að leggjast yfir það og fara í virkilega skoðun á því hvort við séum ekki í raun með allt of mörg ráðuneyti og hvort ekki væri æskilegra og leiddi til meiri skilvirkni að fækka ráðuneytum.

Eins og menn hafa komið inn á, hver þingmaðurinn á fætur öðrum í þessari umræðu, er spurningin í fyrsta lagi um hvort ekki eigi að taka upp eitt atvinnumálaráðuneyti. Ég hygg að það væri skynsamlegt. Hæstv. forsætisráðherra sagði í framsöguræðu sinni að með því að sameina sjávarútvegsráðuneytið og landbúnaðarráðuneytið væri horfið til minni ríkisafskipta. Ef hægt væri að sameina ráðuneyti í eitt atvinnuvegaráðuneyti gæti það horft í átt til minni ríkisafskipta. Það væri að sjálfsögðu af hinu góða.

Ég velti því fyrir mér hvað hæstv. forsætisráðherra á við þegar hann talar um minni ríkisafskipti af sjávarútveginum og landbúnaðinum. Er verið að tala um að leggja af kvótakerfi í sjávarútvegi? Er verið að tala um að leggja af kvótakerfi í landbúnaði? Á að afnema innflutningshöft? Er verið að tala um að afnema opinberar verðákvarðanir? Er spurningin sem forsætisráðherra er að tala um hvað þessar atvinnugreinar varðar að gera markaðskerfið raunverulega virkt? Sé það vilji hans mun ég heils hugar standa með honum í því. Ég vænti þess að það standist sem hann sagði í þessu efni, sem að vísu þarfnast nokkurrar skýringar við: Með hvaða hætti má búast við því að með sameiningu sjávarútvegsráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis sé stefnt í átt að minni ríkisafskiptum? Að hvaða leyti verða ríkisafskiptin minni, í hvaða þáttum?

Hæstv. forsætisráðherra vék að því að aðrar breytingar á lögum um Stjórnarráð Íslands mættu bíða haustsins. Það er nú einu sinni þannig, varðandi þetta frumvarp sem við erum að fjalla um, að það hefði mátt bíða haustsins í heilu lagi vegna þess að þau atriði sem um er fjallað í 1. gr., lið a til e, taka ekki gildi fyrr en þann 1. janúar 2008. Það er ærinn tími til að afgreiða þá hluti sem hér er um að ræða á þeim tíma á haustþingi í staðinn fyrir að taka þetta sérstaklega til meðferðar. Þá hefði líka mátt koma hlutum þannig fyrir að þau atriði sem hæstv. forsætisráðherra gaf fyrirheit um, þ.e. aðrar breytingar og fyllri á lögum um Stjórnarráð Íslands, fylgdu með. Þetta hefði mátt flytja sem eitt frumvarp í samfellu í staðinn fyrir að slíta málið með þessum hætti úr samhengi.

Það er ljóst að þingmenn Frjálslynda flokksins vilja greiða þessu frumvarpi leið í gegnum þingið og telja að það í höfuðatriðum til bóta. Það er þó eitt atriði sem við stöldrum við og veltum fyrir okkur og teljum að sé nokkuð varhugavert en það er f-liður 1. gr., þ.e. spurningin um að heimila að ráðuneyti verði sameinuð með úrskurði forseta Íslands. Það er spurning hvort það horfir til bóta að þau atriði fari úr höndum þingsins og verði einfaldlega á höndum ríkisstjórnar og forseta hverju sinni. Sjálfur tel ég að það sé varhugavert og ekki eigi að hrapa að slíkri ákvörðun enda er ekki nokkur þörf á að gera það með þeim hætti.

Um atriðin sem varða starfsmenn í Stjórnarráðinu í 3. og 4. gr. er í sjálfu sér allt gott að segja en ástæða til að kalla til forustumenn í samtökum þeirra til að heyra þeirra sjónarmið. Væntanlega gerist það í allsherjarnefnd við meðferð á málinu.

Höfuðatriðið í þessu máli er að hér er hreyft við breytingum á lögum á Stjórnarráði Íslands sem var löngu tímabært. Þess vegna er engin ástæða til að setja á langar ræður um með hvaða hætti og hvernig hlutirnir hefðu getað orðið eða hvort fiskur liggi undir steini. Það er ekki nokkur ástæða til þess að ætla að svo sé.

Varðandi útgáfu reglugerða er það hárrétt sem hæstv. forsætisráðherra benti á, að reglugerðarheimildir eru að sjálfsögðu í höndum ráðherra hverju sinni. Alþingi kemur ekki að því en reglugerðir verða ekki gefnar út nema þær hafi stoð í lögum.

Virðulegi forseti. Við í Frjálslynda flokknum munum greiða fyrir því að þetta frumvarp geti fengið hraða og góða

afgreiðslu hér á þessu þingi.

[18:47]

Guðni Ágústsson (F):

Hæstv. forseti. Hæstv. forsætisráðherra vitnaði til þess mæta stjórnmálamanns og lagaspekings Bjarna Benediktssonar og ég tók undir hér í dag að hann hefði verið einn af spökustu lögmönnum þessarar þjóðar, og hvort sem hann talaði í stjórn og stjórnarandstöðu var tekið tillit til málflutnings hans. Af því að það henti hæstv. forsætisráðherra að minnast á þennan merkilega mann og bera þetta skyndiverk þeirra frá Þingvöllum saman við það sem Bjarni Benediktsson lagði til árið 1958 hér í þinginu segir, með leyfi forseta, í greinargerð þingsályktunar Bjarna Benediktssonar eftirfarandi:

„Æskilegast er, að þær umbætur verði lögfestar með samráði og samvinnu ríkisstjórnar og stjórnarandstæðinga, svo að líkur verði fyrir meiri festu í þessum efnum en verið hefur," segir hann. Síðar segir hann í ræðu sinni:

„Þetta er áreiðanlega þýðingarmeira mál en í fljótu bragði skyldi ætla" — sem sé breytingar á Stjórnarráðinu — „og mál sem mikilsvert er, eins og sum fleiri, að menn reyni að koma sér saman um að leysa án flokkságreinings. Það eru líkur til þess í lýðræðisþjóðfélagi, að flokkar skiptist á um völd, einn hafi völdin í dag, annar á morgun. Það er ákaflega mikilsvert, ef þeir sem nokkra reynslu hafa af þessu og þekkja af eigin raun, hverjir ágallar eru, gætu komið sér saman um nýtt og betra skipulag, sem byggt væri á þeirri reynslu, sem fengin er.

Það hafa allir stjórnmálaflokkar jafnan hag af því, að stofnun slík sem Stjórnarráðið sé hæf til að sinna starfi sínu og hún sé í uppbyggingu þannig, að hún verði sá bakhjallur góðrar stjórnar í landinu, sem hún þarf að vera, og geti leyst sín verkefni vel af hendi með sem minnstum mannafla, og þar með minnstum kostnaði. Þess vegna held ég, að það sé líklegra til árangurs í þessu, að tekið væri upp um lausn þessa máls samstarf allra flokka."

Það er eins og hæstv. forsætisráðherra reyndi í mars sl. að hafa hér í frammi við páverandi stjórnarandstöðu og var samkomulag um í þeirri ríkisstjórn sem ég sat í með hæstv. forsætisráðherra. En nú keyrir hæstv. forsætisráðherra breytingarnar áfram af slíkum hraða og með svo óljósum hætti að þingheimur veit í rauninni ekkert hvað um er að vera. Það er búið að margfara yfir það í dag að verið er að höggva upp Stjórnarráðið hér og þar í snepla til þess að búa til ráðuneyti. Eini ávinningurinn sem virðist vera í fækkun er blessuð litla Hagstofan. Hún verður að stofnun en ekki að ráðuneyti. Síðan er farið, eins og ég hef rakið hér í dag, í handahófskenndar breytingar, bæði með landbúnaðarráðuneyti, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, sem var auðvitað lítið ráðuneyti fyrir og er varla tveggja manna verk. Það er auðvitað ljóst að í samskiptum þessara flokka á Þingvöllum hefur það verið val Sjálfstæðisflokksins að hirða til sín fleiri verkefni í Stjórnarráðinu en láta Samfylkinguna sitja uppi með sama fjölda ráðherra. Þetta er svona skipting, pólitísk hrossakaup sem eiga sér stað undir þeim kringumstæðum að ríkisstjórn er að fæðast.

Þess vegna verð ég að ítreka: Ólíkt var skynsamlegri hugsun Bjarna Benediktssonar sem sá það fyrir sér að mikilvægt væri að allir flokkar kæmu að slíkri breytingu. Sannleikurinn er auðvitað sá að ríkisstjórnir koma og fara og flokkar sitja í ríkisstjórn í dag og ekki á morgun, og þannig mun lífið halda áfram. Einhvern tímann verður Sjálfstæðisflokkurinn utan ríkisstjórnar, ég trúi að völd hans vari ekki hér að eilífu og ráðríki í Stjórnarráðinu þegar þannig er unnið, þegar þannig er skipt um skoðun, eins og hæstv. forsætisráðherra sem leit á þetta sem samkomulagsmál í mars. Nú er það bara einkamál tveggja manna, hans og hæstv. utanríkisráðherra. Og þau hafa ekki enn klárað málið eins og glöggt hefur komið fram í ræðu hans.

Hæstv. forsætisráðherra segir hér að hann sé að stíga fyrsta skrefið. Þetta er mjög undarlegt skref. Síðan finnst honum undarlegt að menn geri athugasemdir, finnist þetta einkennileg vinnubrögð og geri veður út af þessu, eins og hann orðar það, hæstv. forsætisráðherra. Ég er ekkert hissa á því miðað við þau sinnaskipti sem hafa orðið.

Ég verð að segja að mér líst mjög illa á margt í þessu og mér finnst kastað til hendi. Ég verð að segja það sem alþingismaður á löggjafarþingi þjóðar minnar að ég vil auðvitað við þessar breytingar fá það uppgefið hvað um er að vera. Hvert eru málaflokkarnir að fara? Hvað ætlar ríkisstjórnin sér í þeim efnum? Ég hef sjálfur tekið sæti í þingnefnd og það er mjög óljóst hver verkefni þeirrar nefndar verða.

Það hendir hins vegar hæstv. forsætisráðherra að snupra mig hér, saklausan manninn, af því að ég er ekki alveg sammála honum í þessu, og ber á mig afturhaldssemi. Ég skal segja hæstv. forsætisráðherra að það mun koma í ljós að mörgum manninum í hans flokki mun vera þannig skipað að hann verður mér nokkuð sammála um það sem ég er að tala. Honum mun finnast að það sem við höfum verið að gera í ríkisstjórn sem hæstv. forsætisráðherra stýrði einnig, endurskipuleggja landbúnaðinn, stofnanakerfi hans — ég hef nefnt hér landbúnaðarháskólana sem við höfum byggt upp sem atvinnuvegaháskóla og talið eðlilegt að heyrðu undir landbúnaðarráðuneytið og atvinnuveginn. Inn í landbúnaðarháskólana færðum við Rannsóknastofnun landbúnaðarins með öllum þeim vísindamönnum sem landbúnaðinum tilheyra. Það kann að vera að áhyggjur sæki að mörgum sjálfstæðismanninum við þessar breytingar alveg eins og að mér. Auðvitað get ég látið mér detta það í hug eins og öðrum að landbúnaðarháskólarnir fari til menntamálaráðuneytisins.

Reynslan hræðir. Skólar annarra atvinnuvega, hvort sem það er sjávarútvegsins eða iðnaðarins, hafa nánast dáið inni í hítinni í menntamálaráðuneytinu. Þeir hafa ekki verið þau óskabörn sem hafa verið klædd upp og farið með þau eins og ber. Þess vegna óttast margur aðsteðjandi breytingar á landbúnaðarháskólunum sem hafa verið í miklum vexti, hæstv. forsætisráðherra. Ég hygg að þegar ég byrjaði sem landbúnaðarráðherra hafi verið í þessum tveimur skólum u.þ.b. 150 manns. Þar er núna hátt á fimmta hundrað manns við nám. Þessar skólastofnanir eru orðnar mjög virtar vísindastofnanir í miklu samstarfi. Það er ekkert óeðlilegt að áhyggjur sæki að mönnum. Litlir háskólar eiga rétt á sér. Það eiga ekki allir háskólar að vera í Vatnsmýrinni í Reykjavík. Litlir, fallegir háskólar gegna mikilvægu hlutverki á landsbyggðinni. Kannski hefur íslenska þjóðþingið

og ríkisvaldið verið nískt við það að gefa byggðunum þau tækifæri sem í háskólunum eru fólgin.

Við sjáum það vissulega að Háskólinn á Bifröst blómstrar í dag. (Gripið fram í.) Menn velta fyrir sér hvort það sé ekki fyrst og fremst vegna þess að hann er sjálfseignarstofnun. Atvinnulífið kemur verulega að honum. Þess vegna sagði ég hér við stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra, og bað hæstv. landbúnaðarráðherra að fara yfir það, ef þessar breytingar væru óhjákvæmilegar hvort ekki gæti verið heppilegt að skoða það form hvað landbúnaðarháskólana varðar að þeir yrðu einnig sjálfseignarstofnanir tengdir sínum atvinnuvegi áfram þótt þeir færu þessa leið.

Ég vil með málefnalegum hætti vekja athygli hér, hæstv. forsætisráðherra, á þeirri hættu. Mér þykir vænt um þessa skóla. Þeir eru landbúnaðinum mjög mikilvægir. Þess vegna er það ekki af neinni afturhaldssemi eða annarlegum sjónarmiðum sem ég velti upp þessum rökum og bið hæstv. landbúnaðarráðherra og hæstv. ríkisstjórn, þar með hæstv. forsætisráðherra, að fara vel yfir þessa hluti áður en gripið er til þessara ráða. Þá hef ég sagt: Sé þetta óhjákvæmilegt getur sjálfseignarformið, eins og Bifröst þrífst undir, verið eitthvað sem við eigum að huga að.

Ég þarf ekkert, hæstv. forsætisráðherra, að heita afturhaldsmaður þótt ég sé á sömu skoðun og Sjálfstæðisflokkurinn var um 1990 hvað varðar landgræðslu og skógrækt. Ef það er ætlan forsætisráðherra hefur hann ekki greint frá því. *Ef það er ætlan hans og það samkomulag sem hann* gerði með hæstv. utanríkisráðherra á Þingvöllum að fara með landgræðsluna í Gunnarsholti sem starfar um allt land og Skógrækt ríkisins undir umhverfisráðuneytið er hann að brjóta blað í sögu síns flokks. Sannarlega hefur Sjálfstæðisflokkurinn verið þeirrar skoðunar að þessar miklu stofnanir séu framkvæmdastofnanir og eigi að heyra undir landbúnaðarráðuneytið, og skógrækt um allan heim er verkefni landbúnaðarins. Þess vegna hef ég líka beðið hæstv. landbúnaðarráðherra að fara vel yfir þessi rök.

Ég vona auðvitað, hæstv. forsætisráðherra, að þetta sé ekki á dagskrá. Þetta væri skemmdarverk. Það eru þúsund skógræktarbændur á Íslandi á dag. Það er mikill uppgangur, og nýr, í þessari grein sem var settur í gang í ágætri ríkisstjórn sem við unnum saman í. Ég er fyrst og fremst með varnaðarorð að biðja menn um að fara yfir þetta með málefnalegum hætti en ekki með neinar úrtölur eða afturhald.

Ég heyri líka talað um það jafnvel að búvörusamningarnir eigi að fara inn í fjármálaráðuneytið. Svona ganga þessar sögur sem maður heyrir (Forseti hringir.) hér á göngunum, hæstv. forsætisráðherra. Þess vegna er auðvitað ólíkt að farið en þegar hinn mæti Bjarni Benediktsson lagði til að það yrði eitt þing, þing samkomulags, á milli allra stjórnmálaflokka sem færu (Forseti hringir.) yfir það vandasama verk að endurskipuleggja Stjórnarráðið.

(**Forseti** (ÞBack): Forseti biðst afsökunar, en getur þingmaðurinn upplýst um hversu langa ræðu hann eigi eftir og hvort hann ætli að nota tíma sinn?)

Allan þann tíma sem ég á eftir mun ég nýta, hæstv. forseti.

(**Forseti** (ÞBack): Þá ætla ég að óska eftir að hv. þingmaður geri hlé á ræðu sinni því að nú verður gert kvöldverðarhlé. Tekur þá ræðumaður til við ræðu sína og lýkur henni þegar fundi verður haldið áfram.)

[19:00]

Útbýting:

Þingsköp Alþingis, 10. mál, brtt. StB, þskj. 12.

[Fundarhlé. — 19:01]

[20:00]

Útbýting:

Almannatryggingar og málefni aldraðra, 11. mál, stjfrv. (heilbrrh.), þskj. 11.

[20:01]

Guðni Ágústsson (F) (frh.):

Hæstv. forseti. Ég hef verið að fara í ræðu minni yfir það sem Bjarni Benediktsson, sá mikli lögspekingur og sterki stjórnmálamaður, hafði lagt til á sínum tíma. Ólíkt hafast menn að þegar tveggja manna samkomulag býr til svo óráðna niðurstöðu eins og hér er verið að kynna, og ekki að kynna, í dag. Enda sagði hæstv. forsætisráðherra ef ég man rétt fyrr í umræðunni að þess vegna væri verið að sníða Stjórnarráðið að samkomulaginu og flytja fleiri málaflokka milli ráðuneyta. Hæstv. forsætisráðherra vissi að þetta var allt saman óljóst.

Ég hef verið að fara yfir landbúnaðarráðuneytið og þær breytingar sem ég varaði við og fór málefnalega yfir sem ég bið hæstv. forsætisráðherra og ríkisstjórn að skoða vel án þess að vinna þar skemmdarverk. Ég mótmæli þeim orðum hæstv. forsætisráðherra sem hann viðhafði hér, að það væri of *lítið að gera í landbúnaðarnefnd. Ég hygg að ef sagan* verður skoðuð hafi aldrei jafnstórir kaflar í löggjöf landbúnaðarins verið endurskoðaðir og á síðustu árum. Ég hygg að Drífa Hjartardóttir, fyrrverandi formaður landbúnaðarnefndar, telji að hún hafi haft jafnmikilvægu hlutverki að gegna hér og stundum meiri verkefni en margar aðrar nefndir þingsins. Þessu vildi ég halda til haga.

Ég vil segja að það liggur í sjálfu sér ekki þannig fyrir í ljósi þess að allir flokkar vilja breytingar á Stjórnarráðinu. Auðvitað gat komið til þess að landbúnaðarráðuneytið og eitthvert ráðuneyti sameinuðust. Ég hefði kannski getað séð fyrir mér aðra mynd, landbúnaðarráðuneyti, byggðamál, samgöngumál. Landbúnaður og sjávarútvegur geta vissulega átt á margan hátt vel saman og margt í báðum ráðuneytum nýst en ég gagnrýni að það eigi að taka annað ráðuneytið, höggva góðan hluta af störfum þess ef það er rétt og stinga því svo inn í hitt ráðuneytið í hendurnar á reyndar prýðilegum ráðherra sem ég hef mætur á. En hann situr auðvitað fyrir í ráðuneyti. Ég vil vekja athygli hæstv. forsætisráðherra á því ef það er svo að virðing hans hafi minnkað fyrir íslenskum landbúnaði, sem mér finnst á öllu tali hér og framferði stjórnarflokkanna að Samfylkingin hafi þar haft mikil áhrif. Það er nú svo, hæstv. forsætisráðherra, að landbúnaður um allan heim, landbúnaðarráðuneyti um allan heim, er vísbending þjóða um mikið matvælaland. Það yrði mikið áfall fyrir Íslendinga ef landbúnaðarráðuneytið væri ekki til. Landbúnaðarráðuneyti er mjög sterkt í öllum matvælalöndum heimsins, hefur mikla þýðingu og

segir mikla sögu og í rauninni miklu sterkara en sjávarútvegsráðuneyti. 90% af öllum matvælum heimsins koma frá landbúnaði og ég get tekið undir það að matvælaráðuneytið eða matvælastofnun fari til þessa sameinaða ráðuneytis. Ég held að það sé góður kostur í sjálfu sér. Ég hef verið talsmaður þess að maturinn sem kemur úr haga í maga, frá fjörð á borð eða, eins og þeir segja á Norðurlöndum, frá hafi til maga líka er mikilvægt að ábyrgðin sé með þessum hætti. Ég ætla ekkert að mótmæla því. Ég vildi samt fara yfir þetta svona.

Ég vil svo auðvitað segja hér að það er líka mikilvægt að halda vel utan um landbúnaðinn af því að hann hefur verið í mikilli þróun. Hann hefur mætt nýjum tíma og endurskipulagt sig. Hann getur búist við því sjálfsagt að alþjóðasamningar eigi sér stað. Ég ætla a.m.k. að vona að hæstv. forsætisráðherra standi gegn því fikti sem Samfylkingin hefur lagt til í tollum og öðru á síðustu árum til að skekkja þessa mynd. En hann getur staðið frammi fyrir miklum breytingum og hann hefur verið að búa sig undir það í hinni hefðbundnu landbúnaðarframleiðslu með þeim búvörusamningum sem við höfum gert fyrir utan hitt að það liggur auðvitað fyrir að landbúnaðurinn hefur í dag mörgum nýjum verkefnum að gegna í nýsköpun sveitanna sem voru ekki til fyrir 10 árum. Ég hef nefnt hestinn, skóginn, ferðaþjónustuna o.fl. Það er mjög mikilvægt að landbúnaðurinn fái að þróast áfram við þær aðstæður að löggjöfin sé heppileg og hann njóti þeirrar virðingar sem honum ber.

Svo vil ég auðvitað, hæstv. forseti, segja að mér finnst margt, hæstv. forsætisráðherra, mjög óljóst eins og ég er búinn að margfara yfir í dag. Sagan er ekki nema hálfsögð. Ég hef nefnt þar Íbúðalánasjóð. Verður hann settur inn í fjármálaráðuneytið og seldur? Þetta skapar óvissu á markaðnum og frá þessu þarf auðvitað að skýra. Ég hef beðið um umræðu við hæstv. félagsmálaráðherra um þetta stóra mál því að það er komið fram að Íslendingum þykir mikilvægt að standa vel að Íbúðalánasjóði og telja hann mikilvægan í tilveru sinni utan um eign sína þannig að það er ekki sama hvernig að þessu er farið. Þannig er með mörg fleiri verkefni sem ég hef farið yfir í fyrri ræðum og ætla þá ekki að ítreka hér en vil að lokum segja, hæstv. forseti, að mér finnst ógæfulegt að geta ekki náð samstöðu um svona mál. Ég spyr hæstv. forsætisráðherra: Hvað hefur breyst í höfði hans frá því í mars? Hvers vegna leitaði hann eftir samkomulagi við stjórnarandstöðu í mars en núna í júní þarf hann enga samstöðu við stjórnarandstöðu? Ég vil fá það skýrt frá hæstv. forsætisráðherra hvaða breytingar hafa átt sér stað. Hvers vegna hafa þessi sinnaskipti hans nú orðið? Er það vegna hins stóra meiri hluta eða (Forseti hringir.) hefur samkomulag þeirra gengið út á þetta?

[20:07]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að segja að hv. þingmaður þarf ekki að óttast að minn hugur gagnvart landbúnaðinum sé eitthvað öðruvísi en hann áður var. Það hefur reyndar ekkert með þetta frumvarp að gera. Þetta frumvarp er um skipulagsmál í Stjórnarráði Íslands en ekki um afstöðu mína eða annarra sem að þessu máli koma til landbúnaðar eða sjávarútvegs. Ég ber mikla virðingu fyrir landbúnaðinum og það hefur engin breyting orðið á því. Ég tel reyndar að hv. síðasti ræðumaður hafi verið afar góður landbúnaðarráðherra. Ég vil bara gjarnan koma því hér á framfæri ef einhver skyldi halda eitthvað annað.

Ég vil líka segja við hann, vegna þess að hann sagðist hafa beðið hæstv. sjávarútvegsráðherra og núverandi landbúnaðarráðherra um það og beindi því einnig til mín að menn mundu vanda sig í framhaldinu, sérstaklega varðandi landbúnaðarskólana en einnig landgræðslu og skógrækt, að auðvitað verður það gert. Ég vil bara fullvissa hv. þingmann um það. Það stendur ekki annað til, þess vegna m.a. ætlum við okkur tímann til áramóta til að ganga frá öllu þessu máli.

Lagabreytingin hérna er einföld og felur ekkert annað í sér en það sem hér segir. Ef menn ætla að færa landbúnaðarskólana eins og er ásetningur okkar er vel hægt að gera það án þess að breyta stjórnarráðslögunum. Það er hægt að gera það með breytingu á lögunum um búnaðarfræðslu. Það er ekki þetta mál hér. Sama er að segja um margt annað sem hv. þingmaður var að spyrja um. Það má ekki flækja þetta mál um of.

Ég freistaði þess í marsmánuði að ná samkomulagi allra flokka um að gera þá breytingu á stjórnarráðslögunum sem er að finna í f-lið 1. gr., að það mætti sameina ráðuneytin með úrskurði forseta. Ég taldi að allir stjórnmálaflokkar kynnu að óska þess eftir kosningar að hafa þann möguleika. Um það náðist ekki samkomulag. Nú er (Forseti hringir.) þetta mál komið í þennan búning sem allir þekkja.

[20:10]

Guðni Ágústsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil spyrja hæstv. forsætisráðherra áfram: Nú hafði hann náð því mikla markmiði að taka inn í bú sitt stærsta stjórnarandstöðuflokkinn með samtals 18 þingmönnum sem virðist þá hafa fallist á þessa meðferð. Framsóknarflokkurinn var áður í ríkisstjórn. Hvers vegna datt ekki forsætisráðherra í hug að það væri myndarlegt og líkt Bjarna Benediktssyni að leita eftir samráði allra þingflokka um þessa gríðarlegu breytingu? Í rauninni eins og hér hefur komið fram liggur ekkert á málinu. Ég fagna því að heyra að hæstv. forsætisráðherra segir það sem við höfum verið að segja í dag, að þetta er hálfunnið verk. Auðvitað hafa flokkarnir ekki náð niðurstöðu í málinu. Það er hæstv. forsætisráðherra búinn að viðurkenna núna.

Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir að ætla að fara enn betur yfir þetta með landbúnaðarháskólana og hvernig það gerist þá. Ég tek það alveg skýrt fram, hæstv. forsætisráðherra, að landgræðsla og skógrækt hefur samkvæmt stefnumörkun í Sjálfstæðisflokki, sem ég hef dáðst að hvað það varðar, verið alveg skýrt landbúnaðarmál. Hér börðust þeir með kjafti og klóm þegar umhverfisráðuneytið var stofnað og við vorum hér ungir menn, ég og hæstv. forsætisráðherra, gegn því að þessar stofnanir rynnu inn í umhverfisráðuneytið. Umhverfisráðuneytið er verndarráðuneyti. Þetta eru framkvæmdastofnanir. Það getur vel verið að gamlir birkiskógar geti heyrt undir umhverfisráðuneyti en ég bara þakka þau orð hæstv. forsætisráðherra að hann ætlar að fara vel yfir þessi mál um leið og ég harma það,

sem ég hef gert í dag, hvers lags offors þetta er, hvers lags ráðríki og hvers vegna ekki sé hægt að kynna málið í heild sinni, bæði fyrir stjórnarliðum sem mér finnst að viti takmarkað um málið og ég tala ekki um líka stjórnarandstöðunni. (Forseti hringir.) Öllum ber okkur að bera virðingu hvert fyrir öðru á hinu háa Alþingi, hæstv. forseti.

[20:12]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér er hvorki offors né ráðríki á ferðinni. Þetta mál var kynnt á fundi fyrir m.a. hv. þingmanni og formönnum stjórnarandstöðuflokkanna og hefði þeim verið í lófa lagið að taka sömu afstöðu og þingmenn Frjálslynda flokksins hafa gert hér sem ætla að greiða fyrir þessu máli vegna þess að þeir líta þannig á að hún sé til góðs, sú breyting sem hér er lögð til, hvað svo sem mönnum kann að finnast um framhaldið.

Hv. þingflokksformaður Framsóknarflokksins vill ganga lengra en þetta frumvarp. Hún lýsti því yfir áðan. Þannig er um fleiri þingmenn hér en einhvers staðar verða menn að byrja.

Það var heppilegt að hv. þingmaður skyldi minnast á umhverfisráðuneytið. Þá var hann í stjórnarmeirihluta og ég í minni hluta. Skyldi hann ekki muna eftir því hvernig þáverandi stjórnarmeirihluti reyndi með offorsi og ráðríki að koma því máli í gegn og tókst á endanum? Ekki var leitað samkomulags um þá hluti. Ekki var vitnað í Bjarna Benediktsson við það tækifæri.

[20:13]

Guðni Ágústsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kann að vera að Sjálfstæðisflokkurinn hafi haft þau áhrif þá að landgræðsla og skógrækt fóru ekki undir umhverfisvernd. Það kann að vera að það hafi verið hlustað á stjórnarandstöðuna þannig að ég minnist þeirra átaka sem þá voru. Ég minni hæstv. forsætisráðherra á þá umræðu og ég hygg að það hafi verið með þeim hætti.

Í lófa lagið, segir hæstv. forsætisráðherra, að styðja mál, kallaði hér til fundar þar sem skýrt er frá þessari vegferð án þess að segja, hæstv. forsætisráðherra, hvað í pakkanum væri. Hæstv. forsætisráðherra hefur ekki skýrt frá því enn þá hvaða stórbreytingar eru í nánd. Það hefði auðvitað verið allt annað mál því að sannarlega er það svo að það er ekki verið að stíga neitt rosalega stórt skref, hæstv. forsætisráðherra, það er verið að sníða svuntu í kringum eina ríkisstjórn, það er bútasaumur til að koma ráðherrum fyrir í litlum hornum í ráðuneytum. Það er ekki verið að fara skipulega í það mál sem allir flokkar hafa ályktað um. Þetta er með allt öðrum hætti.

Allir flokkar eru sammála um að þeir vildu sennilega flestir að hér yrðu 10 ráðuneyti, nokkurn veginn jafnvíg að stærð, jafnstór að verkefnum, og fullt verkefni fyrir hvern ráðherra. Við erum auðvitað undrandi á því að það sé bara litla Hagstofan sem ekki er ráðuneyti lengur og fari síðan að fitla við hitt með óskipulegum hætti og hæstv. forsætisráðherra ætlar reyndar að taka sér tíma fram að næstu jólum. Gleðileg jól, hæstv. forsætisráðherra.

[20:15]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að hv. þingmaður og formaður Framsóknarflokksins Guðni Ágústsson hafi hitt naglann á höfuðið í seinna andsvari sínu þegar hann sagði að þetta mál væri ekki svo stórt. Þess vegna finnst mér dálítið merkilegt hvað hv. þingmaður er ótrúlega viðkvæmur gagnvart því og hefur uppi stór orð.

Mig langar til þess að varpa fram spurningu til hv. þingmanns af því hann eyddi töluverðu púðri í sinni ræðu í að fjalla um landbúnaðarháskólana og framtíð þeirra. Hann nefndi það sérstaklega að honum þætti vænt um þessa skóla. Ég hygg að allir þeir sem sitja í þessum þingsal séu sammála hv. þingmanni um það að okkur þykir öllum vænt um landbúnaðarháskólana og viljum veg þeirra sem mestan. En það hafa verið uppi sjónarmið um að menntamálaráðuneytið eigi að fara með yfirstjórn þessara skóla, eins og yfirstjórn menntamála yfirleitt.

En hv. þingmaður hefur verið mikill talsmaður þess að landbúnaðarháskólarnir sem atvinnuvegaháskólar falli undir landbúnaðarráðuneytið. Þá hlýt ég að spyrja hv. þingmann, af því það þýðir ekki að segja bara A, menn verða líka að segja B: Sér hv. þingmaður það fyrir sér að aðrir atvinnuvegaháskólar falli undir fagráðuneyti á hverju sviði? Telji hv. þingmaður að landbúnaðarháskólarnir eigi að falla undir landbúnaðarráðuneytið, ætti þá ekki það sama t.d. að gilda um Iðnskólann í Reykjavík? Væri ekki skynsamlegast að sá ágæti skóli félli undir iðnaðarráðuneytið? Hvað með Fjöltækniskóla Íslands? Væri honum ekki að minnsta kosti að hluta best komið undir sjávarútvegsráðherra o.s.frv.? Mér þætti vænt um að fá svör frá hv. þingmanni (Forseti hringir.) við þessari spurningu minni.

[20:17]

Guðni Ágústsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir vænt um þessa spurningu hv. þingmanns. Því sannarlega hef ég ekkert á móti menntamálaráðuneytinu og störfum þess. Hins vegar hef ég hér vitnað til þess, bæði hvað sjávarútveginn og iðnaðinn varðar, að mörgum finnst að greinar þessa atvinnulífs hafi ekki þrifist sem skyldi. Margir óttast að þegar landbúnaðarháskólarnir hverfa inn í þá hít sem menntamálaráðuneytið er, þá hafi þeir ekki þann forgang og sérstöðu sem þeir hafa um leið og þeir hafa verið byggðir upp í tengslum við atvinnuveginn sjálfan. Þess vegna hef ég kannski gert mér grein fyrir því, hv. þingmaður, að þetta mundi gerast.

Ég nefni það hér sem dæmi að stærri hluti af vísindamönnum landbúnaðarins sem þjóna íslenskum landbúnaði, þeir eru undir þessum skólum sem atvinnuveginum. Það þarf auðvitað að ná samkomulagi um hvernig þeir þjóna atvinnuveginum áfram.

En ég bið fyrir alla muni þá stjórnarliða sem hér eru að vanda sig í þessu verki og fara yfir það. Ég hefði kosið að hafa þetta óbreytt, ekki síst vegna þeirrar miklu þróunar sem er í atvinnugreininni og í þessum skólum. Ég gat þess hér að nemendafjöldi í þessum skólum er nú sennilega hátt á fimmta hundrað, mikil þróun. Þeir eru á landsbyggðinni, gegna sérstöku hlutverki. Ég hef velt fyrir mér hvort sjálfseignarformið komi til greina sem getur verið til að styrkja

þá enn meira og skapa þeim meiri sérstöðu. Þannig að ég hef verið að velta hér vöngum yfir því hvernig best væri að standa að þessu vandaverki ef svo færi.

Ég viðurkenni að ég er andvígur því. Mörgum sýnist að það sé sjálfsagður hlutur að færa þá. Ég minni á Stýrimannaskólann. Ég minni á skóla iðnaðarins. Hvar eru þeir? Þeir hafa því miður ekki þrifist sem skyldi. Þannig að það eru (Forseti hringir.) þessi varnaðarorð sem ég er fyrst og fremst að koma að.

[20:19]

Sigurður Kári Kristjánsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er það þannig þegar menn gera breytingar í okkar menntakerfi þá hljóta menn að vanda sig, hvort sem það varðar landbúnaðarháskóla eða aðrar menntastofnanir.

Ég get ekki tekið undir það að hv. þingmaður hafi ekki verið með neina fordóma gagnvart menntamálaráðuneytinu og því fólki sem þar starfar. Vegna þess að í ræðu sinni hélt hann því fram að tilteknar menntastofnanir hefðu beinlínis dáið undir stjórn þessa ráðuneytis. Og það að tala um ráðuneyti sem einhverja hít er náttúrlega ekki orðbragð sem menn eiga að taka sér hér um það metnaðarfulla starf sem átt hefur sér stað á sviði menntamála og hv. þingmaður hefur verið þátttakandi í að byggja upp.

En hv. þingmaður svaraði ekki spurningu minni. Ég óska eftir því að hann geri það. Ef hv. þingmaður væri samkvæmur sjálfum sér og talaði fyrir því að einn atvinnuvegaskóli yrði tekinn út úr yfirstjórn menntamála og yfir í landbúnaðarráðuneytið, er hann þá ekki þeirrar skoðunar að það sama eigi að gilda um aðra skóla? Ætti ekki Iðnskólinn í Reykjavík samkvæmt röksemdafærslu hv. þingmanns að falla undir hæstv. iðnaðarráðherra Össur Skarphéðinsson og iðnaðarráðuneytið? Væri Fjöltækniskóla Íslands ekki betur komið fyrir undir hæstv. sjávarútvegsráðherra o.s.frv.?

Hvað með aðrar fagdeildir annarra háskóla, t.d. á sviði heilbrigðisvísinda? Þar fara fram rannsóknir alveg eins og í landbúnaðarháskólunum. Væri læknadeild Háskóla Íslands ekki betur komin undir hæstv. heilbrigðisráðherra o.s.frv.? Þetta eru spurningar sem ég bið hv. þingmann að svara. Ég hef varpað þeim fram einu sinni og ég geri það aftur og ég óska eftir skýrum svörum frá hv. þingmanni.

[20:21]

Guðni Ágústsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hvar er Stýrimannaskóli Íslands? Hvar er hann? Það gæti vel verið að hann væri starfandi í Vestmannaeyjum eða einhvers staðar annars staðar hefði hann aldrei farið frá sjávarútveginum. Þannig að við megum ekki vera kaþólskari en páfinn í þessum efnum.

Ég hygg að það sé svo að víða um heim séu atvinnuvegaháskólar viðurkenndir og ég hef bent á það í ræðum mínum, t.d. við umræðuna um stefnuræðu forsætisráðherra, að næstbesta formið gæti verið að skapa frelsi þessara skóla í gegnum sjálfseignarstofnun til að varðveita þá. Ég er ekkert frá því, hv. þingmaður, nema við séum of stífir. Ég er heldur ekkert frá því, þó ég hafi miklar mætur á því fólki sem vinnur í menntamálaráðuneytinu og hafi átt mjög gott samstarf við það um öll þau málefni sem ég fór með sem landbúnaðarráðherra, að bókin sé enn aðalgrundvöllurinn í huga þess ráðuneytis.

Þannig hef ég verið að velta því fyrir mér, og get bara tekið undir það, það getur vel verið að þessir skólar, bæði Iðnskólinn, Stýrimannaskólinn, ef Stýrimannaskólinn væri til, og Iðnskólinn væri þess vegna öflugri ef hæstv. iðnaðarráðherra Össur Skarphéðinsson færi höndum um hann. Þá gæti skapast samkeppni sem Sjálfstæðisflokknum þykir nú yndisleg. Samkeppni er af því góða í þeirra huga eins og okkar allra. Því samkeppni skapar frjótt samfélag. Það gæti þá verið samkeppni hvað þetta varðar á milli atvinnuvegaskóla sem heyra undir þau ráðuneyti sem fara með atvinnugreinina.

En ég er í rauninni þeirrar skoðunar, hv. þingmaður, þó ég reyni fyrst og fremst við þessa umræðu að vekja athygli á því, bæði við hæstv. landbúnaðarráðherra og hv. þingmenn (Forseti hringir.) að menn vandi sig í allri þessari gerð.

[20:24]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Þetta er í sjálfu sér fróðleg og skemmtileg umræða sem hér fer fram um það frumvarp sem liggur fyrir um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands. Áhugi þingmanna leynir sér ekki. Þetta eru málefni sem við höfum gaman af að ræða og takast á um og ég vil leyfa mér að halda því fram að það hefði verið farsælla og vænlegra til góðs eða gjöfuls árangurs í þessum málum að fara öðruvísi að á fyrstu stigum, kannski í mars sl. þegar hæstv. forsætisráðherra ámálgaði það við formenn stjórnmálaflokkanna hvort hægt væri að ná einhvers konar samkomulagi um það sem hann segir okkur nú að sé einungis f-liður 1. gr., þ.e. að heimilt ætti að vera að sameina ráðuneyti með úrskurði forseta, með forsetavaldi. Hann er að upplýsa okkur um það hér, hæstv. ráðherra, að það hafi einungis verið þetta sem það samkomulag sem hann ætlaði að reyna að ná í mars hafi falið í sér

Ég tel að í þessu fyrsta máli sem við tökum hér til umfjöllunar séu hæstv. ráðherrar að sniðganga lykilsetningu í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, þ.e. niðurlagssetninguna í fyrstu efnismálsgrein stefnuyfirlýsingarinnar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin mun leitast við að eiga gott samstarf við alla flokka á Alþingi og standa vörð um sjálfstæði Alþingis og eftirlitshlutverk þess.“

Mér þykir auðvitað mjög miður að ríkisstjórnin skuli ekki fara betur af stað hvað þetta varðar en raun ber vitni. Hér er dæmigert mál sem þarfnast samvinnu og samkomulags þannig að ég hefði haldið að hér hefði ríkisstjórnin átt að sýna á fleiri spil, sýna okkur þá framtíðarsýn sem ég ímynda mér að hún hafi a.m.k. að einhverju leyti og leyfa okkur að takast á um það í nefndastörfum á Alþingi eða á einhverjum vettvangi þar sem allir stjórnmálaflokkar eiga jafna aðkomu. Eða hefur ríkisstjórnin enga framtíðarsýn varðandi þetta mál sem hér er lagt fram? Ef svo er ekki hvaðan eru þá komnar þær flugufregnir sem við höfum haft á takteinum og heyrt í umræðunni og við höfum sennilega flestar úr fjölmiðlum um þær breytingar sem mögulegar eru í vændum? Þá er ég að tala um það sem nefnt hefur verið

hér varðandi málefni t.d. Íbúðarlánasjóðs. Hefur ríkisstjórnin það á stefnuskrá sinni eða er talað um það í baklandi hennar að færa eigi málefni Íbúðarlánasjóðs til fjármálaráðuneytisins? Eiga ferðamálin að fara í iðnaðarráðuneytið? Eiga matvælamálin að fara í landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið? Eiga vatnamálin að fara í umhverfisráðuneytið og hvaða þættir þeirra þá? Á þróunaraðstoðin að fara í viðskiptaráðuneytið? Landgræðslan og skógræktin í umhverfisráðuneytið?

Um þetta höfum við heyrt fregnir. En hæstv. forsætisráðherra þegir þunnu hljóði um þetta hér og sýnir ekki á nein spil þannig að ég vil ítreka hér beiðni frá hv. þm. Árna Þór Sigurðssyni um að þær hugmyndir sem eru hér á bak við ef einhverjar eru verði allar lagðar fram í umfjöllun málsins í allsherjarnefnd. Það er það minnsta sem hæstv. ráðherra getur gert til að reyna að láta líta svo út að verið sé að tala saman á einhverjum jafnréttisgrunni í þingnefndinni um þetta viðamikla mál sem okkur er öllum hjartans mál. Okkur er öllum mikið niðri fyrir um þetta mál og langar til að koma að því að skapa það í sameiningu. Einhver sagði að 21. öldin væri öld samsköpunar. Það ætti að kenna ríkisstjórninni það að fara eftir þeim orðum sem hún sjálf leggur inn í stefnuyfirlýsingu sína.

Hæstv. ráðherra sagði áðan í framsöguræðu sinni að verið væri að búa í haginn fyrir frekari breytingar, þetta væru lágmarksbreytingar nú og þetta væri í raun og veru lítið skref. Allt þetta gefur okkur til kynna að hér séu frekari breytingar í vændum og okkur finnst að það sé rétt að fá tækifæri til að ræða þær á breiðum grunni hér og nú.

Að mínu mati er æskilegt að fækka ráðuneytum og það er æskilegt að mati flestra þeirra sem hafa tjáð sig um þessi *mál á undanförnum missirum. Hæstv. forsætisráðherra Geir* H. Haarde hefur sagt í fjölmiðlum og ég er t.d. með útskrift af frétt úr Ríkisútvarpinu frá því í apríl sl. þar sem hann fjallar um það í tengslum við landsfund Sjálfstæðisflokksins að honum finnist það álitlegt að fækka ráðuneytum í tíu, það væri álitlegt að hafa tíu öflug ráðuneyti og jafnframt sveigjanleika til að breyta verkaskiptingu milli ráðuneytanna á skilvirkari hátt en nú væri heimilt. Tíu ráðuneyti, ég get alveg tekið undir það. Mér finnst það skynsamlegt og mér finnst skynsamlegt að gera slíkar breytingar í tengslum við ríkisstjórnarskipti þannig að ég hefði haldið að ríkisstjórn ætti að koma fram með hugmynd um tíu ráðuneyti nú, um eitt stórt atvinnuvegaráðuneyti en ekki að fara undan í flæmingi í umræðunni eins og hæstv. ráðherra gerir og segir að eitt stórt atvinnuvegaráðuneyti sé einfaldlega of risavaxið til að fara út í þá framkvæmd núna. Ég er ekki viss um að það sé neitt risavaxið því þetta er eitthvað sem fulltrúar í flestum stjórnmálaflokkum hafa viljað ræða og viljað velta upp. En við viljum eiga þátt í því að sjá fyrir okkur á hvern hátt málaflokkunum yrði komið fyrir innan slíks ráðuneytis. Það er sem sagt spurning um hvað hafi verið samið milli stjórnarflokkanna, hvort um eitthvað hafi verið samið og hvaða breytinga sé að vænta að mati þeirra sem sitja þar við stjórnvölinn fyrir hönd stjórnarflokkanna.

Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs höfum viljað fara þá leið að skera upp Stjórnarráðið. Við höfum greint frá því í stefnumótunarplaggi okkar um græna framtíð á hvern hátt við sjáum t.d. stjórnsýslu umhverfismálanna sem við teljum vera einn af þeim meginmálaflokkum sem 21. öldin þarf að fjalla um og við teljum grundvallaratriði að málefni umhverfisráðuneytisins færist skör ofar í stjórnsýslunni en verið hefur til þessa. Okkur hefur fundist að ráðuneyti umhverfismála hafi verið svolítil afgangsstærð og það hafi kannski aldrei fengið þann byr í seglin sem það hefði þurft. Í raun og veru geldur það þess enn að vera yngsta ráðuneytið og okkur finnst efni standa til þess að umhverfisráðuneytið fái miklu virðingarmeiri sess í Stjórnarráðinu. Það má segja sem svo að ráðuneyti fjármála sé næstsett forsætisráðuneytinu þar sem fjármálaráðuneytið setur öllum hinum ráðuneytunum lög, öll hin ráðuneytin verða að vinna samkvæmt fjárlögum sem samin eru í fjármálaráðuneytinu.

Við vinstri græn gætum séð fyrir okkur sams konar fyrirkomulag varðandi umhverfisráðuneytið. Við viljum sjá fyrir okkur umhverfisráðuneyti sem væri á pari við fjárlagaráðuneytið í Stjórnarráðinu þannig að umhverfisráðuneytið væri það umhverfis- og auðlindaráðuneyti sem legði öllum hinum atvinnuvegaráðuneytunum línurnar. Það gæfi þeim ákveðinn ramma og þau gætu síðan stýrt eða stjórnað auðlindum og nýtingu þeirra út frá þeim grundvallaratriðum sem yrðu samþykkt eða samin í umhverfisráðuneytinu. Í okkar huga er þetta lykilatriði í stjórnsýslunni og í nýjum hugmyndum um Stjórnarráðið, að umhverfisráðuneyti og fjármálaráðuneyti séu jafnsett og hafi sterkara umboð en núna er og leggi línurnar fyrir önnur ráðuneyti. Við álítum að t.d. rannsóknirnar á náttúruauðlindunum bæði til lands og sjávar, verndun náttúruauðlindanna og allar meginlínur í áætluninni um nýtingu auðlindanna eigi að vera á forræði umhverfisráðuneytisins. Í því sambandi höfum við talið að það ætti að heita umhverfis- og auðlindaráðuneyti og hefði þá fengið víðara og efnismeira hlutverk en það hefur í dag. Skipulagsmálin eru mál sem eru fyrirferðarmikil í umræðunni núna. Það er alveg ljóst að það má endurskoða á hvern hátt þeim er fyrir komið í stjórnsýslunni og við eigum örugglega í vændum á næsta haustþingi að fjalla um ný skipulags- og byggingarlög eða skipulags- og mannvirkjalög. Það væri því viðeigandi að efla umhverfisráðuneytið og auka hlutverk þess og vægi í tengslum við þau nýju lög sem við munum fjalla um innan skamms.

Það er mitt mat að atvinnuvegaráðuneyti hefði verið skynsamleg lausn og ég held að við séum alveg tilbúin að fara út í það að stofna eitt öflugt atvinnuvegaráðuneyti. Það má segja af því að hæstv. fyrrverandi landbúnaðarráðherra, hv. núverandi þingmaður Guðni Ágústsson ber fyrir brjósti skógrækt og landgræðslu — það geri ég líka og ég hefði gaman af því að eiga orðastað við þingmenn almennt um málefni skógræktar og landgræðslu — og hv. þm. Guðni Ágústsson sagði áðan að það gæti vel verið að einhverjir gamlir birkiskógar mættu verða eftir í umhverfisráðuneytinu en skógræktin og landgræðslan ættu að vera í landbúnaðarráðuneytinu. Ég er sammála hv. þingmanni að því leytinu til að atvinnuvegurinn, t.d. skógarhögg eða nytjaskógrækt á að sjálfsögðu heima í atvinnuvegaráðuneytinu eins og landbúnaðarráðuneytinu en að sama skapi finnst mér að vernd skóglendis eigi að vera í umhverfisráðuneytinu. Ég held meira að segja við hv. þm. Guðni Ágústsson getum náð fínu samkomulagi um einhverja línu sem yrði dregin

þarna á milli atvinnuvegarins sem slíks og síðan verndarþáttarins. Það sama má segja um landgræðsluna. Landgræðslan er að hluta til atvinnuvegur, þ.e. hvað landbúnaðinn varðar, störf bænda og hlutverk þeirra í landgræðslunni en landgræðsla er líka landvernd þannig að ég held að þarna sé dæmigerður málaflokkur sem á að skipta upp, annars vegar undir atvinnuvegaráðuneyti og hins vegar undir verndarráðuneytið.

Þetta segi ég til marks um að hér eru stjórnmálaflokkar og stjórnmálamenn sem hafa skoðanir, hreinar og klárar skoðanir á því hvernig á að véla um málin. Stjórnmálamennirnir sem standa að stjórnarflokkunum hafa þessar skoðanir líka og það er óeðlilegt að við förum af stað í þessa vegferð án þess að stjórnmálamenn sýni okkur á spil sín, að það sé teiknuð hér upp einhvers konar framtíðarmynd af því sem hin nýja ríkisstjórn sér fyrir sér. Í mínum huga byggir áframhaldandi starf hennar og grundvöllur á því hvernig þetta fólk sér Stjórnarráð Íslands fyrir sér í allra nánustu framtíð.

Af því að við erum að nefna atvinnuvegaráðuneytin þá rakst ég á leiðara í Morgunblaðinu frá því í desember sl. þar sem fjallað er um verkaskiptingu ráðuneyta. Morgunblaðið skírir þennan leiðara sinn *Verkaskipting ráðuneyta* og af því að það hefur verið fjallað um það nú í umræðunni að Morgunblaðið sé virkur þátttakandi í stjórnarstefnunni og mótun stjórnarstefnunnar þá fannst mér alveg viðeigandi að koma með örlitla frásögn af þessum leiðara inn í umræðuna. Þar átelur Morgunblaðið þáverandi stjórnvöld fyrir að ósamræmi sé í verkaskiptingu ráðuneytanna og ráðuneytin vinni hvert gegn öðru og þá ekki síst þau sem með atvinnuvegina fara. Eitt ráðuneytið byggi upp markað erlendis á meðan annað ráðuneyti brjóti niður. Þessi leiðari var skrifaður á þeim tíma sem ríkisstjórnin hafði heimilað hvalveiðar á nýjan leik, 8. desember 2006. Það kom t.d. fram í máli leiðarahöfundarins að gagnrýnt var að ferðaþjónustan, sem samgönguráðuneytið fer með, setji tugi milljóna í kynningu á Íslandi sem samfélagi þar sem lifað er í sátt við náttúruna fyrir ferðamenn í löndum eins og Þýskalandi og Bretlandi þar sem umhverfisverndarsamtök eru gríðarlega sterk en síðan tryggir sjávarútvegsráðherra fjölmiðlum í sömu löndum myndir af Íslendingum að hluta í sundur hvali. Leiðarahöfundur lýkur leiðara sínum með því að segja, með leyfi forseta: „Þetta hlýtur að vera það, sem átt er við þegar talað er um verkaskiptingu ráðuneyta.“ Ég vona að það sé ekki svona verkaskipting sem stjórnarherrarnir sjá fyrir sér núna. Ég vona að við séum að fara inn á einhverja braut þar sem hægt verður að búa til meira samræmi og meiri samhljóm en leiðarahöfundurinn í Morgunblaðinu í desember sl. gefur til kynna að sé til staðar.

Það er ekki bara á Íslandi sem ný ríkisstjórn er að taka við. Það er líka í Frakklandi og af því að ég var að segja frá því hvernig við vinstri græn sjáum fyrir okkur nýja stöðu umhverfisráðuneytisins á 21. öldinni þá þykir mér afar athyglisvert að Nicholas Sarkozy, nýr forseti í Frakklandi, skuli leggja af stað með sína nýju ríkisstjórn á þeim nótum að hann ákveður að umhverfisráðuneytið skuli frá og með nú færast úr 13. sæti í virðingarröðinni í skipaninni í franska stjórnarráðinu, upp í 2. sæti. Með öðrum orðum, umhverfisráðuneytið í frönsku stjórninni á að vera næststatt forsætisráðuneytinu og Alain Juppé umhverfisráðherra er þar af leiðandi orðinn næstæðsti ráðherrann í ríkisstjórninni. Hvers vegna vill Nicholas Sarkozy hafa þetta svona? Hann segir að baráttumál umhverfisins séu baráttumál 21. aldarinnar og það skipti verulegu máli að orkuiðnaðurinn, samgöngurnar og umhverfismálin eigi heima í öflugasta ráðuneyti ríkisstjórnarinnar. Hann setur orkumálin öll undir umhverfisráðuneytið og lítur á orkumál sem umhverfismál og sömuleiðis samgöngumálin.

Í tengslum við hina nýju ríkisstjórn Frakklands og hina nýju skipun umhverfismálanna þar nefna menn loftslagsbreytingarnar sem forgangsmál og raunhæfar aðgerðir til að stemma stigu við þeim. Orkusparnaður er í öllu því starfi sem þar fer fram núna lykilorð og lykilatriði og sömuleiðis að orkuiðnaðurinn falli undir eða lúti lögmálum umhverfisráðuneytisins og þeim reglum sem umhverfisráðuneytið setur. Hvert var svo fyrsta verk hins nýja umhverfisráðherra? Það var að boða samráðsfund, stóran öflugan samráðsfund félagasamtaka sem starfa á vettvangi umhverfismálanna til þess að ræða þessar stjórnkerfisbreytingar. Þá var búið að ræða þær við ríkisstjórnarborðið þannig að fyrsta verk hins nýja ráðherra var að kalla félagasamtökin til skrafs og ráðagerða um hinar nýju stjórnkerfisbreytingar og það hvernig samtalið á milli þessara aðila eigi að vera í náinni framtíð, hvernig þau geti í sameiningu markað stefnu sem byggi á umhverfissjónarmiðum, umhverfissjónarmiðum sem eru þá uppspretta nýrra tækifæra t.d. hjá atvinnuvegunum. Það er talað um það hjá frönsku ríkisstjórninni að fjárfestingar í umhverfismálum séu þess eðlis að þær eigi að nýta sem fjárfestingar og sem hluta af hagvextinum í samfélaginu og ný tækifæri en ekki alltaf sem einhverja byrði eða einhvern bagga. Ég get svo sem farið yfir það í mörgum orðum hvernig Frakkar fara að þessu í sínu landi. Mér hefur fundist það vera til fyrirmyndar og ég hefði talið að í sambandi við þessa umræðu ættum við að geta fjallað á sama hátt djúpt um þetta mál og velt upp öllum hliðum þess og á endanum fengið út niðurstöðu sem að mínu mati væri skynsamleg, sem er fækkun ráðuneyta.

Í því sambandi er rétt að nefna það hér sem hefur verið nefnt í þessari umræðu að skipting ráðuneytanna í hinni nýju ríkisstjórn er athyglisverð í sjálfu sér og það er ekkert óeðlilegt þó að fólki sýnist Samfylkingin hafa farið með fremur rýran hlut frá þeirri skiptingu þar sem Samfylkingin hefur miðað við fyrri skipan mála einungis fimm ráðuneyti en Sjálfstæðisflokkurinn hefur í raun yfir sjö ráðuneytum að ráða. Þar af hefur Sjálfstæðisflokkurinn fengið að taka til sín heilbrigðisráðuneytið beinlínis í pólitískum tilgangi sem manni finnst auðvitað afar miður.

Hæstv. forseti. Að þessu leyti er hér um að ræða mál sem verðskuldar samráð, samvinnu okkar sem hér störfum á löggjafarsamkomunni. Að mínu mati hefði betur verið ef við hefðum getað farið af stað með örlítið meiri samstarfsvilja en hér er sýndur og við hefðum þá líka vitað aðeins meira um það sem að baki býr, vitað um þau sjónarmið og þá sýn sem ríkisstjórnin ætlar sér að keyra eftir inn í nánustu framtíð.

[20:42]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf):

Virðulegur forseti. Þær umræður sem hér hafa farið fram um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands hafa að mörgu leyti verið mjög áhugaverðar. Hér hefur komið fram í umræðunni að margir þingmenn hafa hugmyndir um það hvernig Stjórnarráði Íslands væri best skipað og um ýmsar grundvallarbreytingar sem þingmenn telja að gæti verið tímabært að gera á Stjórnarráðinu. Ég geri ráð fyrir að allir flokkar hafi með einhverjum hætti gert um það samþykktir á flokksþingum sínum hvernig þessum hlutum væri best fyrir komið og margir flokkar hafa flutt hér frumvörp til laga um þetta, þar á meðal flokkur minn, Samfylkingin, en ég var einmitt 1. flutningsmaður að frumvarpi til laga um breytingar á Stjórnarráðinu sem flutt var hér á síðasta þingi.

Þar við bætist svo að það hefur auðvitað verið til skoðunar, og ef ég veit rétt þá var sérstakur vinnuhópur starfandi á vegum fyrrverandi forsætisráðherra, Halldórs Ásgrímssonar, meðan hann var í forsætisráðuneytinu, og reyndar líka, hygg ég, á vegum Davíðs Oddssonar, fyrrverandi forsætisráðherra, meðan hann var þar, án þess að niðurstaða hafi fengist í þau mál. Það segir okkur kannski að það er heldur flóknara en menn hafa oft talið að vinna að grundvallarendurskoðun á Stjórnarráði Íslands.

Þar sem um er að ræða er að frumvarpið sem hér liggur fyrir felur ekki í sér grundvallarendurskoðun á Stjórnarráðinu, það felur í sér að tryggingamálin eru færð undir félagsmálaráðuneytið og ég hélt satt að segja að um það væri nokkuð víðtæk sátt í þinginu að þau mál væru betur komin hjá félagsmálaráðuneytinu, þ.e. almannatryggingarnar, en í heilbrigðisráðuneytinu. Ég minni líka á að margvísleg samtök, m.a. aldraðra, hafa margsinnis ályktað um þetta, að rétt væri að bæði almannatryggingarnar sem og málefni aldraðra heyrðu undir félagsmálaráðuneytið, enda væri öldrun ekki sjúkdómur og ætti því ekki heima í heilbrigðisráðuneytinu eins og nú er. Það sem þetta felur síðan líka í sér er sameining sjávarútvegsráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis í eitt ráðuneyti og í þriðja lagi að sett sé inn heimild í lögin um að hægt sé að sameina ráðuneyti með úrskurði forseta Íslands.

Ég geri mér grein fyrir því að það kann að vera nokkur andstaða við það að sameina sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti hjá einstökum þingmönnum. Ég vil hins vegar minna á það í þessu sambandi að í marsmánuði sl. þegar hæstv. forsætisráðherra kynnti fyrir formönnum stjórnmálaflokkanna hér á þingi hugmyndir um að afgreiða fyrir vorið breytingar á lögum um Stjórnarráðið sem fólu það einmitt í sér að sett yrði inn heimild til að sameina ráðuneyti, þá man ég ekki betur en einmitt formaður Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs hafi nefnt í þeirri umræðu að það gæti verið skynsamlegt í stað þess að vera með eitt atvinnuvegaráðuneyti að sameina sjó og land eins og það er kallað inn í eitt matvælaráðuneyti. Það má þá kannski segja að það sé stigið skref í þá átt með því frumvarpi sem hér er lagt fram.

Ég varð ekki vör við það í þeirri umræðu sem fór hér fram í mars að mikil andstaða væri við að setja slíka heimild inn í stjórnarráðslögin nema af hálfu Vinstri grænna þar sem settur var ákveðinn fyrirvari vegna þess að mönnum væri ekki ljóst hvað þetta fæli í sér. Það skal tekið fram hér að sá fyrirvari kom fram af þeirra hálfu.

Af minni hálfu sem sat þennan fund og var þá í stjórnarandstöðu kom fram að ég teldi skynsamlegt að gera þetta. Ég teldi skynsamlegt að setja slíkt ákvæði inn í stjórnarráðslögin vegna þess að óháð því hverjir sætu í ríkisstjórn að kosningum loknum þá gæti sú ríkisstjórn talið nauðsynlegt að gera ákveðnar breytingar á skipulagi Stjórnarráðsins og vildi ná fram ákveðnum breytingum og þyrfti að hafa til þess svigrúm. Ég var í stjórnarandstöðu þegar ég lýsti þessu yfir og viðhorf mitt hefur ekkert breyst. Það er það sama, að það sé skynsamlegt að þessi heimild sé hér til staðar.

Þetta eru breytingarnar sem hér eru á ferðinni og þær eru ekki stórvægilegar en það sem hefur blandast inn í þessa umræðu eru hugmyndir sem uppi eru núna og hafa svo sem alltaf verið uppi, að kannski væri skynsamlegt að gera ákveðna breytingu á reglugerðinni um Stjórnarráðið og flytja til verkefni á milli ráðuneyta. Það er ekki gert hér í þessu frumvarpi, það tekur ekkert á því máli. Það þarf að gerast eftir yfirlegu og vinnu og íhugun í sumar að gera þá breytingu á reglugerðinni um Stjórnarráðið og koma með það inn í þingið í haust sem breytingu á ýmsum sérlögum sem þarf að gera vegna slíks verkefnatilflutnings.

Komið hefur það sjónarmið upp, bæði hjá hv. þm. Guðna Ágústssyni og hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, að hér væri verið að sníða stjórnarráðslögin að því fyrirkomulagi sem ríkisstjórnin vill hafa á þessum hlutum. Það er út af fyrir sig alveg rétt en er eitthvað rangt við það? Farið hefur verið í smiðju til kvenna, farið hefur verið inn í reynsluheim kvenna. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði að hér væri verið að prjóna peysu utan um búkinn sem á að vera í henni. Það gerir maður yfirleitt alltaf, maður prjónar peysu utan um búkinn sem á að vera í henni. Og hv. þm. Guðni Ágústsson sagði að hér væri verið að sníða svuntu utan um eitthvert tiltekið fyrirkomulag. Það er líka eðlilegt. Það er eðlilegt að sníða svuntuna utan um þann sem á að bera hana. Þess vegna er það auðvitað fullkomlega eðlilegt að ríkisstjórnin komi með það til þingsins að hún vilji hafa hér eitthvert fyrirkomulag á Stjórnarráðinu sem getur ekki talist að feli í sér einhverja umbyltingu á því. Þetta eru ákveðnar tilfærslur en þetta er ekki umbylting á Stjórnarráðinu. Þess vegna átta ég mig ekki alveg á pólitíkinni sem er í málinu í þessari umræðu.

Eins og ég gat um áðan getur verkefnatilflutningur á milli ráðuneyta falið það í sér að gera þurfi breytingar á ýmsum lögum og þá kemur það auðvitað til kasta þingsins í haust. Þegar verkefnisstjórn sest yfir það verkefni í sumar að skoða hvaða verkefni er skynsamlegt að flytja til þá mun sú umræða auðvitað koma upp. Það er ekki verið að ljúka málinu hér, það er aðeins verið að gera ákveðnar lágmarkstilfærslur í Stjórnarráðinu sem eru ekki stórpólitískar að mínu viti.

Það hefur oft tekið tíma að gera breytingar á Stjórnarráðinu. Þegar fyrstu stjórnarráðslögin voru sett, stofnlögin um Stjórnarráðið voru sett árið 1903, voru afar takmarkaðar leiðbeiningar í þeim um það hvernig haga bæri skipulagi og starfsemi Stjórnarráðsins. Þá gengu menn reyndar í smiðju til Dana sem enn þann dag í dag eru ekki með lög um

stjórnarráð heldur hefur ríkisstjórnin danska mjög mikið svigrúm til að breyta skipan stjórnarráðs síns eftir þeim áherslum sem ríkisstjórnin er með uppi hverju sinni.

Þegar stjórnarskránni hér var breytt árið 1920 var ekki talið heimilt að takmarka vald konungs eins og það var þá, og þar með ríkisstjórnar, til að ákveða tölu ráðherra eða stofna ráðuneyti eða færa verkefni á milli með almennri löggjöf. Það er ekki fyrr en með lögunum um Stjórnarráðið 1969 sem skipulag Stjórnarráðsins er í rauninni lögfest. Það tók sem sagt 70 ár að ræða sig í gegnum það og lögfesta þetta skipulag. Það er vissulega rétt hjá hv. þm. Guðna Ágústssyni að það var mikill lögspekingur og stjórnlagafræðingur, Bjarni Benediktsson, sem leiddi þá vinnu og gerði það vel og farsællega. Síðan eru liðin ansi mörg ár, það eru liðin 40 ár og samfélagið hefur auðvitað breyst mikið á þeim tíma. Þegar vel er vandað til verka getur slíkt staðið lengi en því eru samt alltaf takmörk sett hvort eðlilegt og skynsamlegt er að halda lögum óbreyttum svo lengi meðan allt er á fleygiferð í samfélaginu að öðru leyti.

Þau lög voru heldur ekki óumdeild þegar þau voru sett. Það var ekki þannig að allir væru á eitt sáttir um þau lög því að þau fólu m.a. í sér verulega fjölgun ráðuneyta og það var ein umdeildasta breytingin sem gerð var með þeim lögum. Það sem við erum kannski að reyna að ná utan um núna með þessari lagabreytingu er heimildin til að sameina ráðuneyti með úrskurði forseta Íslands. Ekki til þess að stofna ný, ekki til þess að fjölga þeim, ekki til þess að leggja þau sérstaklega af, heldur til að sameina þau ef menn telja það skynsamlegt án þess þó að nokkrar sérstakar hugmyndir séu uppi um það á þessu stigi.

Ég vil aðeins geta um það að þegar lögin um Stjórnarráðið voru sett sköpuðu þau ákveðna forsendu fyrir því að marka nýja heildarstefnu um verkaskiptingu ráðuneytanna. Hins vegar fór ekki fram skipuleg greining á því á þeim tíma hvernig best væri að ákveða samsetningu viðfangsefna einstakra ráðuneyta. Að mörgu leyti ber reglugerðin sem sett var um Stjórnarráðið 1969 svipmót þeirrar verkaskiptingar sem hafði einkennt Stjórnarráðið fyrir gildistöku laganna 1969 vegna þess að það gekk verr að gera breytingar á reglugerðinni en lögunum á þeim tíma. Reglugerðin er í ýmsum tilvikum orðin úrelt enda eru þar víða talin upp stjórnvöld og verkefni sem eru ekki lengur á starfssviði viðkomandi ráðuneyta og ný lögbundin viðfangsefni eru ekki tilgreind í reglugerðinni. Það er því ekkert óeðlilegt við að taka þessi mál til skoðunar og það frumvarp sem hér er flutt markar hvorki upphaf né endi þess máls — það markar kannski upphaf en sannarlega ekki endi — og er ekki nein umbylting í sjálfu sér heldur þarf að fara í miklu betri skoðun á þessum málum og vandaðri umfjöllun. Það verður auðvitað gert.

Virðulegur forseti. Ég ætla í sjálfu sér ekki að hafa um þetta fleiri orð en bendi á að jafnvel þó að við kæmum ekki með þetta frumvarp inn í þingið og værum ekki að gera þær breytingar sem frumvarpið felur í sér, þá er ekkert sem kemur í veg fyrir að reglugerðin um Stjórnarráðið gæti verið í mikilli grundvallarskoðun hjá okkur og við værum með hugmyndir um breytingar á henni og kæmum með frumvörp til laga í haust, sérlög sem fælu í sér breytingu á verkaskiptingu milli ráðuneyta. Það er í sjálfu sér alveg óháð því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar.

Ég bið menn að gæta að því að þarna er ekki um neina byltingu að ræða. Þetta mál á eftir að koma aftur til þingsins til frekari skoðunar þegar gerðar verða breytingar á sérlögum sem leiða af hugmyndum um breytta verkaskiptingu milli ráðuneyta og þá gefst auðvitað mikið ráðrúm og tími til að fara yfir þessi mál öllsömul.

[20:55]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að sönnu rétt að ríkisstjórnin gæti verið með í undirbúningi víðtæka breytingu á verkaskiptingu milli ráðuneyta og haft í smíðum nýja reglugerð um Stjórnarráðið. Það er einmitt það sem við höfum verið að gagnrýna hér og benda á. Af hverju ber málin ekki að með þeim hætti að þeirri vinnu sé lokið, að ríkisstjórnin vinni heimavinnuna sína, komi sér niður á það hvernig hún ætlar að hafa þessar breytingar efnislega og komi svo með pakkann hér fullmótaðan fyrir þingið og láti málin ganga hér með eðlilegum hætti í gegnum þingið?

Ég vil nota tækifærið og spyrja hæstv. utanríkisráðherra almennt um vinnubrögðin í þessu máli. Er hæstv. utanríkisráðherra stolt af því og sátt fyrir hönd síns flokks að þessi mál skuli bera að Alþingi með þeim hætti sem hér ber raun vitni? Að hefðir um þingsköp séu rofnar, að afbrigðum sé beitt með þeim hætti sem hér var gert síðastliðinn fimmtudag, að þingmál fái meðhöndlun af því tagi sem frumvarpið um þingsköpin fékk í allsherjarnefnd í kvöld? Að á einum fundi í kvöldmatarhléi sé mál af því tagi tekið á dagskrá, rætt og rifið út úr nefnd og öllum óskum hafnað um að það fái eðlilega þinglega meðferð og skoðun? Því er hafnað að það fái að verða samferða þessu frumvarpi og að sömu gestir að hluta til væru kallaðir til út af málinu í heild, geti komið til nefndarinnar og tjáð sig. Þetta heitir ofbeldi á okkar máli í þingræðislegum skilningi þegar meiri hlutinn beitir fullkomnu ofbeldi af þessu tagi og meinar mönnum að láta mál fá eðlilega skoðun, hafnar að gestir séu kallaðir til. Því er hafnað að nefndarmönnum gefist ráðrúm til að skoða málin. Hin þinglega meðferð er gerð að sýndarmennsku með þessum hætti.

Er formaður Samfylkingarinnar sáttur við að málin séu unnin með þessum hætti í gegnum Alþingi og að þinghefðir og þingskyldur, og þar á meðal að rannsóknar- og upplýsingaskylda þingnefnda, (Forseti hringir.) séu meðhöndlaðar eins og þarna var gert í kvöld?

[20:58]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég sé enga ástæðu til þess að vinnu við að skoða reglugerð um Stjórnarráðið og hugsanlegan tilflutning verkefna milli ráðuneyta sé lokið áður en þetta frumvarp kemur til þingsins. Þetta frumvarp felur bara í sér að sameina sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti í eitt ráðuneyti og þá fara væntanlega þau verkefni sem hafa verið undir þeim ráðuneytum undir þetta sameinaða ráðuneyti nema þegar kemur að því að gera breytingar á reglugerð og viðkomandi lögum. Það felur í sér þá stefnumörkun að tryggingamálin verða færð undir félagsmálaráðuneytið.

Þetta er stefnumörkun ríkisstjórnarinnar og það er í samræmi við hana sem síðan verður unnið í sumar að því m.a. að greina í sundur þá málaflokka sem nú eru hjá Tryggingastofnun ríkisins, slysatryggingar, sjúkratryggingar, almannatryggingar. Þetta er vinna sem þarf að fara af stað til þess að hægt sé að flytja málaflokkinn yfir í félagsmálaráðuneytið. Hvað varðar önnur verkefni verður bara að koma í ljós hvaða skynsamlegar hugmyndir koma fram í sumar um slíkan tilflutning verkefna en þetta frumvarp í sjálfu sér kallar ekkert á að þeirri vinnu sé lokið.

Varðandi þingskapalögin, að þau séu tekin hér fyrir fyrst og afgreidd úr allsherjarnefnd, þá leit ég svo á að það hefði verið til þess að mæta gagnrýni sem kom fram hjá stjórnarandstöðunni við því að það væri fyrst verið að afgreiða lögin um Stjórnarráðið og að hlutast til með þeim hætti um málefni þingsins í stað þess að þingið tæki þingskapalögin fyrir. Það var gagnrýnt hér að ekki væru kosnar þær nefndir sem þingsköpin kveða á um. Ég leit svo á að með því að setja frumvarpið um þingsköpin fyrst á dagskrá væri verið að reyna að mæta þeirri gagnrýni þannig að hægt væri að ganga í það verk að kjósa þær nefndir sem verið var að kalla eftir. En þetta kann að vera misskilningur af minni hálfu.

[21:00]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er erfitt að draga aðrar ályktanir af svarinu en að hæstv. ráðherra telji þessi vinnubrögð eðlileg og taki fulla ábyrgð á þeim. Þetta eru samræðustjórnmálin eins og þau eru tíðkuð nú til dags, samráðs- og sáttarviljinn sem við mætum af hálfu þessarar ríkisstjórnar, að beitt er fáheyrðu ofbeldi í þinglegu starfi og þinglegri umfjöllun um mál af því tagi sem virðist hafa átt sér stað í allsherjarnefnd í kvöld.

Ef þessi mál eru svona léttvæg og smá í sniðum og gagnrýni okkar og athugasemdir allar á svo miklum misskilningi byggðar, að þetta sé eiginlega ekki neitt neitt — af hverju þá þessi læti? Af hverju er þá verið að troða þessu í gegn? Hvaða máli skiptir það fyrir hæstv. ríkisstjórn að fá þetta í gegn úr því að það á hvort eð er efnislega ekki að taka gildi fyrr en um áramót? Hvers vegna í ósköpunum á að troða þessu ofan í kokið á Alþingi eins og nú er verið að gera? Það getur varla verið neitt annað en að hæstv. ríkisstjórn telji sig þurfa táknræna staðfestingu þess að hún ætli að gera það sem hún ætlar sér að gera og að það megi ekki vinna þessa reglugerð um Stjórnarráðið og sortera málaflokkana í sundur óháð þessu, að sjálfsögðu, enda áttu þessi mál þá að bíða og koma þegar pakkinn væri tilbúinn.

Síðasta málið sem hér átti að fá afgreiðslu voru þingskapalögin, að sjálfsögðu, þegar Alþingi sæi fyrir sér breytingarnar í heild sinni. Þá er eðlilegt að Alþingi, ekki ríkisstjórnin takist á við það að laga skipulag sitt og starfsreglur þingsins að þeim nýja veruleika. Sjálfsagt hefði það farið í grófum dráttum saman við þær breytingar sem orðið hefðu á ráðuneytaskipan en það er þó ekki algerlega sjálfgefið að það verði. Þar ætti Alþingi sjálft að hafa tíma og aðstöðu til að meta málin og ráða sínum leikreglum sjálft. Þar eiga þær að vera undirbúnar, frumkvæðisskyldan er hér.

Það er alveg sama hvernig að þessu máli er komið. Það er dapurleg (Forseti hringir.) sönnun þess að ríkisstjórnin lítur á Alþingi sem afgreiðslustofnun fyrir sjálfa sig.

[21:02]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og ég sagði hér áðan felur þetta frumvarp í sér tvíþætta stefnumótun af hálfu ríkisstjórnarinnar. Annars vegar að færa almannatryggingarnar undir félagsmálaráðuneytið frá heilbrigðisráðuneytinu. Ég hafði ekki áttað mig á því að andstaða væri við það í þinginu.

Ég minni enn og aftur á öll þau félagasamtök sem hafa ályktað í þessa veru. Ég hef ekki skoðað allar samþykktir þeirra flokka sem fulltrúa eiga á þingi en mér er nær að halda að hingað til hafi ekki verið andstaða við það af hálfu þeirra flokka að þetta væri gert og gæti verið nokkuð góður samhljómur um þetta mál. Þetta er önnur stefnumörkunin, stefnumörkun númer eitt. Það er mikilvægt að hún liggi fyrir þannig að hægt sé að fara að vinna að því að sortera þetta í sundur í sumar og öllum sé ljóst að hverju er stefnt.

Stefnumörkun númer tvö er að sameina sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti í eitt ráðuneyti. Ef ég hefði haldið að einhver væri því sérstaklega andsnúinn hefði ég a.m.k. ekki talið það vera formann Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs. Mér hefur fundist hann tala í þá veru að það gæti verið skynsamleg lending að stofna eitt matvælaráðuneyti úr þessum tveimur ráðuneytum. Ég get skilið fyrrv. landbúnaðarráðherra, sem er sárt um sitt gamla ráðuneyti í þessari breytingu, en ég á mjög erfitt með að skilja formann Vinstri hreyfingarinnar – grænsframboðs, að gera svo mikið pólitískt mál úr þessum tveimur stefnumarkandi tillögum í þessu frumvarpi. Þetta frumvarp felur ekkert annað í sér á þessu stigi, ekkert annað.

[21:04]

Guðni Ágústsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er eins og leiðtogum ríkisstjórnarinnar sé fyrirmunað að skilja um hvað málið snýst. Hæstv. utanríkisráðherra heldur að það að breyta Stjórnarráðinu sé bara hennar eigin svunta eða hennar eigin peysa.

Ég er búinn að fara hér yfir ræðu Bjarna Benediktssonar sem var stór stjórnmálamaður. Fyrir 50 árum sagði hann, með leyfi forseta:

„Þetta er áreiðanlega þýðingarmeira mál en í fljótu bragði skyldi ætla og mál sem mikilsvert er, eins og sum fleiri, að menn reyni að koma sér saman um að leysa án flokkságreinings. Það eru líkur til þess í lýðræðisþjóðfélagi að flokkar skiptist á um völd, einn hafi völdin í dag, annar á morgun."

Bjarni Benediktsson leit svo á að sín eigin svunta, sín eigin peysa, ætti engu að ráða í málinu heldur væri það þingræðið, jöfn skipting og sterk ráðuneyti.

Þegar hæstv. utanríkisráðherra játar smæð sína hér rifjast upp fyrir mér að fyrir nokkrum mánuðum flutti hún frumvarp um breytingu á Stjórnarráðinu. Þar leggur hæstv. utanríkisráðherra til að ráðuneytin verði níu og jafnræði á milli þeirra í verkefnum. Ég vil bara spyrja: Hvað hefur breyst á þessum tíma?

Svo vil ég segja að málið snýr ekkert að neinum sárs-

auka hvað mig varðar. Mér sárnar hins vegar ef grípa á af óráðvendni til aðgerða gagnvart landbúnaðarráðuneytinu til að skerða möguleika þess til að þjóna atvinnuveginum. Ég hef verið að fara yfir það og hef sagt við þessa umræðu að auðvitað geta þessir gömlu atvinnuvegir verið saman í einu ráðuneyti. Ég fagna því ef matvælin koma þar inn, en ég vil að þetta sé gert af virðingu.

Ég undra mig því á þessari umræðu og mér finnst hún taktlaus (Forseti hringir.) af hálfu forustumanna stjórnmálaflokka. Bjarni Benediktsson var svo framsýnn að flytja sína ræðu hér fyrir 50 árum og bið nú hæstv. forustumenn flokkanna að lesa þá ræðu og læra af henni.

[21:07]

Bjarni Harðarson (F):

Frú forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið en þetta er eiginlega fyrsti reglulegi vinnudagur minn í þingsölum ef frá er talinn þingsetningardagurinn sjálfur. Hann hefur verið mér mjög lærdómsríkur. Hér höfum við unnið samkvæmt skilgreiningu 63 einstaklingar í fjórar klukkustundir, það eru sem sagt 252 vinnustundir, við eitthvað sem ég hélt lengi vel að 61 okkar vissu ekki hvað snerist um. Ég hef eiginlega áttað mig á því nú að þar hafði ég rangt fyrir mér, ég held að 63 okkar viti ekkert um hvað málið snýst.

Það hefur ekki farið fram hjá þingheimi að það er verið að samþykkja breytingar á Stjórnarráðinu sem forustumenn stjórnarflokkanna vita ekki hvort eru upphaf á öðrum og meiri breytingum á Stjórnarráði Íslands. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði í ræðu áðan að þetta væri e.t.v. upphaf að þeim breytingum og örfáum mínútum síðar í sömu ræðu að þetta væri e.t.v. óháð þeim breytingum. Þetta kom fram í sömu ræðunni.

Það er mjög langt síðan ég hef unnið á vinnustað þar sem ég vissi ekki hvað ég var að gera. Mig rámar þó í það í frystihúsi sem strákur, að þá höfum við stundum látið sem verið væri að láta okkur gera eitthvað sem við skildum ekkert í en eftir á held ég að það hafi legið í því að það var verið að láta okkur þrífa. Við þóttumst aldrei skilja þau verkefni í móttökunni.

Ég á svo sem ekki fjölbreytilegan starfsferil að baki og hef lengst af unnið við blaðamennsku. Í því starfi hef ég tíðum glímt við að fá upplýsingar frá stjórnmálamönnum, ráðherrum og sveitarstjórnarmönnum, bæjarstjórum og fleirum sem fara með völd í þessu landi. Í dag fylgdist ég með því þegar þingheimur reyndi að knýja á um að fá svör frá ráðherrum. Ég verð að játa að ég sé ákveðna afturför í þessari starfsskiptingu minni vegna þess að sem blaðamaður á ég mun auðveldara með að fá skýr svör hjá ráðamönnum en þingheimur hefur nokkra möguleika á. Ég fullyrði að ef blaðamönnum væri svarað með þeim hætti sem hér er gert, gagnvart stjórnarandstöðu, þá væri það ekki uppskrift að góðum samskiptum við fjölmiðla. Það er ekki nóg að hafa yfirborðskurteisi, þótt ég ætli ekkert að bera í bætifláka fyrir það að mér hafi skjöplast á henni í dag og gleymt að nota góð orð sem ég ber fulla virðingu fyrir að séu notuð í þinginu, eins og hv. þingmaður. Það er líka mikilvægt að kurteisin risti dýpra, að spurningum sé svarað og okkur sé sagt þegar ekki á að svara spurningunum.

Ég er ekki að segja með þessu að blaðamenn hefðu fengið það klárt og kvitt út hjá ráðamönnum, hefðu þeir spurt. Þeir fá ekki alltaf klárt og kvitt út nákvæmlega hvað gera eigi, upphafið að hverju þessi lagabreyting væri. En þeir hefðu fengið svör á borð við: Þetta færð þú ekki að vita núna, þetta er leyndarmál í bili. Því hefði verið svarað hreint út.

Þegar bent var á það í dag að meira að segja væri búið að reikna út þann fjölda starfsmanna Stjórnarráðsins sem mundi breyta um starfsvettvang við þessa breytingu þá var það augljóst að vitað er hvað stendur til. Það er ákveðið plan í gangi en það er ekki gefið upp eða þá að menn eru svo innbyrðis ósammála um það að þeir geta ekki talað um það.

Það er samt athyglisvert að hæstv. forsætisráðherra vísaði tvívegis í dag í umræðunum til þess að menn gætu lesið um þetta í blöðunum. Hann vísaði þingheimi beinlínis á að um þetta hefði verið fjallað á opinberum vettvangi. Ég gat ekki skilið það betur en svo að við ættum að fletta upp þeim Morgunblaðsgreinum þar sem ráðherra og forráðamenn stjórnarflokkanna hafa trúað blaðamönnum fyrir því hvað standi til að gera, trúað þeim fyrir því að t.d. standi til að taka helst öll verkefnin undan landbúnaðarráðuneytinu og gera málefni sveitarfélaga að deild í Vegagerðinni. Mér þykir þetta tvennt ekki beinlínis benda til mikillar virðingar fyrir málefnum landsbyggðarinnar og ekki lofa mjög góðu um frammistöðu þessarar stjórnar gagnvart landsbyggðinni. Hæstv. forsætisráðherra vísar tvívegis til þess í dag að við getum lesið um þetta í blöðunum en hæstv. ráðherra neitar að gefa okkur upp hið sama og blöðunum er sagt.

Ég ætla ekki að hafa þetta öllu lengra. Ég vil aðeins taka fram, varðandi vísanir í reynsluheim kvenna, sem hæstv. utanríkisráðherra vék hér aðeins að, að það er rétt hjá utanríkisráðherra — þá reynslu hef ég af hannyrðum kvenna sem ég hef haft svolítið gaman af þótt ég hafi ekki komist í að stunda þær lengi — að það er alveg rétt, Steingrímur, að peysur eru prjónaðar um ákveðna búka. (Gripið fram í.) Nei, og það er líka annað sem er mikið atriði. Úr því að við erum hér 63 að vinna við prjónaskap á einhverri flík er svolítið atriði að við höfum einhverja hugmynd um hvernig kykvendi sem á að fara í flíkina gæti litið út.

[21:13]

Útbýting:

Þingsköp Alþingis, 10. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 13.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og allshn.

Fundi slitið kl. 21:14.

4. FUNDUR

þriðjudaginn 5. júní,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Þingsköp Alþingis, frv., 10. mál, þskj. 10, nál. 13, 14 og 15, brtt. 12. — 2. umr.
2. Þátttaka Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu, stjfrv., 2. mál, þskj. 2. — 1. umr.
3. Viðurkenning Íslands á ríkisstjórn Palestínu, þáltill., 3. mál, þskj. 3. — Fyrri umr.
4. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 7. mál, þskj. 7. — 1. umr.
5. Kauphallir, stjfrv., 8. mál, þskj. 8. — 1. umr.
6. Fjármálafyrirtæki o.fl., stjfrv., 9. mál, þskj. 9. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ármann Kr. Ólafsson, 4. þm. Suðvest.,
Kristinn H. Gunnarsson, 9. þm. Norðvest.,
Ólöf Nordal, 9. þm. Norðaust.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 1. þm. Suðvest.

[13:32]

Útbýting:

Þingsköp Alþingis, 10. mál, nál. 1. minni hluta allshn., þskj. 14; nál. 2. minni hluta allshn., þskj. 15.

Tilkynning um dagskrá.

[13:33]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Áður en gengið verður til dagskrár fer fram umræða utan dagskrár um vanda sjávarbyggðanna. Málshefjandi er hv. þm. Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir. Hæstv. sjávarútvegsráðherra Einar K. Guðfinnsson verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Umræður utan dagskrár.

Vandi sjávarbyggðanna.

[13:34]

Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir (Vg):

Herra forseti. Undanfarið hafa borist válegar fregnir af vanda sjávarþorpanna víða um landið, sjávarþorpa sem berjast fyrir tilvist sinni þar sem verið er að selja allan kvóta í burtu og loka landvinnslunni vegna erfiðra rekstrarskilyrða sjávarútvegsfyrirtækja. Annars staðar hangir óvissan tengd sviptingum í eignarhaldi fyrirtækja og þar með hvað verði um kvótann yfir mönnunum.

Erfiðleikar margra sem nú eru að komast í þrot í sjávarútveginum tengjast ekki síst svimandi háu verði á kvóta fyrir þá sem þurfa að leigja eða kaupa til sín aflaheimildir. Hátt gengi krónunnar, háir vextir og mikill flutningskostnaður er einnig sjávarútveginum almennt mjög íþyngjandi. Nú síðast er boðaður samdráttur í þorskveiðum niður í aðeins 130 þús. tonn á næsta ári ef farið verður að tillögum Hafrannsóknastofnunar og horfur um viðkomu stofnsins eru dökkar til næstu ára litið.

Ekki er ofsagt að þetta eru einhverjar alvarlegustu horfur sem blasað hafa við málefnum sjávarútvegsins og sjávarbyggðanna, og þar með auðvitað fyrir þjóðarbúið allt, í áratugi. Þegar kemur að lokun fyrirtækja, sölu báta og aflaheimilda í burtu og fiskvinnslan leggst af standa eftir íbúar sjávarþorpanna sem hafa haft alla sína afkomu af vinnu við sjávarútveg, landverkafólk og sjómenn. Nýjustu dæmin eru þau að 33 einstaklingar unnu sinn síðasta vinnudag í fiskvinnslunni Bakkavík í Bolungarvík á fimmtudaginn var og á Flateyri hefur 120 einstaklingum verið sagt upp vinnu, og bæði skip og aflaheimildir selt í burtu af staðnum. Athugið að hér er um að ræða 120 manns af rúmlega 300 íbúum sem hafa átt allt undir því að útgerð blómstraði og dafnaði, sem sagt rúmlega 40% íbúa. Hér er í rauninni atvinnuréttur heillar byggðar seldur í burtu.

Einnig er hægt að taka dæmi af ástandinu í Vestmannaeyjum þar sem heimamenn eiga í hörðum átökum um að halda forræði í Vinnslustöðinni og þar með aflaheimildum, eða kvóta, í heimabyggð. Það þarf enginn að velkjast í vafa um að það er ekki auðveld ákvörðun fyrir atvinnurekendur sem við þessar erfiðu rekstraraðstæður neyðast til að hætta rekstri og segja upp fólki og horfa á það ástand sem af því skapast í heimabyggð sinni. Framtíð atvinnulífs og búsetu á Vestfjörðum sem og á öllum þeim stöðum öðrum sem byggja afkomu sína á sjávarútvegi, ekki síst í minni sjávarbyggðum sem fyrst og fremst byggja á þorskveiðum, hangir á bláþræði. Sverðin hanga yfir sjávarbyggðunum í orðsins fyllstu merkingu og enginn virðist vita hvar þau falla eða hverjir verða fyrir þeim næst. Í lögum um fiskveiðistjórn segir, með leyfi forseta:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu."

Getum við sagt að traust atvinna sé tryggð með þessu kerfi eins og það er í dag? Nei, því miður. Horfumst í augu við staðreyndirnar. Það sýna best nýjustu dæmin sem hér hafa verið rakin. Vandi byggðanna er ekki síst samfélagslegur við svona áföll. Til viðbótar því að einstaklingarnir missa atvinnu minnka tekjur sveitarfélaganna og æ erfiðara verður að halda uppi lögboðinni þjónustu, svo sem leik- og grunnskólum, hvað þá að sveitarfélögin hafi bolmagn til að bregðast við áföllum með því að leggja fjármuni í nýja möguleika og tækifæri í atvinnumálum eða standa að baki þeirra sem eftir eru.

Við þingmenn Vinstri grænna heimsóttum íbúa Flateyrar, Bolungarvíkur og Ísafjarðar á föstudaginn var og er skemmst frá því að segja að mikill kvíði og óvissa ríkir hjá þeim. Það einkennir andrúmsloftið þar eins og örugglega víða á landsbyggðinni þessa dagana. Verst þótti íbúum tómlæti stjórnvalda í sinn garð og það ótrúlega áhugaleysi sem ný ríkisstjórn hefur sýnt málinu. Einn viðmælenda okkar orðaði það einfaldlega svo: Þau eru fljót að gleyma okkur þegar búið er að kjósa.

Íbúarnir eru þó ekki á því að gefast upp og vilja leita

allra leiða til að geta búið áfram á Vestfjörðum. Þeir vilja enga ölmusu. Þeir gera aðeins kröfu um að þeim séu búin sömu skilyrði til búsetu og tækifæra og öðrum landsmönnum, t.d. er varðar samgöngur, flutningskostnað, orkuverð og lánamöguleika. Undir þessi sjónarmið tek ég og við vinstri græn, það verður að leita allra leiða til að jafna samkeppnisaðstöðu sjávarþorpanna og landsbyggðarinnar almennt. Til þess erum við m.a. kosin, hv. þingmenn þessa lands, til að tryggja öllum landsmönnum jöfn tækifæri og góð lífsskilyrði án tillits til þess hvar þeir búa. Fólk kallar nú eftir aðgerðum strax. Óvissa og bið er skaðleg og fer illa með alla, ekki síst samfélögin sem í hlut eiga. Spurningar mínar eru því þessar:

Til hvaða bráðabirgðaúrræða hyggjast hæstv. ráðherra og ríkisstjórn grípa til að mæta þessum vanda byggðanna? Hvenær geta stjórnvöld gefið íbúum Flateyrar, Bolungarvíkur, Djúpavogs, Bakkafjarðar o.s.frv. (Forseti hringir.) svör um framtíð, atvinnu og búsetu þeirra á svæðinu? Kemur til greina að úthluta og byggðatengja veiðiheimildir (Forseti hringir.) í auknum mæli og þá sérstaklega við minni sjávarbyggðir? Verða þau sveitarfélög sem orðið hafa fyrir sérstökum áföllum (Forseti hringir.) vegna uppsagna og áfalla í sjávarútvegi af öðrum sambærilegum ástæðum aðstoðuð sérstaklega svo þau þurfi ekki að bæta gráu ofan á svart með niðurskurði þjónustu?

Það þarf úrræði strax, það dugar ekki lengur að sitja á höndum sér í þessum málum. Það þarf úrræði til að endurvekja bjartsýni og trú á framtíðina í sjávarbyggðunum.

[13:40]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. málshefjanda fyrir það að hefja máls á þessu máli sem að mínu mati er mjög brýnt og skiptir okkur miklu máli að við tökum á. Það fer ekkert á milli mála að vandinn er víða mikill. Sumt af þessu snýr að fiskveiðistjórninni sjálfri, annað snýr auðvitað að öðrum þáttum eins og hv. þingmaður nefndi og mætti hafa um það í sjálfu sér langt mál. Það er þannig varðandi fiskveiðistjórn okkar að við höfum haft auga á henni jafnframt því að gera fiskveiðistjórnina þannig úr garði að við höfum reynt að setja inn í fiskveiðistjórnarkerfið ýmsa byggðatengda þætti.

Það var tekin um það á sínum tíma pólitísk ákvörðun í miklum ágreiningi á þeim tíma að auka hlut smábáta í veiðiheimildunum og það hefur auðvitað skilað sér til margra byggðarlaga, bæði á Vestfjörðum, Norðurlandi, Austfjörðum og víðar um landið. Það er ekki ástæða til að gera lítið úr því að þegar þessi pólitíska ákvörðun var tekin var hún tekin fyrst og fremst til þess að reyna að styrkja stoðir minni byggðarlaganna. Þegar við horfum á þetta blasir auðvitað við að sjávarútvegurinn er meginatvinnuvegurinn í sjávarbyggðunum vítt um landið og þar eru aflaheimildirnar. Aflaheimildirnar eru fyrst og fremst á landsbyggðinni og þær breytingar sem hafa orðið á aflaheimildum hafa fyrst og fremst verið breytingar innan landsbyggðarinnar frá einum stað til annars. Þegar við tókum þá pólitísku ákvörðun að færa aflaheimildir til minni bátanna var það gert fyrst og fremst með hliðsjón af því að reyna að styrkja stoðir þessara minni byggðarlaga og þegar við horfum t.d. á dreifingu krókaaflamarksins yfir landið blasir við að það hefur skilað árangri.

Inn í fiskveiðistjórnarkerfið eru síðan byggðir ýmsir aðrir byggðatengdir þættir. Við erum með byggðakvóta, aflabætur vegna rækju- og skelfiskbrests og línuívilnun. Þetta eru um 18 þús. tonn. Ég er ekki að segja að þetta séu miklar aflaheimildir en 18 þús. tonn telja samt og skipta máli. Ég er alveg sammála því sem hv. þingmaður sagði áðan, vitaskuld á að reyna að tryggja það að þær aflaheimildir sem við notum í þessum tilgangi fari fyrst og fremst til hinna minni byggðarlaga sem hafa færri úrræði en hin stærri.

Ég er núna í undirbúningsvinnu að nýrri byggðakvótaúthlutun fyrir næsta fiskveiðiár og stefni að því að fyrst og fremst verði reynt að horfa til þessara byggðarlaga. Ef við skoðum t.d. þróunina frá árinu 1999 hafa yfir 40 sveitarfélög fengið byggðakvóta á þessum tíma. Það er alveg ljóst mál að þetta er ekki nægilega markvisst og byggðarlögin innan sveitarfélaganna eru fleiri. Sú ákvörðun ein og sér að reyna að færa stærri hluta af þessum byggðatengdu kvótum, byggðakvótum og öðrum aflabótum, til hinna minni byggðarlaga mun skipta miklu máli.

Ég tel enn fremur ástæðu til að fara yfir það enn á ný hvort hægt sé að styrkja forkaupsréttarákvæði sveitarfélaganna til að bregðast við aðstæðum sem upp hafa komið þar sem kvóti hefur verið seldur og gefa mönnum tækifæri til þess með einhverjum hætti að koma inn í þessi kaup.

Ég vil líka segja að fyrir sjávarútvegsráðherra liggja tillögur frá útvegsmönnum og sjómannasamtökunum varðandi veiðiskylduna. Ég hefði talið að vegna ýmissa annarra annmarka á því hefði ekki verið ástæða til að auka þessa veiðiskyldu. Ég tek hins vegar eftir því að í hinni pólitísku umræðu er mikil krafa um að draga úr leiguframsalinu og auka veiðiskylduna og ég tel þess vegna mjög nauðsynlegt að fara yfir þessi mál. Á því eru hins vegar margir vankantar. Það mun koma illa við t.d. minni útgerðir með minni aflaheimildir o.s.frv. og þess vegna hef ég t.d. staðið á bremsunni varðandi þetta. Það er hins vegar nauðsynlegt vegna hinnar pólitísku umræðu að fara yfir þessi mál að nýju samfara því að skoða líka með hvaða hætti er hægt að koma í veg fyrir það sem menn hafa verið að gera með aðferðum við það að fara fram hjá reglunum um 50% veiðiskyldu.

Virðulegi forseti. Við gerum okkur grein fyrir því að hluti af þeim vanda sem við er að glíma í sjávarbyggðunum á ekki eingöngu rætur sínar að rekja til þessa vanda sem uppi er í sjávarútveginum. Það eru ýmsar aðrar ástæður sem eru líka samverkandi þættir í þessum efnum og í því sambandi nefndi hv. þingmaður ýmsa hluti sem ég get alveg tekið undir með henni. Eitt af því sem við þurfum þá enn fremur að gera á næstunni, jafnframt því sem ég er að leggja fram og vekja athygli á að verið er að vinna núna undir minni forustu í sjávarútvegsráðuneytinu, er að koma til móts við áhyggjur sem við öll höfum vegna stöðunnar sem þarna er uppi. Í því sambandi þarf bæði að horfa á samgönguþætti, ýmsa hluti sem snúa að innviðunum og uppbyggingu nýrra atvinnuvega. Þróunin hefur verið sú að vegna tæknibreytinga og ýmissa annarra þátta hefur starfsfólki í sjávarútvegi fækkað og til þess að sjávarbyggðirnar,

eins og aðrar byggðir í landinu, eigi möguleika á þeirri nauðsynlegu viðspyrnu sem þarf að vera til staðar þarf okkur að takast að byggja upp aðrar atvinnugreinar samhliða sjávarútveginum. En sjávarútvegurinn verður hins vegar um ókomin ár meginundirstaða þessara byggða og þess vegna þarf að hyggja að þeim þáttum sem snúa að fiskveiðistjórnarmálunum. (Forseti hringir.) Jafnframt því að hafa öflugan kraftmikinn sjávarútveg þurfum við að tryggja það að hin byggðalegu úrræði séu til staðar og þeim sé þá markvisst beitt. Það er það sem við höfum unnið að og sú ákvörðun Alþingis á síðasta vori varðandi byggðakvótann lagði grundvöll að því.

[13:45]

Birkir J. Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Það eru váleg tíðindi, tillögur Hafrannsóknastofnunar um þriðjungssamdrátt í þorskveiðum. Undirstöðuatvinnugrein landsbyggðarinnar er að dragast saman, lífi sjávarbyggðanna er teflt í hættu og það er ljóst að við þurfum að bregðast við þeirri alvarlegu stöðu sem nú er uppi víða um land.

Ég fagna því að hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur boðið öllum þingflokkum að koma að þessu máli með samráði en nú er það svo að Sjálfstæðisflokkurinn hefur haft um þetta ráðuneyti að segja síðustu 16 árin og hefur ekki verið mikill vilji til þverpólitísks samráðs í þessum málaflokki. Nú ber nýrra við og því ber að fagna.

Ég vek athygli á því að í stjórnarsáttmála síðustu ríkisstjórnar var kveðið á um það að hluti af því veiðigjaldi sem rennur úr sjávarbyggðum landsins, því veiðigjaldi sem íslenskur sjávarútvegur greiðir aukalega, skuli renna aftur til sjávarbyggðanna í formi nýsköpunar og atvinnuuppbyggingar. Því miður er í stefnuskrá núverandi ríkisstjórnar ekkert kveðið á um að það veiðigjald sem sjávarbyggðirnar og sjávarútvegurinn greiða skuli renna aftur til byggðanna í formi atvinnuuppbyggingar eða nýsköpunar. Það er nefnilega þannig, hæstv. forseti, að í þessum byggðarlögum eru hugmyndir um að auka fjölbreytni í atvinnulífinu en það vantar fjármagn til þess að móta þessar hugmyndir og koma þeim í framkvæmd. Við þurfum að lyfta grettistaki í þessum málaflokki, mjög alvarleg staða blasir nú við mörgum sjávarbyggðum landsins.

Ég vil taka þátt í því með ríkisstjórninni að grípa til aðgerða hvað þetta varðar og það er sanngirnismál, hæstv. forseti, að það sérstaka veiðigjald sem íslenskur sjávarútvegur greiðir renni aftur til sjávarbyggðanna. (Forseti hringir.) Það þarf innspýtingu í sjávarbyggðir landsins, sérstaklega í þeirri stöðu sem blasir við núna í dag. Aðgerða er þörf, hæstv. forseti.

[13:48]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég tek fagnandi boði hv. þingmanns um samstarf á þessu sviði. Það er alveg hárrétt sem hér kemur fram, aðgerða er þörf. Þessi ríkisstjórn mun ekki og hefur ekki sýnt Flateyringum tómlæti eins og hér kom fram hjá hv. málshefjanda. Ég vil að það komi alveg skýrt fram að starfandi hefur verið sérstök Vestfjarðanefnd sem hefur gert tillögur um flutning opinberra starfa til Vestfjarða, þeirra sjávarbyggða sem að líkindum eru hvað verst staddar eins og sakir standa. Við vitum að staðan á ekki eftir að batna þegar við horfum framan í niðurstöður nýrrar skýrslu Hafrannsóknastofnunar.

Ég vil þess vegna að það komi fram hérna að nú þegar er búið að auglýsa 8–10 störf sem tengjast tillögum Vestfjarðanefndar og það hefur verið tryggt af hálfu ríkisstjórnarinnar að á næstunni muni 10 störf til viðbótar verða auglýst beinlínis handa þeim sem búa á Vestfjörðum. Hér er því um að ræða 20 opinber störf sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir að verði flutt til Vestfjarða. Það hlýtur að skipta máli og það er tæpast hægt að kalla það tómlæti af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Það sem skiptir hins vegar hvað mestu máli fyrir þau samfélög sem eru í vanda á landsbyggðinni er að styrkja grunngerð þeirra. Við þurfum að gera það með átaki í samgöngumálum til að jafna flutningskostnað og stytta fjarlægðir, við þurfum að gera það með því að hækka menntunarstig og þar með launastig í byggðunum og gera þær meira aðlaðandi, með því að gera landsbyggðinni kleift að rækta menningu sína og með því að tryggja jafnræði allra landsmanna í fjarskiptum. Vestfirðir búa t.d. ekki við jafnræði um fjarskipti og það gerir það að verkum að Vestfirðingar eiga erfitt með að notfæra sér ýmis þau störf sem ríkisstjórnin gjarnan vill gefa þeim kost á að vinna í krafti verkefna eins og starfa án staðsetningar. Þessu verður að breyta og ég treysti hæstv. samgönguráðherra manna best til að gera það.

Það sem við höfum séð gerast á Flateyri er skuggahlið kvótakerfisins, en það sem þar gerðist er í anda eðlis kvótakerfisins og það þarf þess vegna ekki að koma á óvart, (Forseti hringir.) þetta hefur gerst áður. Við þurfum að reyna að koma í veg fyrir að það gerist nokkurn tímann aftur.

[13:50]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Hæstv. þingforseti. Það er fiskveiðistjórninni að kenna hvernig ástandið er á landsbyggðinni, hjá almenningi, hjá fólkinu. Þetta er vandi út af fiskveiðistjórnarkerfinu. Þingmenn verða að átta sig á því, og ráðherrar og ríkisstjórn og kannski sérstaklega byggðamálaráðherra, að þetta er vegna fiskveiðistjórnarkerfisins. Öll þau vandamál sem varða landsbyggðina eru út af þessu bölvaða óréttláta fiskveiðistjórnarkerfi, ræningjakerfi. Það er búið að ræna lífsbjörginni frá fólkinu á landsbyggðinni. Það eru ýmis félagsleg vandamál sem tilheyra og hafa orðið til út af þessu fiskveiðistjórnarkerfi. Það eru hlutir sem alþingismenn verða að viðurkenna og átta sig á, þetta eru staðreyndir.

Það hafa ekki náðst nein markmið í núverandi fiskveiðistjórnarkerfi. Það hefur ekki tekist að byggja upp fiskstofna eða auka hagræðingu í útgerð. Skuldir útgerðar hafa aldrei verið meiri og ástand fiskstofna aldrei sennilega verra þó að kannski megi segja að sem betur fer sé vandi þorskstofnsins ekki jafnslæmur og Hafrannsóknastofnun heldur. Það eru ýmsar forsendur fyrir því sem orsaka það að ekki hefur tekist að byggja upp fiskstofnana. Þá vil ég minna á að það eru tugir, 20, 30, jafnvel 40, 50, fiskstofna hringinn í kringum landið. Það eru sérstakir stofnar inni á hverjum flóa og firði

og það þarf að sækja í þá eins og passar. Fyrir daga kvótakerfisins voru þeir fiskstofnar nýttir á venjulegan og eðlilegan hátt en núna, eftir að kvótakerfið kom til og byrjað var að færa veiðiheimildir á milli landshluta, (Forseti hringir.) höfum við horft upp á fiskveiðistjórnarkerfið fara svona illa með. Þess vegna er kannski ekki hægt að byggja upp fiskstofna.

[13:52]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Óskaplega voru þau fátækleg og rýr í roðinu, svör hæstvirtra ráðherra hér áðan. Tómlæti er einmitt orðið og dauðyflisleg viðbrögð á allan hátt, að setja tvo ráðherra á vakt, á útkikk hér syðra, og þó að 20 opinber störf sem verði auglýst á næstunni með mögulega staðsetningu á Vestfjörðum séu að sjálfsögðu góðra gjalda verð draga þau skammt upp í 200 eða á þriðja hundrað starfa sem uppsagnir hafa á örfáum vikum kallað á á norðanverðum Vestfjörðum. Ef við leggjum saman Kamb, Bakkavík, Marel, Ratsjárstofnun og fleiri aðila sem sagt hafa upp fólki að undanförnu, bara á þessu svæði, er þar um að ræða hundruð starfa en ekki tugi.

Það þolir ekki bið að taka á þessum málum. (**GMJ:** ... fiskveiðistjórnarkerfið.) — Vertu rólegur, ég er með orðið, hv. þingmaður. — Fólkið bíður ekki haustsins í fullkominni óvissu um það hvort það hafi atvinnu eða geti bjargað sér í afskekktum sjávarbyggðum. Það flytur og gjarnan áður en nýtt skólaár fer í hönd. Afurðaverð fer nú lækkandi í sjávarútveginum og að óbreyttri hagstjórn, að óbreyttu gengi, vöxtum og verðbólgu, er ekkert annað en vaxandi þrengingar fram undan í sjávarútveginum og sérstaklega þeim greinum hans og þeim byggðarlögum sem einkum eru háð þorski. Þar er vá fyrir dyrum og hún kemur að sjálfsögðu inn á fiskveiðistjórnarkerfið og fleiri hluti.

Þetta snýst ekki síst um andrúmsloft, um tiltrú. Hæstv. ríkisstjórn verður að átta sig á því að hún hefur aðeins takmarkaðan tíma til að senda einhver þau skilaboð út í samfélagið sem mark verður tekið á. Það dugar nefnilega ekki, eins og málshefjandi orðaði það, að sitja á höndunum á sér suður í Reykjavík, vera þar á útkikki og ætla að fylgjast með því hvað gerist á Flateyri. Það þarf að senda skilaboð um að það eigi að taka á þessum málum, og það fyrr en seinna.

[13:54]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill biðja hv. þingmenn um að minnast þess að ávarpa ekki einstaka þingmenn úti í þingsalnum, heldur beina máli sínu til forseta.

[13:54]

Einar Oddur Kristjánsson (S):

Virðulegur forseti. Það hefur margt verið andsnúið undanfarnar vikur. Okkur hefur alls ekki tekist að byggja upp þessa fiskstofna, það eru mjög mikil vandræði og mjög mikil vonbrigði. Við höfum líka lifað við það að hágengis- og hávaxtastefnan hefur ekki staðist og rekstrarstaða útflutningsatvinnuveganna er löngu orðin óviðunandi. Við höfum rætt þetta oft áður. Það er hægt að grípa til aðgerða, Samtök atvinnulífsins hafa nú gert kröfu um það til ríkisvaldsins að þeirri stefnu verði breytt. Samtök atvinnulífsins standa heil að þeirri kröfu.

Það er líka fleira sem hefur orðið okkur til erfiðleika eins og samkeppnisstaða vegna samgöngumálanna. Ríkisvaldið getur víða komið þar að, ekki síst með því að lengja flugbrautir, það er mjög þarft til þess að jafna stöðuna.

Gagnvart Flateyri sem menn hafa rætt hér töluvert um geri ég fastlega ráð fyrir því að fiskvinnslueignir þar, hús, vélar, tæki og áhöld, muni fá nýja eigendur innan skamms. Þeir eigendur munu reyna að hefja nýja starfsemi en það verður ekki auðvelt nema til komi ný forsenda efnahagsmála. Það er fullkomlega eðlilegt og sjálfsagt og hefur margsinnis verið gert áður að hið opinbera hefur komið og aðstoðað ný fyrirtæki við að búa til ný störf og ný verðmæti.

Ríkisstjórnin lítur þannig á og hefur gefið út yfirlýsingar um það að hún ætli að standa að þessum hlutum, hún ætli að styrkja þá. Ég hef fulla trú á þeim ráðherrum, hæstv. iðnaðar- og sjávarútvegsráðherra, sem hefur verið falið þetta verk. Ég hef fullkomna ástæðu til að ætla að þeir muni af fremsta megni gera allt sem stjórnvöld geta gert til að hjálpa þessu en það mun ekki takast nema við breytum gjörsamlega forsendunum fyrir peningamálastefnunni. (Forseti hringir.) Hún er forsendan, henni verður að breyta.

[13:57]

Bjarni Harðarson (F):

Herra forseti. Það málefni sem við ræðum um í dag er kannski eitt það brýnasta og alvarlegasta sem íslenskt þjóðfélag stendur frammi fyrir, þ.e. sú hraða þróun sem hér er í átt til lítils borgríkis, og vandi sjávarbyggðanna spilar mikla rullu. Það er samt ekki svo auðvelt að vera í stjórnarandstöðu að hægt sé, líkt og sumir hv. þingmenn í stjórnarandstöðu hafa gert, að leggja til að ekki verði farið að tillögu Hafrannsóknastofnunar. Við höfum ekki val um neitt annað, við höfum ekki við neitt betra að styðjast. Það kunna að vera gloppur í þessum tillögum, það kunna að vera gloppur í þessum vísindum en við verðum að fara eftir þeim.

Ég held að það sé löngu tímabært að við horfum á það að vandi landsbyggðarinnar verður ekki leystur með stýringu á sjávarútveginum. Vandi landsbyggðarinnar verður ekki leystur með þessum atvinnuvegi frumframleiðslunnar sem auðvitað mun spila minni og minni rullu í hagkerfi okkar eftir því sem ár og áratugir líða.

Ég fagna því að hæstv. byggðamálaráðherra — (Gripið fram í.) hæstv. iðnaðarráðherra hefur áhuga á málinu og ætlar að láta það til sín taka. Ég skora á hann að horfa á byggðamálin út frá nýjum forsendum, út frá þeim forsendum að þetta sé ekki eingöngu málefni sjávarútvegsins og við þurfum á því að halda að horfa til nýrra leiða. Ég tel að það séu til leiðir líkt og þær sem farnar hafa verið í Skandinavíu sem séu miklu líklegri til árangurs en sá fyrirtækjasósíalismi sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson talaði fyrir rétt áðan, að við þurfum að stofna fyrirtæki sem síðan fái svo og svo mikið fé. (Forseti hringir.) Við þurfum að horfa til þess að bæta búsetuskilyrðin, m.a. með breytingum í skattkerfi.

[13:59]

Karl V. Matthíasson (Sf):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að óska forseta velfarnaðar í störfum sem forseta þings og einnig vil ég þakka hv. þm. Ingibjörgu Ingu Guðmundsdóttur fyrir að vekja þessa utandagskrárumræðu og óska ég henni til hamingju með jómfrúrræðu sína og alls hins besta í þingstörfum.

Mig langar til að geta þess að þann 14. júní árið 1999, fyrir átta árum næstum því upp á dag, sté ég í þennan stól í fyrsta sinn og vakti þá utandagskrárumræðu um þann vanda sem fiskverkafólk víða um land stæði frammi fyrir. Og hér erum við stödd að gera það sama. Byggðavandinn hefur ekki farið minnkandi og það er alveg ljóst að kvótakerfið og það kerfi sem við höfum búið við í sjávarútvegi hefur átt sinn stóra þátt í því. Ég verð að segja það, herra forseti, að áður en tillögur Hafró komu átti ég von á því að við fengjum að heyra að fiskveiðiheimildir yrðu auknar og maður sá fyrir sér að það yrði hægt að auka byggðakvóta til mikils muna í anda þess ríkisstjórnarsáttmála sem hefur verið gerður. Svo fáum við þetta í höfuðið og þá verður vandinn náttúrlega enn þá meiri.

Það er talað um fjölbreytni í atvinnulífinu sem nauðsynleg er og fagna ég því sem hæstv. iðnaðarráðherra lagði hér fram um fjölgun opinberra starfa. Auðvitað getum við ekki bara sagt fisk, fisk, fisk, auðvitað verður að vera fjölbreytni. Grundvöllurinn er samt fiskur eins og hæstv. sjávarútvegsráðherra sagði. Þrátt fyrir þetta ástand sem nú er vona ég að það verði hægt að auka byggðakvótann til muna (Forseti hringir.) til að grunnatvinnan verði tryggari.

[14:01]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Þessi umræða er mjög þörf en við skulum ekki gleyma því að hún er búin að vera mjög þörf í 8 eða 10 ár, a.m.k. frá því að menn fóru almennt að átta sig á þeim erfiðleikum sem fylgdu framseljanlegu kvótakerfi. Það kveiktu ekki allir á því árið 1990 hvaða afleiðingar það mundi hafa en ég vænti þess að í dag sjái hv. þingmenn hvaða afleiðingar það hefur og séu þar af leiðandi tilbúnir til að takast á við það sem við stöndum frammi fyrir, þ.e. þann innbyggða vanda að byggðirnar hafa ekkert öryggi í núverandi fiskveiðikerfi. Það er búið að liggja fyrir lengi.

Þegar hæstv. sjávarútvegsráðherra valdi þá leið að styðja m.a. að ýsa, ufsi og steinbítur yrðu kvótasett í smábátakerfinu, sem var svona frelsisvottur og gerði það að verkum að menn gátu komist inn í það kerfi, var alveg vitað hvað hæfist. Það mundi hefjast verslun í þessu kerfi. Það gekk eftir. Þegar verslunin fer niður í allar veiðigreinarnar og engin veiðigrein er eftir til þess að verja byggðina og byggðaréttinn er byggðunum enn hættara en áður var.

Þess vegna voru það mikil mistök, hæstv. forseti, að fara þá leið á sínum tíma. Þar áttu dugandi menn innkomu sem þeir eiga ekki í dag undir því sölu- og okurkerfi kvótans sem er við lýði, hvort sem er í varanlegri sölu eða ekki.

Menn eru á vaktinni í ríkisstjórnarflokkunum varðandi byggðirnar. Ég vænti þess að sú vakt verði staðin af sömu árvekni (Forseti hringir.) og togarasjómenn stóðu sína vakt þegar vökulögin voru sett á sínum tíma.

[14:04]

Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir (Vg):

Herra forseti. Ég þakka fyrir góða umræðu og svör sem gefin hafa verið hér við þær umræður sem hafa átt sér stað. Það er von mín að hugur fylgi máli og að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. sjávarútvegsráðherra, Einar Kristinn Guðfinnsson, beiti öllum sínum kröftum til að koma til móts við þann vanda sem hér er um að ræða. Fyrir alla muni, þetta mál þolir ekki bið.

Ég er mjög ánægð með að heyra að verið sé að færa störf til Vestfjarða. Það er vel og ánægjulegt að uppi séu hugmyndir um að bæta kjör og aðstæður þessa fólks. Ég vona að það gangi eftir.

Ég vil þó árétta hér áhyggjur mínar af stöðu íbúanna sem í einu vetfangi missa atvinnu sína og standa frammi fyrir því að eignir þeirra eru jafnvel verðlausar. Íbúar flytja burtu, jafnvel á móti sínum eigin vilja. Hugsum okkar öll að við stöndum í þeirra sporum.

Nýja ríkisstjórnin sem ég býð velkomna til starfa og óska velfarnaðar í starfi leggur áherslu á að hafa raunverulegt jafnrétti að leiðarljósi í allri stefnumótun sem skapi öllum landsmönnum jöfn tækifæri, eins og hæstv. forsætisráðherra sagði í ræðu sinni á fimmtudaginn. Vonandi verða verkin látin tala þar. Raunverulegt jafnrétti fyrir fólkið í landinu, takk.

[14:06]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu sem mestan part hefur verið málefnaleg og fjallar hér um mjög brýnt úrlausnarefni. Það var sagt að svör okkar ráðherranna við því sem vakið var máls á í umræðunni hefðu verið fátækleg og við hefðum sýnt tómlæti. Hvorugt er rétt. Ég vakti einmitt máls á því í ræðu minni áðan hvernig við höfum byggt inn í fiskveiðistjórnarkerfið ýmis byggðaleg tæki til að bregðast við aðstæðum eins og þeim sem hafa komið hér upp og við höfum séð.

Ég vakti máls á því og athygli að við höfum fært til aflaheimildir í þessu skyni. Það hefur auðvitað skilað sér. Ég vakti enn fremur athygli á því að við værum nú að skoða ýmsar leiðir, hugmyndir og tillögur sem lúta að því að reyna að gera þetta kerfi enn þá virkara og skilvirkara en það hefur verið. Er það ekki til marks um að við tökum þessi mál alvarlega? Er það ekki til marks um að við reynum að horfa á þessi mál með hinum byggðalegum augum til að tryggja það að minni sjávarbyggðirnar eigi sér von í því að skapa sér ný tækifæri í sjávarútvegi? Svo gerum við okkur öll grein fyrir því að við þurfum að setja fleiri stoðir undir atvinnulífið á landsbyggðinni.

Þess vegna er skrýtið að hlusta á að menn tali hér um fátækleg svör þegar hæstv. iðnaðarráðherra kemur síðan með fréttir af því að búið sé að auglýsa nú þegar 10 ný opinber störf og von á öðrum 10 á næstunni.

Ég vek athygli á því, virðulegi forseti, að sú krafa var hæst uppi af hálfu Vestfirðinga fyrr í vetur að auka hlut opinberra starfa og opinberrar starfsemi á Vestfjörðum, einmitt vegna þess að menn gerðu sér grein fyrir því að það þyrfti að setja fleiri stoðir undir atvinnulífið, einmitt vegna þess að menn gerðu sér grein fyrir því að störfum í sjávar-

útvegi hefði fækkað og þess vegna væri mikilvægt að gera þetta.

Ég vek svo líka athygli á því að það eru ýmsar aðrar ástæður fyrir vanda sjávarútvegsins. Sá vandi sem er t.d. uppi í rækjunni á ekkert skylt við fiskveiðistjórnarkerfið eins og allir vita. Þar eru allt aðrar ástæður uppi. Hæstv. ríkisstjórn ákvað jafnframt að gripið yrði til aðgerða gagnvart rækjuiðnaðinum. Þær aðgerðir eru núna í undirbúningi af hálfu (Forseti hringir.) Byggðastofnunar og það mun skipta mjög miklu máli fyrir landsvæði eins og Vestfirði þar sem rækjuiðnaðurinn er svo stór sem raun ber vitni.

Um fundarstjórn.

Afgreiðsla mála í allsherjarnefnd.

[14:08]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs í framhaldi af því sem gerðist hér í gærkvöldi þegar þingmál um þingsköp Alþingis var tekið út úr allsherjarnefnd eftir klukkutímaumræðu í nefndinni.

Hæstv. forseti. Þessi meiri hluti fer ekki vel af stað. Strax á þingsetningardeginum keyrði hann málin af stað með þeim hætti að það var farið á svig við þingskapalögin þegar hér var sleppt að kjósa í þrjár þingnefndir.

Hæstv. forseti þarf að svara okkur því hvort þetta séu ásættanleg vinnubrögð að hans mati, hvort þetta sé sá svipur og það yfirbragð sem hann vill hafa á löggjafarsamkomu þjóðarinnar undir sinni stjórn. Ef marka má orð hæstv. forseta á þingsetningardegi dreg ég þá ályktun að svo sé ekki. Hæstv. forseti er forseti þingsins alls, allra þingflokka sem eiga hér kjörna fulltrúa.

Ég skora á hæstv. forseta að fresta umræðum um þetta fyrsta mál á dagskrá, um þingsköp Alþingis, þannig að allsherjarnefnd gefist ráðrúm til að fjalla um það, ásamt með breytingunum á Stjórnarráðinu, vegna þess að eins og leitt var í ljós í umræðum í gær tengjast þessi mál afar þétt saman og þurfa að haldast í hendur í nefndinni.

Mér finnst það fullkominn flumbrugangur og offors að leyfa sér það eftir einn fund í allsherjarnefnd, sem stóð í klukkutíma, að taka út hið umdeilda þingskapamál þegar okkur er í lófa lagið að kjósa í þær þingnefndir sem um ræðir og hefur verið frá þingsetningardegi.

Ég skora á hæstv. forseta að skoða þessi mál, hvort ekki megi sleppa hér fyrsta dagskrármálinu, fresta því þangað til stjórnarráðsmálið er komið út úr nefndinni, einhvern tímann síðar í þessari viku eða þegar líður á þá næstu. Stjórnarandstaðan bauð fram samvinnu og krafta sína í þeim málum sem rætt var um áðan varðandi vanda sjávarbyggðanna. Stjórnarandstaðan er og hefur verið fús til samvinnu við þennan stóra meiri hluta um afgreiðslu þessara mála hér. Hún er það enn. Það er mjög miður ef hæstv. forseti ætlar að láta þennan sterka meiri hluta fara sínu fram á þessum nótum sem hann hefur gert þá fáu daga sem liðnir eru af sumarþinginu.

[14:10]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Vegna orða hv. þingmanns vill forseti geta þess að hann hefur tekið ákvörðun um það, svo framarlega sem nokkur tök eru á hér í dag, að ljúka afgreiðslu á frumvarpinu um þingsköp Alþingis. Hvers vegna er það? Við erum að koma hér út úr utandagskrárumræðu, umræðu um sjávarútvegsmál, þar sem eru mjög strangar og stífar kröfur um að allt sé gert sem hægt er til að tryggja hagsmuni sjávarbyggða. Með sama hætti var mjög skýr krafa um að forseti tryggði að kosið yrði í nefndir þingsins. Þær nefndir þingsins sem gert er ráð fyrir að kjósa með samþykkt þessa frumvarps eiga m.a. að fjalla um alvarleg mál eins og þessi sjávarútvegsmál. Þess vegna tel ég engin efni og engar ástæður til að draga þessa umræðu. Það liggja fyrir nefndarálit frá allsherjarnefnd og í því ljósi liggur málið algjörlega ljóst fyrir af hálfu forseta og engin ástæða til að fresta afgreiðslu þessa máls.

[14:12]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegi forseti. Þetta er hálfbroslegt. Við sem berum hag sjávarbyggða fyrir brjósti vildum að hér yrði kosið í sjávarútvegsnefnd strax í upphafi þings. Það var ekki gert. Það var ekki farið að þingsköpum, heldur notaði ofurmeirihlutinn vald sitt til að koma í veg fyrir að farið yrði að þingsköpum og kosið í hefðbundnar nefndir þingsins eins og þingsköp gera ráð fyrir. Það er nú öll umhyggjan sem meiri hlutinn ber fyrir hinum dreifðu byggðum landsins.

Við erum búin að upplifa frá upphafi þings að nokkrar nefndir eru ekki að störfum af því að ekki er búið að skipa í þær. Hér er nefndalaust að þessu leyti. Það er nú öll umhyggjan sem stjórnarflokkarnir bera fyrir málaflokkunum.

Í staðinn er því núna flýtt að breyta þingsköpum án þess að búið sé að breyta Stjórnarráðinu. Það kemur skýrt fram í greinargerð með málinu með ríkisstjórnarfrumvarpinu að þingnefndirnar endurspegli Stjórnarráðið og málaflokkana innan þess. En hér er byrjað á öfugum enda. Við eigum sem sagt að klára fyrst hvernig fastanefndirnar líta út og síðar á að ganga frá skipan Stjórnarráðsins. Þessi vinnubrögð eru afar óeðlileg.

Ég minni líka ofurmeirihlutann á að í stefnuyfirlýsingu hans segir að ríkisstjórnin muni leitast við að eiga gott samstarf við alla flokka á Alþingi og standa vörð um sjálfstæði Alþingis og eftirlitshlutverk þess. Þetta er nú öll virðingin sem borin er fyrir sjálfstæði þingsins og þetta er hið svokallaða góða samstarf við alla flokka á Alþingi, þ.e. að skipa hér ekki í nefndir eins og eðlilegt er, tefja það með þessum hætti og byrja á öfugum enda, klára þingsköpin áður en við breytum Stjórnarráðinu.

Þetta er þvert á það sem segir í greinargerðinni frá sjálfum meiri hlutanum. Það er eins og meiri hlutinn hafi ekki farið yfir sitt eigið mál með því að sundurskilja vinnslu þessara tveggja mála. Að sjálfsögðu á að vinna þau saman. Allt annað er óeðlilegt. Við höfum heldur ekki fengið upplýsingar í allsherjarnefndinni um hvaða málaflokkar eigi að falla undir ráðuneytin. Það er einhver leynilisti sem við höfum ekki fengið að sjá þrátt fyrir að fjármálaráðuneytið gefi umsögn um að 41 starfsmaður verði fyrir áhrifum af breytingunum sem verða síðar. 41 starfsmaður er mjög nákvæm tala. Hér er eitthvað að baki sem við höfum ekki fengið að sjá.

Virðulegi forseti. Ég tel að hér sé um mjög óeðlileg vinnubrögð að ræða.

[14:15]

Birgir Ármannsson (S):

Herra forseti. Vegna ummæla sem hér hafa fallið um meint ofbeldi meiri hluta allsherjarnefndar í þessu máli vildi ég að fram kæmi að málið var tekið fyrir eins og gerð hefur verið grein fyrir á fundi nefndarinnar í gærkvöldi. Frumvarpið sjálft er afar einfalt í sniðum og felur ekki í sér flóknar breytingar. Það lá því mjög ljóst fyrir hvaða áhrif það hefði og um það þurfti ekki að hafa langt mál. Það var mat meiri hlutans að ástæðulaust væri að eyða löngum tíma í það.

Nú liggur hins vegar fyrir að þær athugasemdir sem komu fram, bæði við umræður í gær og eins innan allsherjarnefndar, við fyrirhugaðar breytingar á stjórnarráðslögunum voru ekki til umfjöllunar þegar þetta mál, þingskapalögin, var til umræðu þannig að það var okkar mat að það væri eðlilegra að sú umræða sem menn vildu taka um breytingu á fyrirkomulagi Stjórnarráðsins ætti sér stað undir þeim dagskrárlið en ekki þessum.

Spurt er: Af hverju eru þessi tvö mál ekki látin hanga saman? Það liggur ljóst fyrir að bæði byggja á stefnumörkun ríkisstjórnarflokkanna í þessum efnum. Fyrir því hafa verið færð þau rök og það eru sjónarmið sem meiri hluti allsherjarnefndar studdi að mikilvægt væri að klára þingskapahlutann eins fljótt og auðið yrði til þess að unnt yrði að kjósa til fastanefnda samkvæmt nýju fyrirkomulagi. Vissulega er rétt sem fram hefur komið að það hefði verið hægt að kjósa samkvæmt gamla fyrirkomulaginu og kjósa síðan upp á nýtt í nýjar nefndir samkvæmt nýju fyrirkomulagi þegar sú breyting hefði átt sér stað. Í því hefði hins vegar verið fólginn tvíverknaður og hefði að mínu mati verið fullkomlega ástæðulaust í ljósi þess að fyrir liggur að ríkisstjórnarflokkarnir hyggjast ná fram þessum meginbreytingum og til þess að stuðla að því að fastanefndir geti tekið til starfa samkvæmt því fyrirkomulagi sem ætlað er að standa til frambúðar þá var að sjálfsögðu eðlilegra að bíða í örfáa daga með kjörið og klára þingskapahlutann áður en lengra væri haldið. Það var því mat meiri hluta allsherjarnefndar í þessu máli að ástæðulaust væri að bíða með þetta. Athugasemdir sem varða stjórnarráðslögin eiga frekar heima undir þeim lið í umræðunni og það mál er nú til meðferðar í allsherjarnefnd og verður rætt frekar á morgun. Það væri í sjálfu sér fullkominn óþarfi að bíða með þetta og tefja þar með að kjósa til nefndanna samkvæmt nýju fyrirkomulagi (Forseti hringir.) og bíða eftir hinu málinu þannig að meiri hluti allsherjarnefndar er fullkomlega sáttur við þessi vinnubrögð og telur að málflutningur stjórnarandstöðunnar í þessu sé ys og þys út af engu.

[14:18]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Ys og þys út af engu er það auðvitað þegar þingsköpin, lög, hefðir, vinnubrögð, þingleg umfjöllun þingmála á í hlut, þ.e. þegar það stangast eitthvað á við vilja ríkisstjórnarinnar til að mál séu afgreidd að hennar geðþótta á þingi. Það er það sem í raun og veru felst í hugsun þessarar ræðu. Dapurlegast er þó auðvitað að forseti Alþingis skuli bara ætla að láta þetta yfir sig ganga mótmælalaust, ætli bara láta það athugasemdalaust yfir sig ganga að frumvarp um breytingar á þingsköpum Alþingis fái enga rannsókn í þingnefnd, sé tekið inn í nefnd á kvöldmatarfundi og afgreitt út úr henni aftur á sama fundinum. Venjan er sú að afgreiðsla mála er boðuð eða tilkynnt á fundi og síðan tekin fyrir og afgreidd á hinum næsta. Hér er því auðvitað um þvílíka færibandaafgreiðslu að ræða á einu máli að það hálfa er nóg og þess fá dæmi í þingsögunni að mál, sem ekki er þá hreint smámál og alger samstaða um, sé tekið inn og afgreitt út á einum og sama fundinum. Það vita allir sem eitthvað hafa unnið að afgreiðslu þingmála.

Hæstv. forseta hefði verið nær að standa í lappirnar fyrir hönd gildandi laga, þingskapa, og láta kjósa í nefndirnar síðastliðinn fimmtudag en að fara nú með þá ræðu sem hann gerði hér áðan um nauðsyn þess að hraða afgreiðslu þessara mála til þess að hægt væri að kjósa þingnefndir. Það var nefnilega hægt að gera það síðastliðinn föstudag og það átti að gera það. Sá er andi þingskapalaganna og orkar mjög tvímælis að víkja honum til hliðar með afbrigðum þegar svona grundvallaratriði eiga í hlut eins og það sem stendur í viðkomandi grein þingskapalaga, að kjósa skuli í fastanefndir þingsins á fyrsta fundi. Við buðum upp á það að fresta þeim fundi og fresta þar með kosningunni fram yfir helgina þannig að menn gætu talað saman. Á það var ekki hlustað. Forseti sá ekki einu sinni ástæðu til að taka fundarhlé og ræða við formenn þingflokka og forustumenn ríkisstjórnarinnar sáu þegjandi, þrumdu þegjandi undir því að í vændum var sem og gerðist að afbrigðum var beitt með þeim hætti eða þau knúin fram með þeim hætti sem raun ber vitni, að hinn sterki meiri hluti ríkisstjórnarinnar birtist umhugsunarlaust í fyrsta sinn þannig að það var valtað yfir minni hlutann. Varnarákvæði sem sett var inn í þingsköpin til þess að einhver lágmarkssómi sé að umfjöllun mála var þarna settur til hliðar. Og stendur kannski til að nota hann aftur, virðulegur forseti, eða hvernig á að skilja orð forseta að hann hafi ákveðið að reyna að klára afgreiðslu þessa máls hér í dag? Það verður ekki tekið milli 2. og 3. umr. nema með afbrigðum. Er þetta það sem í vændum er, að það verði valtað svona algerlega yfir Alþingi aftur og aftur þegar ríkisstjórninni hentar það? Er það lýðræðis- og þingræðisást þessara flokka? Eru það samræðustjórnmálin, hæstv. iðnaðarráðherra?

[14:21]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Ég lýsi yfir miklum vonbrigðum með svör hæstv. forseta við þeirri málaleitan sem ég færði fram. *Ég ítreka og endurtek þau orð mín* að hæstv. forseti, sem hlaut mjög góða kosningu hér á fimmtudaginn var á þingsetningarfundi og miklar vonir eru bundnar við, veldur miklum vonbrigðum við afgreiðslu þessa máls. Hæstv. forseta er í lófa lagið að jafna þessi mál á sérfundi með stjórnum þingflokkanna og tryggja það að þessi svipur sé ekki á störfum löggjafarsamkomunnar og hæstv. forseti verður að átta sig á því að hann er jafnmikill forseti okkar í stjórnarandstöðunni og þeirra sem stýra þessum sterka meiri hluta. Það er ljóst að meiri hlutinn er mjög sterkur, það veit alþjóð

og það er í sjálfu sér ekki slæmt mál heldur gott og hæstv. ríkisstjórn á auðvitað að kunna að notfæra sér styrkleika sína, ekki með ofbeldi og óbilgirni heldur með skynsemi og stjórnvisku. Hún er ekki að fara fram með þeim hætti sem eðlilegt getur talist í ljósi stærðar sinnar og styrkleika og hæstv. forseti á ekki að styrkja þessa ríkisstjórn í því að fara fram með þeim hætti sem ríkisstjórnin er að gera. Hann á að standa upp og verja lýðræðisleg vinnubrögð á Alþingi Íslendinga og tryggja það að hér sé samráð um hvernig mál eru afgreidd á löggjafarsamkundunni. Enn er okkur í lófa lagið að kjósa þær þingnefndir sem 13. gr. þingskapa gerir ráð fyrir að gert sé á fyrsta fundi Alþingis. Enn getur forseti tekið ákvörðun um að það verði gert og málin tvö verði síðan látin fylgjast að í umræðum á þinginu. Ég lýsi því yfir, hæstv. forseti, að það eru mér mikil vonbrigði hver viðbrögð hæstv. forseta hafa verið við þeirri málaleitan minni sem hér var borin fram.

[14:23]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Ég geri athugasemd við það sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir nefndi hér að ríkisstjórnin og þingmeirihlutinn hafi farið á svig við þingsköpin. Í 79. gr. þingskapa stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftir uppástungu forseta eða formanns þingflokks má bregða út af þingsköpum þessum ef tveir þriðju hlutar þeirra þingmanna, er um það greiða atkvæði, samþykkja."

Þetta stendur í þingsköpum þannig að það er ekkert farið á svig við þau. Ef menn eru virkilega að gefa það í skyn að stjórnarþingmenn séu strengjabrúður og taki ekki ákvarðanir sjálfstætt þá þykir mér mjög farið að harðna á dalnum. Og þegar hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon segir að stjórnarþingmenn hafi samþykkt það umhugsunarlaust þá er það ekki rétt. Það gildir a.m.k. ekki um mig. Ég tók ákvörðun mjög meðvitað um þetta. Ég taldi nefnilega að það liti mjög illa út og væri fáránlegt ef menn ætluðu að fara að kjósa í nefndir, kosningu sem ætti að gilda bara í eina viku eða tvær. Það er hlægilegt. Ég hugsa að ef það hefði verið gert hefði stjórnarandstaðan gagnrýnt það alveg eins: Hvað eru menn að kjósa í nefndir sem eiga bara að starfa í eina viku eða tvær og fá ekki einu sinni eitt einasta mál, og kjósa formenn í nefndirnar? (Gripið fram í.) Ég held að þetta hafi verið ágæt lausn. Ég tók ákvörðun á sínum tíma um að greiða atkvæði með þessum afbrigðum 79. gr. og ég geri ráð fyrir að aðrir stjórnarþingmenn sem greiddu þessu atkvæði, jafnt nýkomnir á þing og aðrir, hafi virkilega tekið ákvörðun um það sjálfir en ekki verið fjarstýrt.

[14:25]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Stjórnarandstöðunni er að sjálfsögðu í sjálfsvald sett hvaða mál hún tekur og ræðir til þrautar á hinu háa Alþingi og hún velur það en mér hefur þótt mjög athyglisvert í umræðu um þetta tiltekna mál að stjórnarandstaðan hefur gert mjög ríka kröfu til þess að annað mál verði afgreitt samhliða. Hér er um að ræða lög er lúta að skipulagi löggjafarvaldsins og lagt er til að ljúka því máli sérstaklega, þ.e. að löggjafarvaldið ákveði hvert skuli vera skipulagið á þinginu. Hvers vegna er sett fram krafa um að það verði gert samhliða og skipulag framkvæmdarvaldsins er afgreitt um leið og því er haldið fram að þingið sé afgreiðslustofnun fyrir framkvæmdarvaldið? Hér er einfaldlega um það að ræða að löggjafarvaldið ákveði sjálft sitt skipulag. Síðan ákveðum við síðar hvernig skipulagið kann að vera hjá framkvæmdarvaldinu. Hér er um það að ræða að Alþingi ákveði sitt skipulag sjálft. Þess vegna furða ég mig mjög á því hvernig þetta mál er sett fram.

Ég hef ákveðna samúð með sjónarmiðum sem hv. þm. Jón Magnússon setur fram í nefndaráliti sínu. Þar segir hann einfaldlega að það sé mikilvægt að það verði kosið í þessar nefndir og það gert strax. Um það snýst þetta mál núna. Enda hefur forseti sagt að um leið og þessu máli verði lokið, þ.e. þessari umræðu, þá verði kosið í nefndir. Hvort það gerist í dag eða morgun hefur stjórnarandstaðan án efa mikið um að segja. Kjarni málsins er náttúrlega sá að það er eðlilegt að löggjafinn ákveði sitt skipulag sjálfstætt og án tengsla við framkvæmdarvaldið, þrátt fyrir að venjan sé sú að nefndaskipan á þinginu hafi tekið mið og hliðsjón af ráðuneytaskipan. Það hefur alltaf verið, það er ekkert nýtt í þeim efnum. En það er sjálfsagt og eðlilegt að þingið afgreiði sitt mál sjálfstætt og síðan verði afgreitt hvernig skipulagið verði hjá framkvæmdarvaldinu. Það er eðlilegt að greina þarna á milli og óeðlilegt að gera þá skýlausu kröfu að þetta sé afgreitt saman því að þarna er um sitt hvort valdsviðið að ræða, þ.e. framkvæmdarvaldið annars vegar og löggjafarvaldið hins vegar.

[14:28]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Herra forseti. Að mínu viti er nákvæmlega ekkert athugavert við það að afgreiða þessi tvö frumvörp með þeim hætti sem meiri hluti allsherjarnefndar og stjórnarmeirihlutinn hefur mælt fyrir, þ.e. að afgreiða þingskapalagafrumvarpið sérstaklega og stjórnarráðsfrumvarpið sérstaklega.

Eins og hv. þm. Pétur Blöndal benti á hefði það verið ákaflega ankannalegt fyrir þingið að kjósa til sjávarútvegsnefndar og landbúnaðarnefndar og nokkrum dögum síðar hefðu þeir þingmenn sem kosnir voru í þær nefndir verið slegnir af, vegna þess að þingsköpin kveða á um að þingmenn skuli kosnir til fastanefndanna fyrir allt kjörtímabilið. Og það hefði verið fullkomið klúður og þinginu til vansa ef farið hefði verið að tillögum stjórnarandstöðunnar.

Þessi umræða um þingskapalagafrumvarpið er náttúrlega mjög furðuleg. Stjórnarandstaðan hefur ekki séð ástæðu til að gera neinar efnislegar athugasemdir við það frumvarp. Allar þær efnislegu athugasemdir sem fram koma varða stjórnarráðsfrumvarpið og slíkar athugasemdir eiga að koma fram í umræðum um það frumvarp, þ.e. um stjórnarráðsfrumvarpið en ekki um frumvarp til laga um þingsköp. Það hefur verið gert í umræðunni og það hefur verið gert í hv. allsherjarnefnd og það mun verða gert þegar allir þeir gestir sem stjórnarandstaðan hefur óskað eftir að verði kallaðir fyrir nefndina koma á okkar fund.

Ég vil síðan nefna að í umræðu um það ágæta frumvarp í gær, herra forseti, lýsti formaður Framsóknarflokksins því yfir við lok umræðunnar í andsvari við mig að þessi mál væru auðvitað ekkert svo stór mál. Þess vegna finnst mér framganga þingflokksformanns Framsóknarflokksins í

þessu máli og í þessum ræðustóli í umræðu í dag ansi furðuleg í ljósi þeirrar afstöðu sem fram kom í máli formanns Framsóknarflokksins við lok umræðunnar í gær. Ég held að það væri heillavænlegra fyrir þingmenn Vinstri grænna og Framsóknarflokksins að taka málflutning fulltrúa Frjálslynda flokksins í þessu máli sér til fyrirmyndar. Hv. þm. Jón Magnússon hefur lýst því yfir að Frjálslyndi flokkurinn muni greiða fyrir afgreiðslu þessa máls og það er skynsamleg afstaða sem framsóknarmenn og vinstri grænir ættu að taka sér til fyrirmyndar þannig að við getum greitt fyrir þingstörfum og kosið í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd svo að þær nefndir fari að vinna. Það er ekki vanþörf á og allar tafir á kosningu þeirra nefnda verða að skrifast á reikning stjórnarandstöðunnar.

[14:31]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Nú er þetta sem sagt allt orðið okkur að kenna. Það erum við sem erum sökudólgarnir. Það erum við sem komum í veg fyrir að hér sé kosið í þingnefndir, segir hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson. Hann segir að þessi vinnubrögð séu fullkomlega eðlileg, ekkert við þau að athuga. Með öðrum orðum, hið afbrigðilega er orðið eðlilegt. Það að beita afbrigðum er orðinn hinn eðlilegi framgangsmáti hér á þingi að mati hv. þingmanns. Það er eðlilegt að taka mál inn í nefnd og rífa þau út aftur á einum og sama fundinum. Það er eðlilegt að meiri hlutinn hunsi þau mörk sem eiga að vera á milli umræðna, sem eiga að tryggja vandaða málsmeðferð og tryggja að mál rúlli ekki í gegn á færibandi nema gott samkomulag sé um annað. Til þess eru varnaglarnir sem slegnir eru í þingsköpunum hugsaðir. Þetta vita allir.

Sú var tíðin að hér störfuðu tvær þingdeildir og frumvarp af þessu tagi hefði þurft að fara í gegnum sex umræður og ganga aftur til fyrri deildar ef því hefði verið breytt í hinni síðari. Þegar Alþingi var sameinað í eina málstofu sóru menn og sárt við lögðu að menn mundu fara sérstaklega varlega í að stytta leiðirnar fyrir frumvörp og þingmál í gegn eftir að þingið væri komið í eina málstofu. Ég er hræddur um að menn hefðu eitthvað sagt á þeim dögum ef þeir hefðu séð fyrir sér að það kæmi einhvern tíma svo gæfulaus meiri hluti að hann færi með vald sitt eins og sá sem hér ræður nú ríkjum.

Hv. þm. Lúðvík Bergvinsson reynir núna að snúa þessu þannig að þetta sé að frumkvæði Alþingis. Að Alþingi sé hér sjálft á undan með breytingar á þingskapalögunum og svo komi spurningin um hitt. Er þetta nú ekki að snúa hlutunum svolítið á haus? Lá frumkvæðisskyldan í þessu máli einhvern tímann hjá Alþingi? Hverjir flytja frumvarpið? Eru það formenn allra þingflokka eins og hefðin er? Nei, það eru verkamenn ríkisstjórnarinnar sem hafa sett sig á það, formenn þingflokka stjórnarliðsins.

Þetta dæmir sig sjálft, virðulegi forseti. Það að til vansa hefði verið að kjósa hér í þingnefndir samkvæmt gildandi lögum fæ ég ekki séð að geti staðist. Er einhvern tímann eitthvað að því að Alþingi fari að lögum, ég tala nú ekki um þeim lögum sem um það sjálft gilda? Það held ég varla. Í okkar hugum var að þá mundu þær nefndir starfa fram að næstu áramótum, enda liggur fyrir að ekkert af þessu á að taka gildi fyrr en um áramót, nema sýndarmennskan, nema nafngiftirnar. Það er hið táknræna sem ríkisstjórnin þarf, sjálfrar sín vegna, á að halda núna. Að öðru leyti eiga lögin ekki að taka gildi fyrr en um áramót, að öðru leyti á ný reglugerð um Stjórnarráðið ekki að taka gildi fyrr en um áramót. Enda á ríkisstjórnin, að því er best virðist, að verulegu leyti eftir að koma sér saman um innihald pakkans og allt á huldu um það hvað raunverulega kemur út úr þessu að lokum.

Þess vegna var það ósk okkar og krafa að um þessi mál yrði fjallað saman og í heild sinni í von um að niðurstaðan yrði sú að þetta mundi allt saman bíða haustsins og færi þá (Forseti hringir.) með eðlilegum hætti í gegnum þingið.

[14:35]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Það er alveg ljóst að allur minni hlutinn í þinginu er mjög ósáttur við þessi vinnubrögð. Það kemur skýrt fram, virðulegi forseti, í nefndarálitunum, þ.e. í þeim báðum, frá 1. og 2. minni hluta. Frjálslyndir eru mjög ósáttir við þessi vinnubrögð og þeir draga það fram, virðulegi forseti, að það átti að fara eftir gildandi lögum um þingsköp, það átti að kjósa í nefndirnar strax en það var ekki gert. Þetta var óeðlilegt, segja Frjálslyndir, eins og við hin segjum líka. (**Gripið fram í:** Eftir nefndarálitið?) Og menn neyttu aflsmunar.

Þeir segja hins vegar að þetta sé staðreynd, að staðan sem nú ríki sé staðreynd. Það er alveg rétt hjá þeim en við látum þetta ekki yfir okkur ganga þegjandi og hljóðalaust, þau vinnubrögð sem hér eru viðhöfð, virðulegi forseti. Það hefði verið hægt að kjósa strax í hefðbundnar nefndir. Það hefði alls ekki verið til vansa, það hefði verið eins og þingsköpin kváðu á um en það var ekki gert.

Það er rétt að þetta er ekki stærsta málið sem mun reka á fjörur þessa þings en það er mjög stórt mál hvernig vinnubrögðin eru á hinu háa Alþingi. Það er mjög stórt mál, það er jafnvel enn þá stærra núna þegar meiri hlutinn er svona sterkur og getur farið fram með hvað sem hann vill með afbrigðum, þá verður svona mál að mjög stóru máli. Við viljum ekki sjá þessi vinnubrögð í framtíðinni.

Vinnubrögðin hafa verið þannig gagnvart þingsköpum að menn hafa leitað eftir samstöðu allra þingflokka. Það hefur verið hefðin. Sú hefð er brotin núna. Þetta er ekki unnið í neinu samstarfi og þessi vinnubrögð eru algerlega ný. Þess vegna viljum við koma því hér skýrt á framfæri að við sættum okkur ekki við þetta. Þetta er ekki til eftirbreytni. Meiri hlutinn hefði betur farið fram með allt öðrum hætti hvað þetta varðar. Við teljum þetta mjög óeðlilegt og að ekki sé hægt að skapa frið um störf í þinginu, virðulegi forseti, ef þetta eiga að vera vinnubrögðin sem meiri hlutinn ætlar að viðhafa.

[14:37]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Vert er að geta þess að það var haldinn einn fundur með formönnum flokkanna þar sem leitað var eftir samstöðu um málið. Sú samstaða náðist hins vegar ekki. En vegna orða hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar áðan þá er einfaldlega heimild í þingsköpum til að beita afbrigð-

um. Það kann að koma upp sú staða að eðlilegt sé að beita afbrigðum. Í tilvikum eins og þessu hljóta menn að velta því fyrir sér hvort það hefði verið eðlilegt að kjósa á fimmtudegi í nefnd til fjögurra ára og kjósa svo aftur á þriðjudegi. Um það snýst þetta mál í raun og veru. Að kjósa aftur á þriðjudegi eða miðvikudegi til að leggja nefndirnar niður.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon segir einnig: Hvað liggur okkur á þegar þetta tekur ekki gildi fyrr en um áramót? Í 3. gr. laga um þingsköpin segir: „Lög þessi öðlast þegar gildi", þ.e. nefndirnar fara að vinna eftir þessum lögum um leið og þetta frumvarp hefur verið samþykkt. Þannig að frumvörp sem hér verða lögð fram fara inn í þessar nefndir, lögin öðlast þegar gildi. (Gripið fram í.) Um það snýst þetta mál, ekki um áramót. Þingið hefur strax störf á grunni þeirra hugmynda sem í þessu frumvarpi eru, (Gripið fram í.) á grunni þess frumvarps sem hér er til umræðu. Menn eru að ræða hér frumvarp til laga um breytingu á þingsköpum. Síðan munu menn ræða frumvarp til laga um breytingu á Stjórnarráðinu eða reglugerð Stjórnarráðsins. Það kemur fyrir síðar og þá gefst einmitt færi á að endurtaka öll þau sjónarmið sem hér hafa komið fram og gefst örugglega gott tóm og færi til þess.

Það er mikilvægt að við ræðum um málið eins og það er. Það er grundvallaratriði. Hér er verið að ræða um að breyta nefndaskipan þingsins að mörgu leyti í takt við þær breytingar sem átt hafa sér stað í samfélaginu undanfarna áratugi. Auðvitað getur vel verið að einhverjir séu andvígir þeim breytingum sem átt hafa sér stað og það að þingið skuli reyna að aðlagast þeim breytingum. Það þarf kannski ekki að koma á óvart þó að einhverjir kunni að vera andvígir. En ég held að í ljósi þess sem hér er áformað, virðulegi forseti, sé sjálfsagt og eðlilegt að ljúka þessu máli og þingið breyti skipulagi sínu í samræmi við þær hugmyndir sem liggja fyrir í þessu frumvarpi. (Gripið fram í.)

Virðulegi forseti. Ég hef nú dálítið (Forseti hringir.) gaman af því að hv. þingmaður, sem hefur nú þegar talað tvisvar, þurfi einnig að tjá sig úr sæti sínu, en það er ágætt. Það liggur fyrir að það er afar skynsamlegt, (**SJS:** Skynsamlegt er orðið.) afar skynsamlegt, já, að þingið taki ákvörðun um það hvernig það ætlar að haga sínu skipulagi, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon.

Þingsköp Alþingis, 2. umr.

Frv. ArnbS og LB, 10. mál (skipan fastanefnda). — Þskj. 10, nál. 13, 14 og 15, brtt. 12.

[14:40]

Frsm. meiri hluta allshn. (Birgir Ármannsson) (S):

Herra forseti. Allsherjarnefnd hefur fjallað nokkuð um þetta mál eins og fram hefur komið í umræðum. Í nefndaráliti meiri hluta kemur fram að meiri hluti nefndarinnar styðji frumvarpið á þeim forsendum sem koma fram í greinargerð með því og telur að hægt sé að afgreiða frumvarpið óháð öðrum málum sem lögð hafa verið fram. Meiri hlutinn leggur áherslu á að afgreiðslu frumvarpsins verði hraðað svo að unnt verði að kjósa fastanefndir í samræmi við efni þess svo fljótt sem auðið er.

Meiri hluti nefndarinnar gerir ekki breytingartillögu við ákvæði frumvarpsins og styður þau óbreytt en leggur jafnframt stuðning við breytingartillögu hv. þm. Sturlu Böðvarssonar, forseta Alþingis, sem lögð var fram á sérstöku þingskjali (þskj. 12).

Undir nefndarálitið rita sá er hér stendur, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ellert B. Schram, Karl V. Matthíasson, Arnbjörg Sveinsdóttir og Sigurður Kári Kristjánsson.

[14:42]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Atli Gíslason) (Vg):

Herra forseti. Frumvarpið felur í sér breytingu á lögum um þingsköp Alþingis og eru flutningsmenn þess eingöngu þingflokksformenn stjórnarmeirihluta. Það er einsdæmi. Það er áratugahefð fyrir því á Alþingi að leitað sé eftir samkomulagi allra þingflokka og mynduð þverpólitísk samstaða um breytingar á lögum um þingsköp. Sú hefð hefur nú verið brotin í fyrsta skipti, í það minnsta frá seinni heimsstyrjöld.

Maður spyr sig: Er erindið svo brýnt? Af hverju? Af hverju þurfti að brjóta þessa áratuga þinghefð á svo litlum grundvelli? Þeirri spurningu hefur alls ekki verið svarað. Spurningin verður enn þá ásæknari og áleitnari vegna stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og ummæla sem hér hafa verið viðhöfð í ræðustóli.

Fyrsti minni hluti allsherjarnefndar gagnrýnir meiri hluta nefndarinnar harðlega og bendir á að þau séu í hróplegu ósamræmi við yfirlýsingar formanna stjórnarflokkanna og stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar en í henni segir m.a., með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin mun leitast við að eiga gott samstarf við alla flokka á Alþingi og standa vörð um sjálfstæði Alþingis og eftirlitshlutverk þess."

Það hefur ekkert samstarf verið í gangi frá byrjun þessa sumarþings, ekkert. Ef þetta á að heita gott samstarf samkvæmt stefnuyfirlýsingunni, hvers á þá að vænta ef það hleypur snurða á þráðinn í samstarfinu? Hvers er þá að vænta miðað við þær aðferðir sem beitt hefur verið hér, þegar til voru aðrar leiðir, sátta og samlyndis sem hefðu, herra forseti, flýtt þessu þinghaldi verulega og gert það skilvirkara?

Þetta er sérkennilegt í ljósi ummæla hæstv. utanríkisráðherra í eldhúsdagsumræðu hér í liðinni viku. Þar sagði hún orðrétt, með leyfi herra forseta:

„Ný ríkisstjórn er byrjuð á því verki að stokka upp verkaskiptingu ráðuneyta og innleiða ný vinnubrögð hjá framkvæmdarvaldinu. Ég vil leyfa mér að færa fram þá ósk að við sameinumst um að bæta vinnubrögð einnig hér á Alþingi Íslendinga. Okkur ber að vera öllu lýðræðislegu félagsstarfi í landinu góð fyrirmynd. Við eigum að leita sáttaleiða þegar þær eru færar en virða grundvallarmun á afstöðu án svikabrigsla eða stóryrða."

Hæstv. utanríkisráðherra kolfellur á fyrsta prófi sínu, og ríkisstjórnin, hinu lýðræðislega prófi. Það er viðurkennt af hv. formanni allsherjarnefndar að til voru sáttaleiðir í málinu. Ein leið var afar fær. Hún var sú að kjósa allar nefndir strax. Ég veit ekki betur en það hafi verið fullt samkomulag um nefndaskipan og enginn ágreiningur komið upp varðandi skipan í þær nefndir sem í var kosið í síðustu viku.

Þingsköp gera ráð fyrir því að kjósa skuli. Ég leyfi mér að efast um að afbrigðaheimildin heimili þessi frávik, ég hef efasemdir um það. Það stendur: „Það skal kjósa.“

Hvert var svo vandamálið, virðulegi forseti, á því að kjósa upp á nýtt þegar kosningin í nefndirnar sem voru kosnar í síðustu viku tóku tíu mínútur? Það hefði þá tekið fimm mínútur í viðbót að kjósa nýjar nefndir, að samþykktu frumvarpi um breytingar á þingsköpum. Það var nú allur vandinn. Þar lá sáttaleiðin. Um þetta gátum við komið okkur saman, um vinnulag. Í stað þess hefur trekk í trekk verið rætt um fundarstjórn herra forseta sem hefði verið óþarft ef sáttaleið, samkvæmt stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, og ég tala nú ekki um ummælum hæstv. utanríkisráðherra, hefði verið fylgt. Svo einfalt var það, þ.e. að byrja samráð með því að tala saman. En það hefur ekkert verið talað saman, menn eiga ekki í samræðu og það er ekki hægt að komast að sátt nema með samræðum. Í slíka samræðu, herra forseti, er ég fús hvenær sem er og hvar sem er til að flýta fyrir þingstörfum og gera þau skilvirkari.

Fyrsti minni hluti telur í fyrsta lagi að vinna eigi að málinu og skoða frumvarpið samhliða frumvarpi um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands eða afgreiða það frumvarp á undan því frumvarpi sem hér um ræðir. Það gefur augaleið vegna þess að stjórnarráðsfrumvarpið veitir þessu frumvarpi efnisinntak sem hér er til umræðu. Þau eru nátengd eins og síamstvíburar.

Í öðru lagi telur 1. minni hluti óforsvaranlegt annað en fjallað verði sameiginlega um frumvörpin með venjubundnum hætti, þau send til umsagnar fagaðila og hagsmunasamtaka, þar á meðal stéttarfélaga starfsmanna. 1. minni hluti mótmælir sérstaklega þeim ámælisverðu vinnubrögðum meiri hlutans að ljúka umfjöllun um málið á einum stuttum nefndarfundi í kvöldmatarhléi, hafna öllum óskum um eðlilega þinglega meðferð og taka málið órannsakað úr nefnd með afli atkvæða meiri hlutans.

Í hvaða stöðu var minni hlutinn síðan settur í allsherjarnefnd þegar skotið var á kvöldverðarfundi í allsherjarnefnd og þingstörf héldu áfram klukkan átta og lauk á ellefta tímanum í gærkvöldi? Háttvirt allsherjarnefnd boðaði til nýs fundar klukkan níu í morgun sem stóð fram á ellefta tímann líka. Hvaða ráðrúm átti stjórnarandstaðan að hafa til að skila frambærilegu áliti minni hlutans, leita upplýsinga og gegna eftirlitshlutverki sínu og þeirri ríku lagaskyldu sem er lögð á minni hlutann? Hún verður enn þá ríkari fyrir það hvað meiri hlutinn er stór, þessi ofurmeirihluti. Þess frekar er ástæða til að leggja rækt við minni hlutann á þingi, stjórnarandstöðuna. Það verður ábyggilega kallað sérstaklega eftir því að minni hlutinn fái sérstaka aðstoð í nefndastarfi og annars staðar til að geta mætt vinnubrögðum sem þessum.

Í þriðja lagi vill 1. minni hluti árétta að endanleg verkefnaskipting á milli ráðuneyta er enn óljós með öllu og forsendur málsins allar í þoku eins og það ber að Alþingi. Framkvæmdarvaldið er hér að leggja til að Alþingi breyti starfsskipulagi sínu fyrir fram á grundvelli áforma ríkisstjórnar um breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins. Litlar sem engar upplýsingar fást um hvað felst í samkomulagi stjórnarflokkanna eða hvað á eftir að semja um og því óeðlilegt að Alþingi breyti skipulagi sínu án þess að efnisleg niðurstaða um færslu á viðfangsefnum milli ráðuneyta hafi verið útkljáð. Hið eina rétta er því að kjósa á sumarþingi í fastanefndir Alþingis samkvæmt gildandi þingskapalögum, eins og stjórnarandstaðan lagði til að gert yrði á þingsetningardegi, en taka svo til skoðunar breytingar á þingskapalögum og nefndatilhögun á Alþingi þegar endanleg niðurstaða liggur fyrir um breytta verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins.

Reyndar er það svo að í greinargerð með frumvarpi ríkisstjórnarinnar er afstaða minni hlutans rökstudd svo varla verður betur gert, en þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Skipan og heiti fastanefnda Alþingis hafa tekið mið af heitum ráðuneyta og skiptingu málaflokka milli þeirra og er í 1. mgr. 23. gr. þingskapa kveðið á um að vísa skuli frumvörpum, þingsályktunartillögum og skýrslum til nefnda eftir efni þeirra og hafa um það hliðsjón af skiptingu málefna í Stjórnarráðinu.“

Síðar segir:

„Með þessu frumvarpi verður því samræmi milli heita ráðuneyta og fastanefnda þingsins og málaflokka.“

Með vinnubrögðum meiri hlutans er verið að breyta skipan fastanefnda Alþingis áður en ljóst er hver heiti ráðuneyta verða og skipting málaflokka milli þeirra og þannig farið þvert gegn greinargerð frumvarpsins og eðlilegum vinnubrögðum.

Ég vek líka athygli á því að minni hlutinn skipuleggur sig í nefndir eftir verksviðum nefnda, hvaða hv. þingmaður fer í hverja nefnd eftir því hvar sérfræðiþekking hans eða önnur þekking hans á sviði mannlífsins nýtist best. Slík skipulögð vinnubrögð eru auðvitað útilokuð með þessum hringlandahætti.

Í ljósi þess sem ég hef að framan sagt gerir 1. minni hluti eftirfarandi tillögu að rökstuddri dagskrá, hún er svohljóðandi:

„Í ljósi þess að frumvarpið er vanreifað og fékk enga skoðun í þingnefnd, ekki hefur verið leitað samstöðu um efni þess með hefðbundnum hætti þó þingskapalög eigi í hlut og áform ríkisstjórnarinnar um breytingar á verkaskiptingu innan stjórnarráðsins eru enn mjög óljós samþykkir Alþingi að vísa málinu frá og taka fyrir næsta mál á dagskrá.“

Undir álitið ritar sá sem hér stendur og hv. þm. Siv Friðleifsdóttir.

Ég vil að endingu taka það fram, herra forseti, að nái þessi dagskrártillaga okkar ekki fram að ganga styðjum við breytingartillögu hæstv. forseta um að þingmönnum sé heimilt að gera grein fyrir atkvæði sínu.

[14:53]

Frsm. 2. minni hluta allshn. (Jón Magnússon) (Fl):

Virðulegi forseti. Við frjálslyndir tökum undir með 1. minni hluta varðandi þær formlegu athugasemdir sem gerðar eru, eins og kemur reyndar fram í áliti 2. minni hluta, þ.e. að það hefði verið eðlilegt að kjósa í starfsnefndir eins og þingsköp mæla fyrir um og fram kom í máli mínu í umræðum um þetta efni í gær.

Það liggur hins vegar fyrir að á þingsetningardegi var farið í gegnum þá umræðu og niðurstaðan varð ljós, þ.e. hver vilji meiri hlutans var í því efni. Í gær fórum við í

gegnum umræðu af sama toga. Niðurstaðan var ljós í því efni þá og enn í dag hefur slík umræða verið sett á.

Að okkar mati var fullreynt, eftir þær umræður sem áttu sér stað á þingsetningarfundi og í gær. Við gætum ekki komið því til leiðar, ekki komið því viti fyrir meiri hlutann, að þingnefndir yrðu kjörnar samkvæmt þingsköpum. Þá vaknar spurningin um hvernig skuli fara að. Það er alltaf erfitt og hefur jafnan verið ómögulegt fyrir fólk að reyna að berjast í föllnum vígjum. Það sýnist mér 1. minni hluti vera að reyna að gera. Það er hins vegar skoðun mín og okkar frjálslyndra að það sé mikilvægt og skipti miklu máli að þingnefndir verði kjörnar sem fyrst. Það er ljóst að þær verða ekki kjörnar samkvæmt núgildandi þingskapalögum og þá er spurningin um hvaða leið á að fara. Þær verða ekki kjörnar, það nær ekki fram að ganga nema því frumvarpi sem hér liggur fyrir til breytinga á þingsköpum Alþingis verði veitt brautargengi. Af þeim ástæðum teljum við nauðsynlegt að flýta fyrir og hraða því að þetta frumvarp verði að lögum og kosið verði í þingnefndir. Það skiptir máli vegna þess, eins og fram kom m.a. í utandagskrárumræðum áðan, að vandi sjávarbyggða og reyndar fleiri byggða er gríðarlegur. Það er ekki vansalaust fyrir Alþingi, hverjum svo sem það er að kenna. Að sjálfsögðu tek ég undir það að þar er um að kenna þeim meiri hluta sem hér hefur staðið að, að það hefur ekki verið kosið í þær starfsnefndir, þær atvinnumálanefndir sem miklu máli skiptir að í verði kosið.

Við viljum hins vegar greiða fyrir því, þar sem enginn annar möguleiki er fyrir hendi, að það verði með þeim hætti sem meiri hlutinn hefur einsett sér. Þó að við séum ekki tilbúnir til að samþykkja afbrigði þá mælum við með því að frumvarpið verði samþykkt.

Það er vandi fyrir höndum. Það er mikilvægt að Alþingi hafi allar sínar starfsnefndir fullmannaðar og að störfum. Það skiptir máli og ræður niðurstöðunni eins og ég hef hér kynnt. Ég hvet til þess að afgreiðslu frumvarpsins verði hraðað með eðlilegum hætti.

[14:56]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Hér var gerð grein fyrir áliti 1. minni hluta allsherjarnefndar, sem ég er hluti af. Ég vil draga það fram, af því að þetta er eitt af fáum tækifærum sem maður hefur til þess að ræða málið, að þótt það sé ekki mjög stórt, pólitískt séð, þá eiga eftir að koma stærri mál fyrir þingið sem menn munu takast á um mun harðar. En vinnubrögðin hafa farið mjög fyrir brjóstið á okkur í Framsóknarflokknum varðandi þetta mál.

Það hefur verið leitað eftir þverpólitískri samstöðu um breytingar á þingsköpum hingað til. Það er auðvelt að rifja upp að Halldór Ásgrímsson, þáverandi forsætisráðherra, setti af stað nefndarstarf til þess að skoða breytingar á þingsköpum, breytingar á Stjórnarráði og því sem hér er til umræðu. Þeirri vinnu vatt ágætlega fram og núverandi hæstv. forsætisráðherra ræddi við forustu stjórnmálaflokka í lok síðasta kjörtímabils til þess að athuga hvort það væri hægt að ná þverpólitískri samstöðu um breytingar af þessum toga. En það var ekki svo og þá var hætt við að hreyfa því máli. Það er hægt að rekja fleiri svona dæmi langt aftur í tímann þar sem alltaf hefur verið mynduð þverpólitísk samstaða. Núna er það ekki gert. Hér er farið fram án þess að reyna að mynda þverpólitíska samstöðu og afbrigðum beitt til að koma málum eins hratt í gegn og hægt er. Við gerum verulegar athugasemdir við þessi vinnubrögð, virðulegur forseti.

Vinnubrögðin eru einnig í ósamræmi við það sem ríkisstjórnarflokkarnir sjálfir hafa boðað. Það kemur skýrt fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að hún vilji eiga gott samstarf við alla flokka á Alþingi. En ég tel að þetta fyrsta dæmi sýni að það er ekki mikil innistæða fyrir þessum orðum þeirra. Einnig segir að ríkisstjórnin vilji standa vörð um sjálfstæði Alþingis. Það er alls ekki hægt að líta svo á að það sé farið eftir þeim anda þegar ekki er einu sinni reynt að ná samstöðu um þingsköpin.

Við höfum talið eðlilegt, eins og komið hefur fram, að vinna málin saman. Það blasir við þegar greinargerðin með frumvarpinu um þingsköpin er lesin. Þar segir að nefndir þingsins endurspegli Stjórnarráðið. Það er sem sagt verið að reyna að endurspegla málaflokka ráðuneytanna í nefndarskipaninni. Þess vegna er ekkert annað eðlilegt en að klára fyrst breytingar á Stjórnarráðinu eins og hefur verið boðað af ríkisstjórnarflokkunum. Síðan hefur þingið getað brugðist við því með því að skipa nefndum í þeim anda, ef menn hefðu viljað fara eftir því sem hingað til hefur tíðkast. Það er ekki gert. Þess vegna höfum við kallað eftir því að fá betri skýringar á því hvað eigi að felast í breytingum á Stjórnarráðinu. Við teljum að þingnefndirnar eigi að endurspegla nokkurn veginn það sem fellur undir ráðuneytin almennt. Við því hafa menn ekki orðið.

Við höfum líka kallað eftir skýringum og ekki fengið í allsherjarnefnd, skýringum á því að í frumvarpi um breytingar á Stjórnarráðinu er fjallað um að 41 starfsmaður verði fyrir áhrifum af þeim breytingum sem þar eru boðaðar. Þar er skýrt tiltekin tala þannig að maður skynjar að til sé listi yfir málaflokka sem eigi að færast á milli ráðuneyta. Sumt höfum við heyrt í tali ráðherra og þingmanna, annað ekki væntanlega og annað er óljóst skilst mér. En maður spyr sig: Af hverju fáum við ekki meiri upplýsingar en við höfum fengið? Ég tel að það hefði verið betra að klára að skipa í nefndirnar eins og þingsköp gera ráð fyrir. Það hefði verið sómi að því fyrir þingið, miklu eðlilegra að gera það þannig, og síðan hefðum við skipað í nýju nefndirnar eftir því sem þessu máli vatt fram, hvort sem það hefði verið í lok þessa þings eða á haustþingi. Líklega hefði verið langeðlilegast að gera það á haustþinginu. Þá hefði verið hægt að breyta Stjórnarráðinu í samræmi við þá málaflokka sem menn ætla að hafa undir ráðuneytum.

Við gerum verulegar athugasemdir við þessi vinnubrögð, virðulegur forseti. Við teljum að það eigi ekki að standa svona að málum og viljum vara við því að þessi vinnubrögð verði viðhöfð í framhaldinu þar sem meiri hlutinn getur beitt afbrigðum við öll mál. Ég tel að það sé ekki í anda þess sem ríkisstjórnin sjálf hefur gefið út, að hún vilji gott samstarf við alla flokka á Alþingi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:05]

Till. til rökst. dagskrár í nál. 14 felld með 27:13 atkv. og sögðu

já: AtlG, ÁI, BjH, GLG, GÁ, HöskÞ, IIG, KJak, KolH, SF, SJS, VS, ÞBack.
nei: ArnbS, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörkG, EOK, EMS, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GSv, IllG, ISG, JM, KVM, KÓ, LB, PHB, REÁ, RR, SKK, StB.
2 þm. (GMJ, GAK) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁÓÁ, ÁMM, ÁÞS, BJJ, BjörgvS, BBj, EKG, GÞÞ, HHj, JóhS, JónG, KaJúl, KHG, KÞJ, KLM, MS, ÓN, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, EOK, EMS, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, IllG, ISG, JM, KVM, KÓ, LB, PHB, REÁ, SKK, StB.
13 þm. (AtlG, ÁI, GLG, GÁ, HöskÞ, IIG, KJak, KolH, RR, SF, SJS, VS, ÞBack) greiddu ekki atkv.
23 þm. (ÁÓÁ, ÁMM, ÁÞS, BJJ, BjH, BjörgvS, BjörkG, BBj, EKG, GÞÞ, HHj, JóhS, JónG, KaJúl, KHG, KÞJ, KLM, MS, ÓN, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörkG, EOK, EMS, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, IllG, ISG, JM, KVM, KÓ, LB, PHB, REÁ, RR, SKK, StB.
13 þm. (AtlG, ÁI, BjH, GLG, GÁ, HöskÞ, IIG, KJak, KolH, SF, SJS, VS, ÞBack) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁÓÁ, ÁMM, ÁÞS, BJJ, BjörgvS, BBj, EKG, GÞÞ, HHj, JóhS, JónG, KaJúl, KHG, KÞJ, KLM, MS, ÓN, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. 12 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 30:3 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjH, BjörkG, EOK, EMS, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, IllG, ISG, JM, KVM, KÓ, LB, PHB, REÁ, RR, SKK, StB.
nei: AtlG, IIG, KolH.
9 þm. (ÁI, GLG, GÁ, HöskÞ, KJak, SF, SJS, VS, ÞBack) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁÓÁ, ÁMM, ÁÞS, BJJ, BjörgvS, BBj, EKG, GÞÞ, HHj, JóhS, JónG, KaJúl, KHG, KÞJ, KLM, MS, ÓN, SVÓ, ÞKG, ÞSveinb, ÖS) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv.

Þátttaka Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu, 1. umr.

Stjfrv., 2. mál (stækkun Evrópusambandsins og EES). — Þskj. 2.

[15:08]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna samnings um þátttöku Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu. Frumvarpið mælir fyrir um heimild til að fullgilda samning um þátttöku Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu og kveður á um lögfestingu breytingar á meginmáli EES-samningsins vegna þessa.

Jafnframt mælir það fyrir um breytingu á lögum um útlendinga, lögum um atvinnuréttindi útlendinga og lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Samkvæmt EES-samningnum er ríkjum sem ganga í Evrópusambandið enn fremur skylt að gerast aðilar að EES-samningnum. Þegar samkomulag náðist um inngöngu þessara tveggja nýju ríkja í Evrópusambandið var því nauðsynlegt að hefja viðræður um stækkun Evrópska efnahagssvæðisins. Stefnt var að því að stækkun EES ætti sér stað samhliða stækkun Evrópusambandsins þann 1. janúar 2007 líkt og við síðustu stækkun EES árið 2004. Vegna erfiðra samningaviðræðna tókst ekki að ná samkomulagi innan þess tíma en það hafði þó óveruleg áhrif á daglega framkvæmd EES-samningsins.

Í viðræðunum gerði framkvæmdastjórn ESB verulegar kröfur til EFTA-ríkjanna um fjárframlög í þróunarsjóð EFTA. Þetta reyndist erfiðasta samningsatriðið, ekki síst vegna þess að Noregur sótti fast að ekki yrði um að ræða sérstakt tvíhliða framlag Noregs til viðbótar við framlög EFTA-ríkjanna eins og raunin varð við stækkunina 2004.

Einnig var sem fyrr tekist á um kröfur um greiðari aðgang að mörkuðum ESB fyrir sjávarafurðir, en Ísland lagði mikla áherslu á að stækkunin leiddi ekki til lakari viðskiptakjara en fríverslunarsamningar EFTA við hin nýju aðildarríki ESB tryggðu þá þegar.

Aðildarsamningur Búlgaríu og Rúmeníu var áritaður í Brussel þann 14. maí sl. Samningaviðræðum vegna aðildarinnar lauk í lok mars með undirritun bráðabirgðasamkomulags en aðildarsamningurinn sjálfur var hins vegar ekki tilbúinn til áritunar fyrr en um miðjan maí. Gert er ráð fyrir því að samningurinn verði undirritaður af öllum aðilum í júlí og verði beitt til bráðabirgða frá þeim tíma þar til öll aðildarríkin 30 hafa fullgilt hann fyrir sitt leyti.

Vegna stjórnskipulegra krafna geta íslensk stjórnvöld ekki framkvæmt alþjóðasamning til bráðabirgða án þess að hann hafi verið fullgiltur, eftir atvikum með samþykkt Alþingis. Vegna þessa er frumvarp þetta flutt nú á sumarþingi.

Niðurstaða samninga felur í sér að EFTA-ríkin munu fram til loka apríl 2009 auka framlög sín til Þróunarsjóðs EFTA um alls 72 millj. evra. Hlutdeild Íslands í þessum framlögum nemur á ársgrundvelli ríflega 130 millj. kr. samkvæmt núverandi gengi. Samningurinn felur einnig í sér

aukinn tollfrjálsan markaðsaðgang fyrir frystan humar og fersk karfaflök inn á markað Evrópusambandsins.

Miðað við útflutning frá Íslandi til Evrópusambandsins á þessum tegundum er um nokkra hagsmuni að ræða fyrir íslenska framleiðendur og má áætla að lækkun tolla nemi á ársgrundvelli allt að 70 millj. kr. Ég legg áherslu á mikilvægi þess fyrir viðskiptalífið að samningurinn verði fullgiltur af Íslands hálfu sem allra fyrst og gangi þannig í gildi til bráðabirgða um leið og hann hefur verið undirritaður í sumar. Þetta er m.a. grundvöllur þess að tollkvótarnir sem Ísland samdi um komi til framkvæmda og ekki komi til röskunar á daglegri framkvæmd EES-samningsins.

Utanríkisþjónustan mun í framhaldinu fylgjast vel með framvindu fullgildingar samningsins. Ég tel mikilvægt að við Íslendingar göngum fram með góðu fordæmi og ég legg því áherslu á að þetta frumvarp fái skjóta meðferð.

Íslensk stjórnvöld hafa ákveðið að nýta undanþágu í aðildarsamningnum sem frestar gildistöku ákvæða um frjálsa för ríkisborgara frá Búlgaríu og Rúmeníu tímabundið. Þetta er gert að vel yfirlögðu ráði og er í samræmi við það sem gert var við stækkun EES árið 2004. Nokkur þensla hefur ríkt á íslenskum vinnumarkaði á síðustu missirum og hefur mælst tiltölulega lítið atvinnuleysi. Í kjölfarið hefur erlendum ríkisborgurum fjölgað mikið á innlendum vinnumarkaði.

Þrátt fyrir umframeftirspurn eftir starfsfólki á síðustu missirum þarf jafnframt að líta til þess að íslenskur vinnumarkaður er smár í sniðum í samanburði við vinnumarkaði nágrannaríkja okkar. Þegar litið er til reynslunnar geta aðstæður á vinnumarkaði breyst hratt. Af þessum sökum er lagt til í frumvarpi þessu að gildistöku ákvæða 1.–6. gr. reglugerðar ráðsins nr. 1612/68, um frelsi launþega til flutninga innan bandalagsins, verði frestað tímabundið að því er varðar aðgengi ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu að íslenskum vinnumarkaði. Gert er ráð fyrir því að undanþágan gildi til 1. janúar 2009 en þá verða liðin tvö ár frá því að ríkin tvö urðu aðilar að Evrópusambandinu en í rauninni einungis eitt og hálft ár frá því að við afgreiðum hann þá hér ef svo verkast vill.

Heimilt er að framlengja undanþáguna um þrjú ár ef fýsilegt telst og svo aftur um tvö ár ef slíkt reynist nauðsynlegt. Því er í sjálfu sér hægt að fresta gildistöku ákvæða um frjálsa för allt til 1. janúar 2014 ef það er talið nauðsynlegt.

Eins og fyrr sagði er lagt til að undanþágan gildi til 1. janúar 2009 en að sjálfsögðu munu íslensk stjórnvöld endurmeta stöðuna fyrir þann tíma og leggja mat á það hvort ástæða sé til að framlengja frestun ákvæðanna.

Það leiðir af frestun gildistöku ákvæða reglugerðarinnar að ákvæði a-liðar 1. mgr. 14. gr. laga um atvinnuréttindi útlendinga tekur ekki gildi að því er varðar ríkisborgara þessara ríkja fyrr en á sama tíma og ákvæði reglugerðarinnar. Er því mælt með að ákvæði laga um atvinnuréttindi útlendinga um veitingu atvinnuleyfa gildi áfram, eins og verið hefur um atvinnuréttindi ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu.

Þessi tilhögun kallar á lagabreytingar á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga. Jafnframt kallar frestun gildistöku ákvæða um frjálsa för á breytingu á útlendingalögum nr. 96/2002. Í frumvarpinu er lagt til að þau ákvæði útlendingalaga þar sem kveðið er á um að EES- og EFTA-útlendingur eigi rétt á dvalarleyfi hér á landi framvísi hann gögnum sem sýni að hann sé launþegi sem fellur undir lög um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan EES-svæðisins taki ekki til þeirra sem eru ríkisborgarar í Búlgaríu og Rúmeníu.

Jafnframt er lagt til að sömu takmarkanir eigi við um þau ákvæði laganna sem heimila EES- og EFTA-útlendingi að dvelja hér á landi án sérstaks leyfis í sex mánuði ef hann er hér í atvinnuleit eða til að sækja um dvalarleyfi eftir komu til landsins.

Herra forseti. Stækkun Evrópska efnahagssvæðisins mun þýða afnám hindrana í vegi viðskipta með vörur, þjónustu og fjármagn milli Íslands og nýju EES-ríkjanna tveggja. Jafnframt munu fyrirtæki á stækkuðu efnahagssvæði búa við sama lagaumhverfi og sömu samkeppnisskilyrði. Stækkunin mun því tvímælalaust greiða götu íslenskra fyrirtækja inn á markaði í nýju aðildarríkjunum. Að sjálfsögðu munum við einnig opna okkar markaði gagnvart nýju EES-ríkjunum en við höfum haft góða reynslu af því frjálsræði í viðskiptum sem fylgir þátttöku okkar á Evrópska efnahagssvæðinu.

Hinn 2. maí sl. voru liðin 15 ár frá því að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði var undirritaður í Óportó. Samningurinn er tvímælalaust einn mikilvægasti milliríkjasamningur sem íslensk stjórnvöld hafa gert og hefur hann lagt sitt af mörkum í því að auka samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja og í raun samfélagsins alls.

Eftir þessa stækkun verður Evrópska efnahagssvæðið sameiginlegt markaðssvæði 30 Evrópuríkja með um 495 millj. íbúa. Sá hagstæði samningur sem við náðum vegna stækkunarinnar mun tvímælalaust auðvelda okkur að nýta þau nýju sóknarfæri sem nú bjóðast innan EES.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. utanríkismálanefndar.

[15:16]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég spyr utanríkisráðherra hvernig á því standi að nú er talið mikilvægt að takmarka frjálsa för vinnuafls frá Búlgaríu og Rúmeníu, sérstaklega með tilliti til þeirra sjónarmiða sem hæstv. utanríkisráðherra hefur áður sett fram í máli sínu, m.a. um að engar þær aðstæður væru uppi í íslensku þjóðfélagi sem réttlættu nokkrar takmarkanir frá löndum Evrópusambandsins.

Í öðru lagi vegna þess að þegar málin voru til umræðu í síðustu kosningabaráttu var vikið að því af hæstv. utanríkisráðherra að málflutningur okkar frjálslyndra í þessu efni væri ógeðfelldur og gerði það að verkum að við værum ekki stjórnarhæf, það væri ekki möguleiki að hafa samstarf við flokk sem teldi ástæðu til að bregðast við þeim félagslegu undirboðum sem stöfuðu af þeim mikla fjölda útlendinga sem hingað hafði komið til að leita sér atvinnu.

Hvað veldur, og hvaða munur er á að takmarka hér frjálsa för launþega frá þessum tveimur ríkjum á sama tíma og það er talið með öllu eðlilegt og allt í lagi að heimila

innflutning frá öðrum nýjum löndum Evrópusambandsins? Hver er eðlismunurinn? Er einhver munur á þeim mönnum sem koma frá Rúmeníu og Búlgaríu og hinum frá Póllandi, Litháen, Eistlandi, Lettlandi og fleirum? Hver er munurinn?

[15:18]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil í þessu sambandi minna á að þegar 10 ný ríki gerðust aðilar að Evrópusambandinu og Evrópska efnahagssvæðinu árið 2004 var jafnframt ákveðið að nýta þann aðlögunartíma sem þá var hægt að nýta, þ.e. tveggja ára aðlögunartíma til að byrja með og síðan með möguleika á framlengingu, þegar samningurinn var gerður um stækkunina árið 2004.

Þegar hins vegar kom til umræðu á þinginu hvort framlengja ætti þá aðlögun varð niðurstaða meiri hluta Alþingis að ekki væri ástæða til að nýta framlenginguna. Það má segja að núna förum við að með alveg sama hætti, þ.e. þegar þessi tvö nýju ríki gerast aðilar að Evrópusambandinu, Evrópska efnahagssvæðinu, nýtum við þann aðlögunartíma sem er, eins og ég sagði, eitt og hálft ár sem er ekki langur tími. Síðan verður að takast til sérstakrar skoðunar hér á þingi þegar þar að kemur hvort við teljum ástæðu til að framlengja það eða ekki. Það er sjálfstæð ákvörðun.

Mér finnst fullkomlega eðlilegt þegar um er að ræða ný ríki sem gerast aðilar að þessum samningi að nýttur sé aðlögunartíminn, sem er mjög skammur, til þess að átta sig á því hvaða áhrif það hefur og hvort það hefur í för með sér einhverjar breytingar á tilflutningi fólks til landsins að af þessari stækkun verður.

Hér er nú um að ræða eitt og hálft ár til aðlögunar vegna þessara breytinga, rétt eins og gert var 2004 og var ekki ágreiningur um þá. Hins vegar var um það ágreiningur við Frjálslynda flokkinn hér á þingi hvort nýta bæri framlenginguna þegar hún kom til framkvæmda.

[15:20]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanríkisráðherra: Ég geri mér fyllilega ljóst að spurningin snýst um afmarkaðan tíma. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. utanríkisráðherra hvort hún telji, miðað við sem segir í greinargerð frumvarpsins, að það sé enn nokkur þensla á vinnumarkaðnum og hvað réttlæti þá að beita þessum takmörkunum. Eru einhverjar ástæður eða aðstæður í þessum tveimur löndum, Rúmeníu og Búlgaríu, sem gera eðlilegt að beita þessum sérstöku ráðstöfunum frá einu af fjórfrelsinu í Evrópusambandinu?

Spurningin er líka þessi: Miðað við það sem kemur fram í frumvarpinu um að búast megi við því að það dragi úr vinnuframboði, er ástæða til þess að takmarka að einhverju leyti flæði erlends verkafólks til landsins? Ég vil benda á að við frjálslynd héldum því fram í kosningabaráttunni að flæðið væri það mikið að íslensk stjórnvöld hefðu engin tök á að fylgjast með því hvað um væri að ræða.

Í einu dagblaðanna í dag er vikið að því að formaður Verkalýðsfélags Akraness hefur ákveðið að kæra fyrirtæki sem hefur fjölda starfsmanna í vinnu sem eru hvergi skráðir og hafa engar kennitölur. Þetta er vafalaust ekki eina fyrirtækið sem þannig er komið fyrir.

Það sem við bentum á er einfaldlega að það var of mikill fjöldi á of skömmum tíma sem kom til landsins og þess vegna verðum við sem 300 þús. manna þjóð að bregðast við því. Ég lít á frumvarp utanríkisráðherra hér, og félagsmálaráðherra, sem viðbrögð við þeim vanda sem þegar er kominn og þegar er fyrir hendi. Og ég vil fá skýr svör hvort um það er að ræða eða ekki.

[15:22]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér var spurt hvort það væru einhverjar aðstæður í þessum tveimur löndum sem gerðu það sérstaklega að verkum að þessi aðlögunartími væri notaður, þetta eina og hálfa ár. Í sjálfu sér er ekki um það að ræða í þessu tilviki. Hins vegar er hér um að ræða tvær nýjar þjóðir sem gerast aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu, Búlgaríu og Rúmeníu. Hér er um að ræða nýja málahópa, ef svo má segja, fólk með tungumál sem við höfum kannski ekki búið okkur nægilega vel undir hér á landi að taka við. Það er auðvitað líka mikil ábyrgð sem í því felst að taka við nýjum þjóðahópum. Við þurfum að búa okkur undir það og reyna að átta okkur á því í hversu miklum mæli fólk frá þessum löndum muni sækja inn á hinn þanda íslenska vinnumarkað.

Það er fyrst og fremst spurningin um það hvernig við erum í stakk búin til þess að taka á móti þessu fólki og reyna að nýta þennan aðlögunartíma til að átta okkur á því í hversu miklum mæli það muni sækja hingað til lands.

Það er rétt að taka það fram að ef aðildarríki kjósa að nýta ekki aðlögunartímann og hrinda strax í framkvæmd reglum ESB um frjálsa för er ekki hægt að snúa aftur til fyrra horfs. Þess vegna er mikilvægt fyrir okkur að átta okkur á því með þennan nýja ríkjahóp, þessi tvö nýju ríki, í hversu miklum mæli þau sæki hingað. Ef við nýtum ekki aðlögunartímann verður í sjálfu sér ekki aftur snúið þannig að hér er bara um ákveðna varúðarráðstöfun að ræða vegna þessarar stækkunar.

Það var spurt hvort takmarka ætti flæði verkafólks til landsins. Það hefur komið fram að það eru í rauninni mjög miklar takmarkanir á flæði fólks utan Evrópska efnahagssvæðisins til Íslands, og m.a. kvarta Samtök atvinnulífsins undan því núna að þau geti ekki sótt sérhæft starfslið til Asíu (Forseti hringir.) sem þau þurfi á að halda. Ég tel ekki ástæðu til þess að takmarka það neitt frekar.

[15:25]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frumvarp til laga um breytingu á lögum í framhaldi af fullgildingu samnings um aðild Rúmena og Búlgara að Evrópska efnahagssvæðinu. Ég ætla ekki að ræða aðra efnisþætti þessa frumvarps en þann sem lýtur að því að opna ekki íslenskan vinnumarkað strax fyrir íbúum þessara landa, þ.e. þann sem snýr að því að nýta aðlögunartímann og fresta því í tæp tvö ár að íbúar þessara landa njóti hér ákveða um frjálsa för til vinnu á Íslandi. Eins og komið hefur fram er hér um að ræða frestun í tæp tvö ár, til 1. janúar 2009, en þó mun heimilt ef síðar

yrði samþykkt með sérstökum rökum að framlengja það enn frekar og jafnvel til 1. janúar 2014. Maður hlýtur að spyrja sig, hæstv. forseti, hvaða rök liggi að baki þeirri ákvörðun stjórnvalda að fresta gildistöku þessa. Rökin er að finna á blaðsíðu 7 í greinargerð með frumvarpinu og hæstv. utanríkisráðherra las þau orðrétt upp hér áðan. Reyndar sagði hæstv. ráðherra að þetta væri gert að vel yfirlögðu ráði, þetta væri í rauninni bara svipað og áður, og af því að þetta hefði verið gert áður vildi hún gera þetta eins og þá, þ.e. 2004 þegar Evrópusambandið var stækkað síðast.

Í greinargerðinni kemur fram að þessu beri að fresta, m.a. vegna þeirrar þenslu sem er á íslenskum vinnumarkaði, þ.e. vegna stóriðjustefnunnar sem hér hefur verið við lýði undanfarin ár og allir eru sammála um að hafi valdið og sé kveikjan að þeirri þenslu sem er á vinnumarkaði. Það er bent á að nú séu útlendingar um 9% af íslenskum vinnumarkaði og svo segir, með leyfi forseta, „en svo virðist sem erlendir ríkisborgarar dveljist hér í lengri tíma en áður og hugi jafnvel að langtímadvöl".

Í ljósi þessa segir síðan að það sé nauðsynlegt að fylgjast með fjölda Rúmena og Búlgara sem kunni að koma hingað til lands til viðbótar því launafólki sem þegar hefur aðgengi að lausum störfum á erlendum vinnumarkaði.

Þessar breytingar þýða í raun að staða íbúa Rúmeníu og Búlgaríu verður að íslenskum lögum óbreytt frá því sem nú er þrátt fyrir aðild þeirra að Evrópusambandinu að því er varðar veitingu atvinnuleyfa og dvalarleyfa. Þeir verða sem sagt að hafa hér tímabundið atvinnuleyfi áður en þeir koma til starfa á Íslandi. Þó munu íbúar Búlgaríu og Rúmeníu fá forgang umfram íbúa sem eru utan Evrópska efnahagssvæðisins. Ég vek athygli á því, hæstv. forseti, að reiknað er með því að íbúar frá þessum löndum geti komið hingað hvort eð er ef áframhaldandi þensla verður á íslenskum vinnumarkaði og íslensk stjórnvöld halda áfram að kalla eftir vinnuafli til framkvæmda hér í stóriðjumálum.

Munurinn er bara sá á íbúum þessara nýju landa og hinna sem áður hafa fengið aðild að íslenskum vinnumarkaði að þeir geta ekki flutt sig á milli atvinnurekenda ef þeim byðist betri vinna og þeir geta heldur ekki flutt sig milli atvinnurekenda ef kjör og aðbúnaður eru óforsvaranleg. Ég minni á varnaðarorð Vinstri grænna í tengslum við stóriðjustefnuna og þau áhrif sem hún hefur haft á vinnumarkaði, þau félagslegu undirboð og þá staðreynd að íslenskur vinnumarkaður hefur ekki verið og er ekki enn tilbúinn til að taka við þeim fjölda erlendra verkamanna sem stjórnarstefnan þó kallar á. Í þessu tilliti minni ég á frumvörp hv. þm. Atla Gíslasonar og fleiri þingmanna Vinstri grænna á 130. og 131. löggjafarþingi, um atvinnuréttindi útlendinga og um starfskjör þeirra, m.a. um aðgang trúnaðarmanna að upplýsingum um launakjör útlendinga.

Maður hlýtur að velta því fyrir sér af hverju nú er nauðsynlegt að mati stjórnvalda að beita þessum ákvæðum og nýta aðlögunarfrestinn. Við stóru stækkunina, þ.e. 2004 þegar fjölgaði í Evrópusambandinu úr 15 í 25 lönd, nýttu Íslendingar sér vissulega þessa aðlögunarfresti en þegar að því kom síðasta vor að framlengja þá var, eins og hér hefur komið fram í umræðunum, ákveðið að gera það ekki. Nú njóta þess vegna tæplega 500 millj. manna í Evrópu þess réttar sem frjáls för milli landa á Evrópska efnahagssvæðinu veitir til vinnu. Ég sé ekki að það séu neinar sérstakar forsendur til þess, eða ég spyr: Hvaða rök eru gegn því að í stað tæplega 500 millj. manna sem nú njóta þessa réttar verði það mest 530 millj. manna, þ.e. 8 millj. Búlgara og 22 millj. Rúmena til viðbótar?

Hér er, hæstv. forseti, að mínu mati um að ræða bitamun en ekki fjár. Ég spyr mig: Til hvers hafa menn ákveðið að nýta sér þennan aðlögunarfrest?

Menn tóku ákvörðun um að ekki þyrfti að nýta aðlögunartímann frekar síðasta vor vegna 500 millj., þ.e. þeirra nýju 10 ríkja sem þá var um að ræða. Aðlögunartíminn ætti að vera liðinn og ef ekki var þörf á að endurnýja fresti gagnvart 10 ríkjum á síðasta ári finnst manni eiginlega að ekki ætti heldur að vera þörf á því að fresta aðildinni fyrir þau tvö ríki sem hér um ræðir.

Hins vegar verður að viðurkennast að Íslendingar hafa nýtt þennan aðlögunartíma mjög illa. Því miður hefur ekki verið mörkuð nein langtímastefna í því hvernig tekið er á móti útlendingum til vinnu, þessum 500 millj. sem þann rétt hafa, hvernig við tökum á móti þeim hópum sem íslensk stjórnvöld kalla eftir hér í vinnu, jafnvel við þrælahald eins og tíðkast hefur á Kárahnjúkum.

Það er góðra gjalda vert sem hér var gert á síðustu skrefum þingsins í vor, þ.e. að veita 100 millj. króna til íslenskukennslu, en það er langtímastefna sem gildir í þessum málum og langtímaviðbrögð, framtíðarsýn. Fyrst og fremst hlýtur þetta nefnilega að vera spurning um atvinnustefnu, um framboð atvinnu á vinnumarkaði og spurning um hvort hér eigi áfram að ríkja sú stóriðjustefna sem var við lýði á síðasta kjörtímabili og árunum þar á undan.

Maður hlýtur að spyrja hvort það sé ástæðan fyrir því að stjórnvöld nú, þessi nýja ríkisstjórn með aðild Samfylkingarinnar, taki ákvörðun um að fara fram á þessa frestun.

Því er ekki að leyna að fregnir af því að Orkuveita Reykjavíkur hafi í gær gert samninga um sölu orku til nýrra álvera í Helguvík og stækkunar í Straumsvík þar sem um sé að ræða yfir 500 megavatta sölusamninga hljóta að vekja athygli og velta upp þeirri spurningu sem ég legg hér fram til hæstv. utanríkisráðherra, hvort stóriðjustefnan sem sumir flokkar lýstu dauða á síðasta kjörtímabili hafi nú verið endurlífguð með aðkomu Samfylkingarinnar að þessari ríkisstjórn.

Ég ætla ekki að fara inn á það hvað veldur þeim gríðarlegu fólksflutningum sem nú eiga sér stað í Evrópu þar sem ungir karlmenn þeytast á milli landa í stórum hópum og láta bjóða sér jafnvel hvað sem er, eins og við þekkjum frá Kárahnjúkum, en ég hlýt að spyrja áfram um forsendur fyrir þessari frestun. Ég hlýt að spyrja hvernig t.d. Norðmenn bregðast við. Ætla þeir að nýta sér þessa fresti, hæstv. utanríkisráðherra? Og ég fer fram á frekari rökstuðning um það til hvers menn ætla að nota þennan aðlögunartíma. Aðlögunartíminn frá 2004 hefur einfaldlega ekki verið notaður nógu vel. Menn hljóta, ef það er þörf á þessum aðlögunartíma núna, að geta upplýst hvernig þeir ætli að nota hann.

Spurningin er, eins og varpað var fram í leiðara Morgunblaðsins fyrir nokkrum dögum: Hvað hefur ný ríkisstjórn lært af þrælahaldinu við Kárahnjúka, af samskiptunum við Impregilo? Hvað hafa menn lært og hvernig ætla menn að taka á móti útlendingum hér við vinnu?

Ég neita því ekki að margar spurningar leita á mann af þessum ástæðum. Ég óttast að þessi ákvörðun gæti ýtt undir fordóma gegn íbúum þessara tveggja ríkja sérstaklega, og það teldi ég mjög slæmt, en ég hvet til þess að þessi mál verði unnin mjög vel í þeim nefndum sem um þau eiga að fjalla og að þar verði svarað spurningum sem ég hef varpað hér fram um það hvernig önnur ríki ætli að bregðast við, hvaða raunverulegu ástæður liggi hér að baki og hvernig menn ætli að nota þennan aðlögunarfrest.

Enn og aftur spyr ég hæstv. ráðherra: Er nýtt stóriðjutímabil runnið upp með aðkomu Samfylkingarinnar að þessari ríkisstjórn?

[15:38]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður spyr hvernig Ísland ætli að nýta sér þennan aðlögunarfrest og því er til að svara að við höfum samþykkt ákveðna stefnumótun í málefnum innflytjenda. Við samþykktum árið 2007 löggjöf sem átti að búa okkur betur undir að taka á móti fólki sem vill setjast hér að eða vinna hér á landi og það var mjög framsækin og góð löggjöf. Hún fjallaði um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra.

Það þarf að vinna þá löggjöf áfram í stjórnsýslunni. Við erum að undirbúa stjórnsýsluna undir framkvæmd á ýmsum þeim atriðum sem fram koma í henni og við munum auðvitað nýta tímann til að hrinda löggjöfinni í framkvæmd. Það liggur fyrir nýleg skýrsla um ýmis framkvæmdaatriði sem við þurfum að fara í og að því verður að sjálfsögðu unnið.

Síðan er það stefnumótun í málefnum innflytjenda að það er verið að undirbúa framkvæmdaáætlun til þess að tryggja framkvæmd þeirrar stefnumótunar og það er auðvitað eitt af þeim atriðum sem við þurfum að nýta okkur á þessum aðlögunartíma.

Varðandi það hvaða lönd hafa nýtt sér þennan aðlögunarfrest þá eru þau fjölmörg sem munu nýta hann. Það eru Portúgal, Írland, Spánn, Frakkland, Danmörk, Belgía, Lúxemborg, Grikkland, Ítalía, Holland, Malta og Ungverjaland svo dæmi séu tekin og það er athyglisvert að Írar og Bretar sem voru mjög opnir við stækkunina nýttu sér ekki aðlögunina frá 2004 en þeir hafa nú ákveðið að nýta sér þessa frestun gagnvart Búlgaríu og Rúmeníu.

[15:40]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félagsmálaráðherra fyrir þær upplýsingar sem hér komu fram, m.a. að Danmörk hefur ákveðið að nýta sér undanþáguna sem hér er lögð til að verði tekin upp á Íslandi. Ég spurði sérstaklega um Noreg vegna Evrópska efnahagssvæðisins, EES, og kannski hæstv. ráðherra geti svarað því.

Varðandi nauðsyn þess að framlengja nú frest gagnvart 30 milljónum manna í Evrópu, þ.e. 8 milljónum Búlgara, 22 milljónum Rúmena, til að hrinda í framkvæmd og undirbúa framkvæmdir við lagasetningu sem sett var á Alþingi eftir að ákveðið hafði verið að fara ekki fram á frekari frestun þá sé ég ekki alveg samhengið. Mér finnst auðvitað eðlilegt að það verði tekinn tími til þess að hrinda í framkvæmd þeim áformum sem sú lagasetning býður upp á. En ég sé ekki að sú löggjöf sem er sett eftir að ákveðið var að fara ekki fram á frekari fresti í þessum efnum breyti neinu í þeim. Ég spurði: Hvernig ætla menn að nota þennan frest sérstaklega gagnvart íbúum þessara landa vegna þess að það er ekki um frest gagnvart íbúum annarra landa að ræða?

[15:41]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef ekki upplýsingar um Noreg og það mun auðvitað koma fram í nefndarstarfinu að því er varðar Noreg en ég veit þó að þeir sem nýta sér ekki frestinn eru Svíþjóð og Finnland ásamt Tékklandi, Eistlandi, Kýpur, Lettlandi, Litháen, Póllandi og Slóveníu svo dæmi séu tekin. En það eru miklu fleiri lönd sem hafa ákveðið að nýta sér frestinn, m.a. eins og ég sagði lönd sem við fyrri stækkun ákváðu að nýta sér þetta ekki.

En það eru margvísleg framkvæmdaatriði í stjórnsýslunni sem á eftir að útfæra til þess að búa okkur betur undir komu erlends vinnuafls hingað til landsins. Ég gæti talið það upp en hef ekki tíma til þess hér. Þetta snýr mjög að stjórnsýslunni að efla samvinnu stjórnvalda sem koma að þessum málaflokki. Við erum að tala um lögreglu, skattyfirvöld, Tryggingastofnun, útlendingaeftirlit, Vinnueftirlit, Vinnumálastofnun og þjóðskrá. Það skiptir miklu máli að þetta sé í lagi og stjórnsýslan sé reiðubúin að taka á móti því erlenda vinnuafli sem hingað kemur.

[15:43]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Enn þakka ég upplýsingar sem komu fram í máli hæstv. ráðherra og það er athyglisvert að Svíar og Finnar hafa ákveðið að nýta sér ekki þessa fresti eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra.

Ég hlýt enn að velta því fyrir mér hvort það sé ofverkið stjórnsýslunnar að hrinda í framkvæmd þeim fyrirheitum og aðgerðum sem hæstv. ráðherra nefndi vegna þeirra 30 milljóna manna sem hér um ræðir. Eins og ég sagði áðan sé ég ekki annað en þetta sé bitamunur en ekki fjár en það kann vel að vera að það séu einhverjar forsendur til þess, einhverjar sem koma þá kannski fram í umræðum á eftir og eins í nefndarstarfi.

[15:44]

Birkir J. Jónsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér erum við að ræða mjög mikilvægt mál og margt sem hv. þingmaður kom inn á í því samhengi. Hv. þingmanni var tíðrætt um þá svonefndu stóriðjustefnu fyrrverandi ríkisstjórnar sem Vinstri grænir hafa nú talað mjög mikið um og hún hefur rætt um mikil undirboð og hvað þessi stefna hefur haft í för með sér.

Nú er staðreyndin sú að á Austurlandi fyrir framkvæmdirnar sem þar áttu sér stað voru launatekjur Austfirðinga 89% af landsmeðaltali. Í dag eru þær á pari við landsmeðaltal. Á Norðurlandi eystra eru launatekjur 89% af landsmeðaltali rétt eins og var á Austfjörðum fyrir fjórum árum. Ég

heyrði að hv. þingmaður var að inna ríkisstjórnina eftir stefnu sinni um það hvað hún vildi í áframhaldandi atvinnuuppbyggingu m.a. á Bakka við Húsavík, sem því miður liggur ekki fyrir í dag, og rétt eins og framsóknarmenn sögðu fyrir síðustu kosningar þá er það alveg ljóst að þeir styðja þá atvinnuuppbyggingu til þess að launakjör og skilyrði íbúanna á því svæði muni batna. Ég vil benda hv. þingmanni á það af því að ég held að hv. þingmaður hafi ansi oft nefnt Kárahnjúka í ræðu sinni og haft þar uppi stór orð, að það voru m.a. Vinstri grænir sem samþykktu þá uppbyggingu sem núna á sér stað á Hellisheiði. Ég vil líka meina að sú framkvæmd hafi haft einhver umhverfisáhrif í för með sér og að einhverjir erlendir starfsmenn hafi unnið að þeirri uppbyggingu. En hv. þingmaður, fulltrúi Vinstri grænna í þessari umræðu sem stóð að Hellisheiðarvirkjun kýs að nefna þá virkjun ekki einu orði. Það er hins vegar alveg ljóst að sá málflutningur sem hér fór fram áðan var afbakaður að því leyti að kjör Austfirðinga hafa batnað með þeirri uppbyggingu sem þar hefur átt sér stað. Engin undirboð gagnvart Austfirðingum.

[15:46]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir miður ef hv. þm. Birkir Jón Jónsson hefur ekki áttað sig á því að við erum hér að ræða um lög og frumvarp til breytinga á lögum að því er varðar atvinnuréttindi útlendinga hér á landi, tiltekinna tveggja hópa, Rúmena og Búlgara. Við höfum ekki í þessari umræðu verið að ræða um launakjör Austfirðinga eða stöðuna á vinnumarkaði á Austurlandi fyrir eða eftir Kárahnjúka.

Það er rétt, mér varð tíðrætt um þrælahaldið á Kárahnjúkum og auðvitað er mér, eins og mörgum öðrum, misboðið og maður fyrirverður sig fyrir það að hér á landi skuli vera atvinnurekendur, leigusalar og stór fyrirtæki sem loka augunum fyrir því og leyfa sér jafnvel að njóta þess að hagnast á því hvernig farið hefur verið með útlendinga á þeim vinnustað. Ég er til í kappræður við hv. þingmann hvenær sem er um atvinnumál á Austurlandi en við skulum halda okkur við það sem hér er á dagskrá sem er atvinna útlendinga á Íslandi og hvernig íslenskt samfélag er í stakk búið til að taka á móti öllum þeim fjölda sem stjórnvöld hafa kallað hingað til lands. Eins og ég benti á áðan virðist sem það eigi nú að halda áfram sem aldrei fyrr að kalla eftir aukinni þenslu í þjóðfélaginu og þar með auknu vinnuafli útlendinga. En við skulum muna að þegar kallað er eftir vinnuafli fáum við einstaklinga, manneskjur, við fáum fólk og við þurfum að mæta þörfum þess.

[15:48]

Birkir J. Jónsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hvet hv. þingmann til að ræða þetta á yfirvegaðan hátt. Staðreyndin er sú að hv. þingmaður nefndi oft og tíðum í ræðu sinni stóriðjustefnu ríkisstjórnarinnar og kom þar af leiðandi með það mál inn í þessa umræðu en ég geri mér alveg grein fyrir því hvað við erum að ræða um hér.

Hins vegar vakti ég athygli á því að Vinstri grænir stóðu að heilmiklum framkvæmdum á Hellisheiði. Gríðarlegur fjöldi af útlendu vinnuafli hefur unnið í tengslum við þær framkvæmdir. Ég er sammála hv. þingmanni um að það beri að hlúa vel að þessu fólki og mönnum ber að virða réttindi þessa fólks. Þess vegna rak ég mig á það í máli hv. þingmanns að hún ræddi nær eingöngu um Kárahnjúka. Það vill svo til að menn hafa byggt virkjanir á öðrum stöðum á landinu, sem m.a. Vinstri grænir hafa komið að. Ég vil að við höldum hér rétt á málum og ræðum um þau í samhengi af því að ég efa að það sé verr búið að fólki á Austurlandi en hér á höfuðborgarsvæðinu hvað þetta varðar og við getum verið sammála um það, við hv. þingmaður, að það ber að bæta réttindi þessa fólks, en við skulum hafa í huga að það er ekki eingöngu á Austurlandi.

[15:49]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla rétt að leyfa mér að vona að það sé ekki búið að verkafólki, hvorki innlendu né erlendu, nokkurs staðar annars staðar á landinu eins og upplýst hefur verið að gert hefur verið á Kárahnjúkum.

Það er rétt að Vinstri græn áttu ásamt Samfylkingunni mjög gott samstarf við framsóknarmenn um Reykjavíkurlistann. Gefst nú varla tími til að ræða það hér í þessum andsvörum en formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur á þessum árum var jú frá Framsóknarflokknum og það er kannski það sem hv. þingmaður er að vísa til með þessum orðum sínum.

Það er rétt að umhverfisspjöll hafa verið unnin á Hellisheiði og víðar vegna virkjana. En við skulum ræða það þegar þar að kemur, ég var hér að tala um stóriðjustefnuna og hvernig hún sogar erlent vinnuafl inn í landið og hvernig við ætlum að bregðast við því. Ég leyfi mér að fullyrða að það er vonandi (Forseti hringir.) alls staðar skárra en á Kárahnjúkum.

[15:51]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við ræðum um þetta frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna samnings um þátttöku Búlgaríu og Rúmeníu á EES-svæðinu sem er um margt mjög mikilvægt mál. Það var svo sem auðvitað að umræðan um það skyldi snúast um meinta stóriðjustefnu jafnsnemma í umræðunni og raun ber vitni.

Það sem mér leikur forvitni á að vita er hvort hv. þingmaður sem hér tók síðast til máls styður frestun gildistöku ákvarðana um frjálsa för þessara nýju aðildarríkja eða ekki. Mér finnst það hafa verið fullkomlega óljóst í máli hennar hvort svo sé. Það er nú einu sinni þannig að hv. þingmaður hefur talað um að hér séu ýmis vandamál, talað um þrælahald og annað þess háttar sem hafi verið viðhaft hér á landi undanfarin ár, fyrst og fremst með þátttöku vinnuafls frá Evrópska efnahagssvæðinu, en í máli sínu hefur hún gert því skóna að ef við frestum gildistökunni geti það ýtt undir ýmsa fordóma gagnvart þessum nýju ríkjum. Þannig hefur hún bæði talað um að hér sé of mikil þensla á vinnumarkaðnum en að það megi ekki fresta gildistökunni, það geti ýtt undir fordóma, þetta sé hlutfallslega svo lítill hluti af vinnuafli Evrópska efnahagssvæðisins að það geti varla skipt máli, en í hinu orðinu talar hún um að hérna sé svo margt í félagslega umhverfinu sem þurfi að laga og bæta og

það sé margt sem þurfi að færa til betri vegar áður en við verðum reiðubúin til að taka við þessum mikla fjölda.

Ég held að það væri ágætt fyrir okkur sem höfum hlýtt á mál hv. þingmanns að fá bara svar við þessari spurningu: Styður hún frestunina eða ekki, og með hvaða rökum?

[15:53]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, það er rétt eftir tekið hjá hv. þm. Bjarna Benediktssyni að ég hef ekki gert upp hug minn varðandi það hvort ég styðji þá fyrirhuguðu frestun sem hér er lögð til. Ég kallaði hér eftir frekari rökstuðningi fyrir þeirri frestun og sagði að mér fyndist þetta jafnvel bitamunur en ekki fjár. Ég sagði líka að ég teldi það skipta nokkru máli hvernig Noregur bregst við í þessum efnum og ég spurði líka til hvers og hvernig ætti að nota aðlögunarfrestinn sérstaklega gagnvart íbúum þessara tveggja ríkja. Það er ekki um aðlögunarfrest gagnvart öðrum íbúum Evrópusambandsins að ræða.

Já, það er rétt, ég benti einnig á að það er margt í ólestri hér varðandi móttöku erlends vinnuafls á landinu. En ég sé ekki að það sé neitt verra að taka á móti íbúum frá Búlgaríu eða Rúmeníu, ég á kannski bara eftir að fá röksemdir fyrir því af hverju það á að vera svona miklu erfiðara. Ég er komin í þennan stól til að spyrja þessara spurninga. Ef ekki fást svör við þeim hér í umræðunum fást þau væntanlega í *nefndastörfum*.

Eins og ég segi hef ég ekki gert upp hug minn varðandi þetta efni, hv. þingmaður.

[15:54]

Bjarni Benediktsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessi svör. Það er þá skýrt að hv. þingmaður hefur ekki gert upp hug sinn varðandi þetta atriði. Ég verð hins vegar að lýsa þeirri skoðun minni í tilefni af því að hv. þingmaður kýs að snúa þessu máli upp í það að hér sé tekið eitthvert sérstakt tillit til þess að þau ríki sem hér er um að tefla, Búlgaría og Rúmenía, skipti einhverju máli þegar lagt er mat á það hvort við frestum ákvæðinu um frjálsa för eða ekki að það er ekki það hvort þetta er Rúmenía eða Búlgaría, heldur snýst þetta um það hversu stór heildarmarkaðurinn er, hversu mikill fjöldinn er sem hefur aðgengi að íslenska vinnumarkaðnum. Það eru auðvitað rökin sem teflt er fram í þessu frumvarpi, þ.e. að hér erum við með viðkvæman vinnumarkað og við erum að leggja mat á það hvort við ætlum að hleypa jafnstórum markaði og verður til við stækkun Evrópska efnahagssvæðisins og gildir í þessu máli að íslenska vinnumarkaðnum.

[15:55]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fæ ekki séð að þessar 30 millj. til eða frá skipti verulega miklu máli þegar um er að ræða 500 millj. manna í Evrópu sem eiga nú þegar óheftan aðgang að íslenskum vinnumarkaði. Þess vegna spurði ég hvort það væri eitthvað sérstakt sem lyti að þessari afstöðu vegna þjóðernis þeirra íbúa í Rúmeníu og Búlgaríu sem hér um ræðir.

Íslenskur vinnumarkaður er vissulega smár í samanburði við evrópskan vinnumarkað en það munar ekki öllu um íbúa þessara tveggja ríkja.

[15:56]

Bjarni Benediktsson (S):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir framsögu í þessu máli frá hæstv. utanríkisráðherra og mun sem formaður utanríkismálanefndar reyna að vinna að hröðum framgangi málsins eins og óskað hefur verið eftir á þessu sumarþingi.

Í fyrsta lagi finnst mér ástæða til að fagna þeim áfanga sem þetta frumvarp ber með sér, þ.e. þeim áfanga að tekist hefur samkomulag um stækkun Evrópska efnahagssvæðisins. Það var í sjálfu sér ekki sjálfgefið og á fyrra þingi fylgdist utanríkismálanefnd með því með aðstoð þáverandi utanríkisráðherra með hvaða hætti samningaviðræður um þetta efni þróuðust. Það var sannarlega nokkurt áhyggjuefni hversu mjög dróst á langinn að ljúka þessum samningaviðræðum og stefndi í hálfgert óefni en eins og fram kemur í greinargerð með þessu frumvarpi voru það einkum atriði sem lutu að því að tryggja til að mynda bæði Íslandi og Noregi sambærileg réttindi og gilt höfðu á grundvelli fríverslunarsamninga sem töfðu samningaumræður í þessu máli. Ég held að það megi taka undir með því sem segir í frumvarpinu að ágætlega hagstæð niðurstaða hefur fengist í þessar samningaviðræður þó að því sé ekki að leyna að það er dálítið erfitt að átta sig á því hvernig það reikningsdæmi gerir sig upp í krónum og aurum. Það hefur komið fram að það megi áætla að lækkun tolla nemi á ársgrundvelli um 70 millj., þ.e. sú lækkun tolla sem samdist um sérstaklega í tengslum við þessa stækkun sem ella hefði ekki verið í gildi og við fórnuðum með því að fríverslunarsamningarnir við ríkin féllu niður við inngöngu þeirra í Evrópusambandið og við stækkun Evópska efnahagssvæðisins. Á móti kemur síðan aukið framlag Íslendinga vegna þróunarsjóðs EFTA, en hvernig þetta allt saman er fundið út er dálítið erfitt að átta sig á. Síðan spilar auðvitað inn í þessa mynd sú staðreynd að lækkun tollanna er tímabundin, reyndar eins og framlagið, en hvernig það gerir sig upp til lengri tíma litið þegar borið er saman framtíðarfyrirkomulagið eftir að þessari tímabundnu tollalækkun er lokið eða það tímabil tekur enda, samanborið við það að hafa haft til lengri tíma fríverslunarsamninga við þessi ríki, er erfitt að átta sig á.

Það mat er lagt á niðurstöðuna í þessu frumvarpi, og það er engin ástæða til að draga það í efa, að þessir samningar séu ágætlega viðunandi. Það er ábyggilega rétt sem þarna kemur fram að í þessu máli eru heilmiklir viðskiptahagsmunir fyrir íslensk útflutningsfyrirtæki, einkum eins og kemur fram í málinu sjálfu vegna útflutnings á sjávarafurðum. Það er ástæða til að fagna því í fyrsta lagi að tekist hafi að tryggja samhliða stækkun EES-samningsins með stækkun Evrópusambandsins og síðan að við Íslendingar höfum fengið að því er virðist þokkalega hagstæðan samning vegna viðskiptahagsmuna okkar í tengslum við þetta.

Það sem einkum hefur verið til umræðu í dag og má svo sem vænta að þurfi enn frekari umræðu áður en þetta mál fæst afgreitt hér á hinu háa Alþingi lýtur að því sem við höfum rætt í dag, þ.e. ákvæðum frumvarpsins um frestun á réttindum nýju aðildarríkjanna til frjálsrar farar á Evrópska efnahagssvæðinu, þ.e. hingað til Íslands á íslenskan vinnu-

markað. Það er að mörgu að hyggja í því samhengi. Ég er þeirrar skoðunar að skynsamlegt sé að beita rétti okkar til að fresta gildistökunni um frjálsa för eins og gert hefur verið og það er mikilvægt að hafa í huga í því sambandi að þá frestun getum við afturkallað hvenær sem er með einfaldri samþykkt á þinginu. Hvenær sem er fyrir 1. janúar 2009 getum við skipt um skoðun, eða hvenær sem er í sjálfu sér eftir 2009 ef við ákveðum að framlengja enn frekar getum við fellt niður þann fyrirvara.

Í öðru lagi finnst mér það líka skipta miklu máli sem fram kemur í frumvarpinu á blaðsíðu 8 að samkvæmt aðildarsamningi EES er núverandi aðildarríkjum gert að veita launamönnum sem eru ríkisborgarar þessara ríkja forgang fram yfir ríkisborgara ríkja utan EES-svæðisins að því er varðar aðgengi að vinnumarkaði. Þetta skiptir einnig máli þegar horft er til þess að við hyggjumst beita þessari heimild. Málið í heild sinni ber að skoða með hliðsjón af þessu tvennu að mínu áliti, þ.e. annars vegar heimild okkar til þess að falla frá fyrirvaranum og hins vegar þessari sérstöku stöðu hinna nýju aðildarríkja.

Að öðru leyti má svo sem segja að hér sé um nokkuð viðkvæmt mál að ræða fyrir íslenskan vinnumarkað. Það er rétt sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að þó nokkuð mikil þensla hefur verið á íslenska vinnumarkaðnum og því má svo sem halda fram með rökum að það sé ekki til þess fallið sérstaklega að slá á þensluna að hindra för eða komu þessa vinnuafls sem nú bætist við Evrópska efnahagssvæðið hingað til lands, heldur þvert á móti sé það frekar til þess fallið að auka á þensluna. Hins vegar erum við afskaplega lítið atvinnusvæði og ég bara tek undir með því sem segir í frumvarpinu að það sé ástæða til að stíga varlega til jarðar. Svo margt hefur breyst í þessu samhengi á skömmum tíma hjá okkur á Íslandi að það er full ástæða til að staldra aðeins við og skoða með hvaða hætti þessir hlutir kunna að vera að breytast til lengri tíma litið.

Við sjáum merkin mjög víða. Við sjáum þau t.d. í því hversu ört vaxandi fjöldi fær íslenskan ríkisborgararétt á grundvelli langtímadvalar á Íslandi ár frá ári. Það fer að nálgast 1.000 manns á ári sem hefur uppfyllt öll skilyrði þess að fá íslenskan ríkisborgararétt, 1.000 manns á ári á grundvelli langtímadvalar á Íslandi. Þessi tala hefur vaxið mjög hratt eins og við ræddum um á síðasta þingi þegar við fjölluðum um lög um íslenskan ríkisborgararétt og breytingar á gildandi lögum í því efni. Þarna er sem sagt um þá spurningu að ræða til hversu langs tíma vinnuaflið komi hingað þegar það fyrst sækist eftir komu inn á íslenskan atvinnumarkað. Í svo stórum verkefnum sem hafa verið til umfjöllunar í umræðunni í dag, eins og Kárahnjúkaverkefnið svonefnda er dæmi um, má svo sem gera ráð fyrir því að stór hluti af vinnuaflinu sé kominn hingað til skamms tíma. Greining á því á hvaða forsendum vinnuaflið sækir til Íslands er nauðsynleg að mínu áliti til þess að reyna að átta sig betur á því hver langtímaáhrifin kunna að verða. Síðan kunna auðvitað líka forsendur einstaklinganna að breytast, það er vel mögulegt að stór hluti vinnuaflsins komi hingað upphaflega til skammtímadvalar en sækist síðan eftir varanlegri dvöl eftir að viðkomandi hefur verið hérna í einhvern tíma.

Þetta er bara nýr veruleiki sem við búum við. Við höfum ákveðið á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið að forgangsraða í þágu þeirra sem eru á svæðinu og því má aldrei gleyma í þessari umræðu að hérna er um tvíhliða réttindi að ræða. Réttur okkar til að sækja til annarra landa inni á Evrópska efnahagssvæðinu er nákvæmlega sá sami og réttur íbúa aðildarríkjanna er til þess að koma hingað og njóta réttinda sinna hér á grundvelli samningsins.

Ég styð sem sagt eindregið þá tillögu sem fylgir þessu frumvarpi um að við frestum gildistökuákvæðunum um frjálsa för þessara nýju aðildarríkja og tel skynsamlegt að á næstu missirum og árum verði farið aðeins ofan í ýmis langtímaáhrif af stækkun Evrópska efnahagssvæðisins og að áfram verði þróaðar þær reglur sem gilda um komu erlends vinnuafls inn á íslenska atvinnusvæðið. Við tökum eftir því í fjölmiðlum, bara síðast í dag, að ýmis útfærsluatriði þarfnast frekari skoðunar samanber það sem hæstv. utanríkisráðherra vék að varðandi sérfræðinga sem koma utan Evrópska efnahagssvæðisins, hvort sem er frá Asíu eða Bandaríkjum Norður-Ameríku eða annars staðar að í heiminum, og það er margt sem betur má fara í löggjöfinni sem er til þess fallið, bæði í senn, að taka tillit til íslensks atvinnulífs og tryggja að hér verði engin félagsleg undirboð á íslenska vinnumarkaðnum.

Að þessu mæltu ítreka ég að við munum í utanríkismálanefnd vinna ötullega að þessu máli og reyna að tryggja því framgang á þessu sumarþingi, kalla eftir sjónarmiðum og umsögnum eftir því sem ástæða þykir til og ég ætla þess vegna ekki að hafa fleiri orð um málið á þessu stigi.

[16:09]

Birkir J. Jónsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða frumvarp til laga sem á m.a. að stuðla að því að félagsleg undirboð á íslenskum vinnumarkaði minnki gagnvart erlendu vinnuafli og eins og ég skil það er þetta einn liður til þess að bæta stöðu og réttindi þessa fólks. Þess vegna viljum við nýta okkur þennan aðlögunartíma og fresta gildistökuákvæði um frjálsa för fólks um tvö ár til 2009 og vinna um leið að því að bæta stöðu erlends vinnuafls hér á landi.

Þess vegna styð ég eindregið það frumvarp sem hér liggur fyrir. Enda var unnið að þessu máli undir forustu þáverandi utanríkisráðherra Valgerðar Sverrisdóttur, hér er því um mál að ræða sem fyrrverandi ríkisstjórn hefur unnið mikið að. Ég óska hv. formanni utanríkismálanefndar góðs gengis í því að vinna að málinu, hér er um mjög mikilvægt mál að ræða og mjög brýnt að hv. utanríkismálanefnd fari mjög vandlega ofan í þessi mál.

[16:10]

Árni Páll Árnason (Sf):

Herra forseti. Ég tek undir með hv. formanni utanríkismálanefndar og þakka góða framsögu. Ég tek jafnframt undir með honum sem varaformaður utanríkismálanefndar að við munum reyna að vinna þetta mál vel og kanna það en jafnframt hraða því enda mikilvægt fyrir íslenska hagsmuni að þetta mál gangi fram fljótt og vel.

Það er í eðli EES-samningsins að hann tekur breytingum frá einum tíma til annars. Hann er fljótandi samningur og

aðildarríkjunum fjölgar eftir því sem aðildarríkjum Evrópusambandsins hefur fjölgað. Það er hins vegar tímanna tákn hvernig umræðan hefur breyst um aðild okkar að EES og um gildi þess í áranna rás.

Þegar EES-samningurinn var til umræðu fyrir 14 árum í þessum sal, snerist umræðan að langmestu leyti um fisk. Hún snerist um hinn hefðbundna mælikvarða um það hvort við fengjum nægilega mikið í okkar hlut í tollívilnunum til að réttlæta tilkostnaðinn af samningnum. Þar var mjög einfaldur krónu á móti krónu reikningur í samræmi við einhæft eðli íslensks hagkerfis á þeim tíma. Út frá þeim hefðbundna og gamla mælikvarða er reikningurinn einfaldur. Fyrir þennan samning munum við greiða 130 millj. kr. á ári í Þróunarsjóð EFTA og fáum í staðinn tollaívilnanir upp á 70 millj. Ávinningurinn er því viðunandi.

En reynslan hefur kennt okkur að fátt er gagnsminna en reikningar af þessu tagi því EES-samningurinn hefur skapað tækifæri sem enginn sá fyrir þegar til hans var stofnað. Sá hefði verið kallaður undarlegur maður sem úr þessum ræðustól hefði velt upp þeim möguleika, svo ekki sé meira sagt, að Ísland ætti eftir að vera útflytjandi á sviði fjármálaþjónustu, á sviði fjarskiptaþjónustu eða á sviði lyfjaframleiðslu. En það er einmitt það sem við höfum orðið.

Þess vegna er það sérstakt fagnaðarefni að stækkun heimamarkaðar okkar í krafti EES-svæðisins taki núna líka til þessara ríkja, Búlgaríu og Rúmeníu, þar sem íslensk fyrirtæki hafa á undanförnum árum unnið gott starf og haslað sér völl.

Það er því með öðrum orðum allt önnur sýn á tækifærin sem ræður umræðu okkar nú og þau verkefni sem til úrlausnar eru nú og sem við þurfum að hafa augun á eru annars konar. Þá komum við að því sem hefur verið fyrirferðarmikið í þessari umræðu, sem er frestun ákvæða um frjálsa för launþega fyrir íbúa Búlgaríu og Rúmeníu.

Eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. utanríkisráðherra þá er hér um tímabundið fyrirkomulag að ræða. Það er nauðsynlegt að nýta þessa frestun nú ef á annað borð á að vera hægt að nýta það á síðari stigum. Ef ríki kjósa að nýta frestunina ekki í upphafi þá verður ekki aftur snúið.

Í ákvörðuninni um að nýta þennan fyrirvara nú er ekki falin nein stefnubreyting. Hún er í fullu samræmi við þá ákvörðun sem tekin var við aðild hinna 10 nýju aðildarríkja árið 2004, þar sem Alþingi ákvað í upphafi að nýta aðlögunartímann. Með þessu fyrirkomulagi er t.d. Vinnumálastofnun gert auðveldara um vik að hafa virkt eftirlit með ráðningarkjörum ríkisborgara frá Búlgaríu og Rúmeníu. Stofnunin getur m.a. synjað um veitingu atvinnuleyfis ef starfskjör eru ekki í samræmi við gildandi kjarasamninga. Það er unnt að grípa til aðgerða með tiltölulega auðveldum hætti ef aðstæður breytast á vinnumarkaði.

Hér hefur nokkuð verið rætt um það hvaða ástæður eru fyrir því að þessum fyrirvara sé beitt í þessu tilviki. Menn hafa nokkuð rætt um Kárahnjúka í því samhengi.

Sá óstöðugleiki sem verið hefur í íslensku efnahagslífi á undanförnum árum hefur auðvitað haft áhrif á vinnumarkaðinn og ekki bara á Kárahnjúkum heldur víða annars staðar í samfélaginu. Við vitum að þetta mikla efnahagslega ójafnvægi hefur að mörgu leyti skapað neikvæðar aðstæður á vinnumarkaði. Það hefur ýtt mjög undir eftirspurn eftir vinnuafli og þá með þeim hætti að það hefur jafnframt orðið svo ör eftirspurn að það hafa skapast þær aðstæður að fólki hefur verið haldið í óboðlegum aðstæðum víða hér á höfuðborgarsvæðinu. Það þarf því ekki að fara austur á Kárahnjúka til að finna dæmi þess.

Við vitum að fólki er haldið í óboðlegu húsnæði. Við vitum að því hefur þar af leiðandi verið meinað um lögheimilisskráningu og því er þar með einnig meinað um sjúkratryggingar í landinu. Það er mjög mikilvægt að horfast í augu við þennan vanda og að við áttum okkur á því að íslenskt stjórnkerfi var ekki á nokkurn hátt búið undir þann fjölda sem þetta ójafnvægi kallaði á. Þess vegna er mikilvægt að við metum aðstæðurnar núna þegar fleiri ríki bætast við.

Því var eðlilega velt upp í umræðunni áðan hvort það væri einhver slíkur eðlismunur nú að réttlætti að fyrirvaranum yrði viðhaldið gagnvart þessum 30 milljónum manna fyrst hann er ekki í gildi gagnvart öðrum lengur. Þá er því til að svara að við síðustu stækkun bættust einhvers staðar í kringum 100 milljónir manna við vinnumarkaðinn og að flestu leyti, ekki öllu, var þar um að ræða fólk frá ríkjum þar sem laun eru lág. Hér bætast við 30 milljónir til viðbótar. Ég tel fulla ástæðu til þess að við förum varlega í þessu efni núna, einmitt til þess að reyna að koma í veg fyrir að fólk frá þessum ríkjum verði ofurselt sömu aðstæðum og margir sem hingað hafa komið á undanförnum árum.

Eitt af því sem t.d. er mikilvægt í því efni er að stéttarfélögin fái ráðrúm til að undirbúa kynningarefni á tungumálum þessara ríkja og að Samtök atvinnulífsins verði virk í samvinnu með verkalýðshreyfingunni að þessu leyti. Það er einnig rétt að halda því hér til haga að samstaða er um það meðal aðila vinnumarkaðarins að nýta þennan aðlögunartíma.

Það er gríðarlega mikilvægt að verkalýðshreyfingin sé í stakk búin til að upplýsa fólk um sín kjör. Þannig getum við með verkalýðshreyfingunni sinnt því verkefni að verja hag jafnt þessa fólks og þess fólks sem er hér fyrir á vinnumarkaði með jákvæðum hætti, með því að upplýsa fólk um réttindi sín og kjör. Þannig verði komið í veg fyrir félagsleg undirboð og þannig komum við í veg fyrir að vegið sé að grundvallarhagsmunum allra á vinnumarkaði, líka þeirra sem fyrir eru. Við megum aldrei skapa slíkar aðstæður að það fólk sem er fyrir á vinnumarkaði hrekist út af honum vegna félagslegra undirboða. Við verðum hins vegar alltaf að gæta þess að búa ekki til hindranir í garð þeirra sem eru að koma til landsins heldur þvert á móti að vinna málið með jákvæðum hætti og verja réttindi allra, bæði þeirra sem vilja koma inn á vinnumarkaðinn og hinna sem fyrir eru.

Vegna þess að hér hefur nokkuð verið spurt um afstöðu Noregs þá er rétt að taka það fram að samkvæmt mínum upplýsingum hyggjast Norðmenn nýta sér þennan fyrirvara og það munu Danir einnig gera. Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur að fylgjast að með þessum nánustu nágrannaríkjum okkar, ekki síst Norðmönnum sem félögum okkar í EES. Við breytingar af þessum toga er mikilvægt að ganga ekki úr takti við okkar nánustu nágranna heldur halda samræmi og vinna málin í samhengi.

Að síðustu vil ég einfaldlega ítreka stuðning minn við þetta mál. Ég held að það sé hægt að treysta til fulls hæstv.

félagsmálaráðherra í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins til að búa vel í haginn fyrir komu fólks frá Búlgaríu og Rúmeníu hingað til lands. En við skulum gæta þess að vanda þar vel til verka svo við lendum ekki í einhverjum ógöngum.

[16:20]

Útbýting:

Aðgerðaáætlun til að styrkja stöðu barna og ungmenna, 12. mál, stjtill. félmrh., þskj. 16.

Viðaukasamningur um álbræðslu við Straumsvík, 13. mál, stjfrv. (iðnrh.), þskj. 17.

[16:20]

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir (Vg):

Herra forseti. Það segir svo í kosningastefnuskrá Samfylkingarinnar frá því í vor að Samfylkingin ætli að beita sér fyrir því að atvinnuleyfi fólks af erlendum uppruna verði bundið persónu eða viðkomandi einstaklingi en ekki vinnustað og vinnuveitanda, þó þannig að skyldur atvinnurekandans séu hinar sömu og áður. Ég er sammála þessum lið í kosningastefnuskrá Samfylkingarinnar.

Það frumvarp sem hér er lagt fram ber hins vegar með sér að það er eitt af fyrstu verkum nýrrar stjórnar í málefnum erlends verkafólks að meina Rúmenum og Búlgörum að vinna hér um sinn nema um sé að ræða fólk sem komi í gegnum starfsmannaleigur. Er þetta í takt við þau einstaklingsbundnu réttindi sem við viljum halda í heiðri?

Nú er það þannig, herra forseti, að erlend ríkisstjórn hefur m.a. séð ástæðu til að senda hingað sendiherra sinn til að kanna meintar ómanneskjulegar og ömurlegar vinnuaðstæður erlends verkafólks hér á landi. Ásakanir um einelti og kynferðislega áreitni erlends verkafólks á einum af stærsta vinnustað landsins hafa einnig komið fram. Þessi mál eru bundin starfsmannaleigum sem ítrekað var varað við fyrir nokkrum árum í sölum Alþingis. Á nú að leyfa Búlgörum og Rúmenum að vinna hér á landi einungis á vegum starfsmannaleigna? Er ekki meira um vert að tryggja að allir íbúar landsins, allir sem hér búa og hingað koma til starfa séu hér í hvívetna á grundvelli jafnréttis, jafnræðis, virðingar og mannréttinda?

Það kann að hafa farið fram hjá mér, herra forseti, en ég man ekki til þess að fulltrúar hæstv. ríkisstjórnar hafi farið á framkvæmdasvæðið fyrir austan til að kanna þar aðstæður með eigin augum. Ég man heldur ekki til þess að fulltrúar hæstv. ríkisstjórnar hafi fyrirskipað rannsókn á því hvort ásakanir um stofnanabundið kynþáttamisrétti og kynferðislega áreitni á vegum starfsmannaleigu hér á landi eigi við rök að styðjast. Þetta hefur að því ég best veit ekki verið gert.

Hvað er gert? Jú, Evrópusambandsréttindi Rúmena og Búlgara eru sett á bið og þeim einungis gert fært að vinna hérlendis í gegnum starfsmannaleigur eins og áður segir. Hver er ástæðan fyrir því að meðhöndla þessi tvö ríki með þessum hætti? Hví á að meðhöndla þau öðruvísi en aðra?

Núverandi ríkisstjórn heldur uppi stefnu fyrri stjórnar í þessum efnum en án þess að gefa fyrir því ítarlegan rökstuðning. Víðtæks rökstuðnings er þörf ef málefnaleg afstaða þingheims á að geta legið fyrir.

Síðastliðið haust þegar fram fór umræða um fjölgun útlendinga hérlendis sagði hæstv. utanríkisráðherra í ræðu á Alþingi, með leyfi forseta:

„1. maí síðastliðinn var enginn örlagadagur í þessu máli. 1. janúar næstkomandi verður það heldur ekki. Þó svo að ríkisstjórnin hafi nú ákveðið að nýta sér aðlögunartímann gagnvart Rúmeníu og Búlgaríu þá þýðir það fyrst og fremst að taka þarf miklu fastar á málum hvað varðar starfsmannaleigurnar, ábyrgð atvinnurekenda, þ.e. notendaábyrgðina sem snýr að starfsmannaleigunum. Því það var auðvitað málið sem menn voru að reyna að takast á við 1. maí þegar þeir ákváðu það að fólk ætti að geta komið til landsins á eigin forsendum en ekki einvörðungu í gegnum starfsmannaleigur."

Ég spyr, herra forseti: Hvað ætlar núverandi ríkisstjórn að gera til að taka á þessum málum? Viljum við ekki helst hafa hlutina þannig að erlendir starfsmenn séu fyrst og fremst ráðnir með beinum hætti með ráðningarsamningum, samningum sem byggja á íslenskum kjarasamningum? Gengur það ekki gegn réttri nálgun í þessum efnum að sjá hér erlenda starfsmenn fyrst og fremst starfandi á vegum starfsmannaleigna eða sem þjónustuveitendur án tengsla við íslenska kjarasamninga? Gildir þá einu hvort um er að ræða Búlgara, Rúmena eða aðra.

Það er ekki við erlenda verkamenn að sakast í því hve illa hefur verið staðið að málum í þessum efnum. Það voru ekki pólskir eða kínverskir verkamenn sem tóku ákvörðun um að byggja Kárahnjúkavirkjun. Það verða hvorki Rúmenar né Búlgarar sem ákveða atvinnu-, efnahags- og stóriðjustefnu nýrrar stjórnar. Það voru íslensk stjórnvöld sem með aðgerðum sínum og atvinnustefnu hafa kallað eftir stórfelldum flutningi erlends vinnufólks hingað til starfa og það er nýrrar stjórnar að tryggja í einu og öllu að allir vinnandi menn og konur hér á landi, hvaðan sem þau koma, sitji við eitt og sama borð réttinda og kjara.

Staðreyndin er sú að þeir sem hingað koma frá ESB þurfa að finna starf innan sex mánaða ellegar fara af landi brott. Hverjar eru þá hinar aðkallandi aðstæður nú að beita þurfi aðlögunarákvæði í garð Rúmena og Búlgara sérstaklega? Hæstv. utanríkisráðherra talar um skamman tíma, eitt og hálft ár, í þessum efnum en í fjölmiðlum höfum við lesið um að ný stjórn hyggist jafnvel framlengja tímann til ársins 2014. Það liggur ljóst fyrir, eins og bæði Samfylkingin og Vinstri hreyfingin – grænt framboð héldu skýlaust fram í nýliðinni kosningabaráttu og á liðnum árum, að það er fyrst og fremst atvinnustefna stjórnvalda sem ræður komu erlends verkafólks hingað til lands. Það eru ekki varnaglar, frestanir eða fyrirvarar í alþjóðasamningum heldur atvinnustefnan í landinu og m.a. þá hin alræmda stóriðjustefna sem fyrst og fremst knýr á um aukið streymi erlendra verkamanna.

Þá er ekki úr vegi að spyrja, herra forseti, hvort það sé eitthvað í atvinnustefnu núverandi ríkisstjórnar sem gerir það að verkum að hér muni áfram verða mikil eftirspurn eftir verkamönnum af erlendum uppruna. Er það svo? Hver er hinn eiginlegi rökstuðningur fyrir því að þessu ákvæði skuli nú beitt? Þessu ákvæði var beitt þegar ESB stækkaði með margfalt dramatískari hætti en ESB-aðild Rúmena og Búlgara knýr nú á um. Hvernig var sá aðlögunartími nýtt-

ur? Var búið í haginn fyrir framtíðina? Nei, það var því miður ekki gert með þeim hætti sem vera skyldi eins og dæmin sanna ítrekað.

Ef núverandi ríkisstjórn ætlar að beita þessu ákvæði til að knýja á um stórbætta heildarstefnumótun, aðgerðaplan og starfsáætlun um málefni innflytjenda, málefni fólks af erlendum uppruna, þá hlýtur ríkisstjórnin að vilja skýra okkur skýrt og skorinort frá því hvernig hún ætli að standa að þeim málum og hvers vegna hún þurfi á þessum aðlögunartíma að halda, hvernig sá tími verði nýttur. Sá aðlögunartími hefur hingað til ekki gert mikið gagn og var þó um margfalt stærri mál að ræða þá, enda er það eins og áður segir atvinnustefna, jafnvægisleysi og þensla sem ræður úrslitum í þessum efnum. Þar snýst málið um hið gamalkunna framboð og eftirspurn. Í þeim efnum kalla ég eftir boðuðu stóriðjuhléi sem Samfylkingin hélt á lofti í kosningabaráttunni og var þar sammála okkur Vinstri grænum um að slíkt væri algjört grundvallaratriði.

Þetta snýst að sjálfsögðu ekki bara um atvinnumál. Þetta snýst um fólk og fjölskyldur og manneskjulegt samfélag þar sem allir, hvaða uppruna sem þeir hafa yfir að búa, sitja jafnir. Ég vil leyfa mér að fullyrða að gera þurfi gríðarlegt átak í málefnum innflytjenda hérlendis og taka á öllum þeim mannlegu þáttum jafnræðis og þátttöku allra, óháð uppruna, í samfélaginu. Þetta þarf að vera eitt af forgangsverkefnum nýrrar stjórnar. Það er útilokað að líta á málefni fólks af erlendum uppruna sem afmarkað viðfangsefni eða einfalda spurningu um atvinnustig. Raunhæf stefna í þessum málum hlýtur að koma inn á öll svið stjórnmálanna og samfélagsins alls og vera órjúfanlegur þáttur í heildarstefnumótun til framtíðar.

Ég skora á hæstv. ríkisstjórn að kynna sér ofan í kjölinn víðtæka stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í þessum efnum. Sú stefna kemur inn á fjölþættar og margbreytilegar hliðar málsins og setur fram skýr plön um þær aðgerðir sem grípa þarf til. Þar er m.a. komið inn á atvinnumál, frjálsa för og kjör erlends verkafólks hérlendis en það er eitt af grundsvallaratriðunum í þessum efnum að atvinnuleyfi skuli ávallt fylgja einstaklingi en ekki atvinnurekanda.

Herra forseti. Ef við á Alþingi eigum að geta tekið skýra málefnalega afstöðu til málsins hljótum við að verða að fá að vita nákvæmlega hvaða rökstuðningur og skýringar liggja að baki þessari ákvörðun. Við hljótum einnig að vilja fá afdráttarlaus svör um það hvaða heildarstefnu og aðgerðaplan ný ríkisstjórn sjái fyrir sér í málefnum fólks af erlendum uppruna, hvort heldur þeirra sem hingað koma til lengri tíma eða til tímabundinna verkefna. Sem fyrr segir þarf miklu meira til í þessum málaflokki en hingað til hefur verið framfylgt. Síðast en ekki síst væri hjálplegt að fá skýr svör um hina raunverulegu atvinnu-, efnahags- og stóriðjustefnu nýrrar stjórnar, því að eins og áður segir skiptir það sköpum í þessum efnum.

[16:30]

Jón Magnússon (Fl):

Herra forseti. Það hefur verið fróðlegt að fylgjast með þessum umræðum og hve raunverulega takmörkuð svör hafa komið frá flutningsmönnum þessa frumvarps um það hverjar hinar raunverulegu ástæður eru fyrir því að það skuli vera flutt og hvernig á því stendur að þeir aðilar sem jafnvel töluðu um frjálsa för fólks, nánast undantekningarlaust, skuli nú telja nauðsynlegt að bregðast við með þeim hætti sem um er að ræða í þessu frumvarpi. Þessi sjónarmið komu mjög vel fram vegna þeirra beittu spurninga sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir bar fram áðan.

Það vakti athygli mína að formaður utanríkismálanefndar, hv. þm. Bjarni Benediktsson, sagði að það sem skipti máli væri að þarna væri um það mikinn viðbótarfjölda að ræða sem kæmi inn á vinnumarkaðinn, þessar rúmu 30 millj. manna sem eru í Búlgaríu og Rúmeníu, að það réttlætti þá takmörkun sem hér er um að ræða. Skiptu þá ekki máli þær 200 millj. sem komu inn á vinnumarkaðinn í nýju Evrópusambandsríkjunum, allur sá fjöldi, þegar hætt var við að nýta þá undanþágu sem bent var á að nauðsynlegt væri að nýta vegna aðstæðna á íslenskum vinnumarkaði?

Þegar V. viðauki greinargerðar með frumvarpinu er skoðaður, um frjálsa för launþega, er sérstaklega vikið að því að íslenskur vinnumarkaður sé viðkvæmur og það geti brugðið til beggja vona á skammri stundu. Það er vissulega rétt. Á það höfum við í Frjálslynda flokknum ítrekað bent. Það er nauðsynlegt að fara að með gát og 300 þús. manna þjóð þarf að gera það, en það hefur ekki verið gert. Það hefur verið vanrækt að hér væri nýttur aðlögunartími sem var fyrir hendi og átti að nýta þannig að það væri mótuð stefna varðandi innflytjendur fyrir fram en ekki eftir á.

Það var ekki fyrr en málið var gjörsamlega komið úr öllum böndum, það var ekki hægt að afgreiða kennitölur, kerfið réð ekki við neitt, börn þessa fólks fengu ekki eðlilega fræðslu, sem einhver rankaði við sér. Þá var með krampakenndum viðbrögðum ákveðið að verja 100 millj. kr. í íslenskukennslu, algjörlega ósundurgreint hvernig það skyldi gert. Mér skilst að sú fjárhæð sé öll uppurin nú þegar og það er ljóst að hún var ekki næg.

Forstöðumaður Alþjóðahúss hefur sagt opinberlega að það væri vandamál að ákveðinn hópur þeirra sem hingað hafa komið fyllti tölu þeirra sem verst væru settir í þjóðfélaginu og það vantaði algjörlega félagsleg úrræði fyrir þann hóp. Aðlögunartíminn var ekki nýttur.

Nú talar ríkisstjórnin um nauðsyn þess að taka myndarlega á málinu, móta stefnu — sem ég hélt að hefði verið mótuð í vor af þáverandi ríkisstjórn — og ekki nóg með að móta stefnu, heldur er talað um aðgerðaáætlun. Ég spyr. Aðgerðaáætlun um hvað?

Við í Frjálslynda flokknum höfðum og boðuðum ákveðna aðgerðaáætlun. Það var spurningin um það að aðlaga þá sem hingað koma, gefa þeim tækifæri til að aðlagast íslensku samfélagi þannig að það væru ekki margar þjóðir í þessu landi. Við ræddum um að það væri nauðsynlegt að þeir sem hingað kæmu og ætluðu sér að festa hér búsetu ættu kost á því að fá a.m.k. 500 tíma fræðslu í íslensku og a.m.k. 300 tíma fræðslu um íslenskt samfélag. Það fannst mér, og finnst, lágmark þegar um er að ræða að laga þá sem hingað vilja koma og vilja búa hér að þessu þjóðfélagi. Það er mikilvægt í fyrsta lagi að við tökum vel á móti þeim sem hingað eru komnir, gætum þess að þeir njóti allra mannréttinda, en síðan er annað atriði sem ég hef vakið athygli á og tel mjög mikilvægt sem er að við verðum að

gæta þess að það sé ekki það mikill straumur innflytjenda til landsins að kerfið ráði ekki við hann. Það getur leitt til félagslegra undirboða. Ég hef gagnrýnt að félagsleg undirboð séu til staðar.

Ég vakti athygli á því í fyrri ræðu sem forustumaður Verkalýðsfélagsins á Akranesi hafði um þetta mál að segja þar sem stór hópur verkamanna erlendis frá hefur verið óskráður í vinnu hjá ákveðnu fyrirtæki. Venjulegast er það þannig þegar svo háttar til að það er bara toppurinn á ísjakanum. Ég er hræddur um að flestir þeir sem hér eru inni viti að þannig er það. Þegar menn eru ekki með atvinnuréttindi, eru ekki skráðir, er misnotkunin iðulega skammt undan.

Þrátt fyrir að félagsleg undirboð hafi verið til staðar vegna hins mikla straums innflytjenda hingað sem í raun hefur leitt til ákveðinnar launalækkunar hefur það ekki skilað sér í lægra verði að einu eða neinu leyti til neytenda. Af hverju stafar það og hver tekur mismuninn?

Það er eitt atriði sem ég vil í þessu sambandi vekja athygli á, virðulegi forseti. Núna þegar stjórnandi helsta fyrirtækis á Vestfjörðum ákveður að selja kvótann sinn og segja upp starfsfólki sínu, Kambur á Flateyri, kemur í ljós að þar er starfandi stór hópur fólks sem nýtur engra réttinda, hópur fólks sem annaðhvort lendir í verulegum félagslegum erfiðleikum ef ekki er hreinlega um að ræða neyðarástand, ef skattgreiðendur og íslensk stjórnvöld taka sig ekki til og bjarga því vegna þess að ekki hefur verið nýttur neinn aðlögunartími. Þess hefur ekki verið gætt að taka á móti því fólki sem hingað er komið og hefur jafnvel verið um árabil með eðlilegum hætti. Það er til vansa fyrir stjórnvöld. Það styður það sem við í Frjálslynda flokknum höfum haldið fram, að stjórnvöld vissu hreinlega ekki hvað um var að ræða, gerðu sér ekki grein fyrir því og gerðu engar tilraunir, a.m.k. ekki nægar, til að bregðast við.

Ég er sammála því að það er nauðsynlegt að taka myndarlega á varðandi vandamál innflytjenda. Skylda okkar er þó fyrst og fremst við þá sem hér eru en ekki þá sem hingað kunna að koma eða vilja koma.

Ég tek alveg heils hugar undir það sem segir hér í greinargerð með frumvarpinu, íslenskur vinnumarkaður er lítill og hann er viðkvæmur og þess vegna verðum við að geta haft fulla stjórn á því með hvaða hætti frjálst flæði vinnuafls kemur til landsins. Því miður nýttum við okkur ekki þær takmarkanir sem við gátum nýtt okkur varðandi önnur ný ríki Evrópusambandsins en það hefði okkur borið að gera til að tryggja hagsmuni íslensku þjóðarinnar.

Það er spurningin um hvernig við á að bregðast. Ég tel einmitt vegna þeirra sjónarmiða sem koma fram í greinargerð með frumvarpinu að það sé ástæða til þess að leita eftir því við bandalagsþjóðir okkar á Evrópska efnahagssvæðinu að við getum nýtt okkur þá undanþágu og þá möguleika sem eru í 112. gr. samningsins ef kemur til samdráttar á íslenskum vinnumarkaði.

En það er nú einu sinni þannig, og þar verð ég að vera ósammála hv. síðasta ræðumanni, að erlent vinnuafl kemur ekki hingað eingöngu vegna stóriðjustefnu stjórnvalda. Það er ályktun sem er hrapað að án þess að rök fylgi eða séu á bak við. Ég get spurt: Hvernig stóð á því og hvernig stendur á því að erlent vinnuafl streymir til Bretlandseyja? Ekki er sérstök stóriðjustefna þar í gangi. Hvernig stendur á því að þetta vinnuafl hefur streymt til Írlands? Ég gæti nefnt fleiri ríki.

Það gerist einfaldlega vegna þess að það eru vandamál í þeim löndum þaðan sem fólkið streymir. Það er það sem veldur því að það leitar annarra leiða. Þar komum við að því sem kannski hefði átt að vera upphafsatriðið og höfuðatriðið varðandi það hvernig stendur á því og hvað getur réttlætt það að við beitum ákveðnum takmörkunum gagnvart frjálsu flæði verkafólks frá öðrum bandalagsríkjum. Hvað getur valdið því? Það er einfaldlega það að vinnumarkaður og þjóðfélagsumgjörð í þeim löndum er það vanþróað að það er hætt við því að vandamál skapist með því að hafa þetta óhefta frelsi, bæði varðandi innanlandsmarkað í þeim ríkjum og öðrum ríkjum sem fá það yfir sig.

Þá er ég að tala um lönd eins og Pólland þar sem hefur verið mikið og viðvarandi atvinnuleysi og vandamál í efnahagsmálum, fyrst og fremst vegna þess hvernig ákveðin stefna Evrópusambandsins er, ekki síst í landbúnaðarmálum. Vinnumarkaðurinn þar var ekki nægilega þróaður og eðlilega hlaut þá eitthvað að gerast þegar flóðgáttirnar brustu. Það sama gildir í sjálfu sér líka varðandi Búlgaríu og Rúmeníu.

Þegar umræða var hér í þessum sal um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu voru tveir þingmenn sérstaklega efins um að það væri mögulegt fyrir íslenska þjóð að samþykkja frjálst flæði vinnuafls. Það voru aðallega hæstv. núverandi utanríkisráðherra og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Sjónarmið þeirra voru fyllilega gild. Það sem ég hef lesið í ræðum þeirra og er fyrst og fremst spurningin er að um er að ræða þjóðir þar sem vinnumarkaðurinn og efnahagskerfið var rýrara, takmarkaðra, en við búum við og höfum búið við á Norðurlöndum.

Það hefur verið vandamálið varðandi þær nýju þjóðir sem eru að koma inn í Evrópusambandið að þess hefur ekki verið gætt að þróa heimamarkaðinn nægjanlega áður en búið væri til, í fyrsta lagi, vandamál fyrir heimamarkaðinn með því að hæfasta fólkið væri farið og í öðru lagi að valda þeim þjóðum vandamálum sem við þurfa að taka og eru ekki undir það búnar. Hæft fólk, menntað fólk, sem hefur ekki og fær ekki störf við hæfi í þeim löndum sem það kemur til lætur bjóða sér ýmislegt og jafnvel verstu störfin sem viðkomandi landsmenn eru ekki tilbúnir að vinna, jafnvel undir þeim lágmarkslaunum sem eru ákveðin í kjarasamningum. Það eru hin félagslegu undirboð sem margir vita að því miður hafa viðgengist í landinu.

Takmarkanirnar eru fyrst og fremst réttlætanlegar til þess að heimamarkaðurinn sé byggður upp með eðlilegum hætti í þessu ríki. Þess vegna áttum við að framlengja frestinn varðandi önnur ný ríki Evrópusambandsins, og reyndar kannski fleiri þjóðir — í Bretlandi hafa menn áttað sig á því að þeir hefðu átt að gera það líka — vegna þess að markaðurinn í þeim ríkjum var ekki orðinn nógu þróaður, nógu traustur til þess að standa undir, móta og byggja upp öflugt efnahagskerfi í löndunum. Hættan við það að heimila þennan hluta fjórfrelsisins var fyrst og fremst til þess þá að draga mátt úr efnahagskerfi þessara ríkja.

Þess vegna lít ég á það sem raunverulegu röksemdina fyrir því að það sé eðlilegt að samþykkja aðlögun eins og þessa að það sé til þess að byggja upp heimamarkað í þess-

um ríkjum. Við höfum að sjálfsögðu lítinn mátt í því sambandi en það er forsenda þess að eðlilegir hlutir geti skapast, eðlileg þróun geti verið í þessari álfu, eðlileg þróun verði innan Evrópska efnahagssvæðisins, að slíkt gerist. Það er jú markmiðið með bandalaginu, markmiðið með þeim sjónarmiðum sem liggja á bak við, að það verði einsleitt samfélag þar sem fólk búi við svipuð kjör þar sem í sjálfu sér þurfa ekki að vera þjóðflutningar landa í milli. Það sem hefur verið að gerast er vegna vanhugsaðra aðgerða hjá herrunum í Brussel sem við erum hugsanlega að súpa seyðið af og þurfum þar af leiðandi að taka á.

Forsendan er sem sagt fyrst og fremst spurningin um það og, sem ég tel mikilvægt, að reynt verði að byggja upp heimamarkaði þeirra ríkja sem um er að ræða. Ef það er viðhorf og vilji íslenskra stjórnvalda hafa þau sett stefnu sína í eitthvert vitrænt samhengi. En ég hef hvorki heyrt það frá hæstv. utanríkisráðherra, hæstv. félagsmálaráðherra né formanni utanríkisnefndar að eitt eða neitt af þessu tagi væri forsendan eða mótaði þá afstöðu sem varð til þess að leggja fram þessa tillögu.

Ég átta mig í raun ekki á hvað það þá er. Eins og frumvarpið er hér lagt fram, sem og greinargerðin, gildir í raun það sama og ætti að gilda það sama gagnvart öllum öðrum nýju Evrópusambandsríkjunum. Ég spyr þar af leiðandi: Hvaða önnur sjónarmið gilda gagnvart Eystrasaltsríkjunum? Gagnvart Póllandi? Eða gagnvart Rúmeníu og Búlgaríu? Svarið er: Það er enginn munur. Eina spurningin er þessi: Eru markaðir Búlgaríu og Rúmeníu það vanþróaðir að það réttlæti ákvörðunina að einhverju leyti? Og svarið er: Sennilega er það ekki réttlæting miðað við sum hinna ríkjanna.

Ástæða þess að ég styð þetta frumvarp er að ég tel að það þurfi að byggja upp öflugri markaði á heimaslóðum í þessum ríkjum. Ég tel að það hefði líka þurft að vera lengri aðlögunartími og hann nýttur í öðrum fyrrum Austur-Evrópuríkjum til þess að þau kæmust fyrr í þá stöðu að verða samstiga og jafnfætis öðrum ríkjum Evrópusambandsins. Það er markmið að þróunin geti orðið samhliða einsleit í öllum ríkjunum og til þess að það geti átt sér stað verðum við að geta þróað heimamarkað þessara ríkja á eðlilegan hátt.

Aðalatriðið fyrir okkur er að gæta þess að hér verði ekki sprenging á vinnumarkaðnum og að við getum tekið á móti því fólki sem hingað kemur með sóma. Gætum þess að taka vel á móti okkar minnstu bræðrum eins og okkur ber að gera.

[16:48]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þótti ræða hv. þingmanns nokkuð athyglisverð. Í henni var blandað saman mörgum óskyldum þáttum. Auðvitað er ljóst að velsæld í heimaríki fólks veldur því að það flyst síður brott í leit að vinnu. Það þekkjum við Íslendingar úr aldagamalli sögu okkar. Þegar á bjátar í íslensku efnahagslífi höfum við leitað annað.

Markmiðið með Evrópusamstarfinu er einmitt að skapa þær efnahagslegu forsendur að ríki sem lakast standa eigi kost á að búa borgurum sínum lífvænleg kjör. Það er grundvallarmarkmið. Sú aðgerð sem hér er um að ræða felur ekki í sér nýtingu einhvers öryggisfyrirvara, heldur fyrst og fremst samningsbundinn aðlögunartíma sem stjórnvöld hyggjast nýta til að búa í haginn fyrir móttöku fólks þannig að það sé hægt að gera með fullum sóma. Ég legg áherslu á það atriði.

Eftir stendur þetta: Jafnvel við þær aðstæður sem verið hafa á vinnumarkaði hér undanfarin ár hafa engar slíkar aðstæður komið upp sem hafa leyft okkur að grípa til þess öryggisfyrirvara sem er í EES-samningnum. Það er ekki þannig að við höfum með samningsskuldbindingum okkar innan hins Evrópska efnahagssvæðis einhverja sjálfvirka fínstillara til að stilla af heimildir fólks til að nýta sér samningsbundin réttindi hér á landi. Það sem við höfum er það tæki að taka vel á móti fólki og að sinna Evrópusamstarfi af stórhug og það eigum við að gera.

[16:50]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. Árna Páli Árnasyni að að sjálfsögðu er þetta spurning um velsæld. Þangað leitar fólkið sem velsældin er fyrir hendi. Þó vakna spurningar varðandi t.d. Bretlandseyjar, af hverju jafnmikill fólksstraumur hefur verið frá ríkjum Austur-Evrópu þangað í mjög óvisst atvinnuástand. Það er a.m.k. betra en það ástandið sem fólkið er að flytja úr.

Varðandi það að þetta frumvarp sé fyrst og fremst flutt til að búa í haginn fyrir móttöku þá er það bara ekki þannig. Það er ekki uppleggið í frumvarpinu. Þar er verið að tala um íslenska vinnumarkaðinn og það er meginatriðið í því sem kemur fram í greinargerðinni.

Þegar fjallað er um í V. kaflanum um frjálsa för launþega þá er verið að tala um íslenska vinnumarkaðinn, hvað hann sé viðkvæmur. Um aðlögun hans og um takmarkanir vegna þeirra hagsmuna sem þar er um að ræða. Það er höfuðatriðið en ekki að það skipti einhverju sérstöku máli varðandi það að búa í haginn að opna þessa rifu varðandi þennan takmarkaða hóp fólks frá Búlgaríu og Rúmeníu.

Það er að sjálfsögðu það sem um er að ræða, og það veit hinn virðulegi þingmaður Árni Páll Árnason jafn vel og ég að við erum komin í ógöngur með því að hafa ekki takmarkað frjálst flæði launafólks frá hinum nýju ríkjum Evrópusambandsins. Menn eru því að reyna að nýta þetta vegna þeirra vandamála.

[16:52]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ítreka að það frumvarp sem hér er lagt fram er lagt fram til þess að nýta samningsbundinn aðlögunartíma varðandi þessi tvö ríki. Það er ljóst að í síðasta lagi sjö árum eftir aðild þessara ríkja að Evrópusambandinu hafa borgarar þeirra full réttindi til að leita sér að vinnu hvarvetna á Evrópska efnahagssvæðinu. Um það er samið við aðild þessara ríkja, alveg eins og samið var um það við aðild Póllands og fleiri ríkja í 10 ríkja hópnum 2004.

Með öðrum orðum er um að ræða tímabundnar aðlögunarheimildir fyrir ríki. Þær stafa náttúrlega af því að öll ríki vilja taka vel á móti þeim sem þeir vænta að komi og menn vilja líka skapa forsendur fyrir því að það sé efnahagsleg uppbygging í hinum nýju aðildarríkjum.

Það er ljóst að það eru engar efnislegar forsendur sem geta réttlætt að virkir öryggisfyrirvarar verði í EES-samningnum. Hér er einfaldlega um það að ræða að stjórnvöld nýti sér þetta ráðrúm sem er fullkomlega eðlilegt. Þetta er ráðrúm til tæplega tveggja ára, til 1. janúar 2009. Ég held satt að segja að það væri mjög óskynsamlegt að gera annað, í ljósi reynslunnar. Það má t.d. læra af reynslunni að það hefði verið betra ef við hefðum haft betra upplýsingaefni tiltækt á tungumálum þess fólks sem kemur til landsins.

Það er líka mikilvægt að verkalýðshreyfingin sé tilbúin. Það er hún núna. Hún vinnur af miklum metnaði í þessum málum og mun ríða mikið á að hún vinni þetta mál vel með samtökum atvinnulífsins. Það er út frá þeim sjónarhóli sem við nálgumst þetta mál. Við erum ekki að fara að skammta fólk inn til landsins.

[16:54]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat ekki skilið hv. þm. Árna Pál Árnason með öðrum hætti en þeim að hann hefði talið að í sjálfu sér hefði verið ástæða til að hafa meira ráðrúm, meiri tíma varðandi önnur ný ríki Evrópusambandsins til þess að íslensk verkalýðshreyfing og íslenskt þjóðfélag hefði verið betur í stakk búið. Ég gat ekki skilið hann öðruvísi. Sé svo, þá erum við sammála um það efni.

Við erum sammála, að því vék ég í ræðu minni, um að þetta sé að sjálfsögðu spurning um efnahagslega uppbyggingu, ekki síst heima fyrir, í þeim ríkjum sem um er að ræða, til að þróa vinnumarkaðinn þar. Að sjálfsögðu stefnir bandalagið að almennri velsæld og því að þar sé sem jöfnust staða og lífskjör innan svæðisins.

Þar komum við inn í málið og þar verður misvísun, sérstaklega í röðum hinna nýju ríkja Evrópusambandsins. Þar hafa menn kannski ekki gætt þess að þróa markaðinn með eðlilegum eða markvissum hætti og þar hafa vandamálin skapast.

Þær áhyggjur sem ýmsir þingmenn höfðu uppi þegar umræður voru um Evrópska efnahagssvæðið og hvort við skyldum ganga í það reyndust ekki á rökum reistar vegna þess að markaður þeirra þjóða, þróaður markaður Evrópusambandsríkjanna eins og þau voru þá, var tilbúinn til að standa. Það var ekkert vandamál og það var enginn sérstakur fólksflutningur til landsins. Það breyttist fyrir um tveimur árum.

Íslensk stjórnvöld gátu fyrir fram séð að það gerðist og þá bar að móta stefnu í innflytjendamálum varðandi málefni útlendinga. Þá brást kerfið. Þess vegna komu upp þau vandamál sem við frjálslynd höfum síðan gagnrýnt (Forseti hringir.) að ekki skyldi hafa verið brugðist við í tíma.

[16:56]

Bjarni Harðarson (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál. Ég tel að búið sé að tala hér lengi um lítið. En ég vil gera alvarlegar athugasemdir við málflutning hv. 10. þm. Reykv. s.

Ég tel ekki við hæfi að í sölum Alþingis sé talað um að aðlaga fólk. Við tölum um að laga bíla, tölum um að senda hluti í viðgerð. Við tölum af meiri virðingu en þetta um fólk. Jafnvel þótt sumir vilji hafa þar einhverjar sérflokkanir á af því, að það fólk sé, ef ég hef skilið hv. þingmann rétt, vandamálafólk og sé frá vanþróuðum ríkjum.

Ég tel í rauninni ekki rétt að nota slíkar skilgreiningar um það góða vinnuafli sem við höfum fengið inn í samfélag okkar, vinnuafl sem hefur verið okkur mjög dýrmætt. Afl þess á vinnumarkaðnum hefur verið okkur mjög dýrmætt. Fólkið skulum við tala um með fullri virðingu og við skulum ekki tala um að aðlaga fólk.

[16:58]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Bjarni Harðarson, nú er það þannig að menn leggja mismunandi skilning í orð og orðanotkun. (Forseti hringir.) Það er nú einfaldlega þannig að með þessu orðavali mínu var ég ekki með einum eða neinum hætti að gera lítið úr því fólki sem hingað hefur komið, því harðduglega fólki og vafalaust hefði mátt finna betri orð heldur en „að aðlaga“.

Ég var hins vegar að tala um að við gæfum því fólki sem hingað kæmi möguleika á að komast inn í íslenskt samfélag og njóta allra réttinda, fá þekkingu til þess að geta notið allra réttinda. Ég kalla það að aðlagast íslenskum þjóðfélagsaðstæðum. (Gripið fram í.) Já, ég er að tala við þig. (Forseti hringir.) Ég tala um það að aðlagast íslenskum þjóðfélagsaðstæðum. Það er að tala um fólk af virðingu.

Ég get ómögulega skilið að það sé eitthvað virðingarleysi fólgið í því að tala um að gefa fólki möguleika á sömu réttindum, sömu möguleikum og sömu tækifærum og þeir sem búa í landinu fyrir. Ég tala um að aðlaga fólk sem hingað er að koma alveg eins og ég ef ég fer til Frakklands, þá þarf ég að aðlaga mig að þeim aðstæðum sem þar eru þótt ég sé ekki frá vanþróuðu ríki.

Ég er ekki að tala um vandamálafólk, síður en svo. Ég er ekki að tala um að fólk sé að koma frá vanþróuðum ríkjum. Það er akkúrat ekki það sem var með einum eða neinum hætti hægt að skilja í því sem ég sagði. Ef einhver vill reyna að túlka orð mín svo þá er það útúrsnúningur. Ég er einfaldlega að tala um að í fyrsta lagi búum við við viðkvæman vinnumarkað. Við þurfum að gæta þess að hafa alltaf fulla stjórn á málum og í öðru lagi berum við skyldur gagnvart öllum sem hingað eru komnir. Jafnar skyldur gagnvart öllum um að þess verði gætt að allir hafi mannréttindi. Takk fyrir.

(**Forseti** (EMS): Ég vil vekja athygli hv. þingmanns á því að honum ber að beina orðum sínum til forseta en ekki til einstakra þingmanna.)

[17:00]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf):

Virðulegur forseti. Við höfum orðið vitni að því hér í þinginu undanfarna daga að ýmsir eru í aðlögun og getur orðið fótaskortur á tungunni meðan á því aðlögunarferli stendur og ég held að við hljótum öll að hafa fullan skilning á því og þurfum ekki að verða svo uppfull af pólitískum rétttrúnaði að við setjum endilega ofan í við hvert annað þó að slíkt gerist og menn noti jafnvel ekki alltaf rétt ávarpsorð.

Þetta frumvarp sem ég hef mælt hér fyrir hefur orðið þingmönnum tilefni til þess að hefja hér talsverðan málfund um málefni útlendinga sem flust hafa til Íslands annaðhvort til búsetu eða til að sækja hingað vinnu og það er í sjálfu sér ágætt. En ég neita því ekki að mér finnst þessi umræða sveiflast svolítið öfganna á milli. Annars vegar er talað með þeim hætti að það felist í því einhver sérstök brot á einstaklingsbundnum réttindum fólks að grípa til þess að hafa hér eins og hálfs árs — því að þetta er ekki nema eitt og hálft ár — aðlögunartíma fyrir það fólk sem kemur frá Búlgaríu og Rúmeníu inn á vinnumarkað okkar. Eitt og hálft ár er fljótt að líða og ég held að það sé hægt að nýta þetta eina og hálfa ár vel ef þannig er að málum staðið til þess að meta og afla upplýsinga um í hversu miklum mæli líklegt er að fólk frá þessum svæðum sæki hér inn á íslenskan vinnumarkað og þá með hvaða hætti stofnanir samfélagsins þurfi að bregðast við því, bæði með upplýsingagjöf um réttindi og skyldur þessa fólks hér á landi og eins getur þetta gefið stéttarfélögunum heilmikla vitneskju um þá launamenn sem hingað koma á grundvelli þess umsagnarferils sem er núna í lögunum um atvinnuréttindi útlendinga. Ég ítreka að hér er um að ræða eitt og hálft ár.

Það hefur verið spurt: Hvers eiga Rúmenía og Búlgaría að gjalda? Þessi ríki eiga einskis að gjalda. Það er um það að ræða að þessi ríki eru meðhöndluð með nákvæmlega sama hætti og önnur ríki fyrr sem hafa gerst aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði, þau tíu ríki sem gerðust aðilar 2004. Þetta er nákvæmlega sama ferli sem hér er um að ræða.

Það má þá auðvitað líka spyrja þeirrar spurningar: Hvers eiga þá ríkin utan EES að gjalda, hvers á það fólk sem kemur frá ríkjum utan EES að gjalda, því það er auðvitað undir allt annað ferli sett en fólkið sem kemur frá ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, bæði þeirra sem nú eru inni á svæðinu og þeirra sem þarna eru að bætast við? Það má alveg halda því fram með rökum að það hafi verið gripið til of strangra aðgerða hér á Íslandi gagnvart þriðju ríkjum, þ.e. ríkjum sem eru utan Evrópska efnahagssvæðisins, m.a. vegna þess að menn töldu að íslenskt samfélag ætti nóg með að taka við þeim fjölda sem hingað mundi leita vegna stækkunar Evrópska efnahagssvæðisins og vegna þeirrar þenslu sem hefur verið á íslenskum vinnumarkaði. Eins og ég gat um áðan er það eitt af því sem Samtök atvinnulífsins kvarta undan að t.d. fyrir sérfróða aðila sem sækja þarf til Asíuríkja, það eru fjölmargir sérfróðir aðilar frá þeim ríkjum sem hafa viljað sækja hingað inn á íslenskan vinnumarkað, þá getur það tekið allt upp í hálft ár fyrir það fólk að fá tilskilin réttindi til þess að geta starfað hér á landi. Það er þá bara mál sem þarf að taka til sérstakrar skoðunar ef mönnum sýnist svo. En ég ítreka að hér er um að ræða eitt og hálft ár og í þessu felst engin mismunun gagnvart því fólki sem kemur frá þessum ríkjum, þetta er nákvæmlega sama ferli og var viðhaft þegar Evrópska efnahagssvæðið var stækkað 2004 og hin tíu nýju ríki urðu aðilar.

Hinn póllinn í þessari umræðu hefur svo verið sá að það væri ástæða til þess að grípa eða a.m.k. gefa það til kynna gagnvart öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins að Ísland kynni að grípa í einhvern neyðarhemil vegna þess hversu lítill þessi vinnumarkaður hér er og vegna mikils fjölda útlendinga sem hingað hafa leitað.

Þá vil ég að það komi hér skýrt fram að 112. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem innifelur hið svokallaða öryggisákvæði, gerir ráð fyrir því að þá og því aðeins sé gripið til slíkra aðgerða að þær séu taldar bráðnauðsynlegar af efnahagslegum, þjóðfélagslegum eða umhverfislegum ástæðum. Það er almennt talið að í slíkum aðstæðum þurfi að gæta meðalhófs í þeim aðgerðum sem gripið er til og það sé ákveðin gagnkvæmni í því fólgin, með öðrum orðum að þau ríki sem við beitum þessu öryggisákvæði gagnvart, sem eru þá önnur ríki Evrópska efnahagssvæðisins, geti þá fyrir sitt leyti líka gripið til gagnkvæmra aðgerða gagnvart Íslandi.

Ég bendi því á að eitthvert meðalhóf þarf að vera í umræðunni hér, við þurfum ekki annaðhvort að nálgast þetta út frá því að nota neyðarheimild eða að opna algjörlega íslenskan vinnumarkað heldur að reyna að finna einhvern milliveg þar á milli. Það sem um er að ræða hér er eitt og hálft ár í aðlögunartíma, tvö ár að forminu til en eitt og hálft ár í raun, sem er nákvæmlega það sama og gert var 2004.

Hv. þm. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir nefndi að það hefði verið látið að því liggja eða sagt í fjölmiðlum að til stæði að framlengja þetta til 2014. Ég kannast ekki við að það hafi verið sagt í fjölmiðlum að þetta yrði framlengt til 2014. Til þess hefur engin afstaða verið tekin og það eru engar slíkar fyrirætlanir uppi á þessu stigi. Það verður bara að metast hér af þinginu þegar þar að kemur. Það sem um er að ræða er að þingið samþykki þetta til 2009 og það er þá Alþingis að taka afstöðu til þess hvort þá á að framlengja eða ekki og það er ekki bara stjórnvalda, ríkisstjórnarinnar að gera það.

Hér kom fram í máli þingmannsins að ekki hefði verið nægilega vel staðið að því að skoða hvað væri í gangi hjá þeim starfsmannaleigum sem hér starfa og þingmaðurinn nefndi sérstaklega kynferðislega áreitni sem viðgengist á vegum einhverra starfsmannaleigna. Nú ætla ég ekki að tjá mig sérstaklega um það, ég hef ekki skoðað það sérstaklega hvernig að því hefur verið staðið, en ég verð hins vegar að biðja þingmanninn að gefa nú nýjum félagsmálaráðherra svolítinn tíma og ráðrúm til þess að setja sig inn í málin og embætti sitt áður en gerðar eru kröfur um að hægt sé að vera með miklar yfirlýsingar um það hvernig hún muni vinna í embættinu og ég held að ég fari rétt með að ráðherrann hafi verið tíu daga í embætti nú þegar þessi umræða fer fram.

Auðvitað er mikilvægt og ég held að við höfum öll haft af því áhyggjur, sérstaklega hér á árunum rétt eftir að Evrópska efnahagssvæðið var stækkað og ríkjunum fjölgað um tíu, þá höfðum við að vissu leyti áhyggjur af því hvernig starfsmannaleigurnar störfuðu og það var auðvitað mikilvægt þegar hér voru sett lög um starfsmannaleigur, þó að við getum haft á því skoðanir hvort það hafi verið nægilega vel að þeirri lagasetningu staðið, þá var það engu að síður mikilvægt skref þegar lögin voru sett um starfsmannaleigurnar. Það má þó segja að aðlögunartíminn þá hafi a.m.k. verið notaður til þess að setja þau lög.

Ég ætla í sjálfu sér ekkert að hafa mikið fleiri orð um þetta. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram um

málefni útlendinga á Íslandi. Auðvitað er það rétt sem hefur komið fram að fólk sækir hingað vegna þess að hér er þensla á vinnumarkaði en það er líka hitt að fátækt fólk á öllum tímum hefur alltaf verið á faraldsfæti og reynt að sækja sér betri lífskjör. Þetta er ekkert nýtt. Þjóðflutningarnir í Evrópu fyrrum, flutningur fólks frá Evrópu til Vesturheims, Íslendingarnir sem fóru til Vesturheims, Íslendingarnir sem fóru til Svíþjóðar 1968, iðnaðarmennirnir, tugum ef ekki hundruðum saman. Sjálfsagt hafa Svíar þá litið svo á að þeir Íslendingar væru með félagsleg undirboð á sænskum vinnumarkaði. Þeir sóttu þangað, þeir fóru þangað í vinnu, sumir settust þar að, aðrir komu heim. Fólk hefur alltaf verið á faraldsfæti og reynt að sækja sér betri lífskjör og þannig verður það áfram. Við þurfum hins vegar að reyna að sjá til þess að tekið vel sé á móti þessu fólki og íslenskt samfélag sé í stakk búið til þess að búa því þau lífskjör hér á landi sem við sjálf gerum kröfur til og við þurfum að reyna að koma í veg fyrir að félagsleg undirboð tíðkist á íslenskum vinnumarkaði.

[17:10]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þeir sem sátu á þingi á vordögum 2004 vissu af því að sett voru ákvæði um aðlögun inn í lög þá og síðan endurtók sagan sig á vordögum 2006 og þá stóðum við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs upp, gagnrýndum að aðlögunartíminn hefði ekki verið nýttur og sama gilti um skorinorða þingmenn Samfylkingarinnar.

Það er fátt um svör hvernig eigi að nýta þennan aðlögunartíma þannig að ég vil fara sértækt í málið og spyrja hæstv. utanríkisráðherra hvort hún sé tilbúin að beita sér fyrir því að atvinnurekendum sé gert skylt við ráðningar útlendinga að þeir séu með fullnægjandi tryggingaskjöl frá heimalandi sínu en ella gert að taka tryggingu hjá íslenskum tryggingafélögum eða öðrum áður en til ráðningar kemur og til starfa hér á landi. Hér eru fjölmargir ótryggðir einstaklingar í vinnu á fyrstu sex mánuðum starfstímabilsins og ég hef séð allt of mörg óþolandi dæmi um réttarstöðu þeirra. Þarna er sértækt mál sem ég spyr um, sem ætti að vera auðvelt fyrir hæstv. ráðherra að svara.

Í öðru lagi: Mun hæstv. utanríkisráðherra beita sér fyrir því að lögum um starfskjör launafólks verði breytt í þá veru að þau nái til starfsmanna starfsmannaleigna og allra þeirra sem starfa hér á landi undir hvaða kringumstæðum það svo er? Það er brýnt að þessar skýringar komi fram, sérstaklega varðandi tryggingamálin og ég vænti þess að hæstv. ráðherra gefi þingheimi skýr svör við þessum tilgreindu atriðum sem ég hef hér nefnt.

[17:12]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er ekki alveg í stakk búin til að svara þessum spurningum á þessum tímapunkti en mun að sjálfsögðu fara yfir spurningarnar og skoða hvað hægt er að gera í því. Ég vil hins vegar segja það varðandi almannatryggingar að þá gilda reglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið á sviði almannatrygginga um ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu. Þeir eiga því að njóta almannatrygginga þegar þeir hingað koma á íslenskan vinnumarkað.

Varðandi hina spurninguna þá mun ég að sjálfsögðu eins og ég sagði skoða hvað hægt er að gera í þessum efnum og minni á að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er skýrt kveðið á um að hún muni vinna að því að koma í veg fyrir félagsleg undirboð á vinnumarkaði.

[17:13]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. utanríkisráðherra fyrir þessi svör. Þau voru þó heldur fátækleg, því miður. Hæstv. ráðherra gat ekki svarað fyrri fyrirspurn minni en ég beini því þá til hæstv. ráðherra að koma svörum til utanríkismálanefndar um afstöðu ráðuneytisins að því er það varðar þegar þetta frumvarp fer í vinnslu hjá nefndinni.

Að því er almannatryggingar varðar er það hárrétt hjá hæstv. ráðherra að útlendingar eiga að njóta þeirra frá löndum EES en til þess að svo sé þurfa þeir að hafa tilskilin tryggingaskjöl frá heimalandi sínu. Það hefur orðið verulegur misbrestur á því og þegar vandamál koma upp í slysum, umferðarslysum, vinnuslysum eða öðru, þá fást þessi skjöl ekki oft á tíðum og þessir einstaklingar eru rukkaðir um sjúkrahúskostnað sem skiptir hundruðum þúsunda og þar fram eftir götunum. Ég spyr aftur: Vill hæstv. utanríkisráðherra tryggja það að atvinnurekendum sé gert skylt fyrir ráðningu að þessi tryggingaskjöl frá heimalöndum umræddra útlendinga liggi fyrir áður en þeir taka til starfa?

[17:15]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég verð að biðja þingmanninn sem hér spyr að virða mér það til vorkunnar að þau mál sem þingmaðurinn spyr um eru í sjálfu sér ekki á málasviði utanríkisráðuneytisins heldur félagsmálaráðuneytisins og ég mun koma þessu áleiðis til þess.

Ég ítreka það sem ég hef hér sagt varðandi almannatryggingarnar en jafnframt, svo að ég vísi bara aftur til stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, segir hér:

„Tryggt verði að útlendingar á vinnumarkaði njóti sambærilega réttinda og íslenskt launafólk og að allar ráðningar erlends verkafólks séu í samræmi við gildandi kjarasamninga.“

[17:16]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var athyglisvert að hlýða á hæstv. utanríkisráðherra hér við lok þessarar umræðu, einkum og sér í lagi vegna þess að hæstv. ráðherra tókst að skauta algjörlega fram hjá öllum þeim spurningum sem hér voru settar fram og varða stefnuyfirlýsingu Samfylkingarinnar á liðnu kjörtímabili og sérstaklega í kosningabaráttunni og afstöðuna síðan þegar inn í ríkisstjórn er komið.

Þannig svaraði hæstv. ráðherra því ekki hvort stóriðjustefnan hefði nú verið endurlífguð fyrir atbeina Samfylkingarinnar með því að hæstv. heilbrigðisráðherra hefur sem formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur gert núna, í gær, nýja samninga um orkusölu til tveggja nýrra álfyrirtækja.

Ekki var heldur svarað þeirri spurningu hv. þm. Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur um hvað liði áformum Samfylkingarinnar um stóriðjuhlé sem kynnt var í kosningabaráttunni og ekki heldur þeirri spurningu þingmannsins hvað liði þeirri stefnumörkun Samfylkingarinnar að atvinnuleyfi fylgdi einstaklingum en ekki atvinnurekendum. Þetta var athyglisvert, herra forseti.

[17:17]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég var að mæla hér fyrir frumvarpi um aðild Búlgaríu og Rúmeníu að hinu Evrópska efnahagssvæði. Hér fór ekki fram almenn umræða um stefnu ríkisstjórnarinnar í hinum ýmsum málum. Ég hef reynt að svara þeim spurningum sem hér komu fram og lutu að því máli sem ég mælti fyrir.

Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir sé að spyrja um stóriðjustefnuna í ljósi þess hvort hér verði áframhaldandi þensla á íslenskum vinnumarkaði. Það skal sagt af því tilefni að eins og reyndar hefur komið fram opinberlega munu bæði iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra fara yfir þessi mál með þeim aðilum sem hafa uppi áform, annars vegar um virkjanir og hins vegar um uppbyggingu stóriðju, og reyna að átta sig á því hvernig þau mál standa, hvaða lögformlegu stöðu þessi virkjana- og stóriðjuáform hafa og gera nákvæmlega það sama og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði í fjölmiðlum að hann mundi gera ef hann færi í ríkisstjórn eftir þessar kosningar.

[17:19]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er vissulega til umræðu aðild Búlgaríu og Rúmeníu að hinu Evrópska efnahagssvæði. Ég sagði í upphafi máls míns að ég ætlaði einungis að fjalla um einn þátt þess máls, þ.e. íslenskan vinnumarkað og tengslin við þann samning og þá fyrirætlan ríkisstjórnarinnar að fresta aðgangi Rúmena og Búlgara að íslenskum vinnumarkaði. Af því leiðir að íslenskur vinnumarkaður er hér að sjálfsögðu til umræðu með kostum sínum og göllum, með þeirri þenslu sem stóriðjustefnan hefur skapað og ég tel, hæstv. forseti, að hæstv. utanríkisráðherra ætti ekki að þurfa að veigra sér við að svara spurningum þar að lútandi né heldur um stefnu síns flokks í þeim efnum.

Það er gott ef farið verður yfir þessi mál á vegum ríkisstjórnarinnar, það er gott að heyra að hæstv. iðnaðarráðherra og hæstv. umhverfisráðherra muni fara yfir þetta með hlutaðeigandi aðilum og ég legg til, herra forseti, að þau byrji á því að halda fund með hæstv. heilbrigðisráðherra til að spyrjast fyrir um áform hans hvað varðar orkusölu og uppbyggingu stóriðju í Helguvík og Straumsvík.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og utanrmn.

Viðurkenning Íslands á ríkisstjórn Palestínu, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 3. mál. — Þskj. 3.

[17:21]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um viðurkenningu Íslands á ríkisstjórn Palestínu. Flutningsmenn ásamt mér eru aðrir hv. þm. Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, Atli Gíslason, Álfheiður Ingadóttir, Árni Þór Sigurðsson, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir, Katrín Jakobsdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir og Þuríður Backman.

Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að viðurkenna réttkjörna ríkisstjórn á heimastjórnarsvæði Palestínu og taka upp við hana eðlileg samskipti. Jafnframt beiti hún sér á alþjóðavettvangi fyrir því að önnur ríki geri slíkt hið sama."

Sá er bakgrunnur þessa máls að í kjölfar almennra kosninga á yfirráðasvæði Palestínumanna í janúar 2006 tók þar við völdum ný ríkisstjórn Hamas-samtakanna eftir kosningasigur þeirra í kosningum sem alþjóðlegir eftirlitsaðilar úrskurðuðu að hefðu í aðalatriðum farið vel og lýðræðislega fram. Hins vegar brá svo við að þrátt fyrir að þessar kosningar hafi verið að kröfu alþjóðasamfélagsins um að lýðræðislega kjörin stjórnvöld þyrftu að fara með forsvar fyrir Palestínumönnum neituðu Ísraelar í reynd að viðurkenna úrslit kosninganna og hafa með stuðningi Bandaríkjanna og miklum þrýstingi reynt að fá alþjóðasamfélagið til að sniðganga með öllu hina nýkjörnu ríkisstjórn. Ísraelsstjórn hefur fryst greiðslur til Palestínumanna og heldur eftir skatttekjum sem hún innheimtir og henni ber að skila til heimastjórnarsvæðanna. Bætir það að sjálfsögðu gráu ofan á svart í því ófremdarástandi sem þarna ríkir og eykur á þrengingar á heimastjórnarsvæðum Palestínumanna og er tæpast hægt að líkja þessu við annað en efnahagslegt hrun, ólöglegar efnahagslegar refsiaðgerðir sem bitna á svæðum þar sem fyrir er gríðarleg nauð og menn eru meira og minna orðnir háðir matargjöfum og fjárstuðningi frá hjálparsamtökum og utanaðkomandi aðilum.

Þrátt fyrir þessar erfiðu aðstæður og miklu spennu í samskiptum höfuðfylkinga Palestínumanna, sem eru Hamas-samtökin og Fatah-hreyfingin, hefur þó tekist þar samkomulag um myndun þjóðstjórnar og er það framlag Palestínumanna til þess að reyna að öðlast viðurkenningu alþjóðasamfélagsins og fá lífsnauðsynlega aðstoð og stuðning til að lina þjáningar og skort íbúa Palestínu og fá það viðurkennt að þeir fari með forsvar fyrir Palestínumenn og séu réttir aðilar til að annast um málefni þeirra út á við.

Fleiri aðilar eiga reyndar aðild að þessari þjóðstjórn sem norski utanríkisráðherrann Jonas Gahr Støre hefur kallað sögulegan viðburð og má þar nefna að til viðbótar hinum 119 þingmönnum sem kjörnir eru af listum Hamas- og Fatah-hreyfinganna á 132 manna þingi hafa aðrar fylkingar eins og Þjóðarfrumkvæði og Þriðja leiðin lýst yfir stuðningi eða eru beinir aðilar að ríkisstjórninni og aðeins þrír þingmenn af 132 greiddu atkvæði gegn stjórninni. Þannig er t.d. Íslandsvinurinn Mustafa Barghouti frá Þjóðarhreyfingunni

eða Þjóðarfrumkvæðinu ráðherra í ríkisstjórninni og fjármálaráðherrann Salem Fayyad kemur úr Þriðju leiðinni sem er þriðja stærsta fylkingin á eftir Hamas og Fatah. Um raunverulega þjóðstjórn er að ræða sem nýtur stuðnings nánast alls þingsins í Palestínu.

Norðmenn riðu á vaðið um miðjan marsmánuð og tilkynntu að þeir hygðust taka upp eðlileg samskipti við þessa réttkjörnu ríkisstjórn, taka upp stjórnmálasamband við Palestínu og eiga við stjórnina venjuleg hefðbundin stjórnmála- og viðskiptasamskipti í trausti þess að Palestínumenn muni síðan virða gerða samninga, fordæma ofbeldisaðgerðir og viðurkenna tilverurétt Ísraelsríkis. Þetta er þó ekki gert að fyrirframskilyrði heldur nálgast Norðmenn einfaldlega málin þannig að það sé öllum fyrir bestu að eiga samvinnu og samstarf við þessi stjórnvöld í Palestínu, það er ekki öðrum til að dreifa og þau styðjast við ótvíræðan meiri hluta og hafa nánast allt palestínska þingið á bak við sig.

Í framhaldi af þessu gerðist reyndar það að utanríkisráðherra Íslands sem þá var, Valgerður Sverrisdóttir, lýsti því yfir að hún teldi eðlilegt að fylgja frumkvæði Norðmanna og var því vel tekið af flestum þeim sem tjáðu sig um málið. Þannig var t.d. í viðtali við Fréttablaðið 1. maí sl. leitað álits fulltrúa stjórnarandstöðunnar sem þá var og haft eftir okkur, þeim sem hér stendur, hæstv. núverandi utanríkisráðherra Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og Guðjóni Arnari Kristjánssyni, formanni Frjálslynda flokksins, að við teldum þetta meira og minna sjálfsagðan hlut og styddum þessi áform utanríkisráðherrans. Þannig er haft eftir mér í þessu viðtali að ég sé þessu algerlega sammála, hæstv. utanríkisráðherra sem nú er, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, segist telja fulla ástæðu til þess og Guðjón Arnar Kristjánsson segir að sjálfgefið sé að þetta sé gert að því tilskildu að þetta verði til góðs fyrir friðarferlið.

Tillagan gengur sem sagt ósköp einfaldlega út á það að við Íslendingar fylgjum frumkvæði Noregs og tökum jafnframt upp baráttu fyrir því á alþjóðavettvangi að tekin verði upp eðlileg samskipti við réttkjörin stjórnvöld í Palestínu. Veruleikinn er sá að Palestínumenn eru kúguð og undirokuð þjóð sem sætt hefur miklu harðræði, býr við ólöglegt hernám og ólöglega landtöku af hálfu hernaðarstórveldisins Ísraels, með stuðningi Bandaríkjamanna, og hefur gert svo um meira en hálfrar aldar skeið. Það er augljóst að forsenda þess að brugðið geti til betri tíðar og að friður komist á á svæðinu fyrir botni Miðjarðarhafs er að sjálfsögðu að forsvarsmenn þjóðanna sem þar búa séu viðurkenndir og geti komið fram sem talsmenn þeirra í öllum samskiptum og þá ekki síst í friðarumleitunum.

Ísland getur með þessu, þótt í litlu sé, lagt sitt litla lóð á réttar vogarskálar og fylgt þarna djarflegu frumkvæði Norðmanna sem hafa sögulegu og miklu hlutverki að gegna fyrir botni Miðjarðarhafsins, samanber frumkvæði þeirra að Óslóarsamningunum á sínum tíma og það þarf enginn að efast um að sú afstaða sem Norðmenn þarna tóku sé að vel ígrunduðu máli, byggi á viðamikilli þekkingu þeirra á þessum flóknu deilumálum og sé af þeirra hálfu hugsuð sem jákvætt skref og liður í því að reyna að opna einhverja glugga og kveikja einhverjar vonir um að til betri tíma geti brugðið í þessum efnum.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar, virðulegur forseti, ég tel að tillagan skýri sig sjálf og að allar forsendur í kringum hana séu ljósar. Það væri gleðiefni ef Alþingi sæi sér fært að taka stefnumótandi ákvörðun í þessum efnum hér á þessum vordögum. Í öllu falli væri til bóta þótt ekki væri annað en að skýr vilji kæmi fram hjá hæstv. ríkisstjórn í þessum efnum og hvort núverandi utanríkisráðherra sé sama sinnis og sú sem á undan gegndi embættinu, þ.e. að þetta beri að gera, en þá er náttúrlega einnig ljóst og mikilvægt að fram komi að hinn stjórnarflokkurinn, Sjálfstæðisflokkurinn, leggi ekki áfram stein í götu þess að íslensk stjórnvöld geti stigið þetta skref og tekið upp stjórnmálasamband og eðlileg samskipti við réttkjörin stjórnvöld í Palestínu.

Ég legg svo til að tillögunni verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. utanríkismálanefndar.

[17:29]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hér hljóðs í tilefni af þessari þingsályktunartillögu okkar í þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Ég tel að ákveðið lag hafi nú skapast í þessum efnum með það að viðurkenna réttkjörna ríkisstjórn Palestínu og til þess að setja málið í samhengi tel ég ekki úr vegi að rifja aðeins upp sögulegt samhengi hlutanna.

Við vitum auðvitað að Palestína varð til sem pólitísk eining árið 1922 en þá varð hún til sem verndarsvæði breska heimsveldisins. Allt síðan þá, frá fyrri hluta 20. aldar, hefur innflutningur gyðinga til Palestínu aukist og til ársins 1947 þegar Bretar afsöluðu sér formlega allri ábyrgð á Palestínu og í kjölfar þess var ákveðið af Sameinuðu þjóðunum að skipta landinu í tvennt, í Palestínu og Ísrael, og Jerúsalem yrði undir alþjóðlegri stjórn.

Stofnun Ísraels 1948 olli strax stríði við nágrannalöndin og því stríði lauk með gjörsigri hins nýja ríkis. Það má eiginlega segja að allt síðan þá hafi ástandið á svæðinu verið ein púðurtunna og varð þó enn verra 1967, í sex daga stríðinu fyrir 40 árum, í júní 1967, sem lauk með stórsigri Ísraela og þá lagði her þeirra undir sig allan Sínaískagann, Vesturbakka Jórdanár, Gaza-svæðið, Gólanhæðir í Sýrlandi, landsvæði sem var mun stærra en Ísrael var í upphafi stríðs.

Þetta hernám hefur nú staðið í 40 ár og Sameinuðu þjóðirnar hafa margoft ályktað gegn því en Ísraelsstjórn hefur sniðgengið þær ályktanir. Þessi sami tími, undanfarin 40 ár, hefur einkennst af baráttu Palestínumanna fyrir landi sínu. Þær baráttuaðferðir hafa verið af ýmsum toga og ekki allar góðar, en hins vegar er nauðsynlegt að hafa þetta sögulega samhengi í huga þegar við horfum núna á ástandið á þessu landsvæði.

Við vitum líka að þarna hélt ástandið áfram að versna, t.d. í kringum 1980. 1978 réðst Ísrael inn í Líbanon, 1982 var gerð önnur innrás og á þessum tíma áttu sér stað fjöldamorðin í Sabra og Shatila þar sem 3.000 Palestínumenn voru myrtir með vitorði og aðild Ísraelshers. Þetta er bara til að varpa ljósi á hvernig ástandið hefur verið.

Fyrir 20 árum hófst vopnuð barátta Palestínumanna á Vesturbakkanum sem við þekkjum undir nafninu „intifada“ og lýst var yfir stofnun sjálfstæðs ríkis. Mikilvægt skref

náðist hins vegar í friðarátt 1993 í Ósló með samkomulagi Palestínumanna og Ísraelsmanna. Þá varð loksins til einhvers konar ríki Palestínumanna á Vesturbakkanum og Gaza-svæðinu sem náði þó líklega aðeins yfir ríflega fimmtung þess landsvæðis sem Ísrael hernam 1967.

Því miður hefur orðið mikill afturkippur í þróun mála frá árinu 2000 og fjöldamargir — opinberar tölur eru nú óljósar á þessu svæði af því að öll grunngerð samfélagsins er í rúst — a.m.k. 3.000 Palestínumenn hafa látið lífið og þar af 500 börn og samfélagið er í rúst enda búið að ráðast gegn og fella flestar grunnstoðir þess. Það hefur verið haldið áfram að reisa landnemabyggðir á svæðum Palestínumanna og árið 2004 fór Ísraelsstjórn að reisa hinn alræmda aðskilnaðarmúr á Vesturbakka Jórdanár en sem kunnugt er kvað Alþjóðadómstóllinn í Haag upp þann úrskurð að hann stæðist ekki alþjóðalög og að sá hluti hans sem þegar hefði verið reistur skyldi rifinn. Því hefur reyndar ekki verið fylgt fyllilega eftir enn þá.

Í þingkosningunum í janúar 2006 unnu hin herskáu Hamas-samtök sigur og fengu meiri hluta á þingi Palestínu. Auðvitað komu þau úrslit mörgum á óvart, sýndu að kosningabærir íbúar Palestínu tóku herskáa Hamas-liða fram yfir hófsamari öfl eins og Fatah-hreyfinguna sem hefur lagt áherslu á samningaleiðina. Alþjóðlegir eftirlitsmenn, þeirra á meðal Jimmy Carter, fyrrum Bandaríkjaforseti, sögðu framkvæmd kosninganna til fyrirmyndar, ekki síst miðað við að landið er í hernámsástandi og að önnur lönd í þessum heimshluta mættu margt læra af þessum kosningum og framkvæmd þeirra. Í framhaldinu, eins og fyrri ræðumaður kom inn á, var mynduð þjóðstjórn sem ekki aðeins stærstu stjórnmálaöflin, Hamas og Fatah, sameinuðust um heldur einnig smærri flokkar á löggjafarþinginu. Þetta er mjög merkilegt skref í þessu landi, hvernig menn hafa reynt að ná saman um það að ná sátt í landinu um stjórn og sýnir skýran vilja til þess að þarna virki stjórnsýslan.

Sagan sýnir okkur líka að það hefur verið reynt að einangra Palestínumenn, gera þeim ómögulegt að búa í landi sínu með því að rífa niður allt það sem gerir samfélag að samfélagi, menntakerfi, heilbrigðiskerfi, samgöngur, löggæslu, ráðist hefur verið að öllum þessum grunnstoðum. Stærstur hluti palestínsku þjóðarinnar, yfir 4 milljónir, eru á flótta og hjálpar- og mannúðarstofnanir, þeirra á meðal Sameinuðu þjóðirnar, hafa ítrekað skilað skýrslum þar sem ástandið á herteknu svæðunum er sagt hörmulegt og hafa versnað enn með viðskiptabanni Ísraels og Vesturlanda.

Við vísum í tillögu okkar í frumkvæði Noregs í þessum efnum en Noregsstjórn hefur tekið frumkvæði í að rjúfa þessa einangrun með því að viðurkenna þjóðstjórnina tafarlaust og aflétta viðskiptabanninu. Þetta er mjög mikilvægt skref í því að efla lýðræðið í Palestínu og gera þjóðstjórnina að virkum þátttakanda í alþjóðafélaginu, þetta er lífsnauðsynlegt skref fyrir þessa þjóð. Þannig geta vestrænar þjóðir stuðlað að því að gera stjórnarhætti þarna gagnsærri og lýðræðislegri, og síðast en ekki síst gera Palestínumönnum kleift að kaupa og selja vörur, stunda frjáls viðskipti, sem maður skyldi ætla að margir hér í þessum sal gætu tekið undir.

Við leggjum því til að Ísland fylgi þessu fordæmi þegar í stað. Það væri gríðarmikilvægur skerfur til friðar og mannúðar í landi sem hefur búið við hernám í 40 ár því að þegar upp er staðið snýst málið um það að þarna þarf fyrst og fremst að byggja upp samfélag, það þarf að reisa þær grunnstoðir sem hverju samfélagi eru nauðsynlegar þannig að fólk geti búið við öryggi, komist milli staða í öllum erindagjörðum sínum, treyst því að heimili þess verði ekki jöfnuð við jörðu að nóttu til, fólk geti alið börnin sín upp við sómasamlegar aðstæður og þau geti sótt skóla, fái tækifæri til að mennta sig og ná árangri í lífinu. Við Íslendingar getum lagt okkar af mörkum til þess að svo megi verða með því að rjúfa einangrun Palestínu, viðurkenna réttkjörna ríkisstjórn Palestínu á heimastjórnarsvæðinu og taka upp við þetta land eðlileg samskipti.

Ég hvet eindregið til þess að þingmenn íhugi þetta mál vandlega og styðji tillöguna.

[17:37]

Bjarni Harðarson (F):

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu er mér að mörgu leyti svolítið skylt hafandi dvalið eða búið um skeið á Vesturbakkanum einmitt í flóttamannabúðum Palestínumanna fyrir aldarfjórðungi síðan og fylgst með því að síðan þá hefur ástandið á þessu svæði bara versnað.

Mál þetta allt saman, svo fjarlægt sem það kannski virðist okkur á hinu háa Alþingi, er íslensku þjóðinni líka mjög skylt. Örlög palestínsku þjóðarinnar og saga Ísraelsríkis og Palestínu eru mál sem íslenska lýðveldið getur alls ekki látið sem því komi ekki við. Það var fulltrúi Íslendinga hjá Sameinuðu þjóðunum, Thor Thors, sem flutti tillögu 1947 um þá skiptingu sem þá átti að leggja til grundvallar skiptingunni milli Palestínumanna og Ísraelsmanna. Með því frumkvæði, sem auðvitað var umdeilanlegt á þeim tíma en ég held að hafi þó verið rétt í ljósi sögunnar, sköpuðum við okkur líka mikla ábyrgð gagnvart báðum þessum þjóðum, Ísraelsmönnum og Palestínumönnum. Við höfum að mörgu leyti síðan þá staðið ágætlega undir þeim væntingum, allt þar til nú.

Íslendingar voru síðan með fyrstu þjóðum til að viðurkenna Ísraelsríki árið eftir en við vorum líka, ég held ég fari rétt með það, langfyrstir vestrænna ríkja til að viðurkenna stjórn Palestínumanna meðan hún hafði enn aðsetur í Túnis og þáverandi forsætisráðherra Íslendinga, Steingrímur Hermannsson, langfyrstur forsætisráðherra til þess að fara í opinbera heimsókn til stjórnar Palestínumanna í Túnis.

Þetta allt skiptir mjög miklu máli í því samhengi sem hér er verið að tala um. Við getum endalaust velt fyrir okkur kostum þess og göllum að viðurkenna stjórn þar sem við sögu koma jafnherská samtök og Hamas-samtökin og ég skil alveg að það standi í mörgum á Vesturlöndum að gera það en við skulum horfa til sögunnar. Þegar við viðurkenndum Ísraelsríki þá viðurkenndum við ríki sem byggði herstyrk sinn á her sem stofnaður var upp úr skæruliðasamtökum, sömu skæruliðasamtökum og fóru með morðum og hryðjuverkum að fjölda þorpa í Palestínu. Dayr Yasin er kannski þekktasta dæmið en þau eru mörg önnur. Ísraelsríki hefur allt til okkar daga verið skipað stjórnmálamönnum sem áttu sér harla erfiða sögu sem fyrrverandi skæruliðar, áttu sér sögu sem vopnaðir borgarskæruliðar sem skirrðust ekki við að taka þátt í morðum og morðið þar á Bernadotte,

morð á breskum hermönnum og morð á konum og börnum eru þar fjölmörg í sögu þessara manna, Shamirs, Begins, Moshe Dayans, jafnvel Ben Gurions og auðvitað í sögu allra þeirra herforingja sem þetta ríki leiddu.

Hamas-samtökin eiga sér vitaskuld ógeðfellda sögu, sögu vopnaðrar baráttu sem við eigum mjög erfitt með að sættast við. Fatah-samtök Yassers Arafats áttu þessa sögu líka. Vesturlönd sættust við sögu Ísraelsmanna og hryðjuverka sem þeir höfðu staðið að, við sættumst við þessa sögu hjá Fatah-samtökunum og það er í rauninni enginn stigsmunur á því að ganga sömu leið gagnvart Hamas-samtökunum sem hafa á undanförnum árum sýnt mjög mikinn vilja til að snúa til annarrar stefnu, borgaralegri stefnu og friðvænlegri stefnu en þeir áður fylgdu.

Ég held að frumkvæði Íslendinga í þessu máli skipti raunverulegu máli á heimsmælikvarða, að frumkvæði skandinavísku þjóðanna sé raunverulega eitthvað sem geti haft áhrif í Miðausturlöndum. Auðvitað eru aðstæður gagnvart hryðjuverkahópum jafnvel enn erfiðari í dag en þær voru þegar við stigum þetta skref, þegar Steingrímur Hermannsson, einna fyrstur vestrænna stjórnmálaleiðtoga, steig þetta skref gagnvart hinum vopnaða Yasser Arafat og gekk á hans fund. Til eru myndir af því þar sem þeir ganga saman og hann með skammbyssurnar í beltinu, þ.e. ekki Steingrímur heldur hinn. Og það eru kannski þær aðstæður núna að okkur finnst enn erfiðara að viðurkenna einhver þau öfl sem styðja borgaralegt ofbeldi eins og Hamas-samtökin hafa gert, sem aftur tengist svo ofbeldisverkum eins og þeim sem við þekkjum hvað best frá 11. september en hafa líka orðið fjölmörg síðan. Þetta mál er alls ekkert einfalt en ég held að við verðum að horfa þannig á það að sú kúgun og það feikilega óréttlæti sem palestínska þjóðin er beitt mun aðeins verka til þess að ýta enn frekar undir öfgamenn á þessu svæði og það er mikilvægt að taka við þeirri útréttu sáttahönd sem Palestínumenn hafa gefið þarna með myndun þjóðstjórnarinnar.

Ég harma það svolítið að ekki skuli hafa verið leitað samkomulags allra flokka um flutning þessarar tillögu, sem ég tel í alla staði mjög góða, því að ég held að hægt sé að ná slíku samkomulagi. Þessi tillaga er efnislega samhljóða leiðara Morgunblaðsins fyrir að ég held liðlega ári, ég man ekki alveg dagsetninguna á því. Sú krafa, sú hugmynd að við höfum ekkert val gagnvart lýðræðislega kjörnum stjórnvöldum í Palestínu annað en að virða niðurstöðu kosninganna er því engin sérskoðun þeirra sem eru til vinstri í pólitík eða sérskoðun þeirra sem eru öndverðir Bandaríkjunum í pólitík, það er skoðun lýðræðisins og það er þess vegna stefna sem við eigum að fylkja okkur öll um. Ég skora á þingmenn allra flokka að gera það og gera þetta ekki að pólitísku bitbeini. Minnt var á það áðan að fyrir kosningar var eining um þetta meðal (Forseti hringir.) allra flokka nema eins og ég á von á að það takist að ná einingu um þetta mál.

[17:45]

Utanríkisráðherra (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir) (Sf):

Virðulegur forseti. Í þessari tillögu til þingsályktunar er hreyft máli sem hefur alltaf öðru hvoru komið til kasta Alþingis og til umræðu á Alþingi, þ.e. afstöðu þings og þjóðar til þess ástands sem ríkt hefur á hernumdu svæðunum í Palestínu um áratugaskeið. Stundum hefur Alþingi borið gæfu til þess að standa saman í þessu máli, eins og hv. þm. Bjarni Harðarson hvatti til að gert yrði núna, og reynt að ná nokkuð þverpólitískri sátt í þinginu um hvernig við beittum okkur í þessu máli. Þegar ég segi þetta er ég að vísa til þess að ef ég man rétt þá samþykkti Alþingi samhljóða árið 1989 ályktun þess efnis að virða beri sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar. Nokkrum sinnum hefur Alþingi borið gæfu til þess að gera slíkar samþykktir um utanríkismál. Það hefur alltaf, ég fullyrði það, reynst okkur gott veganesti og haldreipi í umræðu sem annars vill verða ansi átakasöm.

Þetta hefur líka gerst varðandi, ef ég man rétt, kjarnorkuvopn. Meðan mest var deilt um herstöðina og aðildina að NATO gátu menn sammælst um það. Þetta eru ákveðnir staksteinar sem er mikilvægt fyrir okkur að reyna að stikla sameiginlega á ef þess er kostur.

Mín skoðun er sú að myndun þjóðstjórnarinnar í Palestínu hafi verið mikilvægt skref í átt til friðar á þessu svæði og Fatah hafi komið í veg fyrir borgarastyrjöld á heimastjórnarsvæði Palestínumanna. Mahmoud Abbas forseti og forustumenn Palestínumanna tel ég að hafi sýnt mikinn pólitískan kjark þegar þeir undirrituðu Mekka-samkomulagið og komið í veg fyrir miklar blóðsúthellingar sem annars hefðu hugsanlega orðið.

Norðmenn studdu við bakið á því ferli sem leiddi til myndunar þjóðstjórnarinnar og hafa raunar alltaf beitt sér mikið á þessu svæði eins og hér var vitnað til. Óslóarsamkomulagið er kannski órækasti vitnisburðurinn um það.

Þjóðstjórnin í Palestínu er réttkjörin stjórn Palestínumanna og um það er ekki deilt. Það er hins vegar deilt um það hvort hægt sé að eiga samskipti við þjóðstjórn þar sem Hamas-samtökin, sem litið hefur verið á sem hryðjuverkasamtök, eiga aðild að. En þetta eru klárlega rétt kjörin stjórnvöld í þessu landi.

En spurningin snýst kannski ekki um viðurkenningu á ríkisstjórninni heldur um eðlileg samskipti við stjórnina, bæði pólitískt og efnahagslega. Það er það sem norska ríkisstjórnin hefur ákveðið að gera. Hún hefur orðað það svo að hún hafi ákveðið að normalísera samskipti sín við þjóðstjórnina. Hún hefur þar með sýnt mikilvægt frumkvæði enda hafa Norðmenn leikið stórt hlutverk í deilum ríkja fyrir botni Miðjarðarhafs. Þeir hafa verið mikilvægir milligöngumenn og ætla sér greinilega að vera það áfram á þessu svæði. Þeir bjóða sig í rauninni fram sem milligöngumenn milli stjórnvalda í Ísrael og heimastjórnarsvæðis Palestínumanna, Evrópusambandsins og Bandaríkjanna.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það ástand sem nú er í Palestínu. Það er skelfilegt. Allir innviðir samfélagsins eru í rúst, eins og hér kom fram. Fjárframlög, m.a. frá Evrópusambandinu, til heimastjórnar Palestínumanna hafa verið fryst og Ísraelsstjórn hefur lagt hald á skatttekjur palestínskra stjórnvalda og takmarkað eins og við vitum ferðafrelsi palestínskra borgara. Það er gríðarlega mikilvægt að vinna að því að þetta breytist.

Stjórnvöld í Palestínu verða hins vegar líka að standa við sitt, fyrir sitt leyti. Þar komum við einmitt að þeim skil-

yrðum sem Norðmenn hafa sett, þ.e. þeir gera ekki fyrirframskilyrði en þeir gera kröfu til palestínskra stjórnvalda um að þau taki afstöðu gegn hryðjuverkum og viðurkenni tilverurétt Ísraelsríkis. En það er ekki forsenda fyrir því að taka upp eðlileg samskipti við þjóðstjórnina.

Virðulegur forseti. Ég tel mikilvægt að vinna að því að koma á eðlilegum samskiptum við þjóðstjórnina. Ég teldi mikinn feng að því ef væri hægt að ná um það þverpólítískri samstöðu á þingi, hvernig að því er staðið. Ég vil líka að það komi fram að ég mun þann 20. júní hitta norska utanríkisráðherrann til að fara m.a. yfir þessi mál með honum og reyna að átta mig á því hvernig við Íslendingar getum komið að málum.

Þá hef ég sett af stað undirbúning fyrir heimsókn mína á þessi svæði til að kynna mér betur hvernig við getum orðið að liði í þessum heimshluta. Það er í samræmi við það sem segir í stjórnarsáttmálanum þar sem ríkisstjórnin lýsir því yfir að hún vilji leggja sín lóð á vogarskálar friðar í Írak og Miðausturlöndum, m.a. með þátttöku í mannúðar- og uppbyggingarstarfi.

Ég hyggst, eins og ég segi, annars vegar ræða málið við norska utanríkisráðherrann og hins vegar skipuleggja ferð til þessara svæða til að kynna mér hvernig íslensk stjórnvöld geti beitt sér í þágu friðar og mannréttinda á þessu svæði. Ég vil gjarnan reyna að vinna að því að koma á eðlilegum samskiptum við þjóðstjórnina í Palestínu og mundi óska eftir því, ef það er fært, að þingið kæmi sér saman um ályktun í því efni. Það verður auðvitað verkefni utanríkismálanefndar að takast á við það verkefni.

[17:53]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu mikið. Ég þakka fyrir ræðurnar hér og undirtektir sem þessi tillaga hefur fengið og þakka hæstv. utanríkisráðherrar fyrir að taka þátt í umræðunni.

Ég hefði auðvitað kosið að hæstv. ráðherra væri afdráttarlausari í svörum sínum og lýsti einfaldlega yfir áformum eða ásetningi sínum um að beita sér fyrir, í krafti embættis síns, því að taka upp þessi eðlilegu samskipti. En að því vill þó hæstv. ráðherra vinna og það er jákvætt svo langt sem það nær.

Varðandi það að Alþingi móti þá stefnuna, eins og hæstv. ráðherra í raun og veru vísaði til og óskaði eftir að utanríkismálanefnd tæki málið til umfjöllunar og skoðunar, þá verðum við að sjálfsögðu við þeirri bón. Annað kemur tæplega til greina. Okkur ætti ekki að vera að vanbúnaði að funda í utanríkismálanefnd á næstu sólarhringum og fá á hreint hvort vilji stendur til þess að afgreiða þetta mál. Mér finnst að minnsta kosti nokkuð augljóst að ályktа megi að fyrir því sé meirihlutastuðningur á Alþingi. En að sjálfsögðu er æskilegast, ef hægt er, að ná um þetta algjörum og þverpólítískum stuðningi.

Það er rétt sem hér var nefnt að forsagan í málinu vísaði í þá átt. Með merkari ályktunum Alþingis á sviði utanríkismála er t.d. ályktunin frá 1989, þegar nokkrir þingmenn undir forustu Hjörleifs Guttormssonar beittu sér fyrir því að hér næðist samstaða um tímamótaályktun, í raun róttæka ályktun á mælikvarða vestrænna þjóðþinga, þar sem tilveruréttur Palestínuríkis var viðurkenndur. Þá var ályktað um að taka upp eðlileg samskipti við Yasser Arafat og *hreyfingu hans sem forustumenn palestínsku þjóðarinnar.* Þar var reyndar gengið lengra og ályktað um rétt flóttamanna til að snúa heim og rétt Palestínumanna til lands síns.

Sú samþykkt var merk og róttæk og Alþingi til sóma. Það er ekki svo oft sem maður getur virkilega bent á að Alþingi hafi sjálft tekið frumkvæði í að móta framsækna stefnu í þeim efnum. Sama má að sjálfsögðu segja um heimsókn forsætisráðherra þáverandi, Steingríms Hermannssonar, *til Arafats á sínum tíma sem var sömuleiðis* merkileg.

Ef ég man rétt náðist samkomulag um að bæta við ályktunina frá 1989, líklega á árinu 2000, gott ef ekki var að frumkvæði og tillöguflutningi sem ættaður var úr herbúðum Samfylkingarinnar. Þannig hafa margir lagt hönd á plóginn í þessum efnum á undanförnum árum.

Ég vonast til þess að við ljúkum afgreiðslu þessa máls í framhaldi af því sem hér hefur verið sagt og í framhaldi af *hvatningarorðum utanríkisráðherra þar um. Takist það hins* vegar ekki þá hlýtur að reyna á það á næstu vikum hvort ríkisstjórnin, sem fer með framkvæmdarvald í þessum efnum og getur þá vísað til jákvæðrar umfjöllunar um málið á Alþingi, klárar málið. Það væri tiltölulega einfalt. Til þess duga ósköp einfaldlega sambærilegar yfirlýsingar og Norðmenn gáfu og sendu aðstoðarutanríkisráðherra sinn á svæðið til að boða mönnum það fagnaðarerindi.

Ég er viss um að slíku yrði tekið fegins hendi af talsmönnum *Palestínumanna og minni á að í palestínsku ríkis*stjórninni situr maður, Mustafa Barghouti, sem er vel kunnugur á Íslandi og Norðurlöndum. Hann er upplýsingamálaráðherra ríkisstjórnarinnar ef ég man rétt og því eru hæg heimatökin að koma skilaboðunum áleiðis beint inn í palestínsku ríkisstjórnina.

Ég þakka fyrir þessa umræðu, virðulegi forseti. Ég vona að hún sé upphafið að því að Alþingi fylgi eftir arfleifð sinni í þessum efnum og þori að taka djarfar og stefnumótandi ákvarðanir. *Okkur er ekki mikill vandi á höndum* að þessu sinni vegna þess að við getum þar einfaldlega fylgt því glæsilega frumkvæði sem Norðmenn hafa tekið í málinu.

[17:57]

Árni Johnsen (S):

Virðulegi forseti. Það hefur verið svolítið sérstakt að hlusta á áherslur hv. þingmanna og vangaveltur um hvort ætti að byrja á að spúla dekkið stjórnborðsmegin eða bakborðsmegin í fyrirkomulagi nefndaskipana á Alþingi viðvíkjandi vandamál í sumum byggðum landsins og lýsa því svo yfir um leið að menn séu tilbúnir til að vaka nætur og daga til að sinna málefnum sem varða Palestínu.

Það er engin spurning að þessi tillaga er af hinu góða. Hún er jákvæð. Íslendingar eiga auðvitað að leggja lið hvarvetna sem þörf er og bágt ástand. En það er mjög mikilvægt að fara af varúð inn í þann pott sem Austurlönd nær eru. *Það er mikill munur á því að óska eftir formlegri viður*kenningu eða því að taka upp eðlilegt samstarf, eins og hæstv. utanríkisráðherra hefur nefnt, sem hlýtur að vera

eðlilegt og jákvætt og ástæða til að hvetja til.

Það hefur verið lenska um langt árabil á Íslandi að fréttir í fjölmiðlum hafa tengst umræddum löndum ótrúlega mikið. Þetta hefur svolítið verið að breytast á síðustu missirum. Allt í einu átta menn sig á því að kannski hafi verið fjallað fullmikið um þessi vandamál í Austurlöndum nær og fjær miðað við vandamál annars staðar í heiminum, þar sem eru vissulega verkefni sem þarf að vinna og hjálpa til við. Íslendingar eiga vitanlega af veikum mætti að sinna því einnig.

Það kom fram hjá hv. þm. Bjarna Harðarsyni að það mundi skipta sköpum á heimsmælikvarða hvort Íslendingar tækju þátt í þessari starfsemi varðandi Palestínu eða ekki. Ég held að svo sé ekki. Þeir sem hafa verið á þessu svæði vita hvers lags ormagryfja svæðið er og hve vandasamt er að fylgja þeim hlutum eftir með rökum. Það vita líka allir, þótt ekki sé alltaf verið að flíka því, hvernig Bandaríkin blandast inn í atvik á þessum svæðum á ótrúlegan hátt og sitja svo í súpunni hvað eftir annað. Það á ekki bara við um þessi svæði. Íslendingar hljóta að þurfa að fara mjög varlega inn í þessa kviku sem svæði sem þetta er.

Það þýðir ekki að láta tilfinningar ráða gagnvart Palestínumönnum einum sér. Þeir eru allra góðra hluta verðir en það er bara svo víðar í heiminum. Það má nefna nágranna Palestínumanna þar sem Íslendingar hafa nokkuð komið við sögu með þjónustu og kristniboði í Konsó í Afríku. Þar er líka kúgað fólk. Þar er fólk sem á bágt og hefur þó ekki verið lögð nein sérstök áhersla á það á hv. Alþingi Íslendinga að hjálpa þar til. Þar er þó ástæða til þess. Þar hafa Íslendingar verið í útrás sem er þróuð á íslenskum forsendum. Þannig mætti nefna ótal mörg dæmi en við ættum ekki að láta það ráða helst ferð að ástæða sé til að kitla þetta verkefni af því Bandaríkjamenn komi þar við sögu.

Við þekkjum auðvitað af sögunni að það gildir hið sama um þá eða um Rússa. Það hefur ekki verið hægt að treysta neinu til lengdar frá því svæði, a.m.k. ekki síðan Pétur mikli var við völd. Við gátum ekki einu sinni treyst Bandaríkjamönnum í sambandi við Keflavíkurflugvöll. Við verðum að horfast í augu við staðreyndirnar, að við erum lítil þjóð sem á að vera metnaðarfull og tilbúin að hjálpa til en við breytum ekki gangi heimsmála.

Fyrst skulum við sinna okkar eigin fólki. Það er mitt sjónarmið. Við höfum nóg verkefni á Íslandi við að sinna fólki sem hefur farið halloka og á undir högg að sækja. Það hlýtur fyrst og fremst að vera verkefni okkar sem sjálfstæðrar íslenskrar þjóðar, að rækta þann garð.

En við skulum líka vera tilbúin til að rétta hjálparhönd, til að mynda í Palestínu, því þar er hörmulegt ástand. Ef við getum gert það þannig að það skipti máli og skili árangri þá er það vonandi verkefni hæstv. utanríkisráðherra, ríkisstjórnar og Alþingis og annarra sem vilja leggja lið að gera það vandlega svo eftir verði tekið. En menn mega ekki gleyma að víða annars staðar er fullkomin ástæða til þess að gera samsvarandi hluti. Það er bara svo lítill áhugi á því á Íslandi.

[18:04]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar til að bregðast aðeins við þessari ræðu hv. þm. Árna Johnsens, sérstaklega vegna þess að hann sagði í lokin að við Íslendingar breyttum ekki gangi heimsmála. Mér finnst koma fram í þessu svolítill misskilningur eða ég er a.m.k. ekki sammála því að við eigum ekki að láta okkur mál varða sem snúa að heimsmálunum vegna þess að dropinn holar steininn og hvað varðar þessa tillögu sem hér er flutt þá er ég fylgjandi henni og eins og kom fram áður í umræðunni þá mótaði ég þá stefnu eða það er kannski of mikið að segja að ég hafi mótað þá stefnu heldur tjáði ég mig sem utanríkisráðherra fylgjandi því að við tækjum upp eðlileg samskipti við hina nýju þjóðstjórn í Palestínu. Það er mjög í samræmi við það sem Norðmenn hafa gert.

Ég sat fund Atlantshafsbandalagsríkja í lok apríl í Ósló þar sem utanríkisráðherra Noregs, Jonas Gahr Störe, stjórnaði óformlegri umræðu um þessi mál og það var mjög athyglisvert hvað utanríkisráðherrar Atlantshafsbandalagsríkjanna voru mikið að velta því fyrir sér hvort ekki væri hægt að nýta þær breytingar sem hefðu orðið í Palestínu með hinni nýju þjóðstjórn til að taka upp samskipti við Palestínu. Það verður ekki komið á friði öðruvísi en að talað sé saman. Þetta getur verið leið. Vissulega er margt rétt sem kom fram í máli hv. þingmanns um að ástandið er erfitt en það að taka upp samskipti við þessa stjórn er að mínu mati mjög áhugavert og getur skipt máli.

[18:07]

Árni Johnsen (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vona að það hafi ekki farið fram hjá hv. þingmönnum að ég er hlynntur þessari tillögu. Hún er jákvæð. Ég gerði greinarmun á því hvort gengið væri til verka með því að finna eðlilegan farveg fyrir eðlileg samskipti eða setja fram formlega viðurkenningu sem er miklu afdrifaríkara og flóknara mál í uppsetningu. Ég heyri ekki annað en við hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir séum sammála í þessum efnum.

En þegar maður notar orðalagið „við breytum ekki gangi heimsmála“ þá er það auðvitað svolítið stórt í stinginn tekið. Við getum auðvitað haft áhrif og með öllu sem við gerum, með einu orði, með einu handtaki höfum við áhrif. En við breytum kannski ekki gangi heimsmála. En við getum hjálpað til. Þar eigum við að leggja okkar lið og þess vegna finnst mér þessi tillaga löngu tímabær. Svo langt sem orðalagið nær og ég vil taka undir þá túlkun hæstv. utanríkisráðherra að það þarf að finna þarna ákveðinn flöt sem tengist því að koma á eðlilegum samskiptum. Það er svolítið teygjanlegt en það gefur svigrúm til þess að ganga til verka, hafa samskipti, tala saman og bera saman bækur og vonandi hefur það áhrif til góðs ef menn ganga þá leið.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og utanrmn.

Út af dagskrá voru tekin 4.–6. mál.

Fundi slitið kl. 18:12.

5. FUNDUR

miðvikudaginn 6. júní,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Þingsköp Alþingis, frv., 10. mál, þskj. 18. — 3. umr.
2. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 7. mál, þskj. 7. — 1. umr.
3. Kauphallir, stjfrv., 8. mál, þskj. 8. — 1. umr.
4. Fjármálafyrirtæki o.fl., stjfrv., 9. mál, þskj. 9. — 1. umr.
5. Almannatryggingar og málefni aldraðra, stjfrv., 11. mál, þskj. 11. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ólöf Nordal, 9. þm. Norðaust.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 1. þm. Suðvest.,
Þórunn Sveinbjarnardóttir umhvrh., 8. þm. Suðvest.

[13:32]

Útbýting:

Þingsköp Alþingis, 10. mál, þskj. 18.

Upphaf þingfundar.

[13:32]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Ég bið hv. þingmenn að minnast þess í framtíðinni að þegar sá tími er kominn að fundur skuli hefjast séu allir hv. þingmenn sestir og sitji hljóðir.

Athugasemdir um störf þingsins.

Lög um fjárreiður stjórnmálasamtaka.

[13:33]

Guðni Ágústsson (F):

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi þingfundar ræða við hæstv. forsætisráðherra um fjárreiður stjórnmálaflokkanna og löggjöf nýsetta af hálfu Alþingis. Í 1. gr. þeirra laga segir svo um markmið og tilgang:

„Tilgangur laga þessara er að kveða á um fjárframlög til stjórnmálasamtaka og stjórnmálastarfsemi, draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og tryggja gagnsæi í fjármálum. Markmið laganna er að auka traust á stjórnmálastarfsemi og efla lýðræðið."

Lögin öðluðust gildi 1. janúar 2007.

Í framhaldinu urðu stjórnmálaflokkarnir sammála um að takmarka auglýsingar við ákveðna upphæð í svokölluðum landsmálamiðlum. Andi þessara laga og þessa samkomulags var góður og markmiðið háleitt.

Nú gerðist það að DV, í eigu eins öflugasta fyrirtækis landsins, var gefið út í 100 þús. eintökum miðvikudaginn fyrir kosningar. DV-blöðin voru tvö talsins þann miðvikudag. Aukablaðið hét „Þitt blað – uppgjörið" og var afgerandi í afstöðu sinni með og á móti flokkunum. Enn fremur gerðist það daginn fyrir kosningar að auglýsingar birtust í öllum dagblöðunum þar sem einn mesti áhrifamaður atvinnulífsins, bæði þekktur og vinsæll, gekk til liðs við og hvatti fólk til að kjósa ákveðinn stjórnmálaflokk þótt í sömu auglýsingu væri hvatning til að strika þingmann og sitjandi ráðherra burtu.

Nú vil ég spyrja hæstv. forsætisráðherra og þess vegna forsvarsmenn annarra flokka: Hver er skoðun hæstv. ráðherra á aukablaði DV og sannarlegu inngripi í kosningabaráttuna? Ræddu forustumenn flokkanna um hættu á því að svona lagað gæti gerst? Verður nú í ljósi þessara atburða sem ég hef farið yfir að endurskoða lögin með það í huga að fyrirtækin geti ekki í krafti peninga komið í raun „hina leiðina" til stuðnings við flokk eða þannig gengið gegn stjórnmálaflokki eða -flokkum og einstökum stjórnmálamönnum eins og Björn Bjarnason mátti sæta? Telur hæstv. forsætisráðherra að forustumenn stjórnmálaflokkanna eigi í ljósi þessara atburða (Forseti hringir.) sem ég hef hér lýst að yfirfara lögin og reglurnar? Mun hæstv. forsætisráðherra beita sér fyrir slíkri endurskoðun?

[13:35]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður kemur með athyglisverðar ábendingar varðandi hin nýju lög um fjármál stjórnmálaflokkanna og atburði sem urðu í kosningabaráttunni. Það er alveg ljóst að fyrir okkur sem beittum okkur fyrir lagasetningunni fyrir jólin vakti það að draga úr óeðlilegum afskiptum, sérstaklega fyrirtækja, af stjórnmálabaráttunni og um það náðist gott samkomulag sem markaði ákveðin tímamót á því sviði. Flokkarnir sem þá sátu á Alþingi gerðu síðan einnig samkomulag um að takmarka auglýsingar eins og hv. þingmaður rakti en þó voru ný framboð að sjálfsögðu ekki bundin af því.

Það sem gerðist síðan í baráttunni og hv. þingmaður rakti kom okkur auðvitað á óvart. Ég sagði það þegar ég var spurður um þetta blað, DV, í kosningabaráttunni að það ætti að færa það á auglýsingareikning þáverandi stjórnarandstöðuflokka. En menn verða að láta ýmislegt yfir sig ganga í svona kosningabaráttu, hversu ósmekklegt sem það er, alveg eins og hv. þingmaður nefndi varðandi tilteknar auglýsingar sem birtar voru hér til höfuðs tilteknum frambjóðanda. Við þurfum að fara yfir þetta allt, það er rétt hjá hv. þingmanni, við þurfum að fara yfir reynsluna af þessum lögum og skoða með hvaða hætti þeir mánuðir sem liðnir eru frá því að þau voru sett geta nýst okkur til endurmats á þessum lögum. Það þarf jafnframt að hafa í huga og margir bentu á það þegar verið var að undirbúa þessi lög að það yrði að gæta þess að höggva ekki nærri prent- eða tjáningarfrelsinu í landinu og að sú hætta gæti verið fyrir hendi að upp mundu spretta hliðarsamtök eða stofnanir við hliðina á stjórnmálaflokkunum og heyja baráttu fyrir þeirra hönd. Við kynnum að eiga erfitt með að höndla slíkt nýtt vandamál. Og það fer ekki hjá því að eitthvað í þá áttina hafi gerst í þessari kosningabaráttu því að tiltekin samtök hafa með beinum eða óbeinum hætti lýst fylgi eða stuðningi við tiltekna flokka í þessari baráttu.

Allt er þetta tilefni til að skoða að nýju og (Forseti hringir.) það er alveg rétt og ég þakka hv. þingmanni fyrir þær ábendingar.

[13:38]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Suðurk. fyrir að taka þetta mál hér upp. Það er eðlilegt að núna í kjölfar þingkosninga sé þetta mál tekið upp til frekari umræðu. Við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði vorum ánægð með þá löggjöf sem sett var um fjármál stjórnmálaflokkanna á sínum tíma. Það var mikil framför fólgin í henni. Að vísu hafði hún ekki mjög miklar breytingar í för með sér fyrir okkur því að við höfum frá fyrsta degi haft fjármál okkar opin.

Ég hygg að í tengslum við þá löggjöf sem sett var og samkomulag flokkanna í kjölfarið hafi verið rætt um að takmarka inngrip utanaðkomandi aðila þannig að kosningabaráttan yrði ekki með svipuðu sniði og við höfum séð í löndunum í kringum okkur, sérstaklega í Bandaríkjunum. Niðurstaðan mun hafa orðið sú eftir því sem ég best veit að gera það ekki, a.m.k. ekki fyrsta kastið. Það er hins vegar full ástæða til að taka þetta nú til frekari umfjöllunar eins og hér er vakið máls á af hv. þingmanni, og ég heyri að hæstv. forsætisráðherra tekur undir það.

Það samkomulag sem gert var um auglýsingar af hálfu flokkanna fyrir þessar kosningar var gott svo langt sem það náði, en að sjálfsögðu er full ástæða til að reyna að styrkja það. Ákjósanlegt er að gera það með góðum fyrirvara þannig að flokkarnir séu ekki í tímaþröng í aðdraganda kosninganna sjálfra og ég hvet þess vegna til þess að forustumenn flokkanna reyni að endurnýja það samkomulag og eins og ég segi geri það með góðum fyrirvara.

[13:39]

Guðni Ágústsson (F):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir skýr svör og í rauninni afdráttarlausa afstöðu þar sem hann fordæmir það inngrip sem átti sér stað í kosningabaráttuna í vor og að hann telji í ræðu sinni mikilvægt á ný að fara yfir þessa löggjöf. Ég þakka þá umræðu.

Ég sakna þess auðvitað að forustumenn Samfylkingarinnar hafi ekki tjáð sig því að hæstv. forsætisráðherra sagði að þetta DV-blað hefði verið gefið út í þágu stjórnarandstöðuflokkanna. (Gripið fram í.) Það má leiða líkur að því að þetta DV-blað hafi verið skrifað með það í huga að færa hæstv. forseta nýtt fang upp í hjónarúm ríkisstjórnarinnar og að á margan hátt hafi það tekist. En það er önnur saga. Menn geta deilt um svona blöð en sannarlega var þetta blað inngrip í íslenska kosningabaráttu. Ég tek undir með hæstv. forsætisráðherra, hættan er sú þegar búið er að loka „hinni leiðinni" að menn ætli þessa leið, þess vegna kannski flokkarnir að eiga sér samtök utan við stjórnmálastarfsemina sem geti með þessum hætti gengið inn í kosningabaráttuna. Það er að mínu viti hættulegt lýðræðinu og ég verð að segja líka að sú meðferð sem hæstv. dómsmálaráðherra sætti, Björn Bjarnason, að geta ekki reist hönd fyrir höfuð sér í því ótrúlega máli sem hæstv. ráðherra lenti í í þessari kosningabaráttu, er líka eitthvað sem ekki er lýðræðisins vegna verjandi. Þess vegna fagna ég hér ummælum hæstv. forsætisráðherra og treysti því að við forustumenn stjórnmálaflokkanna (Forseti hringir.) setjumst yfir þessa atburði og þá löggjöf sem tók gildi 1. janúar sl.

[13:42]

Jón Magnússon (Fl):

Herra forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að vekja máls á þessu mikilvæga atriði en ég verð að segja að það kemur mér töluvert á óvart með hvaða hætti umræður hafa verið hér í dag. Það er vikið að því með hvaða hætti ákveðið dagblað hagaði rekstri sínum og útgáfu rétt fyrir kosningar og það er vikið að því að þar hafi verið skrifað með einhverjum mjög sérkennilegum og sérstökum hætti. Hæstv. forsætisráðherra sagði að það hefði mátt ætla og verið eðlilegt að færa það á reikning stjórnarandstöðunnar.

Þá spyr ég: Hvað vilja menn gera? Eigum við að færa Staksteinaskrif Morgunblaðsins á reikning Sjálfstæðisflokksins, eða leiðaraskrif í því blaði? Eða það sem skrifað er í Fréttablaðið af fyrrverandi formanni Sjálfstæðisflokksins? Ef menn vilja fara út í þessa umræðu, hvert er þá komin spurningin um tjáningarfrelsið? Hvar er þá spurningin og mörk varðandi eðlilega blaðamennsku? Það er nú einu sinni þannig í þessu þjóðfélagi að við gefum einstaklingunum svigrúm, hvort sem þeir eiga peninga eða ekki því að tjáningarfrelsið gildir fyrir alla. Hversu smekklegt eða ósmekklegt sem okkur kann að finnast framsetningin gildir það þannig að tjáningarfrelsi og málfrelsi er bundið í stjórnarskrá og við getum ekki vikið frá því og við eigum ekki að gera það, heldur styðja við það atriði, jafnvel þótt okkur mislíki það sem sett er fram.

Ég get tekið undir þau efnislegu sjónarmið sem hafa verið sett fram varðandi þá auglýsingu sem vísað var til þar sem vikið var að einum ráðherra í ríkisstjórninni, mér fannst með öllu óeðlilegt að standa þannig að málum en þannig var það, þannig er það og það er heimilt. Við getum ekki komist fram hjá því og við eigum ekki að reyna það.

Ég var ekki sáttur við þá lagasetningu sem sett var á sínum tíma um fjármál stjórnmálaflokkana. Ég hefði viljað hafa hana með öðrum hætti en gott og vel úr því sem komið er. Við búum í lýðfrjálsu landi þar sem fólk hefur málfrelsi (Forseti hringir.) og á að hafa það.

[13:44]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Þegar lögin um fjárreiður stjórnmálaflokkanna voru sett var vitað að ýmis tækifæri væru til þess að koma á annan hátt að kosningabaráttunni. Menn vissu af þessu og menn ræddu það en töldu mikilvægt samt að fara þá leið sem farin var. Nú hefur reynt á hana í einum kosningum og það er án efa rétt hjá hæstv. forsætisráðherra að það þarf að skoða þetta mál og hugsanlega velta fyrir sér hvað megi betur fara og hvar hugsanlega kunni að hafa orðið einhverjir misbrestir.

Vandinn í þessari umræðu er hins vegar sá að hér á landi er tjáningarfrelsi og það er prentfrelsi og það er erfitt að setja mönnum skorður um það hvað menn setja fram. Hér var áðan vísað til skrifa Morgunblaðsins sem hugsanlega hallast að því að standa með tilteknum flokki og það blað kemur út í hundruðum þúsunda, eða milljónum eintaka á ári, ef menn vilja fara út í þetta. Ég man eftir að einhvern tíma tók Bændablaðið sérstaklega fram að minn flokkur væri bændum hættulegur. Ekki datt okkur í hug að reyna að fara að tengja það við einhverja stjórnmálaflokka. Þetta er vandinn í umræðunni, þetta er vandinn sem við er að etja

og verður alltaf.

Hvort hægt sé að setja einhverjar reglur til að koma til móts við þetta þekki ég ekki, a.m.k. sé ég ekki leiðina, en það breytir ekki hinu að það er fínt að taka þessa umræðu og skynsamlegt. Við eigum að ræða þetta en ég sé í sjálfu sér ekki neina þá lausn í þessu að við komum í veg fyrir að einstaklingar í samfélaginu tjái sig á einn eða annan hátt.

[13:46]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Það er eðli stjórnmálanna að við sem tökum þátt í þeim veitum oft pústra og lamstur og að sama skapi verðum við líka að vera reiðubúin að taka því sama. Hv. þm. Guðni Ágústsson er einn af þeim sem hefur hvað stærstan hramm að skekja hér í þessum sölum og hann lætur hramma sína oft skella ofan í hausa andstæðinga sinna, þar á meðal þess sem hér stendur. Menn kveinka sér kannski undan því, en þeir taka því. Hv. þm. Guðni Ágústsson verður að vera maður til þess að taka þeim pústrum sem honum eru veittir á móti.

Við erum að tala hér um grundvallaratriði. Við erum að tala um stjórnarskrárvarin réttindi manna til að tjá sig. Hv. þm. Guðni Ágústsson veit nákvæmlega hvað ég t.d. hef sagt og skrifað um þá menn sem hann gerði hér að umræðuefni og kýs ég ekki, þingskapa vegna, að rifja upp þau orð sem ég einu sinni hafði uppi um þau. En þeim lyktaði með hinni ágætu setningu: You ain't seen nothing yet.

Herra forseti. Ég er ekki reiðubúinn til að ganga svo langt að setja lög um það hvað Hreinn Loftsson má skrifa. Sá maður hefur heldur betur tekið í lurginn á þeim sem hér stendur og mig sveið undan því. En ég verð bara að bera það. Þeir menn sem taka að sér þá ábyrgð að vera formenn stjórnmálaflokka eiga ekki að koma vælandi hvað eftir annað og kvarta undan því að það sé einhverju blaði að kenna sem kannanir sýna að 5% þjóðarinnar lesa. Það kann að vera að það hafi verið þessi 5% sem Framsóknarflokkurinn tapaði á síðustu metrunum. Ég veit það ekki. En ég tel fyrir mitt leyti að hv. þingmaður sé að fara inn á mjög varhugaverða braut hér.

Hins vegar er búið að setja lög sem taka fyrir það sem áður var, t.d. eins og var staðfest fyrir síðustu kosningar. Einn tiltekinn stjórnmálaflokkur, flokkur hv. þingmanns, var í mánaðarlegri áskrift hjá Baugi og fékk 173 þús. kr. á hverjum mánuði (Forseti hringir.) í áskrift, staðfest af Jóni Ásgeiri Jóhannessyni í téðu blaði (Forseti hringir.) árið 2003. (**GÁ:** Ómerkilegt.)

Þingsköp Alþingis, 3. umr.

Frv. ArnbS og LB, 10. mál (skipan fastanefnda). — Þskj. 18.

[13:50]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Atli Gíslason) (Vg):

Herra forseti. Ég vil bara halda því til haga við afgreiðslu þessa máls að við hana hefur verið brotin áratugahefð í þingsögunni. Formenn stjórnarflokkanna leggja fram tillögu að breyttum þingskapalögum sem ekki hefur gerst um áratugaskeið. Við það er síðan beitt afbrigðum en afbrigðum beitir maður ekki nema eitthvað afbrigðilegt sé í gangi og rík ástæða til. Það var alls ekki í þessu tilviki.

Það segir beinlínis í þingskapalögum: „Fastanefndir skal kjósa á fyrsta fundi hvers þings“ og frá skylduákvæðum grípur maður ekki til afbrigða. Það er merkilegt að hugsa til þess að ríkisstjórnin leggur í stefnuyfirlýsingu sinni upp með það að segjast ætla að eiga gott samstarf við stjórnarandstöðuna. Hæstv. utanríkisráðherra leggur upp í eldhúsdagsumræðu um að eiga þetta góða samstarf og leita sáttaleiðar innan þessara mála.

Það var sáttaleið í þessu máli, algjörlega augljós, kjósa þessar nefndir og kjósa svo að nýju þegar þingskapafrumvarpið hefði verið afgreitt í nefnd með faglegum hætti sem ekki var gert. Það var tekið þar í gegn með offorsi. Þessu vil ég halda til haga og ítreka þann rökstuðning sem ég flutti í 2. umr. um þetta frumvarp.

Ég vona hins vegar svo sannarlega að þetta fall ríkisstjórnarinnar endurtaki sig ekki og sé fararheill í samskiptum við stjórnarandstöðuna. Þarna var einfaldlega unnt að finna sáttaleið og leysa málið til lykta. Það hefði tekið 10 mínútur af tíma Alþingis en í stað þess höfum við eytt löngum stundum í karp um þetta offors og þetta sem ég kalla „lýðræðislegt ofbeldi“.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ*, BjörgvS, BjörkG, BBj, EOK, EMS, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, IllG, JónG, JM, KVM, KaJúl, KÓ, KÞJ, KLM, LB, PHB, REÁ, RR, SKK, SVÓ, StB, ÖS.

15 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, BjH, GLG, GÁ, HöskÞ, IIG, KJak, KolH, MS, SF, SJS, VS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁPÁ, BjarnB, EKG, GAK, GÞÞ, GSv, HHj, ISG, JóhS, KHG, ÓN, ÞKG, ÞSveinb) fjarstaddir.

[* Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Frumvarpð afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 19).

Verðbréfaviðskipti, 1. umr.

Stjfrv., 7. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 7.

og

Kauphallir, 1. umr.

Stjfrv., 8. mál (EES-reglur, heildarlög). — Þskj. 8.

og

Fjármálafyrirtæki o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 9. mál (EES-reglur). — Þskj. 9.

[13:54]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þremur frumvörpum til

innleiðingar á tveimur tilskipunum Evrópuþingsins og Evrópuráðsins, tilskipun um markaði með fjármálagerninga og tilskipun um gegnsæi. Þessi frumvörp eru frumvarp til laga um verðbréfaviðskipti, frumvarp til laga um kauphallir og frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.

Frumvörpum þessum er ætlað að innleiða hér á landi tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins um markaði með fjármálagerninga sem birt var í Stjórnartíðindum EB 30. apríl 2004 og tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar í apríl 2005. Tilskipunina bar að innleiða í landslög fyrir 20. janúar sl. og skulu reglur hennar taka gildi 1. nóvember nk.

Áður en ég fer í efni sjálfrar tilskipunarinnar er rétt að líta til bakgrunns þessara mála sem er sá að umbreytingin á íslensku atvinnulífi á undanförnum árum hefur m.a. leitt til mikillar framrásar ýmiss konar alþjóðlegrar þjónustustarfsemi og þar á meðal fjármálastarfsemi. Ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks hefur lýst í stjórnarsáttmála sínum ríkum vilja til að slík starfsemi vaxi mjög hér á landi og sótt verði inn á ný svið í samkeppni við önnur markaðssvæði. Þess vegna er mjög brýnt að innleiða þær tilskipanir sem hér um ræðir í dag til að íslenskur fjármálamarkaður fái tíma til að laga sig að nýju umhverfi og breyttum reglum af því að tilskipunin tekur gildi alls staðar í Evrópu þann 1. nóvember eins og ég nefndi áðan og mun nefna enn frekar á eftir þegar ég fer efnislega í málið.

En áfram um bakgrunninn. Í árslok 2006 má áætla að hlutdeild fjármálafyrirtækja hafi numið um 10% af landsframleiðslu, staðið á bak við einn þriðja, að áætlað er, af hagvexti undanfarinna ára þannig að umfang fjármálastarfsemi og fjármálaþjónustu á Íslandi er orðið mjög mikið, og verðmæti útflutningsþekkingar og þjónustu hafi numið um 60 milljörðum á því ári. Í fyrra komu um 52% af tekjum viðskiptabankanna erlendis frá sem undirstrikar það hve mikilvægt er að þessi lög taki hér gildi þannig að þeir njóti sambærilegrar stöðu og fjármálastarfsemi erlendis. Þótt erlendar tekjur vátryggingafélaga séu enn þá ekki svipur hjá sjón miðað við viðskiptabankana stefnir þróunin þar í sömu átt og hjá viðskiptabönkunum.

Þessar staðreyndir sýna svo ekki verður um villst að útrás fjármálageirans hefur orðið mjög afgerandi og hefur mikla þýðingu í efnahagslífi okkar og gerir ekkert annað en að margfaldast og stigvaxa á komandi árum ef við byggjum myndarlega undir þessa starfsemi í atvinnulífi okkar.

Innganga Íslands í Evrópska efnahagssvæðið 1994 og innleiðing Evrópureglna í íslenska löggjöf gerðu EES-löndin að mögulegum heimamarkaði íslenskra fyrirtækja og þeir möguleikar, sem sameiginlegar reglur sköpuðu, hafa síðan verið nýttir með miklum myndarbrag og hafa m.a. orðið til hinnar miklu útrásar okkar fjármála- og þjónustufyrirtækja á síðustu árum sem er nokkuð einstök í sinni röð og þar er langmesti vöxtur einstakra greina á Íslandi á seinni tímum. Þeir möguleikar sem sameiginlegar reglur sköpuðu hafa skipt þarna miklu máli og að sjálfsögðu skiptir þar meginmáli að á leikreglum viðskiptalífsins sé gagnkvæm þekking og skilningur og að fjármálakerfi og fjármálamenning á Íslandi njóti trausts og góðs álits annars staðar frá. Það er sameiginlegt verkefni markaðarins og oppinberra aðila að byggja upp og viðhalda því orðspori sem svo mikilvægt er til að slík starfsemi fái skotið rótum og eflist á erlendri grundu. Þar liggur að sjálfsögðu til grundvallar orðspor og undirstaða fjármálastarfseminnar hér á landi þannig að hún fái notið sín erlendis og skjóti rótum þar.

Í stjórnarsáttmálanum segir að tryggt skuli að íslensk fyrirtæki búi við bestu samkeppnis- og rekstrarskilyrði sem völ er á. Af því leiðir að nauðsynlegt er að innleiða tímanlega hér á landi þær gerðir ESB sem að fjármálaþjónustu snúa til að lög og reglur um fjármálageirann á Íslandi verði í meginatriðum sambærileg við það sem gildir í öðrum EES-löndum frá og með 1. nóvember nk. Þess vegna mæli ég nú fyrir þessum þremur frumvörpum til innleiðingar á þeirri tilskipun um fjármálagerninga, sem í daglegu tali hefur gengið undir nafninu MiFID-tilskipunin, sem kemur til framkvæmda á Evrópska efnahagssvæðinu þann 1. nóvember nk. Væri örðugt að bíða haustþings til að ljúka innleiðingunni vegna hins skamma tíma sem íslenskur fjármálamarkaður hefur til að laga sig að hinu breytta umhverfi.

Inntak frumvarpanna þriggja sem hér eru til umræðu eru breytingar á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl., um verðbréfaviðskipti og um kauphallir. Fyrrnefnd tilskipun er hluti af skilvikrum innri markaði um fjármálaþjónustu, svo sem styttri viðbragðstíma, skilvirkara eftirliti og öflugri neytendavernd. Markmiðið með tilskipuninni er að skapa skilvirkari innri markað en verið hefur og efla hlutverk Fjármálaeftirlitsins.

Frumvörpum þessum er jafnframt ætlað að innleiða hér á landi tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins um gagnsæi. Tilskipunin var birt í Stjórnartíðindum EB 31. des. 2004 og var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar frá 30. september 2005 og bar að innleiða hana hér í landslög fyrir 20. janúar sl. Þessi mál hafa að geyma mikilvægar samevrópskar reglur á sviði verðbréfaviðskipta eins og áður hefur verið nefnt og bar að innleiða hér fyrr á þessu ári. Ákvæði tilskipunar um markaði með fjármálagerninga skuli taka gildi á Evrópska efnahagssvæðinu 1. nóvember nk.

Frumvörp þessi voru lögð fram á síðasta þingi en komu ekki til efnislegrar umræðu þá. Mikilvægt er að innleiðingu þessara gerða verði hraðað eins og kostur er og þar liggja ýmsar ástæður að baki sem skýra það að málin koma inn á sumarþingið sem er að störfum nú og stendur kannski ekki lengi fram eftir sumri, mikilvægt er að freista þess að taka málin fyrir núna og sjá hver afdrif þeirra verða.

Í fyrsta lagi eru hagsmunir íslenskra fjármálafyrirtækja miklir af því að frekari töf verði ekki á innleiðingu þessara gerða. Íslensku fjármálafyrirtækin gætu misst af þeim tækifærum sem felast í því að aðlagast nýjum reglum á tilsettum tíma. Þá gæti slík töf torveldað þeim að starfa óhindrað á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í öðru lagi er mikilvægt að hraða vinnu við frumvörp þessi til að íslenska ríkið standi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið en mikil áhersla hefur verið lögð á það af hálfu Evrópusambandsins að tímafrestir til innleiðinganna standist.

Í þriðja lagi er mikilvægt fyrir trúverðugleika íslensks fjármálamarkaðar að lagaumhverfi hér á landi sé ávallt með

því besta sem gerist í Evrópu.

Viðskiptaráðuneytið sendi frumvörp þessi til umsagnar hagsmunaaðila og annarra umsagnaraðila í vor. Umsagnir hafa þegar borist og er óhætt að segja að þær séu jákvæðar og aðilar á verðbréfamarkaði leggi áherslu á mikilvægi frumvarpanna.

Tilskipun um markaði með fjármálagerninga hefur að geyma reglur um starfsleyfi fjármálafyrirtækja til að stunda verðbréfaviðskipti og kauphalla til að reka skipulega verðbréfamarkaði. Þá er kveðið á um innra skipulag fjármálafyrirtækja og viðskiptahætti þeirra gagnvart viðskiptavinum. Þar er að finna ákvæði um upplýsingagjöf, um tilboð og viðskipti með verðbréf og gilda þær reglur um skipulega verðbréfamarkaði, markaðstorg fjármálagerninga svo og fjármálafyrirtæki. Þá er þar að finna ákvæði um tilkynningarskyldu fjármálafyrirtækja um viðskipti með fjármálagerninga. Í lok tilskipunarinnar eru ákvæði um eftirlit og samvinnu eftirlitsyfirvalda innan EES-svæðisins.

Gegnsæistilskipunin mælir einkum fyrir um samræmingu reglna um birtingu reglulegra upplýsinga um útgefendur verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skiptanlegum verðbréfamarkaði. Þá fjallar hún um birtingu upplýsinga um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar eða svokallaðar flöggunarreglur. Þær reglulegu upplýsingar sem útgefendum verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði ber að birta opinberlega samkvæmt frumvarpinu, eru eftir atvikum ársreikningur, árshlutareikningur vegna fyrstu sex mánaða og greinargerð frá stjórn.

Þá vík ég, virðulegi forseti, að frumvarpi um verðbréfaviðskipti en með því er gerð tillaga að nýjum lögum um verðbréfaviðskipti sem leysi af hólmi núgildandi lög um verðbréfaviðskipti. Eins og áður sagði er frumvarp þetta lagt fram samhliða frumvarpi til laga um kauphallir og frumvarpi til laga um breytingar á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki almennt. Lagt er til að lögin skiptist í alls 16 kafla en þar af eru 6 kaflar sem eru að mestu samhljóða núgildandi lögum. Í frumvarpinu eru gerðar auknar kröfur til fjármálafyrirtækja með leyfi til verðbréfaviðskipta, hvernig þau skipuleggja rekstur sinn og til viðskiptahátta þeirra gagnvart viðskiptavinum sínum. Er kveðið á um auknar kröfur til upplýsingagjafar fjármálafyrirtækja til viðskiptavina og skyldu þeirra til að meta hvort verðbréfaviðskipti séu við hæfi viðskiptavina. Frumvarpið hefur að geyma ítarlegar reglur um kvaðir á fjármálafyrirtæki, að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini sína, og kveðið er á um upplýsingagjöf fjármálafyrirtækja um tilboð og viðskipti, bæði gagnvart markaðnum og Fjármálaeftirlitinu. Þá er að finna nýjar reglur um markaðstorg fjármálagerninga og í frumvarpinu er einnig gerðar tillögur um auknar kröfur um upplýsingagjöf útgefenda verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og auknar kröfur um flöggun í kjölfar breytinga á verulegum hlut á atkvæðisrétti.

Með frumvarpinu um kauphallir er gerð tillaga að nýjum lögum um kauphallir sem leysi af hólmi núgildandi lög um starfsemi kauphalla og skipulega tilboðsmarkaði. Í frumvarpinu er m.a. lagt til að skipulegur tilboðsmarkaður verði lagður af, hugtakið kauphöll verði notað yfir hlutafélag sem rekur skipulegan verðbréfamarkað. Lagt er til að skýr greinarmunur verði gerður á opinberri skráningu og töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Í frumvarpinu er jafnframt gerð tillaga að nýjum reglum um gagnsæi á skipulegum verðbréfamarkaði. Lagt er til að Fjármálaeftirlitið muni hér eftir veita og afturkalla starfsleyfi skipulegra verðbréfamarkaða. Þá er lagt til að hægt verði með tilteknum skilyrðum að taka verðbréf til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði án samþykkis útgefanda.

Með frumvarpi til laga um breytingar á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki er gerð tillaga að breytingum á lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Í frumvarpinu er m.a. lagt til að fjárfestingar, ráðgjöf og rekstur markaðstorgs fjármálagerninga verði starfsleyfisskyld starfsemi. Lagt er til að gerðar verði mismunandi eiginfjárkröfur til verðbréfafyrirtækja með hliðsjón af ólíkum starfsheimildum þeirra. Lagt er til að breytingar verði gerðar á undanþágum frá starfsleyfisskyldri starfsemi og lagt til að Fjármálaeftirlitið veiti kauphöll leyfi til að reka markaðstorg fjármálagerninga. Þá er lagt til að Fjármálaeftirlitið hafi eftirlit með tilteknum þáttum varðandi starfrækslu erlendra útibúa á sviði verðbréfaviðskipta og hafi heimildir til að grípa til tiltekinna úrræða vegna þess eftirlits. Loks eru lögð til fyllri ákvæði varðandi hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra og tilkynningarskyldu fjármálafyrirtækja um breytingar á skipan slíkra aðila.

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða viðamikil frumvörp sem varða mikilvæga hagsmuni eins og komið var inn á áðan og er ekki tóm hér til að rekja miklu frekar efni þeirra. Ég hef því farið yfir mikilvægustu þættina og mælt fyrir frumvörpunum þremur.

[14:08]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Þau frumvörp sem hér eru til umræðu voru unnin í tíð síðustu ríkisstjórnar og eru lögð fram af hæstv. viðskiptaráðherra óbreytt. Frumvörpin voru fyrst unnin undir forustu Valgerðar Sverrisdóttur, fyrrverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, og síðan undir forustu Jóns Sigurðssonar, einnig fyrrverandi iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sem lagði þau fram undir lok síðasta kjörtímabils.

Með nýju frumvarpi er verið að innleiða tilskipun Evrópuþingsins, nr. 39/2004, svokallaða MiFID-tilskipun en hún miðar að því að auka eftirlit með fjármálafyrirtækjum, efla neytendavernd og skapa skilvirkari fjármálamarkað. Frumvörpin munu því styrkja stöðu íslenskra fjármálafyrirtækja og auka möguleika þeirra til enn frekari útrásar innan Evrópusambandsins.

Það er engum blöðum um það að fletta að íslenskur fjármálamarkaður hefur vaxið gríðarlega á undanförnum árum og skilar nú inn í þjóðarbúið tugum milljarða sem aftur nýtast í að efla og styrkja velferðarkerfi okkar. Þegar þróunin verður eins ör og raun ber vitni skiptir öllu máli að íslenskir og erlendir neytendur hafi traust á íslenska fjármálamarkaðnum.

Ég fagna því að nýr hæstv. viðskiptaráðherra, Björgvin G. Sigurðsson, skuli hraða þessu máli. Frumvarpið mun án

efa styrkja samkeppnisstöðu íslensks fjármálamarkaðar á erlendum vettvangi auk þess að skapa honum nauðsynlegt traust bæði heima og erlendis. Þá mun frumvarpið án efa styrkja stöðu Fjármálaeftirlitsins og því fagna ekki bara íslenskir neytendur heldur líka fjármálastofnanir landsins.

[14:11]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Frú forseti. Þetta er mikill bálkur af efni sem tilheyrir þessum þremur frumvörpum og þar er auðvitað frumvarpið um verðabréfaviðskiptin sýnu mest þar sem fram eru sett ný heildarlög um þau mál. Það er lítill tími til að fara ofan í saumana á þessu í smáatriðum á þessu stutta vorþingi en eftir sem áður er skylt að reyna að átta sig eitthvað á því hvað hér er á ferðinni.

Ég geri í sjálfu sér ekki neinar athugasemdir við að hæstv. ráðherra reyni að fá þessi mál afgreidd vegna þess að það er skiljanlegt að menn vilji hafa einhvern tíma fyrir sér til að undirbúa gildistökuna í haust. Það hefði auðvitað verið æskilegt að þetta hefði náð hér inn á þing á síðasta vetri og getað fengið rækilegri skoðun en unnt verður að gera hér á fáeinum dögum, af því að upp að vissu marki eru í þessu ákvörðunaratriði sem ekki eru sjálfgefin. Þó svo að um sé að ræða lögfestingu tiltekinna Evróputilskipana höfum við visst svigrúm eða visst val í ákveðnum tilvikum um það t.d. hvað við bindum í lög og hvað sett er í reglugerðir og stjórnvaldsfyrirmæli og um slíka hluti væri eðlilegt að Alþingi fjallaði.

Það eru nokkur atriði sem ég vil aðeins drepa á og eftir atvikum beina til hæstv. ráðherra eða fara fram á að skoðuð verði í nefnd, sem reyndar er ekki til enn þá til að taka við þessu máli. Það er í fyrsta lagi að hér er um að ræða rammatilskipun sem síðan er hugsuð þannig að á grundvelli hennar fær framkvæmdastjórn Evrópusambandsins heimildir til að setja ítarlegri reglur. Þá vaknar spurning um það hvernig EES-ríkin standa að vígi gagnvart því ef í raun og veru er búið að framselja til framkvæmdastjórnarinnar reglugerðarsetningarvald sem er þá, ef ég skil rétt, jafnvel að einhverju leyti utan þess hefðbundna samráðsferlis sem á sér stað á grundvelli stofnana eða regluverks EES-samningsins þegar gerðir eru á undirbúningsstigi innan Evrópusambandsins.

Hvernig er aðkoma EES-ríkjanna hugsuð að frekari þróun þessara mála þegar settar verða ítarlegri reglur, eins og þegar er byrjað á reyndar, á öðru stigi einhvers ferils sem kenndur er við Lamfalussy og veit ég nú ekki hver sá góði maður er eða hvað það nafn stendur fyrir. Ferlið er einhvern veginn svona upp sett og það kunna að vera fyrir því rök, að þetta sé svo flókið og viðamikið og verði að takast í áföngum að framkvæmdastjórninni er falið þetta hlutverk á grundvelli þessarar rammatilskipunar. Vangaveltur mínar lúta sem sagt að því: Hver er staða EES-ríkjanna og hver getur aðkoma þeirra verið að málinu á undirbúningsstigi? Er þarna um að ræða framsal sem gengur þá jafnvel lengra en núgildandi aðild okkar að samkeppnisréttinum á grundvelli EES-samningsins hefur gert hingað til?

Í öðru lagi er svo sú staðreynd að hér er verið að hverfa frá því að evrópsk fyrirtæki, vissulega bara á þessu sviði, sviði fjármálaumsvifa, séu skráningar- og eftirlitsskyld í því landi sem starfsemin fer fram. Nú þekki ég það ekki út í hörgul en mér er nær að halda að hér sé verið að brjóta í blað í þessum efnum með því að heimila að eftirlit, starfsleyfi, skráning og allt sem að því lýtur, heimalandsins gildi þó að viðkomandi aðili setji á fót formlega starfsstöð, útibú eða hafi starfsemi í öðru EES-ríki. Þetta er kunnugleg hugsun því að þetta var akkúrat útgangspunktur hinnar illræmdu þjónustutilskipunar sem kennd var við Bolkenstein nokkurn og reynt var að koma á og hefur verið í undirbúningi innan Evrópusambandsins að reyna að knýja í gegn og átti vissulega að ganga miklum mun lengra vegna þess að þá átti ekki bara eftirlit heldur beinlínis allar reglur, og þar með talið allt sem laut að starfskjörum og réttindum starfsmanna, að lúta heimalandinu sem hefði þýtt að þjónustuaðili, t.d. portúgalskur, sem væri með starfsemi hér hefði verið í fullum rétti til að borga starfsfólki sínu á Íslandi, sem starfaði fyrir hans hönd að því að veita tiltekna þjónustu, portúgölsk laun og hafa það á portúgölskum starfskjörum og portúgölskum réttindum.

Þetta var náttúrlega og er eitt allra umdeildasta ákvæðið í þessari fyrirhuguðu þjónustutilskipun og hefur andstaða ekki síst Norðurlandanna leitt til þess að hún hefur ekki náðst í gegn en hér er, þó að kannski í litlu sé, farið út á sömu braut í gegnum það að valdið til að hafa eftirlit með ýmissi starfsemi fjármálafyrirtækjanna flyst frá gistiríkinu, landinu þar sem starfsemin fer fram, þar sem útibúið er, og til heimalandsins. Þetta er þáttur sem ég tel að fara þurfi mjög rækilega yfir. Við eigum sjálfsagt ekki mikið val í þessum efnum þar sem þetta er væntanlega óaðskiljanlegur hluti af MiFID-tilskipuninni eða þessu regluverki, þessu móverki öllu saman. Það er engu að síður svo að pólitískt hljótum við að velta því fyrir okkur hvað þarna er að gerast og reyna að átta okkur á því hvernig það liggur.

Ofan í þessa þætti málsins, virðulegur forseti, hefði ég talið sérstaka ástæðu til að fara þó að auðvitað sé þarna örugglega margt, margt fleira á þeim hundruðum blaðsíðna sem um þetta fjalla sem ástæða væri til að skoða eftir því sem tími vinnst þá til.

[14:18]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmönnum fyrir umræðuna um þetta mál. Við munum að sjálfsögðu fara eins vel yfir þetta og kostur er þegar málið fer til afgreiðslu í nefnd og skoða hvaða svigrúm við höfum gagnvart því hvað sett er í lög og hvað í reglugerðir og hvernig rammatilskipunin um framsal reglugerðarvaldsins kemur að þessu máli.

Það var athyglisverður punktur sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kom með um fjármálaeftirlit í heimalandi og gistiríki hins vegar og þetta munum við allt skoða við yfirferðina þegar málið fer héðan eftir 1. umr.

Talið er að ekki verði um að ræða meira framsal en áður hefur verið hvað þetta varðar en það er sjálfsagt að skoða þennan punkt sérstaklega. Þetta kemur að mjög mikilvægum þætti hvað varðar Evrópska efnahagssvæðið og þann samning sem við höfum starfað eftir núna í 11, 12 ár. Það skiptir að sjálfsögðu alltaf máli þegar uppi eru vísbendingar um að framsal gangi lengra en gert hefur verið hingað til og

áður. Við munum fara sérstaklega yfir þetta allt í nefndarvinnunni sem fram undan er og hvernig þessu verður öllu háttað.

Hér er um að ræða yfirgripsmikla bálka og auðvitað hefði verið ákjósanlegt að hafa meira rými til að fara í gegnum þetta. Málið er brýnt og um það virðist ríkja nokkur samstaða. Það er ýtt mjög á að við höfum þann aðlögunartíma sem kostur er og það er stutt eftir. Ef það hefði komið inn á haustþinginu fyrst það kláraðist ekki á síðastliðnum vetri hefði kannski ekki verið um að ræða nema örfáa daga frá því að Alþingi afgreiddi málið og þangað til tilskipunin tæki gildi 1. nóvember um alla Evrópu.

Ég þakka þessa umræðu og við munum fara ítarlega í þessa punkta og marga aðra í framhaldinu.

Umræðu lokið.

Frumvörpin ganga til 2. umræðu og viðskn.

Almannatryggingar og málefni aldraðra, 1. umr.

Stjfrv., 11. mál (afnám tekjutengingar við atvinnutekjur 70 ára og eldri). — Þskj. 11.

[14:21]

Heilbrigðisráðherra (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra. Um er að ræða fyrstu breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999.

Eins og fram kom í stefnuræðu forsætisráðherra á Alþingi þann 31. maí síðastliðinn munu málefni yngstu og elstu kynslóðanna njóta forgangs hjá ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Ríkisstjórnin mun jafnframt leggja áherslu á að bæta kjör þeirra hópa sem standa höllum fæti og vinna að víðtækari sátt í samfélaginu um aðgerðir, m.a. á sviði félagsmála.

Frumvarp þetta miðar að því að bæta stöðu aldraðra. Það er í fullu samræmi við þann vilja ríkisstjórnarinnar að bæta sérstaklega kjör aldraðra að því er varðar bætur almannatrygginga, svo sem fram kemur í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 27. maí síðastliðnum.

Í stefnuyfirlýsingunni segir um almannatryggingar að unnið verði að einföldun almannatryggingakerfisins og að samspil skatta, tryggingabóta, greiðslna úr lífeyrissjóðum og atvinnutekna einstaklinga verði skoðað sérstaklega til að tryggja meiri sanngirni og hvetja til tekjuöflunar og sparnaðar. Enn fremur segir að dregið verði úr tekjutengingum og skerðingum bóta í almannatryggingakerfinu, m.a. verði skerðing tryggingabóta vegna tekna maka afnumin og skoðað verði hvort undanskilja megi hluta af lífeyrissjóðstekjum eldri borgara skerðingum í almannatryggingakerfinu. Þá segir að stefnt verði að hækkun frítekjumarks vegna atvinnutekna fyrir aldurshópinn 67 til 70 ára og að almennt skerðingarhlutfall í almannatryggingakerfinu lækki í 35%. Að lokum segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að stefnt skuli að því að ríkissjóður tryggi ellilífeyrisþegum lífeyri frá lífeyrissjóði að lágmarki 25.000 kr. á mánuði.

Virðulegi forseti. Kraftmikið efnahagslíf er forsenda þessara víðtæku umbóta í almannatryggingakerfinu. Eitt brýnasta verkefni ríkisstjórnarinnar er að tryggja stöðugleika í efnahagslífinu í þágu heimila og atvinnulífs. Framangreindar umbætur verða tímasettar í ljósi þessara markmiða. Gert er ráð fyrir því að settur verði á laggirnar samráðsvettvangur milli ríkisins, aðila vinnumarkaðarins og sveitarfélaga um aðgerðir og langtímamarkmið á sviði efnahags-, atvinnu- og félagsmála.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir breytingum á ákvæðum 16. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, og 26. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra. Í þessum ákvæðum eru skilgreindar þær tekjur sem lagðar eru til grundvallar við útreikning á fjárhæð ellilífeyris, tekjutryggingar, vistunarframlags, vasapeninga og greiðsluþátttöku vistmanna. Í núgildandi ákvæðum segir að tekjur ellilífeyrisþega og vistmanna af atvinnu skuli hafa áhrif við útreikning á fjárhæðum þessara bóta og greiðsluþátttöku. Í frumvarpinu er lagt til að atvinnutekjur ellilífeyrisþega og vistmanna sem eru 70 ára eða eldri hafi ekki áhrif á fjárhæð bóta eða greiðsluþátttöku. Samkvæmt 1. og 2. gr. frumvarpsins munu atvinnutekjur þeirra frá 1. júlí næstkomandi ekki hafa áhrif á útreikning ellilífeyris, tekjutryggingar, vasapeninga og vistunarframlags frá Tryggingastofnun ríkisins og greiðsluþátttöku vistmanna í dvalarkostnaði á stofnunum fyrir aldraða.

Ég tel að þessi ráðstöfun muni hafa mikil jákvæð áhrif, bæði þjóðhagslega og félagslega. Atvinnulífið og hagkerfið munu í auknum mæli njóta krafta og verðmætrar reynslu þeirra sem eru 70 ára eða eldri. Það er hægt að færa rök fyrir því að tekjuskattur og skattar á aukin umsvif muni að stórum hluta greiða aukinn kostnað ríkisins af þessu frumvarpi en það á auðvitað eftir að koma í ljós ef frumvarpið verður að lögum.

Aldraðir gegna mikilvægu hlutverki í samfélaginu og þeir hafa oft áhuga á að stunda launaða vinnu. Það er vel þekkt að flest fólk á öllum aldri hefur mikla ánægju af vinnu sinni, vinnufélögum og því hlutverki sem það hefur á vinnustaðnum. Það er því mjög persónubundið hvort áhugi er fyrir því að hætta alfarið á vinnumarkaði þegar lífeyrisaldri er náð. Ég tel skynsamlegt að vinnumarkaðurinn bjóði upp á sveigjanleika því aðstæður eldra fólks eru mismunandi eins og allra annarra aldurshópa. Við megum aldrei gleyma því að við erum að fjalla um sjálfstæða einstaklinga.

Ég tel mikilvægt að það myndist sátt í þjóðfélaginu um að bætur úr almannatryggingakerfinu fyrir 70 ára og eldri skerðist ekki vegna atvinnutekna og litið verði svo á að þetta fólk hafi skilað sínu framlagi til samfélagsins. Ellilífeyrir frá lífeyrissjóðunum skerðist almennt ekki vegna tekna af atvinnu en sá er munur á þessum lífeyrisgreiðslum að á bak við ellilífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna er sjóður eign sem mynduð hefur verið með iðgjöldum sjóðfélaganna og vinnuveitenda þeirra í áratugi. Greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins eru aftur á móti fjármagnaðar af skattfé hverju sinni, svokölluðu gegnumstreymi. Sem dæmi má nefna að þegar um er að ræða tvo launþega sem vinna hlið við hlið verður sá yngri að fallast á það þegar hinn eldri verður 70 ára að hinn síðarnefndi fái óskertar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Áætlað er að árleg útgjöld vegna frumvarpsins verði á

bilinu 560–700 millj. kr. Erfitt er að meta kostnaðinn nákvæmlega þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um hve margir ellilífeyrisþegar verða nú fyrir skerðingu bóta eða meiri greiðsluþátttöku vegna atvinnutekna. Í kostnaðaráætlun er reiknað með að atvinnutekjur 70 ára og eldri hafi hvorki áhrif á eigin bætur né hugsanlegar bætur maka frá Tryggingastofnun.

Virðulegi forseti. Ég tel brýnt að frumvarp þetta hljóti afgreiðslu á sumarþinginu þannig að Tryggingastofnun ríkisins geti hafið framkvæmdina 1. júlí 2007. Ég legg til að frumvarpinu verði vísað til hv. heilbrigðisnefndar og 2. umr.

[14:27]

Þuríður Backman (Vg):

Hæstv. forseti. Það er ástæða til að fagna þessu frumvarpi til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra svo langt sem það nær. Það er löngu tímabært að vinda sér í að laga og bæta kjör aldraðra og öryrkja. Það á að vera öllum ljóst að lífeyrir eins og hann er í dag tryggir ekki framfærslu, hann er ekki nægilega hár til að tryggja framfærslu lífeyrisþega, hvort heldur er öryrkja eða aldraðra. Skerðingarhlutföllin eru allt of há og tekjutenging við tekjur maka ætti að vera löngu afnumin eða aldrei komið á í upphafi. Því er það fagnaðarefni að þau fyrstu skref skuli vera tekin núna að afnema tengingu við tekjur lífeyrisþega, bæði þeirra sem eru öryrkjar og hinna sem hafa verið heilir heilsu og eru komnir á ellilífeyrisaldur, þ.e. að tekjutenging sé afnumin eftir 70 ára aldur. Því miður eru ekki gefin nein fyrirheit um tímasetningar um frekari réttarbætur fyrir öryrkja og aldraða, heldur vísað til efnahagsástandsins í landinu um hvenær megi koma á þeim bótum að draga úr skerðingarhlutfalli eða hækka bætur. Ég tel að það hefði verið mjög jákvætt að fá fram núna strax á sumarþingi ábendingar um hvað verði lagt fram á haustþinginu en vonandi nýtir ríkisstjórnin vel sumarið til að vinna áfram að tillögum að bótum fyrir aldraða og lífeyrisþega um bættan lífeyri.

Það sem er jákvætt er að þessar breytingar eiga að taka strax gildi. Það er ekki svo mjög há upphæð sem ætlað er að fari í breytingarnar á þessu ári. Kostnaðurinn er áætlaður 560–700 millj. kr. og það eru örugglega miklir óvissuþættir í þeirri áætlun, ekki vitað hversu margir geta og munu nýta sér þessi réttindi. Eitt er þó ljóst, það er erfitt fyrir þann sem er fimmtugur, hvað þá sextugur, hvað þá sjötugur, að fara út af vinnumarkaði og koma inn á hann aftur. Ef skerðingarnar á milli 67 ára og 70 ára eru óbreyttar verður það áfram svo að margir hætta að vinna vegna þessa þó að þeir hafi heilsu til. Það verður erfitt að koma inn á vinnumarkaðinn aftur þó að þeir gætu þá aflað sér tekna. Ég tel að með þetta bil, 67 til 70 ára, verði að fara í mjög nána, góða og markvissa samvinnu við Öryrkjabandalagið og Landssamband eldri borgara og ná samkomulagi um það hvernig eigi að draga úr skerðingum svo að þessar bætur sem núna eru verði virkar. Auðvitað eigum við að hvetja til þess að fólk sem heldur fullri heilsu og bæði vill og getur unnið eftir 67 ára aldurinn geri það. Það á að hvetja til þess. Vinnumarkaðurinn verður þá að vera opinn fyrir því að taka inn og halda í vinnu reynslumiklu fólki sem er á mörgum sviðum hæfara til að vera í þjónustu en það fólk sem hefur varla slitið barnsskónum. Sem dæmi er hægt að taka margar verslanir og ýmsa þjónustu sem aldraðir með góða og mikla reynslu sinna af alúð og veita betri þjónustu en þeir sem hafa aldrei komið út á vinnumarkaðinn. Auðvitað eigum við að hvetja til þess.

Öryrkjar verða ellilífeyrisþegar þegar þeir ná 67 ára aldri og lækka þá í tekjum. Þetta tel ég að sé eitt af mörgu sem eigi að skoða samhliða þessu. Þjónusta við öryrkja sem heldur áfram að vera öryrki, sem fótur vex ekki á eða verður skyndilega hraustur eins og aðrir lífeyrisþegar sem hafa haldið fullri heilsu, minnkar ekki, kostnaður hans minnkar ekki, lyfjakostnaður og annað, þannig að ég hvet til þess að í heilbrigðisnefnd verði einnig farið yfir þessar skerðingar og hvaða rök geti þá legið áfram því til grundvallar að lækka lífeyri öryrkja við 67 ára aldur.

Hvað varðar hækkun skattleysismarka vona ég að hæstv. ríkisstjórn setji það í forgang að hækka frítekjumarkið því að það mun ekki eingöngu vera lífeyrisþegum góð kjarabót, heldur öllu láglaunafólki og fólki með minni tekjur. Hækkun skattleysismarka mun gagnast stórum hópi fólks og láglaunafólki.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um frumvarpið við þessari 1. umr. en tel það til bóta svo langt sem það nær. Það er hluti af stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og sá þáttur sem er útgjaldaminnstur í fyrstu atrennu og ég hvet þá hæstv. ríkisstjórn til að halda vasklega áfram og vinna að enn frekari bótum fyrir þá sem eru yngri en sjötugir. Ég tel að frumvarpið þurfi að fá góða umræðu í hv. heilbrigðisnefnd og að fyrir þá nefnd verði kallaðir þeir fulltrúar sem eiga þarna hagsmuna að gæta.

[14:35]

Ellert B. Schram (Sf):

Hæstv. forseti. Í aðdraganda alþingiskosninganna í síðasta mánuði voru málefni eldri borgara mjög á dagskrá eins og öllum er vel kunnugt um. Mikil og almenn umræða fór fram í fjölmiðlum um þennan málaflokk, einstaklingar og fjöldasamtök létu í sér heyra á opinberum vettvangi og stjórnmálaflokkarnir, flestir ef ekki allir, lögðu áherslu á úrbætur í málefnum sem snúa að eldri borgurum. Um tíma stóð jafnvel til að efna til nýrra framboða sérstaklega, þá í nafni eldri borgara, þannig að það var vissulega mikill grundvöllur og full ástæða fyrir hv. Alþingi og hæstv. ríkisstjórn til að taka mið af þessum umræðum og þeim hljómi sem barst úr grasrótinni.

Það fer heldur ekkert á milli mála að aðgerða var og er þörf til að rétta hlut aldraðra í þjóðfélaginu. Það er almennur útbreiddur skilningur á slíkum úrbótum meðal almennings og stjórnmálaflokkanna. Hann kemur líka fram í stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar sem mynduð var í kjölfar kosninganna þar sem lögð er sérstök áhersla á að málefni annars vegar barna og unglinga og hins vegar eldri borgara hafi forgang. Þessari yfirlýsingu fagna ég fyrir mitt leyti og tel að svo sannarlega sé kominn tími til að sýna eldri kynslóðinni viðeigandi virðingu. Er þá jafnt átt við aðbúnað og þjónustu í elli- og/eða dvalarheimilum, heimaþjónustu og hjúkrun og umönnun á sjúkrastofnunum, og sömuleiðis og ekki síst að því er varðar lífeyri, bætur og skattaumhverfi þessa fólks. Gamla fólkið á ekki að vera afgangsstærð, skilið eftir á köldum klaka þegar starfsævinni

er lokið og þetta fólk hefur skilað sínu dagsverki. Það á betra skilið og það á það inni hjá þjóðinni að njóta ævikvöldsins.

Það frumvarp sem hér liggur fyrir og er til afgreiðslu er góðra gjalda vert og spor í rétta átt. Ég vil árétta og undirstrika að ég lít svo á að þetta skref sem nú er stigið sé aðeins byrjunin á þeirri vegferð af hálfu ríkisstjórnarflokkanna að gera mun betur og meir í málefnum eldri borgara. Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar, eins og kom fram í máli hæstv. heilbrigðisráðherra, kveður á um það og það er hljómgrunnur fyrir því í stjórnarflokkunum báðum, og reyndar held ég líka í öllum stjórnmálaflokkunum og úti í öllu samfélaginu. Okkur er hins vegar öllum ljóst að það krefst skoðunar og meiri tíma að samræma þetta samspil eða þau tengsl sem eru á milli lífeyris, almannabóta og skatta og það þarf að skoða tengingu ellilífeyris fyrir tekjur maka, það þarf að skoða skattleysismörk, frítekjumörk, grunnlífeyri og tengsl almannatryggingakerfisins við lífeyrissjóðstekjur einstaklinga. Þetta er allt mjög flókið dæmi, svo flókið að jafnvel eru fæstir sem skilja það. Ég hef þess vegna fullan skilning á því að stjórnvöld þurfi að fara vel ofan í saumana á þessu kerfi öllu áður en tillögur eru lagðar fram til að skynsamleg niðurstaða fáist. Ég treysti því að sú vinna hefjist sem allra fyrst og skili sér fljótt, og strax nú í haust í nýjum og fleiri frumvörpum sem taka á þeim augljósa vanda og þeim kjörum sem snúa að eldri borgurum þessa lands.

[14:39]

Ásta Möller (S):

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra þar sem lagt er til að atvinnutekjur þeirra sem eru orðnir 70 ára og eldri og njóta lífeyris frá almannatryggingum hafi hvorki áhrif á upphæð lífeyris almannatrygginga lífeyrisþega né maka hans. Verði lögin samþykkt taka þau gildi um næstu mánaðamót, 1. júlí nk.

Með þessu er tekið enn eitt stórt skref til að minnka tekjutengingar vegna eigin tekna og tekna maka á lífeyri almannatrygginga. Málefni eldri borgara voru í brennidepli í kosningabaráttunni til Alþingis sem er nú nýafstaðin og með sanni má segja að allir stjórnmálaflokkar hafi lagt áherslu á að koma með tillögu til að bæta hag og stöðu eldri borgara.

Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins sem haldinn var í aprílmánuði sl. í aðdraganda kosninganna kynnti formaður Sjálfstæðisflokksins áherslur flokksins um hvernig hann vildi bæta fjárhagslegan hag eldri borgara fengi flokkurinn stuðning til áframhaldandi setu í ríkisstjórn eftir kosningar. Þessar áherslur voru í þremur liðum og þeirra má sjá stað í stefnuyfirlýsingu hæstv. ríkisstjórnar frá 27. maí sl. Allir þessir þrír liðir voru mótaðir af nokkrum þingmönnum Sjálfstæðisflokksins á fundum sem voru haldnir með fulltrúum frá Landssambandi eldri borgara síðla vetrar. Í fyrsta lagi er sá þáttur sem frumvarp það sem hér er til umræðu tekur til sem er afnám tekjutenginga launatekna 70 ára og eldri við lífeyri almannatrygginga. Frumvarpið gerir ráð fyrir að atvinnutekjur ellilífeyrisþega og vistmanna 70 ára og eldri hafi ekki áhrif á fjárhæð ellilífeyris, tekjutryggingar, vasapeninga og vistunarframlags frá Tryggingastofnun ríkisins. Þá munu atvinnutekjur vistmanna 70 ára og eldri ekki hafa áhrif á greiðsluþátttöku þeirra í dvalarkostnaði á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

Gert er ráð fyrir að atvinnutekjur maka hafi ekki áhrif á upphæð lífeyris almannatrygginga hjá hinum makanum eins og kemur fram í kostnaðarmati fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins á frumvarpinu. Eftir gildistöku laganna um næstu mánaðamót munu því ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri geta aflað sér atvinnutekna að vild án þess að það hafi nokkur áhrif á eigin lífeyri almannatrygginga eða maka hans.

Um 21 þús. manns í þessum aldurshópi, 70 ára og eldri, fá lífeyri frá almannatryggingum. Ekki liggja hins vegar fyrir upplýsingar um hversu stór hluti þeirra hefur atvinnutekjur í dag en fjárlagaskrifstofan áætlar að kostnaður ríkisins vegna þessara breytinga verði á bilinu 560–700 millj. kr. á ári. Það er einnig erfitt að meta hve margir þeir eru sem nú þegar hafa náð 70 ára aldri og hafa ekki sótt um lífeyri frá almannatryggingum og hve margir munu fara að vinna í kjölfar þessara breytinga. Að sama skapi er nær ómögulegt að meta hve margir fara í launaða vinnu við þessar breytingar og skila auknum skatttekjum til ríkissjóðs á móti. Það er hins vegar ljóst að þessar breytingar eru til þess fallnar að hafa góð áhrif á hag eldri borgara með bættum kjörum og aukinni virkni í samfélaginu hjá þeim sem hafa vilja og getu til að stunda launuð störf eftir 70 ára aldur. Jafnframt er ljóst að aukin atvinnuþátttaka getur haft jákvæð áhrif bæði á líkamlega og andlega heilsu þessa aldurshóps.

Aukin atvinnuþátttaka eldri borgara getur einnig vegið upp á móti vinnuaflsskorti sem er hér á landi, t.d. í þjónustustörfum, en ýmis fyrirtæki hafa séð sér hag í að auglýsa eftir eldri borgurum til starfa og sækjast eftir að nýta þekkingu þeirra og reynslu í störfum innan sinna raða.

Aðrir þættir í tillögum Sjálfstæðisflokksins fyrir síðustu kosningar sem hafa ratað í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar varða atriði um hvernig bæta eigi hag þeirra ellilífeyrisþega sem verst eru settir og um minnkun tekjutenginga í almannatryggingakerfinu. Þannig lagði Sjálfstæðisflokkurinn áherslu á það í kosningabaráttunni að tryggja þeim ellilífeyrisþegum sem verst eru settir að lágmarki 25 þús. kr. tekjur úr lífeyrissjóði til hliðar við lífeyri almannatrygginga. Þeir sem hafa engan eða lítinn rétt á greiðslum úr lífeyrissjóðum og litlar aðrar tekjur eru sá hópur aldraðra sem telja má að séu verst settir. Þetta eru t.d. þeir sem hafa verið öryrkjar og ekki verið á vinnumarkaði, konur sem hafa aflað sér lítils réttar með launavinnu utan heimilis og þeir sem af einhverjum ástæðum hafa ekki greitt lögbundin iðgjöld til lífeyrissjóðanna. Frumvarp þessa efnis um 25 þús. kr. greiðslur úr lífeyrissjóðum verður lagt fram á haustþingi eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu.

Um þriðjungur ellilífeyrisþega er í þeirri stöðu að réttur þeirra í lífeyrissjóði er undir 25 þús. kr. á mánuði og mun sá þriðjungur aldraðra njóta þessara aðgerða en þó í mismunandi mæli. Þetta þýðir að lágmarkstekjur sem stjórnvöld tryggja einstaklingum verða 140 þús. kr. á mánuði í stað rúmlega 126 þús. kr. í dag sem er óskiptur lífeyrir almannatrygginga. Lágmarkstekjur hjóna hækka úr 207 þús. í

um 240 þús. kr. á mánuði og þá er við það miðað að þau hafi engar aðrar tekjur. Þetta eru lágmarkstekjur og þau þurfa fullkomlega að treysta á tekjur frá almannatryggingakerfinu. Með þessum breytingum munu jafnframt vasapeningar þeirra sem eru á stofnunum og hafa engar aðrar tekjur hækka um rúm 50%, úr 28.600 í 43.600 þegar allt er talið.

Í þriðja lagi lagði Sjálfstæðisflokkurinn áherslu á að lækka skerðingarhlutfall lífeyris almannatrygginga vegna annarra tekna. Skerðingarhlutfall lífeyris almannatrygginga vegna annarra tekna var á árinu 2003 lækkað úr 67% í 45% og síðan aftur í tæp 40% um síðustu áramót og á að lækka í 38,5% um næstu áramót samkvæmt breytingum á lögum um almannatryggingar sem samþykkt voru á Alþingi í desember sl. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að þetta hlutfall fari niður í 35% og gerist það á kjörtímabilinu.

Fyrir 2003 voru tekjutengingar við lífeyri almannatrygginga með þeim hætti að hverjar 10 þús. kr. tekjur úr lífeyrissjóði eða vegna atvinnu viðkomandi lækkuðu lífeyri almannatrygginga um 6.700 kr. Fari hlutfallið í 35% munu hverjar 10 þús. kr. tekjur úr lífeyrissjóði — en ekki atvinnutekjur því að þær eru núna teknar út fyrir sviga — hafa áhrif til skerðingar á lífeyri almannatrygginga um 3.500 kr. Þetta er stór áfangi. Þannig hafa stór skref verið tekin á undanförnum missirum í átt að því að minnka tekjutengingar lífeyris almannatrygginga við eigin tekjur og tekjur maka.

Um síðustu áramót var tekjutenging milli hjóna minnkuð verulega og um næstu áramót munu lífeyrissjóðstekjur maka ekki hafa nein áhrif á upphaf lífeyris almannatrygginga hins makans. Fullt afnám tekjutengingar á lífeyrissjóðsgreiðslur maka um næstu áramót og afnám tekjutenginga lífeyris almannatrygginga við atvinnutekjur sem kemur til framkvæmda um næstu mánaðamót, verði það frumvarp sem nú er til umfjöllunar samþykkt, þýðir að hvorki lífeyrissjóðstekjur maka né atvinnutekjur þeirra sem eru orðnir 70 ára munu hafa áhrif á lífeyri almannatrygginga hins makans. Einungis fjármagnstekjur maka hafa áhrif á lífeyri almannatrygginga hins makans eftir það. Þetta hefur verið mikið baráttumál eldri borgara, ekki síst kvenna því að tekjutengingar lífeyris almannatrygginga milli hjóna hafa yfirleitt leitt til meiri skerðingar á lífeyri kvenna en karla þar sem karlar hafa að öllu jöfnu bæði meiri rétt í lífeyrissjóðum og oft meiri atvinnutekjur sem hefur þá haft áhrif til skerðingar á lífeyri kvenna í almannatryggingum. Þetta hefur valdið sérstakri óánægju meðal eldri kvenna.

Þessar breytingar þýða einnig, sem er líka mikilvægt, að grunnlífeyrir verður alfarið óháður greiðslum úr lífeyrissjóðum og atvinnutekjum eftir 70 ára aldur. Grunnlífeyrir er í dag óháður tekjum úr lífeyrissjóði en eftir 70 ára aldur munu atvinnutekjur ekki heldur hafa áhrif á grunnlífeyri. Þetta er mikil breyting. Jafnframt munu þessar hugmyndir þegar þær eru komnar að fullu til framkvæmda einfalda verulega almannatryggingakerfið því að færri þættir hafa áhrif á útreikninga og upphæð lífeyris almannatrygginga en áður. Jafnframt vil ég benda á það atriði í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 27. maí sl. að skoðað verði hvort undanskilja megi hluta af lífeyrissjóðstekjum eldri borgara skerðingunni í almannatryggingakerfinu. Ekki liggur fyrir hvernig þetta verður útfært.

Virðulegur forseti. Á síðustu árum hafa eldri borgarar myndað sterka rödd og öflugt þrýstiafl í að koma áherslumálum sínum á framfæri við stjórnvöld og stjórnmálaflokka. Þetta hefur markað stjórnmálaumræðu síðustu ára. Það hefur einnig orðið til þeirrar jákvæðu þróunar að stjórnvöld og talsmenn eldri borgara undir hatti Landssambands eldri borgara hafa haft með sér formlegan samráðsvettvang á undanförnum árum. Þetta samstarf hefur borið ávöxt í formi þess að gert hefur verið samkomulag milli þessara aðila um bættan hag eldri borgara sem snúa bæði að kjörum aldraðra og aðbúnaði þeirra þegar heilsa og geta til sjálfsbjargar brestur. Þannig var gert samkomulag á árinu 2002 sem m.a. tók til hækkunar tekjutryggingar og tekjutryggingarauka. Þá var skerðingarhlutfall lífeyris almannatrygginga vegna annarra tekna lífeyrisþega lækkað úr 67% í 45%. Áður hafði verulega dregið úr tekjutengingu milli maka lífeyrisþega í kjölfar öryrkjadómsins svokallaða en stjórnvöld ákváðu að niðurstaða Hæstaréttar í hinum svokallaða öryrkjadómi tæki einnig til aldraðra. Með því var ákveðinn sjálfstæður réttur lífeyrisþega óháður tekjum maka.

Önnur atriði í samkomulagi milli Landssambands eldri borgara og ríkisstjórnarinnar frá árinu 2002 vörðuðu m.a. ráðstafanir til að auka heimahjúkrun og stuðning við aldraða við að búa lengur heima hjá sér, m.a. með því að fjölga úrræðum vegna dagvistunar og hvíldarinnlagna. Þá tók samkomulagið einnig til fjölgunar hjúkrunarrýma til nýtingar Framkvæmdasjóðs aldraðra og um sveigjanleg starfslok. Þessi atriði gengu öll eftir. Meginþungi í samkomulaginu frá árinu 2002 varðaði því hækkun tekjutryggingar og tekjutryggingarauka, minni tekjutengingar við lífeyri almannatrygginga og síðast en ekki síst eflingu þjónustu við aldraða.

Í júlí á síðasta ári var á ný undirritað samkomulag við Landssamband eldri borgara þar sem tekið var á ýmsum áherslum í málflutningi þeirra á missirunum þar á undan. Megináherslan í því samkomulagi var á kjör aldraðra, þ.e. að hækka lífeyri almannatrygginga og minnka áhrif eigin tekna og tekna maka á lífeyri almannatrygginga og síðast en ekki síst að afnema áhrif tekna maka á lífeyrissjóðina og lífeyri almannatrygginga hjá hinum makanum. Í umfjöllun Alþingis síðasta haust var reyndar gengið enn lengra en samkomulag milli Landssambands eldri borgara og ríkisstjórnarinnar frá síðasta sumri gerði ráð fyrir. Þannig var gildistíma ýmissa ákvæða samkomulagsins flýtt verulega og ýmsum atriðum breytt til bóta fyrir aldraða og reyndar einnig öryrkja. Þessar breytingar komu til framkvæmda við síðustu áramót eins og áður getur og munu taka að fullu gildi um næstu áramót. Þessar breytingar hafa þegar haft víðtæk áhrif á kjör eldri borgara og ekki síst konur. Réttur kvenna, eins og ég hef sagt hér áður, sem eru komnar á efri ár og fá greitt úr lífeyrissjóði er að öllu jöfnu lakari en maka þeirra. Það ræðst ekki síst af því að atvinnuþátttaka kvenna hefur í gegnum tíðina verið mun minni en karla. Tíðarandinn var sá að konur voru í meira mæli heimavinnandi, komu seinna út á vinnumarkaðinn, gerðu hlé á vinnu utan heimilis vegna barneigna eða unnu hlutavinnu. Þetta

leiðir til þess að réttur kvenna til lífeyris úr lífeyrissjóðum er almennt lakari en hjá körlum.

Fram til síðustu áramóta var helmingur af lífeyrissjóðstekjum maka talinn til tekna hins makans. Frá síðustu áramótum hefur einungis 25% af lífeyrissjóðstekjum maka verið talið til tekna hins makans og um næstu áramót falla niður tengingar lífeyris almannatrygginga við lífeyrissjóðstekjur hins makans. Í kjölfar þessara breytinga hækkaði lífeyrir almannatrygginga, ekki síst hjá konum og af þeirri ástæðu sem ég hef áður getið.

Annar þáttur í samkomulaginu frá því í júlí í fyrra varðaði lækkun skerðingarhlutfalls tekna úr 45% í 38,5%. Jafnframt var ákveðið frítekjumark vegna eigin tekna að upphæð 300 þús. kr. á ári eða 60% af atvinnutekjum eftir því hvort var hagstæðara. Hugmyndin með frítekjumarki vegna atvinnutekna var að hvetja eldra fólk sem á þess kost og hefur hug á að afla sér tekna með atvinnu til að bæta hag sinn og heilsu án þess að það hafi of mikil áhrif á rétt þess til lífeyris almannatrygginga. Það frumvarp sem við erum nú með til umfjöllunar gengur enn lengra í þá veru með fullkomnu afnámi á þessum tryggingum.

Önnur atriði í samkomulagi við eldri borgara frá síðasta sumri vörðuðu hækkun vasapeninga um 25% og heimild til að dreifa eigin tekjum sem stafa af fjármagnstekjum og séreignarlífeyrissparnaði sem er leystur út á einu ári í stað allt að 10 ára samkvæmt óskum lífeyrisþega. Þá fól samkomulagið í sér mikilvægt ákvæði um sveigjanleg starfslok og möguleika á hækkun lífeyrisgreiðslna úr almannatryggingum um 0,5% á mánuði, þ.e. 6% á ári, fyrir hvert ár umfram 67 ára aldur sem lífeyristöku er frestað. Með því á einstaklingur að geta aukið rétt sinn til lífeyris í almannatryggingakerfinu um allt að 30% ef hann frestar lífeyristöku til 72 ára aldurs.

Varðandi þjónustu við aldraða var áhersla lögð á að auka þjónustu við þá með því að færa áherslu eins og stofnanaþjónustu með stóraukinni heimaþjónustu, með auknu fjármagni til uppbyggingar öldrunarstofnana, m.a. með byggingu 400 hjúkrunarrýma á næstu árum. Auk þess var lögð áhersla á fullnægjandi framboð þjónustu og öryggis íbúa. Það sem einkenndi samkomulagið frá síðasta sumri má segja að hafi verið fyrst og fremst áhersla á minni tekjutengingar milli maka og minni skerðingar vegna eigin atvinnutekna og lífeyrissjóðstekna. Þannig gagnaðist það fyrst og fremst hjóna- og sambúðarfólki og þeim sem hafa einhverjar aðrar tekjur en tekjur frá almannatryggingakerfinu. Aldraðir eru hins vegar ekki einsleitur hópur og aðstaða þeirra, vilji og geta er eins mismunandi og þeir eru margir. Áhersluatriðin eru því margvísleg og snerta hvern einstakling og hver hjón eða sambúðarfólk með mismunandi hætti. Þess bera baráttumál eldri borgara merki en þess má líka geta að mörg þeirra hafa náð fram að ganga á síðustu missirum.

Um langt skeið bentu t.d. eldri borgarar á óréttmæti þess að greiða eignarskatt af skuldlausu eða skuldlitlu eigin húsnæði. Þess er skemmst að minnast að eignarskattur var aflagður á síðasta kjörtímabili. Eldri borgarar hafa í málflutningi sínum lagt áherslu á auknar ráðstöfunartekjur með hækkun lífeyris almannatrygginga og hækkun skattleysismarka. Á síðasta kjörtímabili var tekjuskattur lækkaður um 3%, virðisaukaskattur á matvæli var lækkaður verulega og skattleysismörk hækkuð. Eldri borgarar hafa lagt áherslu á að minnka tekjutengingar lífeyris almannatrygginga við eigin tekjur úr lífeyrissjóði, við atvinnutekjur og tekjur maka. Jafnframt hafa þeir lagt áherslu á að bæta hag þeirra sem hafa minnstar tekjur en þeir hafa aflað sér minnsts réttar úr lífeyrissjóðum. Með þeim breytingum sem gerðar voru á almannatryggingalögum í desember sl., og fyrr eins og ég hef áður nefnt í ræðu minni, og þeim hugmyndum sem koma fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er komið verulega til móts við þessar hugmyndir.

Í kosningabaráttunni til Alþingis nú nýverið lögðu allir stjórnmálaflokkar áherslu á að styrkja stöðu og bæta hag aldraðra og öryrkja. Með þeirri niðurstöðu sem hér hefur verið til umræðu og að viðbættum þeim atriðum sem þegar hafa verið lögfest má segja að tekist hafi að koma til móts við stærri hópa aldraðra með ólíkar þarfir, ólíka hagsmuni og mismunandi aðstæður. Það er vel og því fagna ég því skrefi sem tekið er í dag með því að undanþiggja atvinnutekjur 70 ára og eldri áhrifum við lífeyri almannatrygginga.

[14:56]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar eru töluvert mikil fyrirheit hvað varðar úrbætur í málefnum aldraðra og öryrkja og er það vel. Það voru því miklar væntingar sem lágu í loftinu þegar kynnt var að nú skyldi stigið fyrsta skrefið í þá átt sem þar var lýst — en jafnframt nokkur vonbrigði sem fylgja því að líta þetta plagg hér augum. Einkum tel ég svo vera fyrir öryrkja.

Það sem vekur athygli mína er að það er ekkert fyrir þann hóp sem er 67–70 ára sem er hópur sem er alla jafna betur í stakk búinn til að afla sér atvinnutekna en hópurinn sem er 70 ára og eldri. Vegna þess að hv. þm. Ásta Möller vakti athygli á því að þetta frumvarp er í samræmi við kosningastefnu Sjálfstæðisflokksins fyrir kosningarnar, ekki Samfylkingarinnar, þá spyr ég: Af hverju horfði Sjálfstæðisflokkurinn ekki í kosningastefnu sinni og í þessu frumvarpi til þess hóps sem er 67–70 ára?

[14:58]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú ekki alls kostar rétt hjá hv. þingmanni að það hafi engan veginn verið horft til þeirra sem eru 67 ára eða eldri. Það má m.a. geta þess að skerðingarhlutfall verður lækkað úr 40% í 35% á kjörtímabilinu og það mun nýtast öllum öldruðum.

Það sem hins vegar var hugmyndafræðin bak við það að miða við 70 ára aldurinn en ekki 67 ár, er að mjög stórir hópar aldraðra fara á lífeyri um sjötugt. Það er t.d. miðað við 70 ára aldur hjá opinberum starfsmönnum, að þeir hafi heimild til að starfa til sjötugs og mjög stórir hópar fara á lífeyri þá.

Það kom fram í ræðu hæstv. heilbrigðisráðherra að við þurfum að sætta okkur við það að þeir sem eru 70 ára og eldri og eru í fullu starfi fái auk launa sinna að starfa við hliðina á öðrum á sambærilegum launum en fá til viðbótar lífeyri almannatrygginga. Það var miðað við að þeir sem eru 70 ára og eldri hefðu skilað sínu til samfélagsins og eft-

ir það gætu þeir verið á vinnumarkaði án þess að það leiddi til skerðinga á almannatryggingunum. Það var með ráðum gert að horfa á þá sem væru orðnir 70 ára en ekki þá sem væru á aldrinum 67–70 ára.

Í því sambandi má líka benda á að það voru gerðar breytingar á lögum um almannatryggingar í desember síðastliðnum sem miða að því að hvetja eldra fólk til að halda áfram að vinna, m.a. með því að auka rétt þeirra í almannatryggingakerfinu þannig að það getur aflað sér aukinna réttinda um hálft prósent fyrir hvern mánuð sem það frestar töku lífeyris.

Það má eiginlega segja að ef við hefðum miðað við 67 ára aldur þá væri verið að vinna gegn þeim hugmyndum sem við lögðum fram í desember síðastliðnum, þ.e. að fólk geti aukið rétt sinn í almannatryggingakerfinu. Þetta voru svona í grófum dráttum og á stuttum tíma þau sjónarmið sem við lögðum til grundvallar og (Forseti hringir.) við teljum að þetta sé rétt viðmið.

[15:00]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Ég þakka þessa skýringu, hæstv. forseti. Lagasetning sem þessi mun væntanlega hafa áhrif á það hvernig menn haga starfslokum sínum. En maður hlýtur að spyrja að því hvort lagasetning sem þessi standist jafnræðisreglu. Er eitthvert réttlæti í því að undanskilja hópinn 67–70 ára þegar lög sem þessi eru sett? Ég leyfi mér að efast um að svo sé. Að minnsta kosti er það vert skoðunar.

[15:01]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fljótu bragði get ég ekki séð að þetta stríði gegn jafnræðisreglu en auðvitað munum við skoða það ef þau sjónarmið eru uppi og þá taka það upp í nefndinni.

[15:01]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í ræðu hv. þm. Ástu Möller og reyndar í greinargerð með þessu frumvarpi kemur fram að það skuli stefnt að því að ríkissjóður tryggi ellilífeyrisþegum lífeyri að lágmarki 25 þús. kr. á mánuði frá lífeyrissjóði og muni frumvarp þess efnis verða lagt fram á haustþingi 2007.

Ég spyr hv. þingmann að því af hverju þessi greiðsla kemur ekki beint frá almannatryggingakerfinu, af hverju þessar skuldbindingar eru lagðar á lífeyrissjóði sem byggja á iðgjöldum og hafa skyldur til að greiða út eftir því en geta ekki tekið á sig skyldur samkvæmt þessum yfirlýsingum í frumvarpinu án þess að fá þá fjármagn frá ríkissjóði til að mæta þeim skuldbindingum.

Það er því nokkuð brýnt að það komi skýrt fram fyrir lífeyrissjóði í landinu hvernig ríkisstjórnin hyggist standa að þessum málum. Ætlar hún að grípa inn í það ferli sem lífeyrissjóðirnir byggja á og þann samningsgrundvöll sem þeir byggja á, frjálsum samningum, og skylda þá til þessa?

Að lokum vil ég segja það, ég á nú einhvern örlítinn tíma eftir, að hér er lýst háleitum og góðum markmiðum og málum sem við í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði munum fylgjast vel með og leggja allt okkar að mörkum svo vel til takist.

[15:03]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þeir sem stóðu að þessari tillögu lögðu höfuðið töluvert í bleyti til að finna út hvaða hópar væru með lægstu tekjurnar, væru verst settir. Það var niðurstaða okkar eftir að hafa skoðað mörg gögn og eftir ítarlega yfirferð að þetta væri einmitt sá hópur sem hefði lægstar tekjur í lífeyrissjóðum. Eins og kom fram í ræðu minni áðan er um þriðjungur ellilífeyrisþega með undir 25 þús. kr. tekjur úr lífeyrissjóði.

Niðurstaðan varð sú að til að hitta einmitt þann hóp fólks þá væri rétt að beina þessu í gegnum lífeyrissjóðina eins og hér er lagt til. Hugmyndin er sú að ríkissjóður muni bæta það að fullu. Þær upphæðir sem þarna er um að ræða koma ekki úr sjóðum lífeyrissjóðanna heldur beint úr ríkissjóði. Sá hópur sem er með svona lítinn rétt í lífeyrissjóði fer hins vegar minnkandi. Fólk sem nú er að fara á lífeyri er með meiri rétt í lífeyrissjóðum og þeir sem eldri eru og hafa lítinn rétt falla frá og þá mun fækka í þessum hópi.

Það er því alveg ljóst að ríkissjóður mun bæta þetta. Þetta eru tæplega 25 þús. kr. sem bætast við lífeyri almannatrygginga og eru meðhöndlaðar með sama hætti og lífeyrissjóðstekjur annarra sem eru með þessa upphæð eða hærri.

[15:05]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Ég þakka hv. þingmanni fyrir þessi skilmerkilegu svör. Ég hefði sjálfur talið mun hyggilegra að fara með þessar greiðslur beint í gegnum almannatryggingakerfið en blanda ekki lífeyrissjóðunum inn í það.

Ég geri mér fulla grein fyrir því að það eru konur sem standa höllustum fæti í þessu máli og það er mjög gott markmið að tryggja þeim, þ.e. þeim konum sem hafa verið heimavinnandi húsmæður helftina af ævi sinni, að tryggja þeim lífeyri á við karlmenn sem hafa unnið alla sína starfstíð úti og áunnið sér fullan lífeyrisrétt eins og lög um lífeyrissjóði mæla fyrir um, þ.e. að eftir 42 ára starfstíma þá ná launamenn 60% af launum sínum. Það er viðmiðunin.

Þetta er mjög gott markmið. Ég hygg samt að mun æskilegra sé að fara með þetta beint í gegnum almannatryggingakerfið en ekki að blanda frjálsum lífeyrissjóði þar inn.

[15:06]

Ásta Möller (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum þá ekki sammála um leiðir en þetta varð sú niðurstaða sem við komumst að. Fyrstu viðbrögð lífeyrissjóðanna eru í þá veru að þeir hafa ekkert á móti þessu hlutverki sínu, að taka þetta yfir þann tíma sem til þarf.

Hins vegar tek ég undir með hv. þingmanni að það eru sérstaklega ánægjulegir þættir í þeim breytingum sem hafa orðið á lífeyristryggingakerfinu á síðustu árum sem mæta sérstaklega konum. Þá á ég við að annars vegar minnka tekjutengingar á milli maka, sem við sáum að höfðu sérstaklega mikil áhrif á konur. Ég sá dæmi um það í ákveðnu tilviki þar sem maki konu hafði háar lífeyrissjóðstekjur sem hafði áhrif á lífeyri almannatrygginga til hennar en við breytingarnar sem urðu um síðustu áramót hækkaði tiltekin

kona um 40 þús. kr. á mánuði, sem skipti verulega miklu máli. Jafnframt lýsi ég sérstakri ánægju með tillöguna um 25 þús. kr. vegna þess að sú upphæð mun bæta kjör kvenna sérstaklega, því eins og kom fram í ræðu minni áðan þá hafa konur haft færri tækifæri til þess að afla sér réttinda í lífeyrissjóðum en karlar vegna þeirra þjóðfélagsaðstæðna og viðhorfa í samfélaginu sem ríkti hér, ekki síst á árum áður.

[15:07]

Birkir J. Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Hér er verið að ræða frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra. Hér er um mjög gott mál að ræða sem ég styð svo langt sem það nær. Það fjallar m.a. um að lagt er til að atvinnutekjur þeirra sem eru 70 ára og eldri hafi ekki áhrif á greiðslur lífeyristrygginga. Í kostnaðarmati er gert ráð fyrir að þetta kosti um 560–700 millj. kr. árlega. Hér er því um mikið hagsmunamál að ræða fyrir eldri borgara.

Það kemur í raun og veru ekki á óvart að á fyrstu dögum nýs þings séu málefni aldraðra og lífeyrisþega til umræðu. Þessi málefni hafa verið til mikillar umfjöllunar á síðasta kjörtímabili og mörg skref hafa verið stigin í þá átt að bæta hag aldraðra og öryrkja á síðasta kjörtímabili sem og metnaðarfull áform í því að bæta þjónustu og búsetuúrræði þar að lútandi. Því verkefni er svo sannarlega ekki lokið. Í aðdraganda síðustu kosninga urðum við vör við það, frambjóðendur allra flokka, að þessi málefni brunnu mjög mikið á landsmönnum öllum, ungum sem öldnum og snertu okkur flestöll. Því kom ekki á óvart að allir stjórnmálaflokkar sem nú eiga sæti á Alþingi lögðu fram mjög metnaðarfulla stefnuskrá til þess að bæta aðstöðu, búsetuúrræði og kjör þessa hóps og veitir svo sannarlega ekki af.

Með því frumvarpi sem hér hefur verið lagt fram eru stigin ákveðin skref í þá átt að bæta kjör þessa hóps. Við framsóknarmenn lögðum mikla áherslu á málefni aldraðra í aðdraganda síðustu kosningabaráttu og segir m.a. í kosningastefnuskrá okkar að við viljum stuðla að sveigjanlegum starfslokum á vinnumarkaði, hækka frítekjumark á atvinnutekjur lífeyrisþega og frítekjumark verði sett á greiðslur úr lífeyrissjóðum og að einfalda eigi almannatryggingakerfið, svo fátt eitt sé nefnt. Enda er hér um umfangsmikinn málaflokk að ræða. Það leiðir því af sjálfu sér að við framsóknarmenn styðjum það ágæta mál sem hér er lagt fram, en eins og ég sagði hér áðan, svo langt sem það nær.

Við hljótum að velta því fyrir okkur hvort við skilgreinum ekki aldraða sem einn hóp, 67 ára og eldri. Í því frumvarpi sem hér er lagt fram er gert ráð fyrir því að þessum hópi verði skipt upp í tvennt, þ.e. 67–70 ára og 70 ára og eldri, gagnvart kjörum. Þannig að atvinnutekjur ellilífeyrisþega og vistmanna 70 ára og eldri hafi ekki áhrif á fjárhæð ellilífeyris, tekjutryggingar, vasapeninga o.s.frv.

Það er því eðlileg spurning sem vaknar í þessari umræðu hvort menn og stjórnvöld tryggi jafnræði ellilífeyrisþega með þeim hætti og hvort við séum í rauninni að framfylgja því sem flestir stjórnmálaflokkar og stjórnmálamenn töluðu fyrir í síðustu kosningabaráttu. Þá ræddum við um hversu starfskraftar eldra fólks væru dýrmætir fyrir íslenskt atvinnulíf, reynsla þess og allt þar fram eftir götunum. Með því frumvarpi sem hér er er því miður ekki verið að bæta kjör eldri borgara 67–70 ára. Reyndar er kveðið á um að lækka eigi skerðingarhlutföllin á kjörtímabilinu. En ég tel að við þyrftum að skoða það í fúlustu alvöru hvort það sama eigi ekki að gilda yfir allan hóp eldri borgara. Það eru að minnsta kosti sjónarmið í þessari umræðu.

Ef menn meina eitthvað með því að við viljum stuðla að því að þeir sem eru hressir og heilir heilsu geti stundað atvinnu án þess að verða fyrir miklum skerðingum, að það sé virkilegur hvati fyrir fólk sem er á besta aldri, 67 ára til sjötugs, ef við viljum virkilega stuðla að því að þetta fólk verði áfram á íslenskum vinnumarkaði og jafnvel vel fram yfir sjötugt, rétt eins og verið er að gera með þessu frumvarpi, þá held ég að við þurfum að spyrja okkur þessarar spurningar og skoða þessi mál nánar. Ég á von á að við munum fara vel yfir þetta hér í þinginu og að þetta verði tekið til sérstakrar skoðunar.

Annað sem við höfum rekið okkur á í umræðunni eru hinar miklu tekjutengingar á milli maka sem oftar en ekki hafa bitnað á húsmæðrum, eldri konum sem hafa kosið að vera heima og sjá um bú sitt ala upp börn sín, og hafa þar af leiðandi ekki verið mikið úti á vinnumarkaðnum. Þessi hópur kvenna hefur verið skertur óhóflega mikið vegna tekna maka. Ég veit að við höfum mörg séð svæsin dæmi um það. Ég held að allir stjórnmálaflokkar hafi verið sammála því að þessu þyrfti að breyta. Það er því sérstakt fagnaðarefni að til standi að gera þessum hópi hærra undir hópi hvað þetta varðar. Því þessar tekjutengingar hafa verið allt of miklar og í rauninni þurfum við að breyta þessu svo fljótt sem verða má. Reyndar er ekki tekið sérstaklega á því hvenær það verði gert á kjörtímabilinu. Ég tel brýnt að við komum til móts við þennan hóp og nú er lag að mörgu leyti. Við búum við mjög öflugan ríkissjóð og það þarf að koma til móts við þennan hóp. Hér er í raun um réttlætismál og jafnréttismál að ræða fyrir þær konur sem hafa komið börnum sínum til manns, séð um heimilið á meðan tíðarandinn var sá að karlarnir voru frekar á vinnumarkaði en konur. Það þarf að koma til móts við þennan hóp.

Ég vil, hæstv. forseti, minna á að þetta frumvarp ríkisstjórnarinnar sem við ræðum nú kemur bara þeim til góða sem hafa fulla heilsu til vinnu. Við framsóknarmenn viljum jafnframt horfa til þeirra sem eru heilsuveilir og/eða öryrkjar og bæta hag þeirra. Þetta frumvarp sem við ræðum hér tekur ekki á því, því miður.

Árið 2005 voru 8.809 manns á aldrinum 70–74 ára. 1.240 af þeim voru á vinnumarkaði eða rúm 14%. Sama ár voru 16.926 75 ára og eldri. 780 af þeim voru á vinnumarkaði eða 4,6%. Staðreyndin er sú að töluverður hópur af því fólki sem er á þessu aldursbili getur ekki sinnt vinnu og þar af leiðandi þurfum við að koma með öðrum hætti til móts við þennan hóp. Það er eins og ég sagði áðan ekki gert með þessu frumvarpi. Ég hef trú á því, miðað við hvað stjórnmálamenn og flokkar lögðu til fyrir síðustu kosningar, að það verði komið til móts við þennan hóp. Þannig að ég tel að hér sé um fyrsta skref að ræða til þess að bæta almennt hag aldraðra í samfélagi okkar.

Hæstv. forseti. Nú nýlega hefur verið skipt um forustu hjá Landssambandi eldri borgara. Í DV í dag, 6. júní, er viðtal við nýjan formann, Helga K. Hjálmsson og vil ég hér

úr stóli Alþingis óska honum góðs gengis í formennsku sinni. Það er mikilvægt starf, að halda stjórnvöldum á hverjum og einum tíma við efnið varðandi málefni aldraðra. Í viðtalinu segir Helgi K. Hjálmsson, m.a. með leyfi forseta:

„Kjaramálin eru númer eitt, tvö og þrjú. Við erum með okkar ákveðnu skoðanir í þeim málum. Í fyrsta sæti set ég hækkun á grunnlífeyri. Þar næst hækkun skattleysismarka. Loks vil ég tekjutengingu bóta burt."

Formaður Landssambands eldri borgara setur hækkun á grunnlífeyri í fyrsta sætið og þar næst hækkun skattleysismarka. Miðað við fyrirheit ríkisstjórnarinnar vil ég trúa því að það verði ráðist í úrbætur hvað þessi atriði varðar. Það er ekki að finna í því frumvarpi sem hér er lagt fram. Enda er það svo að ríkisstjórnin er nú rétt nýlega tekin við og við skulum gefa henni umþóttunartíma til þess að standa við þau fögru loforð sem þeir flokkar sem að þeirri ríkisstjórn standa hafa gefið. Við sem erum í stjórnarandstöðu munum veita ríkisstjórnarflokkunum aðhald, að þeir muni standa við þau stóru orð og þau metnaðarfullu áform sem lögð voru til í aðdraganda kosninga.

Hér er um mikilvægan málaflokk að ræða, við getum gert betur hér. Ég dreg ekki dul á það að mörg, mjög góð skref voru stigin í tíð fyrrverandi hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Sivjar Friðleifsdóttur, og miklir fjármunir voru settir í þennan málaflokk. En hins vegar er þeirri vegferð svo sannarlega ekki lokið.

Ég vil óska nýkjörnum heilbrigðisráðherra velgengni í þessum mikilvæga málaflokki. Ég hef ekki getað gert það hér áður úr þessum stóli. Hér er um mjög stóran og mikilvægan málaflokk að ræða. Menn skulu standa við stóru orðin sem féllu í aðdraganda síðustu kosninga og við í stjórnarandstöðunni munum sannarlega koma með okkar tillögur í þessum málaflokki. Ég hef trú á því að við munum veita ríkisstjórninni mjög öflugt aðhald hvað þetta varðar. Við munum ekki, eins og fyrrverandi hv. stjórnarandstaða, m.a. í fjárlagagerð, skila auðu. Við munum koma með okkar tillögur því við lofuðum ákveðnum hlutum og við viljum stuðla að því að það verði gerðar úrbætur í málefnum eldri borgara. Þetta er fyrsta skrefið í þeirri vegferð og ég óska ríkisstjórninni og Alþingi öllu góðs gengis í því að bæta kjör eldri borgara.

[15:19]

Björk Guðjónsdóttir (S):

Herra forseti. Frumvarpið sem hér er lagt fram um breytingar á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra er fagnaðarefni. Við sjálfstæðismenn lögðum eins og aðrir flokkar á það áherslu í nýafstöðnum kosningum að kjör aldraðra yrðu bætt. Með því frumvarpi sem hér hefur verið lagt fram af hæstv. heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra er vissulega stigið skref í þá átt að auka rétt aldraðra til tekjuöflunar án skerðingar á ellilífeyri.

Við höfum á undanförnum mánuðum séð að ýmis fyrirtæki hafa sóst eftir starfskröftum hinna eldri og reyndari. Með þessu frumvarpi er þeim einstaklingum sem áhuga hafa á atvinnuþátttöku meðan heilsan leyfir og vilji er fyrir hendi gefinn kostur á því án þess að það leiði til skerðingar á lífeyri almannatrygginga.

Í aðdraganda nýafstaðinna alþingiskosninga varð ég vör við, eins og fleiri hv. þingmenn, að bætt kjör ellilífeyrisþega var mál sem brann mjög á fólki á öllum aldri, ekki aðeins á eldri borgurum. Ég er sannfærð um að nú séu þær efnahagslegu forsendur til staðar að mögulegt sé að bæta hag þessa aldurshóp eins og nú er lagt til.

Herra forseti. Það er sannfæring mín að þær breytingar sem hér er lagt til að gerðar verði að lögum um almannatryggingar verði þeim eldri borgurum sem þær ná til til hagsbóta og betri kjara. Í stjórnarsáttmálanum er einnig gert ráð fyrir frekari úrbótum í málefnum aldraðra en mál þess efnis verða lögð fram á haustþingi. Það er því ljóst að hæstv. ríkisstjórn hefur í hyggju að taka strax á þeim málum sem snúa að málefnum aldraðra. Því ber að fagna.

[15:21]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S):

Virðulegi forseti. Það ber að fagna því frumvarpi sem hæstv. heilbrigðisráðherra hefur talað fyrir, um breytingar á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra. Þau skref sem hér eru stigin eru í fullu samræmi við málflutning okkar sjálfstæðismanna sem og annarra flokka fyrir kosningarnar í vor, sem og stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um öfluga velferðarþjónustu sem byggir á traustum grunni fyrri ára.

Markmið þessa frumvarps, herra forseti, er að bæta hag ellilífeyrisþega með því að draga úr vægi viðmiðunartekna gagnvart greiðslum lífeyristrygginga og einnig er lagt til að atvinnutekjur þeirra sem eru 70 ára og eldri hafi ekki áhrif á greiðslur lífeyristrygginga. Þessi skref eru þau fyrstu af mörgum í velferðargöngu sem styrkja mun stöðu eldri borgara. Þau eru afar mikilvæg samfélagslega.

Eldri borgarar búa yfir mikilli reynslu og þekkingu og mikil verðmæti eru fólgin í því að geta nýtt starfskrafta þeirra sem þess óska að vinna áfram. Þau skipta ekki síður máli hin auknu lífsgæði sem felast í því fyrir þá eldri borgara sem vilja að geta tekið virkan þátt í atvinnulífi þjóðarinnar og hafa um leið möguleika á að bæta hag sinn.

Virðulegi forseti. Engum blandast hugur um að einföldun almannatryggingakerfisins er löngu tímabær og frumvarp hæstv. heilbrigðisráðherra á þessu vorþingi markar tímamót þar um. Samspil skatta, tryggingabóta, greiðslna úr lífeyrissjóðum og atvinnutekna einstaklinga þarf að skoða gaumgæfilega til að tryggja meiri sanngirni og ekki síður til að hvetja til tekjuöflunar og sparnaðar.

Það er afar mikilvægt, hæstv. forseti, að hækka grunnlífeyri, að draga úr tekjutengingum og skerðingum bóta í þessu flókna kerfi almannatrygginga. Það eru mannréttindi allra, kvenna jafnt sem karla, að skerðing tryggingabóta vegna tekna maka verði að fullu afnumin.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Skoðað verði hvort undanskilja megi hluta af lífeyrissjóðstekjum eldri borgara skerðingum í almannatryggingakerfinu. Jafnframt skal stefnt að því að ríkissjóður tryggi ellilífeyrisþegum lífeyri að lágmarki 25 þúsund krónur á mánuði frá lífeyrissjóði. Almennt skerðingarhlutfall í almannatryggingakerfinu lækki í 35%."

Ég leyfi mér að vona, herra forseti, að ekki verði aðeins

skoðað og stefnt að heldur framkvæmt. Það er sanngjörn krafa og í raun réttlætismál að eldri borgarar búi við fjárhagslegt öryggi. Í allsnægtaþjóðfélagi okkar ætti það að vera metnaðarmál ráðamanna.

Virðulegi forseti. Það blasir við að mörg verkefni og ólík í málum sem snerta eldri borgara bíða hæstv. heilbrigðisráðherra á næstu missirum og fylgja honum góðar óskir í vandasömu starfi. Fjölgun hjúkrunarrýma er nauðsyn. Hraða á byggingu 400 rýma og það er vel. Mestu máli skiptir þó að þeir sem eru sjúkir aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda hverju sinni óháð stað og stund. Þá þjónustu þarf ekki endilega að veita á hjúkrunarheimilum eða öðrum stofnunum. Það kann að vera hagkvæmt — það er í það minnsta íhugunar virði, herra forseti — að auka enn frekar búsetuúrræði og veita eldri borgurum val um að búa þar sem þeir kjósa. Til þess að svo megi verða þarf að efla heimaþjónustu, heimahjúkrun, samhæfa alla þjónustu betur og gera hana bæði einstaklingsmiðaðri og skilvirkari.

Í dag skarast verkefni ríkis og sveitarfélaga í öldrunarmálum og það kallar iðulega á árekstra sem koma niður á þeim sem á þjónustunni þurfa að halda. Því þarf að breyta. Það gerum við best með því að færa þennan málaflokk ásamt heilsugæslunni frá ríki til sveitarfélaga. Sveitarfélögin, herra forseti, eru mörg hver vel í stakk búin til að taka við verkefnum frá ríkinu og hafa sýnt það í verki. Öldrunarmálin eru nærþjónusta og hana á að veita af þeim sem gleggst þekkja til.

Sveitarfélögin hafa einnig sýnt að þau eru óhrædd við að fara ótroðnar slóðir og leita nýjunga í uppbyggingu og rekstri og slíkt gæti nýst á margan hátt í öldrunarþjónustu því að þarfir eldri borgara, væntingar þeirra og óskir, eru mismunandi og þjónusta nærsamfélagsins þarf að endurspegla þá staðreynd. Það er grundvallaratriði og í raun mannréttindi að sjálfræði eldri borgara um val á þjónustu sé virt þegar þeir þurfa á stuðningi samfélagsins að halda.

Virðulegi forseti. Öldrunarmál sem einn þáttur heilbrigðismála skiptir alla máli. Á Íslandi er afar góð heilbrigðisþjónusta og frábært starfsfólk. En ég vil sjá fjölbreyttari úrræði í þessum málaflokki, hæstv. heilbrigðisráðherra, hvort sem um vistun, heimaþjónustu, heimahjúkrun eða læknisþjónustu er að ræða. Ég vil sjá fjölbreyttara rekstrarform og leyfa einkaaðilum að spreyta sig í þessum málaflokki í miklu meiri mæli. Hið opinbera heldur áfram að greiða fyrir þjónustuna þó svo að einkaaðilar veiti hana.

Það er sátt í samfélagi okkar og í íslenskum stjórnmálum um að skattfé okkar sé varið til að halda úti öflugu velferðarkerfi. Á því verður engin breyting. En kraftur einkaframtaksins hefur með frábærum hætti gjörbreytt háskólaumhverfi á Íslandi og ég er sannfærð um að það yrði einnig þróunin í þessum málaflokki.

Herra forseti. Við þurfum að vera opin fyrir nýjum leiðum og hugmyndum á þessu sviði sem og öllum öðrum. Frumvarp hæstv. heilbrigðisráðherra um breytingar á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra eru vonandi aðeins fyrstu skref í metnaðarfullum áformum ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar um að bæta hag eldri borgara á Íslandi.

[15:29]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að fagna frumvarpi hæstv. heilbrigðisráðherra sem snýst um að bæta kjör eldri borgara með því að afnema að fullu tekjutengingar vegna atvinnutekna 70 ára og eldri. Frumvarpið undirstrikar þá áherslu sem núverandi ríkisstjórn leggur á málefni eldri borgara. Þetta er einungis fyrsta skrefið af mörgum í þá veru að bæta afkomu eldri borgara. Því miður hefur kerfið sem við búum við í dag í raun refsað þeim eldri borgurum sem hafa viljað vinna þar sem skerðingarhlutföll eru of há, þrátt fyrir að þau hafi verið lækkuð mjög mikið á undanförnum árum. Þetta hefur orðið til þess að þvinga eldri borgara út af vinnumarkaði þar sem þeim hefur verið refsað fyrir að vinna með alls kyns skerðingarákvæðum.

Herra forseti. Eins og ég kom inn á er þetta aðeins fyrsta skrefið hjá ríkisstjórninni. Það hefur líka komið fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að hún vill bæta sérstaklega kjör þeirra eldri borgara sem verst hafa kjörin með því að ríkissjóður tryggi lífeyrisþegum að lágmarki 25 þús. kr. á mánuði frá lífeyrissjóðum. Þetta er mjög mikilvægt því að við vitum að fólk á erfitt með að lifa af strípuðum bótum frá ríkinu. Það kunna að vera margar skýringar á því hvers vegna fólk hefur ekki öðlast lífeyrisréttindi en stærsti hópurinn mun vera konur sem voru hlutfallslega lítið úti á vinnumarkaðnum á starfsævi sinni og oft á tíðum aðeins í hlutastörfum, ef þær voru þá á annað borð úti á vinnumarkaðnum.

Það er mikilvægt að draga almennt úr skerðingarhlutföllum. Því er gott til þess að vita að búið sé að setja það inn í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að almennt skerðingarhlutfall í almannatryggingakerfinu lækki í 35%.

En það er fleira en fjármagn það sem eldri borgarar hafa á milli handanna sem skiptir máli, ekki síður þarf að huga vel að þjónustu við þennan hóp. Mikilvægt er það markmið ríkisstjórnarinnar að allir sem rétt hafa á hjúkrunarrýmum og öðrum þeim búsetu- og þjónustuúrræðum sem eru á hendi ríkisins fái notið þeirra. Það er vitað að það má létta mikið á eftirspurn eftir hjúkrunar- og þjónusturýmum með því að veita þeim eldri borgurum sem það kjósa betri þjónustu heima við. Því er mikilvægt að færa ábyrgð á lögbundinni þjónustu við aldraða og fatlaða á eina hendi, þ.e. frá ríki til sveitarfélaga. Með því mun sambandið á milli þeirra sem þjónustuna nota og þeirra sem veita hana verða mun skýrara og boðleiðir styttast til muna. Með slíku fyrirkomulagi ætti líka að vera hægt að koma í veg fyrir að sveitarfélögum sé mismunað hvað varðar þjónustuframboð.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar hefur sagt að hún muni leggja áherslu á bætta þjónustu og bættan hag eldri borgara. Horft verður sérstaklega til þess að þjónustan og sá lagarammi sem þeim verður búinn taki mið af mismunandi þörfum hvers og eins og að þjónustan verði einstaklingsmiðuð. Hér er sleginn tónn í þessa veru, tónn sem er táknrænn fyrir það sem koma skal á þessu kjörtímabili hjá nýrri ríkisstjórn og undirstrikar að hún mun leggja áherslu á málefni eldri borgara númer eitt, tvö og þrjú.

[15:32]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Við ræðum hér frumvarp frá hæstv. heilbrigðisráðherra og ég vil byrja á því að óska honum til hamingju með starfið og vona að hann verði landi og þjóð til gagns. Ég efast reyndar ekki um það.

Það sem menn þurfa að átta sig á er að til þess að hafa gott velferðarkerfi þurfa menn gott og heilbrigt atvinnulíf. Ég hef lýst því þannig, ef við tökum myndlíkingu af þjóðarskútunni, að fyrstu kjörtímabilin sem Sjálfstæðisflokkurinn var við völd fóru í það að koma í gang vélinni sem þá hökti og síðan koma mannskapnum í gott skap, áhöfninni, og nú erum við komin að því að sinna velferðarkerfinu. Þar sem vélin gengur á miklum hraða og áhöfnin hefur fengið miklar launahækkanir vil ég að þetta kjörtímabil verði helgað velferðarkerfinu sem nýtist síðan okkur öllum, launþegum á vinnumarkaði, börnum og öllum öðrum. Það er hluti af lífskjörum þjóðarinnar. Og verkefni þessa kjörtímabils ættu að vera að velferðarkerfið verði skilvirkt og einfalt.

Ef við skoðum einstaka hópa í þjóðfélaginu fá þeir alls konar félagsleg skilaboð. Þeir sem eru 15 ára fá þau skilaboð að þeir eigi að hegða sér eins og vitleysingar af því að þeir eru unglingar. Þeir gera það reyndar ekki nema einstaka maður en þeir fá samt þau skilaboð frá þjóðfélaginu. Þeir sem eru öryrkjar fá líka ákveðin skilaboð frá þjóðfélaginu. Þeir eru ör-yrkjar, eiga bara ekkert að geta unnið. Svo eru löggilt gamalmenni, herra forseti, sem fá líka ákveðin skilaboð. Þau eiga að vera löggilt gamalmenni. Þau eiga sko ekki að dansa eða fara á línuskauta og annað slíkt.

Þetta er mjög hættulegt. Öll kerfi okkar ganga út á að undirbyggja svona skilaboð. Við eigum að vinna gegn þessu. Ég hef meira að segja grun um að konur fái frá þjóðfélaginu skilaboð um að þær eigi að sætta sig við lægri laun sem er náttúrlega alveg ótrúlegt. Þetta eru þau skilaboð sem menn búa við og mjög margir fara eftir þeim. Ég held að það eigi sérstaklega við um aldraða.

Ég held að við þurfum að fara að líta á getu öryrkja og aldraðra miklu meira en á einhvern aldur eða einhverja fötlun. Það er einmitt markmiðið á bak við starf örorkunefndarinnar sem skilaði af sér í mars og er núna farin að vinna að útfærslu, þ.e. að líta á getu öryrkja en ekki fyrst og fremst vangetuna. Og ég vil að það sama sé gert gagnvart öldruðum.

Aldraðir eru miklu sprækari núna en þeir voru fyrir 40 árum. Maður sem var orðinn sextugur fyrir 40 árum var orðinn fjörgamall. Ekki í dag, alls ekki í dag. Ég hitti fólk á elliheimilunum sem er komið yfir nírætt og ekkert amar að. Mjög sprækt fólk og vel hugsandi. Og ekkert að því nema að það er bara gamalt. Það er það eina. Þess vegna held ég að við þurfum að hugsa allt kerfið upp á nýtt.

Margir líta á vinnuna sem kvöð, áþján. Hún er það ekki. Í augum flestra er vinnan mjög merkilegt fyrirbæri, t.d. gefur hún manninum þá tilfinningu að hann hafi hlutverk, hann hafi hlutverk í lífinu, það að sinna þessari vinnu. Þegar hann missir vinnuna, hvort sem það er vegna atvinnuleysis, elli, verður svokallað löggilt gamalmenni, eða örorku, missir hann þetta hlutverk. Hann er ekki lengur gjaldgengur í þjóðfélaginu. Þetta er mjög alvarlegt áfall fyrir einstakling að lenda í. Við eigum að reyna að hindra þetta.

Það hefur líka sýnt sig í könnunum á öldruðum að dánarlíkur aldraðra aukast mjög mikið fyrstu mánuðina eftir að þeir fara á ellilífeyri sennilega vegna þess að þeir hafa ekki lengur tilgang. Við eigum að gefa þeim tilgang, þeim sem það vilja.

Vinna er meira en þetta. Hún er líka félagsskapur góðra vinnufélaga. Hún er ákveðin skemmtun. Hún er ákveðin regla í lífinu fyrir fólk þannig að við þurfum að breyta hugsuninni. Þetta frumvarp sem við erum með er að hluta til viðleitni í þá átt að þeir sem vilja og langar til geta haldið áfram að vinna án þess að vera refsað af velferðarkerfinu með því að skerða bætur.

Hv. þingmenn þurfa þó að gera sér grein fyrir því að þeir eru að búa til vanda. Þeir verða að átta sig nákvæmlega á því hvaða vanda þeir eru að búa til. Ég hef ekki heyrt það neitt rætt hér í dag, eða lítið.

Það eru til aldraðir sem geta ekki unnið, þeir fá ekki vinnu. Þeir njóta ekki þessa. Þeir þurfa að horfa upp á jafnaldra sína sem eru kannski í góðri vinnu, hafa góðar tekjur og fá óskertar bætur. Það er einn vandinn. Það er samanburðurinn á þeim bæ. Svo erum við líka með vinnandi fólk sem vinnur hlið við hlið eins og nefnt var í framsöguræðu hæstv. heilbrigðisráðherra. Það geta verið tveir menn á vinnustað. Annar þeirra verður sjötugur einn daginn og allt í einu fær hann 140 þús. kr. til viðbótar, eða reyndar 126 þús. kr. á meðan 25 þús. kallinn er ekki kominn. Hann fær það bara til viðbótar sisvona, úr hinum sameiginlegu sjóðum sem sá sem er við hliðina á honum vinnur fyrir og borgar. Segjum að þeir séu með 300 þús. kr. í tekjur hvor um sig og haldi þeim áfram en svo er allt í einu annar kominn með 426 þús. kr. á mánuði ef hann býr einn og er aldraður. Menn þurfa að átta sig á þessu. Þess vegna er ekkert voðalega auðvelt að fara með þessi mörk niður af því að þá vex samanburðurinn enn frekar. Þetta eru skýringarnar á því.

Einu sinni voru skerðingar á þessari tekjutryggingu. Þetta hét tekjutrygging, og heitir það. Það er verið að tryggja þeim tekjur sem ekki hafa tekjur annars staðar, hvorki úr lífeyrissjóði, af atvinnu né af fjármagni. Þetta heitir tekjutrygging og þess vegna voru skerðingarnar mjög miklar til að byrja með, 67% ef ég man rétt, fóru síðan niður í 45%. Við erum búin að lækka þær niður í tæplega 40% á þessu ári og fer niður í 38,35% á næsta ári og síðan er stefnt að því í lok kjörtímabilsins að þetta fari niður í 35%.

Þetta býr líka til vanda. Öryrki sem vinnur við hliðina á einhverjum öðrum hefur þá enn meira til ráðstöfunar en sá sem vinnur við hliðina á honum. Menn þurfa að átta sig á því. Þess vegna er ekkert voðalega auðvelt að fara með skerðingarnar niður í 0. Það er nánast útilokað út af samanburðinum. Það mundi búa til félagslegt óréttlæti í þjóðfélaginu af því að þessar bætur er borgaðar af öllum, líka manninum sem vinnur við hliðina á hinum aldraða eða öryrkjanum.

Það er annað með lífeyrissjóðina. Þar hafa menn borgað iðgjöld alla tíð og eiga eignina sem þeir njóta lífeyris frá. Þess vegna hefur enginn talað um að lífeyrir frá lífeyrissjóðum verði einhvern veginn háður tekjum mannsins. Hann má bara vinna ef honum dettur það í hug þegar hann er orðinn gamall. Þarna er reginmunur á. Annað er borgað úr sameiginlegum sjóðum en hitt úr uppsafnaðri eign.

Staða aldraðra, herra forseti, er afskaplega misjöfn. Það eru stóreignamenn á meðal aldraðra. Það eru hátekjumenn á meðal aldraðra. 800 aldraðir voru með meira en 300 þús. kr. í tekjur úr lífeyrissjóðum á mánuði árið 2005 og fengu grunnlífeyririnn þess vegna óskertan, 25 þús. kr.

Svo er annað eins og kom fram í máli hv. þm. Ástu Möller sem flutti mjög góða ræðu hérna um þetta, þ.e. þriðjungur aldraðra nær ekki 25 þús. kr. úr lífeyrissjóði. Staða þeirra er afskaplega misjöfn.

En það eru ekki bara peningarnir sem skipta máli. Alls ekki. Við skulum horfa á hina félagslegu stöðu aldraðra. Sumir eru í þeirri stöðu að þeir búa innan um börnin sín, í íbúð kannski í kjallaranum, í daglegu sambandi. Barnabörnin koma á hverjum einasta degi, sem sagt mjög virkt samband við fjölskylduna. Svo hef ég heyrt af öðrum sem búa á elliheimilum og hafa ekki fengið heimsókn í mörg ár þótt ættingjarnir búi kannski í næstu götu. Sú staða er ekki góð. Ég held að einsemd aldraðra sé töluvert mikil. Það er eitthvað sem við ættum líka að horfa á. Það er reyndar unnið mjög mikið og gott starf á vegum sveitarfélaganna til þess að vinna gegn einsemd aldraðra.

Heilbrigði aldraðra hefur verið mikið í umræðunni og ég hugsa að margt ungt fólk í dag haldi að allir aldraðir séu með alzheimer eða séu öðruvísi veikir. Það er gjörsamlega út í hött. 80% aldraðra búa heima hjá sér og eru heilbrigðir. Meginþorri þeirra er bara heilbrigður og ekkert að honum. (**Gripið fram í:** Sumir eru heima og veikir.) Sumir eru heima og veikir, já, einstaka. Ég held að það séu kannski 10% sem þarfnast aðhlynningar. Umræðan hefur snúist eingöngu um þann litla hóp og auðvitað þurfum við að gera vel við þann litla hóp, nákvæmlega eins og aðra veika í öðrum aldurshópum. *Fólk verður veikt líka um þrítugt. Ég veit* ekki betur.

Við þurfum að fara að aðgreina heilbrigðisþjónustu almennt. Hún á að vera góð fyrir alla aldurshópa, jafnt aldraða sem yngri, og við eigum að hætta að einblína eingöngu á aldraða. Það er orðið hættulegt. Við getum lent í sömu stöðu og landsbyggðin þegar búið var að tala svoleiðis vandamál inn á hana að hún bara koðnaði niður. Landsbyggðin var gerð að aumingjum. Sem betur fer sáu menn að sér og hættu vælinu og þá batnaði staðan heilmikið á sumum stöðum, eins og t.d. á Dalvík — ég sé hérna fyrrverandi bæjarstjóra Dalvíkur. Þar var bjartsýni og ekkert væl.

Hið sama gildir um aldraða. Staða þeirra er yfirleitt góð. Það eru til dæmi um menn sem hafa það fjárhagslega slæmt, mjög slæmt, og við erum einmitt að grípa undir með þeim með tillögunum um 25 þús. kr. sem fara í gegnum lífeyrissjóðina svipað og umsjónarnefnd eftirlauna hér í eina tíð vegna þess að það sýndi sig að koma best við þá sem verst eru settir.

Það eru ekki bara heimavinnandi húsmæður og þeir sem eru orðnir fjörgamlir sem aldrei gátu borgað í lífeyrissjóð, heldur eru líka sjóðfélagar í nokkrum lífeyrissjóðum í landinu eins og Lífeyrissjóði bænda og Lífeyrissjóði leigubifreiðastjóra sem fá lífeyri langt undir 25 þús. kr. Sjóðirnir eru að borga lífeyri upp á 5 þús. kall á mánuði. Það fólk mun njóta þessara breytinga. Svo er fólk sem hefur verið heima yfir veikum börnum alla ævi o.s.frv., aðallega konur náttúrlega, eiginlega eingöngu konur. Aðgerðin upp á 25 þús. kr. held ég að sé fjárhagslega ein besta aðgerð til að bæta stöðu þeirra sem verst eru settir.

Það kom fram í máli hv. þm. Ástu Möller að lágmark þess sem aldraður sem býr einn fær í dag er 126 þús. kr. Það fær enginn minna en það. Ef 25 þús. kr. verða komnar til viðbótar er það komið upp í 138 þús. kr. sem er lágmark þess sem einhver fær, sá sem er aldraður og býr einn. Algjört lágmark. Ég vil minna á að lægstu laun í landinu eru um 125 þús. kr. Það er fólk á þeim launum, því miður. Í samanburði held ég að þessi staða sé orðin góð því að ellilífeyrisþegar borga ekki iðgjald í lífeyrissjóð eðli máls samkvæmt sem er 4% og þeir borga heldur ekki félagsgjald í stéttarfélag. Þessar tölur eru ekki alveg sambærilegar og eru hinum aldraða í hag.

Ég held að ég hafi þetta ekki lengra. Ég er mjög ánægður með þetta frumvarp og vona að næsta úrræði sem er 25 þús. kr. verði afgreitt sem fyrst. Ég tel að það sé öllu mikilvægara því að þar er verið að aðstoða þá sem alverst eru settir fjárhagslega. Svo koma lækkandi skerðingar seinna meir á kjörtímabilinu en þær nýtast náttúrlega líka þeim sem hafa hærri tekjurnar og miklu betri. Ég minni á að hækkun á grunnlífeyrinum mun líka gagnast hátekjufólki.

[15:47]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að lýsa því yfir að ég tel að þetta frumvarp sé til bóta svo langt sem það nær. Hins vegar er líka rétt að vekja athygli á að sumt af því sem hv. þm. Pétur Blöndal fór yfir áðan vekur upp margar spurningar varðandi þá útfærslu sem hér er verið að leggja til. Það er auðvitað vegna þess, eins og hann benti réttilega á, að réttur okkar allra í þjóðfélaginu er mjög misjafn, að hvar svo sem við höfum starfað á ævinni eigum við misjafnan rétt.

Fyrsti misjafni rétturinn sem við öðlumst þegar við verðum eldri borgarar er sá að geta valið hvort við förum að taka út lífeyrisgreiðslur okkar sextug. Það getum við flest, við eigum það val. Við getum líka valið að fresta því til sjötugs í lífeyrissjóðunum yfirleitt. Það val sem þarna er til staðar ræðst sjálfsagt af því hvort fólk er heilbrigt þegar það kemst á aldursmörkin 60 ára eða ekki, hvort það velur að taka út lífeyri sinn eða hvort það velur að gera það ekki og jafnvel safna upp auknum lífeyrisrétti eins og hægt er í nokkrum lífeyrissjóðum, m.a. Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Næsta mismunun sem er kannski rétt að vekja athygli á í þessari umræðu er auðvitað sú að réttur starfsstétta í lífeyriskerfinu er misjafn. Almennur réttur lífeyrisþega, þ.e. á almennum vinnumarkaði, er sá að menn afla sér samkvæmt lögum um almenna starfsemi lífeyrissjóða að mig minnir 56% af inngreiðsluviðmiðun yfir starfsævina, miðað við 42 ár eins og kom fram áðan. Ég held að því hafi ekki verið breytt, það var nefnt hér að hún væri 60%, ég held að hún sé enn þá 56%, þó kann að vera að mig misminni í því og þessu hafi verið breytt.

Opinberir starfsmenn komast hins vegar yfirleitt í þá stöðu að geta eignast 70% lífeyrisrétt af viðmiðunarstöðunni, af þeirri stöðu sem sá gegnir sem við tók, og eru þar af leiðandi með verðtryggðan lífeyri miðað við launakjör

opinberra starfsmanna á vinnumarkaði.

Síðan eru ýmsir aðrir lífeyrissjóðir eins og Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga sem fylgir einnig opinberu lífeyrissjóðunum en þar eru kannski svolítil sérréttindi, ég ætla ekki að fara nánar út í það, ég ætla að fara út í almennu reglurnar.

Hverjir ætli séu næstir í röðinni, ætli það séu ekki alþingismenn sem eiga rétt á lífeyri sem samþykktur var hér með lögum og vinna sér inn núna að meðaltali 3% á ári af þingfararkaupi? Prósentan var misjöfn áður. Við alþingismenn fáum 12% af þingfararkaupi eftir eitt kjörtímabil og svo geta allir reiknað þetta út eftir því hvað menn sitja lengi á þingi.

Þar ofan á eru auðvitað ráðherrarnir sem fengu sérstaka lagfæringu í pakkanum okkar, miklu meiri lagfæringu og betri réttindi en almennir alþingismenn. Breyting almennra alþingismanna var ekkert mjög mikil, það fer svolítið eftir því á hvaða starfsaldursbili alþingismenn voru, hvort þeir voru búnir að vera 12 ár eða 16 ár, vegna þess að prósentan var misjöfn áður en er núna 3% flöt. Ráðherrarnir hafa þarna mun víðtækari rétt eins og ég gat um og þar af leiðandi er ég væntanlega búinn að gera grein fyrir því hve staða hinna vinnandi stétta í íslensku þjóðfélagi er misjöfn.

Ofan á þessu trónir ein stétt sem er tryggð í stjórnarskrá Íslands og engin önnur stétt hér á landi, mér vitanlega, hefur sömu réttindi og hún, það eru hæstaréttardómarar þar sem stendur í stjórnarskrá að þeir skuli einskis í missa í launum sínum í hverju sem þau eru greidd þegar þeir komast á lífeyri.

Þetta er aðeins kortlagning á því í stuttu máli hvernig lífeyriskerfið okkar er, það er nefnilega misjafnt. Þess vegna er tryggingakerfið okkar að mörgu leyti misjafnt og óréttlátt af því að við höfum ekki gætt þess nægilega, hæstv. forseti, að tryggja að þeir sem lægst hafa launin og lökust hafa lífeyrisréttindin, eru veikir og örkumla, njóti betri réttar en hinir sem hafa enn þá mikla starfsorku og miklar tekjur og þetta er auðvitað verkefni sem við í hv. Alþingi þurfum að fást við. Þess vegna er það rétt sem hv. þm. Pétur Blöndal vék að áðan að útfærslan er vandasöm.

Ég vil trúa því að allir alþingismenn, hvar í flokki sem þeir standa, vilji tryggja að þeir sem lakast eru settir á efri árum og öryrkjar njóti lágmarkskjara sem dugi þeim til eðlilegrar framfærslu. Ég hef litið svo á að menn vildu það. Um það varð hins vegar löng og mikil umræða á síðasta hausti á hv. Alþingi þar sem stjórnarandstaðan páverandi lagði til sérstakan frumvarpsbálk um það hvernig taka ætti á því að bæta tryggingakerfið, tekjutengingarnar og stöðu aldraðra og öryrkja. Ég ætla ekki að fara yfir þann pakka allan en hann byggðist á því í grófum dráttum að vera með miklu hærra frítekjumark en núna hefur verið sett, þ.e. 75 þús. kr. frítekjumark en ekki 25 þús. kr., að skerðingarprósentan væri 35% frá síðustu áramótum, ekki tæp 40% eða 39,95 eins og hún er nú en lækkar í 38% um næstu áramót, að skoðað yrði sérstaklega hvernig taka mætti á lífeyristekjum með tilliti til þess hvaða skerðingarreglur ættu að virka á lífeyristekjur, þ.e. frá lífeyristekjunum á tryggingakerfið því að þannig virkar þetta, talað var um tekjutengingu maka sem ríkisstjórnin er nú sammála um að verði felld niður og allir eru væntanlega sammála um það á hv. Alþingi. — Hæstv. ráðherra, ég óska þér til hamingju með starfið.

Ef við veltum hins vegar fyrir okkur ýmsu sem hér er sagt, ég tek undir að þau skref sem hér eru stigin eru til bóta, þá finnst mér vanta skýringu á því hvers vegna ekki er talað um 67 ár og skilið þarna eftir bil frá 67 upp í 70 ár. Ég vænti þess að ráðherra fari fleiri orðum það en lesa má út úr greinargerðinni.

Mér finnst líka þurfa að ræða sérstaklega þó að það sé ekki í þessu frumvarpi heldur boðað á næsta hausti frumvarp um að lífeyrissjóðir greiði þeim 25 þús. kr. sem hafa minni rétt en 25 þús. kr. úr lífeyrissjóði. Við megum ekki gleyma því þegar við tölum um þetta að lífeyristekjur skerða allar bætur frá Tryggingastofnun nema grunnlífeyrinn. Það er bara grunnlífeyririnn, 24.800 kr., sem lífeyristekjur skerða ekki. Að öðru leyti skerða lífeyristekjur bætur Tryggingastofnunar sem áður hétu tekjutrygging og tekjutryggingarauki en heita núna ný tekjutrygging upp á 79 þús. kr. Sú tala skerðist öll, 79 þús. kr., ef menn hafa nógu miklar tekjur úr lífeyrissjóði.

Hvað gerist í raun og veru ef menn ætla að lagfæra þetta með 25 þús. kr. greiðslum úr lífeyrissjóði sem ríkissjóður greiðir væntanlega til lífeyrissjóðanna því að ekki ætlum við að skerða þá sem fyrir eru? Eins og gert var með 60 ára reglu sjómanna sem var eingöngu lögð á þá sem voru fyrir í sjóðnum, sem allar ríkisstjórnir og allir fjármálaráðherrar meðan ég var í Farmanna- og fiskimannasambandinu neituðu að lagfæra þó að það þýddi í raun og veru bara skerðingu á lífeyrisrétti sjómanna í lífeyrissjóðnum? Við urðum að gera svo vel að ganga í gegnum það og þola margar skerðingar á þeim réttindum. Ekki nóg með það, ekkjurnar í Lífeyrissjóði sjómanna þurftu líka að taka því að ekknabætur voru skertar og þær eru skildar eftir á köldum klaka eftir þrjú ár. Þannig er það.

Huga þarf að þessu máli varðandi ekkjur og ekkla í lífeyrissjóðakerfinu almennt og huga þarf að bændakonum sem eru sérhópur með afar slök lífeyrisréttindi. Hvers vegna skyldi það vera? Það er vegna þess að oftast nær voru bændur með svo lág laun að ekki var hægt að reikna fulla endurgreiðslu til konunnar. Það var yfirleitt bóndinn, ef hann var karlmaður — stundum var bóndinn kona — sem fékk inngreiðsluna en svo var kannski hugsanlegt að reikna 50% laun á konuna og þá var lífeyrisgreiðslan inn í Lífeyrissjóð bænda í samræmi við það. Þess vegna eru það ekki bara bændur einir og sér sem hafa slakan lífeyri vegna lágra tekna heldur makar þeirra, eiginkonur hafa jafnvel enn verri lífeyrisrétt. Því miður eru dæmi um fólk sem enn er að fá minna en 10 þús. kr. úr lífeyrissjóði sínum. Þetta mun auðvitað breytast á komandi árum þegar allir hafa greitt í lífeyrissjóð af öllum tekjum sínum en það var lengi ekki gert eins og allir vita. Stundum var greitt af dagvinnunni, sjómenn greiddu af hálfri hásetatryggingu, síðan fullri hásetatryggingu o.s.frv. og ekki fyrr en 1987 af öllum launum í lífeyrissjóð. Ég undirstrika þegar við tölum um þessi mál, um lífeyrisrétt og skerðingarreglur, að staða íslenskra ríkisborgara er misjöfn, hún er afar misjöfn eftir því hvort þeir voru venjulegir launþegar, opinberir starfsmenn, alþingismenn, ráðherrar eða hæstaréttardómarar.

Ef við tökum einhvern sem er með aðeins 15 þús. kr. lífeyrisréttindi í lífeyrissjóði og ríkissjóður hyggst bæta við 10

þús. kr. til að hífa viðkomandi upp í 25 þús. kr. úr lífeyrissjóði, hvað gerist þá í raun og veru? Af 10 þús. kr. er tekin 40% skerðing eða núna 39,95%, þ.e. 4 þús. kr. fara þar. Svo kemur skattur á restina og afraksturinn er þá 2.160 kr. Skerðingin alls veldur því að sá sem ríkissjóður ætlaði að greiða 10 þús. kr. svo að hann fengi 25 þús. kr. úr lífeyrissjóði fær raunuppbót upp á 3.840 kr. Það er rauntekjuaukningin þegar búið er að skerða tekjutrygginguna á móti og skattinn hinum megin vegna þess að persónuafslátturinn er lágur.

Þegar hv. þm. Ásta Möller sagði áðan að skerðingarreglan hefði einu sinni verið 67% og hefði síðan verið lækkuð í 45% til hagsbóta fyrir alla þá er það alveg rétt tölulega en skilaði það sér til eldri borgara? Nei. Hvers vegna ekki? Vegna þess að persónuafslátturinn var látinn síga á móti, hann hélt ekki raungildi sínu. Og af því að persónuafsláttur-inn hélt ekki raungildi sínu breyttust skattleysismörkin og þeir sem áður töldu að þeir væru að fá mikla kjarabót, frá 67 niður í 45, fengu hana ekki. Það var tekið í ríkissjóð eftir annarri leið.

Þess vegna er það grundvallaratriði, hæstv. ráðherra, þegar við förum í gegnum þessi mál að við skoðum þau alveg ofan í kjölinn, samspil skatta og skerðinga, samspil bóta og skerðinga, samspil atvinnutekna annars vegar og lífeyrisgreiðslna hins vegar, stöðu hvers hóps, stöðu fólks sem á réttindi í mismunandi lífeyrissjóðum. Besta verkið sem hæstv. ráðherra gæti unnið fyrir okkur til að undirbúa okkur fyrir næsta haust væri að biðja alla lífeyrissjóði landsins um útkeyrslu á bótaþegum sem hafa undir 10 þús. kr., undir 20 þús. kr., undir 30 þús. kr. út úr lífeyrissjóði þannig að við vitum nákvæmlega á næsta hausti hvaða vandamál við erum að tala um, hvernig við ætlum að leysa það, því að væntanlega ætlum við að leysa það þannig að staða þeirra sem lakast eru settir batni mest. Það hlýtur að vera tilgangurinn ef við meinum það að fólk eigi að komast af á lágmarkstekjum sínum.

Ég tók það a.m.k. þannig í síðustu kosningabaráttu, það var skilningur okkar að tryggingakerfið, lagfæring þess og aðkoma okkar að því að bæta kjör aldraðra fælist í því að þegar upp væri staðið gætum við sagt við okkur sjálf: Það komast allir af. Það hlýtur að vera markmiðið. Til þess verðum við að horfa á öll þau atriði sem ég hef minnst hér á. Ég þarf ekki að lengja mál mitt meira að þessu leyti, ég held að ég hafi skýrt það sem ég á við.

[Fundarhlé. — 16:03]

[17:59]

Útbýting:

Þátttaka Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu, 2. mál, nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 20.

[18:00]

Atli Gíslason (Vg):

Herra forseti. Umræðan í dag um frumvarp um breytingu á lögum um almannatryggingar gaf mér tilefni til að biðja um orðið. Það vita allir sem vilja vita að lífeyriskerfið sem við búum við í dag er afar óréttlátt, mismunar fólki herfilega og verst í því eru ef til vill þau lög sem við settum á Alþingi um lífeyrisréttindi alþingismanna, þó sérstaklega ráðherra.

Ég nefndi í dag að ég teldi eðlilegra að þær aukagreiðslur sem boðað er að lífeyrissjóðir greiði fari í gegnum almannatryggingakerfið. Ég er fastur á þeirri skoðun og vildi minna á að þegar lífeyrissjóðakerfið var sett á stofn árið 1968 var tekin ákvörðun um að bæta því fólki það upp sem var um miðjan aldur eða komið yfir miðjan aldur þegar kerfið var tekið upp. Þeir einstaklingar sem fæddir voru fyrir 1914 fengu uppbót úr almannatryggingakerfinu. Það voru sem einstaklingar fæddir fyrir 1914 og ég hygg að það eigi að fara þá leið til að bæta konum skert lífeyrisréttindi vegna þess að þær hafa verið heimavinnandi hluta starfsævinnar eða jafnvel alltaf verið heimavinnandi. Staða þeirra kvenna sem húsmæðra og skertur lífeyrisréttur fylgir þeim alveg fram á ævikvöldið, fram á grafarbakkann.

Hér í salnum hafa menn nefnt mismunun sem snýr að húsmæðrum. En mismununin á sér fleiri hliðar. Hér búum við við kynbundinn launamun sem er talinn allt að 18%. Það er mismun á launum karla og kvenna fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf. Það er brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og svona hefur staðan verið í fjögur kjörtímabil Sjálfstæðisflokksins og þrjú kjörtímabil Framsóknarflokksins. Það er til ævarandi skammar að við skulum láta þau mannréttindabrot líðast. Það er til ævarandi skammar. Það hefur ekkert tommast á ríkisstjórnarárum Sjálfstæðisflokksins né Framsóknarflokksins.

Því miður er það svo að stefnuyfirlýsingin er að mínu mati ekki nógu afgerandi um þetta. Þegar rætt er um óútskýrðan launamun þá er verið að fela eitthvað. Það er kynbundinn launamunur sem er brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Þessi kynbundni launamunur fylgir konum síðan inn í ellilífeyrisaldurinn og til æviloka.

Annar munur fylgir konum inn á ellilífeyrisaldurinn. Það er vanmat þjóðfélagsins á umönnunarstörfum. Heildartekjur kvenna eru aðeins um 63% af heildartekjum karla. Þar er tæplega 40% munur. Þær breytingar sem hér eru lagðar til megna ekki að leiðrétta þann mun á kaupi og kjörum karla og kvenna. Það er ekki stigið nema stutt skref í þeim efnum. Vanmatið á umönnunarstörfum er allsráðandi og gegnsýrir allt þetta þjóðfélag. Jafnvel grunnstoðir þess, heilbrigðiskerfið og annað, á í vök að verjast í starfsmannahaldi. Sjálfstæðisflokkurinn hefur líka haft 16 ár til að leiðrétta þennan mun og rétta hlut kvenna, og Framsóknarflokkurinn 12 en ekkert hefur tommast í þeim efnum.

Á sama tíma og þessar staðreyndir liggja fyrir um stöðu kvenna á vinnumarkaði og stöðu heimavinnandi kvenna þá ákveður Seðlabankinn, bankastjórnin á fundi, hækkun á launum seðlabankastjóra um 200 þús. kr. á mánuði. Maður spyr sig: Er þessi bankastjórn ekki í raunveruleikatengslum? 200 þús. kr., takk fyrir. Og það er farið bakdyramegin með þessa hækkun. Af hverju segi ég bakdyramegin? Jú, vegna þess að fyrst byrja bankastjórarnir á að hækka laun undirmanna sinna verulega. Svo koma bankastjórarnir og segja: Það er nú svo, háttvirta bankastjórn, að laun undirmanna okkar hafa hækkað svo mikið að við verðum líka að fá hækkun.

Hverjir skyldu nú hafa tekið þátt í þessari ósvinnu í

bankastjórninni? Fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna, Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar, greiddu atkvæði með þessu. Sama gilti um fulltrúa Framsóknarflokksins. Eini fulltrúinn sem stóð í lappirnar við þessa ákvörðun var Ragnar Arnalds, fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Seðlabankanum. Þetta er skammarlegt. Ég skammast mín fyrir hönd Seðlabankans. Sagt er að seðlabankastjórar séu með hærri laun en meira að segja seðlabankastjóri Bandaríkjanna og jafnvel á tvöföldum launum, jafnvel með lífeyri frá öðrum stöðum sem ráðherrar úr fyrri störfum þeirra.

Það er ótrúlegt að sjá þetta gerast enn þann dag í dag. Þetta er eins og blaut tuska framan í venjulegt launafólk. Þetta er eins og blaut tuska framan í konur sem sinna umönnunarstörfum. Þetta er gjörsamlega ólíðandi. Hér á Alþingi eru boðaðar umbætur fyrir konur og breytingar á almannatryggingalögum meðan með vinstri hendinni er verið að sólunda fé uppi í Seðlabanka. Hægri höndin veit fullkomlega hvað sú vinstri er að gera í þessum efnum. Ég lýsi fullri ábyrgð á ríkisstjórnarflokkana í þessum efnum, fyrir þessa gustuk sem seðlabankastjórum var veitt, 200 þús. kr. á mánuði og ég lýsi fullri ábyrgð á hendur fulltrúa Framsóknarflokksins.

Varðandi breytingar síðan á þessum almannatryggingalögum þá standa hér upp fulltrúar, hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins, berja sér á brjóst og segja: Sjáið þið hvað við erum glæsileg? Sjáið þið hvað Sjálfstæðisflokkurinn stendur með öldruðum? Hvað er verið að gera? Jú, það er verið að leiðrétta skerðingar síðustu 16 ríkisstjórnarára Sjálfstæðisflokksins. Þær eru ekki núllstilltar. Skerðingarnar standa áfram. Þetta er leiðrétt eitthvað en langt í frá til fulls. Að berja sér á brjóst og hrósa sér yfir þessu segir meira en mörg orð.

Sextán ríkisstjórnarár, 16 ára samfelld skerðing, 16 samfelld ár kynbundins launamunar og mannréttindabrota á hverri klukkustund í hverri viku, í hverjum mánuði. Það er ekki sæmandi.

[18:08]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er eins og himinn og jörð séu að farast þegar þessi ágæti hv. þingmaður talar um þessi mál. Ég hef tekið þátt í því að skammast hressilega út í Sjálfstæðisflokkinn fyrir svipaða hluti. En hann gæti þó alla vega sagt að batnandi mönnum væri best að lifa og að verið væri að leiða þá frá villu síns vegar. Ef menn vilja sjá hið jákvæða í þessu máli.

Ég kem aðallega upp til þess að mæla nokkuð mildilega til hv. þingmanns en vanda þó um við hann og segja að það sé kannski heldur langt til seilst, og jafnvel um hurð til lokunnar, þegar hv. þingmaður kemur upp og segir að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sé ekki fast að orði kveðið um jafnréttið. Herra trúr!

Það segir í stefnuyfirlýsingunni að gera eigi áætlun um að minnka óútskýrðan kynbundinn launamun hjá ríkinu og stefna að því að hann minnki um helming á kjörtímabilinu. Hv. þingmaður hefur tækifæri til þess að mæla árangur þessarar ríkisstjórnar þegar kemur að lokum kjörtímabilsins. Það segir líka, með leyfi forseta:

„Endurmeta ber sérstaklega kjör kvenna hjá hinu opinbera. Einkum þeirra stétta þar sem konur eru í miklum meiri hluta."

Er það ekki þetta sem hv. þingmaður hélt um langar, góðar og bara fjandi snjallar ræður, þegar hann kom inn sem varaþingmaður á síðasta kjörtímabili? Jú, það var um þetta. Svo er búið að negla þetta hér inn í ríkisstjórnarsáttmálann og þá kemur hv. þingmaður og segir: Þetta er ekki nóg.

Herra forseti. Þetta er nánast nákvæmlega sama orðalagið og flokkur hv. þingmanns tók þátt í að setja niður á vegum Reykjavíkurlistans. Orðum það þannig að það hafi verið forverar hans. Það situr hér kona úti í sal sem tók þátt í því. Nákvæmlega þetta var sett niður og það var gert.

Ég segi nú: Er ekki allt í lagi að bíða eftir því að sjá hvort þetta gerist áður en hv. þingmaður fer að dansa hérna stríðsdansinn?

Í öllu falli finnst mér ósanngjarnt að segja að þetta sé (Forseti hringir.) ekki afgerandi orðalag. Við skulum deila um efndirnar síðar en orðalagið getur ekki verið skýrara.

[18:11]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. ráðherra vil ég svara föðurlegum ummælum hans þannig að upplýsa hann um að ég flutti ræðu í dag þar sem ég hrósaði þeim skrefum sem stigin eru með þessu frumvarpi. Ég taldi hins vegar of skammt gengið. Þar byrjaði mitt innlegg í þessa umræðu.

Ég kalla það metnaðarleysi, þegar við búum hér við mannréttindabrot, brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar hvað kynbundinn launamun varðar, að minnka mannréttindabrotin um helming. Það kalla ég metnaðarleysi. Og stefnuyfirlýsingin er ekki afgerandi í kvenfrelsismálum.

Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvernig stendur á því að það er ekkert minnst á kynbundið ofbeldi sem grasserar hér nánast átölulaust af réttarkerfinu? Hvernig stendur á því að ekkert er minnst á klámvæðinguna? Gleymdist það?

Að minnka kynbundinn launamun um helming er metnaðarleysi og snautlegt. Ég hélt að Samfylkingin hefði meiri metnað að því leyti. Þetta nægir mér að minnsta kosti ekki.

[18:12]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það gerist oft á þessum þingdögum sem við eigum saman að við sjáum merki þess sem mætti kalla pólitískt sykurfall. Hv. þingmaður kemur í glöðu og góðu skapi í dag og hrósar sáttmálanum. En svo gerist eitthvað þegar líður á daginn. Hugsanlega er það pólitískt sykurfall. Hv. þingmaður hefur núna gjörsamlega tapað gleði sinni.

Það sem ég kom upp til þess að mótmæla hjá hv. þingmanni varðaði ummæli hans um kynbundinn launamun. Ég segi það í fullri einlægni. Það er ekki annað en vanþakklæti hjá hv. þingmanni að halda því fram að það sé ekki í gadda slegið þegar talað er um það að minnka kynbundinn launamun um helming.

Nú ætla ég að upplýsa hv. þingmann um að það tók flokkssystur hans og flokksbræður hjá Reykjavíkurborg, í

samstarfi við Samfylkinguna og Framsóknarflokkinn, sex ár að ná þessum áfanga. Það tók sex ár vegna þess að þetta er flókið og erfitt mál. Því skyldi hv. þingmaður gera aðrar og meiri kröfur til ríkisstjórnarinnar en til þeirrar borgarstjórnar þar sem skoðanasystkini hans voru hluthafar?

Mætti ég kalla það hræsni af hv. þingmanni? Hugsanlega, en ég ætla ekki að gera það. En hv. þingmaður þarf að gá að sér. Hann þarf að vera samkvæmur sjálfum sér. Það sem hann hefur sjálfur blessað og hans flokkssystkini úti í Ráðhúsi og hrósar sér með réttu af í kosningabaráttu fyrir sléttu ári, hann getur ekki komið hingað og afflutt það með þessum hætti. Það er skinhelgi.

Að því er varðar ágætar athugasemdir hv. þingmanns um kynbundið ofbeldi og klámvæðingu þá vil ég segja að hv. þingmaður ætti að taka sér góðan nætursvefn og koma hress og kátur til umræðu á morgun. Þá verður þetta rætt í þingsályktunartillögu sem lögð er fram af félagsmálaráðherra Samfylkingarinnar. Þar sér þessa stað. Hugsanlega þó ekki með jafnskýrum hætti og hv. þingmaður vill, vegna þess að hann sér ekkert nægilega skýrt eins og kemur fram í umræðu okkar um kynbundinn launamun.

[18:14]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Líkt og áður þegar maður á viðræður við hæstv. ráðherra Samfylkingarinnar þá fór hæstv. iðnaðarráðherra í að tala um að ég væri svo gremjuþrunginn að það væri ekki hægt að tala við mig út af því. Nú stendur hv. þingmaður Atli Gíslason hér með pólitískt sykurfall. Er þetta nú boðleg rökræða? Auðvitað ekki. En það er allt í lagi og boðlegt að sýna tilfinningar, hafa tilfinningar og nota tilfinningaleg rök í bland við málefnaleg rök sem ég færi fram.

Ég ítreka að það að minnka kynbundinn launamun um helming dugir mér ekki (**Iðnrh.:** Það dugði þér úti í Ráðhúsi.) og ég er stoltur af því. Það dugði mér heldur ekki úti í Ráðhúsi. Ég met þau verk sem þar voru unnin. Ég met þau verk, þar var þó farið í það.

Ég mun fylgja þessu verki eftir í vetur á þinginu. Ég mun leggja fram tillögur um stjórnvaldsúrræði fyrir ríkisstjórnina til að taka á kynbundnum launamun. Ég mun líka leggja fram tillögur um kynbundið ofbeldi. Ég skora á hæstv. ráðherra að verða samferða mér í þeim leiðangri. Ég skora á hann til þess.

Reykjavíkurborg þarf líka að gera miklu betur. Það er mér fyllilega ljóst. Væntanlega verður það gert með þeim stjórnvaldstækjum sem ég hyggst leggja Reykjavíkurborg í hendurnar ef frumvörp okkar um þau mál í vetur ná fram að ganga.

[18:17]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Það er freistandi að taka hér til umræðu þann árangur sem Reykjavíkurlistinn náði í því að jafna að hluta kynbundinn launamun starfsmanna borgarinnar. (**Iðnrh.:** Skammaðu þá Atla fyrir kjafthátt inn.) Ég þakka hæstv. iðnaðarráðherra kærlega fyrir að eigna öðrum en fyrsta og fyrrverandi borgarstjóra Reykjavíkurlistans, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, hæstv. utanríkisráðherra, þau verk. Satt best að segja hefur mér þótt svolítið skorta á að menn gættu þess að þar var ekki einhver einn einstaklingur við stjórnvölinn þegar að þeim málum kom. (**Iðnrh.:** Það var líka Steinunn Valdís.) Það náðist ekki allt þar fram sem menn vildu en menn þurfa ekki að sætta sig við það fyrir fram að ná ekki fullum árangri.

Ég hygg að um það getum við nú verið sammála ef við leggjumst á árar að setja okkur metnaðarfullt markmið og reyna að ná því, ekki gefa fyrir fram afslátt á hlutum.

En hér er til umræðu, virðulegi forseti, frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra sem miðar að því að atvinnutekjur ellilífeyrisþega og vistmanna sem eru 70 ára og eldri skerði ekki lífeyrisgreiðslur til þeirra. Það er vel. En það er ákveðið hænufet sem hér er um að ræða.

Það var virkilegt fagnaðarefni að í kosningabaráttunni og sérstaklega undir lok hennar var kastljósi beint að stöðu aldraðra og öryrkja. Það var kannski ekki síst fyrir mikla vinnu samtaka þeirra sem það tókst að gera málefni og stöðu þessara hópa, sem eru svo sannarlega illa settir í samfélagi okkar, sýnilega og að átakapunkti í kosningabaráttunni.

Staðreyndin er auðvitað sú að í almannatryggingakerfinu okkar eru skerðingarnar allt of miklar og lífeyririnn sjálfur er einfaldlega of lágur. Í könnun sem félagsmálaráðuneytið, samtök öryrkja og eldri borgara, félagsmálasviðið hjá Reykjavíkurborg og Gallup stóðu að á síðasta ári kom í ljós að 24% aldraðra og öryrkja höfðu í fyrra, á árinu 2006, innan við 80 þús. kr. á mánuði í ráðstöfunartekjur. Það voru 40% sem bættust við þegar 110 þús. kr. ráðstöfunarmarkið er skoðað sem segir okkur að 65% aldraðra og öryrkja höfðu innan við 110 þús. kr. í ráðstöfunartekjur á síðasta ári. Þetta er auðvitað með bullandi skerðingum og skattlagningu eins og við þekkjum og skerðingum vegna tekna maka. En lífeyririnn er einfaldlega of lágur eins og ég nefndi áðan.

Það var því eðlilegt og gott og sjálfsagt að umræða um þetta mikla óréttlæti skilaði sér inn í stjórnarsáttmála nýviðtekinnar ríkisstjórnar. Ég hygg að hvaða flokkar sem hefðu skipað nýja ríkisstjórn hefðu gert það.

Orðalag í stjórnarsáttmálanum sem varðar bættan hag aldraðra og öryrkja, eins og þar segir, gefur líka vissulega tilefni til væntinga og bjartsýni. Það er miður að þetta frumvarp hér gerir lítið annað en að endurtaka þau fyrirheit sem þar eru sett. Í stjórnarsáttmálanum segir m.a., með leyfi forseta:

„Tekjutenging launatekna 70 ára og eldri við lífeyri almannatrygginga verði að fullu afnumin sem og skerðing tryggingabóta vegna tekna maka."

Það er ekki aðeins að einungis hluti af þessari málsgrein um bættan hag aldraðra og öryrkja sé lagður hér fram í frumvarpsformi, heldur er það aðeins hluti af þessari setningu sem er hér í frumvarpsformi. Hér er ekkert að finna um seinni hluta setningarinnar sem og skerðingu tryggingabóta vegna tekna maka.

Það er í þessu sem vonbrigðin eru fólgin með þetta mál sem og tvö önnur atriði sem hafa komið hér til umræðu í dag, annars vegar er ekkert horft á þann stóra hóp 67–70 ára sem er þó sá hópur sem hefur hvað mesta möguleika á

að afla sér tekna. Það er ekki minnst á hann í þessu frumvarpi. Og það sem verra er, það er ekki litið til annarra lífeyrisþega en aldraðra. Það er sem sagt horft fram hjá atvinnutekjum öryrkja í þessu efni nema þá þeirra sem orðnir eru 70 ára gamlir og flokkast þá ekki lengur sem öryrkjar, því miður, heldur sem aldraðir og tapa tekjum við hækkaðan aldur.

Þetta veldur, virðulegi forseti, virkilegum vonbrigðum. Menn hafa hins vegar auðvitað bent á það hér að fagna beri hverju skrefi sem tekið er í rétta átt. Fyrirheitin eru þó í engu samræmi við það sem hér liggur fyrir. Og ræðurnar sem hv. stjórnarliðar hafa flutt í dag hafa þess vegna allar verið inn í framtíðina og hafa lítið dvalið við þetta skref sem hér er verið að taka.

Mig langar, virðulegi forseti, til að fara aðeins yfir stefnu okkar vinstri grænna í málefnum aldraðra og öryrkja. Stefna Sjálfstæðisflokksins var rakin hér í langan tíma í dag sem og „afrekalisti" fráfarandi ríkisstjórnar síðustu fjögur árin. Mig langar aðeins til að vekja athygli á því að grunnþátturinn í stefnu okkar vinstri grænna varðandi aldraða er að hækka grunnlífeyrinn og tekjutrygginguna og koma á afkomutryggingu. Við viljum bæta félagslega stöðu og lífsgæði bæði öryrkja og eldri borgara með því að auka þátttöku þeirra á vinnumarkaði án þess að bætur skerðist og við viljum hækka frítekjumarkið þannig að menn geti haft tekjur upp á 75–100 þús. kr. á mánuði áður en tekjutrygging fer að skerðast.

Það er grunnatriði í stefnu okkar að afnema skerðingar lífeyrisgreiðslna vegna tekna maka og allar skerðingar vegna tekna öryrkja. Enn fremur leggjum við vinstri græn mikla áherslu á það að tryggja öryrkjum óskert réttindi eftir 67 ára aldur. Við leggjum líka mjög mikla áherslu á sveigjanleg starfslok og eins og ég nefndi fyrr í dag í andsvari hefur lagasetning sem þessi mikil áhrif út í samfélagið. Þess vegna er svo mikilvægt að horfa til þess að hafa þau áhrif jákvæð og víðtæk, að vera ekki að sortera út eins og hér er með þrengingu niður í smæsta mögulega hóp sem hugsast getur. Við þurfum að horfa til öryrkjanna allra þegar við erum að tala um þessar skerðingar og við þurfum að horfa á aldurinn 67 ára til sjötugs.

Rannsókn hagfræðideildar Háskólans á Bifröst hefur sýnt fram á að skerðingar í bótakerfinu skerða ekki aðeins möguleika aldraðra og öryrkja, þ.e. lífeyrisþega, til tekjuöflunar og skerða ekki einungis tekjur einstaklinganna sem um er að ræða heldur einnig tekjur ríkissjóðs með því að þjóðhagsleg áhrif aukinna tekna og aukið vinnuframlagi aldraðra og öryrkja verður til þess að auka beinar og óbeinar skatttekjur. Þetta er mjög athyglisverð rannsókn sem kynnt var alveg í lok kosningabaráttunnar og væri vert að hv. heilbrigðisnefnd tæki til skoðunar þegar metið er hversu dýrt hvert skref er í þessum efnum. Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis sem fylgir þessu frumvarpi er ekki tekið tillit til þess að lækkun og afnám skerðinga í lífeyriskerfinu geti einmitt haft þau áhrif að auka tekjur ríkissjóðs. Það er þó kannski ekki aðalatriðið heldur fyrst og fremst það að hægt er að auka lífsgæði og tekjur manna með því að leyfa þeim að vinna án þess að taka það allt í skerðingar til baka.

Ég vænti þess að þetta frumvarp fái góðan byr í hv. heilbrigðisnefnd. Það er mikilvægt að horfa til þess að þetta er bara eitt lítið skref og við munum væntanlega, fulltrúar Vinstri grænna í heilbrigðisnefndinni, leita leiða til þess að stækka þann hóp sem hér um ræðir og þá með þeim rökum sem ég nefndi áðan, að þetta getur gefið tekjur í aðra hönd fyrir ríkissjóð. Þetta er ekki einungis útgjaldaauki.

[18:28]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Herra forseti. Ég velti fyrir mér hvernig ræður hv. þingmanna VG verða hér eftir fjögur ár þegar búið verður að hrinda þessu í framkvæmd. Gefum okkur að það takist ekki. (Gripið fram í.) Já, akkúrat. Gefum okkur að það takist ekki. Ef svo fer hefur ríkisstjórnin lagt mælikvarða sem hún verður mæld á. Þá getur hv. þingmaður komið hér og dansað villtan stríðsdans og þess vegna dansað á höfuðleðrum okkar sem erum hér í ríkisstjórn ef okkur hefur ekki tekist að uppfylla þetta. En má ég í fyllstu vinsemd, herra forseti, biðja hv. þingmann aðeins um að taka stríðar á beislinu og stöðva gæðing sinn áður en nokkur reynsla er komin á það. Á þetta að verða stjórnarandstaðan hér næstu fjögur árin — eigum við að segja næsta árið — að vaskir hv. þingmenn komi hingað og kvarti og kveini yfir því að það sem við segjum að við ætlum að hrinda í framkvæmd á fjögurra ára tímabili sé ekki búið að gera?

Hv. þingmaður veit að sá sem hér talar hefur töluverða reynslu af því að vera í stjórnarandstöðu. Hann hefur 12 ára reynslu af því. Menn þurfa úthald og menn þurfa líka aðeins að sýna ábyrgð og hafa hemil á sjálfum sér í málflutningi ef þeir ætla að renna skeiðið á enda og þá má ekki þrjóta örendið áður en þangað er komið.

Ég get tekið undir margt af því sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir og Atli Gíslason sögðu hér í dag. Ég er algjörlega sammála þeim um að ekki hefur verið farið nægilega vel að öldruðum og öryrkjum í þessu samfélagi. Ég hef haldið margar ræður um það. Við höfum í Samfylkingunni lagt fram ítarlega stefnu um það mál. Hv. þingmaður gladdist yfir því að ég skyldi þó gefa öðrum en bara borgarfulltrúum Samfylkingarinnar, sem nú er, heiðurinn af því að á sex árum tókst að minnka kynbundinn launamun um helming úti í Ráðhúsi. (**AtlG:** Um einn þriðja.)

Ég er algjörlega klár á því að það var samstillt átak allra þeirra sem í þeirri borgarstjórn sátu. Ég er ekkert að reyna að stela rjómanum af því sameiginlega afreki sem þar var unnið. Jafnvel þótt hv. þm. Atli Gíslason sé vanþakklátur gagnvart Reykjavíkurlistanum og telji að hann hafi ekki staðið nægilega vel að verki er þetta samt sem áður eitt af því sem Reykjavíkurlistinn getur alltaf litið til sem glæsilegs minnisvarða um feril sinn úti í Ráðhúsi. Það er alveg klárt.

Þess vegna er ég pínkulítið spældur, svo ég sé ærlegur, út í hv. þm. Atla Gíslason fyrir að telja þetta ekki merkilegan áfanga. Hann var merkilegur áfangi, alveg eins og hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hefur réttilega sagt hér. Ef það var merkilegur áfangi úti í Ráðhúsi hlýtur hann líka að verða jafnmerkilegur í Stjórnarráðinu ef tekst að vinna hann. Takið eftir því.

Hæstv. forseti. Ég vona að hv. þingmaður taki eftir því að með þessu er auðvitað verið að gefa dálítið stórt loforð

sem sýnir það að þessi ríkisstjórn er reiðubúin til að leggja sig töluvert undir í þessu máli. Það er vert að sýna og færa hv. þingmönnum heim sanninn um að hugur fylgi máli.

Ég er svo algjörlega hjartanlega ósammála hv. þm. Atla Gíslasyni um að þetta sé loðið orðalag. Það er algjörlega fráleitt að halda því fram. Hv. þingmaður getur drepið niður tám sínum hér og hvar í þessari stefnuyfirlýsingu og sagt að hér mætti og þarna mætti hafa verið fastara að orði kveðið og ég er honum sammála um það. En í þessu efni get ég komið hérna alveg hiklaust og sagt: Ég er stoltur af þessu ákvæði. Hvers vegna? Vegna þess að ég hef líka ákveðna arfleifð að verja. Það er arfleifð Reykjavíkurlistans. Það sem við erum að leggja til hérna og segja að við ætlum að gera er að nota sömu vinnubrögð og voru notuð í Ráðhúsinu til að ná þessu í gegn. Hverjum er það falið, herra forseti? Það er falið hæstv. félagsmálaráðherra. Þetta fellur undir hennar málaflokk, hennar málasvið. Ég veit að við hv. þm. Atli Gíslason getum við sammála um að hennar tími sé kominn.

Herra forseti. Því hóf ég þessa litlu ræðu mína um Ráðhúsið að ég hnaut um það í máli hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur að hún var að velta því fyrir sér hverjir það væru sem hefðu komið þessum málum á dagskrá í kosningabaráttunni. Með leyfi og í fullri vinsemd, herra forseti, var það Samfylkingin sem lagði málefni aldraðra undir í kosningabaráttunni og það var hennar harða áhersla, auðvitað annarra flokka líka, en það var áhersla Samfylkingarinnar á þessi mál sem gerði það að verkum og það hversu fastheldin hún var á þessi félagslegu markmið sín. Að lokum var þetta ekki bara undiralda, heldur brimalda kosningabaráttunnar. Það er nú bara málið.

Svo koma hv. þingmenn og segja að það sé ekki nægilega skýrt að orði kveðið um t.d. aldraða. Hvað er það í þessu samfélagi sem við getum sagt að þurfi hvað harðast og stríðast að bæta í dag? Er það ekki að berjast fyrir því að komið verði upp hjúkrunarrýmum til að bæta úr neyð þeirra 400 sem bíða svo sárlega eftir rými á hjúkrunarheimilum? Og hvað segir í þessari stefnuyfirlýsingu? Þar segir að það eigi að hraða uppbyggingu 400 hjúkrunarrýma fyrir aldraða og fjölga einbýlum. Hv. þm. Atli Gíslason þekkir manna best hvað er brot á mannréttindum og hvað ekki og fáir hafa flutt hér snjallari ræður um það en hann. Hann hlýtur að vera mér sammála um að það er brot á mannréttindum eins og við skiljum þau í dag og höfum reynt að virða, sá aðbúnaður sem öldruðum einstaklingum er boðið upp á í dag í fjölbýlunum þar sem mönnum er kannski hrúgað saman með fólki sem það þekkir alls ekki neitt.

Ég veit að hv. þingmaður hlýtur þess vegna, ef hann metur þetta nú yfirvegað og rólega eins og ég veit að hann getur, að taka undir með mér að það hlýtur að vera áfangi þegar ríkisstjórn segir þetta. Við vitum sömuleiðis að sumir þeirra sem eru á þessum biðlistum og þeir sem eru í sárustu neyð hafa kannski enga fjölskyldu til að liðsinna sér meðan á biðinni stendur. Þetta þekkjum við kannski af eigin raun.

Það segir í þessari stefnuyfirlýsingu að sólarhringsþjónusta verði efld og einstaklingsmiðuð þjónusta aukin. Þessu er beinlínis beint að því að létta undir með þeim sem bíða eftir því að þeim áföngum sem er lofað í stefnuyfirlýsingunni verði náð. Er það loðið? Það get ég ekki fallist á með hv. þingmönnum þótt mér heyrist það á máli hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur. Svo öllu sé til haga haldið fór hún líka jákvæðum orðum um ýmsa parta hérna.

Ég er algjörlega sammála hv. þm. Álfheiði Ingadóttur um að það beri að stefna að því í framtíðinni og auðvitað sem allra fyrst að gera þeim sem vilja vinna og eru komnir á aldur það mögulegt án þess að skerða það sem þeir hafa úr að spila. Það er alveg rétt hjá henni að fyrir liggja rannsóknir sem komu fram undir lok kosningabaráttunnar sem benda til þess að það sé þjóðhagslega hagkvæmt. Það hafa allir hag af því. Ég er þeirrar skoðunar að við eigum að stefna að samfélagi valfrelsis þar sem fólk hefur val, fólk hafi val um það hvar það vill búa þegar það er orðið gamalt, t.d. á hjúkrunarheimilum, eða ef það vill búa heima hjá sér á samfélagið að hjálpa því til þess að hrinda því vali í framkvæmd. Ef fólk vill vinna á samfélagið ekki að koma í veg fyrir það.

Sérstaklega er það brýnt á tímum eins og okkar þar sem er skortur á vinnuafli og við vitum að vinnuframlag aldraðra og margvísleg reynsla þeirra á ýmsum sviðum getur uppfyllt ákveðnar þarfir í samfélagi sem er að springa af þenslu og hefur verið að gera það síðustu árin. Hvernig sem menn líta á þetta er það jákvætt.

Samt sem áður er fólk sem hefur engan hag af þessu. Við hjálpum ekki þeim sem búa við varanlega skerta starfsgetu með því að hrinda burt einhverjum skerðingum sem tengjast vinnuframlagi þeirra. Við verðum að gera það með öðrum hætti. Hv. þingmaður gat um aðferð til þess áðan sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt til. En það eru ýmsar leiðir að því marki. Hv. þingmaður gæti ábyggilega rifið sig niður í rass yfir því að ekki sé tekið nægilega skýrt á því í þessari stefnuyfirlýsingu. En það er fyrirheit þarna sem stjórnarflokkarnir eru sammála um og þar segir svo, með leyfi forseta:

„Jafnframt verði komið til móts við þann hóp sem er með varanlega skerta starfsgetu."

Ég skal trúa hv. þingmanni og herra forseta fyrir því af hverju þetta stendur svona. Vegna þess að það er tæknilegum örðugleikum háð að ná utan um þennan hóp og finna þá lausn sem beinlínis kemur honum til góða. En ég veit að það er góður vilji meðal þingmanna og þeirra sem sitja í heilbrigðisnefnd til þess að koma til liðs við ríkisstjórnina í þessu máli. Þeir geta lagt fram góðar hugmyndir um þetta og ég er viss um að það verður vel á þá hlustað. Þetta er eitt af viðfangsefnunum sem ríkisstjórnin glímir við. Hún vill hjálpa þessum hópi og hún ætlar sér að finna þá bestu leið sem hægt er að finna til þess. Ég veit að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir og örugglega hinn velviljaði hv. þm. Atli Gíslason munu ekki liggja á liði sínu eða spara atgervi sitt til að benda á réttar leiðir til þess.

Að lokum, herra forseti, vil ég bara segja eins og ég hóf mína ræðu á að ég er maður sem er búinn að sjá svo margt og reyna svo margt í stjórnmálum að ég er hættur að hneykslast á pólitískum samferðamönnum mínum. Það stappaði þó nærri því að ég gerði það þegar ég hlustaði á hv. þm. Atla Gíslason koma hér fyrr í þessari umræðu og hneykslast á því hvað orðalagið um að útrýma kynbundnum launamun væri loðið í þessari stefnuyfirlýsingu. Ef eitthvað er skýrt í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er það einmitt

þetta ákvæði. Þar segjum við beinlínis að við ætlum að nota þær aðferðir sem Framsóknarflokkurinn, Vinstri grænir og Samfylkingin hafa notað úti í Ráðhúsi með svo frábærum árangri að á sex árum tókst að minnka kynbundinn launamun um helming. Ég heyri að vísu í frammíköllum hjá hv. þm. Atla Gíslasyni að hann kallar bara þriðjung. Hann verður þá að eiga það við félaga sína í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði sem hafa haldið öðru fram.

[18:40]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er greinilegt að hæstv. iðnaðarráðherra er ekki alveg kominn úr stjórnarandstöðuhamnum. Honum hefur ekki tekist á þeim fáu dögum frá því að ríkisstjórnin var mynduð að temja sér það fas sem hæfir þeirri stöðu sem hann nú skipar.

Það sem mér finnst einna athyglisverðast við ræðu hæstv. ráðherra er að hann segir að nú ætli Sjálfstæðisflokkurinn, sem hann er með í ríkisstjórn, að fara að byggja á arfleifð Reykjavíkurlistans varðandi kynbundinn launamun. Öðruvísi mér áður brá að Sjálfstæðisflokkurinn tæki slíkt í mál. En batnandi mönnum er best að lifa og kannski það muni takast.

Markmiðið sem menn settu sér í Reykjavíkurlistanum var auðvitað að aflétta kynbundnum launamun. Það sem við erum að gagnrýna hér og hv. þm. Atli Gíslason hefur leyft sér að gagnrýna er þessi markmiðssetning, að hún sé ekki mjög metnaðarfull. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Atla Gíslasyni og það er ekki nema von að hæstv. ráðherrann bregðist svona við, sannleikanum verður hver sárreiðastur.

Hæstv. ráðherra sagði að við ættum að bíða eftir að fá reynslu af meiri hlutanum hér á þingi. Það er komin nokkur reynsla, hæstv. iðnaðarráðherra. Meðal annars höfum við nú á þessum örfáu dögum fengið þá reynslu að beitt hefur verið pólitískum og ólýðræðislegum þvingunum í þessum sal til þess að ná fram vinnubrögðum sem ekki eru við hæfi að margra mati. Við höfum líka þá reynslu að það er venjulega Sjálfstæðisflokkurinn sem hefur fengið að tala fyrir hönd Samfylkingarinnar og hvað eftir annað hefur þurft að draga fulltrúa Samfylkingarinnar í ræðustól.

Í þriðja lagi er þetta frumvarp sem hér er til umræðu aðeins eitt lítið hænufet og hvaðan skyldi það komið? Það er reynsla okkar, (Forseti hringir.) það er ættað úr kosningastefnuskrá Sjálfstæðisflokksins og hvergi annars staðar.

[18:43]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hefur Vinstri hreyfingin – grænt framboð einhverja sérstaka forskrift um það hvernig ráðherrar eigi að vera og hvernig þeir eigi að tala? Er það skoðun Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs að ráðherrar hafi ekki málfrelsi hér?

Nú ætla ég að segja hv. þingmanni það sem er mála sannast að ég er bara eins og ég er með öllum mínum göllum, sem allir þeir sem hér starfa þekkja mætavel, og hugsanlega einhverjum kostum líka, ég veit ekkert um það. En ég mun ekkert breytast og svona ætla ég að vera og mér líkar vel að vera svona. Hv. þingmaður verður bara að drekka þann beiska kaleik í botn og ég veit að hún lifir það af, hún hefur gert það áður.

Hv. þingmaður kemur og segir að það sé undarlegt að iðnaðarráðherra og þingmaður Samfylkingarinnar Össur Skarphéðinsson skuli vera svona metnaðarlaus að tala um það að minnka kynbundinn launamun um helming á fjórum árum. Það er þó snöggtum betra en henni og hennar samferðafólki í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði ásamt samstarfsmönnum í Reykjavíkurlistanum tókst að gera. Það tók þau sex ár. Munurinn á Vinstri grænum og Samfylkingunni er sá að við erum pragmatískari í pólitík. Við leitum að lausnum og við lærum af reynslunni.

Við sáum að það tók hv. þm. Árna Þór Sigurðsson og félaga hans úti í Ráðhúsi sex ár svo við teljum að við gætum kannski gert það á fjórum árum. Þó skal ég viðurkenna, og hugsanlega gæti hv. þm. Árni Þór Sigurðsson verið mér sammála um það, að það er háleitt markmið en það er raunhæft markmið. En Vinstri hreyfingin – grænt framboð setur sér kannski ekki raunhæf markmið. Þetta er nú það sem ég vil segja við hv. þingmann og aðeins að lokum, herra forseti: Ég tala ekki niður til þingmanna hér. Ég skamma þá kannski en ég segi þeim ekki hvernig þeir eigi að vera til fara og ekki hvernig þeir eigi að tala og ég ætla ekki að koma með neinar athugasemdir við það hvernig hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hagar máli sínu. (Forseti hringir.) En ég tala eins og mér sjálfum sýnist á meðan forseti meinar mér það ekki.

[18:45]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Ég er komin, hæstv. forseti, til að fullvissa hæstv. iðnaðarráðherra um að í fyrsta lagi mun ekki standa á okkur þingmönnum Vinstri grænna að koma til liðs til að breyta kjörum þeirra hópa sem við tölum hér um.

Ég leyfði mér hins vegar, virðulegi forseti, að gera smáathugasemd við fas hæstv. ráðherrans sem notaði orðbragð sem mér þótti einfaldlega ekki við hæfi. Ég taldi ekki að ræða mín eða annarra þingmanna hefði verið þess eðlis að það hefði þurft að kalla hana það „að rífa sig niður í rassgat“. (**Iðnrh.:** Ég sagði það ekki. Rífa sig niður í rass.) Nákvæmlega orðin, sem féllu athugasemdalaust af hálfu forseta. Það er orðbragð sem ég hef ekki heyrt áður í þessum sal. Ég leyfði mér bara að vekja athygli á að það hæfði kannski ekki því embætti sem hæstv. iðnaðarráðherra (Forseti hringir.) Össur Skarphéðinsson nú skipar.

[18:46]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér í þessum sal nota menn bara alþýðlegt orðfæri. Ég er bara alþýðupungur og ég tala eins og þeir, kem bara af götunni og ég tala eins og venjulegt fólk.

Ég spurði hv. þingmann hvort hún hefði einhverja leiðbeiningar til mín um hvernig ég mætti tala. Á ég kannski að tala eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, sem kallar menn druslur og gungur? Það var ekki lamið í hausinn á honum með sleggju forseta þegar það var sagt, en menn hafa hins

vegar ekki tekið það upp eftir honum.

Nei, ég bara spyr, herra forseti, vegna þess að ég kann því heldur illa, en ég læt það yfir mig ganga, að hv. þingmaður komi hingað og geri athugasemdir við fas mitt. Ég vil bara vara hv. þingmann við því að yfirleitt er ég glaður og reifur, stundum vakna ég illa, bara eins og hver annar alþýðupungur, og þá kannski sér þess stað í máli mínu hér í þinginu. En það er ekki tilefni til þess að þingmenn komi og geri einhverjar móðurlegar leiðbeiningar um fas mitt.

En ég (Forseti hringir.) tek því eins og hverju öðru hundsbiti. Allir hafa málfrelsi, líka iðnaðarráðherra.

[18:47]

Þuríður Backman (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér hefur verið til umræðu frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra. Við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs leyfum okkur að gagnrýna að í frumvarpinu felist nokkuð litlar kjarabætur til aldraðra og öryrkja og við leyfum okkur að gagnrýna að frumvarpinu fylgja nokkur loforð inn í framtíðina.

En verkin tala. Í 16 ára ríkisstjórnarsetu Sjálfstæðisflokksins hefur Sjálfstæðisflokkurinn farið með fjármálin og haft fjármálaráðuneytið. Framsóknarflokkurinn sat í ríkisstjórn í tólf ár og var með heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytið en sannarlega hafa þeir ráðherrar ekki getað farið umfram rammafjárlög og því má segja að með Sjálfstæðisflokkinn áfram í því föðurlega hlutverki að halda utan um fjárlögin megi búast við því að þar verði áfram sami ramminn.

Það er hægt að vísa til verka fyrrverandi ríkisstjórnar. Hún var treg til kjara- og réttarbóta fyrir öryrkja og aldraða. Þessir stóru hópar hafa hvað eftir annað þurft að sækja rétt sinn fyrir dómstóla til að fá eðlilegar réttar- og kjarabætur. Á síðasta kjörtímabili komu bæði lagabreytingar og loforð um umbætur í framtíðinni. Það gerðist á lokaspretti síðustu ríkisstjórnar inn í kosningabaráttuna þar sem þessir stóru hópar fengu kjarabætur. Dregið var úr tekjuskerðingu en kjarabæturnar voru mest loforð inn í framtíðina. Við leyfum okkur því að (Forseti hringir.) hafa efasemdir um þessi loforð.

[18:50]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hugsanlega hefur þessari ræðu átt að vera beint til hæstv. heilbrigðisráðherra. Það er alveg rétt að fyrri ríkisstjórn gaf mörg loforð inn í framtíðina en það mun reyna á efndirnar. Loforð eru loforð og yfirlýsingar eru yfirlýsingar.

Að því er varðar það sem kemur fram í þessari stefnuyfirlýsingu þá er það einfaldlega þannig að VG hefur t.d. lagt áherslu á að bæta stöðu þeirra sem eru á biðlistum eftir hjúkrunarrýmum. Þess sér stað, það er í gadda slegið í þessari yfirlýsingu.

VG hefur talað um það að bjóða upp á meiri heimahjúkrun og hér hefur jafnvel verið nefnt að veita sólarhringsþjónustu. Það er hér í þessari stefnuyfirlýsingu.

VG hefur á allra síðustu dögum þingsins talað um að einstaklingsmiða þjónustuna betur. Það er hér í þessari stefnuyfirlýsingu.

VG hefur talað um að afnema skerðingar vegna tryggingabóta vegna tekna maka. Það er hér í þessari stefnuyfirlýsingu.

VG hefur talað um að reyna með einhverjum hætti að koma til móts við þá sem eru með varanlega skerta starfsgetu. Það er hér í þessari stefnuyfirlýsingu.

VG hefur talað um að færa málefni aldraðra og ég held líka fatlaðra frá ríkinu yfir til sveitarfélaga. Herra forseti. Það er hér í þessari stefnuyfirlýsingu.

Ég gæti þá kannski sagt: Hvað er VG að kvarta? en ég geri það ekki. Ég veit að þeir eru í stjórnarandstöðu og það er eðli stjórnarandstöðu að veita harða mótspyrnu. Það eiga þeir að gera, sérstaklega þegar um er að ræða svo stóran og sterkan meiri hluta eins og nú er við völd. Það er hlutverk stjórnarandstöðunnar að halda mönnum við efnið, þannig að ég segi bara: Takk fyrir, gangi ykkur vel.

[18:51]

Þuríður Backman (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sannarlega er það hlutverk stjórnarandstöðunnar að veita ríkisstjórninni aðhald og það munum við gera.

Hvað varðar kjarabætur þá eiga þær samkvæmt orðum hæstv. ráðherra að fara eftir efnahagsástandinu hverju sinni. Það er alveg ljóst að það eru erfiðir tímar fram undan í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þá spyr ég: Hvað á að sitja fyrir, hver eru forgangsverkefni þessarar ríkisstjórnar?

Hæstv. iðnaðarráðherra las upp og kynnti að vissulega væri margt af því sem er í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs. Við viljum fylgja því eftir, við viljum setja þessi verkefni í forgang. En í erfiðu efnahagsástandi, hvað mun þá þessi ríkisstjórn setja sem forgangsverkefni? Það skiptir máli.

Verður það forgangsverkefni að bæta kjör ellilífeyrisþega og öryrkja? Verður það forgangsverkefni að bæta kjör umönnunarstétta til þess að koma hér á eðlilegri heilbrigðisþjónustu? Eða verður fordæmið, sem við höfum núna, um kjarabætur til (Forseti hringir.) seðlabankastjórans um 200 þús. kr. á mánuði, verður það fordæmi sem við getum treyst á að gangi yfir línuna til annarra?

[18:53]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sannfærður um að VG og stjórnarandstaðan munu reyna að leggja sig fram um að halda uppi málefnalegri stjórnarandstöðu. Hv. þingmaður er t.d. þekkt fyrir það. Hún hefur aldrei gert sérstakar athugasemdir við fas mitt og t.d. látið sér lynda alla mína veikleika og ókosti í þeim efnum.

Hv. þingmaður talar eðlilega um það og veltir því fyrir sér: Hvernig vindur þessum loforðum fram í ljósi þess, eins og hún segir, að hér sé erfitt efnahagsástand fram undan?

Ég er ósammála forsendunni. Það er hugsanlegt að hér verði ekki jafnrífandi gangur og er núna. Það kann að taka svolítinn tíma. Allar spár sem settar hafa verið fram um efnahagsþróun benda hins vegar til þess að síðan siglum

við aftur upp úr lægð. Það er hugsanlegt að þau vátíðindi sem hafa borist úr hafinu af fiskveiðum kunni að þrengja haginn um skeið. En ég er sannfærður um að staðan verði þannig að það mun takast að ná því fram (Forseti hringir.) sem við höfum verið að ræða.

VG getur ekki annað en fagnað. (Forseti hringir.) Tvo þriðju af stefnu þeirra í þessum málum er að finna hérna. Hvað eru menn svo að koma hingað og rífast og kvarta og kveina? (Forseti hringir.) Það er ekki málefnaleg stjórnarandstaða.

(**Forseti** (MS)**:** Forseti biður hæstv. ráðherra að virða tímamörk.)

[18:54]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Erindi mitt hér í ræðustól er nú að hrósa hæstv. iðnaðarráðherra. Það er kannski leiðin að hjarta hans, ég veit það ekki. En ég ætla að hrósa honum fyrir að koma í ræðustólinn, flytja ræðu og taka þátt í umræðu við okkur í stjórnarandstöðunni. Öðruvísi mér áður brá. Vonandi teiknar þetta gott næstu fjögur árin nema hæstv. iðnaðarráðherra verði barinn niður af öðrum ríkisstjórnarmeðlimum. En það hygg ég að verði nú ekki, ég hef það mikla trú á hæstv. ráðherra.

Ég heiti því að leggja honum þau vopn í hendur þannig að hann geti gert mun betur en að helminga mannréttindabrotin, kynbundna launamuninn. Ég vil auka metnað hæstv. ráðherra og ég veit að hann hefur fullan metnað. R-listinn tók á málinu, sem var til fyrirmyndar, en hafði ekki vopnin. Betur má ef duga skal. Það vantar vopn og þau munum við í Vinstri grænum færa hæstv. iðnaðarráðherra, ríkisstjórninni og Samfylkingunni sérstaklega.

[18:56]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Guð láti gott á vita. Ég óttast um framtíðina ef stjórnarandstaðan af hálfu VG verður eins og hún hefur verið hér í dag, að þessi ágæti og endranær málefnalegi hv. þingmaður komi í því sem ég leyfi mér að kalla pólitískt sykurfall — sem ég dreg nú til baka og bið hv. þingmann afsökunar á, því að ég vil ekki særa hann. Ég veit að hv. þingmaður er málefnalegur. Hann vill og hefur komið fram með mjög málefnalegar hugmyndir á hinu háa Alþingi.

Hins vegar er það fullkomlega út í hött og ber vott um ábyrgðarleysi þegar stjórnmálamenn eins og hv. þm. Atli Gíslason koma hingað og saka þessa ríkisstjórn um metnaðarleysi varðandi launamál kynjanna. Það segir í þessari stefnuyfirlýsingu að við viljum með einbeittum hætti minnka launamun kynjanna um helming á fjórum árum. Það kallar hv. þingmaður metnaðarleysi. Félagar hv. þingmanns þurftu sex ár ásamt mínum félögum úti í Ráðhúsi til þess að gera þetta. Er hægt að segja að það sé metnaðarleysi að gera þetta á skemmri tíma en jafnvel hinum öflugu liðsmönnum VG tókst úti í Ráðhúsi? Auðvitað, herra forseti, er tóm vitleysa að tala svona.

Ég er bara stjórnmálamaður sem leitar lausna. Mér er sama hvernig kötturinn er á litinn bara ef hann veiðir mýs. Ef það er hægt að bæta velferð fólks, ef hægt er að draga úr launamun kynjanna þá skulum við gera það. Ef hv. þingmaður hefur tæki og hugmyndir til þess, gott og vel. Ekki skal á mér eða mínu liði standa að reyna að notfæra það. Menn vildu gera þetta hraðar úti í Ráðhúsi en tókst það ekki. Liðsmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs tókst það ekki, þeim tókst það ekki þar og það þýðir ekkert fyrir þá að koma hingað og berja sér á brjóst og þykjast geta betur hér en okkur tókst sameiginlega úti í Ráðhúsi. Það er ekki málefnaleg stjórnarandstaða.

Það sem þessi sterka ríkisstjórn þarf á að halda er ábyrg og málefnaleg stjórnarandstaða. Ég leyfi mér að vona að síðasta ræða hv. þingmanns vísi (Forseti hringir.) til þess að kannski glitti í hana þegar líður á kjörtímabilið. En hún hefur ekki sést hér í dag.

[18:58]

Atli Gíslason (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er afar erfitt að henda reiður á því í þessari umræðu hvað ég hef sagt sem pirrar hæstv. ráðherra svo mikið. Hann fullyrðir að ég sé ómálefnalegur. Hann heldur uppi ýmsum fullyrðingum og ef ég ætti að fara í tilfinningaskalann, eins og hæstv. ráðherrar Samfylkingarinnar hafa gert gagnvart mér, þá mundi ég halda að hæstv. iðnaðarráðherra væri með djúpt samviskubit. Er það svo, hæstv. ráðherra? Er eitthvert samviskubit í gangi?

En ég fagna þeirri yfirlýsingu sérstaklega að hæstv. iðnaðarráðherra muni vilja styðja mig í vopnaleitinni, að finna haldbær stjórnsýslutæki til að útrýma kynbundna launamuninum og gera betur en segir í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

[18:59]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er alltaf ærlegur við þingmenn. Ég skal bara segja hv. þingmanni hvað pirrar mig. Það er tvennt. Það pirrar mig að þingmenn VG komi hingað og geri athugasemdir við fas mitt. Ég er bara eins og ég er. Mér hefur ekki tekist að bæta mitt fas og ég ætla ekkert að hætta að vera þannig. Á mæltu máli þýðir það að ef ég finn hjá mér hvöt til þess að rífa kjaft, verða hér með kjaftbrúk við VG og veita þeim, eins og hv. þingmaður sagði, stjórnarandstöðu, þá bara geri ég það. Mér er alveg sama hvað hv. þingmaður segir um það.

Hitt sem pirraði mig var að hv. þingmaður, sem mér hefur fundist með málefnalegri mönnum sem hingað hefur rekið á fjörur Alþingis, kom í ræðu sinni eftir klukkan 18 og sagði að það væri óskýrt sem ríkisstjórnin segði um launamun kynjanna. En þar eru sett mælanleg takmörk. Það er ekki hægt að tala skýrar. Ég skammaðist út í hv. þingmann og þá kom hann og ásakaði mig fyrir metnaðarleysi þótt það liggi fyrir að hin mælanlegu takmörk eru metnaðarfyllri en þau sem Vinstri hreyfingin – grænt framboð og félagar mínir í Samfylkingunni settu sér (Forseti hringir.) úti í Ráðhúsi.

Herra forseti. Ég er stjórnmálamaður lausna. Ég vil finna raunhæfar lausnir og ég er ekki í (Forseti hringir.) háloftunum eins og hv. þingmaður.

[19:01]

Heilbrigðisráðherra (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Ég átti von á því að tala hérna fyrir nokkrum klukkutímum síðan og vil byrja á því að þakka fyrir þessa umræðu og hversu málefnaleg hún var, sérstaklega framan af og það var virkilega gaman að heyra þann samhljóm sem var í þinginu þegar kom að þessum málaflokki. Mér þótti það gott, virðulegi forseti, því að þrátt fyrir að við séum ósammála um ýmislegt gat ég ekki annað heyrt en að allir ræðumenn sem hér tóku þátt í umræðunni væru sammála um að hér væri stigið gott skref.

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að við erum hér á sumarþingi og fyrir fjórum árum, svo dæmi sé tekið — og ég tel það vera almennu regluna þegar menn koma saman eftir kosningar — þá var gengið frá því þingi á einum degi. Hins vegar er sú ríkisstjórn sem hér er að fara af stað að slá ákveðinn tón með þessum hætti, þ.e. að leggja áherslu sérstaklega á málefni tveggja hópa, yngstu kynslóðarinnar og þeirrar elstu. Það liggur alveg fyrir að við erum í mismunandi flokkum og við erum með mismunandi stefnur en mér þótti það gott, að a.m.k. framan af meðan menn héldu sig við málefnið, að menn voru mjög sammála um að hér værum við að gera rétt.

Mér þótti gaman að heyra hv. þingmenn flytja hér jómfrúrræður sínar, þeir voru a.m.k. þrír, hv. þm. Björk Guðjónsdóttir, hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir og hv. þm. Ármann Kr. Ólafsson. Ég held að það segi nokkuð um hversu mikill áhugi er hér á þinginu fyrir þessum málaflokki og fyrir því að gera vel við þennan hóp fólks að þessir góðu hv. þingmenn skyldu flytja jómfrúrræður sínar við umræðu þessa málefnis, því vanalega er það nú þannig að menn reyna að velja sér málaflokka fyrir jómfrúrræður sínar sem þeim er umhugað um.

Þegar við tölum um þetta mál í heild sinni þá er það þannig að við Íslendingar, og ég held að við deilum ekki um það, við erum með lífeyrissjóðakerfi sem aðrar þjóðir öfunda okkur af. Til dæmis ef við berum okkur saman við Evrópuríkin þá er það þannig að þau standa frammi fyrir vanda sem þau vita ekki hvernig þau eiga að taka á. Vandinn er einfaldlega sá að þar er mjög hátt hlutfall þjóðanna komið á efri ár og það er ekkert til í neinum sjóðum til þess að greiða þeim lífeyri, eða afskaplega lítið. Þar voru menn með gegnumstreymiskerfi sem gekk eðli máls samkvæmt ekki upp þegar fæðingum fór að fækka. Við Íslendingar höfum verið svo lánsamir að um nokkuð langan tíma höfum við greitt inn í sjóði þannig að t.d. flest þau sem hér eru og örugglega öll eigum eitthvað í sjóðum þegar við þurfum á því að halda. Það er hins vegar ákveðið millibilsástand sem gerir það að verkum að margt af því fólki sem við eigum afskaplega mikið að þakka býr ekki við sömu aðstæður og því fer víðs fjarri að það sé einfalt að finna lausnir fyrir þetta fólk.

Ég held hins vegar að við séum sammála um það að sú leið sem við erum fara hér sé skynsamleg. Hún kallar hins vegar á það, virðulegi forseti, að um það verði sátt að tveir einstaklingar sem vinna hlið við hlið, með sömu laun, að annar fái að auki fullar bætur úr almannatryggingakerfinu. Það er mjög mikilvægt að við, sem ég held að styðjum öll þetta mál, reynum að stuðla að slíkri sátt. En við skulum ekki halda að það sé algjörlega sjálfgefið.

Mér þótti, eins og ég nefndi, þessi umræða mjög góð og ég held að þetta frumvarp, sem ég er afskaplega ánægður með að fá að flytja sem mitt fyrst frumvarp sem heilbrigðisráðherra, muni breyta mjög miklu bæði til lengri og til skemmri tíma. Það er enginn vafi á því eins og menn hafa nefnt, hv. þm. Pétur Blöndal kom inn á það ásamt fleirum, að það hefur orðið gríðarlega mikil breyting á þjóðfélagsgerðinni og mikil breyting á því að vera eldri borgari núna og ég tala nú ekki um frá því fyrir 10, 20, 30 árum síðan. Reyndar er það svo að menn fundu skilgreiningu á þessum aldri, ef þannig má að orði komast, eftirlaunaaldri, 67 ára, ekki á síðustu öld heldur á öldinni þar á undan, og aðstæður fólks eru afskaplega misjafnar, það skiptir engu máli í hvaða aldurshópi það er. Sem betur fer lifir fólk alla jafna lengur nú og það er almennara að fólk sé með góða heilsu.

Hv. þingmaður Ellert B. Schram flutti hér rétt áðan ágæta ræðu. Ég var að spila með honum fótbolta í Egilshöll ekkert fyrir löngu, hann er 68 ára gamall og er bara einn besti „haffsent" sem ég hef spilað við lengi. Það segir kannski nokkuð. Auðvitað eru kannski ekki margir á hans aldri sem eru jafn vel á sig komnir en aðstæður fólks eru mjög mismunandi og sem betur fer er það þannig að fólk hefur bæði áhuga, vilja og getu til þess að stunda störf lengur en áður og í því felast mikil verðmæti. Það er alveg hárrétt sem hér kom fram í umræðunni, gott ef það var ekki hjá hv. þm. Pétri Blöndal, að það þurfa allir að hafa tilgang í lífinu og sömuleiðis valfrelsi og eitt af því er það að geta sinnt störfum sem fólk hefur áhuga á.

Það er enginn vafi í mínum huga og það sem ég sé fyrir mér sem framtíðarsýn í þessu, vegna þess að ég tel að þrátt fyrir að margt gott hafi skeð á vinnumarkaðnum á undanförnum árum þá tel ég að það skorti sveigjanleika og ekki bara fyrir elstu kynslóðirnar heldur almennt. Ég vonast til þess að þetta ýti undir það að hér verði meiri sveigjanleiki á vinnumarkaðnum þó að það sé ekki talað um það beint í þessu máli, en það verði sá sveigjanleiki að við sjáum fólk á öllum aldri geta valið sér hlutastörf og sveigjanlegri vinnutíma en við þekkjum núna. Það snýr ekki bara að þeim sem eldri eru, það snýr jafnvel meira að fjölskyldufólki.

Virðulegi forseti. Ég lít svo á að sú umræða sem hér hefur farið fram, sérstaklega þegar hún var bundin við frumvarpið sem hér er um rætt, hafi verið mjög góð. Ég lít svo á að sú ríkisstjórn sem hér er að hefja störf og gerir það með þeim óvanalega hætti að leggja fram frumvarp á sumarþingi, að sú ríkisstjórn sé ekki bara að slá ákveðinn tón, ég lít svo á að hér sé góð samstaða á þinginu um að við skulum stíga skref hvað þetta varðar og hér sé ákveðin vegferð að hefjast. Ég óska okkur öllum velfarnaðar í því starfi og lýsi ánægju minni með þetta frumvarp sem hér er fram lagt og ég lýsi ánægju minni með umræðurnar um það. Ég vonast til þess að hv. heilbrigðisnefnd muni fara vel yfir þetta mál og ég vona svo sannarlega líka að hún geri það hratt þannig að við getum gert þetta að lögum, þetta góða frumvarp, sem allra fyrst þannig að fólk fái að njóta þess strax 1. júlí á þessu ári.

Umræðu lokið.
Frumvarpið gengur til 2. umræðu og heilbrn.

Fundi slitið kl. 19:10.

---

6. FUNDUR

fimmtudaginn 7. júní,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa, sbr. lög nr. 102/2007 (framhald kosningar).
   a. Efnahags- og skattanefnd.
   b. Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.
   c. Viðskiptanefnd.
2. Aðgerðaáætlun til að styrkja stöðu barna og ungmenna, stjtill., 12. mál, þskj. 16. — Fyrri umr.
3. Viðaukasamningur um álbræðslu við Straumsvík, stjfrv., 13. mál, þskj. 17. — 1. umr.
4. Þátttaka Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu, stjfrv., 2. mál, þskj. 2, nál. 20. — 2. umr.
5. Friðlandið í Þjórsárverum og verndun Þjórsár, þáltill., 6. mál, þskj. 6. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Ragnheiður E. Árnadóttir, 9. þm. Suðvest.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 1. þm. Suðvest.

Tilkynning um dagskrá.

[10:32]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill tilkynna að um kl. 1.30, að loknu hádegishléi, fer fram umræða utan dagskrár um Íbúðalánasjóð. Málshefjandi er hv. þm. Guðni Ágústsson. Hæstv. félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, verður til andsvara. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Athugasemdir um störf þingsins.

Orkusala til álvers í Helguvík.

[10:32]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Í fyrradag var í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykktur nýr samningur um orkusölu til álbræðslu í Helguvík. Ekki voru allir á eitt sáttir um gerð hans. Fulltrúi okkar vinstri grænna, Svandís Svavarsdóttir, gekk út af fundi af tveimur ástæðum, í fyrsta lagi vegna leyndarinnar sem hvíldi yfir orkuverðinu og í öðru lagi vegna þess að hún taldi samninginn stríða gegn yfirlýstum markmiðum fyrirtækisins um að starfa á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Hvorki lægi fyrir hversu umfangsmikil áformin væru né heldur hvar ætti að taka orkuna til að knýja álverið.

Hæstv. forseti. Ég hef valið að beina máli mínu til hæstv. umhverfisráðherra og fá fram hennar álit á þessum samningi með tilliti til yfirlýsingar hennar um að hún ætli í embætti að vera málsvari umhverfisins, nokkuð sem okkur hefur báðum þótt á skorta með fyrirrennara hennar í starfi. Hvernig horfir þessi ákvörðun við hæstv. umhverfisráðherra? Er hún sátt við það að nú skuli tekin ákvörðun um að reisa álver í Helguvík, að öllum líkindum í þremur áföngum með orkuþörf upp á sennilega yfir 600 megavött? Ég minni á í því sambandi að Kárahnjúkavirkjun er rúm 700 megavött. Telur hæstv. umhverfisráðherra þessi áform samrýmast hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar í ljósi þess að rafmagnsframleiðsla með jarðhita getur vart talist sjálfbær? Og hvernig fara þessi áform saman við yfirlýsingar hæstv. ráðherra sem hún viðhafði á fimmtudagskvöldið í síðustu viku í umræðunni um stefnuræðu forsætisráðherra þegar hún sagði að ríkisstjórnin mundi ætla að setja það í forgang að vernda háhitasvæði landsins?

Virðulegi forseti. Það standa á hæstv. umhverfisráðherra öll spjót þessa dagana. Íbúar og starfsfólk sjálfseignarstofnunarinnar Skaftholts hefur óskað eftir því að hún standi vörð um Þjórsá. Sólarsamtökin hafa hvatt hana til að kynna stóriðjuáform á Suðurlandi og Suðvesturlandi fyrir almenningi og nú er óskað eftir því hér, hæstv. forseti, að hæstv. umhverfisráðherra sýni á spilin í þessum efnum. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að beita sér til þess að háhitasvæðin á landinu verði vernduð á sama tíma og álversáformin eru eins og þau eru?

[10:34]

Umhverfisráðherra (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir að taka þetta mál upp á hinu háa Alþingi. Það er rétt að stjórn Orkuveitunnar hefur samþykkt þennan samning um orkusölu til Helguvíkur. Fulltrúar Samfylkingarinnar þar inni studdu ekki þann samning svo að það liggi alveg fyrir og ég vil í upphafi máls míns ítreka það að í þessari umræðu er mjög mikilvægt að bæði stjórnmálamenn og orkufyrirtæki og auðvitað almenningur í landinu geri sér grein fyrir því að þetta er ekki ávísun á að framkvæmdir hefjist þótt orkufyrirtækin vilji það og Norðurál auðvitað líka. Það eru mjög margir þröskuldar sem þarf að fara yfir í þessu ferli. Það þarf að fara í umhverfismat, það þarf að ljúka skipulagsmálum, það þarf að fara í hin lögbundnu ferli og ég vil helst tala um þau sem eru á minni könnu í umhverfisráðuneytinu. Svo má heldur ekki gleyma því í þessari umræðu, af því að við erum að tala um orkusölu til álvera, að álfyrirtækin geta ekki gert út á losunarkvóta eftir 2012. Það liggur alveg fyrir. Engin loforð liggja fyrir um það. Menn sem eru í bisness hljóta að gera sér

grein fyrir hvað það þýðir þannig að ég tek mjög skýrt fram í þessari umræðu að þó að hér hafi verið skrifað undir samning eru í honum mjög margir fyrirvarar um hin lögbundnu ferli sem þurfa að fara fram um aðkomu almennings að því og hvernig þeim þarf að ljúka. Fólk getur kynnt sér þá.

Við skulum hætta að tala þannig að þó að fyrirætlanir séu um framkvæmdir, fyrirætlanir um orkunýtingu eða byggingu stóriðju, um leið og það sé sagt sé það orðið.

[10:37]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Það er mikilvægt að menn nálgist umræðuna um stóriðju- og umhverfismál með því hugarfari að nýta auðlindir landsins þjóðinni allri til heilla en ekki með fyrir fram gefinni andstöðu við hvers kyns áform í þeim efnum sem nefna má.

Það er nauðsynlegt að áður en tekin verður ákvörðun um það hvort og hvenær eigi að ráðast í framkvæmdir á þessu sviði hafi menn til hliðsjónar efnahagsástand á hverjum tíma og gæti þess að framkvæmdir leiði ekki til þenslu og verðbólgu sem á endanum bitnar á heimilum landsmanna.

Í öðru lagi þurfa menn líka að gæta þess að selja orkuna á því verði að hún skili þjóðinni einhverjum arði. Það er ekki til mikils að standa í stórum framkvæmdum ef gengið er þannig frá málum að orkan er seld á svo lágu verði að lítill arður kemur til þjóðarinnar í ríkiskassann af sölu orkunnar. Því miður eru grunsemdir um að í Kárahnjúkavirkjun hafi orkan verið seld á mjög lágu verði og ríkisvaldið teygt sig mjög neðarlega til að koma á samningum í erfiðri aðstöðu í aðdraganda kosninga.

Í þriðja lagi þarf líka að hafa í huga að orkuauðlindirnar á landinu séu nýttar til atvinnuuppbyggingar á því landsvæði þar sem þær eru þannig að menn tengi saman nýtingu orkunnar og atvinnuuppbyggingu á viðkomandi svæði. Allt þetta þarf að hafa í huga, virðulegi forseti, og svo auðvitað að lokum en ekki síst þær skuldbindingar sem við höfum undirgengist, alþjóðlegar skuldbindingar og þau markmið sem við höfum sett okkur í umhverfismálum. Allt þetta þarf að fara saman en menn eiga að nálgast þessi viðfangsefni á þann veg að hér sé um að ræða hluti sem almennt horfa til framfara (Forseti hringir.) og til að bæta lífskjör þjóðarinnar.

[10:39]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Nú hefur það gerst sem ýmsir reiknuðu með, margir óttuðust en flestir vonuðu að yrði ekki, staðfesting á því að stóriðjustefnan lifir góðu lífi í ríkisstjórnarsamstarfi Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Fyrirheitin eru gleymd og grafin og vonirnar sem Samfylkingin vakti meðal landsmanna að engu orðnar.

Orkuveita Reykjavíkur hefur nú gert orkusölusamning við Norðurál vegna nýs álvers í Helguvík upp á 100 megavött í 1. áfanga af þremur. Orkunnar verður aflað af háhitasvæðunum á Hengilssvæðinu og á Reykjanesi. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir m.a., með leyfi forseta:

„Sérstök áhersla verði lögð á að meta verndargildi háhitasvæða landsins og flokka þau með tilliti til verndar og orkunýtingar."

Nú er þetta að vísu afskaplega veiklulegt orðalag og fátt handfast í þessum efnum í stjórnarsáttmálanum. En hæstv. umhverfisráðherra lét þau orð falla í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra að það yrði sett í forgang að vernda háhitasvæði landsins og í því efni mundu ráðuneyti umhverfismála og iðnaðar eiga náið samstarf. Fyrsti liður í kosningastefnuskrá Samfylkingarinnar, Fagra Íslandi, flokks iðnaðarráðherra og umhverfisráðherra, hljómar svo, með leyfi forseta:

„Slá ákvörðunum um frekari stóriðjuframkvæmdir á frest þangað til fyrir liggur nauðsynleg heildarsýn yfir verðmæt náttúrusvæði Íslands og verndun þeirra hefur verið tryggð."

Út á þetta gerði Samfylkingin í kosningabaráttunni. Nú er bersýnilegt að engin stefnubreyting hefur orðið í stóriðjumálum með tilkomu nýrrar ríkisstjórnar, eða hvað? Eru einkunnarorð núverandi hæstv. ríkisstjórnar í stóriðjumálum e.t.v. „ekkert stopp" sem hljómaði raunar úr öðrum ranni fyrir fáum vikum? Hæstv. umhverfisráðherra segir við þessa umræðu að orkusölusamningurinn sé ekki ávísun á nýtt álver, það sé ekki sjálfgefið. Í ljósi þeirra orða og í ljósi kosningaloforða Samfylkingarinnar hljótum við að vilja vita: Hvað hefur hæstv. umhverfisráðherra aðhafst til að hrinda í framkvæmd yfirlýstum vilja til að vernda háhitasvæði landsins? Styður ráðherrann uppbyggingu álvers í Helguvík? Hvernig telur ráðherrann þessi áform samrýmast (Forseti hringir.) stefnu Samfylkingarinnar í kosningabaráttunni og hvernig samrýmast þau stefnumörkun á grunni sjálfbærrar þróunar?

[10:41]

Heilbrigðisráðherra (Guðlaugur Þór Þórðarson) (S):

Virðulegi forseti. Ég þekki þetta mál nokkuð eins og margir sem hér eru inni og tel að það væri ágætt við þessa umræðu aðeins að rifja upp sögu málsins. Hana þekkir hv. þm. Árni Þór Sigurðsson ágætlega af öðrum vettvangi.

Hér er um það að ræða að farið var út í það af Orkuveitu Reykjavíkur í tíð R-listans — og þekkja Vinstri grænir það vel — að fara út í stóriðju. Þá var nýtt orka á þessu sama svæði og um ræðir. Hér hefur verið gerður nýr samningur, það er alveg hárrétt hjá hæstv. umhverfisráðherra að það á eftir að fara í gegnum öll þau lögformlegu möt sem við þekkjum í því efni. Hins vegar er þetta af hálfu Reykvíkinga og eigenda fyrirtækisins afskaplega hagstæður samningur eins og komið hefur fram. Ef við berum hann saman við fyrsta samninginn til stóriðju sem m.a. vinstri grænir tóku þátt í að samþykkja á sínum tíma er þetta umtalsverð hækkun, bæði á stuðlum og síðan hefur álverðið hækkað aldeilis eins og menn þekkja. Ég held að það sé mikilvægt að því sé til haga haldið.

Það er alveg hárrétt hjá hæstv. ráðherra umhverfismála að það eru margir fyrirvarar á þessu eins og þegar menn ganga frá málum hér á Íslandi. Það er hins vegar nokkuð athyglisvert ef menn telja, eins og hér kom fram í umræðunni hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, að þessi orkuöflun sé ekki sjálfbær. Svo við höfum það alveg á hreinu, ef það er viðhorf manna höfum við Íslendingar svo sannarlega verið

að blekkja umheiminn. (Gripið fram í.) Þetta eru stórar fréttir, ekki bara fyrir okkur Íslendinga heldur fyrir allan heiminn og gera það að verkum að barátta okkar við gróðurhúsalofttegundirnar hefur beðið mikinn hnekki (Forseti hringir.) ef það er ekki sjálfbær þróun að nýta jarðhitann sem allir hafa talið (Forseti hringir.) sem hafa skoðað það fram til þessa.

[10:44]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Mér þykir heldur hátt reitt til höggs að ákvörðun stjórnar í orkufyrirtæki skuli kalla fram yfirlýsingar af hálfu Vinstri grænna þess efnis að stefna ríkisstjórnarinnar sé ekki sú sem kynnt er í stefnuyfirlýsingu hennar. Ríkisstjórnin hefur aldrei hugsað sér að fara inn í stjórnir fyrirtækja og taka fram fyrir hendurnar á þeim. Ég hef alltaf skilið umræðuna um náttúruvernd þannig að við þurfum að taka ákvörðun um það inn á hvaða svæði við ætlum að fara, hvaða svæði við ætlum að nýta og hvaða svæði við ætlum að vernda þegar við horfum til framtíðar. Það er hlutverk stjórnvalda í þessum efnum. Á sama hátt hvernig við ætlum að nýta orkuna. Við megum ekki horfa á þetta þannig að orkan sé á síðasta söludegi. Það er langur vegur þar í frá. Þetta eru mikil verðmæti sem við þurfum að horfa vandlega til hvernig við ætlum að nýta og þar erum við að horfa til framtíðar.

Þess vegna þykir mér dálítið hátt reitt til höggs þegar hingað í pontu stíga fulltrúar stjórnarandstöðu og lýsa því yfir að eftir hálfan mánuð í ríkisstjórn séu hugmyndir Samfylkingarinnar ekki að fullu allar orðnar að veruleika. Það eru miklar væntingar sem menn hafa um að þetta eigi allt að vera orðið að veruleika eftir hálfan mánuð. Það er alveg kvitt og klárt að við munum ekki fara inn á þessi svæði fyrr en verndaráætlun og rammaáætlun 2 liggja fyrir sem og mat á verndargildum háhitasvæða. Það er alveg klárt en við erum að horfa til framtíðar.

Við getum ekki meinað fyrirtæki að gera orkusamninga með fyrirvara gagnvart samningsaðilum sínum. Það er alveg fráleit hugmynd. Og mér finnst mjög mikilvægt að umræða um þessi mál sé á eðlilegum og skynsamlegum nótum en ekki í svona upphlaupsstíl sem við höfum horft á hér. (Forseti hringir.) Það er hins vegar alveg rétt að ríkisstjórnin hefur ekki á þessum 10 dögum komið öllu sínu í framkvæmd. Það er rétt að viðurkenna það í þessari (Forseti hringir.) umræðu.

[10:46]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Ég vil byrja á að lýsa því yfir að ég var sammála öllu því sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði hérna áðan. Mér fannst hann tala af skynsemd og viti sem aðrir í stjórnarandstöðunni mættu taka upp eftir honum.

Ég spyr nú hv. þm. Árna Þór Sigurðsson: Hefur hann ekki kynnt sér stefnu VG? Hefur hann ekki kynnt sér yfirlýsingar formanns VG? Hér er útskýring á frétt og viðtali við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon nokkrum dögum eftir kosningar þar sem frá því er greint að hann vilji fara í viðræður við sjálfstæðismenn um ríkisstjórnarmyndun. Í fréttinni segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður þeirra, að ekki verði farið með neina úrslitakosti í stóriðjumálum. Og í fréttinni er hann beinlínis spurður að því hvernig hann hyggist þá fara með stóriðjumálin. Hann segir: Við förum alltaf í allar viðræður með það að markmiði að ná sem allra mestu fram. En það þýðir ekkert að fara fram með ultimatum.

Með öðrum orðum, forusta VG segir við þjóðina að Helguvík og stóriðja séu ekkert ultimatum af hennar hálfu. Þegar hann er spurður með svofelldri spurningu, með leyfi forseta: Og Helguvíkurálver gæti sloppið í gegn? Þá svarar Steingrímur J. Sigfússon: Ja, ef þannig er að það er ekki tæknilega og lagalega hægt að stoppa hana þá standa menn frammi fyrir slíku.

Þetta er það sem hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir stendur frammi fyrir. Og, hv. þm. Árni Þór Sigurðsson, formaður Vinstri grænna hefur lýst því yfir að hann geri ekki stóriðju að úrslitakosti.

Samfylkingin gekk miklu lengra. Hún náði því fram að það verður undir engum kringumstæðum, hvorki fyrir 2009 né eftir 2009 farið í nokkur óröskuð háhitasvæði nema með samþykki Alþingis. Allir þeir orkusölusamningar sem hér er verið að tala um eru háðir samþykki Alþingis ef fara þarf inn á óröskuð svæði.

Með öðrum orðum þá náðum við miklu lengra en þeir sem (Forseti hringir.) berja sér hér á brjóst og segja: Við settum engin ultimatum. Samfylkingin setti ultimatum og fékk þau.

[10:48]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Það er auðvitað eðlilegt að Samfylkingarþingmenn og hæstv. ráðherrar Samfylkingarinnar kveinki sér undan þessari umræðu. Það er fullkomlega eðlilegt.

En við heyrðum hvað hæstv. iðnaðarráðherra sagði hér. Það verður ekki farið inn á óröskuð háhitasvæði nema með samþykki Alþingis. Og hvernig hefur þessi meiri hluti nú þegar beitt sér hér í sölum Alþingis? Hann hefur beitt meirihlutavaldi sínu þvert ofan í lýðræðislega hefð hér á Alþingi Íslendinga varðandi lagabreytingar.

Þannig að við vitum þá hverju við eigum von á frá þessum meiri hluta varðandi háhitasvæðin, hann á eftir að keyra hér í gegn tillögur um að þessir orkusölusamningar nái fram að ganga með óbilgirni og ofbeldi. Það er það sem í vændum er frá hæstv. ríkisstjórn ef marka má orð hæstv. iðnaðarráðherra. Hins vegar var hæstv. umhverfisráðherra auðvitað hófstilltari í yfirlýsingum sínum. Ég kann auðvitað betur við tón hæstv. umhverfisráðherra í þessu máli en þeirra kumpána, hæstv. iðnaðarráðherra og heilbrigðisráðherra.

Hæstv. heilbrigðisráðherra kann nú ekki einu sinni fyrstu lexíuna í bókinni um sjálfbæra þróun. Hann veit það sem sagt ekki að það eru einungis 10–15% varmans sem upp kemur úr jörðinni sem hægt er að nýta til raforkuframleiðslu, ef niðurdælingin heppnast þegar ekki er verið að virkja fyrir hitaveitu jafnframt. Þá má segja að að hluta til sé virkjunin sjálfbær, kannski í 40 ár. En svo þarf að hvíla hana í 40 ár. Þetta þarf hæstv. heilbrigðisráðherra, stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur auðvitað að vita og er skammarlegt að hann skuli ekki vita það.

En hæstv. umhverfisráðherra sagði hér að það væri ekki ávísun á að af framkvæmdum yrði að þessi orkusölusamningur skyldi hafa verið undirritaður. Við skulum vona að hæstv. umhverfisráðherra geti beitt sér og sínu afli innan ríkisstjórnarinnar til þess að það verði ekki reist álver í Helguvík sem þarf 600 megavött af orku. Því með því verða háhitasvæðin, þar með talin Brennisteinsfjöllin sem Samfylkingin ætlaði sér að vernda, farin í þágu stóriðju, á altari stóriðjunnar. Ég vona að við endum ekki uppi (Forseti hringir.) með slíka ákvörðun.

[10:51]

Umhverfisráðherra (Þórunn Sveinbjarnardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Ekki ætla ég að kveinka mér undan þessari umræðu heldur fagna henni því hún er góð og dregur mjög skýrar línur strax í upphafi þessa kjörtímabils.

En ég vil biðja hv. þingmenn að hefja nú ekki þessa vegferð á því að gruna alla um svik og óheiðarleika. Að það hljóti allir að hafa óhreint mjöl í pokahorninu og ekkert gott *standi til. Ríkisstjórnin hefur samþykkt* að hefja vinnu við annan áfanga rammaáætlunar. Um það eiga ráðuneyti iðnaðar- og umhverfismála náið samstarf. (Gripið fram í.) Þannig var það ekki á fyrri kjörtímabilum. Það er engin togstreita á milli mín og hæstv. ráðherra Össurar Skarphéðinssonar um þessi mál.

Vegna þess að hingað koma þingmenn Vinstri grænna upp og tala sýknt og heilagt um sjálfbæra þróun eins og í henni sé aðeins einn þáttur umhverfisverndar og náttúruverndar þá skulum við bara fara yfir það.

Sjálfbær þróun snýst um haldbæra þróun í umhverfismálum, félagslega þróun og efnahagslega þróun. Þar sem þetta þrennt mætist má tala um sjálfbæra þróun. Hún er samfélagsmál. Hún er jafnaðarmál og hún snýst um haldbæra þróun til framtíðar. Það er ekki þannig að hv. þingmenn Vinstri grænna hafi keypt sér einkaleyfi á túlkun á sjálfbærri þróun, hvorki í pólitískri umræðu hér á landi né annars staðar.

[10:52]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Það var svolítið undarlegt í upphafi kosningabaráttu minnar núna eftir áramótin að fylgjast með orðum Samfylkingarinnar hvað umhverfis- og álversmálin snerti. Í fyrstu var boðað stóriðjustopp, **(Gripið fram í:** Nei, nei.) með stóru stoppi, Ingibjörg, í Kastljósi í janúar. Síðan var farið að tala um frestun og hvernig hún átti að vera framkvæmd. Það var aldrei ljóst. Það var nú þannig í mínu kjördæmi að þar skipti einfaldlega máli hvar þingmenn voru staddir, hvernig þeir töluðu.

Framsóknarflokkurinn fagnar að sjálfsögðu þeim orðum að jarðhitann eigi að nota í skynsamlegum tilgangi. Við höfum talað fyrir því að hann og stóriðju eigi að setja niður þar sem hennar er þörf, þar sem hagvöxtur er lítill og nota þetta með hagsmuni landsbyggðarinnar að leiðarljósi.

Ég vil minna á orð hæstv. umhverfisráðherra í ræðu hennar um stefnuræðu hæstv. forsætisráðherra þegar hún sagði:

„Í forgang verður sett, eins og fram hefur komið, að vernda háhitasvæði landsins og meta verndargildi þeirra."

Mér finnst að það sé komin enn ein stefnan og það er nú kannski þannig að bæði stefnuræðan og þessar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar eru allar á huldu. Það er nú kannski vert að spyrja hæstv. umhverfisráðherra: Mun hún koma í veg fyrir að framkvæmdin um álverið við Keflavík fari í hið lögbundna ferli?

Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa, sbr. lög nr. 102/2007 (framhald kosningar).

Við kosninguna komu fram tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndirnar svo skipaðar:

Efnahags- og skattanefnd:
Pétur H. Blöndal (A),
Ellert B. Schram (A),
Ögmundur Jónasson (B),
Illugi Gunnarsson (A),
Gunnar Svavarsson (A),
Magnús Stefánsson (B),
Ragnheiður E. Árnadóttir (A),
Lúðvík Bergvinsson (A),
Katrín Jakobsdóttir (B).

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd:
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Gunnar Svavarsson (A),
Atli Gíslason (B),
Kjartan Ólafsson (A),
Helgi Hjörvar (A),
Valgerður Sverrisdóttir (B),
Jón Gunnarsson (A),
Karl V. Matthíasson (A),
Grétar Mar Jónsson (B).

Viðskiptanefnd:
Guðfinna S. Bjarnadóttir (A),
Ágúst Ólafur Ágústsson (A),
Jón Bjarnason (B),
Birgir Ármannsson (A),
Árni Páll Árnason (A),
Birkir J. Jónsson (B),
Jón Gunnarsson (A),
Björk Guðjónsdóttir (A),
Höskuldur Þórhallsson (B).

[10:55]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill vekja athygli á því að heiti á tveimur nefndum breytist. Heilbrigðis- og tryggingnefnd verður heilbrigðisnefnd og félagsmálanefnd verður félags- og tryggingamálanefnd.

Aðgerðaáætlun til að styrkja stöðu barna og ungmenna, fyrri umr.

Stjtill., 12. mál. — Þskj. 16.

[10:57]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Í samræmi við stefnuyfirlýsingu sína frá 23. maí sl. samþykkti ríkisstjórnin að þegar yrði undirbúið að leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna. Með þessari aðgerðaáætlun, sem unnin var af fulltrúum fimm ráðuneyta undir forustu Braga Guðbrandssonar, forstjóra Barnaverndarstofu, er í fyrsta sinn lögð fram heildstæð áætlun um að styrkja stöðu barna og ungmenna hér í samfélaginu. Í langan tíma hefur verið kallað eftir því að mótuð verði stefna og aðgerðaáætlun í málefnum barna og var m.a. á árinu 2001 samþykkt tillaga þar að lútandi á Alþingi en henni var ekki fylgt eftir í stjórnsýslunni eins og skyldi og komst ekki til framkvæmda. Jafnframt var fyrir nokkrum árum skipuð fjölskyldunefnd á vegum þáverandi forsætisráðherra en ekki hefur heyrst af niðurstöðum þeirrar nefndar. Það er mér því mikið ánægjuefni að fyrsta þingmálið sem ég mæli fyrir nú sem félagsmálaráðherra skuli verða aðgerðaáætlun í málefnum barna og unglinga sem hrinda á í framkvæmd á árunum 2007–2011 eða á kjörtímabilinu.

Virðulegi forseti. Ég mun í stuttu máli kynna meginatriði þessarar aðgerðaáætlunar en verksvið þessara aðgerða kemur í hlut fjögurra ráðuneyta, félags-, heilbrigðis-, mennta- og dómsmálaráðuneytisins auk fjármálaráðuneytisins. Afar mikilvægt er að gert er ráð fyrir að skipaður verði samráðshópur þessara ráðuneyta sem stuðla á að samræmingu og eftirfylgni aðgerða undir forustu félagsmálaráðuneytisins.

Auk þess að framfylgja þessum aðgerðum sem lýst er í aðgerðaáætluninni er það verkefni samráðshópsins að yfirfara og bregðast við með hvaða hætti skuli farið að tilmælum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna, tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins um stefnu til eflingar foreldrahæfni og drög að samningi Evrópuráðsins um vernd barna gegn kynferðislegri misbeitingu og kynferðisofbeldi. Ég vænti mikils af þessum starfshópi en framförum í málefnum barna og ungmenna hefur staðið fyrir þrifum að málaflokkurinn heyrir undir fjögur fagráðuneyti og samræmingu og heildaryfirsýn hefur því vantað.

Á samráðsvettvangi ríkis, aðila vinnumarkaðarins og sveitarfélaga, sem stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir að settur verði á fót, verði mótaðar tillögur til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð og þjónustu við barnafjölskyldur. Lögð verður á það áhersla að á slíkum vettvangi verði tillögur aðgerðaáætlunarinnar, m.a. um styttri og sveigjanlegri vinnutíma, mótaðar og hvernig tryggja megi að foreldrar geti betur sinnt börnum sínum vegna veikinda þeirra eða fötlunar.

Annars staðar á Norðurlöndum er fæðingartíðni talsvert lægri en hér á landi en við höfum verið eftirbátar þeirra í mörgum þáttum er lúta að velferðarþjónustu við börn. Þó að börn og ungmenni séu hér hlutfallslega fleiri en annars staðar á Norðurlöndunum hafa þau fyrir löngu mótað sér aðgerðaáætlun í málefnum barna og ungmenna. Íslendingar vinna mun lengri vinnudag en þær þjóðir sem við berum okkur saman við, m.a. 20% lengri vinnudag en annars staðar á Norðurlöndunum. Við slíkar aðstæður er það skylda stjórnvalda að búa vel að umhverfi og aðbúnaði barnafjölskyldna ekki síst í ljósi þess að hér hafa foreldrar sjaldnast val, þung framfærslubyrði flestra knýr báða foreldra til að vera á vinnumarkaðnum. Þetta leggur líka skyldur á aðila vinnumarkaðarins þannig að aðstæður á vinnumarkaði séu með þeim hætti að einnig sé horft á þær út frá hag og velferð fjölskyldna eins og með sveigjanlegri og styttri vinnutíma. Ég er sannfærð um að ef horft er á málin út frá sjónarhóli fjölskyldunnar einnig er það ekki bara ávinningur fyrir heimilin heldur einnig fyrirtækin og atvinnulífið í landinu.

Við þekkjum það vel að margar kannanir sem gerðar hafa verið hér á landi sýna fylgni á milli samverustunda foreldra og barna og gengis barnanna í skóla og félagslega. Þeim mun meiri sem samskiptin eru þeim mun betur vegnar börnum. Það er því allra hagur að fara yfir það hvernig við getum betur náð jafnvægi á þessu sviði.

Það er ástæða til að fagna því að íslenskir karlar skera sig úr hvað varðar þátttöku í fæðingarorlofi í alþjóðlegum samanburði en eins og hv. þingmenn vita nýta yfir 90% þeirra sér rúmlega þriggja mánaða fæðingarorlof. Ég er sannfærð um að nú er lag til þess að jafna fjölskylduábyrgðina enn frekar og samhliða vil ég að við fylgjum því vel eftir að konur njóti fulls réttar á vinnumarkaði að því er varðar launakjör og ábyrgð. Þetta spilar allt saman og myndar jafnvægi sem skilar sér í betra samfélagi fyrir komandi kynslóðir.

Í þessari aðgerðaáætlun er lagt til að fæðingarorlof verði lengt í áföngum. Flutt verður frumvarp á kjörtímabilinu um lengingu fæðingarorlofs í áföngum þannig að það verði tólf mánuðir þegar það er komið að fullu til framkvæmda. Þetta tel ég einkar mikilvægt því að þetta mun gera foreldrum betur kleift en áður að brúa bilið frá því að fæðingarorlofi lýkur fram til þess tíma sem leikskólaaldri er náð. Ég mun sérstaklega láta skoða stöðu einstæðra foreldra þegar fæðingarorlofið verður lengt. Jafnframt þarf að kanna hvernig fæðingarorlof í tólf mánuði mun skiptast milli mæðra og feðra.

Í aðgerðaáætluninni eru tilteknar aðrar mjög mikilvægar aðgerðir til að bæta afkomu barnafjölskyldna. Eitt það mikilvæga í þessari áætlun er að jafna stöðu barna og ungmenna í samfélaginu óháð efnahag. Þar gegna barnabætur miklu hlutverki en lagt er til að barnabætur til tekjulágra fjölskyldna verði hækkaðar. Barnabætur byrja nú að skerðast við 93 þús. kr. hjá einstæðu foreldri og er afar brýnt að fjölga í þeim hópi tekjulágra sem fá óskertar barnabætur.

Engin ákvörðun liggur fyrir um hve mikið skerðingarmörkin verða rýmkuð en sem dæmi má taka að ef skerðingin byrjar ekki fyrr en við 125 þús. kr., sem samsvarar lágmarkstekjutryggingu á vinnumarkaði, í stað 93 þús. kr. og tvöfalt meira hjá hjónum mundi fjölga í hópi þeirra barna sem fá óskertar barnabætur um tæplega 5 þúsund börn.

Annað mikilvægt fyrir afkomu fjölskyldna er að tannvernd barna verði bætt með gjaldfrjálsu eftirliti, forvarnaaðgerðum og auknum niðurgreiðslum á tannviðgerðum barna. Ný rannsókn, MUNNÍS-rannsóknin svonefnda, dró upp

dökka mynd af tannheilsu íslenskra barna. Í norrænum samanburði lætur nærri að íslensk börn og ungmenni séu að meðaltali með tvöfalt fleiri skemmdar tennur en samanburðarhópur í Svíþjóð og er staðan verri hér á landi en annars staðar á Norðurlöndunum. Við þessu verður að bregðast og það er gert í þessari áætlun.

Í samvinnu við frjáls félagasamtök og sveitarfélög verður unnið að því að bæta aðgengi allra barna og ungmenna að íþróttum og félagsstarfi, ekki síst þeirra er búa við veikar fjárhagslegar aðstæður. Þetta er lykilatriði til að ná því markmiði að 5 þúsund börn sem nú búa við fátækt njóti meira jafnræðis á við börn sem búa við betri fjárhagsaðstæður foreldra. Þá munu nemendur í framhaldsskólum njóta stuðnings til kaupa á bókum og öðrum námsgögnum. Allt verður þetta síðan nánar útfært af viðkomandi fagráðherrum.

Þá legg ég ríka áherslu á að staða einstæðra og forsjárlausra foreldra verði skoðuð en á það hefur skort að mínu mati. Þetta eru viðkvæmir hópar og rannsóknir sýna að mikil hætta er á að þau börn sem búa við lakastar aðstæður séu börn einstæðra foreldra. Við vitum að álag á þessum hópum er gífurlegt í því hraða nútímasamfélagi sem við búum í. Mér finnst óásættanlegt að ekki sé reynt að jafna aðstæður barna í samfélaginu almennt og hér er hópur sem okkur ber skylda til skoða sérstaklega.

Vissulega eiga börn rétt á að umgangast báða foreldra sína ef þess er nokkur kostur ella fara þau og það foreldri sem ekki nýtur reglulegrar umgengni á mis við afar mikið. Stöðu forsjárlausra foreldra þarf að skoða sérstaklega í því ljósi en forsjárlausir feður eru margir í hópi þeirra sem njóta fjárhagsaðstoðar hjá sveitarfélögum og er mikilvægt að kortleggja betur stöðu þeirra, kjör og aðbúnað í samfélaginu.

Virðulegi forseti. Í aðgerðaáætluninni er kveðið á um að auka beri fjölbreytni í meðferðartilboðum fyrir börn og ungmenni með hegðunarerfiðleika og vímuefnavanda. Sérstaklega er kveðið á um að þetta beri að gera með því að innleiða sérhæfða meðferð sem veitt er utan stofnana á vettvangi fjölskyldunnar og í nánasta umhverfi barnsins. Rannsóknir erlendis og að nokkru leyti hérlendis hafa leitt í ljós ýmsar takmarkanir á hefðbundinni stofnanameðferð. Að minnsta kosti er óhætt að fullyrða að meðferð á vistunarstofnunum mætir alls ekki þörfum allra barna og jafnframt sé æskilegt að leita allra leiða til að fyrirbyggja stofnanameðferð ef þess er nokkur kostur. Í nágrannalöndum okkar eins og í Noregi hefur þessi leið verið reynd með góðum árangri.

Ástæða er til að nefna að það hefur ekki verið nægilega skilvirkt að Barnaverndarstofu er ætlað að sjá um meðferðarúrræði en sveitarfélögum er ætlað að veita eftirfylgd og stuðning þeim börnum sem lokið hafa meðferð. Þetta hefur ekki gengið sem skyldi og meðferðarárangur hefur oft tapast skjótt af þeim sökum. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir að fyrirkomulag eftirfylgdar verði endurskoðað með það fyrir augum að gera það markvissara svo tryggt sé að ungmenni sem lokið hafa stofnanameðferð fái viðunandi stuðning að henni lokinni.

Kveðið er á um almennar forvarna- og lýðheilsuaðgerðir í áætluninni sem varða hreyfingu, bætta næringu og fæðuval barna. Lögð verður áhersla á fræðslu, meðferð og aðgengi að hollum mat og hreyfingu. Nýleg rannsókn á lifnaðarháttum 9–15 ára skólabarna hér á landi leiddi í ljós að þrátt fyrir að fleiri börn stundi nú skipulega íþróttastarfsemi hefur kyrrsetustundum þeirra fjölgað. Margar íslenskar kannanir sýna að líðan barna í grunnskóla er ekki viðunandi, of mörg börn þjást af kvíðaköstum sem leiða til þunglyndis. Á kjörtímabilinu verður beitt forvörnum í vaxandi mæli, hugað verður sérstaklega að leiðum til að fyrirbyggja andlega og félagslega vanlíðan barna. Lögð verður áhersla á fræðslu og forvarnir gegn áfengisneyslu og annarra skaðlegra vímuefna.

Virðulegi forseti. Það verður forgangsmál þessarar ríkisstjórnar að grípa til aðgerða í þágu barna og ungmenna með geðraskanir og þroskafrávik. Þegar verður sett vinna í það verkefni og unnið eins hratt og nokkur kostur er að vinna á biðlistum á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og barna- og unglingageðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss. Við vitum að þau börn sem bíða eftir úrlausn sinna mála hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og hjá fleiri aðilum skipta hundruðum. Biðlistar eru langir og sumir hafa þurft að bíða í tvö til þrjú ár. Hver vika, hver mánuður sem hægt er að flýta greiningu barna með geðraskanir eða þroskafrávik skiptir máli til að börnin geti fengið viðunandi úrræði í skólakerfinu að lokinni greiningu.

Leitað verður allra leiða til að betra jafnvægi náist á milli framboðs og eftirspurnar svo að börn í vanda þurfi ekki að bíða mánuðum saman eftir þjónustu sem skipt getur sköpum í lífi þeirra. Eftirfylgni með börnum og ungmennum sem lokið hafa meðferð vegna geðraskana mun verða efld til muna á vegum heilsugæslna, skóla og sveitarfélaga í þeim tilgangi að glata ekki niður þeim árangri sem meðferðin skilaði.

Þrátt fyrir margvíslega endurskipulagningu hafa biðlistar á Greiningarstöðinni verið allt of langir og um síðustu áramót voru 276 börn á biðlista eftir greiningu og sum þeirra hafa beðið í allt að þrjú ár. Það er hægt að vinna á biðlistunum með því að setja á fót teymi fagfólks og sérfræðinga og ná verulegum og skjótum árangri og jafnvægi á biðlista sem ella önnuðu bara nýliðun og biðlistinn héldist að öðru leyti óbreyttur.

Ég vil jafnframt vekja sérstaklega athygli á því að tillagan gerir ráð fyrir að unnið verði að bættri stöðu langveikra barna og fjölskyldna þeirra. Þetta er afar mikilvægt atriði. Það var stigið skref með sérstökum greiðslum til foreldra langveikra barna á síðasta kjörtímabili en ég vil taka það til ítarlegrar skoðunar hvort unnt verði að koma á frekari stuðningi við þennan hóp. Það hefur gífurleg samfélagsleg áhrif þegar fótunum er kippt undan heilu fjölskyldunum vegna langvarandi veikinda barna og unglinga.

Lögð verður líka aukin áhersla á fjölbreyttari meðferðarúrræði fyrir börn og ungmenni sem eiga við hegðunar- og vímuefnavanda að stríða. Sú stofnanavistun sem við þekkjum best hefur því miður ekki skilað þeim árangri sem til var ætlast, enda þótt margir hafi unnið óeigingjarnt starf við rekstur meðferðarheimila víða um land og eiga heiður skilinn fyrir það. Erlendar rannsóknir sýna fram á að meðferð sem veitt er á vettvangi fjölskyldunnar og í nánasta umhverfi barnsins er góður valkostur við stofnanameðferð.

Óhætt er að fullyrða að eitt það erfiðasta sem foreldrar ganga í gegnum er að sjá á eftir barni sínu í heim fíkniefnanna. Það er mikilvægt að ráðgjöf og fræðsla til þeirra verði aukin og reynt verði að tryggja aðgang að símaráðgjöf allan sólarhringinn í samvinnu við frjáls félagasamtök. Bregðast verður skjótt við í málefnum barna og ungmenna með vímuefnavanda og beita verður markvissri íhlutun strax á fyrstu stigum neyslunnar. Á kjörtímabilinu verður m.a. í samvinnu við frjáls félagasamtök unnið að heildstæðri aðgerðaáætlun í forvörnum vegna vímuefnaneyslu barna.

Á kjörtímabilinu verður markvisst unnið að því að efla forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi, þar með talið barnaklámi sem er því miður vaxandi vandamál sem m.a. tengist nútímatækni. Gert er ráð fyrir að starfsemi Barnahúss sem þverfaglegrar miðstöðvar vegna kynferðisbrota á börnum verði styrkt, einkum að því er varðar skýrslutöku á börnum og meðferð þeirra.

Loks vil ég nefna kaflann um aðgerðir í þágu barna innflytjenda en þar eru lagðar til margvíslegar aðgerðir til að styrkja stöðu þeirra í íslensku samfélagi.

Virðulegi forseti. Það er mikilvægt að stuðla að samræmingu og eftirfylgni aðgerða í þágu barna og barnafjölskyldna á vettvangi Stjórnarráðsins. Samráðshópur fimm ráðuneyta á að fjalla um aðgerðir innan ramma hvers fagráðuneytis er sérstaklega beinist að börnum og ungmennum en slíkan samráðsvettvang hefur skort í stjórnsýslunni. Margt er unnið innan ramma hvers fagráðuneytis er sérstaklega snýr að þessum hópum í samfélaginu en einnig eru mörg málefni þess eðlis að þau snerta fleiri en eitt fagráðuneyti og í slíkum málum getur verið óljóst hvar ábyrgðin er í einstökum málum og hvar hún liggur sem er bagalegt fyrir framgang mála og hefur komið niður á börnum og foreldrum þeirra.

Virðulegi forseti. Ég er sannfærð um að aðgerðaáætlunin mun raunverulega bæta aðstæður barna og ungmenna og fjölskyldna hér á landi og ég mun leggja ríka áherslu á að henni verði fylgt eftir í samráðshópi fulltrúa þeirra fimm ráðherra sem bera ábyrgð á einstökum aðgerðum. Þessi aðgerðaáætlun kemur til framkvæmda á kjörtímabilinu eins og áður sagði og verður kostnaður metinn eftir því sem verkinu vindur fram og mál tengd áætluninni verða lögð fyrir Alþingi. Ljóst er að í framkvæmd er um verulega fjármuni að ræða sem skipta milljörðum þegar öll aðgerðaáætlunin er komin til framkvæmda en hér er um forgangsverkefni að ræða ásamt málefnum lífeyrisþega og verður þeim komið til framkvæmda á kjörtímabilinu. Er því rétt að halda til haga hér í lokin að það er líka dýrt fyrir fjölskyldur og samfélagið í heild að búa ekki vel að börnum og ungmennum sem erfa munu landið. Það getur verið enn kostnaðarsamara og dýrkeyptara fyrir þjóðfélagið en framkvæmd þeirrar aðgerðaáætlunar sem við hér fjöllum um.

Ég vil að lokinni þessari umræðu leggja til að málinu verði vísað til hv. félagsmálanefndar.

[11:12]

Magnús Stefánsson (F) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að nota tækifærið og bjóða hæstv. ráðherra velkomna til starfa á ný í félagsmálaráðuneytinu og óska henni velfarnaðar í þágu þjóðarinnar og þeirra sem eiga undir því að vel gangi í þessu ráðuneyti.

Búið er að gera grein fyrir aðgerðaáætluninni og ég fagna henni. Hér er gerð grein fyrir ýmsu sem hefur verið í vinnslu og er komið í þessa stefnu, ég tel að þetta sé mjög mikilvægt mál og fagna því að það sé hingað komið.

Það er auðvitað mikilvægt að fá fram frekari upplýsingar um hvað er áætlað að þessi aðgerðaáætlun kosti og hvort ráðherra telji að fjármunir muni fást til að fjármagna ýmislegt sem hér er kveðið á um. Ég hef smáreynslu af því hvernig gengur að fá fjármuni til ýmissa mála á þessum vettvangi þannig að mér þætti fróðlegt að heyra mat hæstv. ráðherra á því hvernig það muni ganga. Fjármunir til ýmissa verka og ýmissa mála sem koma fram í þessari aðgerðaáætlun eru auðvitað lykilatriði. Við höfum svo sem séð í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og annað í umræðunni að það eru ýmis fyrirheit uppi í velferðarmálum og ýmsum málum og ég hygg að ég sé ekki einn um það að bíða spenntur eftir því hvernig ríkisstjórninni gangi að hrinda þessu öllu saman í framkvæmd, hvernig ríkisstjórninni muni ganga að finna fjármuni í þetta til að framfylgja því sem lagt hefur verið upp með.

Ég vil því beina þeirri fyrirspurn til hæstv. ráðherra í fyrsta lagi hvort hún hafi einhverja hugmynd um hvað þessi aðgerðaáætlun muni hugsanlega kosta og í öðru lagi hvort hún telji raunhæft að fjármunir fáist til þessara mála á kjörtímabilinu í ljósi þeirrar stöðu sem uppi er í efnahagsmálum og í ljósi þess hvernig við sjáum fyrir okkur hlutina í þeim efnum.

[11:14]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrrverandi félagsmálaráðherra góðar óskir í minn garð og vona að við getum átt gott samstarf á þinginu um þau mörgu málefni sem eru í ráðuneyti mínu og hæstv. fyrrverandi félagsmálaráðherra þekkir vel.

Ég er alveg sammála hv. þingmanni að það skiptir máli að peningar fylgi þessari aðgerðaáætlun og hún verði ekki bara eitt pappírsplagg. Það er einlægur vilji ríkisstjórnarinnar og hún hefur farið yfir þá stöðu að koma þessari aðgerðaáætlun í framkvæmd á kjörtímabilinu. Það liggur ekki fyrir tímasetning á því hvenær það verður gert, það ræðst m.a. af stöðu og framvindu efnahagsmála. Það liggur fyrir að þegar í stað verði farið í að vinna á biðlistunum á Greiningarstöðinni og BUGL og settir í það þeir fjármunir sem til þarf strax til að vinna á þessum listum.

Auðvitað er það ljóst miðað við þá áætlun sem hér liggur fyrir að við erum að tala um verkefni sem skipta einhverjum milljörðum þegar þau verða að fullu komin til framkvæmda. Við höfum aðeins sest yfir það og reynt að skoða hvað það getur orðið en það vantar útfærsluatriði á ýmis atriði sem eru í þessari aðgerðaáætlun eins og með barnabæturnar og fleiri þætti. Það skiptir auðvitað máli hvernig framkvæmdin öll verður og það verður á vettvangi hvers ráðuneytis fyrir sig eftir því sem málinu vindur fram að leggja fram ítarlegt kostnaðarmat með þeim frumvörpum sem fylgja þessari aðgerðaáætlun. Bara fæðingarorlofið út af fyrir sig, sem er náttúrlega langdýrasti liðurinn í þessari aðgerðaáætlun, er örugglega á bilinu 2,5–3 milljarðar

þegar það er komið til framkvæmda. En ég get fullvissað hv. þingmann um að það er ásetningur núverandi ríkisstjórnar allrar að forgangsverkefni á sviði velferðarmála (Forseti hringir.) verði málefni barna og málefni lífeyrisþega.

[11:16]

Magnús Stefánsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Út af því sem hæstv. ráðherra ræddi um samstarf þá mun ég að sjálfsögðu leggja mig fram um að eiga gott samstarf við hana í sínum störfum á sama hátt og ég get upplýst að við áttum mjög gott samstarf meðan ég var *í sæti hennar og ég þakka fyrir það.*

Ég held að mikilvægt sé að sem fyrst liggi fyrir einhver tímaplön um það hvernig innleiða eigi þessa aðgerðaáætlun og eins hvernig þetta verður fjármagnað. Við stjórnarandstæðingar munum fylgjast mjög grannt með framgöngu þessa máls. Ég tek undir með hæstv. ráðherra að hér er um mikilvægt mál að ræða, ég hygg að við séum öll sammála um að þessi málaflokkur er mikilvægur og beri auðvitað að leggja á hann áherslu.

Ég vil bara lýsa því yfir fyrir mitt leyti og a.m.k. okkar framsóknarmanna í stjórnarandstöðunni að við munum fylgjast mjög grannt með framgangi þessara mála og munum veita ríkisstjórninni og hæstv. félagsmálaráðherra mjög stíft aðhald í því að þetta gangi fram. Ég er sammála hæstv. ráðherra að svona mál mega ekki bara vera pappírsplagg, þetta eru mál sem þurfa að ná til framkvæmda. Ég endurtek að við munum fylgjast mjög grannt með því að þetta gangi eftir, því að við erum sammála því að þessi mál eru mikilvæg og við viljum sjá þau koma til framkvæmda. Ég ítreka að við höfum verið að vinna að þessum málum í nokkur ár, ekki bara í félagsmálaráðuneytinu heldur í fleiri ráðuneytum, og því munum við styðja það að þessi mál öll gangi hratt og vel fram og hvetja hæstv. félagsmálaráðherra og aðra í ríkisstjórninni til dáða með því aðhaldi sem við munum veita í stjórnarandstöðu.

[11:18]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég efast ekki um að hv. þingmaður og stjórnarandstaðan öll mun halda okkur við efnið og veita okkur aðhald hvað það varðar að fylgja eftir þessari áætlun og ég fagna því. Ég hefði auðvitað gert slíkt hið sama í sporum stjórnarandstöðunnar þannig að ég geri mér fyllilega ljóst að stjórnarandstaðan mun fylgja þessum málum fast eftir og það er vel.

Eins og ég nefndi á samráðsvettvangur fimm ráðuneyta, sem mun verða komið á fót mjög fljótlega, að hafa yfirsýn og *samræmingu með allri framkvæmd og vera með eftir*fylgni í málinu. Á þeim vettvangi verður vafalaust rætt um tímaáætlanir í þessari aðgerðaáætlun og hvernig framkvæmdum vindur fram. Framkvæmdin verður síðan á vettvangi hvers fagráðuneytis fyrir sig.

Eins og ég sagði áðan er það ásetningur okkar að þessi framkvæmdaáætlun komi að fullu til framkvæmda á kjörtímabilinu. Það er sameiginlegur skilningur í ríkisstjórninni að aðgerðaáætlun í málefnum barna og ungmenna eigi að vera forgangsverkefni á sviði velferðar í landinu. Þessi málaflokkur hefur dregist aftur úr og honum hefur ekki verið sinnt sem skyldi í stjórnsýslunni. Allar Norðurlandaþjóðirnar hafa fyrir mörgum áratugum komið á aðgerðaáætlun í þágu barna og eru komnar miklu lengra hvað það varðar að bæta stöðu, hag og velferð barna í sínu samfélagi og þar höfum við fordæmi til að vinna eftir. Ég er alveg sannfærð um það og það eru engar efasemdir í mínum huga að ríkisstjórnin öll mun framfylgja þessari áætlun eftir bestu getu. Henni verður auðvitað framfylgt þannig að hún rúmist innan þeirra markmiða sem við setjum okkur í efnahagsmálum en það svigrúm sem við höfum til að bæta þjónustu á sviði velferðar verður í þágu barna, fjölskyldna og lífeyrisþega.

[11:20]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Ég vil byrja á að óska hæstv. félagsmálaráðherra hjartanlega til hamingju með þessa aðgerðaáætlun, hún er metnaðarfull. Það er vissulega mikilvægt þegar ný ríkisstjórn tekur til starfa að hún hafi skýra stefnu og sýni fram á hvaða markmiðum hún ætlar að ná einkum ef fyrir liggur aðgerðaáætlun sem hægt er að byggja á tiltekna áfanga annars vegar og hins vegar til að meta árangurinn eftir. Ég lýsi fyllsta stuðningi við markmið þessarar áætlunar sem er að styrkja stöðu barna, ungmenna og fjölskyldna þeirra hér á landi og ég heiti stuðningi Vinstri grænna við allar þær góðu fyrirætlanir sem hér er að finna og vænti þess og vona að þær megi sem fyrst komast í framkvæmd.

Ég er ekki að draga úr góðum vilja ríkisstjórnarinnar þegar ég segi að þessi áætlun verður seint að veruleika ef ekki er tekið á og farið í víðtækar aðgerðir á sveitarstjórnarstiginu og fjármunir fluttir til sveitarfélaganna. Ég sakna þess að ekki sé skýrt ákveðið í I. kafla þessarar ályktunartillögu um formlegt samráð við sveitarfélögin um framkvæmd áætlunarinnar vegna þess, virðulegi forseti, að það er varla sá þáttur í áætluninni sem kemur ekki inn á starfsemi sveitarfélaga með einhverjum hætti. Að mínu viti þarf að viðurkenna hlut þeirra formlega í aðgerðaáætluninni og ætla til þess fé og mannafla að tryggja framgang hennar og einnig að börnum og ungmennum verði ekki mismunað eftir búsetu við framkvæmd áætlunarinnar þannig að foreldrar hvar sem er á landinu geti treyst því að þær aðgerðir sem hér er talað um að hrinda í framkvæmd muni ekki sigla fram hjá börnum þeirra vegna þess að við vitum að sveitarfélögin eru afskaplega misvel í stakk búin til að sinna þjónustunni. Þau hafa einfaldlega ekki fjármuni til þess að gera það á sama hátt öll. Við vitum að þegar búið er að greina barn er það sent til sveitarfélagsins og þegar barn er útskrifað af BUGL er það sent til sveitarfélagsins. Þegar fylgja þarf eftir meðferð og greiningu þarf að senda barnið á *ábyrgð sveitarfélagsins*, leikskólans og skólans. Þetta eru verkefni sveitarfélaga sem hljóta að fá fjármagn sérstaklega í tengslum við þessa aðgerðaáætlun.

Það er ljóst, virðulegi forseti, að sveitarfélögin hafa fullan vilja til að efla nærþjónustuna, til að styrkja þjónustu sína, til að bæta skólana og efla forvarnir, bjóða ókeypis foreldrafræðslu, jafnvel ókeypis leikskólavist eins og við þekkjum og hollar og ódýrar skólamáltíðir. Þau hafa bara ekki haft til þess fjárhagslegt bolmagn og þar er í rauninni

gat að mínu viti í þessari áætlun. Ég er ekki að tala um peningana, þeir hljóta að verða að fylgja en það vantar ákvæði í I. kaflann um formlegt samráð sem ég hvet til að sett verði í 1. gr.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, vil ég minna á að til að þessi metnaðarfulla aðgerðaáætlun komist til framkvæmda þarf að hækka laun umönnunarstétta og búa betur að þessum heföbundnu kvennastörfum í umönnunargeiranum, í leikskólum og í skólum. Ég hlýt vegna þeirra fregna sem komu inn í þingsal í gær um stórfellda hækkun á launum seðlabankastjóra, um 200 þús. kr. á mánuði, að spyrja hæstv. félagsmálaráðherra hvort þau forgangsmál sem hún nefndi í sinni ræðu sem eru að bæta kjör lífeyrisþega og barna endurspeglist í því. Ég geri mér grein fyrir að í Seðlabankanum eru ekki börn við stjórnvölinn en kannski er þar verið að styrkja kjör lífeyrisþega. Ég vil sem sagt spyrja: Er þetta dæmi um forganginn, hæstv. ráðherra?

Í þriðja lagi finnst mér ekki nógu vel tekið á þeirri mismunun sem er í dag vegna efnahags og búsetu. Það er staðreynd að það er fátækt á Íslandi og það var staðfest í könnunum fyrir síðustu kosningar með samanburði við nálæg lönd að nokkur þúsund börn, talan 5.300 börn var nefnd einhvers staðar, búa hér undir fátæktarmörkum. Þetta er skammarblettur á íslensku samfélagi og eins og ég fagna því að hér eru áform um hækkun barnabóta, lengingu fæðingarorlofs, niðurgreiðslu á bókum í framhaldsskólum og auknum niðurgreiðslum til tannlækninga, allt eru þetta brýn mál sem geta jafnað þennan efnahagslega mismun, þá sakna ég þess að hér sé ekki fjallað um ókeypis leikskóla, ókeypis skólamáltíðir, ókeypis íþrótta- og listnámskeið í tómstundum og það sé viðurkennt fullum fetum að bæta þurfi fjárhagsstöðuna beint með því að setja peninga í þessa þjónustu. Með þessu er ég ekki að segja að peningar bæti allt en könnun Félagsfræðingafélags Íslands sýndi hver áhrif fátækt hefur á andlega og líkamlega líðan barna. Þar kom í ljós að þau voru mjög marghátttuð, bæði á andlega og líkamlega líðan. Börnunum svíður óréttlætið þegar þau líta í kringum sig. Í þingsályktunartillögunni er talað um veikan fjárhag, við skulum tala skýrt, við skulum tala um fátækt.

Virðulegi forseti. Það styttist sá tími sem ég hef. Ég hafði hugsað mér að tala nokkuð almennt um þessa þingsályktunartillögu og hef gert það en á þeim stutta tíma sem eftir er vil ég þó tæpa á tveimur atriðum eða við skulum segja að það verði bara eitt. Það er vissulega mikilvægt að vinna á biðlistunum, bæði hjá BUGL og Greiningarstöð ríkisins, en ég vara eindregið við þeim hugmyndum sem þarna eru settar fram um að árangurstengja starf tengt geðvernd og geðröskunum. Það er ekki hægt að mæla árangur í fjölda útskrifta eins og að skúra gólf eða skipta um peru. Þetta eru flókin mál sem oft taka verulega langan tíma og þurfa fjölþætta nálgun, m.a. inn í fjölskyldur barnanna, skólann og allt nærumhverfið. Ég vara við því. Ég hefði viljað fara frekar í einstaka þætti en ég á von á að það verði gert í umræðunni á eftir. (Forseti hringir.) Ég ítreka heillaóskir með þessa áætlun og ég vona að hún nái fram að ganga öll.

[11:29]

Ásta R. Jóhannesdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að hrósa hæstv. félagsmálaráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, fyrir vasklega framgöngu hvað þetta mál varðar, þessa aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna. Það eru ekki liðnar fjórar vikur frá kosningum og það eru varla tvær vikur frá því að ríkisstjórnin var mynduð og hér erum við komin með þetta mjög fína og metnaðarfulla plagg í hendurnar og hæstv. ráðherra búin að mæla fyrir því.

Samfylkingin lagði megináherslu á tvo hópa og velferð þeirra í nýliðnum kosningum. Það voru annars vegar aldraðir og hins vegar börn og ungmenni, undir heitinu *Unga Ísland.*

Ég verð að fagna því að þessi stefna Samfylkingarinnar er nú orðin að stefnu ríkisstjórnarinnar. Það er mjög mikilvægt. Hér er komið þetta þingmál, þingsályktunartillaga þar sem er tekið á öllum þessum þáttum sem þarf að taka á hvað varðar hag barna og ungmenna. Ég vil minna á að börnin okkar eru það dýrmætasta sem við eigum og það er mikilvægur mælikvarði á framsýni þjóða hvernig þær búa að yngstu kynslóðum sínum og hvernig þær búa þau undir framtíðina.

Börn eiga að njóta jafnra tækifæra til að nýta hæfileika sína til fulls. Það þarf að skapa þeim góð vaxtarskilyrði og foreldrunum góð skilyrði til þess að sinna uppeldi þeirra. Í þessari þingsályktunartillögu er tekið á málum sem þar að lúta lið fyrir lið.

Þetta plagg á að sjálfsögðu ekki að vera orðin tóm, því þurfa að fylgja aðgerðir. Eins og hæstv. ráðherra nefndi áðan þá heyra þessi mál undir fimm ráðuneyti. Til þess að uppfylla þessa áætlun og gera hana að veruleika má því búast við því að inn í þingið komi frumvörp frá a.m.k. fimm ráðherrum.

Menn hafa hér aðeins gert kostnaðinn við þetta að umræðuefni. Auðvitað kostar það að reka öflugt velferðarsamfélag. Það kostar peninga. En það skilar sér líka. Það skilar sér í betra samfélagi, í meiri velferð, betri líðan barna og betri heilsu. Þau atriði sem hér eru tekin fyrir munu einmitt stuðla að því.

Þeim sem borga skatta finnst líka alltaf betra að vita til þess að peningarnir séu nýttir til uppbyggilegs starfs í staðinn fyrir að vera alltaf að borga fyrir viðgerðir, eins og því miður hefur verið allt of mikið af. Að við setjum skattana okkar í það að bæta vellíðan og bæta heilsu.

Hæstv. ráðherra rakti hér í hverju þessi aðgerðaáætlun er fólgin. Henni er ætlað að bæta afkomu barnafjölskyldna. Hæstv. ráðherra kom líka að tannverndinni sem allir stjórnmálaflokkar lögðu ríka áherslu á í nýliðnum kosningunum. Að tannvernd barna verði bætt með gjaldfrjálsu eftirliti og forvarnaaðgerðum og auknum niðurgreiðslum er mjög mikilvægt því við höfum horft upp á að barnafjölskyldur sem hafa lægri tekjur, hafa ekki haft tök á því að veita börnum sínum þær tannlækningar og þá tannvernd sem nauðsynleg hefur verið. Það er verið að jafna aðstöðu barna í skólum með því að styðja þau til kaupa á bókum. Það þarf að styðja foreldra við uppeldisstarfið á ýmsan hátt eins og hér kemur fram. Þá vil ég nefna að það má aldrei verða neinum foreldrum fjárhagslega ofviða að taka þátt í slíkum námskeið-

um sem boðið verður upp á hvað það varðar.

Mig langar til að gera sérstaklega að umræðuefni almennar forvarnaaðgerðir en á síðustu dögum Alþingis nú í vor fyrir kosningarnar var lögð fram skýrsla um þau mál eftir að hún var unnin í kjölfar þingmáls sem allir flokkar á Alþingi lögðu fram, þ.e. öll heilbrigðis- og tryggingnefnd Alþingis lagði fram um aðgerðir hvað varðar heilsu, aukna hreyfingu og bætta næringu. Hér er einmitt komið inn á þann þátt í þessu þingmáli sem snýr að hæstv. heilbrigðisráðherra. Ég vil endilega hvetja hann til þess að vinna nú í anda þeirrar skýrslu sem lögð var fram á þinginu í vor, að stuðlað verði að aukinni hreyfingu og bættri næringu barna og bættu fæðuvali. Sömuleiðis þarf að taka á ýmsum þáttum. Ég hef t.d. lagt áherslu á að tekið verði á því áreiti sem auglýsingar á óhollustu í barnatímum eru, t.d. í sjónvarpi. Það hafa nágrannaþjóðir okkar gert og ýmsar þjóðir í Evrópu banna slíkar auglýsingar sem beinast að börnum og snúa að því að auglýsa óhollustu.

Það þarf auðvitað að beita ýmsum forvörnum til þess að bæta heilsu og líðan barna og ungmenna og ýmislegt fleira má nefna í þeim efnum. En mig langar að koma að því sem ég tel brýnast og hæstv. ráðherra nefndi einnig sem eitt brýnasta verkefnið, en það eru aðgerðir í þágu barna og ungmenna með geðraskanir og þroskafrávik og langveikra barna.

Hæstv. félagsmálaráðherra hefur látið sig þau mál verulega varða, sérstaklega hvað varðar langveiku börnin og þetta er mjög brýnt mál. Það þarf að taka á biðlistunum hjá barna- og unglingageðdeildinni og það þarf að taka á biðlistunum hjá Greiningarstöðinni. Það verður forgangsmál þessarar ríkisstjórnar og ég vil fagna því. Það er mjög mikilvægt og brýnt verkefni. Því miður hafa þau börn sem hafa þurft þjónustu og greiningu hjá þessum stofnunum þurft að bíða allt of lengi, þau hafa jafnvel þurft að bíða fyrst hjá annarri stofnun og síðan hinni og þá ekki fengið þá þjónustu og þann stuðning sem þau hefðu þurft á að halda. Við vitum að það skiptir sköpum fyrir þessi börn að fá þjónustuna snemma. Ég vil því fagna því að þessi mál verði forgangsmál og það verður gripið til aðgerða strax hvað þau varðar.

Hér er líka fjallað um aðgerðir í þágu barna og ungmenna með hegðunarerfiðleika og í vímuefnavanda sem er náttúrlega stórt mál. Því miður hef ég ekki tíma nú til að koma inn á það. Ég hefði gjarnan viljað ræða þó nokkuð um þann þátt mála og fagna því að þar á að taka vel á. Við þurfum að stytta vinnutíma foreldra til þess að þeir geti betur sinnt börnum sínum, lengja fæðingarorlofið og margt fleira sem fram kemur hér.

En ég vil óska okkur til hamingju með þetta fína plagg og þessa fínu þingsályktunartillögu og vonast til þess að hún verði að veruleika, sem flest atriði hennar, fljótt og vel, að minnsta kosti á þessu kjörtímabili.

[11:37]

Einar Oddur Kristjánsson (S):

Virðulegi forseti. Það er allra mál nú um þessar mundir að staðan sé þannig í íslensku samfélagi að við þurfum mjög að gæta okkar. Það er allra mál að það sem blasir við okkur sé ákaflega hættulegt, að væntingar almennings hafa aldrei farið hærra jafnframt því sem einkaneysla almennings er því miður að aukast. Á slíkum tíma er ekkert jafnbrýnt fyrir stjórnvöld eins og að reyna að setja hemil á væntingarnar. Reyna að hemja þær með öllu móti. Vegna þess að efnahagslegt jafnvægi er forsenda allrar velferðar.

Hvernig það má vera undir þessum kringumstæðum er kannski erfitt að segja til um en þó vil ég meina að fátt sé mikilvægara en að skilaboðin frá nýrri ríkisstjórn séu hrein og skýr. Skilaboðin verða að vera þannig að menn treysti því og trúi að sú nýja ríkisstjórn sem nú hefur tekið við völdum sé ábyrg ríkisstjórn sem ætlar sér að ganga þannig fram veg að menn megi treysta því að hinn efnahagslegi stöðugleiki, sem er forsenda hins mikla velferðarsamfélags, muni blíva. Ég sjálfur, virðulegi forseti, trúi því af mikilli einlægni að þetta sé ábyrg ríkisstjórn. Ég trúi því og treysti að hún muni sýna það í verki.

En það er einmitt þess vegna, virðulegi forseti, sem mér er spurn: Hvaða nauð rekur þá ágætu ríkisstjórn til þess að flytja þessa þingsályktunartillögu? Ég skil það ekki. Ríkisstjórn setur sér markmið. Ríkisstjórn kemur fram með stefnuyfirlýsingu sína og það er ástæða til að trúa henni og treysta. Auðvitað var þess að vænta, og allir fögnuðu því, að þar kæmu fram þau sjónarmið að hér skyldi vera öflugt velferðarsamfélag, öflugt samfélag sem sæi um það að hér værum við á framfarabraut og á gæfubraut, öflugt samfélag sem ætlaði að styðja menntamál jafnt sem heilbrigðis- og félagsmál. Enginn efast um það. Enginn má efast um að hér hafi heilbrigð og réttlát ríkisstjórn tekið völdin.

Ég skil ekki af hverju þarf að setja þessi góðu markmið. Ég tek það fram, virðulegi forseti, allt sem kemur fram í þessari þingsályktunartillögu um börn og ungmenni eru auðvitað góð og falleg markmið. Auðvitað er þetta allt saman það sem allir vildu kveðið hafa. Það er enginn á móti þessu. En það er mjög rangt undir þessum kringumstæðum, það er mjög rangt að senda þau skilaboð fram núna að við ætlum að hafa einhvern forgang á því umfram annað þegar við þurfum fyrst og fremst að gæta að því að menn treysti því og trúi að það sé ábyrg efnahagsstjórn sem skiptir öllu máli.

Það má ekki gerast, virðulegi forseti, að þjóðin fái þá tilfinningu að einhver lausagangur eigi að vera hér á ríkisfjármálum. Það má bara alls ekki gerast. Þess vegna þarf umfram allt að brýna það aftur og aftur að þessi ríkisstjórn er fyrst og fremst ábyrg í peningamálum og efnahagsstjórn. Ef slík ábyrgð er til staðar þá mun allt hitt ganga ljúflega fram og enginn efast um það að stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar fái tækifæri til þess að blómgast og eflast á þeim tíma sem fram undan er, næstu fjögur árin.

Það er fjölmargt sem sannarlega kemur fram í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar sem ástæða er til að ætla, vilja og vona að eigi sér framtíð á næstu fjórum árum. Málefni barna ekki hvað síst. Ég ætla ekki að leggjast neitt gegn því. En mér finnst óvarlega farið þegar byrjað er á því að búa til þingsályktunartillögu. Þingsályktunartillögu um einhvern hluta af stefnuskránni. Til þess er það. Er einhver saga til um að þetta hafi gerst áður? Að einhver hluti af einhverri stefnuskrá ríkisstjórnar sé tekinn og settur í þingsályktunartillögu? Nei. Það eru engin dæmi til þess. Þessari þingsályktunartillögu fylgja heldur engar áætlanir um hvað

þetta kostar. Engar. Allt í lagi með það í sjálfu sér því það er ekki hægt að áætla margt af þessu því það er ótímasett.

En eigi að síður er hættan sú að það viðhorf skapist í samfélaginu að það sé ekki festa í ríkisfjármálum. Festa í ríkisfjármálum er algjör forsenda allra þeirra góðu verka sem menn ætla sannarlega að standa fyrir á næstu fjórum árum. Sannarlega forsenda þess.

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan þá sé ég ekki hvaða nauð rekur stjórnina til að flytja þessa þingsályktunartillögu og þess vegna ætla ég ekki að styðja hana.

[11:43]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér kemur það á óvart ef hv. þingmaður sem er einn af stjórnarliðum lýsir því hér yfir að hann ætli ekki að styðja þessa aðgerðaáætlun. Það kemur mér á óvart vegna þess að ég hafði ekki heyrt um neina andstöðu hjá stjórnarliðum við henni.

Ég deili því auðvitað með hv. þingmanni að ríkisstjórnin á að sýna ábyrgð í efnahagsmálum. Við deilum ekkert um það og við munum auðvitað leggja okkar af mörkum í því.

En ég vil spyrja hv. þingmann, þar sem hann hefur staðið að áætlun í vegamálum, áætlun í flugmálum þar sem verið er að leggja línurnar um áætlanagerð til framtíðar, hvort hann telji ekki að þurfi að leggja líka framkvæmdaáætlun í aðgerðaáætlunarmálum til barna. Við erum að tala um 84 þúsund börn á aldrinum 0 til 18 ára. Við þurfum að hafa einhverja áætlun um það hvernig við ætlum að búa í haginn fyrir börnin og barnafjölskyldur alveg eins og við leggjum áætlanir varðandi vegamálin, áætlanir varðandi flugmálin, hvernig við ætlum að taka á því til frambúðar.

Þess vegna kemur þetta mér á óvart og ég hefði frekar talið að hv. þingmaður færi að agnúast út í Seðlabankann sem veitir okkur aðhald og talar til okkar í þeim tón að við eigum að sýna aðhald og sparnað í útgjöldum, þegar bankastjóri Seðlabankans gengur fram og skammtar sér laun, upp á 200 þús. En hv. þingmaður minntist ekkert á það.

En það kemur mér á óvart að hv. þingmaður skuli lýsa þessu yfir og ég vona að hann breyti um skoðun eftir að hann hefur athugað þetta mál og finni að það er jafnmikilvægt að setja fram framkvæmdaráætlunaraðgerðir í málefnum barna og ungmenna og að setja fram áætlanagerð varðandi vega- og flugmálin sem við samþykktum á síðasta þingi að setja tugi milljarða í á næstu árum.

[11:45]

Einar Oddur Kristjánsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þóttist vita að það væri fullkomið upplýsingakerfi milli þingflokkanna þannig að upplýsingar væru gefnar um afgreiðslu mála, og í þingflokki Sjálfstæðisflokksins kom mjög skýrt fram við afgreiðslu þessarar þingsályktunartillögu að ég væri á móti henni. Það er eitthvað að upplýsingakerfinu milli stjórnarflokkanna sem þarf þá að passa upp á í framtíðinni.

Ég talaði mjög skýrt, virðulegi forseti, eða ég tel það. Ég hafði áhyggjur af því að röng skilaboð yrðu send út í þjóðfélagið með þessari áætlun. Ég talaði mjög skýrt. Ég ætla að ítreka það sem ég sagði. Afleiðingin af því að við gefum röng skilaboð núna í upphafi þessarar stjórnarsamvinnu getur verið mjög afdrifarík.

Fyrir þessar kosningar las ég stefnuskrá Samfylkingarinnar í efnahagsmálum, mjög ágætt plagg undirskrifað af Jóni Sigurðssyni, þeim sem við fyrir vestan kennum við Félagsbakaríið. Hvað stendur í þessari stefnuskrá Samfylkingarinnar? Nákvæmlega það sem ég sagði áðan, þar er sagt að ábyrg stjórn efnahagsmála sé í reynd undirstaða velferðarsamfélagsins. Það er nákvæmlega þetta sem ég var að segja, ábyrg stjórn efnahagsmála. Ég trúi því og treysti að samstarfsflokkur okkar sé ábyrgur í efnahagsmálum. Þess vegna geng ég heill til þessa samstarfs.

[11:47]

Ásta R. Jóhannesdóttir (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður sagði hér: Skilaboðin verða að vera hrein og skýr, ríkisstjórnin verður að sýna ábyrgð. Hvað rekur þessa ríkisstjórn til að leggja fram þessa þingsályktunartillögu? Hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, þetta er ábyrg ríkisstjórn sem við erum með hér, en því miður hefur orðið velferðarhalli á undanförnum árum. Sá halli hefur bitnað á börnum og þess vegna þarf að rétta þann halla.

Hann verður að rétta, og þau skilaboð eru alveg skýr hjá þessari ríkisstjórn. Hún ætlar að taka málefni barna og ungmenna sérstaklega fyrir og rétta þann halla. Samfylkingin sem jafnaðarflokkur lagði áherslu á þetta í kosningabaráttunni. Því miður hefur ójöfnuður aukist og hann verður að rétta af og það erum við að gera með þessari þingsályktunartillögu. Við verðum að taka á þessum málum. Það er á okkar ábyrgð í þessari ríkisstjórn, og ríkisstjórnin hefur axlað þá ábyrgð. Það kemur fram í þessari þingsályktunartillögu hæstv. félagsmálaráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur.

[11:48]

Einar Oddur Kristjánsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ríkisstjórn hefur það í hendi sér, tveir, þrír eða fjórir ráðherrar, tvö, þrjú eða fjögur ráðuneyti, að búa til aðgerðaáætlun, vinna saman og setja saman hvaða áætlun sem þau vilja. Þingsályktun hefur gildi. Þingsályktun er ályktun Alþingis sem ber að fara eftir. Þess vegna held ég að verið sé að prýsta fram þessari þingsályktunartillögu. Það er gert til þess að binda hendur löggjafans við gerð næstu fjárlaga. Ég óttast mjög mikið þegar menn eru búnir að taka fram fyrir hendurnar á sjálfum sér, ef svo má að orði komast, með því að segja: Við ætlum að fá þetta og þetta og þetta, og við ætlum að hafa þetta og þetta og þetta, 36 atriði ómerkt peningum, 36 atriði, setjum þau fram.

Við segjum hvergi nokkurs staðar að við höfum efni á því. Við segjum hvergi nokkurs staðar að við ætlum að draga úr öðru í staðinn. Það fylgir ekkert plagg um það að við ætlum að draga úr kostnaði í utanríkismálum. Nei, það er ekkert plagg sem fylgir því sem hefði t.d. mátt fylgja. Það er engin nauð sem rekur okkur til að gera þetta. Stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar er alveg nægjanleg. Menn hafa ástæðu til að treysta henni og trúa. Það er engin ástæða til að setja fram þingsályktunartillögu í formi eins og þessu, enda eru engin fordæmi fyrir því.

[11:50]

Ásta R. Jóhannesdóttir (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi þingsályktunartillaga er útfærsla á stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Það þarf auðvitað að útfæra slíkar stefnuyfirlýsingar.

Ég minni líka hv. þingmann á að hér koma ýmsar þingsályktunartillögur inn í þingið þó að ekki fylgi þeim endilega mjög ítarleg gögn um það hvar eigi að draga saman eða hvernig eigi að veita peningana. Ég minni t.d. á samgönguáætlun. Ég hef ekki tekið eftir því að hv. þingmaður hafi talað svona þegar samgönguáætlun hefur komið hér inn, en hér erum við með áætlun um að bæta hag barna og ungmenna þar sem hefur hallað á þann hóp. Fjöldi barna bíður t.d. eftir þjónustu eins og ég nefndi áðan. Ýmislegt fleira gæti ég nefnt en ég ætla ekki að gera það í stuttu andsvari.

Ég bendi bara hv. þingmanni á að það er ekki síður mikilvægt að sinna þjónustu við börn og ungmenni en að byggja vegi þótt hvort tveggja sé mikilvægt.

[11:52]

Einar Oddur Kristjánsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í samgönguáætlunum eins og títt er að leggja fyrir og hefur verið hér á undanförnum árum eru tekjuáætlanir. Þetta eiga hv. þingmenn að vita. Í þessari þingsályktunartillögu er ekkert verið að gera annað en að binda hendur þingsins varðandi ríkisfjármálin (Gripið fram í.) umfram annað. Það er engin ástæða til að gera það. Við erum í kröppum dansi í efnahagsmálunum, mjög kröppum dansi. Öllum sem fjalla um það daglega ber saman um að við vitum ekki hvað framtíðin ber í skauti sér en við skulum vera viðbúin öllu. Það er mjög nauðsynlegt að þessi ríkisstjórn, svo ég ítreki það aftur og aftur, enn og aftur, hafi traust þjóðarinnar. Menn verða að hafa það á tilfinningunni, menn verða að vera þess fullvissir að sú hönd skjálfi ekki, sú hönd sé örugg sem heldur um stjórnvölinn, ríkisstjórnin sé örugg og henni megi treysta. Það eru skilaboðin sem eiga að vera og hljóma um landið allt.

[11:53]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert, innlitið sem maður fær á stjórnarheimilið hér, nú þegar sléttar tvær vikur eru liðnar frá uppstigningardeginum. Hvað er að ske? Er ríkisstjórnin að falla? (**EOK:** Nei.) Nei, hér kemur hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson og lýsir því yfir að hér sé óvarlega farið, þetta sé algerlega óþarft plagg, þetta sé fordæmalaust og geri ekki annað en að auka væntingar í mjög kröppum efnahagslegum dansi sem þjóðin sé í og að þetta beri vott um lausagang í ríkisfjármálunum. Svo koma hér aðrir hv. þingmenn eins og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og segja: Hvað með vegamálin?

Þetta er athyglisvert innlit sem við fáum þarna á stjórnarheimilið. (Gripið fram í.) Og ég ætla ekki að svara frammíköllum frá hæstv. iðnaðarráðherra. (Gripið fram í.)

Það sem ég vil vekja athygli á er að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson, sem er valdamikill maður í Sjálfstæðisflokknum sem er, ef menn skyldu ekki vita það, annar stjórnarflokkanna, hefur lýst því yfir að hann styðji ekki þessa þingsályktunartillögu. Og ég spyr: Eru það fleiri þingmenn Sjálfstæðisflokksins í þessum sal? Ég spyr: Hvar er formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins? Því hefur verið lýst hér að a.m.k. hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafi lýst andstöðu við þetta meginmál Samfylkingarinnar í ríkisstjórn. Eru fleiri þingmenn Sjálfstæðisflokksins þeirrar skoðunar og kom það fram á þingflokksfundinum?

[11:55]

Einar Oddur Kristjánsson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi hv. þingmaður á enga heimtingu á að vita hvað gerist á þingflokksfundum Sjálfstæðisflokksins. Þannig verður það áfram. Hún má treysta því að henni verði ekki trúað fyrir þeim hlutum.

Það er alveg skýrt, virðulegi forseti, og á að vera skýrt að það geti verið fullur stuðningur og fullur skilningur á því að auðvitað viljum við standa mjög vel að félagsmálum landsins. Auðvitað viljum við standa vel að málefnum barna og foreldra. Auðvitað viljum við standa mjög vel að öllum þeim þáttum, sérstaklega þar sem menn standa höllum fæti. Það dró enginn úr því að það væri fullur stuðningur í sjálfu sér við allt það sem hæstv. félagsmálaráðherra sagði. Ég var að gagnrýna framkvæmdina og ég ber þann ótta í brjósti að það gæti haft í för með sér röng skilaboð til þjóðarinnar á þeim tímum sem við lifum nú sem ég held að séu hættulegir. Þess vegna ber að fara varlega. Það er þetta sem ég er að tala um, ekkert annað, engin ástæða til að reyna að misskilja það á einn hátt eða annan.

[11:56]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það verður að viðurkennast að mig langar ekki inn í þingflokksherbergi Sjálfstæðisflokksins (**EOK:** Ekki mig heldur.) og það kann vel að vera að mér eða öðrum hv. þingmönnum hér komi ekki við hver afstaða þingmanna Sjálfstæðisflokksins er í þessum efnum. En, virðulegi forseti, ég fullyrði að þjóðinni kemur það við.

Er það svo að í krafti hins mikla meiri hluta þessarar ríkisstjórnar muni 10 eða 11 þingmenn Sjálfstæðisflokksins geta hlaupist undan merkjum í þessu máli eða öðrum? Og af því að hæstv. forsætisráðherra er genginn í salinn væri ekki vanþörf á því að hann upplýsti þingheim og þjóðina aðeins um það hvernig ástandið er á stjórnarheimilinu. Þetta innlit sem við fengum inn um gættina boðar ekki gott.

[11:57]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Hæstv. forseti. Hæstv. félagsmálaráðherra hefur nú kynnt tillögu til þingsályktunar, aðgerðaáætlun til að styrkja stöðu barna og ungmenna í okkar ágæta landi. Það er sérlega ánægjulegt að ný ríkisstjórn skuli strax í upphafi leggja áherslu á málefni ungmenna og eldri borgara sem undirstrikar vilja til að þessi mál njóti forgangs okkar sem að ríkisstjórninni stöndum.

Í framhaldi af skýrslum og könnunum liðinna missira, m.a. um fátækt barna, tannvernd og stöðu barnafjölskyldna, lagði Samfylkingin ríka áherslu á það í kosningabaráttunni að farið yrði ítarlega yfir stöðu barna í íslensku samfélagi og lagði fram aðgerðaáætlun í málaflokknum undir heitinu *Unga Ísland*. Við myndun nýrrar ríkisstjórnar náðist samkomulag um að leggja áherslu á þennan málaflokk og á

ótrúlega skömmum tíma, undir öruggri stjórn hæstv. félagsmálaráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur, hefur stjórnarflokkunum tekist að semja vandaða þingsályktunartillögu með ítarlegri aðgerðaáætlun til að styrkja stöðu barna og ungmenna og um leið fundið leið til að tryggja framgang áætlunarinnar.

Hæstv. félagsmálaráðherra hefur skilmerkilega gert grein fyrir þeim rökum sem liggja að baki áætluninni. Þó að slík aðgerðaáætlun geti aldrei verið tæmandi treysti ég á að hér ríki sátt allra flokka um að koma þessari þingsályktunartillögu í gegnum þingið svo að samráðshópur þeirra fimm ráðuneyta sem getið er um í tillögunni geti sem fyrst hafið störf. Það eru einmitt meginrökin fyrir því að flytja þetta mál núna á sumarþinginu, þ.e. að slíkur samráðshópur þarf að hefja vinnu þannig að í ráðuneytunum hefjist nú þegar undirbúningur að lagafrumvörpum og tillögum um framkvæmd þessarar ályktunar. Það ætti að vera svar við athugasemdum hv. 8. þm. Norðvest., Einars Odds Kristjánssonar, við því af hverju þetta mál kemur fram núna.

Samráðshópurinn þarf síðan að hafa samráð við sveitarfélög og hagsmunahópa og félög ýmiss konar til þess að vinna að framgangi áætlunarinnar. Ríkisstjórnin þarf síðan að tryggja nauðsynlegt fjármagn til að markmið náist og auðvitað verður það gert í samræmi við efnahag á hverjum tíma.

Þessi aðgerðaáætlun sem felur í sér heildstæðar úrbætur í brýnustu málefnum barna og barnafjölskyldna mun verða mjög merkur áfangi sem ég fagna mjög. Lögð er áhersla á forvarnastarf, fræðslu og fyrirbyggjandi þætti þannig að koma megi í veg fyrir ýmis vandamál í uppeldi barna okkar. Þannig er sérkafli um forvarnir til að bæta heilsu og líðan barna og ungmenna. Í áætluninni er gert ráð fyrir að reynt verði að hindra að vandamál vaxi án þess að gripið sé til aðgerða og endi í neyðarlausnum eða jafnvel refsivist ungmenna.

Einn hornsteinninn í áætluninni er sá einbeitti vilji að bæta afkomu barnafjölskyldna og sporna gegn fátækt. Eitt mikilvægasta viðfangsefni Alþingis er að tryggja jafnrétti og jöfn tækifæri í þessu landi og því hefur ríkisstjórnin heitið í stefnuyfirlýsingu sinni. Fátækt er ein mesta ógnin við jafnréttið og ekkert okkar vill að börn og ungmenni þurfi að gjalda efnahags foreldra sina og verða án nauðsynlegra og sjálfsagðra lífsgæða. Því miður hefur allt of stór hópur barna búið við fátækt og brýnt að bregðast við til að tryggja að þessi hópur sitji ekki eftir hvað varðar þjónustu og tækifæri í samfélaginu.

Annar hornsteinn í aðgerðaáætluninni er stuðningur við foreldra og stofnanir í uppeldisstarfi þeirra. Í vaxandi mæli eru sveitarfélög og skólar farin að bjóða upp á námskeið í foreldrafærni og er lagt til að það starf verði eflt, og tryggt að það nái til allra sveitarfélaga. Með þessu er undirstrikað að foreldrar eru auðvitað mikilvægasti hlekkurinn í uppeldi barna, hlúa þarf að og veita foreldrum tækifæri til að sinna hlutverki sínu sem uppalendur og tækifæri til að fræðast um hvernig best megi takast á við uppeldið. Það þykir sjálfsagt að eigendur hunda sæki námskeið og læri að ala upp og hirða um hunda sína en það er ekki fyrr en síðustu árin sem þykir eðlilegt að foreldrar barna fái ráðgjöf og þjálfun í þeirra miklu mikilvægara uppeldishlutverki að ala upp sín eigin börn.

Í áætluninni er jafnframt gert ráð fyrir því að nýtt verði reynsla erlendis frá varðandi aðstoð við fjölskyldur og meðferð barna með hegðunarvandkvæði eða við börn sem eiga í vímuefnavanda þar sem byggt er á meðferð utan stofnana og í nærumhverfi ungmennanna þar sem veittur er stuðningur við fjölskyldurnar. Þar er einmitt lögð áhersla á það að eftirfylgni komi í framhaldi af meðferð.

Þriðji hornsteinninn er aðgerðir í þágu barna og ungmenna með geðraskanir og þroskafrávik. Þar þarf að eyða biðlistum eftir greiningum og/eða þjónustu á barna- og unglingageðdeild svo eitthvað sé nefnt. Auka þarf þjónustuna úti á landsbyggðinni svo foreldrar þurfi ekki að kosta miklu til í tíma og peningum til að sækja þjónustuna til höfuðborgarinnar. Efla þarf heilsugæsluna úti á landi og tryggja að greiningar, sem oft eru forsenda réttrar meðferðar, nýtist sem fyrst og sem best.

Fjórði hornsteinninn er aðgerðir í þágu innflytjenda. Það þarf samhent átak til að gera betur og tryggja að ólík tungumál eða ólík menning leiði ekki til einangrunar. Börn og ungmenni af erlendu bergi brotin þurfa að eiga kost á að taka þátt í öllu starfi samfélagsins, hvort sem um er að ræða skólastarf, íþrótta- og tómstundastarf eða annað það starf sem fram fer. Þarna gegnir íslenskukunnáttan lykilhlutverki, og íslenskukennslan.

Af nægu er að taka í málefnum barna og unglinga, málefnum sem við getum sinnt betur án þess að ríki eða sveitarfélög yfirtaki ábyrgð á uppeldinu. Þjónusta okkar við og umhyggja okkar fyrir börnum og ungmennum, eldri borgurum og öryrkjum er áreiðanlega einn besti mælikvarði á gæði samfélagsins. Þess vegna er svo mikilvægt að við stöndum saman um að koma þessum velferðarmálum áfram, vinnum að heill barna okkar. Slík áætlun verður aldrei tæmandi enda ætlunin að fjalla um einstaka þætti í viðkomandi ráðuneytum, ræða við sveitarfélögin, við stofnanir og félög og þannig bætist eflaust eitthvað við áður en einstök mál koma fullsköpuð inn í þingið til endanlegrar afgreiðslu.

Mikilvægt er að tryggja börnum með þroskafrávik og fötlun bestu þjónustu og lít ég svo á að öll áætlunin eigi einnig við um þá hópa. Það þarf vart að taka fram að áætluninni er ætlað til að ná til allra barna og ungmenna.

Íþrótta- og tómstundafélög og stofnanir, svo sem félagsmiðstöðvar, munu einnig verða að gegna veigamiklu hlutverki í þessari áætlun jafnt og lögboðnar stofnanir, svo sem skólar, ekki hvað síst til að tryggja jafnan aðgang að þjónustu og jafnframt að tryggja innflytjendabörnum bætta stöðu í samfélaginu. Þannig mætti lengi halda áfram.

Aðgerðaáætlunin byggir ekki á neinu neyðarástandi í íslensku samfélagi en er staðfesting á að við höfum sofið á verðinum gagnvart ýmsum málum tengdum uppeldi barna og ungmenna og málefnum barnafjölskyldna og það er því verðugt verkefni að ná þjóðarsátt um úrbætur. Við þurfum og getum einfaldlega gert betur og hér eins og annars staðar gerum við kröfu um að Ísland verði í fremstu röð. Ég treysti að þessi aðgerðaáætlun fái víðtækan stuðning og verði afgreidd til félags- og tryggingamálanefndar (Forseti hringir.) nú að lokinni umræðu og hljóti lokaafgreiðslu á yfirstandandi sumarþingi.

[12:06]

Birkir J. Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Við erum hér að ræða tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna sem hæstv. félagsmálaráðherra hefur lagt hér fram. Vil ég í upphafi máls míns óska hæstv. ráðherra góðs gengis í sínum mikilvægu störfum. Það er ljóst samkvæmt því plaggi sem hér er lagt fram að markmiðin eru háleit.

Í rauninni hefur sú nýja ríkisstjórn sem hefur tekið við völdum farið ansi greitt af stað í mjög stórum málaflokkum og lofað mjög miklum útgjöldum til þeirra sem eru þó reyndar óljósir eins og fram hefur komið. Við fáum því miður ekki miklar upplýsingar um hvað þessi loforðapakki allur kostar.

Á sama tíma og núverandi ríkisstjórn leggur fram mjög mikil loforð um mjög mikil útgjöld eru blikur á lofti í efnahagslífi þjóðarinnar, þriðjungssamdráttur í þorski sem mun stórskerða útflutningstekjur þjóðarinnar, undirliggjandi verðbólga og óstöðugleiki í íslensku efnahagslífi. Það er því mikil ábyrgð sem fylgir því að leggja fram óútfyllta tékka sem skapar óvissu á markaðnum um það hvað hæstv. ríkisstjórn ætlar sér í þessum málaflokkum. Það er því eðlileg krafa okkar þingmanna að við fáum upplýsingar um það hvert innihald þessa pakka sé. Er það virkilega svo að menn hafi ekki gert sér neinar hugmyndir um hvað þetta muni allt saman kosta?

Á dögunum var rætt um málefni lífeyrisþega og svipað frumvarp var þá lagt fram í þinginu og við vitum í raun og veru ekki um hversu miklar upphæðir er að ræða. Það hlýtur því að vera krafa okkar á Alþingi að við fáum einhverjar upplýsingar um það hvað hæstv. ríkisstjórn ætlar sér í þessum málaflokki, hversu miklum fjármunum á að verja til þessara mikilvægu verkefna.

Nú tek ég undir það með hæstv. ráðherra og öllum þeim sem hér hafa talað að hér er um mjög mörg mikilvæg málefni að ræða. Það þarf samt að forgangsraða þeim, það þarf að forgangsraða út kjörtímabilið og það er miður að það skuli vera svo mikil óvissa sem raun ber vitni um það hversu mikil útgjöld verða til að mynda á árinu sem nú er að líða eða á næsta fjárlagaári. Það er mikill vandi sem bíður fjárlaganefndar við að fara yfir þessi mál. Ríkisstjórnin verður að njóta trausts á markaðnum og mér er til efs í ljósi framlagðra frumvarpa og þingsályktunartillagna að ríkisstjórnin sé að vinna sér mikið traust á þeim vettvangi, því miður.

Það hefur komið í ljós í umræðunum að það er ekki samstaða innan stjórnarflokkanna um þetta. Hálfum mánuði eftir að núverandi ríkisstjórn var mynduð eru stjórnarliðar komnir í hár saman í umræðum á Alþingi. Er það kannski þannig, hæstv. forseti, að traust milli ríkisstjórnarflokkanna sé ekki meira en svo að leggja þurfi fram þingsályktunartillögu á sumarþingi til að fá stuðning stjórnarandstöðunnar til að kosningaloforð Samfylkingarinnar nái fram að ganga? Stendur núverandi ríkisstjórn virkilega svo veikum fótum að þessi stóri meiri hluti þurfi tilstyrk stjórnarandstöðunnar á hveitibrauðsdögum ríkisstjórnarinnar? Ja, þetta lofar ekki góðu, hæstv. forseti, um framhaldið. Það eru mörg svör sem við þurfum að fá hér og við í félags- og tryggingamálanefnd munum að sjálfsögðu fara ítarlega yfir þetta mál.

Í aðdraganda síðustu kosninga var mikið rætt um jöfnun á námskostnaði fyrir framhaldsskólanemendur sem þurfa að sækja nám fjarri heimahögum sínum. Fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna lofuðu bót og betrun hvað það varðar. Hér í þessu myndarlega plaggi þar sem kveðið er á um mjög mörg brýn mál er ekkert tekið á jöfnun námskostnaðar. Það er brýnt að hækka jöfnun á námskostnaði fyrir framhaldsskólanemendur á landsbyggðinni og það er mjög dýrt fyrir fjölskyldur á landsbyggðinni að senda börn sín fjarri heimahögum til þess að þau geti notið þeirra sjálfsögðu réttinda að stunda nám á framhaldsskólastigi. Það er ekkert kveðið á um það í þessari áætlun. (**Félmrh.:** Eigum við að bæta því við?)

Hæstv. ráðherra kastar því hér fram í þingsalnum hvort það eigi að bæta því inn í þessa aðgerðaáætlun. Já. (**Gripið fram í:** Sem þú ert að gagnrýna ...) Að sjálfsögðu á að gera það. Það sýnir í raun og veru hversu lítill tími hefur unnist til að vinna að þessari aðgerðaáætlun þegar svona veigamikið atriði eins og jöfnun á námskostnaði fyrir framhaldsskólanemendur er ekki að finna í þessu plaggi. Hæstv. ráðherra gagnrýnir að ég tali um mikinn kostnað í þessu samhengi. Ég geri mér grein fyrir því að þessir hlutir kosta. Það sem ég er að gagnrýna í þessu er að ekki liggur fyrir í hvaða röð eigi að framkvæma fyrirheitin. Það eru engin skilaboð út í efnahagslífið um hvað ríkisstjórnin ætli sér í þessum efnum, í viðamiklum málaflokkum sem útheimta milljarða króna.

Svo að það fari ekki á milli mála styð ég að sjálfsögðu þann anda sem ríkir í þessari þingsályktunartillögu. Það sem ég gagnrýni er óvissan, bæði í málefnum barna og ungmenna og í málefnum lífeyrisþega sem nú er uppi um það í hvaða röð þessi fyrirheit verða framkvæmd og hversu miklir fjármunir muni renna til þessara verkefna á þessu ári, á næsta ári og út kjörtímabilið. Við eigum eftir að móta langtímaáætlun í ríkisfjármálum og það er mjög mikilvægt að hlutirnir liggi fyrir því að hér er um mjög mikla fjármuni að ræða.

Hæstv. forseti. Mörgum spurningum er ósvarað í þessu. Eitt er ljóst, sveitarfélögunum er ætlað stórt hlutverk í þessari þingsályktunartillögu enda eiga sveitarfélögin að sinna nærþjónustu. Nú þekkjum við að sveitarfélögin víðs vegar um landið eru missett og misvel undir það búin að takast á hendur þær auknu byrðar sem felast í tillögunni. Það þarf samhliða þessu að gera skurk í því að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga þannig að öll sveitarfélög geti tekið þátt í því að veita börnum sínum þau sjálfsögðu réttindi og þjónustu sem felast í þessari þingsályktunartillögu.

Hæstv. forseti. Á þessum átta mínútum sem ég hef hér hefur mér ekki gefist ráðrúm til að fara yfir allt málið. Mörgum spurningum er ósvarað, margt er ónunnið í þessum efnum en því miður hefur það einungis komið í ljós í (Forseti hringir.) þessari umræðu hér að traustið í þessum málaflokki á milli stjórnarflokkanna er því miður takmarkað.

[12:14]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér tillögu til þingsálykt-

unar um aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna. Ég er nú búinn að hafa vikutíma á Alþingi til að undirbúa mig undir að fara hér í umræðu og er feginn að sjá hve margir eru mættir í þetta fyrsta skipti sem ég stíg í púltið. Ég óska frú forseta einnig til hamingju með það að stýra hér þingfundi í fyrsta sinn. En nóg um það.

Við ræðum í dag mjög metnaðarfulla þingsályktunartillögu. Í gær var rætt stjórnarfrumvarp um almannatryggingar og málefni aldraða og eru því á dagskrá á upphafsdögum þingsins tvö mál þar sem reist eru flögg, annars vegar í málefnum barna og ungmenna og hins vegar í málefnum aldraðra.

Vissulega á eftir að leggja fram mörg önnur mál á komandi dögum og mánuðum í málefnum aldraðra. Hér er hins vegar hæstv. félagsmálaráðherra komin með þingsályktunartillögu í nokkrum köflum um málefni barna og ungmenna sem hér hefur verið farið ítarlega yfir.

Ég vil segja fyrir mitt leyti að umrædd þingsályktunartillaga fellur mjög að þeim markmiðum sem Samfylkingin fór fram með í kosningabaráttunni undir yfirskriftinni *Unga Ísland* líkt og hv. 2. þm. Norðvest., Guðbjartur Hannesson, nefndi áðan. Hér er verið að draga fram ákveðin atriði sem við höfum líkt og fjölmargir aðrir hv. þingmenn úr öllum stjórnmálaflokkum, komið inn á á umliðnum mánuðum og árum. Ég fann ekki fyrir því í kosningabaráttunni í aðdraganda kosninganna að það væri í sjálfu sér neinn ágreiningur um mörg þeirra mála sem hér eru nefnd og hæstv. félagsmálaráðherra hefur lagt upp með.

Ég vil sérstaklega benda á að í þingsályktunartillögunni segir, með leyfi forseta:

„Jafnframt verði á samráðsvettvangi ríkisins, aðila vinnumarkaðarins og sveitarfélaga mótaðar tillögur um aðgerðir til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð og þjónustu við barnafjölskyldur. Einkum verði litið til þess hvernig tryggja megi að fyrirtæki setji sér fjölskyldustefnu, stytti vinnutíma og geri vinnutíma sveigjanlegri og hvernig unnt sé að tryggja að foreldrar geti betur sinnt börnum sínum, til dæmis vegna veikinda þeirra eða fötlunar."

Í heimsóknum mínum í leikskóla sveitarfélaganna á umliðnum vikum kom berlega í ljós hvað það er orðin gríðarleg spenna í samfélaginu gagnvart því að við séum úti á vinnumarkaðnum. Ég held að allir frambjóðendur sem heyrðu slíkar sögur inni á leikskólunum, frá leikskólakennurunum og starfsfólki leikskólanna, skynji að við þurfum örlítið að snúa við blaðinu í þeim efnum sem við höfum verið að horfa upp á. Krafan er orðin þannig að verið er að óska eftir því að börn séu á leikskólum í allt að 10 tíma og helst 12 mánuði á ári. Þetta segir sína sögu um það hve mikilvægt er að ríkisvaldið, sveitarfélögin og aðilar vinnumarkaðarins fari í samráð sem byggi á því sem hér er lýst.

Ég vil að lokum rifja upp í kjölfar umræðu sem hv. 8. þm. Norðvest., Einar Oddur Kristjánsson, hóf hér um að hér væri óvarlega farið. Ég verð að segja að sú ábyrgð og festa sem hæstv. ríkisstjórn sýnir hverju sinni tengist í sjálfu sér þessu verkefni jafn vel og öðrum sem hér hafa verið borin fram. Ég man eftir því að þegar ég var kjörinn sveitarstjórnarmaður í Hafnarfirði árið 2002 að eitt af fyrstu verkum okkar þar, tveimur vikum eftir kosningar, var að innleiða svokölluð barnakort eða niðurgreiðslur til barna og ungmenna á þátttökugjöldum í íþrótta- og æskulýðsstarfi. Það eru fimm ár síðan. Við vildum gera það út af því að við fundum fyrir því á árunum þar á undan að efnahagslegar og félagslegar aðstæður hjá mjög mörgum komu í veg fyrir það að börn eða ungmenni gætu tekið þátt í íþrótta- og æskulýðsstarfi. Þess vegna reistum við það flagg sem fjölmörg sveitarfélög hafa síðan fylgt eftir. Deilt var á það þá að kostnaðurinn væri mikill í þessum efnum. Hann var þá um 30–40 millj. á ársgrundvelli. Hins vegar var það staðföst trú okkar að það að fjölga þátttakendum í íþrótta- og æskulýðsstarfi kæmi til baka í betri forvarnaaðgerðum og betri lýðheilsu almennt. Það hefur sýnt sig í öllum mælingum og rannsóknum sem viðhafðar hafa verið síðan að við erum að fá mun betri niðurstöður en á árunum þar á undan.

Nýlega tókum við upp svokölluð öldrunarkort fyrir 67 ára og eldri í Hafnarfirði. Þar á nákvæmlega sama við. Þar er verið að tryggja að aldraðir íbúar bæjarins hafi aðgang að ýmiss konar þjónustu sem bæjarfélagið svo niðurgreiðir eða tekur að fullu þátt í, því að við viljum efla lýðheilsu aldraðra í sveitarfélaginu. Auðvitað kosta þessir hlutir fjármuni en ég álít að þessum fjármunum sé vel varið. Ég vil líka á sama hátt meina að þeim fjármunum sem munu verða hér til umfjöllunar þegar umrædd lagafrumvörp verða lögð fram, eða þegar viðkomandi ráðuneyti hafa komið fram með einstök verkefni sem verða þá tekin hér til umfjöllunar á síðari stigum, verði vel varið í þessi verkefni því að hér er fyrst og fremst um að ræða aðgerðaáætlun til að styrkja stöðu barna og ungmenna. Við eigum öll að geta tekið undir það, hv. þingmenn, að fara fram með slíkt verkefni. Ég óska hæstv. félagsmálaráðherra til hamingju með þessa þingsályktunartillögu og vona að þingheimur allur geti sameinast um hana.

[12:22]

Katrín Jakobsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég tek undir með mörgum þeim þingmönnum sem hér hafa talað í dag og fagna þeirri aðgerðaáætlun sem hér hefur verið lögð fram til að styrkja stöðu barna og ungmenna. En áður en ég fer að ræða hana sérstaklega verð ég auðvitað að segja að það veldur mér áhyggjum að eini þingmaður Sjálfstæðisflokksins sem enn hefur að minnsta kosti tjáð sig um þessa áætlun, hefur lýst andstöðu við hana og ekki virðist vart við mikinn áhuga hjá öðrum þingmönnum þess ágæta flokks, enn sem komið er í þessari umræðu, á að tjá sig um áætlunina. Ég velti því fyrir mér af því hér hefur verið rætt um kostnaðinn við áætlunina, sem vissulega er þarft að ræða, hver innstæðan er fyrir henni. Hvar er hæstv. fjármálaráðherra Sjálfstæðisflokksins sem auðvitað þarf að sækja gull í greipar til til að áætlunin geti orðið að veruleika? Mér finnst mjög mikilvægt að í þessari umræðu eða þeirri síðari sem á eftir að koma, skýrist afstaða hv. þingmanna Sjálfstæðisflokksins og hvort þeir standi heilir að baki þessari aðgerðaáætlun, a.m.k. hefur ekki orðið vart við mikinn áhuga af þeirra hálfu á því sem hér er til umræðu.

Ég nefndi það í upphafi að ég fagnaði þessari áætlun og þeirri hugmyndafræði sem höfð hefur verið til hliðsjónar við smíði hennar. Strax í upphafi hennar er vísað í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem mér finnst að vera eigi

grundvallarplagg við alla stefnumótun í málefnum barna. Auðvitað er löngu tímabært að hér verði mótuð slík áætlun eða aðgerðaáætlun í málefnum barna því að þetta er eitt brýnasta viðfangsefni stjórnmála nútímans og við Íslendingar höfum verið langt á eftir öðrum Norðurlöndum t.d. þegar við komum að því að móta stefnu í málefnum barna og ungmenna.

Ég sakna þó þess í áætluninni að þar tel ég að ræða hefði mátt sérstaklega um barnalýðræði út frá 12.–15. gr. sáttmálans þar sem rætt er sérstaklega um rétt barna til að tjá skoðanir sínar. Ég held að þar eigum við Íslendingar talsvert verk óunnið í því að hvetja til þess að börn taki lýðræðislegan þátt í öllu því starfi sem þau taka þátt í, hvort sem það er í skóla, frístundum eða öðru. Ég held að það sé nokkuð sem við mættum skoða sérstaklega hér einhvern tímann í tengslum við þessa áætlun.

Ég fagna henni líka af því að hér hefur talsvert verið rætt um vinnutíma, sívaxandi vist barna í ýmiss konar leikskólum eða öðru tómstundastarfi eða slíku og minni samvistir fjölskyldunnar. Ég tel að þetta sé rétta leiðin, að skoða það að stofna samráðsvettvang ríkis, aðila vinnumarkaðar og sveitarfélaga, ég held að þetta sé skynsamleg aðferðafræði til að ná sátt í samfélaginu um að skapa hér fjölskylduvænni vinnutíma. Sama má segja um hækkun barnabóta til tekjulágra fjölskyldna, það er fagnaðarefni.

Það sem mig langar kannski að ræða sérstaklega og tel þarft að fái umræðu eru annars vegar fæðingarorlofsmálin og hins vegar forsjármál og málefni einstæðra foreldra. Það er auðvitað gott að fæðingarorlof verði lengt enda þekkja allir foreldrar barna á milli 9 mánaða og 18 mánaða að þar myndast bil sem oft getur verið mjög erfitt að fylla á þessum tímapunkti. En samhliða þessari lengingu þarf hreinlega að endurskoða lög og reglur um sjóðinn og þétta það regluverk, því að því miður hefur reynslan verið sú, þó að mjög góð reynsla hafi verið af sjóðnum á fyrstu árum hans, að ýmsir detta á milli skips og bryggju þegar kemur að úthlutun. Er það einkum sökum ósveigjanleika innan kerfisins þar sem gerðar eru mjög skýrar kröfur t.d. um að fólk sé samfleytt í námi eða starfi í sex mánuði fyrir fæðingu barns og gildir þá einu þó að inn á milli komi t.d. þrír dagar milli starfs og náms hjá námsmönnum en þá hrapar fólk niður um tekjuflokk og fer úr tæplega 100 þús. kr. niður í tæplega 50 þús. kr. Það er meira en að segja það að sinna barni fyrir tæpar 50 þús. kr. á mánuði. Mér finnst að þetta þurfi að endurskoða samhliða þessu. Síðan þarf sérstaklega að skoða stöðu einstæðra foreldra í tengslum við Fæðingarorlofssjóð því að eins og við þekkjum eru mánuðir í fæðingarorlofi hugsaðir fyrir foreldra en þeir eru ekki metnir út frá börnunum. Því þar sem aðstaðan er slík að aðeins annað foreldrið hefur áhuga eða aðstæður til að sinna barninu og hitt hefur ekki þær aðstæður, virkar þetta þannig að það barn fær bara sex mánuði með foreldri sínu í fæðingarorlofi. Kannski þarf þá að hugsa þennan rétt ekki aðeins út frá foreldrum heldur líka út frá rétti barna til að njóta samvista við foreldra sína óháð því hvort þeir eru einstæðir eða eru saman eða vinna saman að uppeldi barnsins.

Mér finnst að auka þurfi sveigjanleikann í kerfinu og það tengist auðvitað líka forsjármálum foreldra. Við þekkjum að farið hefur vaxandi það sem kallað er sameiginleg forsjá í kerfinu sem er auðvitað mjög gott fyrirkomulag að foreldrar sinni báðir uppeldi barna, en hins vegar er kerfið enn þá þannig að barnið á aðeins lögheimili hjá öðru foreldrinu og það foreldri fær meðlag og barnabætur. Maður spyr því hvort ekki sé rétt að innleiða sveigjanlegri hugsun í það kerfi þar sem foreldrar sinna báðir og koma að með virkum hætti og borga fyrir uppeldi síns barns. Af hverju er þessi réttur einungis bundinn við annað foreldrið? Það skiptir máli að horfa til svona jafnræðissjónarmiða.

Þetta eru dæmi sem ég tel að ræða þurfi í tengslum við þessa áætlun og skoða sérstaklega, því að eins og við þekkjum er fjölskyldumunstur hér á landi eins og annars staðar í hinum vestræna heimi gerbreytt og sívaxandi fjöldi barna býr við það að eiga jafnvel marga foreldra.

Þá vil ég nefna uppeldisráðgjöf sem er nefnd í skjalinu sem er auðvitað hið besta mál og er sívaxandi krafa um að njóta einhverrar slíkrar ráðgjafar. Talsvert hefur verið gert í þeim efnum, t.d. hjá Reykjavíkurborg á vegum þjónustumiðstöðvar þar. Sú ráðgjöf hefur alltaf kostað og það hefur að sjálfsögðu skert aðgengi að henni þannig að gjaldfrjáls uppeldisráðgjöf er það sem auðvitað ber að stefna að í þessum efnum.

Að lokum langar mig að nefna börn innflytjenda og aðgerðir í þágu þeirra. Þar er mjög skýrt kveðið á um íslenskukennslu sem ég fagna ekki aðeins sem íslenskufræðingur, heldur sem Íslendingur. En ég minni þó á að rannsóknir hafa sýnt að miklu skiptir að börn innflytjenda njóti þá líka einhverrar kennslu í móðurmáli sínu. Það er ekki rætt um það í þessari áætlun en það hefur í rauninni þótt sýna aukna aðlögunarhæfni í nýju samfélagi að hafa líka þekkingu á sínu móðurmáli og það er auðvitað hluti af því að þekkja menningu síns föðurlands. Ég svona kalla því eftir að heyra einnig eitthvað um móðurmálskennslu barna innflytjenda.

Að öðru leyti fagna ég þessari tillögu til þingsályktunar en spyr eðlilega í ljósi umræðna sem hér hafa orðið í dag hver áhugi hv. þingmanna Sjálfstæðisflokks sé á að standa bak við þessa tillögu og hver afstaða hæstv. fjármálaráðherra sé sem væntanlega er sá sem kemur til með að annast fjármögnun þessarar tillögu.

[12:31]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Við hlýddum á mál hv. nýs og upprennandi þingmanns og hún féll í þá gryfju sem ég var að vonast til að hún gerði sem síðast, að vera að hvetja menn eða krefjast þess að menn tjái sig um mál. Það hefur ekki verið ræðuskylda á hv. Alþingi en menn fylgjast með umræðum, bæði á skrifstofum og í sal og það hefur ekki verið ræðuskylda.

Ég bendi á að það frumvarp sem við ræðum hér er stjórnarfrumvarp. Það er lagt fram af allri stjórninni. Það er samþykkt í stjórnarflokkunum og það ætti að nægja hv. þingmanni.

Hún ræddi líka um fæðingarorlofið. Það hefur alltaf verið mér mikið áhugaefni vegna þess að ég lít á það sem hvata til jafnréttis kynjanna. Það er ekki endilega hugsað vegna barnanna þó að það sé aukaafurð af því frumvarpi eða þeim lögum. Þegar það frumvarp var lagt fram á sínum

tíma og samþykkt þá fólst í því að gera karlmenn jafndýra atvinnulífinu og konur að þessu leyti. Það var meginmálið og mér finnst hv. þingmaður sjá þau lög þannig. Hins vegar er það rétt og ég hef margoft bent á varðandi stöðu barna, ef við lítum á heiminn frá sjónarhorni og með augum barnanna þá er tíminn frá um níu mánaða aldri og til þriggja ára aldurs dálítið undarlegur því mörg börn eru ekki tilbúin til að fara að heiman og út í heim á þeim aldri. Það er sá tími sem þau eru kannski mest önnum kafin við að mynda tengsl og kynnast veröldinni næst sér og ég vildi því gjarnan heyra sjónarmið hv. þingmanns hvað það varðar. En með foreldraorlofi, sveigjanlegum vinnumarkaði og ef foreldrarnir fengju bætur sem samsvari því sem það kostar að hafa börnin á barnaheimili þá væri hægt að leysa þetta mál algerlega.

[12:33]

Katrín Jakobsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var ekki að hvetja til ræðuskyldu hér en furðaði mig samt á því að aðeins einn þingmaður Sjálfstæðisflokksins sæi ástæðu til að tjá sig um málið. Ég þakka hv. þm. Pétri Blöndal kærlega fyrir að lýsa skoðun sinni og fagna þessari umræðu um fæðingarorlofið. Það sem ég velti fyrir mér og velti upp í ræðu minni var hvort ekki væri ástæða til að horfa til aukins sveigjanleika í kerfinu — þó að mér sé fullljóst um þau jafnréttissjónarmið sem lágu til grundvallar hugmyndinni um fæðingarorlofið — sérstaklega þegar kemur að einstæðum foreldrum, af því að þar vitum við að aðstæður eru erfiðar og þar höfum við auðvitað heyrt að fólk veltir vöngum yfir þessu tímabili frá sex mánaða aldri og svo t.d. ef lengja ætti fæðingarorlofið, hvort sú lenging mundi nýtast að einhverju leyti einstæðum foreldrum. Ég vil kalla eftir umræðu um þau mál.

[12:34]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hættan er sú ef við hverfum frá þessu og gerum þetta sveigjanlegra að þeir feður sem ekki eru í sambúð með barnsmæðrum sínum en börnin búa hjá móðurinni — yfirleitt er það þannig — muni ekki nýta sér fæðingarorlofið, sem margir gera í dag. Markmið laganna er að hvetja feðurna til að vera með börnum sínum, líka þó að þeir búi ekki með móðurinni. Svo er líka hætta á að það verði fleiri foreldrar sem skrái sig ekki í sambúð þótt þeir búi saman, sem kallað er bótasvik og því miður er allt of mikið af.

Ég held að það þurfi að fara mjög varlega í að auka sveigjanleikann í því að einstæðar mæður geti tekið níu mánuði í fæðingarorlof. Það vinnur gegn því markmiði laganna að gera karlmenn jafndýra og konur. Það hefur tekist með ágætum, ég held að um 80% feðra taki fæðingarorlof sem er alveg með eindæmum og á eftir að hafa mjög mikil áhrif til að auka tengsl feðra og barna og mjög mikil áhrif til að auka áhrif karlmanna inni á heimilunum sem hefur verið mikill skortur á.

[12:36]

Steinunn Valdís Óskarsdóttir (Sf):

Frú forseti. Með framlagningu þeirrar þingsályktunartillögu sem hér er til umræðu er svo sannarlega brotið í blað. Við erum að sjá fjögurra ára aðgerðaáætlun til að styrkja stöðu barna og ungmenna sem er mjög í anda þeirrar stefnu Samfylkingarinnar sem var kynnt nú á vordögum undir yfirskriftinni *Unga Ísland*. Ég vil nota þetta tækifæri hér til að óska nýkjörnum hæstv. félagsmálaráðherra til hamingju með þetta mál og þó svo málið snerti fleiri ráðuneyti þá finnst mér vel við hæfi að nýr hæstv. ráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, fylgi málinu úr hlaði, kannski ekki síst vegna þess að þessi sami hæstv. ráðherra er sú kona sem lengst allra hefur gegnt embætti félagsmálaráðherra á Íslandi. Og þessi sami hæstv. ráðherra á einhverja þá frægustu setningu seinni tíma í íslenskri pólitík um að hennar tími muni koma. Og ef marka má þá aðgerðaáætlun sem hér liggur fyrir er ljóst að hennar tími er svo sannarlega kominn.

Eftir aðeins fáeina daga þessarar ríkisstjórnar sjáum við þessa metnaðarfullu tillögu líta dagsins ljós, tillögu sem ég tel reyndar að eigi eftir að rata á spjöld sögunnar. Í fyrsta skipti er lögð fram á hinu háa Alþingi pólitísk stefnumótun og aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um barnapólitík.

Víða á Norðurlöndunum þar sem jafnaðarmannaflokkar hafa verið í ríkisstjórnum hefur verið praktíseruð viss barnapólitík og það erum við að sjá gerast á Íslandi núna. Ég fagna því sérstaklega að á milli Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks hafi tekist sögulegt samkomulag með myndun þessarar ríkisstjórnar um frjálslynda umbótastjórn og sú stjórn mun leggja áherslu á öfluga velferðarþjónustu því að hún er auðvitað hornsteinn þess að allir séu með og enginn sé skilinn útundan og þannig verði lögð áhersla á að auka jöfnuð í samfélaginu á þessu kjörtímabili. Ég er stolt af þessari tillögu og ég er stolt af þessari ríkisstjórn sem hefur þann kjark sem þarf til að leggja slíkt mál fram.

Hæstv. félagsmálaráðherra hefur í umræðum gert góða grein fyrir málinu en efnislega vil ég þó nefna örfá atriði. Fyrst er það fæðingarorlofið. Ég hygg að það sé þverpólitísk samstaða um lengingu fæðingarorlofs og hér er það kynnt að á kjörtímabilinu verði það 12 mánuðir þegar það er að fullu komið til framkvæmda.

Ég ætla líka að leyfa mér að nota þetta tækifæri til að hrósa fyrri ríkisstjórn fyrir það skref sem var tekið varðandi lengingu fæðingarorlofsins og ekki síður það skref sem var tekið til að tryggja rétt feðra til töku fæðingarorlofs vegna þess að það skiptir mjög miklu máli varðandi jafnréttismálin. Nú ætla ég ekki að fara í útfærslu hér og nú á því hvernig komandi frumvarp mun líta út en ég tek undir það sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði í ræðustól áðan, það þarf að skoða málið vel, ekki bara út frá réttindum barna heldur ekki síður út frá kynjajafnrétti, út frá því að feðrum sé tryggður jafn réttur til töku fæðingarorlofs. Það má kannski orða það þannig að feður verði jafnáhættusamir á vinnumarkaði og mæður. Ég vil líka nota þetta tækifæri til að fagna yfirlýsingum hæstv. félagsmálaráðherra í umræðum áðan um skoðun á réttindum einstæðra foreldra.

Ég vil líka nefna það atriði í þessari þingsályktunartillögu sem snýr að aðgerðum til að vernda börn og unglinga gegn kynferðisbrotum. Af því að í umræðunni í gær var sérstaklega rætt um kynbundið ofbeldi þá vil ég benda hv. þingmönnum á aðgerðakafla í þingsályktunartillögunni er tekur á aðgerðum er á að vernda börn og ungmenni gegn kynferðisbrotum og barnaklámi og hvernig hægt verði að

skapa lögreglu skilyrði og starfsaðstæður til aðgerða gegn þeim sem nota netið til að nálgast börn í annarlegum tilgangi. Ég hygg að umræðan í samfélaginu, kannski sérstaklega umfjöllun sumra fjölmiðla hafi einmitt vakið marga foreldra til umhugsunar um þessi mál og sett þau í ákveðið samhengi.

Þriðja efnisatriðið sem ég vil nefna snýr að innflytjendamálum og aðgerðum í þágu barna innflytjenda. Innflytjendamálin eru stór málaflokkur sem krefst æ meiri athygli og markvissra aðgerða sérstaklega varðandi móttöku barnanna. Það þarf auðvitað að tryggja öllum þeim sem hingað kjósa að flytjast og setjast að tækifæri til að gerast fullgildir þátttakendur í samfélaginu. Þarna kemur inn þáttur sveitarfélaga því leikskólar og grunnskólar eru á forræði sveitarfélaganna og í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir sérstöku samráði við Samband ísl. sveitarfélaga um útfærslu þessara mála og ég legg mikla áherslu á að til þeirrar vinnu verði vandað.

Í þessari stuttu ræðu hef ég aðeins getað nefnt þrjú atriði en það eru auðvitað ótal önnur sem marka spor í dag og ótal önnur atriði sem ég er viss um að fleiri eiga eftir að gera að umtalsefni í umræðunni á eftir.

Frú forseti. Ég vil að lokum nota þetta tækifæri til að óska okkur öllum hjartanlega til hamingju með þá metnaðarfullu þingsályktunartillögu sem endurspeglar þá velferðarpólitík sem ríkisstjórn Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks setur í öndvegi á þessu kjörtímabili.

[12:43]

Árni Páll Árnason (Sf):

Frú forseti. Við höfum verið svo gæfusöm í þessu landi að hafa á undanförnum árum og áratugum skapað umgjörð um samfélag sem hefur gert okkur kleift að skapa verðmæti og byggja upp almenna efnahagslega velsæld. Til þess að lönd standist samanburð í alþjóðlegri samkeppnishæfni dugir hins vegar ekki það eitt að hin efnalega umgjörð sé góð heldur þarf líka að tryggja velferð og aðbúnað fjölskyldna og barna. Fólk sem býr við óvissu um velferð fjölskyldu sinnar, andlega eða veraldlega afkomu hennar, er ekki öflugt á vinnumarkaði og það skapar ekki eins mikil verðmæti og ella væri mögulegt. Fólk sem býr við ótta um örlög sín þegar starfsævi lýkur nýtir að sama skapi ekki hæfileika sína eða tækifæri til fulls. Það er þess vegna sem áhersla okkar á aukna velferðaruppbyggingu í ríkisstjórnarsáttmála Samfylkingar og Sjálfstæðisflokks er svo mikilvæg. Uppbygging velferðarþjónustu er forsenda efnahagslegrar velferðar fyrir alla og hún er forsenda þess að allir fái nýtt tækifæri sín í samfélaginu, ekki bara sumir.

Sú efnahagslega velsæld sem við höfum notið á síðustu árum byggir á of veikum grunni. Aðbúnaður barnafjölskyldna er lélegur og það eru miklar byrðar lagðar á þær fjölskyldur. Ástandið er kannski gott á meðan allt gengur í haginn og fólk er sólarmegin í tilverunni en um leið og eitthvað bjátar á og erfiðleikar steðja að þrengist um aðstæður fólks. Það er þess vegna sem þessi aðgerðaáætlun sem hér er til umræðu er svo mikilvæg, vegna þess að hún veitir heildstæða sýn á það hvernig við ætlum að mæta fólki við slíkar aðstæður og hvernig við ætlum að búa í haginn þannig að allir fái notið tækifæra.

Ég vil sérstaklega hrósa hæstv. félagsmálaráðherra fyrir að hafa náð að koma saman þessari metnaðarfullu þingsályktunartillögu á ekki lengri tíma og þau vinnubrögð boða gott um áframhald starfa hennar í félagsmálaráðuneytinu.

Hv. 8. þm. Norðvest., Einar Oddur Kristjánsson, vék að því áðan að það kynni að skapa óraunhæfar væntingar í samfélaginu að setja þingsályktunartillögu sem þessa á dagskrá. Því er ég ekki sammála og það er mikilvægt að við höfum það í huga að það fer saman efnahagsleg uppbygging og uppbygging velferðarþjónustu. Þau lönd sem fremst standa í samkeppnishæfni á alþjóðavísu eru þau lönd sem besta velferðarkerfið hafa og best búa að öllum borgurum, ekki bara sumum. Að búa vel að börnum og ungmennum og tryggja tækifæri þeirra og tryggja að þau geti alltaf á öllum tímum nýtt hæfileika sína til fulls er því fjárfesting sem hefur engu minna gildi en aðrar fjárfestingar í stoðkerfi samfélagsins.

[12:47]

Katrín Júlíusdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Það er mér mikið ánægjuefni að koma hér upp af því tilefni að fá að ræða tillögu til þingsályktunar frá hæstv. félagsmálaráðherra um aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna á Íslandi. Eftir þessu hef ég og við þingmenn Samfylkingarinnar og við samfylkingarfólk beðið lengi. Ástæðan fyrir því að við höfum beðið lengi eftir þessu er sú að þessum málaflokki hefur ekki verið sinnt hingað til, börnunum og barnafjölskyldunum hefur ekki verið sinnt með svo markvissum hætti sem þessi þingsályktunartillaga ber með sér að gert verði. Því fagna ég þessu mjög.

Ég fagnaði því líka þegar í stjórnarsáttmála Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, nýrrar ríkisstjórnar, var kveðið jafnákveðið að orði hvað það varðaði að hér ætti að setja velferðarmál í forgang og þá ekki síst þau elstu og þau yngstu í samfélagi okkar. Þessu fagna ég mjög.

Virðulegi forseti. Það hefur verið þannig á Íslandi undanfarinn rúman áratug, og er í dag, mjög þungt að koma sér upp heimili. Það er mjög þungt að reka heimili með ungum börnum, húsnæðisverð hefur aldrei verið hærra, stuðningur við fólk sem er að kaupa sér húsnæði hefur verið skertur og það vitum við, vaxtabætur hafa verið skertar í tíð fráfarandi ríkisstjórnar. Barnabætur hafa sömuleiðis verið skertar verulega frá árinu 1995. Síðan vitum við að tannlæknakostnaður leggst alltaf æ þyngra á barnafjölskyldurnar. Það er orðið þungt og það er þungt að vera með börn í skóla. Á þessu er verið að taka hér.

Ég geri líka ráð fyrir því að sá niðurskurður sem verið hefur á vaxtabótunum hingað til verði stöðvaður og það verði tekið sérstaklega á í þeim málum þegar til þeirra kasta kemur þó að ekki sé kveðið á um það hér. Það er mjög stór hluti af því sem við þurfum að gera líka fyrir ungar barnafjölskyldur, þ.e. að skoða stuðninginn vegna húsnæðiskaupa.

Virðulegi forseti. Varðandi þessa tillögu til þingsályktunar vil ég eins og aðrir hér óska hæstv. ríkisstjórn og ekki síst félagsmálaráðherra til hamingju með að hafa núna tveim vikum eftir að ríkisstjórnin tók til starfa komið fram með þetta metnaðarfulla skjal. Það sýnir okkur líka hversu

vel undirbúnir þessir stjórnarflokkar komu til samstarfsins að við gátum verið tilbúin með þetta mikilvæga skjal á ekki lengri tíma en raun ber vitni.

Varðandi það sem felst í þessu frumvarpi er, eins og ég nefndi áðan, fjölmargt sem leggst á eitt við það að þyngja róður barnafjölskyldnanna í þessu landi. Því fagna ég sérstaklega að í II. kafla eru sérstaklega aðgerðir nefndar sem eiga að bæta afkomu barnafólks og barnafjölskyldna. Er þar tekin til hækkun barnabóta tekjulágra fjölskyldna, og tannvernd barna verður bætt með gjaldfrjálsu eftirliti, forvarnaaðgerðum og auknum niðurgreiðslum. Síðan er tekið hér á stöðu nemenda í framhaldsskólum, það er verið að styðja fjölskyldur sem eru með börn á framhaldsskólastigi inni á heimilinu með því að nemendur í framhaldsskólunum muni njóta stuðnings til kaupa á bókum og öðrum námsgögnum. Þetta er mjög mikilvægt og sýnir okkur að sú ríkisstjórn sem er tekin við stjórn landsins skilur aðstæður barnafjölskyldna og sýnir það í verki tveim vikum eftir að hún tók við lyklavöldum í ráðuneytunum. Þetta þykir mér mikilvægt, þetta gleður mig og þetta gleður okkur jafnaðarmenn vegna þess að hér er það sýnt í verki tveim vikum eftir að ríkisstjórnin tekur við að hún skilur þær aðstæður sem barnafólk og barnafjölskyldur búa við.

Hér er tekið á fjölmörgum þáttum. Það sem mér finnst líka mikilvægt í þessari þingsályktunartillögu er að eitt af því fyrsta sem gera á er að skipa samráðshóp milli fulltrúa hinna ýmsu ráðuneyta. Það er mikilvægt þannig að við séum ekki að ganga á ráðuneytisveggi eins og virðist hafa tíðkast hingað til. Það er sérstaklega mikilvægt þegar á að fara að vinna á biðlistum í heilbrigðiskerfinu sem varða börnin. Það er einmitt það sem á að gera og í ályktuninni segir að það eigi þegar í stað að grípa til sérstakra aðgerða til að vinna á biðlistum eftir þjónustu barna- og unglingageðdeildar Landspítalans og sömuleiðis að það eigi þegar í stað að grípa til sérstakra aðgerða til að vinna á biðlistum eftir þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Þetta er, virðulegi forseti, gríðarlega mikilvægt.

Aðeins að lokum, það er margt sem hægt er að segja þessari þingsályktunartillögu til hróss en þó vil ég taka hérna eitt sérstaklega út úr, fæðingarorlofið. Það er sérstakt ánægjuefni að í þessari þingsályktunartillögu sé það lagt skýrt fram að fæðingarorlof verði lengt í áföngum á kjörtímabilinu. Þetta tel ég gríðarlega mikilvægt en það er margt sem við þurfum að skoða samhliða þessari lengingu — og ég veit að hæstv. félagsmálaráðherra mun gera það — varðandi breytingar á fæðingarorlofslöggjöfinni. Vil ég nefna að mér hefur fundist að frá því að nýju fæðingarorlofslögin voru sett séu þau orðin of foreldramiðuð, þau miði of mikið við þarfir foreldranna en það er minni áhersla lögð á rétt barnsins. Til þessa þurfum við að taka tillit við endurskoðun þeirra laga og þar er kannski ekki síst horft til barna einstæðra foreldra. Þetta er nokkuð sem ég er sannfærð um að hæstv. félagsmálaráðherra mun skoða enda lagði hún á liðnu kjörtímabili ásamt þeirri sem hér stendur fram frumvarp þar sem tekið var á þeim málum. Ég er sannfærð um að það mun koma inn enda er það mikilvægt og ég tel að útgangspunktur fæðingarorlofslaganna eigi að vera réttur barnanna. Þangað vil ég sjá að við færum áherslurnar.

Virðulegi forseti. Enn og aftur lýsi ég því yfir að það er virkilegt gleðiefni að standa hér með þetta mál í höndunum sem ég er sannfærð um og veit að muni verða að veruleika, hvert eitt og einasta atriði í því. Við þurfum núna að leggjast í þá vinnu að skila þessum verkefnum vel frá okkur þannig að þetta verði sem farsælast fyrir alla, börnin, foreldra þeirra og samfélagið í heild.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:55]

Umræður utan dagskrár.

Íbúðalánasjóður.

[13:30]

Guðni Ágústsson (F):

Hæstv. forseti. Ég kalla hér í dag til umræðunnar hæstv. félagsmálaráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur. Umræðuefni dagsins er mikilvægt og ég kalla eftir skýrum svörum hæstv. ráðherra.

Það hefur komið í ljós og komið fram að stjórnarflokkarnir eiga enn ósamið um mörg málefni í skiptingu á verkefnum milli ráðuneytanna. Þeir ætla að nota sumarið til þeirra verka, hafa þeir sagt hér. Framtíð Íbúðalánasjóðs, sem gegnir veigamiklu félagslegu hlutverki gagnvart öryggi og rétti fólksins í landinu, er í óvissu. Sögusagnir eru uppi um að samkomulag forustumanna stjórnarflokkanna sé í þá veru að forræði sjóðsins færist frá félagsmálaráðuneyti yfir í fjármálaráðuneyti. Sé svo er ætlunarverk ríkisstjórnarinnar skýrt. Þá er sjóðurinn með manni og mús, veðrétti í eignum fólksins, trúlega að fara í sölumeðferð. Þá hafa bankakerfið og mjög sterk öfl í Sjálfstæðisflokknum sitt fram í nýju ríkisstjórnarsamstarfi.

Er Íbúðalánasjóður á förum frá hæstv. félagsmálaráðherra yfir í fjármálaráðuneytið? Ég spyr hæstv. ráðherra og geri kröfu um skýr svör.

Það hefur komið fram í átökum við þá aðila sem vilja ryðja Íbúðalánasjóði burt að þrátt fyrir það eru yfir 80% þjóðarinnar, 80% Íslendinga, þeirrar skoðunar að Íbúðalánasjóður eigi að starfa áfram og telja hann kjölfestu og öryggi sitt á markaðnum. Félag fasteignasala hefur lýst yfir stuðningi við það sama og telur Íbúðalánasjóð mjög mikilvægan eins og hann hefur verið byggður upp. Fólkið í landinu nýtur í dag bestu kjara á íbúðalánum sínum. Það að eiga húsnæði, þak yfir höfuðið á sér, er eitt grundvallaratriðið og eitt mesta velferðarmál hvers þjóðfélags.

Ég þekki auðvitað félagsleg viðhorf hæstv. félagsmálaráðherra og veit hvar skoðanir hennar eru í þessu máli. Hins vegar er þessi spurning: Um hvað samdi formaður Samfylkingarinnar við formann Sjálfstæðisflokksins sem ekki er enn þá ljóst gagnvart Íbúðalánasjóði?

Í Morgunblaðinu 27. maí sl. spyr blaðamaður Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, hæstv. utanríkisráðherra, þessarar spurningar orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Af hverju stendur til að færa Íbúðalánasjóð undir fjármálaráðuneytið?“

Hæstv. utanríkisráðherra svarar:

„Það er ekki orðið að veruleika, þó að það sé í umræðunni.“

Það er mikilvægt markaðarins vegna að hæstv. félagsmálaráðherra gefi hér í dag afdráttarlaus svör. Um hvað eru ríkisstjórnarflokkarnir að véla hvað Íbúðalánasjóð varðar? Er sjóðurinn á förum til fjármálaráðuneytisins? Samfylkingin talaði, að ég hygg, skýrt í kosningabaráttunni.

Í aðdraganda kosninganna á Stöð 2 var svarið þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Samfylkingin telur að það eigi að standa vörð um Íbúðalánasjóð til að tryggja samkeppni á íbúðalánamarkaði og jafnan aðgang landsmanna að íbúðalánum."

Skýr og afdráttarlaus svör fyrir kosningar. Hefur eitthvað breyst í bakherbergjum sem enn er ekki lýðum ljóst? Ég bið um skýrt svar hér frá hæstv. félagsmálaráðherra: Hver er staða þessara mála og hvar standa málefni Íbúðalánasjóðs? Er hann að fara í sölumeðferð? Er bankakerfið að ná sínu fram í gegnum annan stjórnmálaflokkinn sem stýrir ríkisstjórninni? Það er mikilvægt að hæstv. félagsmálaráðherra skýri hér frá þessu í dag: Hver er staða þessa mikilvæga sjóðs, Íbúðalánasjóðs fólksins í landinu?

[13:35]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Það kemur mér ekki á óvart að málefni Íbúðalánasjóðs skuli tekið hér upp utan dagskrár en það hefur oftar en ekki blásið í kringum húsnæðismálin í landinu, bæði fyrr og síðar.

Íbúðalánasjóður gegnir lykilhlutverki í húsnæðismálum landsmanna og í mínum huga er mikilvægt að staðinn verði vörður um þennan sjóð. Það hefur verið og verður lykilhlutverk hans að jafna aðstöðu landsmanna í húsnæðismálum og stuðla að því að allir landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum óháð búsetu og efnahag. Mikilvægt hlutverk sjóðsins er einnig að veita fólki aðstoð sem er í greiðsluerfiðleikum, og ekki síst er það hlutverk sjóðsins að stuðla að uppbyggingu félagslegra íbúða. Þessi lykilhlutverk Íbúðalánasjóðs vitum við að bankarnir munu ekki leysa út frá þeim jafnréttissjónarmiðum sem Íbúðalánasjóður byggir á og skoðun mín hefur ekkert breyst á því að Íbúðalánasjóður hefur gegnt veigamiklu hlutverki til að örva samkeppni með innkomu bankanna á húsnæðismarkaðinn árið 2004.

Hitt er svo annað mál að ég hef af því áhyggjur að á undaförnum árum hefur mjög dregið úr hinu félagslega hlutverki sjóðsins. Má segja að félagslegi hluti húsnæðiskerfisins hafi nánast verið lagður af á árinu 1997 þegar félagslega eignaríbúðakerfinu var lokað. Það hefur bitnað mjög á þeim sem minnst hafa og eru ofurseldir leigumarkaðnum. Á því verður að taka því að við getum ekki boðið fátæku fólki að leigja tveggja herbergja íbúð fyrir 70–90 þús. kr. eða borga 90–120 þús. kr. eða þaðan af meira fyrir þriggja herbergja íbúð. Það eru kannski 75% af launum þessa fólks sem fara í húsaleigu.

Þann stutta tíma sem ég hef nú verið ráðherra er beinlínis átakanlegt hve margir hafa komið í viðtöl til mín og eru hreinlega á barmi örvæntingar, á götunni og eiga hvergi höfði sínu að að halla. Engar lausnir eru til, bara langir biðlistar eftir leiguhúsnæði sem telja sennilega 1.700–1.800 manns. Þetta er óviðunandi staða og allir hljóta að hafa áhyggjur af henni. Það hlýtur að vera sameiginlegt verkefni ríkis, sveitarfélaga og verkalýðshreyfingarinnar að snúa þessari þróun við en það er skylda stjórnvalda á hverjum tíma að leita leiða til að lækka kostnað almennings, ekki síst tekjulágra fjölskyldna, við að eignast öruggt húsnæði.

Ég undrast mjög þær yfirlýsingar sem komið hafa frá Samtökum atvinnulífsins um Íbúðalánasjóð. Það er erfitt að finna því stað eins og forsvarsmenn þeirra halda fram að Íbúðalánasjóður hafi verið leiðandi í því að skapa hér verðbólguþrýsting sem við búum nú við eða að hann hafi orðið til að auka verðbólgu. Ég vara við svona stóryrðum eins og að tala um herfileg hagstjórnarmistök varðandi lánshlutfall og hámarksfjárhæðir sjóðsins eða að tala um þennan sjóð, sem skiptir máli fyrir fólkið, sem skaðvald á íbúðalánamarkaði.

Það er afar sérstætt að verðbólga eða þensla er sjaldan sett í samhengi við útlánaþenslu bankanna. Hlutdeild bankanna á íbúðalánamarkaði hefur þó verið nálægt 60% frá árinu 2005 en Íbúðalánasjóðs nálægt 33% og lífeyrissjóðanna 9%. Þessu til viðbótar jukust lán bankakerfisins til heimilanna í erlendri mynt um 25,9 milljarða í febrúar og mars sl. Á sama tíma veittu bankarnir auk þess íbúðalán í íslenskum krónum að fjárhæð 8 milljarða kr. eða samtals nærri 34 milljarða, en heildarútlán Íbúðalánasjóðs voru 9,3 milljarðar á sama tíma. Ef lánafyrirgreiðsla til heimilanna er helsti orsakavaldur verðbólgu og ógnar hér stöðugleikanum eins og forsvarsmenn atvinnulífsins halda fram væri þá ekki rétt að skoða heildarmyndina í lánveitingum til húsnæðismála en ekki hengja bara bakara fyrir smið?

Lánveitingar frá Íbúðalánasjóði eru iðulega ekki nema 55–60% af verði íbúða vegna viðmiðunar lána við brunabótamat. Það er fyrst og fremst fólk á landsbyggðinni sem hefur nýtt sér 90% lánshlutfall og nauðsynlegt er í því sambandi að halda til haga að þar gætir tregðu hjá bönkunum við að lána til ýmissa staða á landsbyggðinni. Ég hef enn ekki séð neina fylgni milli þess að lánshlutfall Íbúðalánasjóðs hafi hækkað í 90% og aukinnar verðbólgu. Húsnæðisþáttur vísitölunnar hefur t.d. minnkað frá því að lánshlutfallið var hækkað og hlutur húsnæðiskostnaðar í neysluvísitölunni lækkað úr 0,6% í janúar í 0,4% eftir að lánshlutfallið var hækkað í mars í 90%. Í apríl sl. var breytingin einungis 0,1% vegna breytinganna í aprílmánuði.

Eins og fyrirspyrjanda og öðrum hv. þingmönnum er fullkunngt um er hvorki fjallað um að breytingar verði gerðar á framtíðarhlutverki Íbúðalánasjóðs né stöðu hans í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Engin ákvörðun hefur verið tekin eða liggur fyrir milli stjórnarflokkanna um breytingar á sjóðnum. Það liggur heldur ekki fyrir neitt samkomulag um að stjórnarflokkarnir ræði ekki sín á milli um Íbúðalánasjóð eins og önnur viðfangsefni í stjórnsýslunni, þótt ekki væri nema vegna þess að við verðum að virða þær leikreglur og alþjóðaskuldbindingar sem við höfum undirgengist. ESA, Eftirlitsstofnun EFTA, hefur nú til umfjöllunar álitamál varðandi starfsemi Íbúðalánasjóðs og reglur EES-samningsins um ríkisábyrgð og er að vænta niðurstöðu í því máli síðar á þessu ári. Íslensk stjórnvöld þurfa að sjálfsögðu að taka tillit til þeirrar niðurstöðu og bregðast við á vandaðan hátt.

[13:41]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Frú forseti. Hæstv. ráðherra talaði hér fallega um Íbúðalánasjóð og félagslegt hlutverk hans. Það var erfitt að skilja ræðu hæstv. ráðherra öðruvísi en svo að ráðherra liti á Íbúðalánasjóð sem bráðnauðsynlegt og ómissandi tæki sitt í húsnæðismálum. Þeim mun furðulegra er það ef engu að síður hefur verið rætt um að færa sjóðinn yfir í fjármálaráðuneytið, færa hann til Sjálfstæðisflokksins, og við vitum hvaða hug a.m.k. ýmis öfl innan Sjálfstæðisflokksins og á bak við hann bera til Íbúðalánasjóðs. Það er einhver undarleg staða uppi í þessu máli. Ég var litlu nær af þeim hluta ræðu ráðherrans sem sneri að því hvað á að verða með Íbúðalánasjóð. Ég get tekið undir hvert orð sem fallega var sagt um sjóðinn og mikilvægi hans.

Vilja þá ekki hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra gera hér grein fyrir því um hvað stjórnarflokkarnir sömdu? Er Íbúðalánasjóður kominn á aftökulistann eins og Samtök atvinnulífsins eða Verslunarráðið eða hvað það nú heitir allt saman með Vilhjálm Egilsson í broddi fylkingar augljóslega vill, eins og ýmis öfl innan bankakerfisins vilja og jafnvel öfl í báðum stjórnarflokkunum? Það er algerlega nauðsynlegt að forustumenn ríkisstjórnarinnar geri heiðarlega grein fyrir því um hvað var samið í þessum efnum. Hver eru áformin?

[13:42]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Frú forseti. Það er einkennilegt hvað heimurinn hefur breyst, a.m.k. frá sjónarhóli hv. þm. Guðna Ágústssonar, formanns Framsóknarflokksins, frá 12. maí. Allt í einu er ég orðinn hættulegur maður og af því að það hefur komið til umræðu á milli formanna stjórnarflokkanna að forsvar færist á milli ráðuneyta er framtíð Íbúðalánasjóðs í óvissu.

Staðreyndin er sú að framtíð Íbúðalánasjóðs er búin að vera í óvissu í mörg ár, þótt ekki væri nema bara vegna þess kærumáls sem er í gangi hjá ESA sem íslensku bankarnir fóru með þangað og þeirra umsagna sem þaðan hafa komið. Þrír ágætir félagsmálaráðherrar Framsóknarflokksins hafa unnið með mér í þann tíma sem ég hef verið fjármálaráðherra við að útfæra breytingar á sjóðnum. Það hefur allt verið gert í hinu mesta bróðerni og á öllum þeim málefnalegu forsendum sem hægt er að hugsa sér í þeim efnum. Þeirri vinnu var einfaldlega ekki lokið þegar kom að kosningum.

Nú er þetta allt saman orðið stórhættulegt og ég alveg sérstaklega hættulegur þessum sjóði. Ég held að við þurfum aðeins að gæta að okkur í umræðu eins og þessari því að eins og kom fram hjá hæstv. félagsmálaráðherra er Íbúðalánasjóður afskaplega mikilvæg fjármálastofnun hjá íslensku þjóðinni. Við þurfum að gæta okkar í umræðunni og þegar við gerum breytingar þurfum við að gæta þess hvernig að þeim er staðið. Þá er það grundvallaratriði að við náum um það góðri samstöðu milli flokkanna hér á Alþingi og við þá aðila á markaði sem eru að vinna á svipuðum nótum og sérstaklega auðvitað að hagsmunir viðskiptavina sjóðsins séu tryggðir. Þá er það ekki aðalatriðið í hvaða ráðuneyti stofnunin sorterast heldur hvernig að verki er staðið en ég geri ráð (Forseti hringir.) fyrir því að áfram verði rætt um það á milli formannanna hvernig Íbúðalánasjóði ásamt öðrum stofnunum, frú forseti, verði ráðstafað á næstu mánuðum.

[13:45]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Hæstv. þingforseti. Það er ekki oft sem mér dettur í hug að fara að hæla framsóknarmönnum. Þó verð ég að viðurkenna að núna sé ég ástæðu til þess að hæla formanni Framsóknarflokksins, þessum nýkjörna eða nýskipaða, og ég vil meina að hann hafi staðið aðeins í ístaðinu, svo maður noti mál sem tengist honum, við að verja Íbúðalánasjóð gegn niðurlagningu. Það er nú einu sinni þannig að í hinum dreifðu byggðum landsins skiptir Íbúðalánasjóður miklu máli. Fólk sem býr fyrir austan Selfoss og ég tala nú ekki um fyrir austan og vestur á fjörðum býr ekki við sömu fyrirgreiðslu í bankakerfinu og fólk á Stór-Sandgerðissvæðinu eða réttara sagt höfuðborgarsvæðinu og nágrenni. Ég tel að Íbúðalánasjóður hafi með sínum lágu vöxtum stuðlað að því og ég vona svo innilega að við stöndum ekki frammi fyrir því að hann verði í fyrsta lagi færður undir fjármálaráðuneytið því að þá vitum við hvar hann endar og í öðru lagi verði hann ekki lagður niður eins og bankarnir vilja.

Bankarnir eru ekkert heilagir og vilji bankakerfisins er ekki upphaf og endir alls. Það er alveg hægt að skoða ýmislegt í samkeppnisstöðu bankanna og ég held að ríkisstjórn sem er hrædd við bankana eigi að skoða hug sinn betur.

[13:47]

Birkir J. Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Hér er hreyft við mjög mikilvægu máli sem er húsnæðismál. Húsnæðismál eru hluti af íslensku velferðarkerfi. Það að hafa þak yfir höfuðið er mannréttindamál og það hefur verið samstaða um það í þjóðfélaginu að hið opinbera komi að því að bjóða almenningi húsnæðislán á bestu kjörum hverju sinni. Og það er staðreynd að nær hvergi í víðri veröld eru fleiri sem eiga sitt eigið húsnæði en hér á landi. Opinbert húsnæðiskerfi hefur verið rekið í yfir 50 ár hér á landi, kerfi sem hefur sannað gildi sitt.

Íbúðalánasjóður tók til starfa árið 1999. Starfsemi sjóðsins hefur gengið með ágætum. Íbúðalánasjóður nýtur trausts landsmanna, 85–90% landsmanna vilja reka Íbúðalánasjóð áfram og stjórnvöld eiga að gæta að jafnræði byggðanna og íbúanna þegar kemur að grundvallarmálum líkt og húsnæðismálum.

Í dag er aðgengi allra jafnt að fjármagni Íbúðalánasjóðs, hvort sem viðkomandi býr á Þórshöfn eða í Reykjavík. Íbúðalánasjóður er mikilvægasta byggðastofnun landsins. Grundvelli hinna dreifðu byggða er ógnað ef frjálshyggjupostular innan Sjálfstæðisflokksins í samstarfi við íslenskt bankakerfi ætla sér að leggja þennan félagslega sjóð niður. Ég er hræddur um að verði Íbúðalánasjóður færður yfir til hæstv. fjármálaráðherra sé grundvelli Íbúðalánasjóðs ógnað. Það eru öfl innan Sjálfstæðisflokksins sem vilja einkavæða Íbúðalánasjóð og það þýðir ekki að þræta fyrir það. Verði það gert er stöðugleika í hinum dreifðu byggðum ógnað (Forseti hringir.) og þar munu þá sverðin hanga yfir hinum dreifðu byggðum.

[13:50]

Guðbjartur Hannesson (Sf):

Frú forseti. Það er gott að hv. 3. þm. Suðurk. Guðni Ágústsson hefur áhyggjur af Íbúðalánasjóði og mikilvægt að við fáum tækifæri til að skýra fyrir honum og öðrum að hann þurfi ekki að hafa þær áhyggjur vegna stjórnarsáttmálans. Það hefur verið samkomulag um að verja Íbúðalánasjóð, þó með þeim takmörkunum sem honum á öðrum betur að vera kunnugt um sem eru ákvæðin í sambandi við samkomulagið við EFTA og ESA.

Staðreyndin er sú að starf Íbúðalánasjóðs hefur verið mikið til umræðu á undanförnum árum. Ítrekað hafa bankarnir óskað eftir að taka við hlutverki sjóðsins, þ.e. allri umsýslu og afgreiðslu á lánum til íbúðabygginga, og um tíma var umræðan í fyrrverandi ríkisstjórn sú að gera Íbúðalánasjóð að heildsölubanka sem lánaði fé til almennu bankanna. Síðar kom hugmynd um sérvarin skuldabréf. Íslensku bankarnir leituðu til Eftirlitsstofnunar EFTA um lögmæti meintra ríkisstyrkja til Íbúðalánasjóðs. ESA úrskurðaði í ágúst 2004 að ríkisaðstoð við Íbúðalánasjóð væri í þjónustu almennings og samrýmdist því reglum EES en því miður tók EFTA-dómstóllinn þetta mál til umfjöllunar og felldi þann úrskurð síðan úr gildi í júní 2006. Þess vegna gætu ákveðin atriði þurft athugunar við og líklegt er að niðurstöðurnar sem nú verða kynntar í sumar eða haust muni með einhverjum hætti hafa áhrif á stöðu sjóðsins. Þess vegna er mjög mikilvægt að taka umræðuna og skoða málið vel.

Það sem mér finnst vera grundvallaratriði og skipta mestu máli í sambandi við umfjöllun um sjóðinn er að hann á að halda því mikilvæga hlutverki sem hann hefur sem öryggisnet til að tryggja félagslegan rétt. Ef einhverjar breytingar verða gerðar eru þær helstar að efla sjóðinn til að hann geti gegnt samkeppnishlutverki á bankamarkaði. Hann þarf að tryggja einmitt að menn hafi aðgang að lánsfjármagni út á landsbyggðina og ég treysti á það og veit að menn munu verja sjóðinn eins og hægt er.

[13:52]

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir (Vg):

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Guðna Ágústssyni fyrir að vekja máls á þessu mikilvæga máli og vil hæla honum fyrir það. Ég er ekki ein um að binda vonir við nýjan hæstv. félagsmálaráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur þótt mér hugnist afar illa hin ýmsu einkavæðingar- og frjálshyggjumál sem nýja ríkisstjórnin virðist ætla að beita sér fyrir. Það er með vissri eftirvæntingu sem maður bíður eftir að sjá verk hins nýja hæstv. félagsmálaráðherra.

Mér finnst undarlegt að fá ekki skýr svör við mjög einfaldri spurningu sem var lögð fram í upphafi: Hvað á að gera við Íbúðalánasjóð? Hvar er honum ætlaður staður? Ég trúi því ekki að óreyndu að hæstv. félagsmálaráðherra hugnist sú hugmynd að færa Íbúðalánasjóð til fjármálaráðuneytisins. Við viljum líta á félagsleg úrræði í húsnæðismálum sem nauðsynlegt akkeri fyrir fólk þessa lands. Hvers vegna á Íbúðalánasjóður þá heima í fjármálaráðuneytinu en ekki félagsmálaráðuneytinu? Þar á hann heima, sterkur, og hann verður að styrkja eins og hér hefur komið fram.

Við vitum það öll, frú forseti, að fjármagnsöfl þessa lands og bankarnir kunna að hugsa um sinn eigin hag og það gera þeir með stæl, svo sannarlega. En það eru ekki bara þeir sjálfir sem kunna að hugsa um hag sinn, það gera líka ýmsir aðrir fyrir þá og þótt bankarnir hafi horn í síðu Íbúðalánasjóðs ber okkur sem eigum að hugsa um almannahag skylda til að standa vörð um sterkan Íbúðalánasjóð, styrkja hlutverk hans í þágu fólksins í landinu. Ég trúi ekki öðru en að hæstv. félagsmálaráðherra muni berjast fyrir því að halda honum sterkum og styrkja hann innan ráðuneytis síns.

[13:54]

Ármann Kr. Ólafsson (S):

Frú forseti. Ég held að allir séu í grunninn sammála því að það er mjög mikilvægt að tryggja stöðugt framboð íbúðalána. Vissulega hefur Íbúðalánasjóður stóru hlutverki að gegna í því, en það hafa bankarnir líka. Þessir aðilar starfa að mörgu leyti, og mestu leyti, á sama markaði og þess vegna vilja allir að þeir starfi samkvæmt sömu grunnreglum. Það er akkúrat að þessu sem áhyggjur ESA snúa. Þær snúa að því að hér starfar Íbúðalánasjóður samkvæmt öðrum reglum en bankarnir á sama markaði. Á þessu verður að taka og einmitt Framsóknarflokkurinn byrjaði að taka á því í tíð síðustu ríkisstjórnar. Síðan geta menn sett sérstakan lagaramma um það sem snýr að hinum félagslegu eða pólitísku markmiðum varðandi íbúðakaup, markmiðum sem snúa að kaupum á fyrstu íbúð, að kaupum þeirra sem hafa litlar tekjur eða eiga litlar eignir svo að ég tali ekki um það að þegar fólk úti á landi kaupir íbúð er það rétt sem hér hefur komið fram að Íbúðalánasjóður hefur fyrst og fremst lánað til þeirra kaupa. Það breytir því þó ekki að við þurfum að endurskoða ýmsa þætti sem varða Íbúðalánasjóðinn. Hvar sjóðurinn er staðsettur sé ég ekki að skipti máli. Það hljóta að vera hin pólitísku markmið sem skipta máli og það er alveg skýrt að pólitísk markmið hafa komið fram í ræðum bæði hæstv. félagsmálaráðherra og hæstv. fjármálaráðherra.

Ég vil þá að lokum segja að ég hef engar áhyggjur af því (Forseti hringir.) að þessi pólitísku markmið nái ekki fram að ganga þó að Íbúðalánasjóður verði staðsettur í fjármálaráðuneytinu.

[13:57]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Ég tek undir þau sjónarmið að starfsemi og rekstur Íbúðalánasjóðs er heppilegt fyrirkomulag. Það er það besta fyrir íbúðakaupendur í landinu, það er það ódýrasta og veitir þeim lán á lægri vöxtum en bankakerfið hefur getað boðið upp á. Auk þess veitir það fyrirkomulag mönnum jafnan aðgang að lánum án tillits til búsetu en því miður starfa viðskiptabankarnir hér á landi með þeim hætti að þeir gera sér mun eftir landsvæðum, lána á sumum svæðum á hærri vöxtum en á bestu svæðunum og á öðrum svæðum lána þeir alls ekki. Við getum ekki búið við það að hafa íbúðalánakerfi sem er þannig að sums staðar á landinu eigi fólk ekki aðgang að venjulegum lánum. Þess vegna er þörf á þessum sjóði og til þess að veita bankakerfinu aðhald.

Það er hins vegar rétt hjá hv. málshefjanda að það er

óvissa um framtíð Íbúðalánasjóðs. Sú óvissa hófst í marsmánuði á síðasta ári þegar þáverandi forsætisráðherra, Halldór Ásgrímsson, boðaði breytingar á Íbúðalánasjóði og upplýsti að viðræður hefðu staðið yfir við fjármálastofnanir um breytingar á Íbúðalánasjóði, gera sjóðinn að heildsölubanka og færa lánastarfsemina til viðskiptabankanna. Það er þessi óvissa sem enn er uppi, virðulegi forseti, vegna þess að þáverandi flokkur sem fór með forustu í stjórninni beitti sér fyrir því að gera breytingar á sjóðnum, sami flokkur sem vildi halda áfram í þessari ríkisstjórn með þessa sömu óvissu, væntanlega til að leiða hann til lykta í þeim anda sem kynnt var í upphafi, virðulegi forseti. (**GÁ:** Hættu nú að skamma Framsóknarflokkinn ...)

[13:59]

Guðni Ágústsson (F):

Hæstv. forseti. Þessi umræða staðfestir það að hæstv. utanríkisráðherra Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefur látið plata sig. Hún hefur gengið inn á það að Íbúðalánasjóður fari yfir til fjármálaráðuneytisins og hér liggja fyrir átök um það mál á milli flokkanna.

Ég þakka hæstv. félagsmálaráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur fyrir hennar orð, hennar ummæli. Þau sýndu að enn er hæstv. félagsmálaráðherrann gamla góða Jóhanna. Ég treysti henni til þess að halda fast í feldinn og gefa sig hvergi í þeim átökum sem fram undan eru.

Hæstv. fjármálaráðherra Árni Mathiesen sem ég hef miklar mætur á kom hér upp viðkvæmur og sár af því að hann hélt að hann hefði bráð sína í hendi sér. Hann er í hlutverki úlfsins og var farinn að hlakka til að éta Rauðhettu litlu.

Nú segi ég við Samfylkinguna: Sýnið að þið séuð félagshyggjumenn. Snúið ofan af einræði hæstv. utanríkisráðherra, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, sem samdi um það við hæstv. forsætisráðherra Geir H. Haarde að fjarlægja þennan sjóð. Ég hef ekkert nema gott um hæstv. fjármálaráðherra að segja en ég get þó sagt ykkur frá því að þau 16 ár sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið í fjármálaráðuneytinu hefur ekkert félagslegt þrifist þar. Það er allt selt. Þess vegna bið ég hæstv. félagsmálaráðherra sem ég treysti vel í þessum efnum að halda fast í feldinn, gefa ekkert eftir. Við framsóknarmenn munum standa með hæstv. félagsmálaráðherra í þessum átökum. Við þekkjum þau úr eldhúsinu heima sem við vorum staddir í. Við tókumst á um þessi mál og vitum (Forseti hringir.) hvert atvinnulífið, bankakerfið og stór hluti sjálfstæðismanna vill fara með þennan sjóð. Við skulum standa vörð um (Forseti hringir.) Íbúðalánasjóð fólksins.

[14:01]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Það er mjög sérkennilegt að halda því fram að hér séu ekki gefin skýr svör við þeim spurningum sem koma fram. Ég ítreka það að engar ákvarðanir hafa verið teknar um breytingar á sjóðnum. Það er staðreynd sem liggur fyrir. (Gripið fram í.) Og það eru skrýtnar fullyrðingar hjá hv. þm. Guðna Ágústssyni þegar hann segir að búið sé að semja um að færa sjóðinn á milli ráðuneyta. Þetta stenst ekki staðreyndir. Það er alveg ljóst að áður hefur verið fjallað um það álitamál sem ég nefndi, þ.e. þær deilur sem við eigum við ESA um ríkisábyrgðina. Það var fjallað um það í síðustu ríkisstjórn eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson rifjaði upp og hver afstaða fyrrverandi formanns Framsóknarflokksins var til þess máls. Það liggur fyrir álit stýrihóps frá því í haust þar sem var ákveðið og talað um það að sjóðnum yrði gert kleift að fjármagna sig með fjölbreyttari hætti en nú er. Var í því sambandi nefnd útgáfa sérstakra skuldabréfa sem vænlegur kostur. Það er auðvitað ástæða til að skoða það að auka sveigjanleika sjóðsins að þessu leyti, eins og Framsóknarflokkurinn í fyrri ríkisstjórn talaði um. Það getur vel verið að við verðum bara knúin til að gera það ef niðurstaða ESA verður á þann veg varðandi ríkisábyrgðina.

Það er alveg ljóst að Íbúðalánasjóður hefur gegnt veigamiklu hlutverki í samkeppni við bankana og ég tel að hann hafi m.a. haldið niðri vöxtum hjá bönkunum. Þeir hafa farið offari að undanförnu í lánveitingum, lánuðu 34 milljarða í febrúar og mars með þessum erlendu lánum til einstaklinga á sama tíma og Íbúðalánasjóður lánaði 8 milljarða. Því ber að halda til haga þegar þetta mál er skoðað. Ég fullvissa hv. þm. Birki J. Jónsson um að (Forseti hringir.) Íbúðalánasjóður verður ekki einkavæddur meðan ég stjórna félagsmálaráðuneytinu.

[14:04]

Útbýting:

Þátttaka Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu, 2. mál, nál. minni hluta utanrmn., þskj. 21.

Aðgerðaáætlun til að styrkja stöðu barna og ungmenna, frh. fyrri umr.

Stjtill., 12. mál. — Þskj. 16.

[14:05]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf):

Virðulegi forseti. Það var frækilegt verk hjá hæstv. félagsmálaráðherra að ná saman þessari tillögu til þingsályktunar til að styrkja stöðu barna og ungmenna hér á landi strax í upphafi þessa kjörtímabils þegar einungis eru liðnar tvær vikur frá myndun nýrrar ríkisstjórnar. Þessi aðgerðaáætlun kemur inn á mörg svið og málaflokka margra ráðuneyta þannig að það var ekki einfalt mál að koma svo yfirgripsmikilli og vandaðri áætlun fram sem raunin varð þegar þessi áætlun leit dagsins ljós. Hafði ég talsverðar væntingar til málsins og var viss um að bitastæð aðgerðaáætlun í málefnum barna og ungmenna kæmi frá hæstv. félagsmálaráðherra. Raunin varð nákvæmlega sú nema hvað áætlunin er framar björtustu vonum held ég að óhætt sé að fullyrða þegar farið er yfir efni þessarar áætlunar.

Það er óhætt að binda miklar vonir við störf þessa samráðshóps, fulltrúa þessara mörgu ráðuneyta sem lagt er til að verði skipaður til að stuðla að samræmingu og eftirfylgni aðgerðanna. Það skiptir náttúrlega öllu máli, frú forseti, að fylgja aðgerðaáætluninni fast eftir þannig að þau brýnu mál sem snerta öll börn og ungmenni á Íslandi nái fram að ganga. Á þeim fáu mínútum sem ég hef í minni

fyrri ræðu í þessu brýna máli ætla ég rétt að nefna örfá þeirra sem ég tel skipta mjög miklu máli að nái mjög hratt fram að ganga til að bæta aðstæður og aðbúnað barna á Íslandi. Það má sérstaklega byrja á því að nefna hækkun barnabótanna. Þær skipta tekjulágar fjölskyldur á Íslandi verulega miklu máli. Við vitum það og höfum rætt oft í þinginu og víðar í samfélaginu á undanförnum missirum að stéttaskipting hefur aukist á Íslandi. Það er miklu meira bil en nokkurn tíma áður á milli þeirra sem hafa mestar tekjurnar og svo aftur þeirra sem hafa lægstar tekjurnar. Hvar kemur stéttaskiptingin skýrast fram? Nákvæmlega, hjá börnunum. Þar er aðbúnaðarmunurinn hvað mest áberandi, þ.e. hjá börnunum strax í leikskóla og grunnskóla.

Eitt af þeim stefnumiðum sem við eigum að reyna að ná fram á næstu árum í samstarfi við sveitarfélögin í landinu með því að efla tekjustofna þeirra er að koma á gjaldfrjálsum leikskóla. Það er gífurlega brýnt mál til að jafna aðstöðu allra barna og fjölskyldna þeirra til þess að börnin fái notið skólagöngu alveg frá fyrstu árum óháð efnahag foreldra. Gjaldfrjáls leikskóli og leikskóli fyrir öll börn frá eins árs aldri skiptir gífurlega miklu máli.

Það er oft talað um að stéttaskiptinguna í samfélaginu megi lesa utan á börnum, klæðaburði, holdafari, tannheilsu o.s.frv. Á þessu þarf að vinna bug og þess vegna er talað hérna sérstaklega um að tryggja forvarnaaðgerðir með niðurgreiðslum á tannviðgerðum barna og þá er sérstaklega mikilvægt að tryggja gjaldfrjálsan skóla alveg frá leikskóla, upp í gegnum grunnskólann og inn í framhaldsskólann. Þá er ég sérstaklega að tala um námsefni og mat barna í grunnskólum, að öll íslensk börn hafi aðgang að heitum mat í skólanum sínum skiptir verulega miklu máli til að bæta aðstæður allra barna burt séð frá efnahag foreldra. Það er gjaldfrjáls skóli þar sem þetta er tryggt.

Eitt af því sem ég var hvað ánægðastur með að náði inn í þessa áætlun var, eins og segir í 3. lið II. kafla: „Nemendur í framhaldsskólum skulu njóta stuðnings til kaupa á bókum og öðrum námsgögnum." Samfylkingin lagði það fram sem eitt af sínum stefnumiðum fyrir kosningar að námsefni í framhaldsskólum yrði niðurgreitt að verulegu leyti eða gjaldfrjálst með tímanum. Það skiptir mjög miklu máli til að hvetja íslensk ungmenni til að stunda framhaldsskólanám og helst að ljúka því. Við eigum heimsmet í brottfalli úr framhaldsskólum. Það er eitt af alvarlegu vandamálunum í skólakerfi okkar, brottfallið úr framhaldsskólunum, og fyrir því eru margar ástæður. Við getum unnið mjög að því að brottfallið minnki mjög verulega og verði það sem við þekkjum t.d. frá Svíþjóð þar sem 95% ungmenna ljúka framhaldsskólanámi sem væri hið eðlilega. Það ætti að vera normið að ungmennin ljúki framhaldsskólanum. Það ætti að vera jafnmikið norm og að þau ljúki grunnskólanámi. Þetta er eitt af þessu sem við þurfum að gera, niðurgreiða námsefnið og koma í veg fyrir að börn sem finna sig ekki í framhaldsskólanum falli brott áður en þau ljúka formlegu námi.

Það þarf að sjálfsögðu að gera margt annað að auki. Það þarf að skoða aftur skörun á milli skólastiga. Í fréttunum í gær var viðtal við skólastjóra Fjölbrautaskólans í Garðabæ þar sem skólunum var álasað fyrir að velja börnin inn eftir einkunnum og fullyrt að þau sem væru með lægstu einkunnirnar ættu torveldast með að fá aðgang að nokkrum skóla. Þetta byggir upp brottfallsnemendur strax í upphafi. Við þurfum að skoða þetta allt saman og bæta aðstæður barna og ungmenna til að stunda nám almennt. Það skiptir mestu máli að öll íslensk börn og ungmenni fari með farsæld og nokkurri ánægju í gegnum skólakerfið allt, njóti þess að vera í skólanum, njóti þess að læra og finni þar nám við hæfi. Þess vegna eigum við að leggja miklu meiri áherslu á listgreinar, verkgreinar, verklega þætti, hverfa frá þessari þröngu bóknámsviðmiðun við 2–3 greinar. Við eigum að leggja af samræmd lokapróf í grunnskólum og gera mjög róttækar breytingar á menntakerfinu þannig að börnin eigi sem greiðasta og ánægjulegasta leið í gegnum menntakerfið allt, alveg frá gjaldfrjálsum leikskóla og upp í gegnum framhaldsskólann þar sem þau velja sér síðan sína leið, hvort sem er í verkmenntaskóla, frekari tæknimenntun, háskóla eða annað. Þetta skiptir gífurlegu máli.

Annað sem ég vildi nefna er að hér eru aðgerðir í þágu barna og ungmenna með geðraskanir og þroskafrávik og í þágu langveikra barna. Það er mjög mikilvægur og brýnn kafli. Um árabil hafa biðlistarnir á BUGL verið ein af dapurlegri hliðum á íslensku samfélagi og íslenskri velferðarþjónustu. Biðlistana á BUGL má skýra með margvíslegum hætti. Það er sjálfsagt engin ein skýring á því og þær skipta nú í sjálfu sér ekki máli. Það skiptir mestu máli að vinna á þessum biðlistum og tryggja að öll börn með geðraskanir fái greiningu strax og meðferð við veikindum sínum, alveg eins og barn sem handleggsbrotnar, barn sem botnlanginn springur í eða barn sem veikist á annan hátt líkamlega. Börn með andlega og geðræna kvilla verða að fá strax greiningu og meðhöndlun á veikindum sínum sem eru ekki á neinn hátt í sjálfu sér frábrugðin öðrum eða líkamlegri veikindum sem okkur mundi aldrei detta í hug að fresta í marga mánuði að meðhöndla og lækna. Þetta eru börnin sem verða út undan í samfélaginu og þetta eru börnin sem okkur ber að gæta sérstaklega að og rétta hjálparhönd til að koma þeim til fullrar heilsu og þátttöku í lífinu, fullrar þátttöku í skóla. Þetta eru börnin sem eru langlíklegust til að falla brott og hætta löngu áður en skólagöngu þeirra lýkur eða þau hafa lokið við að þroska hæfileika sína og mennta sig. Þessi þingsályktunartillaga til að styrkja stöðu barna og ungmenna á Íslandi er sérstakt fagnaðarefni.

[14:13]

Birkir J. Jónsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að hæstv. viðskiptaráðherra skuli kveðja sér hljóðs í þessari umræðu. Í raun og veru er það mikið áhyggjuefni að við sjáum ekki fleiri ráðherra en raun ber vitni þar sem þessi þingsályktunartillaga snertir fjölmörg ráðuneyti og ef viðkomandi ráðherrar mundu bera einhverja virðingu fyrir því efni sem hér er rætt um ættu þeir að sjálfsögðu að vera í þingsal og taka þátt í þeirri efnislegu umfjöllun sem hér fer fram.

Af því að hæstv. ráðherra varð mikið tíðrætt um menntamál sem hann hefur verið mikill áhugamaður um í gegnum tíðina er það merkilegt að í þessari áætlun sem telur hátt í 40 liði, 40 aðgerðir, er ekkert minnst á það að jafna eigi námskostnað framhaldsskólanema sem búa á landsbyggðinni og trúlega í kjördæmi hæstv. ráðherra. Ég veit

ekki betur en að flestallir frambjóðendur, hvar í flokki sem þeir stóðu, hafi haft uppi stór orð um hvað það væri mikilvægt að koma til móts við framhaldsskólanemendur og hækka þennan jöfnunarstyrk. Nú bregður hins vegar svo við að það er ekki stafkrókur um það í þessari þingsályktunartillögu þannig að ég held að margt sé óunnið í þessum málum og ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki þörf á því að í þeirri vinnu sem er fram undan í þinginu komum við í það minnsta til móts við framhaldsskólanemendur og hækkum jöfnunarstyrkinn hvað þetta varðar. Það er mjög brýnt mál og orð skulu standa hvað þetta varðar.

[14:15]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf) *(andsvar)*:

Ég þakka hv. þingmanni fyrir þetta prýðilega andsvar. Það var málefnalegt og átti fullan rétt á sér af því að þetta er eitt af því sem við þurfum að gera. Þetta er eitt af því sem við, mjög margir landsbyggðarþingmenn, örugglega allra flokkanna, fjölluðum um í einhverri mynd í kosningabaráttunni á nýliðnu vori, þetta er eitt af því sem skiptir fólkið úti á landi miklu máli. Til að jafna og efla aðgang ungmenna af landsbyggð að námi þarf að jafna námskostnaðinn verulega og hækka jöfnunarstyrkinn. Þetta er eitt af því sem við ætlum að gera á kjörtímabilinu og mun koma til framkvæmda. Hvort það hefði átt heima akkúrat hér í þessari ályktun má nefnilega vel vera. Þetta er fyrri umræða um þessa ályktun, nú fer hún inn í nefnd og fer sína leið í þinginu þannig að við munum bara skoða það hvort við tökum það inn í þessa áætlun eða ekki. En við stefnum að því að jafna námskostnað nemenda með því að hækka jöfnunarstyrkinn á þessu kjörtímabili. Hvort sem það verður núna strax eða síðar á kjörtímabilinu stefnum við að því.

Það segir hérna í 3. lið II. kafla, eins og ég nefndi áðan, með leyfi forseta:

„Nemendur í framhaldsskólum skulu njóta stuðnings til kaupa á bókum og öðrum námsgögnum."

Það er liður til að bæta námsaðstöðu allra framhaldsskólanemenda, allra íslenskra ungmenna til framhaldsskólamenntunar. Það er svo sérstakt mál að skoða hitt sem hv. þingmaður nefndi, að hækka jöfnunarstyrkinn fyrir þá sem eru úti á landi. Ég tel að svo eigi að gera og ég er sannfærður um að það muni koma til framkvæmda á þessu kjörtímabili.

[14:17]

Birkir J. Jónsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og segi enn og aftur að hann er maður að meiri að taka þátt í þessari umræðu þar sem þingsályktunartillagan heyrir ekki einu sinni undir viðskiptaráðuneytið. Ég vek athygli á því að hér vantar fjölmarga ráðherra sem eiga að hrinda þessari þingsályktunartillögu í framkvæmd og það væri æskilegt að viðkomandi ráðherrar væru við þessa umræðu.

Að öðru. Ég nefndi í fyrri ræðu minni að mér finnst núverandi ríkisstjórn fara vasklega af stað í miklum útgjöldum og fyrirheitum um þau, í fyrsta lagi gagnvart lífeyristryggingum og núna gagnvart þeirri þingsályktunartillögu sem hér er um að ræða. Nú er staðan þannig að það er mikil undirliggjandi verðbólga í samfélaginu og óróleiki í íslensku efnahagslífi sem við þurfum að koma böndum á. Ég hef sagt að við þurfum að fá svör við því hvað þessi þingmál sem ríkisstjórnin leggur hér fram muni kosta og í hvaða áföngum ákvarðanir verða teknar. Hér er verið að tala um mjög umfangsmikil og mikilvæg mál, sem ég styð, en það skiptir máli og hlýtur að skipta máli fyrir markaðinn að vita hvort það eigi að setja fimm, sex, sjö milljarða strax á þessu ári í þessa málaflokka eða hvort það eigi að gera það eftir tvö ár eða þrjú ár. Það eru mikilvæg skilaboð sem markaðurinn þarf að fá og ég spyr hæstv. viðskiptaráðherra hvort hann deili því ekki með mér að við hefðum þurft að fá upplýsingar um það í hvaða röð eigi að uppfylla þau fyrirheit sem hér er kveðið á um, hversu mikla fjármuni eigi að setja í þessa áætlun á fjáraukalögum í ár, á fjárlögum næsta árs, eftir þrjú ár o.s.frv. Þetta er það sem markaðurinn þarf á að halda, það þarf að ríkja fullkomið traust á milli markaðarins og þeirrar ríkisstjórnar sem hér situr. Þess vegna verðum við (Forseti hringir.) að fá upplýsingar um það í hvaða röð hlutirnir verða gerðir hér.

[14:19]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Eitt get ég upplýst hv. þingmann um, þetta kostar a.m.k. miklu minna en kosningaloforð Framsóknarflokksins frá nýliðnu vori hefðu átt að kosta. (Gripið fram í.)

Það sem skiptir mestu máli er að þetta er áfangaskipt áætlun sem verður kostnaðarmetin eftir því sem málinu vindur fram. Þetta eru brýnustu samfélagslegu verkefnin sem þarf að ráðast í, þau þola enga bið. Þetta eru þau mál sem skipta langmestu máli, þetta eru meginmálin í íslensku velferðarsamfélagi og þau þurfa að koma til framkvæmda, nánast burt séð frá því hvað öðru líður af því að þetta eru mál sem þola ekki bið.

Auðvitað þarf að framkvæma áætlunina í samræmi við ástandið í þjóðfélaginu almennt. Þetta snýst allt um forgangsröðun pólitískra verkefna, þetta snýst um það að koma þeim góðu hlutum fram sem pólitískur vilji og metnaður ríkisstjórnarinnar stendur til að gera. Þess vegna þurfum við bara að forgangsraða til þess að málið og áætlunin nái fram að ganga. Hún verður að sjálfsögðu kostnaðargreind og framkvæmd í áföngum og það mun allt verða gert samhliða, það er engin spurning, og það skiptir í sjálfu sér ekki öllu máli hvort það er búið að því fyrir fram upp á krónur og aura. Þetta er pólitísk stefnulýsing þessarar ríkisstjórnar um brýnustu úrbæturnar í málefnum barna og ungmenna, mál sem þola enga bið og verða að koma til framkvæmda og kalla að sjálfsögðu á pólitíska forgangsröðun á öðrum sviðum samfélagsins samhliða, en að sjálfsögðu verður þetta allt kostnaðargreint þegar það fer í áfangaskipta framkvæmd.

[14:21]

Árni Johnsen (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. viðskiptaráðherra vék að einum þætti í þessu máli sem fjallað er um, sem líklega er eitt stærsta vandamál skólakerfisins í dag, brottfalli úr fram-

haldsskólum. Það er gífurlegt áhyggjuefni að brottfall úr framhaldsskólum á Íslandi skuli vera á bilinu 25–40%. Það þarf að grípa til mjög róttækra aðgerða til að stemma stigu við þessari þróun og það þarf að grípa til aðgerða sem kosta ugglaust stofnsetningu ákveðins verkefnissviðs í menntamálaráðuneytinu. Það er nauðsynlegt að fylgjast mjög vel með þessu brottfalli, það þarf að fylgjast vel með þeim möguleika að hvetja nemendurna til að koma aftur.

Þeir fara af ýmsum ástæðum, það er atvinna sem kallar, fjárhagsaðstæður, pínulítið áhugaleysi og ýmislegt annað sem spilar inn í. Það er engin hemja að þessi þróun gangi þannig fyrir sig, til að mynda í einu kjördæmi landsins þar sem 80% vinnandi afls hafa ekki nema grunnskólamenntun. Þetta eru stóru verkefnin sem blasa við að mínu mati í þessum efnum og ættu kannski að vera hryggbitinn í þeirri tillögu sem hér er fjallað um.

[14:22]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir þetta innslag. Ég er honum mjög sammála og ég las með athygli þær greinar sem hv. þingmaður skrifaði í Morgunblaðið í nýafstaðinni kosningabaráttu og fjallaði töluvert um þetta mál í aðdraganda kosninganna í vor og ég deili þessum áhuga mjög með honum.

Við þurfum held ég að grípa til mjög margvíslegra aðgerða til að vinna gegn brottfallinu og trúi ég að mér reyndari skólamenn hér í salnum geti staðfest það. Við þurfum að skoða allt skólakerfið í heild sinni. Ég held að áherslan á bóknámið í efstu bekkjum grunnskólanna og samræmdu lokaprófin skipti þarna máli, ég held að það þurfi að efla listnámið, starfsnámið, bæta verulega námsráðgjöf í grunnskólum og framhaldsskólum og breyta öllu þessu umhverfi verulega til að ná utan um þetta mál og vinna gegn brottfallinu, gera skólann allan frá leikskóla og upp í gegnum framhaldsskólann miklu einstaklingsmiðaðri ef svo má segja, hvaða skilningur sem er lagður í það orð í hvert sinn, að námið henti hverjum einstaklingi miklu betur en það hefur gert og sé sniðið meira að þörfum hans með því að minnka vægi bóknámsins. Þessar fáu bóknámsgreinar sem allt miðast við að kenna henta að sjálfsögðu ekki nema hluta barnanna og alls ekki öðrum. Við eigum að gera námið miklu fjölbreytilegra og vinna að því með öllum tiltækum ráðum að koma böndum á brottfallið og ná því niður þannig að 90–95% af hverjum einasta árgangi ljúki námi úr framhaldsskóla. Hv. þingmaður spurði hérna áðan hvort þetta ætti ekki að vera hryggstykkið í slíkri aðgerðaáætlun, og svar mitt við því er: Jú, það ætti að vera einn af meginþáttunum í slíkri áætlun og við hljótum að taka það til sérstakrar skoðunar að koma því að í slíkri áætlun að vinna sérstaklega gegn brottfallinu. Auðvitað eru sérstakar aðgerðir í gangi annars staðar í því máli.

[14:25]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Það hefur vakið athygli mína eins og fleiri hér í umræðunni að ráðherrar Sjálfstæðisflokksins hafa lítið sést í þingsalnum og hafa varla stigið fæti inn fyrir græna þröskuldinn. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa lítið blandað sér í umræðuna í þessu mikilsverða máli fyrir utan hv. þm. Einar Odd Kristjánsson sem sá ástæðu til að lýsa yfir andstöðu við málið og gera grein fyrir sjónarmiðum sínum í þeim efnum. Hann spurði hvers vegna væri verið að flytja þetta mál og það má auðvitað spyrja að því líka eins og hann. Þetta eru fyrst og fremst stefnuyfirlýsingar sem Alþingi mundi, ef samþykkt verður, gera að sínum en væru ekki skuldbindandi og þeim fylgja ekki fjárframlög.

Ástæðan er hins vegar augljós og við hljótum að átta okkur á henni í þessari umræðu, það er verið að flytja þetta mál til að koma böndum á Sjálfstæðisflokkinn. Samfylkingin er að reyna að festa í stjórnarsamstarfinu þetta ákveði sem flokkurinn leggur greinilega mikla áherslu á að nái fram að ganga og treystir Sjálfstæðisflokknum ekki nógu vel í málinu eða að hann er það tregur í taumi við að hrinda þessum áformum í framkvæmd að það hefur reynst nauðsynlegt til þess að tryggja efndir í málinu að flytja þingsályktunartillögu og gera málið að samþykkt Alþingis til að binda Sjálfstæðisflokkinn niður. Það er verið að hæla niður tjaldhæla Sjálfstæðisflokksins svo að hann hlaupist ekki frá þessum yfirlýsingum. Það er hinn pólitíski veruleiki sem skín út úr þessari umræðu, virðulegi forseti, og blasir við hverjum þeim sem vill sjá að Sjálfstæðisflokkurinn er greinilega mjög tregur í þessu máli.

Ég hygg að upphaf þessarar tillögu um aðgerðaáætlun megi rekja til áherslna núverandi félagsmálaráðherra sem hún lagði fram sem þingmaður í stjórnarandstöðu. Hún birti m.a. í Morgunblaðinu grein síðasta aðfangadag undir heitinu *Jól í skugga fátæktar* þar sem þingmaðurinn þáverandi, og núverandi hæstv. félagsmálaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir, rakti þann veruleika sem hún telur að blasi við, að það séu jól í skugga fátæktar hjá um 5 þús. börnum í um 3 þús. fjölskyldum í landinu, þ.e. milli 10 og 12 þús. manns sem eigi ekki fyrir brýnustu lífsnauðsynjum. Ég tel að með þessari þingsályktunartillögu sé ráðherrann í raun og veru að fylgja eftir þeirri sýn sem þingmaðurinn setti fram á síðasta þingvetri og tillögunni sé ætlað að bæta úr að þessu leytinu til, að taka á þeirri fátækt sem talin er vera í landinu og er óumdeilanlega miklum mun meiri en menn höfðu kannski áttað sig á. Vissulega held ég að allir þingmenn séu á þeirri skoðun að það sé rétt að bregðast við til þess að bæta úr. Þess vegna vekur það athygli mína hvað Sjálfstæðisflokkurinn er tregur í þessu máli og af því að ég held að þingmenn Sjálfstæðisflokksins vilji eins og aðrir bæta úr fátækt í landinu, sérstaklega fátækt sem lýtur að börnum, væri mjög fróðlegt ef það kæmi fram í þessari umræðu hvaða úrræði Sjálfstæðisflokkurinn hefur í þessu máli önnur en þau sem er að finna í þessari þingsályktunartillögu. Það hlýtur að vera munur á skoðunum flokkanna í þessum efnum og það væri mjög fróðlegt að fá fram sjónarmið sjálfstæðismanna um hvaða aðgerða þeir vilja grípa til til þess að bæta úr þeirri fátækt sem fjölskyldur um 5 þús. barna eiga í samkvæmt skýrslu sem lögð var hér fram á síðasta þingvetri, frá hæstv. forsætisráðherra að ég held.

Í þessari grein núverandi félagsmálaráðherra nefnir ráðherrann nokkur atriði sem eiga að vera aðgerðir, í fyrsta lagi að hækka skattleysismörk. Núverandi félagsmálaráðherra telur í greininni að skattleysismörk ættu að vera um

40–50 þús. kr. hærri á mánuði en þau voru í desember ef þau hefðu haldið í við vísitölu. Ég finn ekkert um þetta atriði í þessari aðgerðaáætlun til fjögurra ára. Ég spyr hæstv. félagsmálaráðherra: Er það vegna þess að ekki náðist samkomulag milli stjórnarflokkanna um að hækka skattleysismörkin?

Í öðru lagi nefnir ráðherrann sem aðgerð í grein sinni í desember hækkun barnabóta og hana er vissulega að finna í þessari þingsályktunartillögu. Þar er gert ráð fyrir því með almennum hætti sem stefnu að hækka barnabætur tekjulágra fjölskyldna. Það hefur komið fram í máli hæstv. félagsmálaráðherra að barnabætur hafi lækkað um 10 milljarða á undanförnum árum og ég hlýt að spyrja: Er það markmið í þessari þingsályktunartillögu að skila þessari skerðingu til baka, virðulegi forseti? Er það hinn pólitíski veruleiki, hið pólitíska markmið núverandi ríkisstjórnar, að á þessum fjórum árum eigi að skila til baka þeim 10 milljörðum sem barnabætur hafa verið skertar um á undanförnum áratug miðað við tilteknar forsendur sem komu fram í frumvarpi sem hv. þm. Jóhanna Sigurðardóttir, núverandi hæstv. félagsmálaráðherra, flutti á Alþingi í janúar á þessu ári?

Ég spyr líka um barnabæturnar vegna þess að í athugasemdum segir að meiningin sé að hækka tekjutengdan hluta barnabóta en dæmið sem ráðherrann nefndi í ræðu sinni laut að því að hækka tekjurnar sem viðkomandi foreldri má afla sér án þess að skerða barnabætur. Á þessu er munur og ég spyr hvort eigi að gera, halda barnabótunum föstum og heimila foreldrum að afla meiri tekna án þess að skerðingar hefjist eða að halda skerðingarmörkum óbreyttum og hækka barnabæturnar.

Þá nefndi ráðherrann í greininni sem ég hef gert hér að umtalsefni að húsnæðiskostnaður hefði hækkað mjög mikið og svo lyfja- og lækniskostnaður og ég sé ekkert um það í þessari aðgerðaáætlun að það eigi að lækka húsnæðiskostnað eða lækka lyfja- og lækniskostnað þannig að ég spyr: Náðist ekki samkomulag um þessi atriði þannig að þau náðu ekki fram að ganga inn í þessa almennu pólitísku stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar?

[14:33]

Árni Johnsen (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er erfitt að átta sig á því á hvaða bylgjulengd hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson talar miðað við málflutning hans hér áðan. Hér er lögð fram markviss stefna með mjög víðtækri aðgerðaskrá sem á að vinna faglega og formlega og þess er getið í tillögunni. Sjálfstæðismenn hafa þessa víðtæku sýn og munu fylgja henni eftir. Það þarf að vinna úr mörgum þáttum, bera saman bækur, leita upplýsinga og draga fram hluti til áhersluskapandi aðgerða. Þess vegna er mjög undarlegt þegar hv. þingmaður talar utan úr buskanum í þessu máli og virðist skilgreina út af fyrir sig. Það eru fleiri þingmenn en hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson sem hafa talað í þessu máli.

[14:34]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það verður bara að koma í ljós hvernig menn standa að þessu máli. En málið er lagt fram sem stjórnartillaga þannig að fyrir liggur að báðir þingflokkarnir hafa samþykkt það. Engu að síður er það mjög greinilegt sem ég dró fram, að það er ekki sama hrifning og jafnvel meiri tregða í röðum sjálfstæðismanna yfir þessu máli en hjá Samfylkingunni. Það þarf í sjálfu sér ekki að vera óeðlilegt en menn eiga bara að gangast við því. Ég kallaði eftir því að sjálfstæðismenn gerðu grein fyrir áherslum sínum í að bæta úr varðandi fátækt barna hér á landi.

Ég tek eftir því líka, virðulegi forseti, að í þessari tillögu segir, sem er eitt af aðalatriðum tillögunnar, að fæðingarorlof verði lengt á áföngum á kjörtímabilinu. Miðað er við að lengja það úr 9 mánuðum í 12. Hins vegar segir ekki í tillögunni að það eigi að auka kostnaðinn. Niðurstaðan getur því verið að lengja eigi fæðingarorlofið en að heildarkostnaðurinn við fæðingarorlofið verði óbreyttur. Það mundi samrýmast þessari yfirlýsingu.

Ég minni á að á síðasta kjörtímabili varð þáverandi ríkisstjórn að grípa til aðgerða til að skerða fæðingarorlof vegna þess að útgjöld stefndu mun hærra en menn töldu sig hafa ráð á. Þá var viðmiðunum um fæðingarorlof breytt, sem leiddi til þess að útgjöldin urðu árlega um hálfum öðrum milljarði kr. lægri. Ef menn ætla að lengja fæðingarorlofið án þess að bæta við fjármagni þá leiðir það til þess hins sama. Það gæti gerst aftur sem gerðist á síðasta kjörtímabili, að fæðingarorlof hvers og eins yrði skert.

[14:36]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er sérkennileg upplifun á nýjum vinnustað að vera vændur um skoðanaleysi eða tregðu af því að maður fer ekki í pontu til þess að taka þátt í umræðu um þessa þingsályktunartillögu ríkisstjórnarinnar. Það gefur augaleið að þingsályktunartillaga ríkisstjórnarinnar hlýtur að hafa fullan stuðning beggja þingflokka. Það ætti því að vera reyndum þingmanni, hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni, ljóst að svo er.

Við þingmenn Sjálfstæðisflokksins styðjum að sjálfsögðu þessa stjórnartillögu. Það er kannski bara ekki okkar siður að fara í pontu til að segja það eitt að maður sé sammála því sem stendur á blaði. Óski hv. þingmaður eftir skoðun minni þá er hún alveg kristaltær. Ég styð þessa þingsályktunartillögu og mun fylgja henni eftir í þeim frumvörpum sem fagráðuneytin koma með þegar þar að kemur. En ég árétta að það er hvorki dæmi um tregðu, skoðanaleysi, stuðningsleysi né eitt eða neitt í þingflokki Sjálfstæðisflokksins að við komum ekki í ræðustól í hvert skipti til að segja að við séum sammála síðasta ræðumanni. Það ættu kannski fleiri að taka sér til fyrirmyndar.

[14:38]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir ræðu hennar og upplýsingar um afstöðu hennar til málsins. Það styrkir framgang málsins að fá þessar stuðningsyfirlýsingar eina af annarri hér í ræðustól. Ég vek hins vegar athygli á því að aðeins einn þingmaður Sjálfstæðisflokksins hefur tekið til máls og flutt ræðu. Það var hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson. Hann lýsti yfir andstöðu við málið. Þrír þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa aðeins komið hér í andsvör-

um (**Gripið fram í:** Það eru líka ræður.) og ekki talið ástæðu til þess að flytja ræðu. (Gripið fram í.)

Ég hlýt að spyrja: Hvers vegna sjá þeir ekki ástæðu til að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum í þessu mikilsverða máli? Hvað á það að þýða, virðulegi forseti, í ljósi þess að einir sjö eða átta þingmenn og ráðherrar Samfylkingarinnar hafa talað hver á fætur öðrum? Senda þeir þau skilaboð að þeir ætli bara að þegja og taka til fyrirmyndar þá sem hafa setið og ekki viljað tjá sig um þetta mál?

Mér finnst þetta sérkennileg byrjun á stjórnarsamstarfi núverandi flokka, þegar hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir sendir þessa eyrnafíkju til nánast helmingsins af þingflokki Samfylkingarinnar og kvartar undan því að þeir hafi talað í umræðunni og lýst skoðunum sínum á þessu þingmáli. Það er ekki góðs viti fyrir framgang málsins eða stjórnarsamstarfsins að það þoli ekki að þingmenn Samfylkingarinnar tali.

Er kannski hugmyndin, virðulegi forseti, að setja ræðukvóta á Samfylkinguna þannig að Sjálfstæðisflokkurinn úthluti mínútum sem samstarfsflokkurinn megi tala í tilteknum málum? Það væri fróðlegt að fá fram afstöðu þingmannsins til þess. Hún hefur kost á því að taka hér aftur til máls ef hún svo kýs.

[14:40]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni er frjálst að skilja orð mín eins og hann telur hverju sinni. Ég var ekki að senda þingmönnum Samfylkingarinnar tóninn fyrir að hafa tekið undir þá þingsályktunartillögu sem hér liggur. Mér hefur bara fundist, á þessum fyrstu dögum á nýjum vinnustað, að það mætti stundum sitja fremur en að fara í ræðustól og tala.

[14:41]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kann vel að vera að stundum fari betur á því að sitja en tala. En þessi vinnustaður er nú einu sinni þannig að menn hafa frelsi til að tala. Hér er enginn bæjarstjóri sem getur sett mönnum reglur.

[14:41]

Birkir J. Jónsson (F) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því að hér er um að ræða þingsályktunartillögu sem er gerð til þess að fylgja úr hlaði höfuðáherslumálum nýkjörinnar ríkisstjórnar. Nú ber svo við að þessi þingsályktunartillaga nær til fimm ráðuneyta sem eiga með tíð og tíma að koma þessari þingsályktunartillögu í framkvæmd. Mér finnst það tilhlýðilegt, hæstv. forseti, að þeir ráðherrar sem um þessi mál eiga að fjalla á næstu fjórum árum og koma eiga þessum aðgerðum til framkvæmda sýni umræðunni þá virðingu að sitja í þingsal og taka þátt í þeirri umræðu sem hér fer fram. Hér er um að ræða höfuðstefnumál nýrrar ríkisstjórnar og hæstv. ráðherrar sýna þinginu ekki þá virðingu að sitja hér og fjalla um þá málaflokka sem að þeim snúa.

Ég vil beina því til hæstv. forseta að hann geri viðkomandi ráðherrum grein fyrir því hvaða umræða fer hér fram. Mér finnst ekki mikil alvara í málinu í ljósi þess að einungis einn af þeim ráðherrum sem eiga eitthvað að véla um þessa þingsályktunartillögu skuli sitja í salnum. Það er ekki mikill þungi í þeirri umræðu þegar aðrir hæstv. ráðherrar, sem eiga að koma þessari þingsályktunartillögu í framkvæmd, hunsa það að sitja hér. Ég geri mér grein fyrir því að einhverjir geti mögulega verið uppteknir eins og gengur en ég spyr hæstv. ráðherra hvort ekki sé hægt að koma boðum til þeirra ráðherra sem hafa kost á að vera viðstaddir þessa umræðu því að hér er um mjög mikilvæg mál að ræða. Við þurfum að fá svör við ákveðnum spurningum sem við stjórnarandstæðingar í þessari umræðu höfum borið upp, skýr svör. En því miður hefur þeim ekki verið til að dreifa.

[14:43]

Forseti (Ásta R. Jóhannesdóttir):

Forseti mun gera ráðstafanir til að koma þessum boðum til viðkomandi ráðherra.

[14:43]

Birkir J. Jónsson (F):

Hæstv. forseti. Ég neita því ekki að það hefði verið ánægjulegra að flytja aðra ræðu sína í dag og hafa hæstv. ráðherra sem eiga að fjalla um málið í salnum því að ýmsar spurningar eru knýjandi í þessari umræðu.

Í fyrri ræðu minni ræddi ég um að sú þingsályktunartillaga sem hér er um að ræða hefði í för með sér mjög háleit markmið, góð markmið sem við hljótum öll að styðja í flestum aðalatriðum. En eins og ég hef rakið fela aðgerðirnar í sér mjög mikil útgjöld ríkissjóðs. Við kláruðum í gær umræðu um lífeyrismál sem fela einnig í sér mjög mikil útgjöld hjá ríkissjóði. Það er eðlilegt að við vörpum fram spurningum: Í hvaða áföngum ætlar hæstv. ríkisstjórn að taka þessa þingsályktunartillögu í gildi?

Sagt er að sú tillaga er hér er til umræðu kosti marga milljarða. Er óeðlilegt að við spyrjum hvort það þurfi fjóra eða fimm milljarða á fjáraukalögum þessa árs til að hrinda ákveðnum tillögum í framkvæmd, eða 500 eða 600 milljónir? Það er mikilvægt í ljósi þeirrar stöðu í efnahagsmálum sem nú er uppi, undirliggjandi verðbólgu og óstöðugleika á markaði, að það komi skýr svör frá ríkisstjórninni hvað þetta varðar.

Ég bið hæstv. félagsmálaráðherra að leggja við hlustir. Hæstv. ráðherra hefur ekki enn svarað því hvernig hún hefur hugsað sér að taka þessa áætlun í gildi. Hæstv. ráðherrar, sem eru því miður fæstir í salnum, hljóta að hafa gert sér hugmyndir og rætt um í hvaða áföngum eigi að taka þessa þingsályktunartillögu í gildi. Hér er um svo stórt mál að ræða að þeir fimm ráðherrar sem um þessi málefni eiga að fjalla hljóta að hafa farið yfir það sín á milli hvað eigi að fara í á þessu ári, í fjárlagagerð fyrir næsta ár o.s.frv. Við verðum að fá svör við því í þessari umræðu.

Hæstv. forseti. Síðan hefur einfaldlega komið fram að það er ágreiningur innan stjórnarflokkanna um málið. Það er rangt sem hv. þm. Ragnheiður Ríkharðsdóttir sagði áðan, að fullur stuðningur væri við málið innan þingflokka stjórnarflokkanna. Ég hélt að hv. þingmaður hefði setið við alla umræðuna en vera kann að hv. þingmaður hafi vikið sér fram á meðan hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hélt sitt

mál og boðaði andstöðu sína við frumvarpið. Er nema von að maður komi upp um fundarstjórn forseta og veki athygli á því að enginn af ráðherrum Sjálfstæðisflokksins er viðstaddur þessa umræðu? Það hlýtur að segja okkur eitthvað um að ekki sé full eining um þetta mál.

Nú sé ég að hæstv. fjármálaráðherra er kominn í sitt sæti. Ég fagna því og vil varpa fram þeirri spurningu til hæstv. fjármálaráðherra hvernig hann sjái fyrir sér að þessari þingsályktunartillögu verði framfylgt. Eiga að koma 5–6 milljarðar kr. inn í þennan málaflokk á fjáraukalögum núna í ár eða 1 milljarður? Hér er um gríðarlega fjármuni að ræða. Við verðum að fá upplýsingar um hvort og hvernig ríkisstjórnin ætlar að framfylgja þessu. Það er mikilvægt.

Einn hv. þingmaður benti í umræðunni áðan á að kveðið væri á um að að ríkisstjórnin ætli að lengja fæðingarorlofið úr 9 mánuðum upp í 12. En á að setja meiri fjármuni í fæðingarorlofskerfið eða ekki? Á að lækka þá greiðslurnar sem því nemur þannig að það verði óbreytt krónutala? Það segir ekkert um það í þessari þingsályktunartillögu. Ég sé að hæstv. félagsmálaráðherra hristir hausinn en við óskum eftir því að fá einhver svör við því hvernig hæstv. ríkisstjórn ætli að framfylgja þessum ágætu málum. Það er mjög mikilvægt fyrir markaðinn að fá að vita hversu greitt ríkisstjórnin ætlar sér í þessum efnum. Það er mjög mikilvægt.

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra, sem mælti fyrir þessari þingsályktunartillögu og inna eftir þeirri skoðun hvort hún sé því fylgjandi, eins og bent hefur verið á í þessari umræðu, að tekið verði sérstaklega á því í nefndarstarfi að komið verði til móts við framhaldsskólanemendur um hækkun á jöfnunarstyrk vegna framhaldsskólanáms. Það er atriði sem bara gleymdist í þessari vinnu enda hefur þetta plagg bara verið unnið á örfáum dögum. Við hljótum að velta því fyrir okkur: Eru ekki mörg önnur atriði sem eru mjög mikilvæg og hafa gleymst, stórmál eins og jöfnun á námskostnaði fyrir framhaldsskólanemendur, m.a. á landsbyggðinni? Það er stórmál og það er undarlegt að ekki sé stafkrókur um það hér.

Ég vil spyrja hæstv. félagsmálaráðherra hvort hún telji að rétt væri að bæta inn grein hvað það varðar að við eigum að huga að því á kjörtímabilinu að bæta kjör námsmanna hvað þetta varðar. Eins vil ég spyrja hv. formann nefndarinnar, Guðbjart Hannesson, hvort hann, sem formaður félags- og tryggingamálanefndar, sé á því að við tökum sérstaklega tillit til jöfnunar á námskostnaði fyrir framhaldsskólanemendur í því nefndarstarfi sem fram undan er. Þeirrar nefndar sem hv. þingmaður veitir forstöðu bíður ákveðið verkefni og því er mjög mikilvægt að fá svör við því hvort hæstv. ráðherra og hv. formaður nefndarinnar telji að það eigi að koma til móta við framhaldsskólanemendur í landinu.

Af þeirri umræðu sem hér hefur farið fram er hins vegar ljóst að ekki er mikill áhugi á því af hálfu Sjálfstæðisflokksins að koma þessu máli áfram. Þingmenn Samfylkingarinnar hafa haldið margar ræður en aftur á móti hafa komið önnur skilaboð úr þingflokki Sjálfstæðisflokksins hvað þetta varðar. Það lofar ekki beint góðu, hæstv. forseti, um áframhaldandi samstarf þessara flokka þegar nú, tveimur vikum eftir að þessir flokkar eru byrjaðir saman, ef svo má segja, skuli allt vera komið í háaloft. Það er ljóst að það þarf að vinna vel í þessum málum. Við þurfum skýrari svör hvað þessi mál áhrærir. Það er ólíðandi ef við ætlum að klára fyrri umræðu án þess að fá ákveðin svör um hvað ráðherrarnir ætli sér í þessum málum. Það er ljóst að hér er ekki beinlínis um áætlun að ræða heldur aðeins fögur orð á blaði. Síðar mun koma í ljós hvað menn ætla að gera.

Ég hef þá trú að menn séu ekkert búnir að ákveða hvað þeir ætla sér að innleiða í þessu, eða á hvaða tímapunkti. Því miður. Þetta er vanreifað mál, það vantar m.a. mjög þýðingarmikið mál inn í þessa þingsályktunartillögu og þetta mál þarf að vinna miklu betur, hæstv. forseti.

[14:52]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er afskapleg hissa á svo neikvæðum tóni hjá hv. þm. Birki Jóni Jónssyni yfir þessu máli. Í orðum hans kemur fram að hann telji þetta allt saman jákvætt og gott og blessað. En tónninn er eitthvað svo neikvæður og neikvæðnin kemur meira að segja fram í því hvernig hann lemur í borðið þegar hann kveður sér hljóðs.

Hér er að vissu leyti nýbreytni í vinnubrögðum, að leggja fram þingsályktunartillögu um það hvað menn ætlast fyrir og það er rétt að undirstrika það að hér er þingsályktunartillaga á ferð en ekki frumvarp. Að því leyti má hv. þingmaður ekki gera sömu kröfur til þess að málið sé reifað líkt og um fullskapað frumvarp væri að ræða. Mér finnst síðan svolítið einkennilegt að fjalla um að það sé eitthvert ósætti um þetta hjá stjórnarliðinu þótt menn geti haft mismunandi skoðanir á aðferðafræðinni í þessu, sem er að vissu leyti ný aðferðafræði.

Hv. þingmaður spyr síðan hvernig verði unnið með þetta mál frekar. Auðvitað munu einstök frumvörp í samræmi við ályktunina verða lögð fram af ráðherrum þeirra málaflokka sem með þau mál fara og þá munu koma fram nákvæmari útfærslur að sjálfsögðu og eðlilega kostnaðarmat. Hvenær og hvernig verða málin lögð fram? Það verður í samhengi við stöðu efnahagsmála. Enginn velkist í vafa um að heilmikill kostnaður felist í þessari tillögu og heilmikill kostnaður sem muni falla á ríkissjóð vegna þessarar tillögu eftir því sem líður á kjörtímabilið. Við þekkjum það báðir, ég og hv. þingmaður, að í fjárlagavinnunni, í þeim áætlunum sem lagðar eru fyrir fram í tímann, er svigrúm ef ríkissjóður er rekinn á skynsamlegan og eðlilegan hátt og málið er ekki þess eðlis að ekki sé hægt að standa (Forseti hringir.) við það á því kjörtímabili sem um hefur verið rætt.

[14:54]

Birkir J. Jónsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ja, öðruvísi mér áður brá. Hæstv. ráðherra kemur upp og segir að ekki sé búið að kostnaðarmeta það sem hér stendur, eftir fjöldann allan af tillögum, en endar ræðu sína á að segja að auðvitað verði staðið við þetta allt. Hér er eitthvað sem rímar ekki. Við erum nýbúin að fá mjög alvarleg tíðindi, m.a. af þorskveiðum, sem munu þýða minni útflutningstekjur. Ég hef reynt að fara málefnalega yfir það að það hefði verið betra ef ríkisstjórnin hefði unnið heimavinnuna og skilgreint þessi verkefni, kostnaðarmetið og sagt svo í hvaða áföngum í þau yrði farið. Því

miður er ekki um það að ræða í þessu tilviki. Það er mjög alvarlegt mál.

Ég bið hæstv. ráðherra afsökunar hafi hann skynjað neikvæðni hjá mér í garð þessa máls. Þetta eru allt mjög jákvæð mál. En við þurfum að sýna aðgát hvaða varðar ríkisfjármálin á þeim tímum sem nú eru uppi og ég veit að hæstv. ráðherra er mér sammála um það. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort það hefði ekki verið hentugra að ríkisstjórnin hefði unnið betur heimavinnu sína, farið yfir þessi verkefni og kostnaðarmetið þau. Það kom fram hjá hæstv. ráðherrum að þessi verkefni hafi ekki verið kostnaðarmetin og menn viti í raun ekki hvað þeir eru að tala um miklar fjárhæðir. Það er erfitt að ræða málin í því samhengi þegar við vitum svo lítið sem raun ber vitni um fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar. Það er miður.

En ég vona að hæstv. ráðherra muni ganga vel að lemja saman fjárlög ásamt hv. fjárlaganefnd. En ég held að það verði enginn dans á rósum í ljósi þeirra vinnubragða sem hér eru viðhöfð og eru algjört nýmæli hér, a.m.k. á síðustu tólf árum.

Þegar hæstv. ráðherra talar um ályktanir þá höfum við lagt fram samgönguáætlanir og (Forseti hringir.) og það eru ákveðnar upphæðir í því settar niður á ákveðið árabil.

[14:56]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S) *(andsvar)*:

Já, það er gott, frú forseti, að hv. þingmaður skuli vera jákvæður gagnvart málinu. Það hlýtur þá að þýða að Framsóknarflokkurinn styðji þingsályktunartillöguna.

Varðandi það að þetta er nýmæli og varðandi það að kostnaðarmeta þá á ég erfitt með að skilja hvað hv. þingmaður, í ljósi þessarar jákvæðni, sé á móti því að það sé lagt fram af hálfu ríkisstjórnarinnar að hvaða málefnum ríkisstjórnin ætlar að einbeita sér að því að vinna á kjörtímabilinu.

Auðvitað verður að útfæra málin og vinna þau meira og dýpra en þarna. Það er munurinn á þingsályktunartillögu og frumvarpi. Hver endanlegur kostnaður einstakra þátta er fer eftir því hvernig málin eru útfærð. Hv. þingmaður veit að það eru fleiri en ein leið, fleiri en tvær og jafnvel fleiri en þrjár í einhverjum tilfellum til að útfæra málin og komast að sömu niðurstöðunni. Fyrr er ekki hægt að tala um nákvæman kostnað. Það verður gert í heildarsamhengi ríkisfjármálanna og heildarsamhengi stöðugleikans í efnahagsmálunum á sama hátt og við unnum (Forseti hringir.) á síðasta kjörtímabili.

[14:58]

Birkir J. Jónsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna þessum tóni hjá hæstv. ráðherra og tel mikilvægt að hafa stöðu efnahagsmála til hliðsjónar þegar tillögur sem þessar eru lagðar fram.

Ég sé að hæstv. ráðherra telur að plaggið sem hefur verið lagt fram hér muni hafa mjög góð áhrif á markaðinn og efnahagslífið. Menn munu væntanlega fagna því á þeim bænum, hæstv. ráðherra hlýtur að telja það. Ég ætla að leyfa mér að efast um að svo sé, en hins vegar styð ég í meginatriðum þá þingsályktunartillögu sem hér hefur verið lögð fram, við þurfum að koma mörgum af þessu góðu málum til verka.

Hins vegar gagnrýni ég framsetninguna og vinnubrögðin. Það hefði mátt standa mun betur að þessu. Ég held að margir hv. stjórnarliðar viti það innst inni að það lá kannski ekki á að birta þessa þingsályktunartillögu hér í dag. Ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn hefðu frekar átt að vinna heimavinnuna.

[14:59]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er gamall lífeðlisfræðingur og ég veit að bæði ást og ástarsorg skapa ákveðið lífeðlisfræðilegt ástand. Í ástinni er maður glaður og reifur, í ástarsorginni er maður dapur og hnugginn.

Hv. þingmaður minnir mig pínulítið á fermingarstrák sem er nýbúið að segja upp. Hann talar um að nú séu Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin farin að vera saman. Maður sér speglast eftirsjána eftir gömlu kærustunni. Kannski veldur það því að hv. þingmaður, sem endranær er málefnalegur og rökvís í málflutningi sínum, talar þannig þar að þar rekur sig hvað á annars horn.

Hv. þingmaður kemur hér upp og segir ýmislegt vanta í þessa ágætu tillögu sem við erum hér að ræða. Á hinn vænginn segir hann að þetta sé svo umsvifamikil tillaga að það séu ekki til peningar fyrir henni. Hv. þingmaður er síðustu þrjá mánuði búinn að tala um það hvað Framsóknarflokkurinn skili góðu búi. Nú kemur hv. þingmaður í sínu dapurlega ástandi pólitískrar ástarsorgar og segir að það sé ekkert nema svart, bölsýnin hefur yfirtekið hann. Hann dregur í efa að rými sé til að fara í þessar aðgerðir. Hvað er að marka mann sem talar svona, sem skiptir um skoðun — eins og formaður Framsóknarflokksins hér í dag — á einni viku?

Ég virði það við hv. þingmann að hann á erfitt, í því ástandi sem hann er núna, með að gera upp við sig hvaða skoðun hann hefur á málinu. Hann var bæði með málinu en líka á móti málinu. Kannski er Framsóknarflokkurinn að hrökkva aftur í sitt heföbundna ástand: Já, já og nei, nei, kannski og.

Frú forseti. Hv. þingmaður er sennilega búinn að vera of lengi í meiri hluta. Hann er orðinn vanur þeim stjórntækjum sem Framsóknarflokkurinn hafði hér áður fyrri sem fólst í því að sýna þinginu aldrei neina hluti fyrr en á síðustu stundu. Það var þess vegna sem hann tapaði svo mörgum málum hér í þinginu.

Nú kemur hv. þingmaður og beinlínis óskast undan því að fjalla um málið. Það er ekki nógu vel reifað, segir hv. þingmaður. (Forseti hringir.) Ja, öðruvísi mér áður brá hjá þessum ágæta hv. þingmanni.

[15:01]

Birkir J. Jónsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki eins og það sé mikil ástargleði í herbúðum hæstv. iðnaðarráðherra, Össurar Skarphéðinssonar, a.m.k. miðað við upphlaup hans áðan. Það sem ég hef sagt hér, og hæstv. ráðherra hefði betur hlustað á þær ræður mínar, er að menn geta útfært tillögur með ýmsum hætti. Ég er sammála innihaldi þessa frumvarps en

ætla hv. þingmenn að hækka barnabætur um 10 milljarða, 5 eða 1? Það liggur ekki fyrir. Það er erfitt að taka afstöðu til þeirra. Að sjálfsögðu tek ég jákvætt í það að menn ætli að hækka barnabætur en það á eftir að útfæra ýmsa hluti.

Hins vegar segir hæstv. ráðherra að sá sem hér stendur hafi skipt um skoðun snögglega. Eru það ekki stórtíðindi í íslensku efnahagslífi þegar kveðið er á um þriðjungs samdrátt í þorskveiðum hér við land? Eiga menn ekkert að skoða þá stöðu sem þá er uppi, bæði með tilliti til sjávarbyggðanna, og nú beini ég orðum mínum til hæstv. byggðamálaráðherra, eða til stöðu þjóðarbúsins almennt? Er það ábyrgðarleysi hjá þeim sem hér stendur að hugsa hlutina eitthvað upp á nýtt í ljósi þeirra staðreynda sem nú blasa við?

Hæstv. forseti. Sá sem hér stendur er hvorki reiður né sár. Ég kem einfaldlega inn í þessa umræðu með ábendingar um að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki lagt nógu mikla vinnu í að vanda nægilega til verksins en eins og fram hefur komið hjá hæstv. ráðherrum er heilmikil vinna eftir í því. Ég nefndi jöfnunarstyrk til framhaldsskólanema. Það getur vel verið að það vanti margt annað inn í.

Þetta eru tillögur af þeirri gerð sem hægt er að útfæra með ýmsum hætti. Ég er jákvæður gagnvart því en því miður liggur ekkert fyrir um útfærsluna. Það sem ég sagði var að betra hefði verið fyrir ríkisstjórnina og stjórnarmeirihlutann að vinna heimavinnuna sína og leggja þetta mál fram í haust og þá hefði verið (Forseti hringir.) hægt að átta sig betur á því hvað það snýst um.

[15:03]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég gleðst yfir þeirri yfirlýsingu hv. þingmanns að hann sé hvorki dapur né hnugginn. Ég er ánægður ef Framsóknarflokkurinn er ánægður en mér sýnist hann ekki ganga gunnreifur til stjórnarandstöðunnar.

Hv. þingmaður ætti að gera sér grein fyrir því að hann er að tala við vanan mann. Ef menn vilja ná árangri í stjórnarandstöðu þurfa þeir að vera málefnalegir og þeir þurfa að muna hvað þeir hafa sagt. Hv. þingmaður kom hér og það liðu svona tvær mínútur á milli þess sem hann sagði, annars vegar að það vantaði hluti sem kosta hundruð milljóna jafnvel milljarða inn í þessa tillögu en þegar hann kom tveimur mínútum seinna sagði hann að það væri svo svakalega erfitt ástand fram undan að ekki væri hægt að hrinda þessu í framkvæmd.

Hvort er hv. þingmaður með eða á móti þessu? Hvort finnst honum að setja þurfi meiri peninga í þetta, samanber jöfnunarstyrkina, eða að fresta eigi þessu fram til haustsins eins og hann er að tala um?

Ég held bara að hv. þingmaður sé grútspældur yfir því að þessi ríkisstjórn kemur hér með mótaða stefnu (Forseti hringir.) og það er meira en Framsóknarflokknum tókst á löngum tíma.

Varðandi barnabæturnar, (Forseti hringir.) hv. þingmaður þekkir þær. Hann (Forseti hringir.) plokkaði 10 milljarða og hans flokkur af barnabótum í stjórnartíð sinni.

(**Forseti** (ÞBack): Ég bið hv. þingmenn um að virða ræðutíma.)

[15:05]

Birkir J. Jónsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. iðnaðarráðherra er orðinn stór karl. Hann talar hér niður til þingmanna og les þeim lífsreglurnar enda er hann orðinn hæstv. ráðherra. Það er nú þannig að Samfylkingin hefur fórnað ýmsu í þeim bitlingaleik sem við eigum eftir að ræða betur (Gripið fram í.) um þegar líður á kjörtímabilið og það er ekki fyrirkvíðanlegt.

Hæstv. forseti. Ég er á því, og ég veit ekki hvort hæstv. viðskiptaráðherra er á því, að auðvitað eigum við að hækka jöfnunarstyrki til framhaldsskólanema. (Gripið fram í.) Það er ekkert kveðið á um það í því plaggi sem ríkisstjórnin hefur lagt fram. Hins vegar er hægt að setja mismikla fjármuni til hverrar og einnar aðgerðar. Þegar hv. þingmaður talar um einhverja milljarða hvað jöfnunarstyrkinn varðar þá er það náttúrlega ómálefnalegt raus sem er ekki hæstv. iðnaðarráðherra samboðið og ég bið hæstv. ráðherra um að taka sig á í þeim málflutningi (Forseti hringir.) sem hann flytur héðan úr ræðustóli Alþingis.

[15:06]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Birkir J. Jónsson, 6. þm. Norðaust., slær hér úr og í í viðbrögðum sínum við aðgerðaáætluninni. Ætti ég sem nefndarformaður að leggja það til í nefndinni í dag að við frestum þessum málum öllum og byrjum upp á nýtt til að verja markaðinn í landinu? Eru barnamálin farin að kollsteypa fjármálamörkuðunum ef við gefum yfirlýsingar um að við ætlum að bæta hag barna í samfélaginu? Ég ætla að vona að það sé ekki svo og ég vona að hann meini þetta ekki þannig.

Það er einfaldlega svo að við erum að markera inn mál sem þurfa að fara í umræðu og skoðun í nefndum sem eiga að fara að vinna að undirbúningi að lagafrumvörpum með framsetningu um kostnað o.s.frv. á haustþinginu. Til þess að þetta frestist ekki fram á næsta ár eða enn þá lengur er verið að setja þetta í gang á sumarþinginu.

Það kom fram í ræðu minni áðan um þetta mál að það eru auðvitað töluvert mörg mál sem koma til síðar sem gætu tengst þessari aðgerðaáætlun eða málefnum barna almennt í landinu. Hv. þm. Birkir J. Jónsson nefnir hér réttilega jöfnun á námskostnaði. Það er mál sem meta þarf hvort fara á inn í þessa aðgerðaáætlun eða koma inn með öðrum hætti í tengslum við menntamálin. Jöfnun námskostnaðar er auðvitað stór pakki, sem m.a. var drepið á hér áðan, sem full ástæða er til að skoða betur í þinginu og er ætlunin að gera.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar kemur fram að jafna á aðstöðu í landinu, þ.e. að jafna stöðu nemenda óháð búsetu. Það er auðvitað mikilvægt að við tökum það mál upp og skoðum það. Hvort rétt er að fara með það inn á þessu stigi skulum við bara meta þegar við höldum fund í dag, þann fyrsta um þetta mál í félags- og tryggingamálanefnd.

[15:08]

Birkir J. Jónsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er náttúrlega ekkert skilyrði fyrir því

að framkvæmdarvaldið geti unnið tillögur er varða þá málaflokka sem hér um ræðir í sumar. Þessi þingsályktunartillaga er enginn grundvöllur fyrir því. Ríkisstjórninni hefði verið í lófa lagið að leggja fram tillögur með fjárlagafrumvarpi sem tekið verður fyrir í hv. fjárlaganefnd á hausti komanda.

Hins vegar fagna ég því sem er mikið fagnaðarefni að það er mikil jákvæðni hjá þingmönnum og ráðherrum Samfylkingarinnar gagnvart því að hækka jöfnunarstyrki til framhaldsskólanema. Það er mjög mikilvægt mál því að þeir styrkir eru allt of lágir í dag. Við frambjóðendur margir, frambjóðendur allra flokka, höfðum uppi nokkuð mörg orð um það að bæta þyrfti þar úr og ég á von á því, miðað við þá umræðu sem hér hefur farið fram, að úr rætist von bráðar.

Það er ljóst og ekki verður um það deilt að ekki er kominn verðmiði á þær tillögur sem hér um ræðir. Það er ekki búið að útfæra þær og það hlýtur að þurfa að skoða það með tilliti til fjárlagagerðar í haust hvert umfangið verður, bæði gagnvart fjáraukalögum í ár og fjárlögum næsta árs. Það þarf að taka á því með ábyrgum hætti. Auðvitað geta menn einfaldað hlutina með því að tala um börn annars vegar og viðskiptalíf hins vegar og stillt þessu upp sem óskyldum hlutum. Útgjöld ríkissjóðs eru hluti af íslensku efnahagslífi og það skiptir máli hver útgjöld, tekjuafgangur eða tekjuhalli fjárlaga er hverju sinni. Það er einfaldlega þannig, sama hvort okkur líkar betur eða verr, að það skiptir máli að taka á þessum málum með ábyrgum hætti. Það viljum við gera. Við styðjum meginefni þessara tillagna en við vitum ekkert hvað þær munu kosta. Það er kjarni málsins.

[15:10]

Guðbjartur Hannesson (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Birkir J. Jónsson heldur áfram að óska eftir að hér verði settar fram kostnaðaráætlanir á þingsályktunartillögustigi. Ég ætla ekki að dæma um hvað er rétt málsmeðferð í því en ég geri mér þó grein fyrir að í stefnuyfirlýsingu okkar er reiknað með því að við förum í rammafjárlög, leggjum fram áætlun til lengri tíma og það kemur til kasta okkar sem erum í fjárlaganefnd að vinna þá tillögu. Að sjálfsögðu, og það er einmitt þess vegna sem verið er að leggja þetta mál fram núna, þarf að koma með þessar tölur inn í fjárlagagerðina í haust og í framhaldinu í rammafjárlögin. Það er einmitt þess vegna sem liggur á að koma þessu af stað og reyna að ná utan um hvað málið á að fjalla um. Það hefur aldrei staðið til að allur kostnaðarpakkinn lægi fyrir í smáatriðum en það verður auðvitað á haustþinginu.

[15:11]

Birkir J. Jónsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er kannski grundvallarmisskilningur á milli mín og hv. þingmanns. Hæstv. ráðherrar, sem því miður sátu fæstir þessa umræðu í dag, hefðu getað stofnað til þessarar nefndar og skilað inn tillögum með haustinu, það þurfti ekki sérstaka þingsályktunartillögu til þess. En þetta er kannski bitamunur en ekki fjár.

Aðalmálið er, og gagnrýni mín snýr að því, að hér er í raun og veru um óútfylltan tékka að ræða. Það er mjög eðlilegt að við í stjórnarandstöðunni spyrjum hvað menn ætli að leggja mikla fjármuni til þessa málaflokks. Það eru málefnalegar spurningar en því miður hefur verið minna um málefnaleg svör og við verðum bara að búa við það. En við munum fá að sjá þessar tillögur á hausti komanda sem vonandi verða þá fullfrágengnar ef marka má orð þess sem á undan talaði.

[15:12]

Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir (Vg):

Frú forseti. Ég fagna framkomu þingsályktunartillögunnar um aðgerðir til að styrkja stöðu barna og ungmenna í landinu. Ég óska hæstv. félagsmálaráðherra til hamingju með þessa tillögu og vona að hún nái fram að ganga í sem flestum liðum.

Ég er þó með eina spurningu. Það er búið að spyrja að svo mörgu hér að ég ætla að taka hérna eitt út úr. Það stendur í IV. kafla að lögð verði áhersla á fræðslu um offitu og forvarnir gegn ofþyngd og bætt úrræði til meðferðar og að aðgengi barna og ungmenna að hollum mat í leik og starfi verði aukið.

Ég spyr því þar sem ég er búin að starfa lengi við íþróttakennslu barna og veit hvar þessi vandi liggur: Ætlar hæstv. ráðherra að vera í samráði við menntamálaráðuneytið? Það sem ég tel að væri mjög skynsamlegt er að fjölga íþróttatímum í grunnskólum þar sem við náum best til barna í hreyfingu. Það er kannski hægt að minnast á það í þessu sambandi líka, af því hér er talað um hollt og gott mataræði, að það hefur komið hér fram að 4.000 börn eigi ekki möguleika á skólamáltíðum vegna fátæktar. Væri þá ekki skynsamlegt að koma fram með það að öll börn ættu kost á fríum skólamáltíðum, hollum og góðum, í skólanum? En um þetta þarf að sjálfsögðu að vera samstarf við menntamálaráðuneytið. Þarna held ég að best sé að ná til barnanna eins og ég sagði áðan.

Ég vil líka taka undir orð hv. þm. Birkis J. Jónssonar um jöfnunarstyrki þar sem hægt sé að jafna kostnað fyrir landsbyggðarnemendur sem þurfa að sækja nám sitt oftar en ekki til Reykjavíkur eða annarra staða. Ég tel að það sé mjög brýnt að gera það.

Hv. þm. Árni Johnsen talaði um að brottfall væri undir 40% í skólakerfinu en það er enn hærra samkvæmt rannsóknum og könnunum víða, allt frá 43% og upp í 50% á sumum stöðum. Það þarf að leggja áherslu á að halda nemendum inni í skólakerfinu þannig að þau detti ekki út úr námi. Ég held að m.a. námskostnaður sem er svo hár hafi oft verið þess valdandi að þau gefast upp í námi. Foreldrar hafi jafnvel ekki haft efni á því að kosta þau til náms. Það er mjög alvarlegur hlutur og þarf að skoða.

Ég vil einnig leggja fram aðra spurningu og hún varðar það hvort hæstv. ráðherra geti lagt áherslu á að nemendur geti notið náms í heimabyggð að sjálfræðisaldri. Það mundi minnka kostnað verulega og vera til bóta.

Ég vil taka fram að það er margt mjög athyglisvert í þessum tillögum, eins og með fæðingarorlof og annað, og ef þessi mál ná fram að ganga mun það verða hagur margra barna, ungmenna og fjölskyldna í landinu.

[15:17]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þá ágætu umræðu sem hér hefur farið fram um þessa tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna. Ég met það svo af þessari umræðu að áætlunin geti átt greiða leið í gegnum þingið þó að ýmislegt hafi komið fram sem þingmenn eru að kalla eftir svörum við.

Ég vil segja varðandi hv. þm. Birki J. Jónsson sem hafði allt á hornum sér, fannst mér a.m.k. í síðari ræðu hans, og taldi að allt væri komið í háaloft í ríkisstjórninni að þótt einn þingmaður í stjórnarliðinu hafi ekki sagst styðja þessa áætlun get ég fullvissað hv. þingmann um að það er mjög góð samstaða í þingflokknum um tillöguna. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson lagði það svo út að við værum með þessa tillögu í upphafi samstarfs okkar af því að við treystum ekki Sjálfstæðisflokknum og þess vegna hefðum við lagt til þessa aðgerðaáætlun. Það er auðvitað alrangt. Það er ekkert sem hefur komið fram í samstarfi þessara flokka hingað til sem gefur mér tilefni til að ætla að sjálfstæðismönnum sé ekki full alvara með þessari aðgerðaáætlun og muni ekki framfylgja henni af áhuga eins og við í Samfylkingunni. Ég veit að hv. þingmanni liggur á að sjá ýmislegt af þessu koma til framkvæmda. Framsóknarflokkurinn var í ríkisstjórn í 12 ár án þess að aðgerðaáætlun um málefni barna og ungmenna sæi dagsins ljós. Þó var það svo, eins og hv. þm. Birkir J. Jónsson veit, að samþykkt var á Alþingi að mínu frumkvæði — og þingmenn úr öllum flokkum stóðu að þeirri áætlun — að gerð yrði heildarstefnumótun og aðgerðaáætlun í málefnum barna og ungmenna. Þáverandi formaður Framsóknarflokksins var t.d. í forsæti í ríkisstjórn sem átti að framkvæma þessa áætlun og Framsóknarflokknum dugðu ekki 12 ár til að koma slíkri tillögu til framkvæmda eða hingað inn í þingið. Þessi ríkisstjórn hefur starfað í mjög stuttan tíma, kannski hálfan mánuð, og samt er komin á borð þingmanna aðgerðaáætlun í málefnum barna.

Ýmislegt hefur komið fram sem ástæða er til að svara. Ég skil vel að þingmenn kalli eftir kostnaðaráætlun að því er varðar þessa aðgerðaáætlun en hv. þingmenn verða þá að hafa í huga að það er ekki vaninn að þingsályktunum fylgi endilega kostnaðaráætlun frá fjármálaráðuneytinu. Við höfum sagt það hér, og hæstv. fjármálaráðherra hefur tekið undir það, að þarna er ekkert sem segir að ekki sé hægt að standa við það á kjörtímabilinu sem þarna kemur fram. Eftir því sem málunum vindur fram mun eðlilega fylgja kostnaðarmat öllum frumvörpum sem hér koma fram. Hvaða mál verða sett í forgang í þessari áætlun ræðst nokkuð af því hversu fljótlegt verður að hrinda málunum í framkvæmd og líka auðvitað út frá kostnaði ýmissa tillagna sem hér á að hrinda í framkvæmd á hverjum tíma fyrir sig. Mikilvægur vettvangur til að skoða forganginn í þessu er sá samráðsvettvangur milli ráðuneytanna sem verður settur af stað milli fimm ráðuneyta sem hefur það verkefni að fylgja tillögunni eftir og samræma aðgerðir. Þetta verða þingmenn að láta sér duga að því er þetta varðar. Það er ekki hægt að kostnaðarmeta sumar af þessum tillögum vegna þess að ekki liggur fyrir endanleg útfærsla á þeim eins og varðandi barnabæturnar. Það er hægt að fara í einhverja nálgun um þetta að því er varðar fæðingarorlofið. Við erum að tala um að þegar fæðingarorlof er að fullu komið til framkvæmda í 12 mánuði verður það vitaskuld 12 mánuðir og við erum ekki tala um, eins og bæði hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði og að mig minnir líka hv. þm. Birkir J. Jónsson, 12 mánaða fæðingarorlof innan þess fjárhagsramma sem nú er. Auðvitað erum við ekki að tala um það. Við erum að tala um að lengja fæðingarorlofið með eðlilegum hætti þannig að þetta verða allt viðbætur, þessir 12 mánuðir, en ekki að með einum eða öðrum hætti sé dregið úr greiðslunum. Ég held að það verði að vera nokkuð ljóst.

Varðandi þær 10 millj. sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson talaði um varðandi barnabæturnar sjá allir í hendi sér að við getum ekki bætt vanrækslusyndir fyrrverandi ríkisstjórnar varðandi barnabæturnar í einu vetfangi, það er alveg ljóst að við erum ekki að tala um það. Þegar spurt er af hverju ekki séu skattleysismörk hérna inni o.s.frv. er það svo að við ætlum ekki að setja allt það sem ríkisstjórnin ætlar að framkvæma á kjörtímabilinu inn í þessa aðgerðaáætlun, t.d. varðandi skattamálin af því að spurt var um skattleysismörkin. Það kemur fram í stjórnarsáttmálanum að stefnt er að frekari lækkun skatta á einstaklinga á kjörtímabilinu, m.a. með hækkun persónuafsláttar, og ríkisstjórnin vinnur að endurskoðun á skattkerfi og almannatryggingum til að bæta hag lágtekjufólks og millitekjufólks. Þetta á alveg eftir að útfæra, þetta snýr að skattahliðinni og m.a. skattleysismörkunum sem verða þá skoðuð í samræmi við það sem fram kemur í stjórnarsáttmálanum.

Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir beindi til mín nokkrum spurningum og talaði um aðkomu sveitarfélaganna að þessari aðgerðaáætlun. Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að sumt þarna snýr að sveitarfélögunum eðli málsins samkvæmt. Við erum að tala um heildstæða stefnumótun í þessu máli en ég minni á að í þessari tillögu er talað um að það verði á samráðsvettvangi ríkis, aðila vinnumarkaðarins og sveitarfélaga að móta tillögur um aðgerðir til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð og þjónustu við barnafjölskyldur. Þjónusta við barnafjölskyldur er að miklu leyti á vettvangi sveitarstjórnanna og þar erum við að tala um aðkomu sveitarfélaganna að máli. Af sjálfu leiðir, og í gildi er ákveðinn samstarfssáttmáli milli ríkis og sveitarfélaganna og allt verður þetta skoðað með hliðsjón af honum.

Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir talaði um ókeypis leikskóla. Það er stórt og viðamikið dæmi sem snýr náttúrlega mjög mikið að sveitarfélögunum en ég er alveg sammála hv. þingmanni um að við hljótum öll að stefna að því markmiði og það verður ekki gert í einu vetfangi að brúa það bil sem er á milli þess að fæðingarorlofi lýkur og þar til börnin fá inni á leikskólum. Við erum vissulega að stíga skref í þá átt með lengingu á fæðingarorlofi og ég teldi ekkert ólíklegt að eitthvað slíkt kæmi upp á samráðsvettvangi ríkis og sveitarfélaga að ræða þau mál. Þetta er stórt mál sem snýr að verulegu leyti að sveitarfélögunum og þess vegna er það ekki sett inn í þennan sáttmála með þeim hætti sem hv. þingmaður var kannski að kalla eftir.

Ég tek alveg undir með hv. þm. Álfheiði Ingadóttur varðandi störf umönnunarstétta. Við getum ekki aukið þjónustu við börnin og ungmennin, og kannski á fleiri sviðum eins og við erum að tala um aldraða, nema fara í það

stóra mál að skoða hvernig hægt sé að endurmeta störf umönnunarstéttanna. Það er stórt og viðamikið mál og stór hluti af velferðarsamfélagi okkar að við getum farið í að endurmeta störf umönnunarstétta. Það er ekkert áhlaupaverk eins og menn vita.

Vegna þess að hérna situr fyrrverandi borgarstjóri minni ég á að hún réðst í það á vettvangi sveitarstjórnarstigsins í Reykjavík að hækka launin við umönnunarstéttirnar og þá ætlaði allt vitlaust að verða hjá sumum og allir töldu að verðbólgan mundi fara af stað. Það skeði auðvitað ekki. Ég heyri ekki þessa sömu menn sem höfðu hátt um það þá ræða eitthvað um að verðbólgan fari af stað þegar bankastjórarnir hækka núna laun sín í Seðlabankanum um 200 þús. á mánuði. Þá heyrist ekkert talað um að verðbólgan fari af stað. Ég held að þetta sé fyrst og fremst vilji sem þarf í því efni en að því máli þurfa að koma aðilar vinnumarkaðarins, ríki og sveitarfélag. Ríkið er stór atvinnurekandi í þessu máli að því er varðar umönnunarstéttirnar sem eru mikið hjá ríkinu. Það reynir auðvitað á vilja ríkisvaldsins í því efni að hafa forgöngu um það að störf umönnunarstétta verði endurmetin. Ég held að við komumst ekki hjá því að gera það með einum eða öðrum hætti á samráðsvettvangi þessara aðila sem ég nefndi. Við getum ekki rekið velferðarþjóðfélag okkar án þess að tekið verði á þessu máli. Það verður sjálfsagt að gerast í áföngum en við verðum að byrja einhvers staðar. Vandamálin blasa þegar við víða eins og í spítalakerfinu einmitt út af því hvernig laun umönnunarstéttanna eru metin í þjóðfélaginu og það er kannski eitt af þeim stóru verkefnum sem við þurfum að taka á.

Varðandi kostnaðinn, hann er töluverður. Við þurfum ekki annað en að skoða fæðingarorlofið. Við erum að tala um töluverðan kostnað en við erum líka að tala um að framfylgja þessu á kjörtímabilinu og innan þess svigrúms sem við höfum og þá er það auðvitað alltaf spurning um forgang. Hvað viljum við setja í forgang? Ætlum við að auka meira framkvæmdir til vegamála eða ætlum við að setja það svigrúm sem við höfum meira í það að bæta hag barnafjölskyldna og stöðu barnafólks og ungmenna í þessu samfélagi? Þetta er allt spurning um forgang. Ég segi það og held að allir hljóti að taka undir að það er líka dýrt fyrir samfélagið, fyrir ríkiskassann líka og fyrir fjölskyldur og samfélagið í heild, að búa ekki að börnum og ungmennum með þeim hætti að við getum talað um barnvænt samfélag vegna þess að þegar foreldrar þurfa bæði að vera á vinnumarkaðnum — ekki að þau vilji það, þau eru knúin til þess af því að framfærslukostnaðurinn er svo mikill — höfum við ákveðnar skyldur að búa þannig að börnunum og barnafjölskyldum að við getum verið sæmilega sátt. Það er kostnaðarsamt og dýrkeypt fyrir þjóðfélagið ef við hunsum þá skyldu okkar að búa vel að börnum og ungmennum. Hinum Norðurlandaþjóðunum hefur tekist það miklu betur en okkur og ég segi enn og aftur að þetta er auðvitað allt spurning um forgang. Eins og ég nefndi kannski verður það algjört forgangsverkefni sem verður farið í þegar í stað að útfæra með Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins af því að það snýr að mínu ráðuneyti. Síðan snýr barna- og unglingageðdeildin að hæstv. heilbrigðisráðherra. Ég mun fara í mitt mál strax, og er þegar hafin vinna að því. Jafnvel þótt ekki sé búið að samþykkja þessa áætlun hef ég hafið undirbúning af því að mér finnst liggja lífið við að við tökum á þessum biðlistum á Greiningarstöðinni. Fyrir börnin á biðlistunum skiptir hver einasta vika og mánuður máli upp á að hægt sé að greina þau þannig að þau fái þá þjónustu sem þau þurfa í skólakerfinu svo það dæmi sé tekið. Að því þurfa margir aðilar að koma vegna þess að þegar eru margir aðilar sem koma að þessari greiningu, eins og ráðgjafarþjónusta sveitarfélaga, barnadeildir, heilsugæsla, sálfræðiþjónusta skóla og fleiri aðilar. Við þurfum að vinna þetta í samvinnu við fleiri aðila til þess að við náum sem mestum árangri. Hversu langan tíma það tekur að ná alveg niður biðlistum get ég ekki sagt en ég er að vona að við getum unnið á þeim þannig að við séum komin með enga biðlista innan tveggja ára. Það er von mín að hægt verði að framkvæma þetta með þeim hætti.

Ég sé að tíma mínum er að ljúka. Ég vil nefna varðandi það sem hv. þm. Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir nefndi þegar hún fór í kaflann um almennar forvarnaaðgerðir að nú er það þannig í þessari aðgerðaáætlun að gert er ráð fyrir að þessar framkvæmdir verði á vettvangi hvers fagráðherra fyrir sig. Forvarnirnar þarna heyra undir heilbrigðisráðherra, a.m.k. fram til áramóta, þannig að framkvæmdin mun fyrst um sinn vera í hans höndum. Vegna þess sem hv. þingmaður nefnir varðandi þann kafla sem snýr að áherslu á fræðslu um offitu og forvarnir gegn ofþyngd og bætt úrræði til meðferðar sem er mjög brýnt lýðheilsumál sem mikilvægt er að taka á og að aðgengi barna og ungmenna að hollum mat í leik og starfi verði aukið og að jafnræði ríki á milli barna að því er varðar aðgang að tómstundum, félagsstarfi, máltíðum í skólum o.s.frv. tel ég mjög mikilvægt að börnin geti fengið þetta óháð efnahag. Við erum samt enn og aftur að tala um að þarna skipta sveitarfélögin miklu máli og við þurfum að vinna þetta verk í fullri samvinnu við þau eins og gefur augaleið.

Ég held að ég hafi svarað flestum þeim spurningum sem til mín var beint og ég vona sannarlega að þetta mál fái umfjöllun í félagsmálanefnd með þeim hætti að við fáum tillöguna fljótlega aftur til þingsins og getum samþykkt hana áður en sumarþingi lýkur.

[15:32]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að það sé ágætisverklag að hafa í gildi framkvæmdaáætlun eða aðgerðaáætlun um málefni barna og ungmenna, svona „handlingsplan" eins og alsiða er annars staðar á Norðurlöndunum. Það hefði eiginlega verið skemmtilegra ef hæstv. ráðherra hefði haft þetta fimm ára áætlun en ekki fjögurra ára, sögulega séð.

Það vekur engu að síður athygli þrátt fyrir góð markmið, fögur fyrirheit og áform í þessari tillögu hversu margt er óútfært og að því er virðist óútkljáð milli stjórnarflokkanna í þessum efnum. Það er vissulega svo að suma þætti málsins er erfitt að kostnaðarmeta en aðra ekki. Það er ekkert vandamál að reikna út hvað það kostar að hækka barnabætur um tiltekna upphæð, hvað það kostar að lengja fæðingarorlof, það er ekkert vandamál að reikna það út hvað það kostar að gera leikskólann gjaldfrjálsan. Það er vitað að tekjurnar sem sveitarfélögin fá í gegnum gjaldtöku í leik-

skólanum eru 2,5–3 milljarðar kr. Við höfum barist fyrir því og teldum það gríðarlega stórt skref í átt til barnvænna samfélags að gera leikskólann gjaldfrjálsan.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra um hlut sveitarfélaganna í þessum efnum af því að hæstv. ráðherra fer nú með þau mál. Auðvitað er ekki hægt að ætla sveitarfélögunum að taka á sig útgjöld nema þau fái tekjur á móti. Þau eru ekki aflögufær, allra síst sveitarfélög landsbyggðarinnar. Hyggst hæstv. ráðherra þá beita sér fyrir því að afkoma sveitarfélaganna verði bætt þannig að þau geti verið fullgildir þátttakendur í þessari áætlun? Ég vil gjarnan spyrja í leiðinni hæstv. ráðherra: Er það rétt að stjórnarflokkarnir hafi samið um að málefni sveitarfélaganna fari undan félagsmálaráðuneytinu? Ég tel það hið mesta óráð og ekki mun það bæta stöðu hæstv. ráðherra til að láta góða hluti gerast í þessum efnum, sem ég efa ekki að hugur hæstv. ráðherra stendur til. Það væri því fróðlegt inn í þetta samhengi að við fengjum upplýsingar um hvað er í vændum varðandi málefni sveitarfélaga.

[15:34]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það fer náttúrlega allt eftir útfærslunni á einstaka þáttum og hvað við ætlum að gera mikið í barnabótum, hvað það kostar. Ef við ætlum t.d. að fara upp í það sem ég nefndi í máli mínu, sem ég tel ástæðu til að skoða, að barnabætur byrji ekki að skerðast hjá einstæðum foreldrum fyrr en við 125 þús. kr. sem er 93 þús. núna, sem ég veit ekkert hvort verður niðurstaðan, þá erum við þar að tala um 900 millj. kr. ef það yrði tvöfalt hækkað t.d. hjá hjónum. Það er hægt að leika sér með svona tölur en við höfum ekki komist að neinni niðurstöðu að því er varðar útfærsluna á barnabótunum af því að hv. þingmaður nefndi þær.

Það er vissulega hægt að leika sér og skoða hvað það kostar þegar 12 mánaða fæðingarorlofið er að fullu komið til framkvæmda. Við vitum að það kostar nokkra milljarða, 2,5–3 milljarða, eftir því hvernig útfærslan verður, hvernig auknu fæðingarorlofi verður skipt á milli foreldra, hver staða einstæðra mæðra verður í því o.s.frv. Það er bara ekki hægt að setja neinar tölur á þetta. Ég man ekki eftir að svona hörð krafa hafi verið uppi eins og ég heyri í þessum sal þegar verið er að leggja fram jafnréttisáætlanir til fjögurra ára sem kosta peninga líka, ég hef ekki heyrt að miklar kröfur hafi komið fram um að vera með nákvæma útfærslu á því hvað slíkt kostar. En ég get fullvissað hv. þingmann um að fullur vilji er fyrir því og vantar ekkert upp á það milli flokkanna að þetta er forgangsmál, forgangsverkefni á sviði ríkisstjórnarinnar í velferðarmálum að hrinda þessari áætlun í framkvæmd. En það er bara ekki hægt að festa hönd á það nákvæmlega hvað þetta getur kostað fyrr en menn hafa komið sér saman um útfærsluna og niðurstöðuna og það verður gert eftir því sem málunum vindur fram.

Ákveðinn samráðsvettvangur er við sveitarfélögin til að fjalla um aðgerðir sem snúa að þeim og auðvitað verður þar metin afkoma og kostnaðarskipting að því er varðar þá þætti sem snúa að sveitarfélögum.

[15:36]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef engar áhyggjur af samráðinu, ég held að það sé allt á sínum stað og við vitum vel hvar Samband íslenskra sveitarfélaga er til húsa og allt það. Þetta snýst um peninga og ég var að vonast til að fá að heyra eitthvað frá hæstv. ráðherra um það. Munu fylgja þessu, og auðvitað þarf þess hvort sem er, meiri fjármunir til sveitarfélaganna? Annars komast þau hvorki lönd né strönd í þessum efnum, hvað þá að gera leikskólann gjaldfrjálsan eða annað í þeim dúr. Hvernig halda menn að aðstæður sveitarfélaga á Vestfjörðum og sveitarfélaga í sjávarbyggðunum sem munu fá á sig stórkostlegan tekjuskell með niðurskurði við veiðar á næstunni verði til að gera hluti af þessu tagi ef ríkið kemur ekki til aðstoðar með tekjur? Þetta snýst að sjálfsögðu um það.

Ég dreg þá ályktun af niðurstöðu málsins að ósamið sé um þetta með öllu milli stjórnarflokkanna og tregða og fyrirvarar Sjálfstæðisflokksins leyndu sér ekki áðan. Það skyldi nú ekki vera svo að hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson hafi talað fyrir hönd fleiri en sjálfs síns þó aðrir hafi ekki beinlínis boðað andstöðu við málið, en skyldi nú ekki vera svo að félagsmálaráðherra eigi verk fyrir höndum áður en hún dregur Sjálfstæðisflokkinn með sér í stóra hluti í þessum efnum.

[15:38]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get fullvissað hv. þingmann um að sú tregða og sá fyrirvari sem hér er verið að tala um af hv. þingmanni, ég hef ekki orðið vör við slíkt nema hjá einum hv. þingmanni sem kom í ræðustól áðan, hv. þm. Einari Oddi Kristjánssyni. Það er ekkert sem segir mér að þingflokkur sjálfstæðismanna eða sjálfstæðismenn í heild sinni fari með hálfum huga inn í það að framkvæma þessa aðgerðaáætlun. Það verður þá bara að koma í ljós ef það er eftir því sem verkinu vindur fram, en meðan svo er ekki ætla ég ekki fyrir fram að gefa mér það að sjálfstæðismenn ætli að vera með einhverja tregðu eða fyrirvara að því er varðar þessa framkvæmd. Aðgerðaáætlunin heyrir undir fjögur ráðuneyti og það er ekkert sem segir mér annað en að allir þessir ráðherrar munu fara í það af fullum krafti að útfæra þá tillögu og það er ekkert sem bendir til þess að annað verði. Varðandi sveitarfélögin er afkoma þeirra auðvitað misjöfn og það þarf vissulega að fara í það verk sem snýr að þeim á þann hátt að það verði gert í samráði við þau.

[15:39]

Birkir J. Jónsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir málefnaleg svör. Í raun endurspegluðu þau svör að hluta til þann málflutning sem við mörg höfum haft í frammi í dag. Það á eftir að forgangsraða þessari þingsályktunartillögu og menn eiga líka eftir að sjá hvað er til ráðstöfunar til að koma þessum góðu málum áfram. Það er akkúrat það sem við mörg í stjórnarandstöðunni höfum verið að segja í dag að það er ekkert í hendi í þessu. Menn vita ekki hver verðmið-

inn er á þingsályktunartillögunni en ég ítreka að að sjálfsögðu stöndum við framsóknarmenn með og höfum mjög jákvæðan vilja í þessum efnum því hér er um mjög mörg góð mál að ræða.

En stóra málið er að við megum heldur ekki tapa yfirsýninni. Við megum ekki hleypa verðbólgunni á skrið. Við þurfum að hugsa um íslenskan ríkissjóð eins og sú ríkisstjórn gerði sem var við völd síðustu 12 ár. Það gengur ekki að ætla að steypa ríkissjóði í botnlausar skuldir á ný. Við megum ekki endurtaka þann leik og ég trúi ekki öðru en margir þingmenn Sjálfstæðisflokksins séu sammála okkur framsóknarmönnum í því. Til að mynda árið 1998 greiddum við í vaxtagjöld sem samsvaraði öllum útgjöldum til menntamála það ár. Sjáið þið viðsnúninginn? Við verðum að fara varlega. Að sjálfsögðu styðjum við þessi fyrirheit en aðalatriðið er að það er í rauninni ekki búið að útfæra neitt sem hér stendur. Þetta eru fyrirheit. Menn eiga eftir að kanna hvert svigrúmið er og við munum skoða það í haust. Hér er um mjög mörg góð mál að ræða.

Ég vil að lokum inna hæstv. ráðherra eftir því hvaða afstöðu hún hafi til þess að hækka styrkveitingar til framhaldsskólanema sem þurfa að sækja nám fjarri heimahögum. Þetta er málefni sem brennur á þúsundum heimila og mjög brýnt að við fáum svör við í þessari umræðu þegar við ræðum um málefni barna.

[15:41]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst þessi málflutningur hálfskrýtinn hjá hv. þingmanni bæði nú og fyrr í umræðunni vegna þess að í öðru orðinu er verið að tala um að hér sé um svo kostnaðarsamar tillögur að ræða að þetta muni setja allt á annan endann en síðan er í annan stað verið að kalla eftir meiri útgjöldum eins og varðandi það brýna mál sem eru styrkveitingar til framhaldsskólanema. Ríkisstjórnin hefur ekki setið nema í 15 daga og mér finnst að hv. þingmaður eigi að gefa henni aðeins svigrúm til að sanna sig, m.a. hvort hún komi fram með það mál sem hv. þingmaður er að kalla eftir.

Síðasta ríkisstjórn sem Framsóknarflokkurinn átti sæti í hafði 12 ár til að gera ýmislegt sem ekki var gert eins og t.d. að setja fram aðgerðaáætlun sem við erum hér að fjalla um. Ég minni á að jafnréttisáætlun, sem þó var gerð fyrir einu ári og átti að vera aðgerðir gegn ofbeldi á heimilum og kynferðislegu ofbeldi gegn börnum, er bara ekki komin til framkvæmda. Ég var að skoða það í ráðuneyti mínu og það er lítið sem hefur komið til framkvæmda í þeirri áætlun og er ár síðan sú áætlun var sett fram. Mér finnst að hv. þingmaður eigi að sýna smáþolinmæði í því að við fáum meira en hálfan mánuð til að sýna að við ætlum að hrinda þessari aðgerðaáætlun í framkvæmd. Hv. þingmaður á ekki að draga það í efa fyrr en hann hefur ástæðu til þess. Við ætlum ekki að framkvæma þessa áætlun á einum mánuði. Við ætlum að framkvæma hana á kjörtímabilinu.

Af því að hv. þingmaður kallar svona stíft eftir kostnaðarmati á þingsályktun, sem er nú ekki vaninn að kostnaðargreina, þá spyr ég: Er til einhver kostnaðargreining varðandi þá ætlun sem liggur fyrir í byggðamálum, byggðaáætlun? Af hverju kallaði hv. þingmaður ekki á síðasta kjörtímabili eftir kostnaðargreiningunni að því er varðar byggðaáætlun? Liggur hún fyrir? Ég held að hv. þingmaður ætti bara að taka það rólega og sofa vært yfir því að við munum sjá til þess að umrædd aðgerðaáætlun mun komast til framkvæmda á kjörtímabilinu.

[15:44]

Birkir J. Jónsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að verða við áskorun hæstv. ráðherra um að taka því rólega. Ég held að það sé mjög mikilvægt að sú stjórnarandstaða sem er hér á þingi veiti núverandi stjórn aðhald og ég vona að hæstv. ráðherra fari ekki að taka því rólega á þeim mánuðum sem fram undan eru, enda efast ég ekki um að ærinn starfa er að hafa í félagsmálaráðuneytinu.

Hins vegar var dálítið merkilegur tónn sem hæstv. ráðherra sendi núverandi félögum sínum í ríkisstjórninni sem átti aðild að ríkisstjórn með Framsóknarflokknum síðustu 12 ár. Það voru ekki hlýjar kveðjur en þetta er kannski í anda þess sem hefur viðgengist á þessum fyrstu tveimur vikum núverandi ríkisstjórnar að forustumenn flokkanna tala saman í fjölmiðlum. Þetta minnir dálítið á ástandið 1991–1995 og því fer þessi ríkisstjórn ekki neitt sérlega vel af stað. En hins vegar hef ég ekki neitt verið að slá út af borðinu einhverjar tillögur sem eru í þessu skjali. Það eru nefnilega engar kostnaðartillögur. Ég hef ekki slegið neitt út af borðinu. Það sem við höfum kallað eftir er hvað menn ætla sér að gera í málefnum barnabóta o.s.frv. Því miður eru engin svör en það hefur ekkert verið slegið út af borðinu, hæstv. forseti.

[15:45]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður má alveg taka til sín og síns flokks það sem ég beindi spjótum mínum að, þ.e. hve lítið hefði verið gert á síðasta kjörtímabili. Ég minni hv. þingmann á að í forsætisráðuneytinu sat fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, Halldór Ásgrímsson, og gerði ekkert í því að fylgja eftir þeirri tillögu sem Alþingi samþykkti 1991 um að gera heildarstefnumótun og aðgerðaáætlun í málefnum barna. Það var nákvæmlega ekkert gert í því. Síðan var sett einhver sérstök fjölskyldunefnd í ráðuneytið undir forustu Halldórs Ásgrímssonar til að fjalla um málefni fjölskyldunnar og koma fram með tillögur þar að lútandi. Það var nákvæmlega ekkert gert í því máli undir forustu Björns Inga Hrafnssonar. Það eina sem heyrðist frá þeirri nefnd var að hún skoðaði skólabúninga á þeim fjórum árum sem hún starfaði. Það var ekki mikið sem Framsóknarflokkurinn gerði þegar hann hafði tækifæri til þess að hrinda í framkvæmd aðgerðum í þágu barna og fjölskyldna. Hv. þingmaður hefur ekki af miklu að státa í þessu efni (Forseti hringir.) og ætti að tala varlega.

[15:46]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svörin sem hér komu varðandi athugasemdir mínar og spurningar. Ég

sakna þess hins vegar að hafa ekki fengið svar við þeirri spurningu sem ég varpaði fram hvað varðar forgangsröðun þessarar ríkisstjórnar og launin í samfélaginu. Í ljósi þess að við hæstv. ráðherra virðumst vera sammála um að brýna nauðsyn beri til að hækka laun umönnunarstétta, og kvennastéttanna sérstaklega, spurði ég hver afstaða hennar væri og hvort launahækkun til seðlabankastjóra upp á 200 þús. kr. á mánuði væri vísbending um forgangsmál í þessari ríkisstjórn.

Nú hefur það komið fram í máli ráðherrans. Í tvígang í dag hefur hæstv. ráðherra nefnt þessa breytingu og talað um Seðlabankann eins og Seðlabankinn væri eitthvað sem væri fyrir ofan — eða neðan — það sem við erum að fjalla um hér. Ég spyr, og bið ráðherra um að tala skýrt í þessum efnum vegna þess að það er bankaráð Seðlabankans sem ákvað þessa launahækkun og þar með fulltrúar Samfylkingarinnar í því sama bankaráði og reyndar beggja stjórnarflokkanna. Ég óska eftir skýrum svörum um afstöðu ráðherrans til þessarar launahækkunar seðlabankastjóra og afstöðu fulltrúa Samfylkingarinnar í bankaráði Seðlabankans þar um.

[15:48]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að afstaða mín til þessarar launahækkunar bankastjóranna í Seðlabankanum hafi komið alveg nægilega skýrt fram í máli mínu í dag. Ég held að enginn velkist í vafa um skoðun mína á henni. Mér finnst sú launahækkun sem þarna hefur komið fram ekki vera í samræmi við það sem Seðlabankinn gefur frá sér oft á ári um aðhald í útgjöldum, efnahagsmálum o.s.frv. Þetta er ekki lýsandi dæmi fyrir það þegar þeir svo sjálfir hækka laun sín um 200 þús. kr. á mánuði sem eru vel góð laun láglaunafólksins, kannski tvöfalt þau þannig að það eru ekki skýr skilaboð út í samfélagið varðandi t.d. þá kjarasamninga sem fram undan eru um næstu mánaðamót að þeir skammti sér slík laun. Þeir gera það í ljósi þess að þeir þurfi að halda í fólk o.s.frv. og þess vegna hafi launin verið hækkuð í Seðlabankanum.

Menn þurfa hins vegar líka að horfa út í samfélagið í heild. Af hverju er flótti úr þessum kvenna- og umönnunarstéttum þegar við búum ekki við atvinnuleysi? Það er vegna þess að launin eru svo lág að þau eru ekki samkeppnisfær við önnur laun í samfélaginu. Það er þó ekki á borði ríkisstjórnarinnar að ákvarða um launahækkanir eða launamál seðlabankastjóra. Afstaða mín er alveg skýr til þess, eins og hv. þingmaður heyrði, og ég fór ítarlega yfir afstöðu mína varðandi launakjör og störf umönnunarstéttanna. Ég tel brýnt ef við eigum að geta haldið uppi velferðarsamfélagi að endurmeta þau laun sem umönnunarstéttirnar búa við og það er ákveði um það í stjórnarsáttmálanum.

[15:50]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er atgervisflótti víðar en úr Seðlabankanum, það er atgervisflótti og mannekla á öllum umönnunar-, hjúkrunar- og sjúkrastofnunum í landinu, meira að segja svo að það er ekki hægt að hleypa fólki í lögboðið sex vikna sumarfrí á þessu sumri víðast hvar, heldur aðeins í fjórar vikur. Það dugir þó ekki til og eru tugir rúma á göngum í stærstu sjúkrastofnunum landsins vegna þessa.

Mér er ljóst hver afstaða ráðherrans er til þess sem hún kallar Seðlabankann í þessum málum. Ég spurði um afstöðuna til þeirrar ákvörðunar fulltrúa Samfylkingarinnar í bankaráði Seðlabankans að fallast á þetta vegna þess að það er það signal sem verið er að gefa út. Bankinn getur ekki sisvona án atbeina bankaráðs og stjórnar og fulltrúa stjórnmálaflokkanna þarna inni komið þessu við. Eins og fram hefur komið (Forseti hringir.) var fulltrúi Vinstri grænna í bankaráði Seðlabankans (Forseti hringir.) sá eini sem ekki var þessu meðmæltur.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og fél.- og trn.

Viðaukasamningur um álbræðslu við Straumsvík, 1. umr.

Stjfrv., 13. mál. — Þskj. 17.

[15:52]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frumvarpi til laga um lagagildi sjötta viðaukasamnings við aðalsamning milli ríkisstjórnar Íslands og Alcan Holdings Switzerland um álbræðslu við Straumsvík.

Viðaukasamningurinn var undirritaður 5. mars sl. og með honum gerð sú breyting að allar sérreglur í aðalsamningnum um skatta og gjöld til ríkis og sveitarfélaga eru felldar niður og skýrlega kveðið á um að álbræðsluna í Straumsvík skuli skattleggja samkvæmt almennum reglum eins og þær eru á hverjum tíma. Gildistaka þessara breytinga miðast við 1. janúar 2005.

Aðalsamningurinn milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd. um álbræðsluna í Straumsvík var staðfestur á Alþingi með lögum nr. 76/1966. Við þann samning hafa síðan verið gerðir fimm viðaukasamningar sem hafa verið staðfestir af Alþingi. Í fimmta viðaukasamningnum sem var undirritaður þann 16. nóvember 1995 og veitt lagagildi með lögum nr. 155/1995 bættist við nýtt ákvæði, þ.e. grein 33.03 þar sem Ísal er heimilað, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, að velja þann kost að lúta almennum íslenskum skattalögum. Þessa heimild nýtti félagið sér á árinu 2003 og í framhaldi af því hófust viðræður um það hvernig staðið skyldi að breytingunni. Þessar viðræður lágu niðri á tímabili en um sumarið 2006 var þráðurinn tekinn aftur upp og vinna hafin við gerð viðaukans sem lauk með undirritun hans þann 5. mars sl. Samningurinn var undirritaður með fyrirvara um samþykki Alþingis, enda segir í 51. gr. aðalsamningsins að svo skuli gert. Í þessum samningsviðauka eru allar sérreglur og undanþágur um skatta og opinber gjöld sem gilda um starfsemi álversins í Straumsvík felldar út úr aðalsamningnum. Auk þess eru gerðar nokkrar smávægilegar breytingar á honum sem annaðhvort leiða beint af skatt- og gjaldabreytingunni eða snerta hana mjög.

Í fyrsta lagi verður sú grundvallarbreyting að öll ákvæði um framleiðslugjaldið eru felld út úr aðalsamningnum. Framleiðslugjaldið hefur Alcan greitt í stað tekjuskatts og

fasteignaskatts og raunar fleiri skatta og gjalda sem nú hafa verið felld niður. Framleiðslugjaldið skiptist annars vegar í fyrir fram greitt framleiðslugjald sem félagið greiðir óháð afkomu, hins vegar afkomutengt framleiðslugjald sem er 33% af gjaldstofni. Í stað framleiðslugjaldsins er félaginu gert að greiða tekjuskatt og fasteignaskatt samkvæmt almennum reglum á hverjum tíma.

Í öðru lagi eru felldar brott allar sérreglur um tolla, aðflutnings- og útflutningsgjald og um virðisaukaskatt, og félaginu í staðinn gert að greiða þessi gjöld samkvæmt almennum reglum á hverjum tíma.

Í þriðja lagi eru felldar brott sérreglur um gjaldtöku fyrir höfn, hafnarmannvirki, leyfi til byggingar og reksturs bræðslunnar og félaginu gert að greiða þessi gjöld samkvæmt almennum reglum.

Í fjórða lagi er kveðið á um það að ágreining um málefni sem varðar hvers konar opinber gjöld skuli bera undir íslensk stjórnvöld og dómstóla eftir þeim reglum sem um slíkar deilur gilda. Með þessu er því vikið frá þeirri reglu sem gildir í aðalsamningum um að ágreining skuli bera undir gerðardóm.

Í fimmta lagi er kveðið sérstaklega á um það hvernig gera skuli upp fyrir þann tíma sem er liðinn, þ.e. frá 1. janúar 2005. Gengið er út frá því að viðkomandi stjórnvöld leiðrétti það sem leiðrétta þarf samkvæmt gildandi reglum á viðkomandi sviði. Þannig verði skattar lagðir á félagið af skattstjóranum í Reykjanesumdæmi gegn framlagningu skattframtals. Það er sérstaklega kveðið á um framtalsfresti og kærufresti enda eru þeir liðnir vegna rekstrar ársins 2005. Þá er líka gert ráð fyrir því að tollstjórinn í Reykjavík ákvarði tolla og Hafnarfjarðarbær fasteignaskatta. Hafnarfjarðarbær hefur á grundvelli sérstaks samkomulags við ríkissjóð fengið hluta af framleiðslugjaldinu. Sú hlutdeild hefur miðast við útflutt tonn af áli. Með undirritun sjötta viðauka er svo gengið út frá því að horfið verði frá þessari skiptingu enda miðar breytingin að því að fyrirtækið greiði alla skatta og öll gjöld samkvæmt almennum reglum.

Í sjötta lagi eru eins og áður segir gerðar nokkrar breytingar á aðalsamningnum sem tengjast skatt- og gjaldabreytingunni. Þannig eru t.d. sérreglur um meðferð gjaldeyris felldar út og ákvæði um aðferðir til að koma í veg fyrir tvísköttun færð til þess sem segja má að sé nútímahorf. Í stuttu máli má lýsa efni sjötta viðauka þannig að með honum séu allar sérreglur og allar undanþágur um skatta og gjöld felldar brott og í staðinn verði Alcan gert að fylgja almennum reglum eins og þær verða á hverjum tíma án nokkurra undantekninga.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frumvarpinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. iðnaðarnefndar.

[15:58]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það vekur athygli í þessu máli þegar skoðaður er sá tími sem hefur liðið frá því að Alcan óskaði eftir því að breytingar yrðu á í þessu skattalega tilliti, þ.e. frá 28. maí 2003 til marsmánaðar 2007 líða tæp fjögur ár. Hæstv. ráðherra hefur skýrt í nokkru um hvað þau álitamál hafa snúist sem þarna hafa verið rædd á þessum langa tíma en mig langar til að vita og ég ímynda mér að talsvert af þessum álitamálum hafi tengst tímabilinu frá deginum í dag og aftur til gildistökunnar, þ.e. til 1. janúar 2005.

Nú gerir maður ráð fyrir að Alcan telji sig hafa ofgreitt til íslenska ríkisins, þess vegna óski það eftir því að fara inn í hið almenna skattaumhverfi, og því spyr ég: Hvað hefur verið reiknað út varðandi þær fjárhæðir sem um ræðir sem íslenska ríkið kæmi þá að öllum líkindum til með að þurfa að greiða til baka fyrir þetta tímabil 1. janúar 2005 og til dagsins í dag? Liggur það fyrir? Hvernig er þá gert ráð fyrir að slíkar endurgreiðslur verði? Er þá miðað við að slíkt verði eins og fyrirtækið hefði fallið að skattalögum og almennum reglum á því tímabili sem um ræðir?

[15:59]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Efni spurninga hv. þingmanns var reyndar dregið fram í síðustu spurningu hennar og svarið við því er já. Það er gert með þeim hætti. Það sem ríkinu ber að endurgreiða fyrirtækinu með þessum hætti eru þá u.þ.b. 300 millj. kr.

[16:00]

Sigurður Kári Kristjánsson (S):

Frú forseti. Ég vil byrja á að upplýsa hæstv. forseta um að ég ætla ekki að setja hér á langa ræðu um þetta mál. Enda vil ég reyna að greiða fyrir þingstörfum. Ég vil þó vekja athygli á því, úr því að þetta er fyrsta frumvarpið sem nýr hæstv. iðnaðarráðherra Össur Skarphéðinsson leggur fram á þessu kjörtímabili, að þetta mál um að lögfestur verði viðaukasamningur milli ríkisstjórnar Íslands og Alcan Holdings, um álbræðslu við Straumsvík, er öllu merkilegra en það lítur út fyrir að vera í fyrstu.

Þeir sem hafa fylgst með atvinnuuppbyggingu á Íslandi á síðustu árum og áratugum muna þá tíð er ríkisstjórnir Íslands þurftu að leggja mikið á sig til að laða erlenda fjárfestingu til Íslands til uppbyggingar á atvinnulífi. Sá samningur sem gerður var við Alusuisse á sínum tíma bar þess merki. Þar var á ferðinni erlent stórfyrirtæki sem fór þess á leit við íslensk stjórnvöld að það fengi sérstaka afgreiðslu varðandi skattalegt umhverfi sem fyrirtækinu var ætlað að starfa í kæmi það til landsins, greiddi lægri skatta, tolla, aðflutningsgjöld og annað slíkt vegna starfsemi sinnar.

Það sem þetta frumvarp gengur út á kemur m.a. fram á bls. 14 þar sem vikið er að meginefni sjötta viðauka við aðalsamninginn. Þar segir:

„Með samningsviðaukanum eru allar sérreglur og undanþágur um skatta og opinber gjöld, sem gilda um starfsemi álversins í Straumsvík felldar út úr aðalsamningnum."

Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir að hér erum við vitni að, ef svo má segja, heilbrigðisvottorði eða viðurkenningu á þeirri skattastefnu sem ríkisstjórnir síðustu 16 ára hafa haldið úti hvað varðar fyrirtækin á Íslandi. Það er mjög merkilegt vegna þess að það er ekki langt síðan að tekjuskattur fyrirtækja á Íslandi var 50%. Hann var síðan færður niður í 30% og er nú 18%. Stórfyrirtækin sem áður nutu velvildar og sérkjara íslenskra stjórnvalda vegna starfsemi sinnar þurfa ekki á sérmeðferð að halda lengur. Hið almenna skattaumhverfi fyrirtækja er það gott að þau fyrirtæki sem á þessum árum nutu sérkjara óska eftir því nú í

samningum við íslensk stjórnvöld að losna undan þeim sérkjörum. Hin almennu kjör eru orðin betri en sérkjörin.

Þetta kalla ég heilbrigðisvottorð yfir þeirri skattastefnu sem síðustu ríkisstjórnir hafa rekið varðandi tekjuskatta og starfsumhverfi fyrirtækja á Íslandi. Mér finnst ástæða til að fagna þessu frumvarpi og þeim atriðum sem þar koma fram. Ég veit að hæstv. iðnaðarráðherra gerir það sama og tekur undir með mér. Hér er um heilbrigðisvottorð stefnumörkunar síðustu ríkisstjórnar að ræða.

Ég hlýt líka að fagna því að í stjórnarsáttmála Sjálfstæðisflokksins og flokks hæstv. iðnaðarráðherra hafa menn samþykkt þá stefnumörkun að halda beri áfram á þessari braut. En þar segir, með leyfi forseta:

„Á kjörtímabilinu verður leitað leiða til að lækka frekar skatta á fyrirtæki."

Eftir þessu munum við sjálfstæðismenn að sjálfsögðu ganga. En ég vildi í þessari ræðu vekja sérstaka athygli á þessum þætti málsins. Hann er að mínu mati afar merkilegur. Auðvitað er það þannig að íslensk stjórnvöld eiga að halda áfram á þessari leið, stefna að því að vera með skattaumhverfi á Íslandi sem er það besta sem þekkist í víðri veröld til að laða að erlend fyrirtæki, erlenda fjárfestingu til uppbyggingar á íslensku atvinnulífi.

[16:05]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tók eftir því í þessari sögukennslustund og söguskýringu hv. þm. Sigurðar Kára Kristjánssonar, að þar vantaði í eitt eða reyndar tvennt.

Það er vissulega rétt að þegar samið var við Alusuisse upphaflega voru þar ýmsar sérreglur og annað sem gilti. En samningurinn var a.m.k. frágenginn og öllum kunnur eins og hann þá var, m.a. orkuverðið. Engu að síður tel ég nauðsynlegt að rifja upp að þrátt fyrir þann skýra samning sem var öllum opinn þá treysti þetta stórfyrirtæki sér ekki á sínum tíma til þess að fara að leikreglum og stundaði stórfelld skattsvik sem kostuðu íslenska ríkið hundruð milljóna króna ef ekki milljarða á þeim tíma. Þau vinnubrögð eru þekkt undir heitinu „hækkun í hafi". Fyrst menn fóru í söguna þá tel ég rétt að rifja upp þetta atriði.

Ég get tekið undir að það sé nauðsynlegt og rétt að hafa skýrar reglur. Ég tel miður að á sínum tíma verið tekin ákvörðun um að sveipa hulu raforkusamningana við Alusuisse og síðan Alcan, síðar Alcoa og alla þá samninga sem gerðir hafa verið síðan.

Ég hvet hv. þm. Sigurð Kára til að koma með okkur í Vinstri grænum í þá herferð að öll samskipti við þessi erlendu stórfyrirtæki verði skýr og einföld og þau lúti sömu reglum og samningar við innlenda aðila, m.a. um raforkukaup — þau verði opin öllum.

[16:07]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Frú forseti. Í raun þarf ekki að hafa mörg orð um frumvarpið sem hér liggur fyrir, eins og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson orðaði það og þarf ekki að lengja umræðuna. Oft getur þó löng umræða orðið til að greiða að minnsta kosti flækjur í einstökum málum sem eru til umfjöllunar. Þær geta verið jákvæðar. En kannski er ekki sérstök ástæða til að hafa mörg orð um þetta frumvarp. Það er tiltölulega skýrt og gengur út á að laga samning ríkisstjórnar Íslands við Alcan að íslensku umhverfi. Kannski mætti segja að það sé löngu tímabært. Það er eðlilegt að stórfyrirtæki eins og hér er á ferðinni lúti íslenskum lögum í hvívetna.

Hins vegar er það svo að málið og fyrirtækið sem hér er um að ræða teygir anga sína víða og væri hægt að taka upp málefni þess á mjög víðum grunni. Það sem mig langar að nefna í þessari umræðu er í raun hver staðan er varðandi fyrirtækið sem við erum hér að tala um, þ.e. álverið í Straumsvík.

Eins og öllum er í fersku minni fór fram í marsmánuði síðastliðnum íbúakosning í Hafnarfirði þar sem afstaða var tekin til þess hvort íbúarnir vildu að álverið yrði stækkað, í samræmi við tillögu sem þar lá fyrir um það mál í tillögu að deiliskipulagi. Íbúarnir sögðu sína skoðun í þeirri atkvæðagreiðslu og höfnuðu þeirri stækkun. Ekki var liðinn langur tími frá þeirri niðurstöðu þegar við heyrðum í fjölmiðlum frá ýmsum málsmetandi aðilum að það gæti jafnvel orðið af stækkun álversins með einum eða öðrum hætti. Hugsanlegt væri að fara í þá stækkun án þess að breyta deiliskipulaginu sem hafnað hafði verið í íbúakosningunni. Ýmsa mátti jafnvel skilja á þann veg að hægt yrði að kjósa aftur um nýtt skipulag ef svo bæri undir. Þess vegna er áhugavert að heyra frá hæstv. iðnaðarráðherra hvernig hann metur stöðu þess máls í ljósi þeirrar umræðu sem fram hefur farið í kjölfar íbúakosninganna.

Ég vil líka nefna að eftir því sem ég best veit er Alcan samningsbundið til að kaupa orku sem var reiknuð fyrir umrædda stækkun frá 1. júlí næstkomandi. Gangi það ekki eftir þá lenda dagsektir á fyrirtækinu vegna vanefnda. Ég vildi þess vegna gjarnan heyra frá hæstv. iðnaðarráðherra hvort hann hafi skoðað það mál sérstaklega eða þekki það og hvert framhaldið verði á því. Auðvitað getur maður látið sér detta það í hug að Alcan reyni að komast undan þeim samningum og ákvæðum með því að flytja starfsemi sína eitthvað annað. Það er ekki óhugsandi. Sumir hafa nefnt Þorlákshöfn í því samhengi. Ég vildi þess vegna heyra frá hæstv. iðnaðarráðherra hvort hann hafi skoðað þetta mál sérstaklega.

Það var út af fyrir sig áhugaverð umræða hér fyrr í dag um álmál, orkusölumál og stóriðju, sem tengdist sérstaklega Helguvík. Það væri áhugavert að fara inn í það mál líka en í tengslum við það vöknuðu ýmsar spurningar og voru settar fram, m.a. til mín sem borgarfulltrúa í Reykjavík að því er varðar orkuöflun til stækkunar álvers á Grundartanga. Mér finnst rétt, af því ég stend í þessum ræðustóli núna og er að ræða mál er varða orkusölu og samninga til Straumsvíkur, að geta þess að afstaða mín til þess máls byggðist fyrst og fremst á því að á þeim tíma lágu fyrir allar heimildir fyrir stækkun álversins á Grundartanga. Þegar rætt var um hvernig afla ætti orku til þeirrar stækkunar, þá voru í raun tveir kostir í boði. Annars vegar að fara í Norðlingaölduveitu. Landsvirkjun hafði í huga að fara í Norðlingaölduveitu og afla orku til álversins við Grundartanga eða þá að þau mál yrðu leyst með því að Orkuveita Reykjavíkur kæmi inn í málið með orku frá Hellisheiði.

Á þeim tíma stóðum við frammi fyrir því vali að styðja að Orkuveita Reykjavíkur afhenti orku til stækkunar á

Grundartanga en um leið töldum við, og höfðum sannfæringu fyrir því, að með því móti gætum við forðað því að farið yrði í Þjórsárver og að Norðlingaölduveita yrði að veruleika. Það er ástæðan fyrir því að við studdum það mál. Það eru málefnalegar forsendur fyrir því. Ég trúi því að hæstv. iðnaðarráðherra hefði valið með sama hætti ef hann hefði verið í þeim sporum.

Það kom líka fram í umræðunni fyrr í dag að ríkisstjórnin færi ekki inn í stjórnir orkufyrirtækjanna og segði þeim fyrir verkum. Ég verð nú að segja fyrir mína parta að ég tel að ríkisstjórnin, ef hún hefur ákveðna stefnu í þessu máli, eigi í það minnsta að ræða við orkufyrirtækin í landinu. Í framhaldi af þeim yfirlýsingum sem gefnar voru fyrir kosningar, einkum og sér í lagi af hálfu flokks hæstv. iðnaðarráðherra, og þess sem stendur í stjórnarsáttmálanum og þeirra orða sem hæstv. umhverfisráðherra lét falla í umræðu um stefnuræðu forsætisráðherra, þá hefðu þeir tveir ágætu ráðherrar, hæstv. umhverfisráðherra og hæstv. iðnaðarráðherra, nánast á fyrsta degi í embætti átt að fara inn í orkufyrirtækin, ræða við forustumenn orkufyrirtækjanna, stjórnendur þeirra og segja: Hér er komin ný ríkisstjórn. Hún ætlar að hafa það sem forgangsatriði að vernda háhitasvæði landsins. Þannig væri tryggt að ekki verði farið í þessi stóru verkefni sem Helguvík er og stækkun í Straumsvík, ef af henni verður. Hvað veit ég um það?

Það er fróðlegt að rifja það upp að formaður Samfylkingarinnar, hæstv. utanríkisráðherra, hefur lýst því yfir á Alþingi, meðan hún var í stjórnarandstöðu, að mikilvægt væri að taka í taumana og fresta þeim stóriðjuframkvæmdum sem fyrirhugaðar eru á næstu árum. Þar vísar hún til áforma um stækkunina í Straumsvík og álver í Helguvík. Þá kom fram sú afstaða núverandi hæstv. utanríkisráðherra og formanns Samfylkingarinnar að hennar afstaða væri sú að koma ætti í veg fyrir þessar álversframkvæmdir. Af þeim sökum finnst mér áhugavert að draga þetta fram. Við höfum einnig rætt málin að því varðar Helguvík í morgun og ekki komst allt að í þeirri stuttu umræðu sem gjarnan hefði mátt koma til skila.

Ég vil líka víkja að efnisatriði þessa samnings er varðar fjármál sveitarfélagsins Hafnarfjarðar. Ég veit raunar að hv. 2. þm. Suðvest. sem er í salnum þekkir þau mætavel. En það kom fram í umræðu þegar málið var hér til umfjöllunar fyrr í vetur, en það náði ekki afgreiðslu á þinginu, að sveitarfélagið Hafnarfjörður taldi sig verða af verulegum tekjum vegna tafa á því að þessi samningur öðlaðist gildi. Hér er gert ráð fyrir að hann gildi frá 1. janúar 2005, en upphaflega og ef allt hefði gengið eðlilega fyrir sig, miðað við það að fyrirtækið óskaði eftir þessum breytingum snemma á árinu 2003, hefði þessi breyting getað átt sér stað 1. janúar 2004, hafi ég skilið málið rétt. Samkvæmt þeim yfirlýsingum sem bæjarstjórinn í Hafnarfirði hefur látið frá sér í þessu samhengi þá telur hann að bærinn hafi orðið af um 100 millj. kr. tekjum vegna þess dráttar sem varð á staðfestingu málsins.

Það er auðvitað fróðlegt að vita, vegna þess að ég les í fjölmiðlaviðtölum við bæjarstjórann í Hafnarfirði, að bæjarstjórn Hafnarfjarðar mun eftir sem áður reyna að láta á það reyna hvort bærinn getur náð þessum tekjum. Það væri fróðlegt að fá að vita það í þessu samhengi hvort það verður gert, hvort bæjarstjórn Hafnarfjarðar muni gera það og hvort bæjarstjórnin í Hafnarfirði fái liðsinni íslenska ríkisins, hæstv. iðnaðarráðherra, í því efni. Það er ekki tryggt með þeim samningi sem hér liggur fyrir, því lagafrumvarpi sem hér liggur fyrir.

Hæstv. forseti. Ég vildi koma þessu á framfæri í tengslum við umræðuna um þetta frumvarp. Ég tel að öðru leyti að ekki sé mikið um frumvarpið að segja, út af fyrir sig.

[16:18]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var mjög fróðlegt að heyra upprifjun hv. þingmanns á afskiptum VG af fyrirhugaðri orkusölu til stóriðju. Sú afstaða sýnir það og undirstrikar að VG er ekki í prinsippinu á móti stóriðju. Ég hafði skilið það einhvern veginn öðruvísi en ég bið þá forláts ef svo hefur verið. Þó liggur alveg ljóst fyrir að VG styður stóriðju en það fer eftir því hvar hún er. Það er út af fyrir sig fín afstaða og ég hef ekkert við hana að athuga.

Að því er varðar síðan þau áform sem það fyrirtæki sem hér um ræðir kann að hafa í Straumsvík þá hef ég engar fregnir af því öðruvísi en lausafregnir í fjölmiðlum. Ef svo er að fyrirtækið sé úti um þorpagrundir að reyna að verða sér úti um önnur svæði þá veit ég ekkert um það annað en að ljóst er að sá ráðherra sem hér stendur mun engin ný rannsóknarleyfi eða nýtingarleyfi gefa út að því er orkuöflun varðar á óröskuðum svæðum. Það verður þá Alþingi sem verður að taka fram fyrir hendurnar á honum í því efni og bara til að veita hv. þingmanni hugarró mun iðnaðarráðherrann ekki veita því liðsinni sitt. Það kemur alveg skýrt fram í stefnuyfirlýsingunni, og hana hyggst ég halda eins vel og ég get, að við stefnum að því árið 2009, fyrir lok þess, að geta lagt fyrir þingið niðurstöður rammaáætlunarinnar og hún verður að hljóta formlega afgreiðslu Alþingis. Alþingi þarf þá að taka ákvörðun um hvort ráðist verður inn í óröskuð svæði. Það verður ekki gert ef þar er um að ræða svæði sem dæmast af sérfræðingum með mikið verndargildi eða hátt verndargildi. Ég held að ég og hv. þingmaður deilum þar svipaðri afstöðu.

Að því er varðar síðan þann orkusamning sem fyrirtækið hefur við tvö orkuframleiðslufyrirtæki hef ég kynnt mér stöðu þeirra mála. Það hefur frest til 30. júní til að ganga formlega frá því. Ég hef hins vegar enga hugmynd um hvað fyrirtækið hyggst gera (Forseti hringir.) varðandi það.

[16:20]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég lýsti því hvernig aðkoma okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði í borgarstjórn Reykjavíkur var að málinu að því er varðar álverið á Grundartanga og hvaða staða var í málinu þar. Við höfum aldrei lýst því yfir að við séum á móti stóriðju bara af því að það er stóriðja. Við höfum sagt og barist gegn þeim virkjanaáformum til stóriðju sem hér hafa verið á undaförnum árum vegna þeirra umhverfisáhrifa og þeirra efnahags- og samfélagslegu áhrifa sem það hefur haft í för með sér. Það höfum við viljað taka með í dæmið. Á þessu byggðist afstaða okkar m.a. að því er varðar stækkunina á Grundartanga vegna

þess að við vildum leggja okkar lóð á vogarskálina til að koma í veg fyrir að farið yrði inn í Þjórsárverin með Norðlingaölduveitu.

Síðan segir hæstv. ráðherra að hann muni ekki veita nein ný leyfi. Það sem ég held að geti verið fróðlegt að skoða í þessu samhengi er að það eru auðvitað ákveðin leyfi og það er orkusölusamningur í gangi hjá Alcan gagnvart Orkuveitu Reykjavíkur vegna Straumsvíkur. Ef það fyrirtæki ákveður t.d. að flytja sig um set þá er væntanlega verið að tala um að flytja þá samninga með sér á ný svæði og þá kemur væntanlega ekki til þess að úthluta nýjum leyfum ef ég hef skilið málið rétt. Ráðherrann getur auðvitað komið hér og sagt að hann muni ekki gefa nein ný leyfi inn á óröskuð svæði. En hvað þá með svæði sem þegar er byrjað að virkja og kalla hugsanlega á enn meiri orkuöflun á þeim svæðum? Við getum talað um svæði á Reykjanesi, á Hengilssvæðinu eða á Nesjavöllum þess vegna. Hvernig mun ráðherrann bregðast við því?

[16:22]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég mun bregðast við því með þeim hætti að fara eftir því sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði í þingræðu sinni fyrir nokkrum missirum, t.d. varðandi Nesjavelli, þar sem hann hvatti til þess að fyrst á annað borð væri búið að fara í það svæði þá verði því haldið áfram.

Ég vil einnig segja það algjörlega skýrt að ég hyggst ekki hryggja hv. þingmann með því að afturkalla leyfið sem forveri minn veitti borgarstjórn Reykjavíkur þegar sótt var um leyfi til að virkja á ákveðnum svæðum, m.a. með atbeina hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar. Svo einfalt er það nú.

Ég er með öðrum orðum að segja að þeir sem hafa rannsóknarleyfi fái að rannsaka, þeir sem hafa nýtingarleyfi fái að nýta án atbeina Alþingis. Ef á að fara fram hjá því, ef breyta á rannsóknarleyfum yfir í nýtingarleyfi þarf atbeina Alþingis til. Það mun ekki gerast með mínu atkvæði. Svona verður staðan fram til 2009. Þá mun Alþingi fá til umfjöllunar og formlegrar afgreiðslu niðurstöður rammaáætlunar og þá er það Alþingis að taka ákvörðun um það.

Að því er varðar þau svæði sem hv. þingmaður nefndi á Hellisheiði og víðar undrast ég að hann skuli í reynd vera að hvetja mig til þess að afturkalla þau leyfi vegna þess að hann bað um þau sjálfur. Þetta undirstrikar hins vegar þann tvískinnung sem VG hefur sýnt í málinu. Hann kemur t.d. fram í því að hv. þingmaður segir það alveg skýrt að hann er í prinsippinu með stóriðju ef hún er á réttum stað. Ja, herra trúr, ég gæti rifjað upp umræður sem ég átti við hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur þar sem niðurstaðan var allt önnur. Hún vildi ekki stóriðju, jafnvel þó að orkan kæmi úr djúpborunum á svæðum sem fyrir löngu er búið að raska. Þetta stendur nú bara í þingtíðindum.

Hér vegast því á mismunandi sjónarmið innan VG alveg eins og nútíðin, bara það sem formaður VG sagði fyrir hálfum mánuði um að hann vildi gefa Helguvík í meðgjöf, í heimanmund, ef hann fengi að komast í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum er allt annað en VG sagði fyrir tveimur mánuðum. (Forseti hringir.) Menn verða að hafa eina stefnu í þessum málum. (Forseti hringir.) Það hefur núverandi ríkisstjórn.

[16:24]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hann heyrir hann Jóhannes þegar hann vill heyra, hefði móðir mín heitin sagt. Hæstv. iðnaðarráðherra heyrir bara það sem hann vill heyra í þessu máli.

Ég tel að það sem hann vitnar m.a. í orð formanns Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs var þar fyrst og fremst verið að spyrja þeirrar spurningar af blaðamanni í eftirfarandi samhengi: Mun Vinstri hreyfingin – grænt framboð setja einhver fyrirframskilyrði, „ultimatum", í viðræðum við aðra flokka? Hann svaraði því: Nei, við munum ekki setja fyrir fram nein skilyrði, ekki að því er varðar þetta mál heldur.

Að sjálfsögðu var það auðvitað öllum ljóst að það voru ákveðin mál sem við mundum sækja mjög fast ef við hefðum lent í þeirri aðstöðu að ræða við aðra flokka og síðan hefðum við þá metið það þegar upp var staðið hvort það væri ásættanlegt eða ekki frá sjónarmiði okkar.

Hér er því um fullkominn útúrsnúning að ræða hjá hæstv. iðnaðarráðherra og mér finnst að hann eigi að vanda sig í störfum sínum á hv. Alþingi þegar hann hlustar á það sem aðrir hafa að segja.

[16:26]

Gunnar Svavarsson (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Í ljósi þeirrar ræðu sem hv. 9. þm. Reykv. n., Árni Þór Sigurðsson, flutti varðandi tiltekin atriði er lúta að Hafnarfjarðarbæ er mér ljúft að upplýsa að Hafnarfjarðarbær hefur lagt fram álit, komið fram með samhljóða niðurstöðu frá bæjarstjórninni varðandi þann samning sem Alcan fór fram með við ríkisstjórn Íslands og um hér er fjallað. En líkt og segir á bls. 3 í umræddu frumvarpi liggur fyrir að ríkisstjórnin og Alcan eru að leggja umræddar samningsbreytingar fram í kjölfar samningaviðræðna þeirra á milli. Hafnarfjarðarbær hefur ekki komið að þeim viðræðum, hvorki á umliðnum vikum né umliðnum mánuðum eða árum.

Þetta verkefni fór af stað árið 2001 í ljósi breytinga á skattaumhverfi fyrirtækja líkt og hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson kom hér að áðan. Alcan óskaði eftir því að fara fram með mat á fasteignum sínum á árunum 2001–2002, kærði það til yfirfasteignamatsnefndar á þeim tíma og fékk niðurstöðu og í ljósi þess var lögð fram beiðni, eins og kemur hér fram, 28. maí 2003. Hafnarfjarðarbær hefur alla tíð sagt að það ákvæði eigi að gilda sem er í aðalsamningnum, ákvæði 3303, sem segir að gildistíminn sé frá og með næstu áramótum eða 1. janúar 2004. Þetta er alveg kýrskýrt af hálfu bæjarstjórnar Hafnarfjarðar samhljóða eða væntanlega mun bæjarstjórnin koma því á framfæri til iðnaðarnefndar þegar þetta frumvarp verður tekið þar til umfjöllunar.

[16:28]

Pétur H. Blöndal (S):

Frú forseti. Við ræðum frumvarp til laga um að staðfesta

samning á milli ríkisstjórnar Íslands og Alcan Holdings Switzerland Ltd. um álbræðslu í Straumsvík. Í samningnum er samið um þá meginbreytingu að Alcan lúti frá og með 1. janúar 2005 íslenskum skattalögum í einu og öllu eins og aðrir lögaðilar er bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi.

20. mars 1997, fyrir sléttum tíu árum, sagði ég í ræðu þegar rædd voru lög um álbræðslu á Grundartanga:

„Þegar maður lítur yfir þetta frumvarp, þá er það aðallega fólgið í undanþágum frá íslenskum lögum hvað varðar ýmis ákvæði sem íþyngja íslenskum hlutafélögum."

Þá nefndi ég fyrst að tekin var ábyrgð á efndum Skilmanna- og Hvalfjarðarhrepps, í öðru lagi var undanþága frá skattamálum, tekjuskatturinn væri negldur niður í 33% en gæti lækkað en ekki hækkað og svo voru sérstakar reglur um arðinn. Fyrirtækið væri eignarskattsfrjálst á meðan allir íslenskir einkaaðilar, bæði einstaklingar og fyrirtæki, borguðu eignarskatt.

Síðan segi ég í ræðunni:

„Fyrirtækið er undanþegið iðnlánasjóðsgjaldi, iðnaðarmálagjaldi, markaðsgjaldi, það er sérákvæði um fasteignaskatt og sérstakur fasteignaskattur er líka felldur niður og settur inn á eitt form. Stimpilgjaldið er 0,15% og jafnvel 0% í staðinn fyrir að innlend fyrirtæki þurfa að borga allt upp í 1,5%, tífalt meira, í stimpilgjald. Það eru sérstök ákvæði um byggingarleyfisgjald, gatnagerðargjald, skipulagsgjald og svo eru felldir niður tollar og vörugjöld. Hversu mörg innlend fyrirtæki, sem standa í endalausu basli og slagsmálum við skattheimtumenn og opinberan eftirlitsiðnað, mundu ekki vilja sjá slíkar reglur? Fjöldamörg. Og svo eru menn hissa á því að innlend fyrirtæki geti ekki greitt hærri laun og skilað meiri hagnaði."

Svo segi ég í lok ræðunnar, með leyfi frú forseta:

„Við þurfum að huga að því ekki bara að fá stóriðju til landsins heldur að huga líka að þeim fyrirtækjum sem eru í landinu. Við þurfum að fara í gegnum þær undanþágur sem við erum að veita þessu erlenda fyrirtæki og spyrja okkur hvort við getum ekki haft fyrir íslensk fyrirtæki nákvæmlega sömu reglur á sviði skattamála, eftirlitsmála o.s.frv. þannig að við léttum þessum hlekkjum af innlendu atvinnulífi. Það finnst mér vera næsta skref, að fara í gegnum þessi skattalög og eftirlitslög og athuga hvort ekki megi létta einhverju af innlendum fyrirtækjum til samræmis við það sem menn telja sig nauðbeygða til að veita erlendum fyrirtækjum hér á landi til að fá þau til landsins."

Þetta hefur allt gengið eftir, frú forseti. Við erum búin að gera íslenskt skattaumhverfi og eftirlitsumhverfi svo gott fyrir innlend fyrirtæki að hinn erlendi aðili vill núna taka upp innlenda skattkerfið. Ég get ekki annað en glaðst, frú forseti, glaðst verulega. Þetta frumvarp er vottorð um það að íslenskt atvinnulíf býr við samkeppnisfærar skattareglur og eftirlitsreglur eins og best gerast í heiminum.

[16:32]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg):

Hæstv. forseti. Hér koma sjálfstæðismenn í röðum í pontu og gefa skattkerfi íslensku ríkisstjórnarinnar, þeirrar sem Framsóknarflokkurinn sat í með Sjálfstæðisflokki, heilbrigðisvottorð til hægri og vinstri vegna hins góða skattkerfis sem þeir segja að við búum hér við.

Jú, mikið rétt. stóriðjufyrirtækið Alcan í Straumsvík hefur óskað eftir því frá 2003 að fá að greiða skatta hér á landi samkvæmt almennum íslenskum skattalögum. Í sjálfu sér er ekkert við það að athuga en það vekur auðvitað upp þær hugsanir hversu miklir fjármunir það eru sem íslenska ríkið og íslenskt samfélag og t.d. íslenskt velferðarkerfi hefur þurft að fara á mis frá árinu 1990 þegar verið var að gera þessa samninga og enn þá aftar í tíma. Það hljóta að vera orðnir gríðarlegir fjármunir þegar því er öllu safnað saman.

Maður spyr sig: Erum við í sjálfu sér stolt af því að hafa laðað til okkar erlenda fjárfesta sem komu hingað vegna auðlindanna okkar, orkuauðlindanna, og keyptu af okkur raforku á verði sem var til skammar og haldnar voru langar ræður um í þingsölum og verða jafnvel áfram ef áfram heldur sem horfir varðandi orkuverð í nýjustu orkusölusamningum til stóriðjufyrirtækjanna?

Hér er nú ekki allt sem sýnist og kannski ekki allt sem þarf að gleðjast yfir þó að engu að síður sé hægt að segja að íslenska skattkerfið sé þá þess eðlis að hver sem er geti fellt sig við það og það sé til skammar að stórfyrirtækin skyldu hafa fengið þær ívilnanir sem þau fengu á sínum tíma. Þar er ég sammála hv. þm. Pétri Blöndal og mig rekur minni til þess að flokksfélagi minn, hv. fyrrverandi þm. Hjörleifur Guttormsson hafi haldið hér æðimargar og æðilangar ræður um nákvæmlega þessa hluti, siðferðisbrest ríkisstjórnarinnar á þeim tíma sem þeir samningar sem við fjöllum um hér voru gerðir. Það er þó gott ef menn geta vitkast og áttað sig á að hlutir geti horft til betri vegar þegar skynsemin nær yfirhöndinni.

Það eru eflaust einhver álitaefni í þessum samningi, þeim viðauka sem hér er til umfjöllunar, með tilliti til annarra samninga við fyrirtækið. Þegar hv. þm. Pétur H. Blöndal rifjar upp þau gjöld sem stóriðjufyrirtækið hefur verið undanþegið fram að þessu nefnir hann iðnaðargjald og einhver fleiri gjöld. Nú er ég ekki svo vel heima í því að ég viti hvort þessi gjöld eru enn innheimt eða ekki. (**PHB:** Jú.) Þau eru það, segir hv. þingmaður. En þá spyr maður sig: Greiðir þetta fyrirtæki þá ekki slík gjöld frá og með þessum breytingum? Nú eru hér álitaefni sem gera má ráð fyrir að verði skoðuð í þeirri nefnd sem fær málið til umfjöllunar og ég geri ráð fyrir að við fáum þá frekari fróðleik í því nefndaráliti sem lítur dagsins ljós að því nefndarstarfi loknu.

Mig langar til að gera að umræðuefni greinar sem Indriði H. Þorláksson skrifaði í Morgunblaðið í apríl síðastliðnum þar sem hann fjallar um auðlindir og arð. Þar talar hann í sjálfu sér tæpitungulaust um að arðsemi þess að selja orku til stóriðju sé afar lítil þar sem virðisaukinn sem verður til í landinu er afskaplega lítill og stóriðjufyrirtækin koma ár sinni ævinlega þannig fyrir borð að auðlindarentan verði ekki okkar, sem erum þó að selja þessum fyrirtækjum auðlindina okkar, heldur verði auðlindarentan eftir hjá hinum erlendu fyrirtækjum sem fara síðan með hana úr landi. Enn eru stórir siðferðisbrestir í stóriðjustefnunni sem eru fólgnir í því að við kunnum ekki fótum okkar forráð í þessum efnum og áttum okkur ekki á því hvílíkur fengur það er að hafa fengið til varðveislu þær orkuauðlindir sem eru til staðar í landinu. Nei, við höfum sóað þeim á altari stóriðjustefnunnar, til erlendra stóriðjufyrirtækja sem hafa örugglega grætt tugi milljarða, leyfi ég mér að segja. Alcan hefur

örugglega grætt hér tugi milljarða á ódýrum orkusölusamningum og ívilnandi skattasamningum við íslensku ríkisstjórnina þann tíma sem það fyrirtæki hefur verið starfandi í Straumsvík. Í sjálfu sér erum við enn að láta þessi erlendu stóriðjufyrirtæki taka til sín rentu og arð af þeirri auðlind sem eðlilegt væri að við, íslenska þjóðin, fengjum notið.

Indriði H. Þorlaksson segir í grein sinni í Morgunblaðinu 23. apríl að rétt sé að hafa í huga að Ísland sé ekki hagkvæmur framleiðslustaður fyrir ál, t.d. með tilliti til flutnings á hráefni og framleiðsluvöru og þeirrar staðreyndar að laun séu hér há, og hann segir að þetta óhagræði verði að jafna út með orkuverðinu. Hverjir eru það sem gjalda fyrir? Það erum við, íslenska þjóðin.

Mig langar til að fá að vitna beint í grein Indriða vegna þess að ég tel að það sem hann segir eigi fullt erindi til okkar í þeirri stóriðjuumræðu sem hefur tekið sig upp á sumarþinginu, fyrstu dögum nýrrar ríkisstjórnar. Þar segir hann að það bendi allt sterklega til þess að verð á orku til álframleiðslu hér á landi sé nú orðið lægra en heimsmarkaðsverð og sé svo sé það vísbending um að orkukaupandinn, þ.e. álverið í þessu tilfelli, sé að fá í sinn hlut nokkuð af þeirri rentu sem auðlindin sjálf gefur af sér. Svo segir hann, með leyfi forseta:

„Sú spurning vaknar hins vegar hvort nýting náttúruauðlinda með þeim hætti að arður af þeim renni að verulegu leyti til erlendra aðila samrýmist hugmyndum manna um þjóðareign á náttúruauðlindunum og nýtingarrétt á þeim. Fyrir Ísland hefur auðlindin þá misst fjárhagslegt gildi sitt, öðrum nýtingarmöguleikum hefur verið fórnað og umhverfisspjöll hugsanlega unnin. Auðlindin er þá ekki lengur auðlind en er orðin byrði."

Ég verð að segja, hæstv. forseti, að Indriði H. Þorlaksson, sem er afar fróður maður um fjármál og skattamál eins og við vitum, hefur að mínu mati lög að mæla í þessum greinum og það er ástæða til að þær nefndir sem starfa á þessu sviði líti á þessi ummæli hans í Morgunblaðsgreinunum í tengslum við þau mál sem nú eru að fara til þeirra.

Hæstv. iðnaðarráðherra stendur hér í pontu og reigir sig mjög að mínu mati þar sem hann nýr okkur Vinstri grænum því um nasir að við séum ótrúverðug í stóriðjumálum. Í því sambandi, sagði hann áðan, yrðu menn bara að hafa eina stefnu og það hefði núverandi ríkisstjórn.

Nú langar mig til að benda þingheimi og þjóð á að þar talar hæstv. ráðherra, þar talar maður sem fyrir ekki svo löngu síðan, þ.e. hinn 15. mars 2003, greiddi atkvæði með Norðlingaölduveitu og var því fylgjandi að Norðlingaölduveita yrði reist í Þjórsárverum. Þessi hæstv. ráðherra hefur nú skipt um skoðun í orði kveðnu, hann segir að vernda eigi votlendið í Þjórsárverum. Hann segir að þessi ríkisstjórn hafi eina skoðun. Það kom mjög glöggt í ljós á fyrsta degi ríkisstjórnarinnar að svo er ekki. Hæstv. ráðherra fer með bull og fleipur úr ræðustólnum, því að hæstv. forsætisráðherra sagði í fjölmiðlum 24. maí sl., daginn sem ríkisstjórnin hóf störf sín, að það stæði ekki nokkur skapaður hlutur um það í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að horfið yrði frá Norðlingaölduveitu. Ef það væri ætlunin stæði það í stefnuyfirlýsingunni. En það stendur þar ekki. Og hv. þm. Pétur H. Blöndal kinkar hér kolli til samþykkis um að hann sé þar með sammála túlkun hæstv. forsætisráðherra. Sama dag sagði hæstv. utanríkisráðherra Ingibjörg Sólrún Gísladóttir að samkvæmt sínum skilningi á stefnuyfirlýsingunni væri ekki pláss fyrir Norðlingaölduveitu og hún yrði ekki reist á þessu kjörtímabili. Hvað er þessi hæstv. iðnaðarráðherra svo að pípa um ríkisstjórn með eina skoðun?

Í tilefni orða hans áðan þar sem hann sagði að hann mundi ekki afturkalla einhver rannsóknarleyfi sem hefðu verið gefin út með tilstyrk eða tilstuðlan Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, eins og hann orðaði það í ræðum sínum áðan, vil ég fá að spyrja þennan hæstv. iðnaðarráðherra hreint út varðandi síðasta embættisverk forvera hans sem var þann 10. maí og fólst í því að gefa út rannsóknarleyfi á óraskað svæði norður í landi. Það heitir Gjástykki. Mun þessi hæstv. iðnaðarráðherra þá ekki beita sér fyrir því meðan þær framkvæmdir eru ekki hafnar að afturkalla það leyfi? Ef hæstv. ráðherra er tilbúinn til að afturkalla það leyfi sem gefið hefur verið út til að raska þeim náttúruminjum sem við eigum í Gjástykki, fer kannski að kveða við annan tón frá mér í hans garð.

Ég vil fá að heyra það hér frá hæstv. ráðherra áður en við förum úr þingsalnum í dag og yfirgefum þessa umræðu hvort hann hyggist beita sér fyrir því að rannsóknarleyfið í Gjástykki verði afturkallað.

[16:42]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Svarið er alveg afdráttarlaust nei. Mér finnst að hv. þingmaður eigi skilið að fá ærlegt svar frá mér. Ég gerði mér að vísu ekki grein fyrir að þetta hefði verið síðasta embættisverk forvera míns. En eins og ég sagði í ræðu minni áðan þá er stefnan sem ég fylgi sú að þau svæði sem hafa rannsóknarleyfi getum við rannsakað, að þau svæði sem hafa nýtingarleyfi getum við nýtt. Ég afturkalla engin leyfi en ég gef engin ný leyfi út sem iðnaðarráðherra fyrr en þá Alþingi tekur fram fyrir hendurnar á mér. Ég hef sagt það við hv. þm. Árna Þór Sigurðsson að ekki greiði ég atkvæði með því.

Ég hef sömuleiðis sagt að þessi stefna verður í gildi þangað til Alþingi hefur formlega afgreitt niðurstöður rammaáætlunarinnar. Ríkisstjórnin samþykkti það fyrr í þessari viku að stefna að því að því yrði lokið, þ.e. vinnu hennar, í maí 2009 og gefur sér síðan tíma fram á haustið til að vinna úr því og leggja fram niðurstöðuna til þingsins til formlegrar afgreiðslu. Þannig að á öllum stigum málsins hefur Alþingi eitt möguleika samkvæmt þeirri stefnu sem samþykkt er af báðum ríkisstjórnarflokkunum til að taka fram fyrir hendurnar á þeim iðnaðarráðherra sem hér stendur um það efni.

Ég ætla svo ekki að ergja hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur með því að lesa úr þeim stafla ræðna héðan og úr borgarstjórn Reykjavíkur sem ég hef sankað að mér á undanförnum árum og missirum um afstöðu VG til hinna ýmsu virkjana. En það getur vel komið að því að ég geri það ef liggur þannig á mér þann daginn.

Að því er Norðlingaölduveitu varðar þá er það alveg klárt af minni hálfu að það er ekkert sem leiðir til þess í stjórnarsáttmálanum að farið verði í Norðlingaölduveitu á

þessu kjörtímabili og vonandi aldrei. Það verður alla vega ekki gert meðan Samfylkingin hefur eitthvað yfir því að segja. Og af því að hv. þm. Árni Þór Árnason spurði hvort ég hefði talað við Landsvirkjun en ég komst bara ekki að til að svara, þá hef ég gert það og gert henni þessa afstöðu mína (Forseti hringir.) ljósa með ákaflega afdráttarlausum hætti.

[16:44]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er í sjálfu sér góðra gjalda vert og samrýmist stefnu Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og er algjörlega í takt við þær kröfur sem við höfum sett fram á Alþingi Íslendinga í átta ár að rammaáætlunin fái blessun Alþingis og fái umfjöllun hér og að hún fái lögformlegt gildi áður en farið er að vinna eftir henni. Ég fagna því og hef gert það áður í fjölmiðlum þegar ég sá að það var hluti af stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Á hinn bóginn verð ég að gera athugasemdir við ræðu hæstv. iðnaðarráðherra þar sem kemur fram að hann muni ekki skipta sér af rannsóknarleyfinu í Gjástykki. Rannsóknarleyfið í Gjástykki leiðir af sér slík náttúruspjöll að ekki verður annað sagt en að það setji stefnu Samfylkingarinnar í uppnám ef hún getur látið sér í léttu rúmi liggja að einu af fáum háhitasvæðum sem eftir eru óröskuð verði raskað í hennar tíð og það kannski fyrsta sumarið sem þessi ríkisstjórn hennar starfar. Það er mjög alvarlegt mál og ég hefði viljað fá annars konar svör frá hæstv. ráðherra hvað þetta varðar.

Varðandi svo ríkisstjórnina sem hefur eina skoðun að sögn hæstv. iðnaðarráðherra, þá er auðvitað alveg ljóst að Sjálfstæðisflokkurinn er á annarri skoðun hvað varðar Norðlingaölduveitu en Samfylkingin. Ef starfað verður innan ríkisstjórnarinnar eins og hún hefur gefið okkur tilefni til að ætla að starfað verði hér á Alþingi, þ.e. að beitt sé meirihlutavaldi eins og gert var á fyrsta þingfundi varðandi kjör í nefndir, þá skyldi maður ætla að stíllinn innan ríkisstjórnarinnar verði sá að sá sem meirihlutavald hefur þar, þ.e. Sjálfstæðisflokkurinn, komi til með að sveigja einhverja samfylkingarráðherra inn á sinn vilja. Ég lýsi því yfir úr þessum ræðustóli að ég er skíthrædd um að á (Forseti hringir.) þessu kjörtímabili klingi Norðlingaölduveita af því að Samfylkingin kemur til með að lyppast niður í því máli (Forseti hringir.) eins og öðrum.

[16:47]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er út af fyrir sig ágætt að hv. þingmaður sé skíthrædd um það. Hún mun þá standa í lappirnar eins og ég veit að hún hefur eðli og krafta til til þess að veita þessum iðnaðarráðherra aðhald í því efni og hjálpa honum eftir atvikum.

Hins vegar fer henni eins og Tómasi forðum. Hún verður þá bara að leggja höndina í sárið og trúa því. Hún verður bara að minnast þessara orða sinna þegar kjörtímabilið er úti og meta stöðuna þá, hvað hefur gerst og hvað hefur ekki gerst.

Það er a.m.k. alveg ljóst að sú stefna sem ég mun fylgja sem iðnaðarráðherra er algjörlega kristaltær. Hún speglast í fullkomlega ærlegum svörum mínum til hv. þingmanns. Hún spyr mig um Gjástykki þar sem búið var að veita rannsóknarleyfi og ég ætla ekki að afturkalla það. Hv. þingmaður gæti svo spurt mig með hvaða hætti ætti að afturkalla það. Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því. Í öllu falli ætla ég ekki að gera það. En ég ætla ekki að veita rannsóknarleyfi, hvað þá nýtingarleyfi, á önnur svæði sem óröskuð eru nema Alþingi taki fram fyrir hendurnar á mér. Hv. þingmaður gæti þá spurt mig, eins og hv. þm. Árni Þór Sigurðsson, eðlilega: Hvað með þennan rosalega meiri hluta sem er á þessu þingi? Verður stjórnarandstaðan bara ekki lamin niður í því efni? Ekki með atkvæði iðnaðarráðherra. Það er algjörlega klárt. Þetta liggur bara kristaltært fyrir.

Náttúruverndin og átökin um hana hafa snúist um hin óröskuðu svæði, þau sem ekki er búið að skemma. Þetta gengur út á að vernda þau og viðkvæm búsvæði. Það er viðfangsefni hins praktíska stjórnmálamanns. Við breytum ekki þeim svæðum sem búið er að raska, því miður. Því miður. Það er bara þannig. (**KolH:** Það er ekki búið að raska Gjástykki.) Enginn snýr klukku tímans aftur, ekki einu sinni hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir. Ég virði afstöðu hennar. Hún er eldhugi í þessari baráttu. Ég vona að ég sé það á minn hátt líka. Ég hef dregið línurnar. Ég ætla að halda mig innan þeirra.

[16:49]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður spyr: Hversu miklum fjármunum höfum við séð af í áratug með skattaívilnunum til erlendra fyrirtækja? Það er svo skemmtilegt að þegar skattar á fyrirtæki voru lækkaðir og öll helsi af þeim tekin blómstruðu skattstofnarnir þannig að tekjur ríkissjóðs stórjukust. Svo getur maður rætt um það endalaust og deilt hvort það sé skattahækkun eða skattalækkun.

Tekjur ríkisins hafa sannanlega stóraukist. Ef við hefðum veitt íslenskum fyrirtækjum þessar sömu skattaívilnanir síðasta áratug hefði ríkissjóður verið miklu betur settur. Við höfum ekki séð af neinum fjármunum, við sjáum hins vegar af fjármunum frá íslenskum fyrirtækjum með því að ofskatta þau. Nákvæmlega eins og þegar hrossið er hlaðið svo mikið að það skjögrar undan byrðinni og kemst ekkert áfram. Þetta er ekki til skammar.

Síðan vitnaði hv. þingmaður í Indriða H. Þorlákssson, fyrrverandi ríkisskattstjóra, um að virðisaukinn væri sáralítill. Ég vil bara benda á að eigið fé Landsvirkjunar er 60–70 milljarðar og er komið af engu. Það hefur aldrei verið lögð króna að heitið geti í það góða fyrirtæki. Allt eru þetta bara virkjanir og raforkusala, allt eigið fé. Og það á eftir að vaxa enn frekar eftir að Hálslón kemst í gagnið.

Svo segir hún að við höfum fengið orkulindirnar og séum að sóa þeim. Við hefðum einmitt sóað þeim með því að nota þær ekki. Eftir að Jökla fór að vinna fyrir okkur í september sl. fer hún að gefa arð. Þangað til gaf hún engan arð. Hún rann bara út í sjó. Það var ekki einu sinni uppsöfnun. Vatnið bara hvarf. Það er skylda okkar að nýta þessar auðlindir svo fremi sem við göngum ekki of nærri náttúrunni.

[16:51]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Pétur H. Blöndal hefur sérstaka sýn varðandi skattlagningu fyrirtækja. Ég get alveg unnt honum þess að hafa aðra sýn en ég hef í þeim efnum. Ég er hins vegar algjörlega sannfærð um að íslenska ríkið og íslenska þjóðin hefur farið á mis við fjármuni frá stóriðjufyrirtækjunum í ljósi þeirra gríðarlegu ívilnana sem voru leiddar í lög þegar samningarnir við þau voru gerðir. Það er algjörlega deginum ljósara að íslenska þjóðin og íslenska ríkið átti að fá miklu meira af fjármunum í sinn hlut fyrir þá orku og aðstöðu sem þessi fyrirtæki fengu hjá okkur.

Hitt er svo annað mál, og auðvitað skylt, hvað það er sem við erum að selja þessum fyrirtækjum og hvort við verðleggjum það á þann hátt sem eðlilegt getur talist. Mín skoðun er sú að svo sé ekki. Mín skoðun er sú að við eigum að meta auðlindina ósnortna fyrst og reikna hana inn í dæmið. Við eigum að viðurkenna það að náttúra Íslands hefur verðgildi í sjálfu sér. Öðruvísi héti hún ekki auðlind.

Það leiðir af sjálfu sér að ef ekki verður til neinn „auður" er lindin ekki auðlind. Við höfum verið að fórna auðlindinni okkar ósnortinni á altari stóriðjustefnunnar, erlendrar stóriðju sem hefur hirt arðinn af auðlindinni til sín. Og hver nýtur góðs af því? Fyrst og síðast fyrirtækin sjálf sem bólgna út og auka völd sín og umfang og stjórna kannski lögum og lofum orðið í heiminum af því að lönd og þjóðir hafa hleypt þeim í auðlindirnar sínar og ekki áttað sig á því að þau létu miklu meira en góðu hófi gegndi í hendurnar á þessum stórfyrirtækjum. Það er þetta sem ég hef gagnrýnt íslensk stjórnvöld fyrir, þ.e. að hafa látið auðlindirnar verðlausar í hendurnar á þessum stórfyrirtækjum.

[16:53]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður leyfir sér að segja að ekki hafi orðið til auður. Hún ætti bara að tala við bæjarsjóð Hafnarfjarðar. Hún ætti að tala við atvinnurekendur í kringum álverið í Straumsvík. Og hún ætti að tala við Austfirðinga sem ætla að halda hátíð á laugardaginn þar sem ég ætla að mæta með gleði í hjarta til að gleðjast yfir því að atvinnulíf á Austfjörðum og mannlíf allt blómstrar.

Hafi ekki orðið til auður? Vissulega er til auður. Það verður til auður í kringum þessi fyrirtæki og þessa starfsemi en það hefur sérstaklega orðið til auður í Landsvirkjun sem er í eigu ríkisins. Þar verður auðurinn til og hann hefur orðið til í Landsvirkjun úr engu. Hann hefur orðið til vegna þess að Landsvirkjun selur aðgang að auðlindinni þannig að það verður til auður, ekki spurning, í kringum þessa atvinnustarfsemi í Hafnarfirði, Grundartanga, á Akranesi o.s.frv. Alls staðar er auðugt atvinnulíf sem blómstrar og svo verður til auður hjá orkufyrirtækjunum sem mynda eigið fé.

Vissulega er til auður en það verður enginn auður til þar sem ekki er virkjað. Ef við hefðum ekki virkjað við Búrfell á sínum tíma og ekki virkjað Þjórsá yfirleitt og öll þessi fljót væri þjóðin miklu fátækari en ella.

[16:55]

Kolbrún Halldórsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ætli það sé ekki í raun og veru íslenska þjóðin sem hefur með óhóflega háu raforkuverði goldið fyrir það sem stóriðjan hefði átt að greiða fyrir? Það mun hafa verið í tvígang á 8. áratugnum sem þurfti að hækka raforkuverð á allan almenning til að Landsvirkjun færi ekki á hausinn. Hv. þingmaður verður að átta sig á því að við erum að tala hér um talsvert langan tíma og það sem er í dag var ekki á þeim tíma sem stóriðja hér á Íslandi steig sín fyrstu skref.

Árið 1995 gaf íslenska ríkisstjórnin líka út risastóran bækling litprentaðan á glanspappír með forsíðu sem var til skammar, til háborinnar skammar, þar sem ríkisstjórnin lýsti því yfir í rauðu risaletri að á Íslandi væri að fá ódýrustu orku sem um gæti í veröldinni til stóriðjufyrirtækja. 1995 setti ríkisstjórnin Ísland á markað fyrir stóriðjufyrirtækin. Þessum stóriðjufyrirtækjum hefur frá 1995, og raunar auðvitað fyrr líka, staðið íslensk náttúra til boða fyrir 0 kr. Það er ósvinna. Það eru helgispjöll í hugum þeirra sem unna íslenskri náttúru og vita og átta sig á því að auður hennar margfaldast og eykst eftir því sem við getum gætt hennar lengur ósnortinnar.

Við vitum alveg hvernig peningaöflin haga sér. Við vitum alveg að peningaöflin ákváðu hér um daginn að prefalda verðgildi alls íslenska raforkumarkaðarins vegna þess að það voru boðnir 7,6 milljarðar í hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja sem var samkvæmt bókun metinn um síðustu áramót á 2,4 milljarða. Er eðlilegt að fjármálaöflin geti spilað svona með eignirnar okkar? Mér finnst það ekki.

[16:57]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Frú forseti. Ég flutti í morgun jómfrúrræðu mína fyrir nær troðfullum sal. Ég hef komist að því þessa viku sem ég hef verið í þingsölum að menn geta undir hvaða máli sem er rætt um hitt og þetta. Ég verð að viðurkenna að ég hef ekki verið tryggasti áhorfandi að sjónvarpi Alþingis undanfarin ár. Þar af leiðandi hafði ég ekki gert mér grein fyrir því hve ólíkt það væri störfum í sveitarstjórnarmálunum, að við getum í raun farið um víðan völl í ýmsum málum.

En varðandi frumvarpið ætla ég samt sem áður að reyna að halda mig við efnisatriði þess. Þær fáu mínútur sem ég hef mundu ekki duga ef ég ætlaði að setja á langa ræðu um stóriðju, orkufyrirtæki, náttúruvernd, umhverfismál og annað álíka. En vissulega er margt í umræðunni í dag sem hægt væri að blanda sér inn í á einn eða annan hátt, þá sérstaklega þann þátt sem ágætur kollegi minn, hv. þm. Árni Þór Sigurðsson, kom að varðandi lýðræðismálin. Hann vék að því fyrr í ræðu sinni í dag. Hann tiltók miklar kosningar sem fóru fram í Hafnarfirði um tiltekið mál, þ.e. deiliskipulag fyrir stækkað álver í Straumsvík. Þar sýndum við þjóðinni, Hafnfirðingar, að það er hægt að fara fram með jafnstór mál eins og þar var gert. Ég hef sjálfur hvatt sveitarfélög til að taka það ákvæði inn í sínar samþykktir. Hafnarfjarðarbær er eina sveitarfélagið á landinu með slíkar samþykktir og jafnskýr ákvæði og raun ber vitni.

Óháð því liggur það fyrir í yfirlýsingu frá bæjarstjórn Hafnarfjarðar að bæjarstjórnin muni ekki hafa frumkvæði

að því að setja fram nýtt deiliskipulag sem gerir ráð fyrir stækkuðu álveri í Straumsvík á þessu kjörtímabili. Það má vel vera að kosið verði um það í sveitarstjórn Hafnarfjarðar árið 2010 en við skulum ekki heldur gleyma því, eins og hefur komið fram í upplýsingum í fjölmiðlum, að með tilliti til þessara ákvæða í samþykktum bæjarins er hægt að koma fram með kröfu um það af hálfu annarra, að slíkt sé tekið til umræðu. Íbúalýðræðið virkar auðvitað í báðar áttir. Það má ekki vera þannig að sveitarstjórnin taki við beiðni frá íbúunum, ef þeir vilja láta fjalla um mál, og stingi því undir stól. Hins vegar þurfa mjög margir íbúar að koma fram með þá kröfu. Þetta eru ákvæði sem ég held að flestir hv. þingmenn hafi kynnt sér og menn þurfa ekkert að undrast það.

Þetta var sett inn í samþykktir Hafnarfjarðarbæjar strax árið 2002 þegar nýr meiri hluti tók þar við völdum. Á sama tíma breyttist, líkt og hv. þm. Pétur Blöndal og kollegi hans hv. þm. Sigurður Kári Kristjánsson komu að, ýmislegt í íslenskum skattalögum. Tekjuskattar á fyrirtæki lækkuðu úr 30% í 18% og gerður hafði verið samningur við Alcoa á Reyðarfirði um skattaumhverfi þess fyrirtækis. Þá stigu stjórnendur sem þá voru í álverinu í Straumsvík fram og óskuðu strax eftir viðræðum um breytingar á skattaumhverfi þeirra. Þá erum við að horfa til baka um fimm ár. Þeir töldu það ójafnræði, væntanlega á markaði, að um eitt fyrirtæki ætti að gilda samningur frá 1966 og í framhaldinu af því voru allar fasteignir, líkt eins og ég kom að áðan, álversins í Straumsvík settar í fasteignamat og Hafnarfjarðarbær vann þá vinnu í samvinnu við Fasteignamat ríkisins. Niðurstaða úr þeirri vinnu birtist okkur haustið 2002. Álverið í Straumsvík var ekki sátt við þá niðurstöðu og kærði úrskurð Fasteignamats ríkisins til yfirfasteignamatsnefndar og á vordögum 2003 kom niðurstaða úr þeim úrskurði sem þýddi að þá var orðið ljóst hversu hátt fasteignamatið yrði á eignum suður í Straumsvík.

Í lagafrumvarpinu liggur fyrir að þann 28. maí 2003, með leyfi forseta, beindi Alcan þeirri tilkynningu til ríkisstjórnarinnar að taka upp samninginn og óskaði fyrirtækið eftir því að lúta almennum íslenskum skattalögum frá og með 1. janúar 2004. Sú tilkynning var líka send Hafnarfjarðarbæ, enda Hafnarfjarðarbær hluti af þessum þríhliða samningi Alcans, ríkisins og Hafnarfjarðarbæjar. Einhverra hluta vegna tóku samningaviðræðurnar mun lengri tíma heldur en gert var ráð fyrir og Hafnarfjarðarbær kom ekki beint að þeim. Það var ekki fyrr en í vor eftir að fjölmargir höfðu kallað eftir niðurstöðu úr viðræðunum, líkt eins og hv. þingmenn muna eftir frá aðdraganda kosninganna um deiliskipulagið, að hæstv. þáverandi iðnaðarráðherra Jón Sigurðsson lagði umrætt frumvarp fram. Það liggur fyrir líkt eins og ég gerði grein fyrir áðan að það hefur verið túlkun Hafnarfjarðarbæjar samhliða túlkun bæjarstjórnar Hafnarfjarðar að samningurinn eigi að taka gildi frá og með 1. janúar 2004 en ekki, eins og niðurstaðan varð í þeim samningaviðræðum sem fóru fram á milli ríkisstjórnarinnar og Alcan, þ.e. 1. janúar 2005.

Hafnarfjarðarhöfn hefur einnig lagt fram ákveðnar athugasemdir sem hafnarstjóri mun væntanlega koma á framfæri til iðnaðarnefndar þegar þetta frumvarp fer þangað. Ég geri ráð fyrir því að engin mótmæli því að þetta frumvarp nái fram að ganga og fari til iðnaðarnefndar. Ég vil einnig sérstaklega taka til atriði sem tengist svæði takmarkaðrar ábyrgðar. En í samningnum frá 1966 er fastbundið svokallað svæði takmarkaðrar ábyrgðar en það hefur verið hljómgrunnur fyrir því í bæjarstjórn Hafnarfjarðar að það hefði verið kostur að taka upp þau samningsákvæði um leið og þau sem lúta að svæði takmarkaðrar ábyrgðar sé minnkað til jafns við svokallað þynningarsvæði.

Þeir sem kynntu sér kosningarnar í vor, ég geri ráð fyrir því að hv. þingmenn hafi flestir kynnt sér þær, vita að fjallað var um tvö svæði, annars vegar svæði takmarkaðrar ábyrgðar þar sem álverið hefur takmarkaða ábyrgð gagnvart þeirri starfsemi sem þar fer fram, á svæðinu í kringum álverið. Síðan höfum við fest í aðalskipulag svokallað þynningarsvæði sem er minna og byggir á mengunarvarnakröfum og við höfum lagt til, vegna þess að mengunarvarnirnar hafa stóraukist og batnað frá 1966, bæði varðandi flúor og brennisteinstvíoxíð.

Við höfum viljað fara fram með það ... — ég segi alltaf við og þarf að fara að læra að ég er ekki staddur í Hafnarborg í Hafnarfirði. En Hafnarfjarðarbær hefur viljað fara fram með þessi tvö svæði, takmarkaðrar ábyrgðar og þynningarsvæðið, að þau kyssist á sömu línu en séu ekki ólík eins og nú er.

Þetta eru þau þrjú atriði sem ég vil koma á framfæri. Það er alveg ljóst að nái þetta frumvarp fram að ganga, sem ég tel eðlilegt, þá verður það til góða. Við getum glaðst yfir því að skattaumhverfi fyrirtækja á Íslandi sé jafnjákvætt og hv. þingmenn Sjálfstæðisflokksins hafa lýst. Ég vil hins vegar segja að þetta er spurningin um jöfnuð á milli fyrirtækja, að þau starfi undir sama hatti. Fyrirtæki sem framleiða sambærilega vöru og vinna í sama umhverfi, algerlega óháð því hvort við getum verið sammála um hvort þau vinni þjóðfélaginu til góðs eða ekki, ættu að búa við sambærilegar aðstæður. En það sem breytist er að Alcan mun greiða tæplega 400 millj. kr. lægri skatta á ári. Hafnarfjarðarbær mun hins vegar fá tæplega 100 millj. kr. aukningu á sköttum. Bæjarfélagið fer að fá fasteignaskatta hjá Hafnarfjarðarbæ í staðinn fyrir framleiðslugjaldið og vissulega hefur verið erfitt að ákvarða framleiðslugjaldið hverju sinni inn í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar því að það tengist framleiðslumagni og stöðu dollars. En ríkið mun vissulega missa nokkrar tekjur. En eins og ég sagði áðan tel ég sanngjarnt að þetta frumvarp nái fram að ganga með þeim hætti sem það er kynnt óháð því að ég sjálfur get ekki tekið undir þá gildistöku sem hér er lagt upp með, þ.e. 1. janúar 2005.

Það kemur fram í fylgiskjali frá fjármálaráðuneytinu, með leyfi forseta:

„Ekki var mögulegt að meta áhrif breytinganna árið 2006 þar sem ársreikningar og álagning fyrir það ár lágu ekki fyrir við gerð umsagnarinnar."

Ég held að drög að ársreikningi séu komin fram á þessu stigi. Þar af leiðandi ætti að vera hægt að meta þetta fyrir árið 2006. En ef ég skoða þetta með tilliti til sveitarfélagsins og horfi til þessara fjögurra ára: 2004, 2005, 2006 og síðan 2007, er ljóst að þær tekjur sem Hafnarfjarðarbær á inni hjá Alcan þótt Alcan muni náttúrlega sækja þau gjöld til ríkisins, nema um 400 millj. kr. Það eru ansi háar tölur í rekstri sveitarfélagsins. Ég skil því vel að Hafnarfjarðarbær komi til með að halda sínum hagsmunum fram í þeim um-

ræðum sem fram munu fara í iðnaðarnefnd.

[17:10]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Frú forseti. Hér hefur orðið dálítil umræða um ýmislegt sem tengist virkjana- og stóriðjumálum í tengslum við þetta mál og ég heyri að hv. þingmenn, nýir, sem eru óvanir þessum stíl finnst þetta kannski svolítið losaralegt en þetta er alvanalegt og telst nú ekki að fara langt út fyrir efnið, ekki nema menn fari þá að ræða í löngu máli alls óskylda hluti. Það mætti kannski gera athugasemdir við það ef menn færu í langar ræður um utanríkismál undir þessum dagskrárlið. En það er ekki nema eðlilegt að menn noti tækifærið og skiptist á skoðunum um ýmislegt sem þessu viðkemur.

Hæstv. iðnaðarráðherra hefur heiðrað mig með því að nefna nafn mitt ærið oft í þessari umræðu í dag og gerði það sama í gær. Það er sjálfsagt að þakka fyrir sig. Hæstv. iðnaðarráðherra getur lengi bætt sjálfan sig í ómerkilegheitum. Það sannast enn, t.d. í tilraunum og tilburðum hans til að snúa út úr orðum manna og gera þeim upp skoðanir. Hæstv. ráðherra gekk svo langt áðan, sem gefur honum sjálfum feiknarlega góða einkunn, að segja að ég hafi gefið álver í Helguvík í forgjöf, (**Iðnrh.:** Í heimanmund.) í heimanmund í væntanlegum viðræðum við Sjálfstæðisflokkinn. Og vitnar þar til blaðaviðtals þar sem ég var að svara og útlista þá stefnu okkar að við vildum stöðva allar frekari stóriðju- og stórvirkjanaframkvæmdir sem lagalega og tæknilega væri hægt að stöðva. Stæðu menn hins vegar frammi fyrir því að einhver mál væru komin svo langt að það væri ekki hægt og ekki gerlegt með neinum lögmætum stjórnvaldsaðgerðum, þá væri það auðvitað veruleiki sem menn yrðu að horfast í augu við.

Ég man að ég sagði t.d. að þökk væri Hafnfirðingum, að þá væri enn hægt að stöðva þá stækkun sem ella hefði tæplega orðið mögulegt ef Hafnfirðingar hefðu samþykkt og bæjaryfirvöld í beinu framhaldi gefið út leyfi, auglýst og gefið út framkvæmdarleyfi. Þá hefðu öll tilskilin leyfi verið komin og augljóslega orðið mjög snúið lagalega og tæknilega að stöðva málið. Auðvitað getur ýmislegt komið til greina við slíkar aðstæður, jafnvel lagasetning og ef menn geta rökstutt hana með brýnni þörf, almannahagsmunum, þá getur stjórnvöldum vissulega verið sætt á slíku og það telst þá ekki brjóta meðalhófsreglu eða góðar stjórnsýslu-venjur, en við slíkar aðstæður er augljóst mál að til bótagreiðslna gæti þurft að koma o.s.frv.

Ég held að hæstv. iðnaðarráðherra ætti að sleppa því að hafa miklar áhyggjur af Vinstri hreyfingunni – grænu framboði og afstöðu okkar til umhverfismála. Ég held að það sé óþarfi hjá hæstv. iðnaðarráðherra að láta það valda sér svefntruflunum eins og mér virðist vera. Ég held að hæstv. iðnaðarráðherra ætti bara að hugsa um sig og sína. Ég held að Samfylkingin eigi nóg með sig í umhverfismálum. Ég held að hennar bíði ærið verkefni að útlista fyrir þjóðinni hvernig það gerðist að nýtilkominn áhugi hennar á umhverfismálum var jafnfljótur að gufa upp og hann var að myndast. Fagra Ísland er orðið að magra Íslandi. Satt best að segja er það með snautlegri leiðöngrum sem maður hefur séð einn flokk fara í og það eru viðræðurnar við Sjálfstæðisflokkinn og það hvernig Samfylkingin lak niður í þessum efnum öllum saman.

Stjórnarsáttmálinn í þeim efnum er satt best að segja eins og hálfgerður brandari. Það er t.d. talið ríkisstjórninni sérstaklega til tekna að stefnt sé að því að ljúka vinnu við rammaáætlun fyrir lok ársins 2009. Það hefur verið stefnt að því lengi. Það liggur fyrir í opinberum gögnum að áætluð verklok séu 2009. Hvaða erindi á þetta þá inn í stjórnarsáttmálann? Er það eitthvað til að stæra sig af það eigi ekki að fara í Öskju, að það eigi ekki að virkja í Öskju, einu af eldri friðlöndum Íslands í hjarta hins stóra Vatnajökulsþjóðgarðs sem Alþingi er búið að ákvarða? Er það eitthvað til að stæra sig af? Eða Kverkfjöll. Hefur einhverjum manni einhvern tímann dottið í hug að það ætti að fara að virkja í Kverkfjöllum? Ríkisstjórnin eða þeir sem sömdu þennan stjórnarsáttmála hafa haft hugmyndaflug til þess og þess vegna talið að það væri ástæða til að setja það hér niður til þess að geta stært sig af því væntanlega. Nei, við ætlum ekki að taka Kverkfjöll, við erum svo rosalega græn — er verið að segja með þessu.

Ég vil líka taka upp rannsóknarleyfið í Gjástykki og þann dæmalausa gerning sem það var að gefa það út tveim dögum fyrir kosningar. En veruleikinn er sá að þetta er glænýtt leyfi og svæðið er óraskað. Það hefur enginn kostnaður fallið til vegna þess enn þá þannig að auðvitað ætti ráðherra að afturkalla leyfið ef ríkisstjórnin ætlar að vera sjálfri sér samkvæm. Eitt af því fáa sem hönd á festir í þessu plaggi er að það eigi ekki að fara inn á óröskuð svæði á þessu tímabili fram að 2009. Það verður farið inn á óraskað svæði, síðasta stóra óraskaða háhitasvæðið í byggðum Norðurlands ef þetta gerist. Því þegar er undir Kröflusvæðið allt, og nú er meira að segja verið að sækja fastar að Leirhnjúki og Víti en áður, Bjarnarflag er undir og Þeistareykir nú þegar. Gjástykki er því síðasta stóra ósnortna háhitasvæðið í Þingeyjarsýslum fyrir utan þau sem liggja lengra inni í Ódáðahrauni og þá kannski svæðinu undir söndunum í botni Öxarfjarðar sem er þó álitamál hvort sé raunverulega háhitasvæði.

Gjástykki er mikil náttúruperla. Ég veit ekki hvort menn hafa gengið þar um og á nýju hraununum úr Kröflueldum frá 8. áratugnum. Þar eru mörg undur sem eru falinn og lítt rannsakaður fjársjóður. Gjástykki er að verða eitt vinsælasta svæðið til að sýna erlendum blaðamönnum og fræðimönnum á sviði náttúruvísinda af því að það er undraheimur og það er ekki eins og það sé án fórna að nú á að fara inn á það.

Gjástykki hefur verið geymt sem varasvæði og áformin um virkjun háhitans í Þingeyjarsýslum hafa allt fram að þessu gengið út á að ekki yrði farið í Gjástykki. Það yrði geymt og það hefur haft stöðu varasvæðis samkvæmt skipulagi fram að þessu. Enn er því hægt að forða að því slysi að farið verði inn á þetta óraskaða svæði ef ríkisstjórnin ætlar að vera sjálfri sér samkvæm.

Það er heldur aumleg málsvörn að skjóta sér á bak við það að fráfarandi iðnaðarráðherra hafi gefið út þetta leyfi rétt áður en hann féll í kosningunum, eða féll svo sem ekki af því að hann hafði aldrei verið kosinn á þing en komst ekki þangað inn eins og kunnugt er.

Ég held að hæstv. iðnaðarráðherra sem var hér uppi með

dálítið athyglisverðan málflutning hafi sennilega talið sig vera að hafa í hótunum við Vinstri hreyfinguna – grænt framboð um að hann hefði sankað að sér ræðum manna úr borgarstjórn Reykjavíkur eða hvaðan það nú var. Lesi hann sem mest og vitni hann sem oftast í okkur, hæstv. iðnaðarráðherra. Ég kvíði því ekki. Ég er ekki búinn að sjá hver ber hærri hlut úr þeirri viðureign. Ef hæstv. iðnaðarráðherra treystir sér í almennilegar, málefnalegar umræður um umhverfismál sem á náttúrlega eftir að reyna á, því að lítið *hefur farið fyrir því af hálfu hæstv. ráðherra að hann héldi* sig við málefni og staðreyndir og ætti orðastað við menn á grundvelli raunverulegra skoðana þeirra en ekki uppgerðra.

Ég held að hæstv. iðnaðarráðherra gerði rétt í einu, að byrja á því að lesa ræður sínar frá í gær og hugleiða orðbragðið sem hann viðhafði þar um þingmenn og undarlegt að forsetar skyldu sitja þegjandi undir þeim hlutum sem hæstv. ráðherra sagði þar og þeim gál sem var á honum í ræðustóli á Alþingi í gær. Orðbragðið þar um nýja þingmenn er þannig að ég hef sjaldan lesið annað eins. (Gripið fram í.) Ég ætla ekki að vitna í það. Ég ætla ekki að gera Alþingi þau ósköp að vitna í það sem hæstv. iðnaðarráðherra sagði og talaði þar beint um viðkomandi einstaklinga, t.d. hv. þm. Álfheiði Ingadóttur og hv. þm. Atla Gíslason.

Ekki kvíði ég umræðunni. Ég held að Samfylkingin eigi mikið verk fyrir höndum að útskýra uppgjöf sína í þessum efnum og það er fátækleg málsvörn að skjóta sér nú á bak við það að ekki eigi að gefa út ný leyfi. Hvernig hafði Samfylkingin hugsað sér að koma fram því stóriðjustoppi sem hún fyrir kosningar þóttist vilja? Var að vísu stundum og sérstaklega norðan heiða þannig útfært að það væri kannski pláss fyrir eitt álver. Framan af virtist Samfylkingin heldur á því að túlka *Fagra Ísland* þannig að það væri pláss fyrir svona eitt álver en svo herti hún sig upp í að svo væri ekki. Og í allmarga mánuði var túlkunin sú að það ætti bara alveg að stöðva frekari álvers- og stóriðjuframkvæmdir í nokkur ár. Ekki satt?

Hvernig hafði Samfylkingin ætlað sér að gera það? Kemur svo hér til leiks og segir: „Það á ekki að gefa út ný leyfi." Það hefur engin áhrif á áform orku- og iðnfyrirtækjanna vegna þess að þau hafa í höndunum miklu meira en nóg af virkjunarleyfum og rannsóknarleyfum með vilyrði fyrir nýtingu til þess að geta sett öll álversverkefnin af stað. Fyrri áfangana í Helguvík og á Húsavík, sem allir vita að er bara helmingurinn af fullbyggðu álveri, stækkun í Straumsvík og þess vegna fjórða verkefnið í Þorlákshöfn. Það dugar ekki hjá Samfylkingunni að skjóta sér á bak við þetta.

Hvernig hafði Samfylkingin þá hugsað sér að gera þetta? Það er engin stoð í neinu sem hér stendur í stjórnarsáttmálanum í þeim efnum og það er ekkert upp úr ráðherranum að hafa um það hvernig þeir ætla að fara í þetta. Á köflum virtist Samfylkingin ætla að skjóta sér á bak við það að ekki yrði til losunarkvóti. Að Kyoto-skuldbindingarnar mundu sjálfkrafa afgreiða málið, stoppa þetta af. Það væri að *minnsta kosti ekki pláss nema fyrir eitt álver innan* þeirra ramma. En er þá Samfylkingin að taka þannig á þeim málum? Nei. Er ekki búið að taka við umsóknum frá öllum fyrirtækjunum um alla heimsins losun hér á næstu missirum? Samfylkingin eða ríkisstjórnin hefur engar línur mótað um að það yrði t.d. sagt stopp þegar komið verður upp í þakið miðað við núverandi skuldbindingar samkvæmt Kyoto fram að 2012. Það liggur ekkert fyrir um það.

Það skyldi nú ekki vera að það væri meiri ástæða fyrir hæstv. iðnaðarráðherra að hafa áhyggjur af sjálfum sér og þeim trúnaði sem heiðarlegir stjórnmálamenn eiga að sýna kjósendum sínum og því sem þeir hafa sagt fyrir kosningar. Ætli það sé ekki þannig að þetta sé einhver snautlegasta uppgjöf sem lengi hefur verið hjá flokki sem skynjaði þungann í umhverfisverndarbylgjunni, vitundarvakningunni *með þjóðinni og rauk til og keypti ósköp af grænni máln*ingu og hellti yfir sig og kallaði Fagra Ísland? En hún var ekki mjög þvottekta, sú málning. Það þurfti ekki nema eina sturtu eftir kosningarnar til að skola hana alla af. Svo stendur Samfylkingin jafngrá og hún hefur alltaf verið núna með þessi svik á bakinu. Svo maður nefni nú ekki Írak. Fyrsta verk nýrrar ríkisstjórnar að taka okkur af lista hinna viljugu og staðföstu þjóða, var það ekki? Hvar er það?

Samfylkingin þarf ekki að hafa áhyggjur af því að við munum ekki standa okkar plikt í þessum málum. Og einu get ég alveg lofað hæstv. iðnaðarráðherra og öðrum samfylkingarmönnum, það er eitt sem er auðvitað alveg ljóst. Við höfum aldrei farið inn í ríkisstjórn á þessum forsendum í umhverfismálum. (**Iðnrh.:** Lestu viðtalið við sjálfan þig.) Ætli ég viti ekki hvað stóð í því og ætli ég viti ekki hvaða afstöðu ég og minn flokkur hefur?

Ég held að hæstv. ráðherra ætti að hætta þeim ósið að taka orð manna og snúa út úr þeim og gera þeim þar upp skoðanir. Er það það eina sem hæstv. ráðherra getur og Samfylkingin? Eina vörn hennar fyrir allt sem miður fer eru Vinstri grænir og Steingrímur J. Sigfússon. Hvar væri Samfylkingin ef hún hefði ekki mig? Hvar væri hæstv. iðnaðarráðherra ef hann hefði ekki mig? Er þetta þá allt í lagi, af því að hann var ekki í ríkisstjórn og hefði enga málsvörn? Af því að það eina sem alltaf er hægt að segja er: Já, en Steingrímur, við erum í ríkisstjórn út af Steingrími? Við erum að svíkjast um í umhverfismálunum, það er í lagi af því að Steingrímur sagði eitthvað í blaðaviðtali einhvern tímann. Þetta er fíni málflutningurinn. (**Gripið fram í:** Gleymdu ekki ...) Það er reisn yfir þessu. Það er stórt í mönnum hjartað. Ég gleymi ekki Þjórsá en það gæti verið að hæstv. iðnaðarráðherra ætti eftir að verða í vandræðum með það mál. Það skyldi nú ekki vera að það yrði bankað eitthvað upp á hjá honum.

Nú skulum við bara láta það allt saman koma í ljós og við skulum láta menn njóta vafans en eigum við þá ekki að gera það á báða bóga? Er ekki hægt að gera þær kröfur til fólks sem tekur það að sér, að vísu sárnauðugt eins og hæstv. iðnaðarráðherra, að verða ráðherra í ríkisstjórn, með tárum yfir því hve erfitt það væri fyrir hæstv. ráðherra að færa þá fórn í þágu lands og þjóðar að taka að sér ráðherraembætti? Við skulum bara ætla að hann vilji vel og látum það þá koma í ljós. En ég fer fram á að hæstv. ráðherra haldi sig við staðreyndir og sé ekki að gera mönnum upp skoðanir. Haldi hann þeim sið er auðvitað bara eitt við því að gera og það gerist yfirleitt sjálfkrafa með stjórnmálamenn af því tagi, það nennir enginn að eiga orðastað við þá. Þeir verða svo fullkomlega ósvaraverðir að þeir tala sjálfa sig út úr allri rökræðu og allri umræðu um stjórnmál. Kannski hæstv. iðnaðarráðherra ætli að hafa þetta þannig.

Maður velti því fyrir sér hvort hann mundi reyna að taka sig eitthvað á í þessum efnum og reyna að temja sér svolítið ábyrgari framgöngu þegar hann væri orðinn ráðherra á nýjan leik, kominn heim til íhaldsins þar sem hann undi glaður og sæll á árunum 1994 og 1995. En það virðist ekki vera, ekki ef marka má málflutning hans hér síðustu dagana svo maður tali ekki um skrif á heimasíðu og verður ekki meira um það sagt.

[17:26]

Iðnaðarráðherra (Össur Skarphéðinsson) (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er kominn í leitirnar og hann er búinn að fá málið. Hann hefur farið hér með veggjum síðustu daga og enginn maður hefur séð til hans þegar menn hafa verið að ræða hér þau mál sem þó hafa verið honum hvað hugstæðust. En ég fagna því að hann er alla vega kominn í leitirnar, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon.

Það er ákaflega erfitt að eiga málefnalegar umræður við mann sem heldur ræður af þessum toga. Þessi ræða snerist aðallega um hann sjálfan, alveg eins og ræða hans við umræður um stefnuræðu forseta. En hv. þingmaður er að tala um trúnað við kjósendur og gerir kröfur til þess að Samfylkingin sýni kjósendum sínum trúnað. Það er það sem við erum að reyna að gera. Það er það sem við erum að gera með okkar stefnu. Við erum að leggja fram praktískar lausnir. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði sjálfur, og hann getur ekkert horfið frá því, hann sagði í viðtali við Stöð 2 tveimur dögum eftir kosningar þar sem sagt var af hálfu fréttamannsins að VG hefði gert Sjálfstæðisflokknum tilboð og væri reiðubúin til þess að víkja frá kröfum sínum um Helguvík. Hann getur ekkert horft fram hjá því að í því viðtali er hann spurður sérstaklega um Helguvík og hann segir: „Við förum ekki af stað með neitt ultimatum. Við förum eins langt og við getum en við setjum ekkert ultimatum."

Það var líka hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, bara svo ég svari hans málefnalegu ræðu, sem hóf kosningabaráttuna með því að segja stopp á stóriðju. Hann lækkaði sig niður í fimm ára stopp. Hann var að lokum, tveimur vikum fyrir kosningar, kominn niður í þriggja ára stopp. Og þegar komið var tveimur dögum fram yfir kosningar og hann var að missa af lestinni, þá var það bara allt í lagi þó að menn færu t.d. í Helguvík. Það var ekkert ultimatum.

Ég ætla að spara það við mig, og það eru engar hótanir af minni hálfu, en ég ætla ekki að fara að auka á gremju hv. þingmanns með því að taka líka fyrir algjöran viðsnúning hans varðandi aðra virkjunarkosti, þó að vísu hafi þá liðið (Forseti hringir.) lengri tími á milli eða tvö ár, og þá er ég að tala um Þjórsá. Það gefst kannski tækifæri (Forseti hringir.) til að ræða það síðar í dag.

[17:28]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér var nokkuð brugðið við þennan málflutning hv. 4. þm. Norðaust., Steingríms J. Sigfússonar. Hér dynja svikabrigslin á Samfylkingunni og hátt reitt til höggs. Eftir stendur að Steingrímur J. Sigfússon er ekki yfir það hafinn að taka praktíska afstöðu til umhverfismála frekar en aðrir þó að hann tali alltaf eins og trúboði þegar langt er í næstu kosningar en breytist síðan í praktískan stjórnmálamann nokkrum dögum fyrir kosningar. Það liggur fyrir að þingmaðurinn var kominn á slíka brunaútsölu með sitt stóriðjustopp að það var orðið bara til þriggja ára í vikunni fyrir kosningar. Það liggur líka fyrir að hann gerir því skóna að það sé allt í lagi að virkjunaráform fyrir Helguvíkurálver haldi áfram, þau þeirra sem þegar hafði verið veitt leyfi fyrir.

Svo kemur hann hér og segir að það sé algjörlega sjálfgefið að hæstv. iðnaðarráðherra afturkalli leyfi sem þegar hafa verið gefin fyrir Gjástykki. Hvar er samræmið í málflutningnum, hv. þingmaður? Hvar er samræmið? Það liggur fyrir að leyfið hefur verið veitt. Það liggur fyrir að það fyrirtæki sem hefur fengið leyfi hefur öðlast lögmætar væntingar til þess að fá að nýta það leyfi. Það liggur allt fyrir. Þetta er ekki málflutningur sem er samboðinn hv. þingmanni. Ef hann á annað borð viðurkennir þá meginreglu að aðgerðir til að vinda ofan af stóriðjustefnunni ættu að takmarkast við það sem ekki hefði þegar verið veitt leyfi fyrir, á hann að vera samkvæmur sjálfum sér og setja ekki fram svona fráleitan málflutning eins og varðandi Gjástykki áðan.

Umræðu lokið.

Frumvarpið gengur til 2. umræðu og iðnn.

Þátttaka Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu, 2. umr.

Stjfrv., 2. mál (stækkun Evrópusambandsins og EES). — Þskj. 2, nál. 20 og 21.

[17:31]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Bjarni Benediktsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti frá meiri hluta utanríkismálanefndar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna samnings um þátttöku Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu. Nefndin hefur fjallað um þetta mál og fengið á sinn fund fulltrúa úr utanríkisráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og dómsmálaráðuneyti auk þess sem fulltrúi frá Alþýðusambandi Íslands kom á fund nefndarinnar. Frá umsagnaraðilum bárust aukinheldur gögn.

Með þessu frumvarpi er lagt til að samningur um þátttöku Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu verði fullgiltur, auk þess sem lagt er til að þær breytingar sem gerðar eru á meginmáli EES-samningsins með aðildarsamningnum hafi lagagildi hér á landi. Þá eru lagðar til breytingar á lögum um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks á Evrópska efnahagssvæðinu, lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga vegna þeirra aðlagana sem gerðar voru við ákvæði um frjálsa för launþega, en aðildarríkjum EES-samningsins er heimilt að beita eigin reglum á þessu sviði í tvö ár frá aðild nýju ríkjanna. Þannig er gert ráð fyrir því í frumvarpinu að ákvæði 1.–6. gr. reglugerðar ráðsins nr. 1612/68, um frelsi launþega til

flutninga innan bandalagsins, ásamt síðari breytingum, taki ekki gildi um atvinnu- og búseturétt ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu fyrr en 1. janúar 2009. Því verður heimilt að fresta frjálsri för launafólks frá þessum ríkjum og fullum aðgangi þeirra að íslenskum vinnumarkaði til 1. janúar árið 2009.

Í störfum nefndarinnar var það einkum þetta síðastnefnda atriði sem kom til skoðunar. Að sjálfsögðu fór nefndin yfir öll efnisatriði málsins en umræður í henni snerust einkum að frestuninni sem lýtur að frjálsri för þessara nýju aðildarríkja.

Við skoðun aflaði nefndin sér gagna frá ráðuneytunum og fékk m.a. frá félagsmálaráðuneyti afrit af skýrslu starfshóps um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði sem er frá því í apríl á þessu ári. Eins og kemur fram í fyrrnefndri skýrslu hefur verið unnið mjög ötullega í þessum málaflokki fyrir forustu félagsmálaráðuneytisins og með þátttöku fjölmargra aðila til að tryggja að reglur um komu erlendra ríkisborgara inn á íslenskan vinnumarkað væru ásættanlegar og að í allri reglusetningu og lagagerð væri tekið tillit til þeirra nýju þátta sem horfa verður til þegar við tökum nú þátt í sífellt stækkandi vinnumarkaði á þessu stóra svæði, Evrópska efnahagssvæðinu.

Það kom fram í umsögnum þessara aðila og liggur reyndar jafnframt fyrir í skýrslunni að mikið verk hefur verið unnið í því að efla samvinnu ýmissa stjórnvalda sem komu að málaflokknum, lögreglu, skattyfirvalda, Tryggingastofnunar ríkisins, Útlendingastofnunar, Vinnueftirlits ríkisins, Vinnumálastofnunar og Þjóðskrár, og ýmis verkefni sem þessi starfshópur hefur hrundið af stað eru komin í góðan farveg. Nú síðast á þessu ári voru tillögur frá nefndinni lögfestar, samanber lög nr. 45/2007 sem fjalla um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra. Það hefur verið unnið að því að gefa út tímabundin skattkort. Það hefur verið skoðað hvernig betur mætti standa að útgáfu kennitalna fyrir erlenda ríkisborgara sem hingað koma til vinnu. Ýmsar hagræðingartillögur hafa komið frá nefndinni sem lúta að því að flýta ferlinu. Margt fleira gæti ég tínt hér til en allt þetta sýnir að mikið starf hefur verið unnið til þess að uppfæra reglur og samrýma og samræma vinnubrögð til þess að við séum betur í stakk búin til að taka við auknum fjölda erlendra ríkisborgara sem koma hingað inn á vinnumarkaðinn.

Að þessu öllu sögðu mætti kannski ætla að það væri engin ástæða til að fresta gildistöku ákvæðanna um frjálsa för gagnvart þessum nýju aðildarríkjum en byggt er á því í þessu frumvarpi og kom enn frekar fram í störfum nefndarinnar að það er full ástæða til þess, þrátt fyrir allt það starf sem unnið hefur verið, að taka sér tíma til að undirbúa komu þessara ríkisborgara inn á íslenska vinnumarkaðinn. Þar koma til að mynda til skoðunar ýmis atriði sem varða upplýsingagjöf og það að hafa tiltækar upplýsingar á tungumálum þeirra ríkisborgara sem hér eiga í hlut. Auk þess er enn þá verið að vinna úr ýmsum málum sem tengjast þeirri stækkun sem þegar er orðin. Má segja að þrátt fyrir nokkra þenslu á íslenskum vinnumarkaði séu í sjálfu sér ekki fyrirsjáanleg slík stórverkefni á íslenskum vinnumarkaði á komandi missirum að það kalli neitt sérstaklega á að nú verði strax opnað fyrir innkomu þessara ríkja. Síðan er auðvitað líka til þess að líta að ekki eru öll aðildarríkin að opna fyrir frjálsa för strax við innkomu ríkjanna. Þannig liggur fyrir að 15 þeirra ætla að fresta gildistöku ákvæðanna um frjálsa för í tvö ár og að 10 þeirra hyggist opna núna strax.

Eins og fram kemur í nefndarálitinu fagnar nefndin því starfi sem hingað til hefur verið unnið í því skyni að undirbúa komu erlendra ríkisborgara hingað til lands til vinnu. Meiri hluti nefndarinnar horfir í því sambandi sérstaklega til skýrslu starfshóps sem ég hef hér stuttlega tekið til umfjöllunar, skýrslunnar frá því í apríl. Það er auðvitað lykilatriði að sá tími sem nú er fram undan, þessi tveggja ára aðlögunartími sem reyndar er ekki nema tæplega tvö ár vegna þess tíma sem liðinn er frá undirrituninni, verði nýttur skynsamlega til þess að grípa til þeirra aðgerða sem stjórnvöld telja mikilvæg í þeim tilgangi að undirbúa komu þessara aðila hingað til lands.

Ég vil líka í þessu sambandi vekja athygli á því sem ég kom stuttlega að hér við 1. umr. þessa máls, að ríkisborgarar þessara ríkja njóta ákveðins forgangs umfram aðila sem eru utan Evrópska efnahagssvæðisins. Það gengur þannig fyrir sig að þegar sótt er um að koma hingað inn á íslenska vinnumarkaðinn hafa ríkisborgarar frá Evrópska efnahagssvæðinu forgang. Þegar kemur að því að sótt er um atvinnuleyfi fyrir þá sem koma utan Evrópska efnahagssvæðisins er alltaf fyrst horft til þess hvort áður hafi verið kannað með ríkisborgara frá annaðhvort Búlgaríu eða Rúmeníu. Þetta kemur fram í frumvarpinu sjálfu og veitir þannig, þrátt fyrir þá frestun sem við erum hér að mæla fyrir, ríkisborgurum þessara ríkja forgang fram yfir þá sem eru utan Evrópska efnahagssvæðisins.

Ég vil loks nefna að nefndin bendir á að í vinnu starfshóps um málefni útlendinga kom til umræðu að heppilegt væri að sett yrði á fót þjónustumiðstöð stjórnsýslu, sem við nefnum svo í nefndarálitinu, þar sem útlendingar sem hingað koma gætu fengið fyrirgreiðslu allra sinna mála, hvort sem þau tengdust vinnu eða fjölskyldu- eða félagsmálum. Þannig telur nefndin að slíkt fyrirkomulag gæti verið mjög jákvætt og hvetur hlutaðeigandi ráðuneyti og stofnanir til að skoða málið frekar á næstunni. Þarna er sem sagt um það að ræða að reyna að auka skilvirknina í meðferð þessara mála og safna saman á einn stað þannig að stjórnsýslan eigi svo að segja eitt andlit gagnvart þeim sem til hennar þurfa að leita og menn samrými verklag og vinnubrögð og einfaldi stjórnsýsluna. Þetta finnst meiri hluta nefndarinnar sjálfsagt að verði skoðað áfram þó að ekki hafi fengist nein endanleg niðurstaða í þetta í starfshópnum.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt og leggur ekki til neinar breytingar. Undir það skrifa undirritaður, Árni Páll Árnason, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ásta R. Jóhannesdóttir, Siv Friðleifsdóttir, Guðfinna S. Bjarnadóttir, Lúðvík Bergvinsson og Jón Magnússon.

[17:42]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg):

Frú forseti. Ég ætla að gera hér grein fyrir áliti minni hluta utanríkismálanefndar sem ég skipa og útskýra aðeins afstöðu okkar til þessa máls. Það sem veldur sérstöðu okkar

er að ég tel að á engan hátt sé rökstutt með fullnægjandi eða sannfærandi hætti að það sé nauðsynlegt að beita þessum aðlögunarákvæðum samningsins um stækkun Evrópska efnahagssvæðisins með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir, þ.e. að nýta þetta aðlögunartímabil og fresta gildistöku frjálsrar farar ríkisborgara Búlgaríu og Rúmeníu fram til 1. janúar 2009 a.m.k..

Það er eðli málsins samkvæmt eðlilegt að gera til þess kröfu að stjórnvöld rökstyðji þörfina á að beita þessari undanþágu sem þetta vissulega er. Hér er eingöngu um að ræða heimildir til að fresta því að nýju aðildarríkin með stækkun Evrópusambandsins komi inn á hinn sameiginlega evrópska vinnumarkað. Andi málsins er allur sá að það þurfi að vera ríkar ástæður til staðar hjá þeim löndum sem grípa til þessara aðlögunarákvæða.

Þegar hin stóra stækkun átti sér stað jaðrar við að segja megi að vestur-evrópsku ríkin hafi komið allt að því óheiðarlega fram, mörg hver, við nýju aðildarríkin vegna þess að þeim var gefið fyllilega í skyn að þau yrðu tekin að fullu og öllu strax inn á vinnumarkaðinn. Það voru aðeins Þýskaland og Austurríki, ef ég man rétt, sem tilkynntu fyrir fram að þau mundu beita aðlögunarákvæðunum vegna viðkvæmni á vinnumarkaði og mikils atvinnuleysis, t.d. í Þýskalandi. Þar var það líka rækilega rökstutt og útskýrt og lá fyrir fyrir fram að slíkri aðlögun yrði breytt. Síðan brast á mikill flótti og flestöll aðildarríki Evrópusambandsins önnur og Evrópska efnahagssvæðisins gripu að lokum til aðlögunarákvæða gagnvart aðildarríkjunum 10. Það var einnig gert hér í tvö ár, eins og kunnugt er, en síðan var tekin sú ákvörðun vorið 2006 að falla frá þeim takmörkunum og samevrópski vinnumarkaðurinn sem Ísland á nú aðild að telur 500 millj. manna.

Það hlýtur því að þurfa að útskýra hvaða rök standa til þess að meðhöndla 8 millj. Búlgara og 22 millj. Rúmena öðruvísi en þessar 500 millj. sem þarna eru fyrir á sameiginlegum vinnumarkaði, þar á meðal miklu fjölmennari þjóðir með miklu meiri tengingar við Ísland eins og Pólland, Eystrasaltsríkin og Mið-Evrópuríkin.

Varðandi það að nýta eigi aðlögunartímann með einhverjum hætti sem hér á að búa til er almennt vísað í rök sem gilda alveg óháð því hvort Rúmenía og Búlgaría bætast við hinn sameiginlega evrópska vinnumarkað eða ekki. Það þarf að útskýra hverju það breytir sem kallar á að aðlögun sé beitt gagnvart þeim. Það eru ekki frambærileg rök að segja að það þurfi að taka betur á ýmsum hlutum sem snúa að málefnum fólks af erlendu bergi sem hér er á vinnumarkaði. Það er allt rétt og satt. En það þarf að gera algerlega óháð því hvaða stöðu rúmenskir og búlgarskir ríkisborgarar hafa á þessum vinnumarkaði næstu tvö árin.

Ég get tekið undir ýmislegt af því sem fram kom í framsöguræðu formanns, það hefur verið ýmiss konar viðleitni í gangi og margt ágætlega gert en það er þó okkar skoðun í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði að það þurfi að taka með miklu markvissari og beittari hætti á til að tryggja að fólk af erlendu bergi sem hér er á vinnumarkaði sæti ekki félagslegum undirboðum, á því sé ekki brotinn réttur hvað varðar laun, starfskjör og annað. Það þarf að gera hvort eð er og breytir engu um hvort Rúmenía og Búlgaría bætast við þennan hóp einhverjum missirum fyrr eða síðar.

Ég sé ekki þær sterku, skýru og fullnægjandi efnislegu röksemdir fyrir því að grípa til þessarar aðlögunar gagnvart þessum tveimur ríkjum. Það eru að mínu mati ekki rök að vísa bara í hina almennu stöðu og að betur þurfi að taka á í þessum efnum, það þarf svo sannarlega að gera gagnvart fjölmörgum þáttum þeirra mála. Nægir nú að vitna til frétt anna frá Kárahnjúkum en þaðan berast enn með reglubundnum hætti ótíðindi af því hvernig þar er níðst á erlendu verkafólki þannig að til stórskammar er fyrir land eða þjóð að það ástand skuli hafa viðhaldist þar á því svæði. En það hvaða reglum Búlgarar og Rúmenar sæta hér á vinnumarkaði næstu missirin skiptir bara engu máli í því sambandi.

Hættan er sú vegna þess sem formaður utanríkismálanefndar réttilega nefndi, að borgarar á Evrópska efnahagssvæðinu öllu hafa forgang umfram aðra til vinnu og Vinnumálastofnun og Útlendingastofnun vinna samkvæmt því eins og kunnugt er, að Rúmenar og Búlgarar komi þá á þessu tímabili inn í landið á öðrum forsendum. Sjálfsagt koma einhverjir á grundvelli þess að sótt verður um atvinnuleyfi fyrir þá en niðurstaðan gæti líka orðið að í því marki sem þeir koma inn á íslenskan vinnumarkað verði það í gegnum starfsmannaleigur. Er það til bóta? Varla er það þar sem staða þeirra er þá auðvitað enn þá lakari gagnvart kjarasamningum og réttindum á íslenskum vinnumarkaði.

Það er því okkar niðurstaða að við teljum að það hafi ekki verið rökstutt með fullnægjandi hætti að ástæða sé til að beita þessari aðlögun. Við ætlum á hinn bóginn ekki að leggja stein í götu þess ef stjórnvöld sem með framkvæmdina fara vilja fá þessar heimildir en þá er best að þau beri á því ábyrgð og við munum því sitja hjá við afgreiðslu málsins.

[17:48]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Afstaða Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar í nefndaráliti hans í utanríkismálanefnd vekur mér nokkra furðu, þ.e. að byggja afstöðu sína á skorti á rökstuðningi. Þannig er málum háttað að enginn fulltrúi frá Vinstri hreyfingunni – grænu framboði var á þeim fundi þar sem farið var yfir málið af hálfu stjórnvalda. Stjórnvöld færðu þar fram ítarlegan og vandaðan rökstuðning fyrir afstöðu sinni.

Það er athugunarefni að það hvarflaði ekki að nokkrum nefndarmanni að efast um réttmæti þess að beita þessari frestun í kjölfar þeirra skýringa. Rétt er að benda á að eftir einungis tveggja tíma umræðu um málið voru meira að segja tveir fulltrúar stjórnarandstöðunnar aðrir, sem þarna voru viðstaddir, tilbúnir að taka málið út úr nefndinni án frekari umfjöllunar, strax á fyrsta fundi.

Hv. þingmanni til upplýsingar skal ég hins vegar benda honum á að það liggur ljóst fyrir að okkar nánasta nágrannaland, Noregur, félagi okkar í EES, ætlar að beita aðlögunarfrestinum. Sama ætla 15 Evrópusambandsríki af 25 að gera, þar á meðal okkar nánustu nágrannaríki: Írland, Bretland og Danmörk.

Það liggur fyrir sameiginleg afstaða Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands um að fresturinn sé mikilvægur til að búa í haginn fyrir móttöku þessa fólks.

Það liggur fyrir að það er verið að vinna að undirbúningi móttöku fólks af búlgörskum og rúmenskum uppruna af hálfu Alþýðusambandsins og af hálfu Vinnumálastofnunar. Þetta tel ég fullnægjandi rök. Það var sú afstaða sem réð mati meiri hluta nefndarinnar.

[17:50]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að vera svo vinsamlegur að láta þess getið að ég hafi ekki mætt á fund í utanríkismálanefnd. Það rétt hjá hv. þingmanni. Ágætt að það komi fram. Ég var að sinna skyldum mínum sem foreldri í grunnskóla dóttur minnar og fyrir misskilning náðist ekki í annan fulltrúa okkar til að mæta á fundinn. En ég get róað hv. þm. Árna Pál Árnason með því að ég hef kynnt mér gögn málsins rækilega.

Ég hef lesið greinargerð frá Alþýðusambandi Íslands. Ég hef farið yfir skýrslu starfshóps um málefni útlendinga og ég hef af þessu tilfelli rennt yfir tiltæk gögn sem ég hef í málinu. Afstaða mín er vel ígrunduð og ekki tekin í neinu fljótræði. Við komumst einfaldlega að ólíkri niðurstöðu í þessum málum. Ég tel þann rökstuðning ekki beysinn sem hér hefur verið fluttur og ekki fullnægjandi. Ég er þeirrar skoðunar, þótt það liggi í eðli þessara samninga um aðild nýrra ríkja þegar þau eru tekin inn, að það þurfi að rökstyðja frávik frá því að þau séu tekin sem fullgildir aðilar inn í hópinn úr því að þeim er veitt aðild á annað borð.

Ég nauðaþekki þessi mál eins og þau sneru að Eystrasaltsríkjunum gegnum veru mína í Norðurlandaráði. Ég átti þar mikinn þátt í því að Norðurlandaráð reyndi að leggja lóð á vogarskálar þess að byggja upp vinnumarkaðsskipulag, styðja við bakið á veikburða verkalýðshreyfingu og atvinnurekendasamtökum í hinum Eystrasaltsríkjunum. Ég veit vel um hvað þetta mál snýst. Vonandi líður þá hv. þingmanni aðeins betur með að afstaða mín er ekki byggð á fáfræði, upplýsingaskorti eða því að ég hafi ekki sett mig inn í hlutina. Það er ekki svo. Þetta er bara einfaldlega mín niðurstaða og okkar í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði. Við erum ósammála um mat á þessari stöðu. Það er nú enginn heimsviðburður þó það gerist.

Það er bara ekki þannig, hv. þingmaður, að aðrir hafi prókúru fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð eða ráði því hver hennar niðurstaða verður. Því lendum við sjálf. Hvað sem afstöðu annarra fulltrúa í stjórnarandstöðu eða annarra flokka yfir höfuð líður þá teflum við ósköp einfaldlega fram okkar rökum. Þau hafa hér verið flutt. Við berum ábyrgð á þeirri afstöðu sem við tökum og um það er ekki meira að segja.

[17:52]

Árni Páll Árnason (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var fjarri mér að ætla að gera lítið úr hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni eða Vinstri hreyfingunni – grænu framboði eða afstöðu þeirra til þessa máls. Nefndarálit minni hlutans er einfaldlega stutt þeim rökum að skort hafi á rökstuðning af hálfu stjórnvalda. Ég vildi þess vegna að það kæmi fram að sá rökstuðningur hefur verið ítarlega fram borinn.

Þingmaðurinn spyr: Hver er ástæðan fyrir því að beita þessum fyrirvara ekki á þessi tvö ríki ef hann gildir ekki gagnvart öðrum ríkjum sem nú þegar eru hluti af hinum almenna vinnumarkaði? Svarið liggur akkúrat í hans eigin nefndaráliti en þar segir, með leyfi forseta:

„Aðlögunarfrestum var að vísu beitt í tvö ár þegar tíu ný ríki fengu aðild að Evrópusambandinu og þar með Evrópska efnahagssvæðinu árið 2004 en fyrir ári síðan var ákveðið að framlengja þá aðlögunarfresti ekki. ... Aðlögunartíminn frá 2004 var ekki notaður nægjanlega vel og enn skortir markvissa heildarstefnu og miklu markvissari aðgerðir í málefnum innflytjenda sem koma hingað til lands til vinnu til lengri eða skemmri tíma."

Það liggur fyrir að það er ekki til neitt upplýsingarefni á tungumálum sem nýtast borgurum Búlgaríu og Rúmeníu við komuna hingað til landsins. Það liggur fyrir og Alþýðusamband og Vinnumálastofnun vinna í því máli. Það liggur líka fyrir að margir aðilar í stjórnkerfinu voru seinir að taka við sér vegna þess fjölda sem menn sáu ekki fyrir að kæmi hér 2006. Ef þetta eru nú ekki gild rök, hv. þingmaður, þá veit ég ekki hvað eru gild rök í þessu efni.

Það hafa verið færð fram mjög gild rök. Þau beinast einfaldlega að því að það er mikilvægt að búa þannig í haginn að því fólki sem hingað kemur séu ekki boðnar óboðlegar vinnuaðstæður og ekki sé brotið á mannréttindum þess. Verkalýðshreyfingin þarf að vera í stakk búin til að uppfræða fólk um réttindi þess og um íslensk lög og reglur á vinnumarkaði þannig að ekki verði farið með það fólk eins og hunda.

[17:55]

Frsm. minni hluta utanrmn. (Steingrímur J. Sigfússon) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel ósköp einfaldlega að það skorti á að útskýra hverju það breyti að staða rúmenskra og búlgarskra ríkisborgara verði næstu missirin með þessum hætti en ekki eins og annarra borgara á EES-svæðinu. Það þarf að taka á þessum málum hvort sem er, hv. þingmaður, augljóslega. Það að þýða þurfi einhver gögn yfir á rúmensku og búlgörsku er frekar fátæklegt og ætti ekki að standa lengi í mönnum. Það er ekki eins og þetta eigi að koma mönnum algerlega á óvart. Ég veit ekki betur en þetta sé búið að liggja fyrir lengi. Það er til skammar fyrir kerfið að það sé svona illa undirbúið þegar að þessu kemur loksins. Þetta hefur reyndar tafist lengi vegna deilna um greiðslur EES-ríkjanna í sjóðina. Þetta er ekki eitthvað sem menn voru að uppgötva í gær að væri í vændum. Það er fátækleg málsvörn.

Ég held að sjálfsögðu að allir vilji leggja sitt af mörkum til að tryggja að ekki verði níðst á þessu fólki. Við gefum okkur það sem útgangspunkt í umræðunni. En er þá endilega víst að það sé betur statt næsta eitt og hálft árið, að hafa ekki sömu stöðu og aðrir á vinnumarkaðnum að þessu leyti? Er það endilega víst, t.d. ef það leiðir til þess að einhverjir þeirra komi inn í gegnum starfsmannaleigu í staðinn fyrir að gera það með venjulegum hætti?

[17:56]

Ásta R. Jóhannesdóttir (Sf):

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að segja nokkur orð í

kjölfar þessara skoðanaskipta sem hafa átt sér stað vegna þeirra tveggja nefndarálita sem hafa verið til umræðu um þátttöku Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu.

Það kom mér á óvart að lesa nefndarálit minni hlutans í ljósi þess að ítarlegur rökstuðningur kom fram frá öllum þeim sem komu á fund hv. utanríkismálanefndar fyrir því að nýta bæri þennan frest. Ég verð að segja að ég hafði ákveðnar efasemdir um að við ættum að nýta frestinn. En það var enginn efi í mínum huga eftir að hafa hlýtt á fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar og fulltrúa þeirra sem sátu fund nefndarinnar.

Mér finnst sérkennilegt að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, sem segir að hann hafi kynnt sér þau gögn sem lögð hafa verið fram í nefndinni, skuli engu að síður segja í nefndaráliti minni hlutans að það sé eðlilegt að gera kröfu til þess að stjórnvöld rökstyðji með fullnægjandi hætti hvers vegna þau telji nauðsynlegt að beita þessum ákvæðum. Þau rök komu mjög skýrt fram frá öllum aðilum. Ekki bara frá stjórnvöldum. Ekki bara frá þeim sem sjá um að taka á móti þeim sem hingað vilja koma. Sama gilti um verkalýðshreyfinguna og aðila vinnumarkaðarins, að nýta bæri þetta eina og hálfa ár. Þetta er ekki nema eitt og hálft ár. Það er mjög margt sem á eftir að gera. Það á eftir að þýða á viðkomandi tungumál alls konar gögn sem er sjálfsagt er að þeir sem koma hingað til að starfa geti kynnt sér á sínu eigin tungumáli.

Maður hefur á tilfinningunni þegar maður les nefndarálit minni hlutans að hér sé bara verið að leggja álitið fram til að vera á móti. Ég er sannfærð um að ef fulltrúi frá Vinstri grænum hefði setið fundinn þá hefði nefndarálitið ekki orðið í þessa veru. Ég trúi því ekki. Ég veit að þingmenn Vinstri grænna skilja ... (**SJS:** Þetta er bara fullkomlega ómerkilegur málflutningur.) Þetta er ekki ómerkilegur málflutningur. Ég er sannfærð um að skynsemi þessara þingmanna hefði sagt þeim að taka þetta eina og hálfa ár í undirbúning til að hægt yrði að taka sómasamlega á móti þessum þjóðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Friðlandið í Þjórsárverum og verndun Þjórsár, fyrri umr.

Þáltill. KolH o.fl., 6. mál. — Þskj. 6.

[18:00]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar á þskj. 6 á þessu sumarþingi, um friðlandið í Þjórsárverum og verndun Þjórsár. Það er ekki í fyrsta skipti sem ég eða við þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs flytjum mál af þessu tagi. Í sjálfu sér vildi ég óska þess að það væri liðin tíð að flytja þyrfti slík mál en svo er ekki, því miður, og meðan þess er þörf að slík rödd heyrist til varnar Þjórsárverum erum við hér í því hlutverki og teljum það ekki eftir okkur.

Texti þingsályktunartillögunnar, sem flutt er af mér ásamt með öllum þingmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að fallið verði frá áformum um Norðlingaölduveitu í Þjórsárverum og frekari virkjanir í Þjórsá en orðið er. Jafnframt verði verndun Þjórsárvera tryggð í heild sinni með stækkun friðlandsins þannig að það nái til náttúrulegra marka veranna ásamt með Þjórsá og nærliggjandi svæðum að Sultartangalóni. Stækkað Þjórsárverafriðland verði sem fyrst tilnefnt á heimsminjaskrá UNESCO. Undirbúningur málsins miðist við að hægt verði að auglýsa hin nýju friðlandsmörk eigi síðar en haustið 2007."

Hæstv. forseti. Nú er það svo að Þjórsárver, gróðurríkasta votlendið á hálendi Ísland, sem notið hafa verndar sem friðland síðan 1981 og eru auk þess eitt af þremur svæðum sem Íslendingar hafa tilnefnt á lista Ramsar-samningsins um alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði, eru enn í hættu vegna virkjanaáforma Landsvirkjunar. Friðlýsing Þjórsárvera kom upphaflega til vegna enn stórfelldari virkjanaáforma en nú eru uppi. Um 1970 voru uppi áform um að Þjórsárverum yrði sökkt undir risastórt lón, 200 ferkílómetra lón. Um leið og þær áætlanir voru gerðar opinberar mættu þær gríðarlega miklum mótbyr, ekki síst heimamanna, og á endanum, um áratug síðar, áratug eftir að þær áætlanir litu dagsins ljós var gerð ákveðin sátt í málinu, þ.e. Þjórsárverin voru gerð að friðlandi að vissu marki en þó ekki þannig að með þeirri friðlandsauglýsingu væri hægt að útiloka miðlun neðst í verunum eða við Norðlingaölduveitu.

Alla tíð hafa framkvæmdaáform Landsvirkjunar í Þjórsárverum verið þyrnir í augum þeirra sem hafa barist fyrir verndun Þjórsárvera og segja má að sú barátta sé í seinni tíð orðin eins konar táknmynd í baráttunni fyrir verndun íslenskrar náttúru.

Landsvirkjun hefur ekki látið sér segjast, hún hefur sótt ákaft að fá að reisa Norðlingaölduveitu, en einlægir verjendur veranna hafa barist gegn þeim áformum af miklum krafti og oft af mikilli hörku, sem hefur þurft, og krafist þess að friðlandið verði stækkað þannig að það taki að fullu til hinnar vistfræðilegu og landfræðilegu heildar sem verin eru. Fjölmörg náttúruverndarsamtök hafa lýst stuðningi við stækkun friðlandsins og hvað eftir annað hafa heimamenn í Gnúpverjahreppi samþykkt ályktanir um að horfið verði frá öllum áformum um veitu- og virkjanaframkvæmdir í Þjórsárverum, nú síðast þann 3. maí 2005 þegar hreppsnefnd sameinaðs Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti að hafna Norðlingaölduveitu.

Það er líka svo að þjóðin hefur oftar en einu sinni lýst sjónarmiðum sínum og skoðunum sínum á vernd Þjórsáveranna í skoðanakönnunum sem hafa verið gerðar. Bæði hafa Náttúrverndarsamtök Íslands og fleiri látið kanna hug fólks í þeim efnum og ljóst er að það er vilji stórs meiri hluta þjóðarinnar að Þjórsárver verði að fullu vernduð.

Í tillögu Umhverfisstofnunar að náttúruverndaráætlun 2003–2008, sem gefin var út 2003, er lagt til að friðlandið í Þjórsárverum verði stækkað á þrjá vegu, mest til suðurs eða í Sultartangalón. Í áætlun stofnunarinnar segir að forsenda stækkunar friðlandsins sé landslagsheild hins víðáttumikla votlendis- og rústasvæðis, ásamt fjölbreyttum búsvæðagerðum. Enn fremur segir að svæðið hafi að geyma fágætar

náttúruminjar sem hafi alþjóðlegt náttúruverndargildi og að á herðum okkar hvíli alþjóðleg ábyrgð. Þar að auki sé verndargildi svæðisins mikið út frá vísindalegum, félagslegum, efnahagslegum og menningarlegum sjónarmiðum. Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, sem skilaði niðurstöðum 1. áfanga þeirrar áætlunar 2004, komst að sömu niðurstöðu og Umhverfisstofnun.

Vinstri hreyfingin – grænt framboð hefur lagt fram tillögur á Alþingi um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum árlega síðan á 127. löggjafarþingi 2001–2002. Síðustu tvö löggjafarþing hafa þingmenn úr öllum flokkum nema Sjálfstæðisflokki verið meðflutningsmenn á tillögunni. Þar að auki hafa þingmenn Samfylkingarinnar, Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs og Frjálslynda flokksins lagt til að heimild iðnaðarráðherra frá árinu 2003 til að leyfa gerð Norðlingaölduveitu verði felld brott úr lögum.

Af því að þá heimild ber hér á góma er rétt að rifja upp það sem ég sagði áðan í umræðum um annað mál, þ.e. álversmálin sem við ræddum örlítið fyrr í dag, að 15. mars 2003 voru greidd atkvæði um Norðlingaölduveitu, breytinguna á lögunum um raforkuver, og þá voru það einungis þingmenn Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs sem greiddu atkvæði gegn þeirri framkvæmd. Einörð afstaða okkar í þessum efnum hefur verið ljós alveg frá stofnun flokksins og við höfum fagnað því hversu margir hafa snúist á sveif með okkur í þeim efnum og fögnuðum samstöðunni sem náðist milli stjórnarandstöðunnar á síðasta þingi og síðustu tveimur þingum þegar okkur lánaðist að flytja saman þá tillögu sem ég gat um áðan.

Upp á síðkastið hefur orðið vart vaxandi andstöðu við áform um virkjanir í neðri hluta Þjórsár, (Gripið fram í.) en samhliða aukinni ásókn álfyrirtækja í raforku frá íslenskum vatnsafls- og jarðvarmavirkjunum hafa áform orkufyrirtækjanna um virkjanaframkvæmdir þar orðið áleitnari. (Gripið fram í.) Nú hyggst Landsvirkjun reisa þar þrjár virkjanir í þágu stóriðju. — Ég treysti því að hv. þm. Guðni Ágústsson ætli að tala úr ræðustóli á eftir en ekki bara úr sæti sínu. Ég fagna því að hann skuli kominn hér til liðs og mun vonandi taka til máls í málinu.

Nú er það sem sagt svo að Landsvirkjun hyggst reisa þrjár virkjanir í þágu stóriðju í neðri hluta Þjórsár. Á aðalfundi Náttúruverndarsamtaka Íslands 29. maí 2007 var samþykkt að skora á ríkisstjórn Íslands að stöðva framkvæmdir og undirbúning þessara virkjana enda liggi ekki fyrir heildarmat á gildi eða sérstöðu landslags við neðri hluta Þjórsár, tjón af virkjunum þar verði fyrirsjáanlega mikið og mál til komið að stjórnvöld verji Þjórsá gegn frekari ágangi og eyðileggingu.

Það er einmitt mat flutningsmanna tillögunnar að kominn sé tími til að segja: Hingað og ekki lengra, látum Þjórsá í friði. Í því augnamiði þarf að hætta við öll frekari áform um veitu- og virkjanaframkvæmdir bæði í Þjórsárverunum sjálfum og á því svæði sem Norðlingaölduveita er hugsuð og í Þjórsá neðan Búrfellsvirkjunar. Til að tryggja Þjórsárverum þann sess sem þau verðskulda sem alþjóðlega mikilvægt náttúruverndarsvæði beri að tilnefna þau á heimsminjaskrá UNESCO, Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. En ég verð að lýsa því yfir að það verður ekki fyrr en slíkt verður gert sem hjarta mitt verður rólegt út af Þjórsárverunum, því að jafnvel þó að við séum með Þjórsárverin tilnefnd inn á Ramsar-samninginn og það sé viðurkennt alþjóðlega mikilvægt votlendissvæði segir mér svo hugur að ekkert stoppi Landsvirkjun og jafnvel ekki þessa ríkisstjórn nema farið verði í alvöru af stað með að tilnefna Þjórsárver inn á heimsminjaskrá UNESCO.

Auðvitað á að stefna jafnframt að því að Þjórsárver verði hluti af stærri heild, af Hofsjökulsþjóðgarði, sem muni þá ná yfir verin ásamt Kerlingarfjöllum, friðlandinu í Guðlaugstungum og rústasvæðinu norðan Hofsjökuls. Ég tel að upphafsmaður þeirrar hugmyndar, Hjörleifur Guttormsson, fyrrverandi hv. þingmaður, sjái í hendi sér, af því að hann hefur manna mest skrifað um Þjórsárverin og tekið þátt í þeirri baráttu sem fram hefur farið um þau — ég tel að hans háleitu markmið og hugmyndir um Hofsjökulsþjóðgarð séu raunhæfar og það væri gríðarlega stór áfangi ef við næðum að stofna slíkan þjóðgarð vonandi sem fyrst.

Um núverandi ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar vil ég segja að stefnuyfirlýsing þeirra um málefni Þjórsárveranna er afar óljós. Ég rifjaði það upp fyrr í dag að ljóst er að hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra eru á öndverðum meiði um málið. Hæstv. forsætisráðherra sagði 24. maí í fjölmiðlum og í stjórnarsáttmálanum að yfirlýsingin um málefni Þjórsárvera útilokaði ekki Norðlingaölduveitu. Ef slíkt hefði verið meiningin stæði það í stefnuyfirlýsingunni. En á sama degi sagði hæstv. utanríkisráðherra að hún liti svo á að sú setning sem varðar Þjórsárverin í stefnuyfirlýsingunni útiloki Norðlingaölduveitu. Það þarf auðvitað að taka af allan vafa í þessum efnum, Alþingi verður að tala skýrt og greinilega. Ég tel að á þann hátt einan verði tryggt að horfið verði endanlega frá Norðlingaölduveitu, að leyfi til hennar verði afturkallað og verndun Þjórsárveranna þannig tryggð til framtíðar.

Virðulegi forseti. Ég geri ráð fyrir að þetta mál verði afgreitt til hv. umhverfisnefndar að lokinni þessari umræðu. Þó að hér sé um stutt sumarþing að ræða vona ég að það verði tekið á dagskrá nefndarinnar áður en þingið verður sent heim. Síðan geri ég ráð fyrir að við getum klárað málið til enda á haustþingi.

[18:12]

Illugi Gunnarsson (S):

Frú forseti. Ég kveð mér hljóðs vegna tillögu til þingsályktunar sem hér er til umræðu.

Umræða um náttúruvernd og náttúrunýtingu hefur farið mjög vaxandi á undanförnum árum. Er það vel því að færa má fyrir því rök að fáar þjóðir hafi jafnmikla hagsmuni af því að finna jafnvægi á milli þess að vernda náttúru og náttúruauðlindir annars vegar og nýta þær hins vegar þjóðinni allri til hagsbóta.

Nýting og verndun eru hugtök sem verða ekki í sundur skilin. Þau haldast hönd í hönd og öll umræða um umhverfismál og náttúruvernd hlýtur að markast af þeirri hugsun. Jafnvægislistin felst í því að ná að sameina efnahagslegar þarfir okkar og vernd náttúrunnar til þess að tryggt sé að komandi kynslóðir fái notið sambærilegra lífskjara og við. Við viljum hafa hér nægan hagvöxt til þess að geta byggt skóla, sjúkrahús, öldrunarstofnanir, vegi, hafnir og allt það

sem nútímasamfélag telur nauðsynlegt en um leið skila landinu til næstu kynslóðar í sem bestu ásigkomulagi.

Frú forseti. Þingsályktunartillagan skiptist í tvennt. Annars vegar snýr hún að því að fallið verði frá áformum um Norðlingaölduveitu og einnig er lagt til að ekki verði ráðist í neinar frekari virkjanaframkvæmdir við Þjórsá. Hvað fyrri liðinn varðar vil ég benda á að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar var sérstaklega kveðið á um að stækkun friðlandsins í Þjórsárverum verði tryggð þannig að það nái yfir hið sérstaka votlendi veranna. Þannig birtist með skýrum hætti sá vilji ríkisstjórnarflokkanna að vernda hina sérstöku náttúru Þjórsárvera. Jafnframt liggur það fyrir að á kjörtímabili núverandi ríkisstjórnar verður ekki ráðist í Norðlingaölduveitu hvað sem líður þeim heimildum sem Landsvirkjun hefur til framkvæmda. Ætti þetta að róa hjarta hv. þingmanns sem hér talaði áðan, að hluta til í það minnsta.

Vilji þeirra flokka sem mynduðu ríkisstjórnina er skýr í þessu máli og stjórn Landsvirkjunar sækir umboð sitt til fjármálaráðherra. Einnig er rétt að minna á að stjórn Landsvirkjunar hefur samþykkt að leggja til hliðar öll áform um Norðlingaölduveitu, en ríkastur er þó vilji stjórnarflokkanna. Í stjórnarsáttmálanum er sérstaklega kveðið á um að lokið verði við rannsóknir á verndargildi og nýtingu náttúrusvæða og að þeirri vinnu verði lokið fyrir lok ársins 2009 og verður sú rammaáætlun sem þannig verður til lögð fyrir Alþingi. Að sjálfsögðu nær sú vinna til Þjórsárvera og einstakrar náttúru þeirra. Í ljósi þess sem hér hefur verið sagt má fullyrða að ekki er ástæða til að óttast að hlaupið verði af stað í framkvæmdir við Norðlingaöldu.

Hvað varðar síðari hluta þingsályktunartillögunnar, frú forseti, er rétt að hafa í huga að þessir virkjanakostir eru sennilega þeir hagkvæmustu sem fyrirfinnast þegar horft er til umhverfisáhrifa. Um þá skoðun ættu flestir að geta verið sammála þó að vissulega sé rétt að gera ráð fyrir því að mat manna á þessum málum kunni að breytast með breyttum tíðaranda.

Ég er þeirrar skoðunar að ef við komumst að þeirri niðurstöðu að ekki sé hægt að byggja rennslisvirkjanirnar í neðri hluta Þjórsár vegna þess rasks sem verður á umhverfinu séum við komin að þeirri niðurstöðu að engar frekari vatnsaflsvirkjanir verði byggðar á Íslandi. Það er mitt mat að með þeirri kröfu að ekki verði nýttir þeir virkjanakostir sem í neðri Þjórsá eru sé verið að ganga gegn þeirri meginhugsun að saman verði að fara nýting landsins annars vegar og verndun hins vegar. Það rask sem fyrirsjáanlegt er að mati þeirra sem gerst þekkja til mun ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif í skilningi laga um mat á umhverfisáhrifum og auðvitað þýðir það ekki að allir verði sáttir við þessar framkvæmdir ef af þeim verður. En þótt sitt sýnist hverjum verðum við að reyna að ná sátt um þann mælikvarða sem við notum, hið opinbera mat á umhverfisáhrifum og allt það ferli sem að baki því stendur.

Eins og áður sagði hefur nú þegar farið fram mat á umhverfisáhrifum og búið er að bjóða út hönnun þeirra mannvirkja sem fyrirhugað er að reisa vegna virkjananna í neðri Þjórsá. Ég tel því óráðlegt að breyta þeim reglum sem gilda um allt það ferli og fyrirhugaðar framkvæmdir yfirleitt. En ég er þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að ráðast í breytingar á því laga- og regluverki sem við búum við í virkjanamálum. Það var um margt nauðsynlegt að við tækjumst á um þessa hluti. Rökræðan skerpir og skýrir og samfélagið hafði gagn af þeirri miklu umræðu sem átti sér stað t.d. um Kárahnjúkavirkjun og álverið í Straumsvík. En því er ekki að neita að stundum var of fast tekist á, stundum gengu átökin úr hófi fram og breyttust úr rökræðu í heiftúðuga flokkadrætti þar sem sundurlyndisfjandinn söng allar raddir í tiltölulega vanstilltum kór.

Frú forseti. Ég vil því vekja athygli þingheims og sérstaklega iðnaðarráðherra á nokkrum hugmyndum (Gripið fram í.) sem ég tel að gætu nýst til þess að draga — já, það er kominn annar forseti — úr þeim deilum sem fyrirsjáanlegt er að spretti upp vegna virkjana, hvort heldur sem er vatnsaflsvirkjana eða gufuaflsvirkjana.

Í fyrsta lagi tel ég að kanna eigi hvort ekki sé rétt að breyta lögum þannig að þær heimildir sem iðnaðarráðherra hefur til að grípa til eignarnáms, náist ekki samkomulag við eigendur þeirra jarða sem verða fyrir áhrifum vegna virkjanaframkvæmda, verði þrengdar verulega. Það er skoðun mín að einungis brýnir almannahagsmunir geti leitt til þess að jafnrík réttindi og eignarhald manna á jörðum sínum séu afnumin. Dugar þá ekki að mínu mati að vísa til þess að um sé að ræða óvenju stór viðskipti á milli tveggja aðila, þ.e. orkusalans og orkukaupans.

Það er nú svo að reglulega eru gerð í samfélagi okkar viðskipti sem nema tugum og aftur tugum milljóna króna og engum þætti verjandi að slík viðskipti hvíldu á því að ráðherra gæti með valdi tekið eignir manna eignarnámi, manna sem hvergi hafa komið nálægt viðskiptunum, ekki til þeirra stofnað eða óskað eftir því að þau færu fram. Ef eigandi jarðar vill ekki láta lönd sín undir vatn þá á ekki að vera hægt að þvinga viðkomandi til þess að láta af hendi eigur sínar, jafnvel þó sanngjarnt verð sé talið koma fyrir. Jafnframt tel ég, herra forseti, að ef koma á til þess að heimildum um eignarnám sé beitt eigi að taka slíka ákvörðun á Alþingi en ekki af framkvæmdarvaldinu.

Í öðru lagi vil ég, herra forseti, vekja athygli hæstvirtra ráðherra á því að það er í hæsta máta umdeilanlegt að veitt sé ríkisábyrgð á lántöku vegna framkvæmda þar sem um er að ræða orkuvinnslu og -sölu fyrir einn einstakan stóran notanda. Miklu eðlilegra er að um slíkar framkvæmdir sé stofnað sérstakt fyrirtæki með eigin efnahagsreikning sem njóti ekki ríkisábyrgðar. Að öllu jöfnu leiðir ríkisábyrgð til lægri lántökukostnaðar og þar með til lægri ávöxtunarkröfu orkusalans, sem aftur þýðir aukna hættu á því að það verð sem samið er um í orkusamningum endurspegli ekki nægjanlega þá áhættu sem framkvæmdinni fylgir.

Í þriðja lagi, herra forseti, vil ég vekja athygli þeirra hæstv. ráðherra sem málið varðar á því að nauðsynlegt er að leggja mat á verðmæti þeirra vatnsréttinda sem eru í eigu ríkisins. Þessi réttindi eru verðmæt og nauðsynlegt að sannvirði þeirra komi fram í endanlegu raforkuverði.

Herra forseti. Ég met það svo að ef þær breytingar yrðu gerðar sem ég hef hér rakið mundi fást og nást betra mat á þeim verðmætum sem fórna þyrfti ef til virkjanaframkvæmda kæmi. Þar með yrði dregið úr þeim átökum sem snúa að því hvort nægjanlegt verð fáist fyrir þau náttúruverðmæti sem við gefum frá okkur í þeim tilvikum þar sem við ákveðum að virkja.

[18:19]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. framsögumanni Kolbrúnu Halldórsdóttur fyrir framsögu hennar og meðflutningsmönnum hennar fyrir málið. Ég vil segja sem formaður umhverfisnefndar að við munum leitast við að taka það á dagskrá þótt þingið sé stutt og kanna hvernig með það megi vinna. Við höfum jafnframt sammælst um að taka okkur tíma í sumar, umhverfisnefndin, fara og heimsækja Þjórsá og Þjórsárver og fara vel yfir þær framkvæmdir sem hér er flutt tillaga um.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að margir af talsmönnum Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafa verið ötulir talsmenn náttúruverndar í landinu, ekki síst hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir. Þess vegna þarf engum að koma á óvart að þessi tillaga komi fram þegar á fyrsta þingi kjörtímabilsins, enda nokkuð verið í umræðunni undanfarið. Það er augljóst af málefnasamningi ríkisstjórnarinnar að umhverfismál verða mjög á dagskrá hin næstu ár. Hér á að fara í þá vinnu að fara yfir virkjunarkosti í landinu og þau náttúrugæði sem við viljum varðveita. Um þau á að reyna að ná víðtækri sátt og langtímaáætlun um hvað við ætlum að friða og hvað við ætlum að nýta.

Norðlingaalda hefur auðvitað verið talsvert til umfjöllunar í tengslum við Þjórsárverin. Það liggur fyrir að ríkisstjórnin mun ráðast í stækkun friðlandsins og að því verður unnið á næstu mánuðum á vegum umhverfisráðuneytisins með það að markmiði að vernda þar allt votlendi. Ég held að fleirum en mér sýnist nokkuð augljóst mál að með verulegri stækkun friðlandsins, þar sem friðlandsmörkin hljóta eðli málsins samkvæmt að verða dregin þannig að þar njóti náttúran vafans, verði erfitt að samræma eldri hugmyndir um Norðlingaölduveitu því friðlandi. Ég hygg að Landsvirkjun hafi þegar afskrifað að verulegu leyti þann kostnað sem hún hefur ráðist í vegna þeirrar framkvæmdar þótt ég vilji um leið lýsa þeirri skoðun minni að það komi fullkomlega til greina að bæta orkufyrirtækjum þann kostnað sem þau hafa lagt í við slík verkefni sé það ákvörðun löggjafarvaldsins að friða svæði sem menn mátu svo áður að yrðu nýtt og virkjuð.

Um hina virkjunarkostina, þ.e. virkjanirnar í neðri Þjórsá, er það þannig að þær eru talsvert lengra komnar og mættu að mörgu leyti furðulega lítilli andstöðu þegar þær voru kynntar. En eins og við höfum fylgst með í umhverfismálunum á síðustu árum hafa viðhorf þar mjög verið að breytast. Ég held að það sé algjörlega óhjákvæmilegt að við tökum umræðuna um virkjanirnar í neðri Þjórsá og við förum yfir þau mál einu sinni enn til að komast að niðurstöðu um það hvort það sé raunverulega vilji okkar að ráðast í slíkar stórar vatnsaflsvirkjanir á árinu 2007.

Ég vil taka undir með hv. þm. Illuga Gunnarssyni varðandi það að fari það svo að niðurstaða þeirrar umræðu verði að falla frá virkjunaráformunum í neðri Þjórsá þá hafi menn sett endapunktinn við sögu stórra vatnsaflsvirkjana á Íslandi en auðvitað er við því að búast að þeirri sögu ljúki einhvern tímann. Í nágrannalöndum okkar eru einfaldlega komin þau mörk að menn hættu að fórna meiri náttúrugæðum í þeim efnum en orðið var. Það hlýtur líka að verða æ áleitnara að þekking okkar og færni í nýtingu jarðhita verður meiri, að ég ekki tali um þær rannsóknir og tilraunir sem nú eru með enn frekari nýtingu háhitans sem gætu gefið okkur margföldun í orkuöflun miðað við það sem nú er við að búast.

Ég vil líka nota tækifærið og taka undir þau sjónarmið sem hv. þm. Illugi Gunnarsson lýsti, annars vegar um ríkisábyrgðina til framkvæmda af þessu tagi, þ.e. virkjanaframkvæmda fyrir stóriðju. Ég held að það sé engum blöðum um það að fletta að slíkt inngrip hins opinbera, opinberar ábyrgðir til slíkra framkvæmda, skekki samkeppnisstöðu milli atvinnugreina. Það leiðir til ófarnaðar og sömuleiðis hlýtur tími eignarnáms að vera liðinn nú. Þegar löngu er virkjað fyrir almannahagsmuni og almennt atvinnulíf í landinu eru þær sterku röksemdir um almannaheill sem áður lágu til grundvallar eignarnámi ekki fyrir hendi. Ég hygg að um þessi sjónarmið sé nokkuð góður samhljómur, a.m.k. milli okkar nefndarmanna stjórnarflokkanna í umhverfisnefnd og vil fagna því sérstaklega.

En eins og ég segi: Ég þakka flutningsmönnum fyrir framlag þeirra í málinu. Ég vonast til að við komum því a.m.k. út til umsagnar og getum í ágústmánuði farið vel yfir það þegar við heimsækjum Þjórsárver og Þjórsá.

[18:26]

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir (Vg):

Herra forseti. Ef marka má umræður hér fyrr í dag virðist mér sem gangverk stóriðjunnar eigi að halda áfram eins og ekkert hafi í skorist, hér eftir sem hingað til. Orkufyrirtækin gera samninga sín á milli eins og ekkert sé, taka tilboðum, innsigla samninga og gera beinlínis ráð fyrir því að stjórnvöld muni á engan hátt koma í veg fyrir áætlanir þeirra. Það virðist sem þau hafi rétt fyrir sér. Ætlar ný ríkisstjórn virkilega engu að breyta þrátt fyrir kosningaloforð?

Hvers vegna er það svo, herra forseti, að Landsvirkjun fær á endanum alltaf allt sem hún biður um, hvað sem hver segir, á meðan fólkið í landinu er ekki spurt? Á orkufyrirtækjum að leyfast að bíða bara af sér hlutina, fresta áformum um sinn en halda í raun sínu striki? Hversu lengi á þetta að ganga þannig fyrir sig?

Náttúrufarsrannsóknir og náttúruvernd eiga að koma á undan orkurannsóknum og leyfum. Þær eiga að koma á undan samningum og kröfum orkufyrirtækja. Er ekki kominn tími til að snúa við blaðinu af alvöru og byrja á réttum enda? Mér er ekki rótt, herra forseti, þrátt fyrir að sá ágæti þingmaður Illugi Gunnarsson hvetji okkur til þess. Sagan sýnir okkur, hin áratugalanga barátta um Þjórsárver, að það er engin ástæða til að mönnum sé rótt. Okkur er ekki rótt og okkur á ekki að vera rótt. Enda tekur ný ríkisstjórn ekki af skarið í þessum efnum.

Það er með ólíkindum að á árinu 2007 skulum við Íslendingar enn, eftir öll þessi ár, þessa áratugi, vera að ræða um hvort Þjórsárver séu óhult. Mér er það satt best að segja óskiljanlegt. Hvers vegna í ósköpunum kostar það áratugabaráttu, erfiða og linnulausa, að bjarga jafnvel því sem hver einasti Íslendingur á að vera stoltur af að vernda og flagga? Það er dapurleg staðreynd að við Íslendingar séum ekki komin lengra en þetta í verðmætamati okkar og sýn á náttúruvernd. Ég leyfi mér að fullyrða að í þessum efnum erum við langt á eftir framsæknum þjóðum, sem þó geta engan

veginn stært sig af þeirri stórfenglegu náttúru sem við Íslendingar höfum fengið í arf.

Eins og allur þingheimur ætti að vita, en veit kannski ekki, eru Þjórsárver undur á heimsmælikvarða. Lýsingar af því stórveldi sem Þjórsárver eru í vistfræðilegum skilningi gætu fyllt marga doðranta, með sínu einstæða landslagi, gróður- og lífríki og öllu sem því tilheyrir. Þetta er svæði sem á hvergi annars staðar heima en á heimsminjaskrá UNESCO. Ætlar ný ríkisstjórn að leyfa því að eiga þar heima og þá hvenær? Eftir hverju er verið að bíða?

Hvernig dettur okkur annað í hug en að slíkan dýrgrip sem Þjórsárver eigi að vernda um aldur og ævi? Hvernig dettur okkur annað í hug en að leyfa aldrei Norðlingaölduveitu eða nokkra þá aðra röskun sem gróðaöflin hafa um árараðir leynt og ljóst stefnt að, gegn vilja hugrakkra heimamanna — já gegn vilja heimamanna. Við Íslendingar stöndum öll í þakkarskuld við heimamenn við Þjórsá fyrir þá hetjulegu baráttu sem þeir hafa háð til varnar Þjórsárverum. Það hefur sannarlega ekki verið átakalaust og kostað blóð, svita og tár, að ekki sé talað um blekkingar og svik. En þau hafa staðið í lappirnar og nú fáum við einstakt tækifæri til að sýna þeim að baráttan hafi verið þess virði, að Þjórsárver séu óhult um alla ævi.

Það er okkur Íslendingum til skammar að þetta mál sé ekki fyrir löngu afgreitt með skýrum og afgerandi hætti. Nú fær Alþingi Íslendinga og ný ríkisstjórn enn og aftur tækifæri til að sameinast um þetta þjóðþrifamál enda ekki seinna vænna. Það þarf engar frekari nefndir til að fjalla um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Það er ekkert pláss fyrir málamiðlanir og er ekki eftir neinu að bíða. Það eina sem þarf er að við höfum manndóm í okkur til að segja í eitt skipti fyrir öll: Við náttúrulegum mörkum Þjórsárvera í heild sinni og nærliggjandi svæðum að Sultartangalóni verður aldrei snert, við Þjórsá verður ekki hreyft. Punktur. Þá mundu verkin tala og þá væri staðið við gefin loforð.

Hvað þá með Þjórsá? Skilaboðin sem við höfum fengið um virkjanirnar í neðri hluta Þjórsár eru ekki skýrari en svo að Landsvirkjun hefur þegar tekið tilboði um hönnun virkjananna og fleira sem að þeim snýr. Hvar eru loforð Samfylkingarinnar í þessum efnum, loforð fyrir kosningar, um að af þessum virkjunum yrði ekki? Ef svo fer fram sem horfir sannast enn á ný að gróðaöflin og orkufyrirtækin eru ríki í ríkinu og ætla sér að fara sínu fram hvað sem það kostar og hvað sem hver segir og öllum loforðum er gleymt.

Með virkjunum í neðri hluta Þjórsár á að fórna anddyri Þjórsárdals og Urriðafossi ásamt öðrum stórbrotnum fossum. Þar á að fórna lífríki og gróðri, bújörðum, landbúnaði, veiði og ferðaþjónustu svo fátt sé nefnt. Margrómuð náttúrufegurð við dyr hálendisins, flúðir, sker og eyjar og undurfagrir bakkar Þjórsár eiga að sökkva. Einungis málverk okkar gömlu snillinga sem hrifust af landslaginu og kunnu að meta það eiga að verða eftir til vitnis.

Ég spyr: Ætlar ný ríkisstjórn virkilega að standa fyrir því að Búðarfoss í Þjórsá hverfi, Urriðafoss, Dynkur? Ætlar ný ríkisstjórn að standa fyrir því að Hagaey og hólmar og flúðir Þjórsár hverfi og árfarvegur skerðist? Ætlar hún að sökkva jörðum meðfram Þjórsá og bújörðum bænda? Ætlar hún að hunsa beiðni sambýlisins Skaftholts? Ætlar ný ríkisstjórn að skerða fuglalíf í Þjórsá og gengd laxa upp ána? Ætlar hún að setja hrygningarstöðvar þorsks undan ósum Þjórsár í hættu? Ætlar ný ríkisstjórn að stórskaða lífríki Þjórsár og gróður, útsýni, landslag, fegurð og fornminjar frá landnámi?

Eða ætlar þingheimur allur og ný stjórn að standa vörð, ekki bara um Þjórsárver heldur um Þjórsá og hennar stórbrotnu heima? Það er val í þessum efnum, herra forseti, og það er og verður afdrifaríkt. Það verður afdrifaríkt um ókomna tíð.

Ég skora á hið háa Alþingi og nýja ríkisstjórn að sýna röggsemi í þessu máli. Það er ekkert erfitt við það. Það er einfalt mál. Við eigum ekki að þurfa að bíða eftir svörum, svo skýr voru loforðin í kosningabaráttunni. Fólk við Þjórsá og aðrir Íslendingar eiga ekki að þurfa að berjast í 40 ár í viðbót, ekki í 40 mánuði, vikur eða daga. Menn eiga ekki að þurfa að lifa milli vonar og ótta um hvað verður. Baráttan á að hafa skilað árangri nú þegar.

Herra forseti. (Forseti hringir.) Framgangur þessarar þingsályktunartillögu og þverpólitísk samstaða um hana ætti að vera borðleggjandi mál.

[18:35]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var nokkuð sérkennileg vandlætingarræða atarna. Það er rétt að það er borðleggjandi að friðlandið í Þjórsárverum verður stækkað. Það liggur fyrir vegna þess að það liggur fyrir í stjórnarsáttmála Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar fyrir þetta kjörtímabil. Það er ein af ástæðunum fyrir því að Samfylkingin ákvað að axla þá ábyrgð að gerast aðili að ríkisstjórn til þess að ná árangri og áföngum í umhverfismálum, til þess að ná því að friðlýsa hér um alla framtíð mikilvægar gersemar í náttúru Íslands, til þess að stöðva þær miklu stóriðjuframkvæmdir sem hér hafa verið undanfarin ár og gera áætlun um það hvað við ætlum að vernda til langrar framtíðar, og klárlega þar Þjórsárverin. Það liggur fyrir í ræðum fulltrúa beggja stjórnarflokkanna við þessa umræðu að í Norðlingaölduveitu verður ekki ráðist meðan þessi ríkisstjórn situr, næstu fjögur árin.

Hér kemur þingmaðurinn upp og hefur uppi skammir og svívirðingar um það að hér haldi allt áfram eins og ekkert hafi í skorist og ríkisstjórnin ætli ekki að gera neitt. Ég verð bara að segja að ég átta mig ekkert á því með hvaða umræðu hv. þingmaður hefur verið að fylgjast, hvaða gögn hv. þingmaður hefur verið að lesa, vegna þess að ég veit ekki betur en að nú þegar í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar hafi náðst verulegur árangur og að við séum sem betur fer að sjá verulega viðhorfsbreytingu sem m.a. kemur fram í því að bæði ég og félagi minn, hv. þm. Illugi Gunnarsson, lýsum því yfir hér við umræðuna að við teljum að tími ríkisábyrgða til virkjana fyrir stóriðju (Forseti hringir.) sé liðinn og við teljum að það geti verið að komið sé að endalokum stórra vatnsaflsvirkjana í landinu. Ef það eru ekki viðhorfsbreytingar á stjórnarháttum (Forseti hringir.) í landinu veit ég ekki hvað það er.

[18:37]

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það stendur í stjórnarsáttmála, stefnuyfirlýsingu nýrrar ríkisstjórnar, vissulega: „Stækkun friðlandsins í Þjórsárverum verði tryggð þannig að það nái yfir hið sérstaka votlendi veranna.“ Þetta er það sem stendur um Þjórsárver.

Það er ekki minnst einu orði á að ekki skuli ráðist í Norðlingaölduveitu, ekki einu orði. Og daginn eftir að ný ríkisstjórn tók til starfa ítrekaði hæstv. forsætisráðherra Geir Haarde að ef planið hefði verið að falla frá Norðlingaölduveitu hefði það staðið í sáttmálanum.

Skilaboðin sem við fáum í þessum efnum eru ekki skýr. Einhverjir segja hér: Já, það verður ekki gert á þessu kjörtímabili. Nú, eruð þið að bíða þangað til — eins og ég sagði einmitt áðan í minni ræðu eru orkufyrirtækin bara að bíða þetta af sér, sjá til. Er þetta stórhugurinn í kringum sjálf Þjórsárver? Hvað er svona erfitt við að taka af skarið við að vernda hjarta landsins?

Nú veit ég ekki hvort hv. þm. Helgi Hjörvar var viðstaddur í dag þær umræður, ég var það, og þar kom ýmislegt gagnlegt í ljós. Mér þykir undarlegt ef ekki á að gera meira til að breyta þeim venjum og siðum sem hingað til hafa verið höfð uppi hvað varðar náttúruvernd og stóriðju og orkumál á Íslandi.

[18:39]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill minna hv. þingmenn á að þegar vitnað er beint í texta skal leitað leyfis forseta til þess.

[18:39]

Helgi Hjörvar (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skil málflutning hv. ræðumanns miklu betur ef hann grundvallast á einhverri umræðu sem hér fór fram um einhver önnur mál fyrr í dag. Ef hún sem umhverfisverndarsinni vill fjalla um hina nýju ríkisstjórn og stefnuyfirlýsingu hennar kemur mér satt að segja á óvart að hún sé ekki í þessum ræðustóli til þess að fagna. Eftir 12 ára samstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks þar sem engu var eirt í þeim efnum en farið áfram á fullri ferð í stóriðjuuppbyggingu og virkjunum er tekin við ný ríkisstjórn sem hefur ákveðið að staðnæmast, að taka tillit til þeirra viðhorfsbreytinga sem orðið hafa í samfélaginu öllu, meira að segja í Vinstri hreyfingunni – grænu framboði því að hv. þingmaður þarf ekki að leita lengra en til formanns síns til að sjá viðhorfsbreytingar til einstakra virkjanaframkvæmda í landinu á undraskömmum tíma.

Ég held að það sé málefnalegt samkomulag Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar að fara einfaldlega yfir þessi mál, kortleggja náttúru landsins og taka ákvörðun um það hvað við ætlum að varðveita um alla framtíð og hvað við ætlum að nýta og reyna að ná um það sem víðtækastri sátt. Ég held að allir umhverfisverndarsinnar í landinu hljóti að fagna því að stærsti meiri hluti sem setið hefur hér í þessu þingi skuli hafa náð samstöðu og samkomulagi um þessa gerbreyttu stjórnarstefnu að þessu leyti.

Ég ætla ekki að fara að telja upp alla þá staði sem vísað er til í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar en Íslendingar þekkja þá staði í náttúru landsins og vita hversu gríðarleg verðmæti þar eru og hversu mikilvæg þessi áætlun stjórnarinnar er. Það er þannig að þar stendur ákaflega skýrum stöfum að (Forseti hringir.) það eigi að stækka friðlandið í Þjórsárverum, og það (Forseti hringir.) munum við gera enda erum við við stjórnvölinn, hv. þingmaður.

[18:41]

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vona svo sannarlega að málflutningur hv. þm. Helga Hjörvars um að hér muni ný ríkisstjórn í raun standa fyrir stórfelldum breytingum á þessu sviði sé réttur. En það stendur ekki í stjórnarsáttmálanum sem er einstaklega fátæklegur hvað varðar umhverfismál þar sem ný stjórn stærir sig af því að ætla að þyrma, a.m.k. um stundarsakir, stöðum sem fyrir löngu eru friðlýstir.

Það er með hreinum ólíkindum hvernig fólk getur slegið sér á brjóst yfir því sem ekkert er en ég vona svo sannarlega það besta. Ég vona að nýr umhverfisráðherra, sem ég hef trú á, muni taka til hendinni. Ef hið raunverulega á bak við allt saman er óbreytt ástand, sem ég virkilega óttast miðað við allt og allt, þennan fátæklega stjórnarsáttmála í umhverfismálum, er lítil ástæða til bjartsýni. Það sem hér hefur komið fram í dag og á þeim fáu dögum sem ný ríkisstjórn hefur starfað gefur því miður ekkert tilefni til bjartsýni.

Ef hv. þingmaður hefur á réttu að standa, hvers vegna segir þessi ríkisstjórn þá ekki skýrum orðum: Norðlingaölduveita er slegin af fyrir fullt og allt? Og hvar, enn og aftur, eru yfirlýsingar Samfylkingarinnar um neðri hluta Þjórsár? (Forseti hringir.) Ég sætti mig ekki við að það eigi bara að stefna að því að virkja þar og að Landsvirkjun eigi þar að fá að komast upp (Forseti hringir.) með að halda uppteknum hætti.

[18:44]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvað varðar stefnu ríkisstjórnarinnar held ég að vart sé hægt að komast skýrar að orði en svo að fyrir liggur sú yfirlýsing að ekki verði ráðist í framkvæmdir í Norðlingaöldu á þessu kjörtímabili.

Í öðru lagi liggur fyrir að unnin verður rammaáætlun sem verður lokið fyrir árslok 2009. Þar verður að sjálfsögðu fjallað um Þjórsárver og alla aðra virkjunarkosti, skoðað verndargildi þeirra og nýtingargildi. Sú rammaáætlun fer síðan fyrir Alþingi þannig að þingmönnum gefst tækifæri til þess að ræða þá áætlun. Þetta eru lykilatriði málsins.

Síðan er það hitt að ég get ekki tekið undir og samþykkt það að því sé lýst þannig að við Íslendingar séum alveg sérstaklega aftarlega á merinni hvað varðar umhverfismál. Það er svo margt sem gerir þá fullyrðingu ranga, þótt ekki væri nema þegar litið er til þess hversu stór hluti af okkar landi er núna þjóðgarðar eða vernduð svæði borið saman við önnur ríki í kringum okkur og reyndar bara hvar sem er í heiminum.

Eins er það að við höfum auðvitað náð heilmiklum árangri hvað varðar endurnýjanlegar orkulindir þó að vissulega getum við gert betur. Ég bendi t.d. á það frumkvæði ríkisstjórnarinnar að ýta undir það að bílafloti hins opinbera

muni nýta endurnýjanlega orkugjafa og ýmis önnur slík verkefni, eins og t.d. Kolvið, sem ég tel að séu mjög til fyrirmyndar.

Ég mótmæli því líka harðlega að lýsa t.d. Landsvirkjun og stjórn þess fyrirtækis um árarraðir sem einhvers konar gráðugum gróðaöflum. Ég held að þeir sem þar hafi setið hafi unnið af heilum hug fyrir land sitt og þjóð til þess að efla Ísland. Það er ekki allt hafið yfir vafa eða gagnrýni en ég held að það sé of langt gengið að lýsa því með þeim hætti sem var gert úr ræðustól áðan.

Bara rétt að lokum, endalok stórvirkjana væru það ef við kæmumst að þeirri niðurstöðu að þær virkjanir sem eru (Forseti hringir.) fyrirhugaðar í Þjórsá stæðust ekki umhverfismat. Þær hafa farið í gegnum umhverfismat og hafa staðist það mat þannig að (Forseti hringir.) ég á von á því að þær fari í gegn.

[18:46]

Bjarni Harðarson (F):

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu er mér mjög hugleikið hafandi farið mikið um þetta svæði sem um er talað. Ég undraðist því mjög, ég held að það hafi verið sama dag og tilkynnt var um hina nýju ríkisstjórn, en þá lentum við þingmenn Suðurkjördæmis saman á fundi á Laugalandi í Holtum, ég og hæstv. fjármálaráðherra og þar lýsti hann fyrst þeirri skoðun, sem seinna heyrðist svo frá hæstv. forsætisráðherra, að hann teldi í rauninni áfram möguleika á því að ráðast í Norðlingaölduveitu þrátt fyrir ákvæði stjórnarsáttmálans.

Yfirlýsing beggja þessara ráðherra hefur að vísu verið, eins og ég hef skilið hana, mjög óljós og ég fagna því að hv. þm. Illugi Gunnarsson hefur hér tekið þar af öll tvímæli að það er ekki á áætlun að núverandi ríkisstjórn ráðist í gerð Norðlingaölduveitu. Ég tel það mjög brýnt. Þar með er ég ekki að taka undir allt sem sagt hefur verið um hinn gríðarlega umhverfisskaða af Norðlingaölduveitu. Ég hef ákveðnar efasemdir um sumt af því, ég hef ákveðnar efasemdir þegar ég heyri að fólk vill teygja friðland Þjórsárvera alveg niður að Sultartanga, niður fyrir Gljúfurleit og niður fyrir Starkað. Ég skil ekki alveg þau landamerki en það er ábyggilega bara af þeirri vitleysu að ég hef verið að þvælast þarna. Maður þarf að hafa haldið sig frá svæðinu til að skilja landamæri eins og þessi.

Ég held aftur á móti að sá árangur sem náðst hefur í umhverfisvernd sé mjög mikilsverður og okkur ber að virða það frumkvæði umhverfisverndarsinna, sem margir töluðu mjög fyrir daufum eyrum þegar baráttan um Þjórsárver hófst. Þá voru áætlanir um gríðarlega stórt lón þarna sem hefði orðið óskaplegt umhverfisslys ef af hefði orðið.

Síðan kemur umræðan um Þjórsá. Segir ekki einhvers staðar: „Stóð ég við Öxará“? Ég stóð ekki þar. Ég stóð við Þjórsá og hélt meira að segja útifund þar og margir hafa tekið það sem svo síðan að ég hljóti að vera á móti öllum virkjunum í Þjórsá og ætti þess vegna helst að taka undir með hv. þm. Guðfríði Lilju Grétarsdóttur að við friðuðum Þjórsá alveg. Mér finnst nú, þið fyrirgefið orðbragðið, hugmyndin um friðun Þjórsár svolítið eins og að varðveita meydóm 18 barna móður. Þjórsá er náttúrlega ekki hægt að friða úr því sem komið er. Hún hefur verið virkjuð meira en nokkur önnur á og við græðum einfaldlega ekkert í umhverfisverndarbaráttu með því að reisa flaggið alltaf við hæstu og ómögulegustu kröfur. Þegar umræðan kom fyrst upp um að virkja í neðri hluta Þjórsár var ég því afskaplega andvígur og ég hef haft ímugust á þeim virkjunum allan tímann og hef enn.

Aftur á móti gerðist það að baráttumenn gegn Norðlingaölduveitu fóru í mjög undarleg hrossakaup um virkjanir í neðri hluta Þjórsár annars vegar og virkjanir í Norðlingaölduveitu hins vegar. Hrossakaup sem voru mér ógeðfelld og ég sé alltaf eftir því að hafa ekki gert athugasemd við umhverfismat þessara virkjana. Það gerði ég ekki, það gerðu félagar í Vinstri grænum heldur ekki. Það gerði enginn athugasemd þegar umhverfismat virkjana í neðri hluta Þjórsár fór í gegn og það er svolítið athyglisvert. Það mæltu einfaldlega allir talsmenn umhverfisverndarsinna með þessum virkjunum á þeim tíma.

Það hefði í rauninni verið lítið mál að koma í veg fyrir þessar virkjanir með því að benda á að samkvæmt áreiðanlegum heimildum eru tímgunarsvæði vatnaskrímsla einmitt á bökkum Þjórsár á þessu svæði og tímgunarsvæði vatnaskrímsla hljóta auðvitað að teljast mjög merkileg út frá dýrafræðilegu sjónarmiði þar sem tímgunarsvæði dýra í útrýmingarhættu eru merkileg og tímgunarsvæði dýra sem ekki eru til hljóta þar af leiðandi að vera enn merkilegri.

Úr því sem komið er getum við ekkert látið okkur dreyma um það sem raunhæft markmið að ekki verði virkjað í neðri hluta Þjórsár. Ég vitnaði áðan í fund sem ég var á með Árna Mathiesen á Laugalandi. Þar var einneginn Páll Einarsson jarðfræðingur sem mikið hefur unnið fyrir Landsvirkjun. Hann hélt þar fram mjög athyglisverðum hlutum, sem sagt þeim að það yrði aldrei hagkvæmt fyrir Landsvirkjun að fara með lónhæðina við innkomuna í Þjórsárdal eins hátt og til stendur í þeim áætlunum sem Landsvirkjun er með.

Ég held að sterkasta baráttan í málefnum Þjórsár núna væri að berjast fyrir því að lónhæðin þarna sé lækkuð verulega vegna þess að það versta við þessar virkjanir er hvað við eyðileggjum innkomuna inn í Þjórsárdal mikið. Við sökkvum þar dýrmætum hólmum, eyðileggjum eina af fallegri bújörðum Gnúpverjahrepps og auk þess landnámsjörð, Haga í Gnúpverjahreppi, og vinnum mörg önnur óbætanleg spjöll á náttúrunni.

Varðandi Urriðafoss er það að segja sú virkjun er algjörlega afturkræf. Það er afskaplega auðvelt að taka hana til baka. Úr því að enginn gerði athugasemd í umhverfismatinu, úr því að öllum nema mér er sama um vatnaskrímslin, verður hún yfir okkur að ganga.

Samfylkingin marglofaði því í kosningabaráttunni, og m.a. á fundum þar sem ég var, að við skyldum stoppa allar virkjanir í neðri hluta Þjórsár. Ég sat í pallborði með fulltrúum Samfylkingarinnar í mínu kjördæmi og mátti þar tala máli skynseminnar meðan fulltrúar annarra flokka leyfðu sér að koma með hástemmdar kröfur sem engin glóra er í að hægt sé að standa við. Það er svolítið mikilvægt í baráttunni í umhverfisverndarmálum að við setjum fram kröfur sem við eigum einhvern möguleika á að standa við en ekki kröfur sem er algjörlega útilokað að geti skilað okkur nokkru nema svekkelsinu.

Þess vegna er miklu mikilvægara að beina baráttunni varðandi neðri hluta Þjórsár að því að milda umhverfisáhrif virkjananna þar, að við mildum áhrif virkjana í neðri hluta Þjórsár en reynum ekki að koma í veg fyrir þær. Vegna þess að ég sé í rauninni engin tæki hjá stjórnvöldum til að gera það nema að menn vilji fara þá leið að beita eignarhaldi ríkisins í Landsvirkjun. Ég á svolítið bágt með að sjá að menn geri það úr því sem komið er. Þá þarf víðtækari samstöðu en ég hefði haldið að næðist. Aftur á móti vonast ég til að loforð hv. þm. Illuga Gunnarssonar, sem hér voru sett fram með miklu ákveðnari hætti en nokkuð af því sem ég hef heyrt um málið frá fjármálaráðherra og forsætisráðherra, séu skýr og ég treysti þeim og er þess vegna bjartsýnn á að alla vega um sinn séu Þjórsárver hólpin, hvað sem verður.

Mig langar aðeins rétt í lokin að koma að því þar sem við erum að tala um vatnsaflsvirkjanir að ég vil ekki sjá fyrir mér að tími vatnsaflsvirkjana sé liðinn og í stað þeirra sé kominn tími gufuaflsvirkjana. Ég held að gufuaflsvirkjanir séu út frá umhverfislegu sjónarmiði (Forseti hringir.) miklu krítiskari hlutur og ég græt oft þá hveri, bláa, rauða og græna, sem Vinstri grænir og aðrir í R-listanum eyðilögðu fyrir mér uppi á Hellisheiði í minni sýslu.

[18:55]

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir (Vg):

Herra forseti. Ég verð einfaldlega að fá að mótmæla því að það sé skynsamlegasta leiðin og sjálfgefin að virkja eigi neðri hluta Þjórsár í trássi við vilja og óskir heimamanna þar. Ég neita að gangast undir það að þetta sé einfaldlega búið og gert og það sé ekkert hægt að gera. Talandi um hrossakaup vegna Þjórsárvera þá er það náttúrlega ekkert nýtt í sögunni. Það hefur oft verið notað að segja: Fórnið þið nú þessu og þá skulum við bjarga Þjórsárverum. (Gripið fram í.) Það er ekki í fyrsta sinn sem það er gert. Er ekki einmitt tími til kominn að hætta því? Það á ekki að þurfa neina bitlinga eða hrossakaup vegna Þjórsárvera, það er svo borðleggjandi mál. Það á heldur ekki að gangast undir það að virkjanir í neðri hluta Þjórsár séu bara náttúrulögmál úr því sem komið er. Ég hafna þeirri röksemdafærslu.

Mig langar að benda á áskorun Náttúruverndarsamtaka Íslands sem og samtakanna Sólar í Straumi, Sólar á Suðurnesjum og Sólar á Suðurlandi sem beindu þeim tilmælum til hæstv. umhverfisráðherra og skoruðu á hann að fela stofnunum sínum, Umhverfisstofnun og Skipulagsstofnun, að draga fram og kynna fyrir almenningi heildarmynd áforma stóriðjufyrirtækja, orkufyrirtækja og orkuflutningsfyrirtækja á Suður- og Suðvesturlandi og tryggja að lýðræðisleg upplýst umræða um heildaráform fari fram og kosningar um málið og þau mál sem þar eru á döfinni. Það hefur ekkert heildarmat á þessum náttúrulegu verðmætum þarna farið fram, það er í rauninni staðreyndin.

Náttúrufarsleg sjónarmið, náttúrufarsrannsóknir eiga á okkar tímum að vera númer eitt, tvö og þrjú og svo á að skoða kröfur orkufyrirtækja og annarra og ásókn þeirra í orkuauðlindir.

[18:57]

Bjarni Harðarson (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í mínum huga er það alveg ljóst að stjórnsýsla er ekki afturvirk. Það er ekki þannig í vönduðum lýðræðisríkjum að hægt sé að hlaupa fram og til baka í tímanum. Þeir gerðu þetta svolítið hér austar í heiminum um tíma en við gerum slíkt ekki á Íslandi í dag. Þar af leiðandi eru þau leyfi sem veitt hafa verið, þær ákvarðanir sem teknar hafa verið, ekki afturkræf nema ef einhverjar sérstakar aðstæður komi til.

Ég vil aðeins koma inn á það sem hv. þm. Guðfríður Lilja Grétarsdóttir sagði. Það er auðvitað ekkert náttúrulögmál að ráðast í virkjanir í neðri hluta Þjórsár og ég tel það slæmt. Ég tel það að mörgu leyti slæmt og sér í lagi efsta virkjunin, en ég tel aftur á móti að leiðin til að komast hjá því sé ekki fær í dag. Ég sé ekki hvar hún er. Og þegar vitnað er til þess að þetta sé í andstöðu við vilja heimamanna, þá er það auðvitað svo að það er mikill minni hluti heimamanna á þessu svæði sem er á móti þessum framkvæmdum. Það er meira að segja svo að áform fráfarandi umhverfisráðherra, Jónínu Bjartmarz, um stækkun friðlandsins og um ákveðna verndun í Þjórsárverum strandaði á vilja heimamanna.

Það er engin einstefna í þessu máli og ég mótmæli algjörlega þeim orðum hv. þm. Helga Hjörvars áðan að fyrri ríkisstjórn hafi keyrt út í eitt á virkjanaframkvæmdum en núverandi ríkisstjórn ætli sér þar mildari stefnu. Tilfellið er að núverandi ríkisstjórn hefur tekið upp merkið þar sem hv. iðnaðarráðherra á þeim tíma, (Forseti hringir.) Jón Sigurðsson, rétti þeim það og litlu við bætt.

(Forseti (StB)**:** Forseti vill minna hv. þingmenn á að veita andsvar við þann ræðumann sem var að tala síðastur en ekki við þann sem talaði fyrr á fundinum.)

[19:00]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir umræðuna sem hefur farið fram um þingsályktunartillögu okkar. Ég tel hana hafa verið málefnalega og fjöruga. Mér finnst nokkuð margt hafa komið fram í ræðum hv. þingmanna sem er þess virði að á því sé stiklað í lokaræðu.

Fyrst langar mig til að segja um ræðu hv. þm. Illuga Gunnarssonar að það eru mér tíðindi ef það er rétt sem hann segir — sem stjórnarmaður Landsvirkjunar ætti hann að vita um hvað hann er að tala — að stjórn Landsvirkjunar hafi fallið formlega frá Norðlingaölduveitu. Mér er ekki kunnugt um það. (**IllG:** Það sagði ég ekki.) Ég skildi ræðu hv. þingmanns þannig.

Fulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hefur hvað eftir annað lagt fram í stjórn Landsvirkjunar formlegar tillögur um að Landsvirkjun falli frá Norðlingaölduveitu. Því hefur aldrei verið sinnt. Það hefur aldrei verið uppi hjá Landsvirkjun neinn vilji til þess. Síðast í fjölmiðlum rétt um það bil sem ný ríkisstjórn var að myndast lét Friðrik Sophusson hafa eftir sér, eða svo mátti á honum skilja, að Landsvirkjun væri mikið í mun að fá að halda áfram þeim áformum. Ég lít því ekki svo á að horfið hafi verið frá Norðlingaölduveitu.

Orðanna hljóðan í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er

alveg klár. Ég verð að segja, þótt að ég hafi miklar mætur á hv. þm. Illuga Gunnarssyni að ég geri ekki eins og hv. þm. Bjarni Harðarson, að taka mark á orðum hans fram yfir orð hæstv. forsætisráðherra og fjármálaráðherra. (**BjH:** Þau voru miklu skýrari.) Það er rétt, þau voru skýrari, en satt að segja sagði hæstv. forsætisráðherra skýrt í fjölmiðlum:

„Ef það væri ætlan okkar að falla frá Norðlingaölduveitu þá stæði það hér."

Það stendur ekki. Það er því alveg ljóst að það er ágreiningur í stjórnarflokkunum um málið. Það staðfesti hæstv. forsætisráðherra og hann sagði að textinn væri málamiðlun þannig að það liggur alveg ljóst fyrir. Það er þá alveg á hreinu. Það er ágreiningur um það milli stjórnarflokkanna hvort slá eigi Norðlingaölduveitu út af borðinu eða ekki. Við skulum bara hafa þann ágreining á hreinu. Svo verður á endanum framtíðin að leiða í ljós hvor af stjórnarflokkunum hefur betur. Við segjum það, sem leggjum fram þessa tillögu hér. Það er hægt að koma í veg fyrir þann ótta og óróa sem ósætti stjórnarflokkanna skapar með því að samþykkja þá tillögu sem hér liggur fyrir. Þá eru tekin af öll tvímæli.

Virkjanakostirnir í neðri hluta Þjórsár eru hagkvæmustu virkjanakostir sem um getur, sagði hv. þm Illugi Gunnarsson. Þessi umræða um hagkvæmnina verður að fara að breytast. Við megum ekki mæla þetta ævinlega á þennan eina mælikvarða hagkvæmni. Við verðum að átta okkur á því að það eru aðrir mælikvarðar sem mæla má hlutina á, t.d. mælikvarði sjálfbærrar þróunar. Það skiptir því máli að athuga að það þarf að tala á mun breiðari grunni um þessa hluti og þessar virkjanir en þeim að mæla verkefnin ævinlega á mælikvarða hagkvæmninnar.

Varðandi það sem hv. þm. Bjarni Harðarson nefndi, hvers vegna ekki hefðu komið umsagnir eða athugasemdir við þessar virkjanir í neðri hluta Þjórsár þegar þær fóru í gegn og ekki frá okkur vinstri grænum sem börðumst mjög í umhverfismatinu þegar Norðlingaölduveita var í umhverfismatsferli þá held ég satt að segja að því sé til að svara að umhverfisverndarbaráttan og fólkið sem í henni hafði staðið var orðið svo lemstrað eftir átökin um Þjórsárver og átökin um Kárahnjúka að á sama tíma og Landsvirkjun setti fram þessar virkjanahugmyndir í neðri hluta Þjórsár, það var þó í byggð og á ræktuðu landi en ekki á ósnortnu landi, að fólk óttaðist hreinlega að gera athugasemdir við þetta. (**BjH:** Þið lofuðuð þær í hástert.) Við lofuðu þær í hástert, kallar hv. þingmaður fram í. Það verður aldrei um mig sagt að ég hafi lofað virkjanir í neðri hluta Þjórsár í hástert, það verður aldrei um okkur sagt. Aldrei.

Sannleikurinn er auðvitað sá að meira að segja eigendur þess lands sem á að fara undir vatn hafa sagt nei. Þá spyr ég hv. þm. Illuga Gunnarsson: Ef það er vilji hv. þingmanns að landið verði ekki tekið eignarnámi vegna þess að það séu ekki ríkir almannahagsmunir fyrir því að taka þetta land, af hverju eru þá ekki orð eigendanna tekin gild? Eigendurnir eru búnir að segja nei. Er þá ekki sjálfgert fyrir Landsvirkjun að draga sig út? Þeir sem eiga landið segjast ekki ætla að fórna því undir þessar virkjanir. Við skulum heldur ekki gleyma aðalatriðinu í þessu máli: Til hvers er verið að sækjast í þetta land? Til hvers á að virkja í neðri hluta Þjórsár? Til þess að fæða enn eitt álverið, enn eina mengandi stóriðjuna, enn eina gróðurhúsalofttegundalosandi stóriðju, sem við höfum ekki pláss fyrir hvorki í kvótanum frá Kyoto né í nokkru öðru tilliti.

Sannleikurinn er sá að það er engin þörf fyrir virkjanirnar í neðri hluta Þjórsár. Hv. þm. Bjarni Harðarson, stattu bara með okkur gegn þeim. Vertu ekki að búa til að það sé óhjákvæmilegt að í þær verði farið. Það er ekki óhjákvæmilegt, okkur er hægur vandinn að koma í veg fyrir þær. Það þarf bara vilja til þess að hverfa af stóriðjustefnunni, en sá vilji er auðvitað ekki til staðar hjá þessari ríkisstjórn sem er því miður, í þessu tiltekna máli varðandi Þjórsárverin og Þjórsána, með tvær skoðanir — ekki eina, eins og hæstv. iðnaðarráðherra sagði áðan að ríkisstjórnin hefði. Ríkisstjórnin hefur tvær skoðanir, bæði varðandi neðri hluta Þjórsár og Þjórsárverin.

Varðandi það sem hv. þm. Bjarni Harðarson sagði um hrossakaupin, neðri hluta Þjórsár og varðandi umhverfismatsmál langar mig til að nefna að tveir þættir gera það að verkum að það er mjög misráðið að fara í þær út frá náttúruverndarsjónarmiðum, t.d. laxastofninn í Þjórsá. Þjórsá er stærsta laxveiðiá Íslendinga. Það er vitað, við þekkjum það *úr umhverfismatinu, að laxastofninn bíður skaða af því að* fara í þær framkvæmdir sem áætlaðar eru í Urriðafossi og virkjun í neðri hluta Þjórsár. Þar erum við að fórna gríðarlegum hagsmunum. Getum við þá ekki sammælst um að gera það ekki, varðveita laxastofninn og tryggja að hann fái áfram blómstrað og gengið upp ána?

Sömuleiðis má nefna sprungusveiminn á svæðinu. Það er ekki vitað hvaða áhrif þau lón sem þarna þarf að gera koma til með að hafa á sprungurnar. Sannleikurinn er auðvitað sá, eins og jarðeðlisfræðingar hafa látið hafa eftir sér *upp á síðkastið, að það er veruleg áhætta af þeirri þyngd*, sérstaklega af efsta lóninu, með tilliti til sprungnanna. Séu sprungur á þessu svæði sem eru þess eðlis að þær geti í sjálfu sér gliðnað þegar þunginn kemur á þær erum við að tala um eilífðarvandamál. Eigum við ekki bara að setja þetta til hliðar allt saman og segja: Þjórsá verður látin í friði það sem eftir er af henni óhreyfðri. Ég veit auðvitað að miklu af henni er raskað nú þegar. Við gerum ekkert í því. Þar eru virkjanir sem hafa borgað sig og við erum ekki að tala um að rífa þær niður en það sem eftir er skulum við *setja á ís og hverfa frá virkjanaáformum*. Það verður okkur fyrir bestu.

Varðandi landamerkin sem hv. þm. Bjarni Harðarson nefndi, að hann skilji ekki hvers vegna stækka ætti friðlandið alla leið suður í Sultartangalón — hann hafi verið að þvælast þarna svo mikið, hann þekki þetta svo vel. Sannleikurinn er sá að Umhverfisstofnun og áhugahópur um verndun Þjórsárvera setti fram þessa tillögu. Það hefur verið talið að heimamenn, sem settu þá tillögu fram í nafni áhugahóps um verndun Þjórsárveranna og sérfræðingar hjá *Umhverfisstofnun, viti nokkuð um hvað þeir eru að tala*. Fyrirmyndin að landamerkjunum, þ.e. þessum friðlandslínum í tillögunni er fengin hjá þessum aðilum. Ég tel okkur því hafa áreiðanlegar heimildir fyrir því að það sé þess virði að draga þau mörk þar sem við gerum í tillögunni.

Samfylkingin sagði í kosningaáherslum sínum, sem hún kynnti og samþykkti á landsfundi undir yfirskriftinni *Fagra Ísland, náttúruvernd og auðlindir* í 4. tölulið að stækka

friðlandið í Þjórsárverum í samræmi við tillögu Umhverfisstofnunar og í samráði við heimamenn, sem þá höfðu talað um að það ætti að fara þessa leið. Núna lætur Samfylkingin sér nægja að kvitta undir orðalagið að stækkun friðlandsins verði tryggð þannig að það nái yfir hið sérstaka votlendi veranna. Það er því ljóst sem ég sagði fyrr í ræðu minni, að það hefur orðið málamiðlun á milli ríkisstjórnarflokkanna í þessu efni. Ég tel það miður og tel fulla ástæðu til að Alþingi Íslendinga samþykki þá tillögu sem hér liggur fyrir. Ég treysti því að hún fái þannig umfjöllun í umhverfisnefnd og þakka hv. formanni hennar fyrir góð orð um að umfjöllunin verði þannig að a.m.k. næsta haust eigum við tækifæri til að fá hana á borð þingsins aftur og greiða um hana atkvæði.

[19:10]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Auðvitað er það þannig þegar haldnar eru ræður sem ná að vera átta mínútur að reikna má með að eitthvað skolist til þegar menn leggja við eyrun. Þó er það þannig að ég sagði skýrt og greinilega að stjórn Landsvirkjunar hefði lagt til hliðar áform. Það jafnast ekki á við að segja að hætt hafi verið við öll áform en þau hafa verið lögð til hliðar. Það gerðist meðan ég var stjórnarmaður þar.

Í öðru lagi, hvað varðar hagkvæmnisrökin, þá benti ég í ræðu minni á að erfitt væri að finna hagkvæmari kost þegar horft væri til umhverfismála. Það var það sem ég átti við. Ég tel að það hafi komið nokkuð skýrt fram.

Í þriðja lagi, hvað varðar forsætisráðherra og orð hans um að ekki hafi verið tekin nein sérstök ákvörðun um þetta, þá liggur fyrir að ekki verður ráðist í Norðlingaölduveitu á kjörtímabili þessarar ríkisstjórnar og að unnin verður rammaáætlun sem lögð verði fyrir þingið fyrir árslok 2009 þar sem m.a. verður fjallað um þetta svæði sem og önnur.

Í fjórða lagi hvað varðar spurninguna um eignarnámsheimildirnar þá beindi ég því til iðnaðarráðherra í ræðu minni að farið yrði í að skoða þessi ákvæði í raforkulögunum. Ég tel að þau eigi ekki lengur við. En það ferli sem hefur verið í gangi hefur staðið lengi yfir og er komið langt. Ég tel að það sé ekki ráðlegt að breyta þeim reglum og þeim lögum sem gilda að svo komnu máli. Reyndar beindi ég til hæstv. iðnaðarráðherra og annarra hæstv. ráðherra sem að málinu koma að einnig væri lag á að afnema ríkisábyrgðina. Allt þetta tel ég, hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir, að verði til þess að við fáum betra mat á þær fórnir sem við færum þegar við nýtum landið. Það fer saman og verður að fara saman, sú hugsun að nýta landið okkar og um leið að vernda það. Þetta tvennt verður ekki sundur skilið. Það er óábyrgt að ætla að það sé hægt.

[19:12]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sammála hv. þm. Illuga Gunnarssyni um að það þurfi að ná niðurstöðu í þessi mál á þann hátt að ákveðnir hlutar landsins verði nýttir og heimilt verði að nýta fallvötnin til raforkuframleiðslu og einhver háhitasvæði og svo verði aðrir hlutar verndaðir. Um þetta erum við sammála. Til þess höfum við í gangi vinnu, rammaáætlun ríkisstjórnarinnar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Hún fór í gang fyrir einum tíu árum, ef ég man rétt.

Í haust sem leið þegar auðlindanefndin síðari, svokallaða, fjallaði um verndun og nýtingu náttúruauðlinda þá lá fyrir að rammaáætlunin, annar áfangi yrði kláraður fyrir árslok 2009. Ríkisstjórnin er því ekki að gera neitt nýtt í stefnuyfirlýsingu sinni í þeim efnum.

Hins vegar var það líka ljóst, þegar auðlindanefndin síðari lauk störfum sínum, að ákveðnir aðilar, m.a. fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í nefndinni, voru þess fýsandi að engu að síður yrði talsvert svigrúm til nýtingar, jafnvel á því tímabili sem rammaáætlunin væri ekki tilbúin. Á því tímabili var heldur enginn vilji hjá sjálfstæðismönnum fyrir því að rammaáætlunin hlyti eitthvert lögformlegt gildi. Það hefur aldrei verið vilji hjá sjálfstæðismönnum til að hún fengi lögformlegt gildi.

Það má þó þakka Samfylkingunni að hún fær lögformlegt gildi í þessari stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna. Það sem Samfylkingin vildi fyrir kosningar var að gert yrði hlé á framkvæmdum fyrir stóriðju þangað til rammaáætlunin liti dagsins ljós. Það er miður að Samfylkingin skuli ekki enn vera sama sinnis.

[19:14]

Illugi Gunnarsson (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér sýnist mál hafa þróast þannig að það sé komin nokkuð skýr niðurstaða í þetta mál, þetta sé að falla saman þannig að ekki verði ráðist í Norðlingaölduveitu á meðan þessi ríkisstjórn situr og það verður farið með þetta mál eins og önnur mál í rammaáætluninni. Með öðrum orðum er engin hætta á að hlaupið verði í framkvæmdir í Norðlingaöldu án þess að það fari fyrst fyrir þingið. Það er mergur málsins.

Af því að hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir nefndi í upphafi að henni væri órótt í hjarta þá held ég að niðurstaða þessarar umræðu ætti í það minnsta að róa hana þegar upp er staðið. Það verða ekki teknar þær ákvarðanir sem hún hefur áhyggjur af einfaldlega vegna þessa skýra vilja ríkisstjórnarflokkanna.

Ég er því afskaplega ánægður með niðurstöðuna af þessum umræðum. Ég tel að þær hefi verið gagnlegar og sýnt fram á að það er skýr stefnumörkun af hálfu ríkisstjórnarflokkanna og skýr vilji til að samtvinna og sameina bæði nýtingarsjónarmið og verndarsjónarmið, eins og hv. þm. Kolbrún Halldórsdóttir tók vissulega undir í andsvari sínu hér áðan.

Auðvitað á það að vera þannig og verður að vera þannig í okkar litla landi að við ættum að ná einhvers konar samstöðu um þessa þætti. Við erum í því ferli miðju, eða langt komin öllu heldur. Ég hef trú á því að þegar þessi rammaáætlun verði fram komin munum við ná þeirri sátt sem er svo nauðsynleg fyrir svo mikilvægt málefni. Það er sjálfsagt að deila um það og rökræða um það en ég held að ég geti talað fyrir munn flestra þegar ég segi að ég hlakka til að geta hætt að rífast af þeirri hörku sem oft hefur verið um umhverfismálin. Þá getum við einbeitt okkur að því að ná þeim árangri sem við vissulega þurfum að ná í málaflokknum.

[19:16]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þingmaður er málsvari umhverfisverndar í sínum flokki og það er vel. Hann er mikilvægur þar sem slíkur. Hins vegar get ég ekki tekið hans orð fyrir því að það sé búið að ákveða að hverfa frá Norðlingaölduveitu á þessu kjörtímabili meðan orð hæstv. forsætisráðherra glymja í eyrum mínum. Forsætisráðherra sagði: Ef það væri ætlun okkar að koma í veg fyrir Norðlingaölduveitu stæði það hér í þessu plaggi. Þetta sagði hæstv. forsætisráðherra 24. maí. Ég get ekki að því gert þó að ég telji orð hans hafa örlítið meiri vigt en hins ágæta umhverfisverndarsinna, hv. þm. Illuga Gunnarssonar.

Ég er svo sammála hv. þingmanni í því að umræðan sé mjög mikilvæg. Það er mjög mikilvægt að við náum niðurstöðu um nýtingarhlutann annars vegar og verndarhlutann hins vegar. Það sem ég hef áhyggjur af er óðagotið sem orkufyrirtækin hafa sýnt frá fyrsta degi og sérstaklega eftir að markaðsvæðing raforkukerfisins okkar leit dagsins ljós. Má ég kannski rifja það upp hér hverjir stóðu í ístaðinu í þeirri umræðu? Það skiptir verulegu máli að orkufyrirtækin hafa komið öllum sínum áformum meira eða minna í skjól. Vinna auðlindanefndarinnar leiddi síðar í ljós svo óyggjandi var að orkufyrirtækin voru búin að koma öllum áformum sínum meira og minna í skjól. Þau geta reist hálft álver á Bakka, hálft álver í Helguvík, stækkað Straumsvík um helming eða meira, klárað að stækka Norðurál á Grundartanga og gott ef ekki gert lítið álver líka í Þorlákshöfn innan þeirra áforma sem þau eru komin með í höfn. Þau vaxa frekar en hitt með þeim leyfum sem gefin hafa verið út eftir að auðlindanefndin lauk störfum og þar nefni ég umdeilt rannsóknarleyfi í Gjástykki og líka rannsóknarleyfi (Forseti hringir.) í Krýsuvík sem var gefið út í upphafi síðasta vetrar.

[19:18]

Bjarni Harðarson (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar aðeins að koma upp vegna orða hv. þm. Kolbrúnar Halldórsdóttur um að það væri hægur vandi að stöðva virkjanir í neðri hluta Þjórsár og áskorunar á mig að ég skyldi koma henni til liðs í þeirri baráttu.

Ef hún getur bent mér á raunhæfar leiðir í þeirri baráttu skal ég íhuga það. Ég get ekki séð að þær séu fyrir hendi. Það gæti svo sem breyst ef Vinstri hreyfingin – grænt framboð næði hér einhvern tímann meiri hluta í fylgi, þá gæti vel verið að hér yrði önnur veröld. Ég held að sú veröld verði líka svolítið fyrirkvíðanleg í mínum huga.

Það vill svo til að ég treysti þeirri ágætu hreyfingu ekkert allt of vel þegar kemur að þessum virkjunum. Þar hefur þessi hreyfing mjög talað tungum tveim. Ég hef sjálfur verið á móti þeim hugmyndum að færa vatnsaflsvirkjanir niður í byggð. Ég er talsmaður þess að vatnsaflsvirkjanir taki yfir takmörkuð svæði á hálendinu en að sveitum sé ekki sökkt á kaf. Þar eru miklar menningarminjar og þar eru búsvæði sem hverfa og þess vegna hefur afstaða mín til virkjana í neðri hluta Þjórsár alltaf verið skýr. Hún hefur alltaf verið eins. Það er meira en hægt er að segja um afstöðu ykkar flokks þar sem formaður flokksins lauk á sínum tíma miklu lofsorði á þennan virkjanakost.

Ég held að það sé miklu vænlegra og þess vegna skora ég á hv. þingmann og Vinstri hreyfinguna – grænt framboð, alla þá hreyfingu, að koma mér til liðs í því að við náum að lækka lónhæð efsta lónsins í virkjununum í neðri hluta Þjórsár. Það er raunhæft markmið (Forseti hringir.) og það eru raunhæf markmið sem raunhæfir menn setja fram.

[19:21]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Raunhæf markmið. Jú, ég aðhyllist raunhæf markmið og ég aðhyllist það að við reynum að finna raunhæfar leiðir að markmiðum okkar. Nú vil ég vitna til annars stjórnarflokksins, Samfylkingarinnar. Hún taldi það raunhæft markmið í kosningabaráttunni að vinda ofan af stóriðjustefnunni með ákveðnu stóriðjuhléi. Samfylkingin hlýtur að hafa haft ákveðin áform um hvernig ætti að gera það. Þær ætlanir Samfylkingarinnar voru samhljóða hugmyndum okkar vinstri grænna.

Þá getum við séð að tveir af þeim stjórnmálaflokkum sem eiga kjörna fulltrúa á Alþingi Íslendinga hafa talið það raunhæfan kost að vinda ofan af stóriðjustefnunni og ég er algerlega sannfærð um að við getum fengið hv. þm. Bjarna Harðarson í lið með okkur þegar við fáum tækifæri til að setjast niður með honum og sýna honum fram á hvernig það er hægt.

Samfylkingin hefur að hluta til hlaupist undan merkjum, eins og ég hef verið að segja hér í ræðum mínum í dag, sem mér þykir mjög miður. En ég er algerlega sannfærð um að hún taldi sig hafa raunhæfar leiðir að þessu markmiði sínu meðan hún barðist í kosningabaráttunni.

Hv. þingmaður talar mikið um að formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs hafi lokið lofsorði á virkjanir í neðri Þjórsá. Það er rangt. Í þingræðu sem mikið hefur verið fjallað um í fjölmiðlum sagði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon að það yrðu tiltölulega lítil umhverfisáhrif af virkjunum í neðri hluta Þjórsár miðað við ýmsar aðrar virkjanir. En hann hefur aldrei lokið lofsorði á þær og aldrei talið ásættanlegt að í þær yrði farið til þess að virkja fyrir stóriðju. Menn verða að hafa það sem sannara reynist hér í þessum efnum.

Að lokum vil ég bara segja þetta: Það skiptir verulegu máli að heimamenn átti sig á því að það er samstaða um það meðal stórs hóps þingmanna í fleiri en einum flokki að koma í veg fyrir áformin um virkjanir í neðri Þjórsá. (Forseti hringir.) Og ég er algerlega sannfærð um að í félagi gætum við fundið hinar raunhæfu leiðir.

[19:23]

Bjarni Harðarson (F) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að munnhöggvast um smáatriði hér endalaust en bara svo því sé til haga haldið hefur ekkert komið fram hjá hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur um það hvernig megi ná því markmiði sem hún setur fram um að stöðva virkjanir í neðri hluta Þjórsár. Það ferli er komið mjög langt. Umhverfismati er lokið. Ég sé ekki alveg þær stjórnsýslulegu leiðir sem hægt er að fara til að stöðva málið.

Skipulagsyfirvöld geta vissulega stöðvað málið en þau

verða þá að gera það á faglegum grunni og þar sem umhverfismatið liggur fyrir sé ég ekki alveg að þau geti beitt skipulagsvaldinu þegar umhverfismatið er svo skýrt sem það er.

Ég stend algerlega á þeirri skoðun að títtnefnd ummæli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar um virkjanir í neðri hluta Þjórsár hafi verið mikilvægur liður í þeim óskemmtilegu hrossakaupum sem áttu sér stað um virkjanir í Þjórsá, hrossakaupum sem gengu út á það að í þessar virkjanir yrði ráðist en ekki í Norðlingaölduveitu, hrossakaupum sem kannski gengu aldrei upp og voru aldrei raunhæf.

Ég held að það sé aðalatriði að við setjum okkur markmið þar sem við getum náð árangri. Ég held að ágætir félagar mínir í stjórnarandstöðu í Vinstri grænum ættu að fara að huga að pólitík sem getur skilað árangri en ekki pólitík sem einungis skilar upphrópunum.

[19:25]

Flm. (Kolbrún Halldórsdóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Leiðin til þess að koma í veg fyrir virkjanirnar í neðri hluta Þjórsár er einföld. Ég bendi hv. þingmanni á það að Landsvirkjun er í almannaeigu. Landsvirkjun lýtur enn boðvaldi okkar hér, þjóðkjörinna fulltrúa, alþingismanna á Alþingi Íslendinga. Það mundi í sjálfu sér nægja að héðan kæmu skilaboð (Gripið fram í.) til Landsvirkjunar um að það ætti að hætta við Norðlingaölduveitu eða það ætti að hætta við virkjanir í neðri hluta Þjórsár. Enn þá höfum við, þessi samkoma hér, boðvald yfir Landsvirkjun. Hið sama gildir um önnur fyrirtæki í almannaeigu.

Við skulum ekki gleyma því sem mér finnst hafa gleymst í umræðunni í dag að við erum að tala um fyrirtæki í almannaeigu. Hvað þýðir það? Fyrirtæki sem þjóðin á sameiginlega. Þjóðin þarf að koma sér saman um það hvort hún vill að það sé haldið áfram á þessari braut stóriðjustefnu eða ekki. Hún taldi sig vera að kjósa sig frá stóriðjustefnunni að miklu leyti í þessum kosningum. Það sést á velgengni okkar vinstri grænna og reyndar því fylgi sem Samfylkingin fékk. Auðvitað töldu kjósendur Samfylkingarinnar að þeir væru að kjósa sig frá stóriðjustefnunni.

Það er alveg ljóst að þjóðin hefur þetta vald í höndum sínum og við sem þjóðkjörnir fulltrúar hennar getum ákveðið með þessari þingsályktunartillögu hvað verður í Þjórsá, hvort það verður hætt við Norðlingaölduveitu og hvort það verður hætt við virkjanir í neðri hluta Þjórsár. Hvort tveggja getum við gert, við höfum það í hendi okkar, hv. þingmaður.

Umræðu lokið.

Tillagan gengur til síðari umræðu og umhvn.

Fundi slitið kl. 19:28.

---

7. FUNDUR

mánudaginn 11. júní,
kl. 8 síðdegis.

Dagskrá:

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

Fjarvistarleyfi:

Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 1. þm. Suðvest.

Tilkynning forseta um útbýtingu þingskjala.

[20:02]

Útbýting:

Aðgerðaáætlun til að styrkja stöðu barna og ungmenna, 12. mál, nál. félmn., þskj. 27.

Almannatryggingar og málefni aldraðra, 11. mál, nál. meiri hluta heilbrn., þskj. 22; brtt. meiri hluta heilbrn., þskj. 23.

Fjármálafyrirtæki o.fl., 9. mál, nál. viðskn., þskj. 28; brtt. viðskn., þskj. 31.

Kauphallir, 8. mál, nál. viðskn., þskj. 28; brtt. viðskn., þskj. 30.

Stjórnarráð Íslands, 1. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 24; brtt. meiri hluta allshn., þskj. 25; nál. minni hluta allshn., þskj. 26.

Verðbréfaviðskipti, 7. mál, nál. viðskn., þskj. 28; brtt. viðskn., þskj. 29.

Fundi slitið kl. 20:04.

---

8. FUNDUR

þriðjudaginn 12. júní,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Þátttaka Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu, stjfrv., 2. mál, þskj. 2, nál. 20 og 21. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Almannatryggingar og málefni aldraðra, stjfrv., 11. mál, þskj. 11, nál. 22 og 32, brtt. 23 og 33. — 2. umr.

3. Aðgerðaáætlun til að styrkja stöðu barna og ungmenna, stjtill., 12. mál, þskj. 16, nál. 27. — Síðari umr.

4. Stjórnarráð Íslands, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 24 og 26, brtt. 25. — 2. umr.

5. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 7. mál, þskj. 7, nál. 28, brtt. 29. — 2. umr.

6. Kauphallir, stjfrv., 8. mál, þskj. 8, nál. 28, brtt. 30. — 2. umr.

7. Fjármálafyrirtæki o.fl., stjfrv., 9. mál, þskj. 9, nál. 28, brtt. 31. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:
Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.,
Katrín Jakobsdóttir, 4. þm. Reykv. n.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 1. þm. Suðvest.,
Össur Skarphéðinsson iðnrh., 2. þm. Reykv. n.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:32]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Borist hefur svohljóðandi bréf frá hv. 5. þm. Reykv. s., Kolbrúnu Halldórsdóttur, dagsett 8. júní sl.:

„Þar sem ég get ekki af persónulegum ástæðum sótt þingfundi á næstunni óska ég eftir því, með vísun til 2. mgr. 53. gr. þingskapa, að 1. varamaður á lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Reykjavíkurkjördæmi suður, Auður Lilja Erlingsdóttir, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.“

Kjörbréf Auðar Lilju Erlingsdóttur hefur þegar verið rannsakað og samþykkt en hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því að undirskrifa drengskaparheit að stjórnarskránni.

[Auður Lilja Erlingsdóttir, 5. þm. Reykv. s., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.]

[10:33]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Auður Lilja Erlingsdóttir hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkomin til starfa á Alþingi.

[10:33]

Útbýting:

Almannatryggingar og málefni aldraðra, 11. mál, nál. minni hluta heilbrn., þskj. 32; brtt. minni hluta heilbrn., þskj. 33.

Tilkynning um dagskrá.

[10:33]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill tilkynna að um kl. 1.30, að loknu hádegishléi, fer fram umræða utan dagskrár um áhrif framsals aflaheimilda í sjávarbyggðum landsins. Málshefjandi er hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Hæstv. sjávarútvegsráðherra verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

Athugasemdir um störf þingsins.

Stuðningur við innrásina í Írak og stjórn Palestínu.

[10:34]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. forsætisráðherra. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að ný ríkisstjórn harmi stríðsreksturinn í Írak og vilji frið í Írak og Miðausturlöndum, nokkuð sem allir geta skrifað undir að mínu mati.

Það vakti vissulega athygli að Samfylkingin skyldi fella sig við þennan texta eftir öll stóru orðin um að það ætti að verða fyrsta verk nýrrar ríkisstjórnar að taka Ísland út af lista hinna vígfúsu þjóða eins og formaður Samfylkingarinnar sagði þegar hún flutti stefnuræðu sína á landsfundi Samfylkingarinnar við dynjandi lófaklapp fundarmanna, eins og segir í fréttum. Þess má geta að eftir að hún hafði flutt þessa ræðu fékk hún þá einkunn hjá Hallgrími Helgasyni rithöfundi að hún væri fullnuma forsætisráðherra, eins og kemur fram í Fréttablaðinu.

Síðan kemur það fram í fyrirspurnatíma á hv. Alþingi hjá hæstv. utanríkisráðherra að hinn margumtalaði stuðningur íslenskra stjórnvalda við innrásina í Írak hafi verið afturkallaður og mér leikur hugur á að vita hvaða form hafi verið á þeirri aðgerð. Var þessi stuðningur afturkallaður bréflega, með bréfi þá til Bush Bandaríkjaforseta? Ég reikna þá með að hæstv. forsætisráðherra hafi ritað það bréf með tilliti til forsögunnar.

Í öðru lagi, þegar hér var til umfjöllunar tillaga frá þingmönnum Vinstri grænna í síðustu viku um að taka upp eðlileg samskipti við þjóðstjórnina í Palestínu lýsti hæstv. utanríkisráðherra sig fylgjandi tillögunni og hvatti til þess að Alþingi ályktaði í þá veru. Í aprílmánuði sl. lét hæstv. forsætisráðherra hafa eftir sér þegar sú sem hér stendur hafði tjáð sig hlynnta samskiptum við áðurnefnda þjóðstjórn að málið hefði ekki verið rætt í ríkisstjórn og ef taka ætti einhverja nýja stefnu í þessu máli þyrfti að ræða það þar. Miðað við þessi orð hæstv. utanríkisráðherra reikna ég með að málið hafi verið rætt í ríkisstjórn og að ný stefna hafi verið tekin upp í sambandi við þessi samskipti. Það sem styrkir mig í þeirri trú er líka það að talsmaður Sjálfstæðisflokksins í umræðunni, hv. þm. Árni Johnsen, lýsti sig fylgjandi tillögu vinstri grænna. Nú spyr ég hæstv. forsætisráðherra: (Forseti hringir.) Er þetta réttur skilningur hjá mér? Ég bið hann að staðfesta það ef svo er.

[10:36]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Virðulegi forseti. Hér er hreyft tveimur stórum utanríkismálum sem erfitt er að fjalla um í örstuttu máli.

Varðandi Íraksmálið er það náttúrlega þannig að við hv. málshefjandi sátum saman í þeirri ríkisstjórn þar sem ákveðið var að styðja innrás Bandaríkjamanna og bandamanna þeirra inn í Írak. Það er söguleg staðreynd og henni verður ekki breytt.

Hins vegar er það líka þannig að margt hefur farið á annan veg í Írak en menn höfðu vænst. Ástandið þar er vægast sagt hörmulegt og nýja ríkisstjórnin á Íslandi harmar það ástand sem þar er og þau átök sem þar eru núna. Hins vegar er varla hægt að tala um þetta sem stríð í hefðbundnum skilningi þar sem herir tveggja landa takast á. Þetta er annars eðlis en hefðbundin stríðsátök, því miður. Írakar fengu gott tækifæri eftir að búið var að steypa ríkisstjórn Saddams frá völdum til að ganga í gegnum lýðræðislegt ferli kosninga og búið er að koma þar á nýrri ríkisstjórn en því miður hefur þróunin ekki orðið á þann veg sem flest-

ar vestrænar þjóðir höfðu vænst. Um þetta er rætt í öllum löndum og þær þjóðir sem þarna hafa enn þá herafla, svo sem Bretar og Danir, velta nú mjög fyrir sér með hvaða hætti þær eigi að bregðast við núverandi ástandi. Ríkisstjórnin íslenska harmar það ástand sem þarna er núna.

Varðandi Palestínu hafa Íslendingar áratugum saman átt mjög gott samstarf við Ísraelsríki. Þeir hafa í seinni tíð einnig haft ágæt friðsamleg samskipti við Palestínu. Þarna er í gangi ákveðið friðarferli sem því miður er komin töf á. Friðarferlinu hefur stýrt svokallað fjóreyki, kvartettinn Bandaríkin, Rússland, Evrópusambandið og Sameinuðu þjóðirnar, og það væri ekki skynsamlegt fyrir okkur að skerast úr leik í þeim hópi (Forseti hringir.) enda höfum við ekki þá sérstöðu á þessu svæði sem t.d. Norðmenn hafa sem gegnt hafa sáttasemjarahlutverki á svæðinu.

[10:39]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Ég held að það sé full þörf á að reyna að fá hina formlegu stöðu þessa máls betur upplýsta. Þegar hæstv. forsætisráðherra svaraði fyrirspurn frá mér 14. febrúar sl. varðandi það hvort ríkisstjórnin hefði afturkallað loforð gefin Bandaríkjamönnum í aðdraganda innrásarinnar í Írak um að nota hér flugvelli og lofthelgi svaraði hæstv. ráðherra á þá leið að sú heimild sem hafði verið veitt í mars 2003 til afnota af íslenskum flugvöllum og lofthelgi miðaðist að sjálfsögðu við aðgerðir sem þá voru í gangi gagnvart Írak. Sú heimild hefur ekki formlega verið afturkölluð, sagði hæstv. ráðherra, en hún á að sjálfsögðu ekki við lengur. Þegar þáverandi utanríkisráðherra útskýrði 26. mars 2003 hvað fólgið væri í afstöðu Íslands sagði hann m.a. að ákvörðun hefði verið tekin fyrir viku um að leggja bandalagi þeirra ríkja lið sem ekki töldu fært að bíða lengur, eins og það var orðað, og í því fælist í fyrsta lagi að tjá leiðtogum Bandaríkjanna, Bretlands og Spánar pólitískan stuðning til aðgerða þegar ljóst var orðið að leið öryggisráðsins hafði brugðist, eins og það var orðað. Í öðru lagi veitti ríkisstjórn Íslands aðgang að íslenskri lofthelgi og heimild til að nota Keflavíkurflugvöll vegna aðgerða í Írak ef nauðsyn krefði. Hvergi nokkurs staðar hef ég fundið þess stað að sú heimild hafi verið tímabundin eins og hæstv. utanríkisráðherra hélt fram í síðustu viku í svari til hv. þm. Katrínar Jakobsdóttur. Ég hef engar skýringar fengið á því að hvaða leyti þessi heimild eigi ekki við lengur án þess þó að hafa nokkurn tíma verið formlega afturkölluð að því er best verður séð.

Nú bið ég hæstv. forsætisráðherra að svara já eða nei: Hafa farið fram orðsendingar, nótuskipti milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda, út af þessu máli? Já eða nei. Hefur bandarískra sendiherranum verið tilkynnt um breytta afstöðu Íslands og breyttar heimildir þeirra hér? Já eða nei.

[10:41]

Bjarni Harðarson (F):

Herra forseti. Það er rétt sem hæstv. forsætisráðherra sagði áðan, þetta mál er miklu stærra en svo að hægt sé að afgreiða það í stuttri umræðu. Mig langar til að mótmæla þeim orðum hæstv. forsætisráðherra að Íslendingar hafi ekki erindi inn í Palestínudeiluna. Tilfellið er að við Íslendingar höfum haft frumkvæði í Palestínumálum allt frá upphafi þeirrar sögu þegar Thor R. Thors var sá maður sem lagði til á þingi Sameinuðu þjóðanna skiptingu Palestínu í tvö ríki sem miðaði við að ekki væri einungis Ísraelsríki á þessum stað, heldur líka ríki Palestínumanna. Síðan vorum við líka langfyrst vestrænna þjóða til að viðurkenna með heimsókn þáverandi forsætisráðherra Steingríms Hermannssonar til forustumanns Palestínumanna, Yassers heitins Arafats, meðan hann sat í Túnis þannig að skyldur okkar í málefnum Palestínumanna eru mjög ríkar. Skyldur okkar eru líka ríkar vegna þess að við höfum stutt Ísraelsmenn. Sá stuðningur hefur oft gengið allt of langt og hefur kallað á það að staða þeirra gagnvart þessari fátæku vopnlausu þjóð á Vesturbakkanum hefur verið langtum of sterk og í rauninni ólíðandi.

Ég kalla eftir skýrari svörum. Telur hæstv. forsætisráðherra þar með að yfirlýsingar hv. alþingismanns Árna Johnsens í umræðu um Palestínumálin um daginn hafi verið marklausar? Hann lýsti sig þar fylgjandi þeirri tillögu sem lá frammi um það að Íslendingar tækju upp eðlileg samskipti við stjórnvöld í Palestínu, og ég og aðrir sem það heyrðum fögnuðum auðvitað þeirri yfirlýsingu. Nú kalla ég eftir því að þingið standi (Forseti hringir.) saman um þessi mál.

[10:43]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Þegar rætt er um innrásina í Írak þarf auðvitað fyrst og fremst að hafa það í huga að stofnsáttmáli Sameinuðu þjóðanna, sem ríkin sem að Sameinuðu þjóðunum standa hafa sameinast um að hafa sem sínar leikreglur og virða, gerir ekki ráð fyrir því að heimilað sé að ráðast inn í ríki með þeim hætti sem þarna var ákveðið. Það hlýtur að vera hlutverk hverrar ríkisstjórnar sem situr, bæði þessarar sem nú er og þeirrar sem fyrir var, að virða þær leikreglur sem við höfum samþykkt á Alþingi að hafa sem leikreglur Sameinuðu þjóðanna.

Ég mælist því til þess, virðulegi forseti, sérstaklega í ljósi þess að við erum að sækjast eftir því að fá sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, að ríkisstjórnin fari að stofnsáttmála Sameinuðu þjóðanna og að ekki verði framvegis álitamál eða uppákomur eins og fyrir fjórum árum þegar þáverandi ríkisstjórn ákvað að sniðganga þær leikreglur sem hún er bundin af.

Virðulegi forseti. Það er fleira í þjóðfélaginu sem vert er að ræða en gömul mál sem löngu eru útrædd. Fyrir nokkrum dögum var ákveðið í bankaráði Seðlabankans að hækka laun seðlabankastjóranna um 200 þús. kr. ofan á hækkun sem hefur síðustu tvö ár orðið þrisvar sinnum, samtals um 25%. Í gær kom álit sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þar sem varað er við ofþenslu, lausatöku með hagstjórn og hvatti hún sérstaklega til þess að hafa hemil á launahækkunum í kjarasamningum á þessu ári. Mig langar því að fá skýringar hjá þeim sem stóðu að þessari kauphækkun, Sjálfstæðisflokki, Framsóknarflokki og Samfylkingu, hvað þeim gengur til að senda launþegum þessa lands þessi skilaboð, (Forseti hringir.) virðulegi forseti.

[10:45]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Það er einkennilegt ef helsta umkvörtunarefni stjórnarandstöðunnar á þessu sumarþingi og þessum fallega degi er stefnubreyting sú sem klárlega er staðfest gagnvart stríðinu í Írak í stjórnarsáttmála núverandi stjórnarflokka (**GÁ:** Hvað með Íslendinga ...?) og hefði ég haldið að Framsóknarflokknum, hv. þm. Guðni Ágústsson, væri sæmra að þegja um málefni Íraks eins og ferill þess flokks er í því máli. Hins hefði ég vænst að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gengi hér upp og fagnaði þeirri breytingu sem orðin er sem sá friðarsinni sem hann er í stað þess að ganga hér til þings dag eftir dag við tvo stafi, grátstaf og kveinstaf.

Hinar áhyggjurnar vil ég taka undir sem fram komu hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni er varða launahækkanir í Seðlabankanum sem hljóta að vekja efasemdir um bankastjórnun. Helsta verkefni Seðlabankans er að halda aftur af þenslu. Það hefur ekki tekist árum saman og einmitt nú þegar á ríður að við náum mjúkri lendingu og þegar óstöðugleiki á vinnumarkaði er mikill sendir bankastjórnin þessi skilaboð út á vinnumarkaðinn sem eru því miður olía á eld en ekki sá kaldi bakstur sem Seðlabankinn á að vera við þessar kringumstæður í efnahagsmálum. Ég fagna því að fulltrúar Samfylkingarinnar í bankaráði fengu þessa hækkun lækkaða og fengu henni áfangaskipt en tel að hún sé óhófleg enda nemur hækkunin ein hærri fjárhæð en margir þeir sem sinna umönnunarstörfum í þessu samfélagi hafa í mánaðarlaun. Ábendingar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hljóta að gefa nýju bankaráði efni til umhugsunar (Forseti hringir.) þegar það undirstrikar það erfiða verkefni okkar að halda aftur af launahækkunum í (Forseti hringir.) opinberum störfum hér á næstu árum með þessi skilaboð í farteskinu.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti minnir hv. þingmenn á að tala ekki til eða ávarpa einstaka þingmenn í sal heldur minnast þeirrar ágætu reglu að tala til forsetans.)

[10:48]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Ég verð að viðurkenna að sú stefnubreyting sem hv. þm. Helgi Hjörvar talaði um af hálfu ríkisstjórnarinnar er mér algjörlega hulin og ég hygg að svo sé farið um ýmsa fleiri hv. þingmenn í þessum sal. Það kann auðvitað vel að vera að stjórnarflokkarnir hafi sína stefnuna hvor í þessu máli og þeir geti ekki komið sér saman um hvora stefnuna eigi að kynna hér fyrir þingi.

Það kom fram í máli hæstv. forsætisráðherra á síðasta þingi þar sem hann svarar fyrirspurn um stuðninginn við hernaðaraðgerðirnar í Írak að heimildin sem um er að ræða þar, til handa Bandaríkjamönnum, hafi ekki formlega verið afturkölluð en hún eigi að sjálfsögðu ekki við lengur.

Hæstv. utanríkisráðherra, formaður Samfylkingarinnar, segir í svari við fyrirspurn frá hv. þm. Katrínu Jakobsdóttur um þessar sömu heimildir að þær hafi verið í gildi um ákveðinn tíma en slíkar heimildir séu ekki í gildi lengur. Málshefjandi í þessari umræðu, hv. 2. þm. Norðaust. Valgerður Sverrisdóttir, spyr hæstv. forsætisráðherra hvort þessar heimildir hafi verið afturkallaðar. Við höfum ekki fengið svör við því enn þá. Það má skilja svar hæstv. utanríkisráðherra í umræðunni hér í síðustu viku þannig að þær hafi verið afturkallaðar. Þetta er þó ekki ljóst og þess vegna hljóta þær spurningar að vera ítrekaðar hér: Hafa farið fram formlegar orðsendingar á milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda um þetta efni? Er sú yfirlýsing sem kom fram hjá hæstv. utanríkisráðherra í síðustu viku einungis yfirlýsing til heimabrúks eða er hún raunveruleg og formleg utanríkispólitísk yfirlýsing og þá með orðsendingum til bandarískra stjórnvalda þar að lútandi? Við hljótum að vilja fá svör við því, hæstv. forseti.

[10:50]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Við ræðum hér tvö mikilvæg mál undir þessum lið um störf þingsins. Í fyrsta lagi hefur hér farið fram umræða um Írak og umræðan eiginlega snúist um deilur um það hvort núverandi ríkisstjórn hafi aðra stefnu en ríkisstjórnin fyrrverandi.

Núverandi ríkisstjórn hefur lýst því yfir að hún harmi stríðsástandið í Írak sem fyrrverandi ríkisstjórn studdi þannig að það þarf ekki að fara mörgum orðum um að (Gripið fram í.) hér hefur átt sér stað stefnubreyting og það þarf heldur ekki að fara mörgum orðum um að vitaskuld hafa Bandaríkjamenn og bandamenn tekið eftir þessari yfirlýsingu. Annað er alveg fráleitt. (Gripið fram í.) Það er dálítið athyglisvert að þessi umræða skuli fara fram á nákvæmlega þessum nótum. (Gripið fram í.)

Hitt málið sem hér er rætt er umræðan um Seðlabankann. Það er rétt að skilaboð Seðlabankans inn í það efnahagsástand sem nú ríkir eru fráleit. Skilaboð Seðlabankans um aðhald og að losa um þau lausatök sem hafa verið í ríkisfjármálum undanfarin missiri, að menn taki á í þessum efnum á annan hátt, verða þannig marklaus. Hins vegar má spyrja sig hvort þessi umræða væri jafnhávær ef málum væri ekki þannig háttað að við höfum skipað seðlabankastjóra pólitískt undanfarin missiri og það er spurning hvort þessi umræða væri jafnhá ef við gerðum þetta á annan hátt. Það að vera aðalbankastjóri Seðlabankans er geysilega mikilvæg staða í opnu hagkerfi sem vill byggja á markaðskerfi. Það er kannski þarna sem við þurfum að hugleiða vandlega hvort við séum á réttri braut því að ég er nokkuð viss um að ef við hefðum skipað þessu (Forseti hringir.) á annan hátt væri umræðan ekki sú hin sama og hún er í dag.

[10:52]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég tek þetta mál upp á hv. Alþingi vegna þess að mér finnst algjörlega nauðsynlegt að þingheimur og þjóðin viti hvernig þetta mál stendur þegar hæstv. forsætisráðherra og hæstv. utanríkisráðherra tala út og suður, austur og vestur.

Ég skil svar hæstv. forsætisráðherra þannig, þó að hann svari spurningu minni ekki beint — hann segir þegar hann talar um innrásina og stuðninginn: „Þeirri ákvörðun verður ekki breytt“ — þannig að ákvörðunin standi óbreytt.

Það sem hæstv. utanríkisráðherra sagði í þinginu fyrir nokkrum dögum er þá rangt, ekkert hefur verið afturkallað. Þetta finnst mér mjög mikilvægt að komi fram og það er al-

varlegt í rauninni. Hver harmar ekki stríðsreksturinn í Írak? Það er meiri stefnubreytingin sem kemur fram hjá nýju ríkisstjórninni, að harma þann stríðsrekstur. Þetta er yfirklór eins og stundum hefur verið talað um á hv. Alþingi en þá kannski af öðrum en mér.

Hvað varðar Palestínu er engin breyting þar á stefnu ríkisstjórnarinnar miðað við orð hæstv. forsætisráðherra. Ég er þá forvitin að heyra hvaða veganesti hæstv. utanríkisráðherra hefur þegar hún fer að hitta utanríkisráðherra Noregs fljótlega, Jonas Gahr Støre, og ætlar að taka þetta mál upp við hann. Hvaða erindi hefur hún við hæstv. utanríkisráðherra Noregs þegar hún hefur ekkert að segja? Þetta finnst mér mjög fróðlegt að fræðast um.

Svo vil ég leiðrétta það sem kom fram hjá síðasta ræðumanni um skipun bankastjóra Seðlabankans, að þeir séu ávallt skipaðir pólitískt. Þegar síðast var skipað í stól seðlabankastjóra, þegar Ingimundur Friðriksson var skipaður, var það ekki gert pólitískt. Það var framsóknarmaður sem fór út en það var embættismaður sem fór inn. Við framsóknarmenn höfum aflagt þessa reglu hvað sem aðrir gera í þeim efnum.

[10:54]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Ég kemst að sömu niðurstöðu og hv. síðasti ræðumaður, að loðin og mótsagnakennd svör hæstvirtra ráðherra hér séu til þess fallin og til þess ætluð að breiða yfir þá staðreynd að engin stefnubreyting hefur orðið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar í þessu máli, engin. Hennar sér hvergi stað og hér er ekki hægt að upplýsa um neinar tilkynningar, orðsendingar, bréfasendingar eða annað slíkt til að undirbyggja slíkt. Heimildirnar sem þáverandi hæstv. utanríkisráðherra Halldór Ásgrímsson útskýrði 26. mars 2003 að væru í eðli sínu ótímabundnar vegna aðgerða í Írak, aðgerða sem standa enn, gætu þess vegna og eru þess vegna væntanlega í fullu gildi. Hver veit nema Bandaríkjamenn líti svo á að þannig sé?

Varðandi Palestínu er rétt að upplýsa að það var heldur dapurlegt upplitið á meiri hluta utanríkismálanefndar í gær þegar menn komust að þeirri niðurstöðu þar að ekki væri vogandi að segja eða gera nokkurn skapaðan hlut og alls ekki að fylgja fordæmi Norðmanna og það var að frumkvæði fulltrúa Samfylkingarinnar sem sú afstaða meiri hlutans birtist.

Varðandi erindi þeirra hv. þingmanna Samfylkingarinnar, Helga Hjörvars og Lúðvíks Bergvinssonar, hingað í ræðustólinn er það að vísu rétt að erfitt er að ræða þau ósköp ógrátandi, þvílík hörmung er það hvernig þingmenn Samfylkingarinnar snúa við blaðinu í hverju málinu á fætur öðru. Öðruvísi þeim áður brá, t.d. þegar hæstv. núverandi iðnaðarráðherra sagði úr þessum ræðustóli, með leyfi forseta:

„Hins vegar var stuðningur ríkisstjórnarinnar við innrásina í Írak löglaus og siðlaus og hann var ekki tekinn á Alþingi. Hann var tekinn í reykfylltum bakherbergjum og hefur engan lagalegan stuðning. Þess vegna ætti hæstv. forsætisráðherra að skammast sín fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og hann ætti að lýsa því yfir að sá stuðningur gildi ekki lengur."

Ég hef grun um að hæstv. iðnaðarráðherra Össur Skarphéðinsson hafi upphaft svipuð ummæli víðar, t.d. í kosningabaráttunni. Það fer hins vegar lítið fyrir honum núna í umræðum um þessi mál og yrði þó sjálfsagt för hans hingað í ræðustólinn svipuð (Forseti hringir.) sneypuför og flokksbræðra hans hér áðan.

Þátttaka Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu, frh. 2. umr.

Stjfrv., 2. mál (stækkun Evrópusambandsins og EES). — Þskj. 2, nál. 20 og 21.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:57]

1. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BjarnB, BjH, BjörgvS, EKG, EOK, EBS, GHH, GMJ, GSB, GAK, GÞÞ, GÁ, GSv, HHj, HöskÞ, IllG, ISG, JónG, JM, KVM, KaJúl, KÓ, KHG, KÞJ, KLM, LB, MS, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, SVÓ, StB, VS, ÞSveinb.

5 þm. (AtlG, ÁI, ÁÞS, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ALE, ÁÓÁ, ÁMöl, BJJ, BjörkG, BBj, EMS, GuðbH, GLG, IIG, JóhS, KJak, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

2.–6. gr. samþ. með 42:1 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, BÁ, BjarnB, BjH, BjörgvS, EKG, EOK, EBS, GHH, GMJ, GSB, GAK, GÞÞ, GSv, HHj, HöskÞ, IllG, ISG, JónG, JM, KVM, KaJúl, KHG, KÞJ, KLM, LB, MS, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, SVÓ, StB, VS, ÞSveinb.

nei: IIG.

6 þm. (AtlG, ALE, ÁI, ÁÞS, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁÓÁ, ÁMöl, BJJ, BjörkG, BBj, EMS, GuðbH, GLG, GÁ, JóhS, KJak, KÓ, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:59]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 33. — Afbrigði samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ALE, ÁI, ÁKÓ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, BÁ, BjarnB, BjH, BjörgvS, EKG, EOK, EBS, GHH, GSB, GAK, GÞÞ, GSv, HHj, HöskÞ, IllG, ISG, JónG, KVM, KaJúl, KHG, KÞJ, KLM, LB, MS, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞSveinb, ÞBack.

1 þm. (IIG) greiddi ekki atkv.

17 þm. (AtlG, ÁÓÁ, ÁMöl, BJJ, BjörkG, BBj, EMS, GMJ, GuðbH, GLG, GÁ, JóhS, JM, KJak, KÓ, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Almannatryggingar og málefni aldraðra, 2. umr.

Stjfrv., 11. mál (afnám tekjutengingar við atvinnutekjur 70 ára og eldri). — Þskj. 11, nál. 22 og 32, brtt. 23 og 33.

[11:00]

Frsm. meiri hluta heilbrn. (Pétur H. Blöndal) (S):

Herra forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra frá meiri hluta hv. heilbrigðisnefndar, sem er að finna á þskj. 22. Nefndin fjallaði um málið og fékk á sinn fund nokkra gesti sem eru taldir upp í þingskjalinu.

Þá er einnig í þingskjalinu lýsing á því frumvarpi sem um er að ræða en það er flutt í samræmi við stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2007 og hefur það að markmiði að stuðla að bættum hag aldraðra.

Meiri hluti nefndarinnar vekur athygli á því að atvinnutekjur 70 ára og eldri hafa ekki heldur áhrif á fjárhæð heimilisuppbótar samkvæmt 8. gr. laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, samanber 13. gr. sömu laga. Í þeirri grein kemur fram að ef greiðsla samkvæmt lögunum er grundvölluð á tekjum umsækjanda eða bótaþega skuli þær ákveðnar samkvæmt 16. gr. laga um almannatryggingar. Það sem við erum að gera hér gildir því líka um heimilisuppbótina.

Meiri hlutinn áréttar að með þessum breytingum hafa atvinnutekjur 70 ára og eldri hvorki áhrif á fjárhæð lífeyris þeirra sjálfra né lífeyris maka þeirra frá Tryggingastofnun ríkisins. Meiri hlutinn leggur því til að c-lið 1. gr. frumvarpsins og 2. gr. þess verði breytt þannig að þessi skilningur komi skýrt fram.

Samkvæmt 5. mgr. 16. gr. almannatryggingalaga og laga um málefni aldraðra eru bætur reiknaðar út frá tekjum lífeyrisþega og vistmanna á almanaksári. Í þessum ákvæðum kemur fram að til grundvallar bótaútreikningi hvers mánaðar skuli leggja 1/12 af áætluðum tekjum bótagreiðsluársins. Þá segir að bótagreiðsluár sé almanaksár. Í ljósi þess að miðað er við að frumvarp þetta verði að lögum á miðju ári, þ.e. 1. júlí 2007, þarf að leysa úr eftirfarandi úrlausnarefni. Verði frumvarpið að lögum er ljóst að skipta verður almanaksárinu upp hjá þeim lífeyrisþegum og vistmönnum sem hafa atvinnutekjur og verða 70 ára á almanaksárinu. Þannig munu tekjur sem þeir afla fyrir 70 ára aldurinn skerða bætur með sama hætti og nú en aftur á móti munu tekjur sem aflað er eftir að 70 ára aldri er náð ekki skerða bæturnar. Hið sama gildir um atvinnutekjur maka, þ.e. þær skerða ekki bætur lífeyrisþegans sé þeirra aflað eftir að 70 ára aldri er náð. Atvinnutekjur maka á aldrinum 67–69 ára geta hins vegar haft áhrif á tekjutryggingu lífeyrisþega sem orðinn er 70 ára eða eldri, samanber b-lið 2. mgr. 16. gr. laga um almannatryggingar.

Áætluðum tekjum lífeyrisþega og vistmanna fyrir árið 2007 hefur í samræmi við ákvæði 5. mgr. 16. gr. almannatryggingalaga og 26. gr. laga um málefni aldraðra, þegar verið dreift jafnt yfir allt árið og hefur verið greitt út samkvæmt því, enda var ekki gert ráð fyrir því við gerð tekjuáætlana fyrir árið í ár að skipta þyrfti árinu upp miðað við 70 ára aldurinn. Þetta kann einnig að valda erfiðleikum við endurreikning og uppgjör bóta sem kveðið er á um í 7. og 8. mgr. 26. gr. laga um málefni aldraðra og 7. og 8. mgr. 16. gr., sbr. 55. gr., almannatryggingalaga, nr. 100/2007.

Þrátt fyrir að það sé almennt ívilnandi fyrir þennan hóp ellilífeyrisþega að dreifa tekjum jafnt yfir árið er það ekki svo í öllum tilvikum. Með hliðsjón af þessu og til að tryggja hagstæðustu niðurstöðu fyrir alla lífeyrisþega og vistmenn 70 ára og eldri leggur meiri hlutinn til að sett verði bráðabirgðaákvæði þar sem kveðið verði á um að ellilífeyrisþegar og vistmenn 70 ára og eldri geti óskað eftir því við Tryggingastofnun ríkisins að tekjum þeirra og/eða maka verði skipt niður á tímabil fyrir og eftir gildistöku laganna eða 70 ára aldur, eftir því hvort er síðar á árinu. Á þetta ákvæði reynir einkum ef meðaltekjur á mánuði fyrir 70 ára aldur eru lægri en eftir að 70 ára aldri er náð. Ef meðaltekjur á mánuði fyrir 70 ára aldur eru hærri en eftir þann aldur hagnast viðkomandi einstaklingur á því að árið sé reiknað út í einu lagi. Það stafar af því að í jafndreifingu tekna kemur lægra hlutfall árstekna til skerðingar en raunverulega var aflað fyrir 70 ára aldur. Þessu er öfugt farið ef meðaltekjur á mánuði fyrir 70 ára aldur eru lægri en eftir það þar sem þá kemur hærra hlutfall árstekna til skerðingar en raunverulega var aflað fyrir 70 ára aldur.

Síðari málsliður bráðabirgðaákvæðisins mun aðeins taka til tiltölulega fárra einstaklinga og mun einkum gilda ef meðaltekjur hækka við 70 ára aldur. Meiri hlutinn leggur áherslu á að Tryggingastofnun ríkisins gegni leiðbeiningarskyldu sinni og hafi frumkvæði að því að upplýsa bótaþega um þetta atriði. Jafnframt leggur meiri hlutinn áherslu á að Tryggingastofnun upplýsi alla aldraða um þá breytingu að atvinnutekjur þeirra sem eru 70 ára eða eldri skerði ekki bætur frá stofnuninni.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerð er tillaga um í sérstöku þingskjali. Undir nefndarálitið rita hv. þingmenn Ásta Möller, Ásta R. Jóhannesdóttir, Pétur H. Blöndal, Árni Páll Árnason, Ragnheiður Ríkharðsdóttir og Ellert B. Schram.

Herra forseti. Þetta var álit meiri hluta hv. heilbrigðisnefndar og nú langar mig að segja nokkur orð frá eigin brjósti. Í fyrsta lagi er það grundvallaratriði í opinberum millifærslukerfum að ekki má láta fólk með lægri laun og lakari lífskjör greiða til fólks með hærri laun og betri lífskjör. Því miður eru mörg dæmi þess í reglum okkar og kerfum í dag að svo er háttað og þessa grundvallaratriðis hafi ekki verið gætt.

Annað sem ég vildi nefna. Við skulum hugsa okkur tvo menn sem vinna hlið við hlið og þeir séu með um 280 þús. kr. á mánuði. Annar verður 70 ára. Ef hann býr einn fær hann samkvæmt þessum reglum 126 þús. kr. til viðbótar eða alls 406 þús. kr. á mánuði. Þessar bætur eru að hluta til greiddar með sköttum þess yngri sem vinnur við hliðina á honum. Þeim félaga hans er því gert að greiða betri lífskjör til samfélaga síns. Þetta er vandinn sem ég nefndi um grundvallaratriðið og eftir því sem aldursmörkin eru færð neðar þeim muni meiri verður þessi mismunur og meira áberandi hjá fólki sem vinnur hlið við hlið, að öðrum er gert að greiða hinum bætur sem hækka lífskjör hins umtalsvert. Þess vegna þarf að ríkja um það sátt að þeir sem eru orðnir 70 ára hafi skilað ævistarfi sínu og eigi skilið að fá

þessar bætur frá Tryggingastofnun óskertar.

Ég vil benda á að þessi mismunur á ekki við um lífeyri frá lífeyrissjóði sem alltaf er greiddur án tillits til tekna vegna þess að sá lífeyrir er greiddur með eign sem viðkomandi hefur safnað upp í gegnum starfsævina með eigin iðgjöldum og iðgjöldum atvinnurekenda vegna hans. Hann á því fyrir þeirri eign sinni, þeim lífeyri sínum, og þar af leiðandi er ekki um þá félagslegu mismunun að ræða sem ég nefndi að væri grundvallaratriði í millifærslukerfum.

Herra forseti. Það er önnur mismunun sem mun líka koma fram. Hún birtist hjá þeim öldruðu sem ekki geta unnið eða fá ekki vinnu. Þeir búa við miklu lakari lífskjör en hinir sem geta unnið og fá vinnu. Við skulum gefa okkur að sá sem fær vinnu sé með eins og áðan í dæminu 280 þús. kr. á mánuði. Ef þeir eru báðir með 80 þús. kr. úr lífeyrissjóði sem er meðallífeyrir frá lífeyrissjóði þá er sá sem ekki vinnur með 165 þús. kr. á mánuði fyrir skatt og eftir skerðingar hjá Tryggingastofnun. Hann fær sem sagt 80 þús kr. úr lífeyrissjóði og 85 þús. kr. skertar bætur frá Tryggingastofnun en hinn er með 445 þús. kr. á mánuði. Þarna myndast mismunur á milli aldraðra innbyrðis. Þetta þurfa menn að hafa í huga þegar þeir eru að taka svona ákvarðanir.

Það er reyndar mjög ólíklegt að aldraðir hafi jafnháar tekjur og vinnufélagar þeirra. Ef menn skoða ævitekjur einstaklinga eru þær yfirleitt hæstar um 40–50 ára aldur. Þá vinna menn mest, leggja harðast að sér, hafa líka mesta þörf fyrir laun, eru að koma upp börnum, eignast húsnæði og stofna atvinnurekstur þannig að ævitekjurnar sýna sig að vera hæstar um 40–50 ára en lækka síðan hratt eftir það. Þau dæmi sem ég nefndi eru því kannski ekki alveg sanngjörn að þessu leyti. En þetta þurfa menn að hafa í huga, þessa mismunun sem menn eru að búa til með þessum hætti.

En hvers vegna eru menn þá að þessu? Það er vegna þess að við þurfum á reynslu og þekkingu aldraðra að halda. Atvinnulífið þarf fólk til starfa og mjög margir aldraðir eru mjög sprækir og frískir og geta vel unnið. Það er sjálfsagt að nýta sér þekkingu þeirra og reynslu ef þeir vilja vinna. Fyrir hinn aldraða er þetta mjög mikið atriði. Það gleymist alltaf í umræðu um lífeyriskerfi og eftirlaun að vinnan er meira en bara brauðstrit, þ.e. að menn séu bara að afla sér fjár til þess að lifa af. Vinnan er líka hlutverk, hlutverk mannsins í þjóðfélaginu. Hún segir honum að hann sé einhvers virði, hann hafi eitthvert hlutverk. Það vill oft verða þegar menn hætta að vinna þá finnst þeim eins og þeir missi hlutverk. Þeir falla jafnvel í þunglyndi vegna þess að þeir hafa ekkert hlutverk lengur. Þessu mega menn ekki gleyma. Þess vegna er vinnan miklu meira en bara brauðstrit.

Og hún hefur fleiri þætti. Vinnan er líka félagslegt umhverfi. Þar eiga menn góða vinnufélaga sem þeir hitta daglega. Þeir fara á fætur, koma sér í vinnuna og hitta þar félagana. Það er félagsleg umgjörð sem rofnar þegar menn hætta allt í einu að vinna. Ég held að menn þurfi að horfa miklu meira á það hvers virði vinnan er fyrir hinn vinnandi mann og ekki alltaf líta á eins og vinnan sé einhver kvöð sem menn þurfa að losna við sem allra fyrst. Þetta frumvarp er mjög gott fyrir atvinnulífið. Það er gott félagslega fyrir hinn aldraða. Þess vegna er lögð áhersla á að það taki gildi sem allra fyrst, jafnvel þó það kosti nokkur útfærsluvandamál, eins og ég gat um áðan og ég er ekki viss um að allir hafi skilið fullkomlega.

Nokkrar hugmyndir aðrar hafa komið fram um að nota fjármuni til að bæta stöðu aldraðra. Þær er að finna á því þingskjali sem við vorum að samþykkja áðan með afbrigðum að taka til umræðu, frá minni hluta hv. heilbrigðisnefndar, þar sem gert er ráð fyrir að hámarkið sem í dag eru 300 þús. kr. á ári, þ.e. 25 þús. kr. á mánuði, verði hækkað í 960 þús. kr. á ári, þ.e. 80 þús. kr. á mánuði. Þetta mun þá kosta nokkuð svipað og þær hugmyndir sem meiri hlutinn er með.

Á móti þessu má segja að í fyrsta lagi fer þetta niður í 67 ár þannig að þau félagslegu vandamál og félagslega ósanngirni sem ég nefndi áðan verður enn meiri þegar 67 ára maður fer allt í einu að fá bætur frá Tryggingastofnun minna skertar. Auk þess hefur þetta þann ókost að tekjur sem fara umfram 80 þús. kr. eru skertar mjög harkalega. Þær eru skertar mjög harkalega á ákveðnu bili um 40% þannig að hvati manna til að vinna umfram 80 þús. kr. á mánuði minnkar mjög mikið. Sú lausn mundi stýra öllum inn í það að vinna fyrir 80 þús. kr. á mánuði eða minna. Það er engan veginn fullnægjandi fyrir flesta aldraða sem eru að vinna fyrir 200–300 þús. kr. eins og annað fólk. Ég held því að sú lausn vegna þessara tveggja annmarka sem ég nefndi, þ.e. að hún gildir fyrir tiltölulega yngra fólk, 67 ára, og einnig að hún stýri mönnum að vinna bara hálfan daginn fyrir 80 þús. kr. á mánuði, eða jafnvel enn minna, sé þar með ekki nægilega góð. Ég mun greiða atkvæði gegn þeirri tillögu.

[11:14]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Erindi mitt í þennan stól er að spyrja hv. þm. Pétur Blöndal og biðja hann skýringar á því af hverju er í tillögum meiri hluta nefndarinnar miðað við 70 ára aldursmark en ekki 67 ára. Í lögum um aldraða segir skýrt að þeir eru aldraðir sem eru 67 ára og eldri. Hvað á þessi skipting í aldraða og súperaldraða að þýða?

[11:15]

Frsm. meiri hluta heilbrn. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég var búinn að útskýra áðan af hverju menn töldu sig ekki geta farið niður fyrir 70 ár. Það er einmitt út af samanburðinum, þegar þeir eru að vinna hlið við hlið þarf að vera um það sátt að sá eldri sé búinn að skila hlutverki sínu og eftir því sem við förum neðar með þessi mörk þeim mun minni sátt myndast í þjóðfélaginu.

Skilgreiningin á öldruðum er að mínu mati afskaplega slæm. Það er afskaplega slæmt að maður sem er 67 ára sé að lögum orðinn aldraður. Ég nefndi það um daginn í umræðu um annað mál að slík flokkun á fólki eða að setja það inn í hillu sé mjög skaðleg bæði fyrir einstaklinginn og aðra í kringum hann. Ég held að við ættum að hverfa frá því að flokka fólk í aldraða eða súperaldraða eða hvað það heitir þannig að við tölum bara um fólk sem er á mismunandi aldri, unglinga sem eru 17 ára eða einhverja sem eru fertugir o.s.frv.

[11:16]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Skilgreiningin í lögum um aldraða, 67 ára og eldri, er staðreynd og þar er um að ræða skilgreiningu á tilteknum réttindum sem því fylgja og sem lögin um aldraða fjalla m.a. um. Það er ekkert í þeim lögum sem segir að það beri að skipta þeim sem eru aldraðir í tvo hópa og ég verð að segja að ég efast um að þetta atriði standist í rauninni jafnræðisreglur. Það mun hins vegar rétt vera að það hafi náðst einhver lending um þessa súperöldruðu á landsfundi Sjálfstæðisflokksins en ég átta mig ekki á því af hverju Samfylkingin er farin að ganga erinda þeirrar samþykktar í þessum sölum.

[11:17]

Frsm. meiri hluta heilbrn. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki alls kostar rétt hjá hv. þingmanni að bara sé talað um 67 ár. Menn geta nefnilega frestað töku lífeyris til 72 ára (Gripið fram í.) og eru þar af leiðandi ekki aldraðir í þeim skilningi. (Gripið fram í.) Það er líka í reglum um opinbera starfsmenn að þeir megi vinna til sjötugs og í reglum mjög margra lífeyrissjóða eru þessi mörk fljótandi. Það er ekkert til sem heitir að menn séu löggilt gamalmenni 67 ára og ég ætla að vona að hv. þingmaður fari ekki að taka það upp að segja við fólk: Þú ert löggilt gamalmenni, þú átt að hegða þér svona og svona. Og þú ert unglingur og þú átt að hegða sér svona og svona, flokka fólk í einhverja hópa. (Gripið fram í.)

[11:18]

Frsm. minni hluta heilbrn. (Þuríður Backman) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil spyrja hv. þingmann hvort mat hafi verið unnið á áhrifum af þessum breytingum á aðra lífeyrisþega og fólk á vinnumarkaðnum, hvort gert hafi verið heildstætt mat og farið vel yfir það hvaða áhrif þessi breyting muni hafa á aðra launþega, hvort sem það eru lífeyrisþegar eða úti á hinum almenna vinnumarkaði. Var leitað eftir samstarfi við Landssamband eldri borgara, ASÍ og Samtök atvinnulífsins eins og lofað hefur verið og heitið í nokkurn tíma, þ.e. að ekki verði unnið að svona breytingum nema í nánu samstarfi? Hefur þetta samstarf átt sér stað? Ef ekki, hvernig verður þá unnið að áframhaldandi vinnu við þessa aðila?

[11:19]

Frsm. meiri hluta heilbrn. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi mat á þessum áhrifum er afskaplega erfitt að meta eitthvað sem ekki hefur verið til. Ég er viss um og hef heyrt mjög víða að mjög margir aldraðir hugsi sér gott til glóðarinnar að geta unnið og nýtt krafta sína lengur sem þeir hafa ekki getað gert hingað til vegna skerðinganna. Við munum væntanlega sjá nokkuð aukna þátttöku aldraðra, þeirra sem það vilja, á vinnumarkaði sem gefur svo ríkissjóði skatttekjur sem ekki er gert ráð fyrir í kostnaðarmati þessa frumvarps.

Það var haft samráð við aldraða við mótun þessara tillagna upphaflega og þær voru meðal þeirra baráttumála sem aldraðir hafa staðið fyrir lengi, þ.e. að aldraðir gætu unnið lengur og án þess að þeim væri (Gripið fram í.) refsað fyrir það í stórum stíl.

[11:20]

Frsm. minni hluta heilbrn. (Þuríður Backman) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Á fundi heilbrigðisnefndar komu fram áhyggjur bæði frá Samtökum atvinnulífsins og ASÍ af því hve hratt þessar breytingar ættu sér stað, þ.e. hversu stuttur tími væri við undirbúning þessara breytinga með tilliti til þess að það þarf að skoða hvaða áhrif þetta hafi á aðra þætti á vinnumarkaðnum. Ég vil spyrja hv. þingmann hvort hann telji ekki að þessi breyting muni auka ójöfnuð á milli lífeyrisþega og hvort hann muni ekki enn frekar breikka bilið á milli ríkra og fátækra lífeyrisþega og hvort hann telji það hlutverk lífeyrissjóðakerfisins að vinna með þeim hætti.

Ég vil einnig spyrja hv. þingmann hvort hann telji ekki að vinna (Forseti hringir.) þurfi hratt að afnámi tengingar við tekjur maka.

[11:21]

Frsm. meiri hluta heilbrn. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi það síðasta, að afnema, er unnið að því að minnka tekjutengingar milli maka. Að mínu mati er það afskaplega ánægjulegt, það er einstaklingshyggja sem við sjálfstæðismenn höfum lengi barist fyrir, þ.e. að vera ekki að taka tillit til félagslegrar stöðu fólks. Ég er mjög ánægður með að hv. þingmaður sem telur sig vera vinstri mann sé fylgismaður slíkrar einstaklingshyggju, að sá sem er giftur hátekjumaka eigi að fá sama lífeyri og sá sem er giftur lágtekjumaka.

Varðandi það að gera þetta hratt lögðu fulltrúar eldri borgara áherslu á það að eldri borgarar hafa ekki tíma. Þeir geta ekki beðið í 10 ár eftir því að menn framkvæmi einhverjar tillögur og ræði og spjalli út og suður.

Varðandi ójöfnuðinn nefndi ég hann í ræðu minni. Ég nefndi að þarna væri verið að búa til ákveðið misræmi en vegna þess að við miðum við nokkuð háan aldur, um 70 ár, má reikna með að sátt muni nást um það.

[11:22]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að það eru afar veik rök sem hv. þm. Pétur Blöndal færir fyrir máli sínu og reyndar kemur ekki fram í nefndarálitinu neitt um það af hverju þessi hópur, 70 ára og eldri, er sérstaklega tekinn út. Maður spyr sig: Af hverju er ekki reynt að gæta einhvers jafnræðis og allur hópurinn skoðaður eins og minni hlutinn leggur til? Minni hlutinn leggur til að frítekjumarkið verði hækkað á öllum hópnum 67 ára og eldri og ef meiri hlutinn vill endilega skipta öldruðum upp í hópa, í þessu tilviki tvo hópa, ofuraldraða sem eru 70 ára og eldri og svo hina sem eru aðeins yngri, væri þá ekki nær að skoða yngri hópinn og minnka tekjutengingarnar þar? Það er auðvitað hópurinn sem er virkari á vinnumarkaði og á auðveldara með að vinna. Hann er yngri og sprækari. Ef menn vilja endilega

flækja kerfið og kljúfa það, af hverju er þá ekki horft til þessa hóps frekar?

[11:23]

Frsm. meiri hluta heilbrn. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þingmaður átti heiður að því sem hæstv. heilbrigðisráðherra að minnka tekjutengingar í nóvember og desember sl. allverulega þar sem 60% af tekjum aldraðra koma til skerðingar en ekki 100%. Skerðingin í dag er í reynd 24% gagnvart tekjutengingu almannatrygginga og hefur minnkað úr tæpum 40% þannig að hv. þingmaðurinn á heiðurinn að því ásamt með meiri hlutanum sem þá var, öllum saman.

Varðandi það af hverju teknir eru 70 ára og eldri er það einfaldlega vegna þess að kannanir hafa sýnt að tiltölulega fáir vinna eftir sjötugt. Það er sem sagt verið að reyna að örva fólk og hvetja, það sem vill, til að vinna eftir sjötugt án þess að vera skert í bak og fyrir af kerfinu. Að sjálfsögðu býr það samt til misrétti eins og ég nefndi í framsöguræðu minni.

[11:25]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt að sú sem hér stendur stóð fyrir því að minnka tekjutengingar mjög verulega á ellilífeyrisþega en það var gert á alla, hvern einasta ellilífeyrisþega, jafnt fyrir alla. Það er hvati líka fyrir þá sem eru yngri eins og fyrir þá sem eru eldri. Hv. þingmaður svarar mjög veikt varðandi það af hverju eigi að taka 70 ára og eldri út. Jú, af því að þeir vinna svo lítið. Það eru margar ástæður fyrir því. Þeir eru auðvitað eldri og ekki eins hressir þannig að ég spyr enn á ný: Af hverju er ekki farin sú leið sem minni hlutinn bendir á, að hækka frítekjumarkið á alla þannig að menn geti unnið sér inn 80 þús. kr. á mánuði, þ.e. 960 þús. frítekjumark á ári, fyrir allan hópinn? Það kostar svipað og lægri mörk kostnaðarmatsins með frumvarpinu. Þetta kostar sem sagt ekki meira en meiri hlutinn leggur til. Af hverju í ósköpunum er verið að kljúfa hóp aldraðra? Er ekki nær að örva alla til að vinna, líka þá sem eru sprækir 67–70 ára?

[11:26]

Frsm. meiri hluta heilbrn. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég nefndi það í ræðu minni, ég þarf ekki að endurtaka það, að það eru tvær ástæður fyrir því að 80 þús. krónurnar koma ekki vel út. Ég get svo sem nefnt það aftur, það er vegna þess að mismununin færist þá neðar í aldri, niður í 67 ár, og það er ekki víst að það myndist um það félagsleg sátt í þjóðfélaginu. (Gripið fram í.) Það voru skerðingar en ef skerðingarnar eiga að minnka fyrir tekjur undir 80 þús. kr. getur orðið um það félagsleg ósátt.

Svo nefndi ég líka að þegar menn fara að vinna sér inn meira en 80 þús. kr. koma skerðingarnar svo miklar, það er 40% skerðing fyrir hverja krónu og þar yfir þannig að fólki er þrýst niður í að vinna fyrir 80 þús. kr., ekki krónu meira.

[11:27]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé rétt að draga það fram sem er kannski alvarlegast í þessu að hér er verið að búa til enn eina regluna hjá Tryggingastofnun, þ.e. fyrir þá sem eru 70 ára og eldri. Rökin sem hv. þm. Pétur Blöndal fór með áðan voru að það ætti að hvetja þetta fólk til að vinna. Ég spyr: Hvers vegna þá ekki að hvetja fólk 67–70 ára til að vinna?

Hv. þingmaður talaði um harkalega skerðingu miðað við tillögurnar sem við leggjum til í minni hlutanum, þ.e. að þegar tekið væri umfram 80 þús. kæmi 40% skerðing. Það er akkúrat rétt, það gerir það, og síðan 36% skattur. Eftir halda menn því 3.800 kr. af hverjum 10 þús. kalli. Þetta er það réttlæti sem hann vill fyrir fólk 67–70 ára en menn geta síðan haft 10 millj. í tekjur þegar þeir eru komnir yfir sjötugt og fengið 1,3 millj. frá Tryggingastofnun til viðbótar.

[11:28]

Frsm. meiri hluta heilbrn. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Frítekjumörkin eru í dag 25 þús. kr. og síðan hverfa þau við 67 þús. kr., minnir mig, þannig að það er bara á því bili sem skerðingarnar eru mjög miklar í dag. Þær verða 24% þegar menn eru komnir í 70 þús. kr. Það sem menn eru að gera með þessari breytingartillögu sinni er að hækka þessi mörk upp í 80 þús. kr. þannig að þeir sem eru komnir upp í 80 þús. kr. horfa fram á mjög miklar skerðingar fyrir hvern þúsundkall sem þeir vinna sér inn til viðbótar.

Hvers vegna ekki að hvetja þá sem eru 67–69 ára? Ég nefndi það í ræðu minni að það er spurning hvað við getum farið langt niður án þess að bresti þjóðfélagsleg sátt um að fara í svona aðgerðir til að styðja og hvetja aldraða til að vinna fyrir þjóðfélagið sem er gott fyrir þá og þjóðfélagið og gefur ríkissjóði skatttekjur.

[11:29]

Frsm. minni hluta heilbrn. (Þuríður Backman) (Vg):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta heilbrigðisnefndar. Undir nefndarálitið rita auk mín Valgerður Sverrisdóttir og Álfheiður Ingadóttir. Guðjón A. Kristjánsson er áheyrnarfulltrúi í nefndinni og er samþykkur álitinu.

Ég vil geta þess að við 1. umr. var ég, eins og fleiri þingmenn sem tóku til máls, jákvæð gagnvart því frumvarpi sem hér liggur fyrir, enda er alveg ljóst að það er löngu tímabært að bæta hag aldraðra. Ég veit að allir flokkar sem gengu til kosninga höfðu það á stefnuskrá sinni að bæta hag aldraðra, með mismunandi hætti þó. Ég nefndi það einnig við 1. umr. málsins að ég teldi að horfa þyrfti sérstaklega til þess hóps sem væri skilinn eftir, þ.e. skilgreindir aldraðir, 67 ára til sjötugs, sem frumvarpið nær til. Þetta þyrfti að skoða alveg sérstaklega því að þarna væri hópur sem sæti hjá og að það mundi seint ganga.

Ég nefndi líka að fara þyrfti vel yfir málið og skoða það frá öllum hliðum og þá með hagsmunaaðilum, Landssambandi eldri borgara, aðilum frá vinnumarkaðnum og fleirum sem málið snertir því að þessar breytingar munu smita út á

vinnumarkaðinn líka, það er óhjákvæmilegt. Ég tel að við séum ekki búin að sjá fyrir endann á því hvaða áhrif slíkar breytingar hafa. Vonandi munu breytingarnar hafa þau áhrif sem ég nefndi, að þær kæmu öllum til góða, ef þetta smitaðist út á vinnumarkaðinn, til launahækkana fyrir alla og þá sérstaklega láglaunahópana. En það er ekki sjálfgefið og munu trúlega verða átök um það.

Þegar farið var vel yfir málið, eins og hægt er að gera á einum samráðsfundi í heilbrigðisnefnd, kom fram að samráð við Landssamband eldri borgara, aðila vinnumarkaðarins og ASÍ var ekkert varðandi frumvarpið og eiga þó að vera formlegir samráðsfundir til staðar sem ríkisstjórnin hefði getað leitað til. Komu upp efasemdir hjá þessum aðilum, vinnumarkaðnum, Samtökum atvinnulífsins og ASÍ, um að þetta væri hin eina rétta leið og hana þyrfti að skoða betur. Fulltrúar Landssambands eldri borgara eru sannarlega ánægðir með allar þær breytingar sem gerðar eru en töldu eðlilega að breytingarnar hefðu átt að gilda frá 67 ára aldri. Þar væri hópur sem sæti eftir og væri mikill mismunur á og krafa þeirra er og verður auðvitað að þetta ákvæði, ef af verður, muni gilda frá 67 ára aldri.

Eftir að hafa farið yfir málið og skoðað það betur töldum við í minni hluta heilbrigðisnefndar að þetta væri ekki nægilega vel ígrundað þó svo að við séum öll sammála því að bæta hag aldraðra. Við skilum því sér nefndaráliti og breytingartillögum á lögunum eins og þau eru í dag þar sem við leggjum til að frítekjumarkið verði hækkað upp í 80 þús. kr. hjá öllum frá 67 ára aldri og upp úr og það sé þá sú jafnræðisregla sem meiri sátt muni ríkja um frekar en að það nái til þeirra sem sjötugir eru og sem gætu þá unnið alveg án nokkurrar skerðingar.

Hæstv. forseti. Ég vil fá að lesa nefndarálitið frá minni hluta heilbrigðisnefndar. Það er svohljóðandi:

Minni hluti heilbrigðisnefndar er ósammála þeirri leið sem farin er í frumvarpi þessu og telur að hag bæði aldraðra og öryrkja verði fremur borgið með því að hækka frítekjumarkið í b-lið 2. mgr. 16. gr. laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, og b-lið 1. mgr. 26. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, úr 300.000 kr. eða 25 þús. kr. á mánuði í 960.000 kr. á ári. Með þessari hækkun frítekjumarksins geta elli- og örorkulífeyrisþegar — ég ítreka „og örorkulífeyrisþegar“, þetta á ekki eingöngu við um ellilífeyrisþega frá 67 ára heldur alla örorkulífeyrisþega einnig — unnið sér inn 80.000 kr. á mánuði án þess að lífeyrisgreiðslur þeirra samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, eða fjárhæð vistunarframlags frá Tryggingastofnun ríkisins samkvæmt lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, skerðist. Mun sá kostnaður sem leiðir af þessum breytingum vera 490 millj. kr. — 490 millj. kr., það er ekki meira, ég vil vekja athygli á því. — Minni hlutinn leggur auk þess til að fjármagni verði varið í að draga úr tekjutengingu lífeyrisþega við tekjur maka þannig að heildarkostnaðurinn af framangreindum breytingum verði á bilinu 690–745 millj. kr.

Með þessu móti verður ekki aðeins komið til móts við ellilífeyrisþega og vistmenn 70 ára og eldri eins og mælt er fyrir um í frumvarpi þessu, heldur einnig örorkulífeyrisþega. Þá verður ellilífeyrisþegum heldur ekki mismunað eftir því hvort þeir eru yngri en 70 ára eða eldri eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Ber í þessu sambandi að benda á að samkvæmt lögum um málefni aldraðra, nr. 125/1999, er aldraður einstaklingur sá sem hefur náð 67 ára aldri. Minni hlutinn leggur áherslu á að eitt skuli yfir alla ganga meðal aldraðra og bendir á að einstaklingar á aldrinum 67–69 ára eru að jafnaði betur í stakk búnir til að afla sér atvinnutekna en þeir sem eru 70 ára og eldri. Minni hlutinn telur að framangreind hækkun frítekjumarksins muni auka möguleika lífeyrisþega til þátttöku á vinnumarkaðnum en slíkt mun skila sér bæði til einstaklinganna sjálfra og samfélagsins.

Minni hlutinn leggur áherslu á að þessi leið sé aðeins fyrsta skrefið af mörgum í átt að því að bæta stöðu aldraðra og öryrkja og stuðla að auknum jöfnuði í samfélaginu. Næsta skref verður að afnema að fullu tekjutengingu bóta við tekjur maka og skoða hvort nýta megi hluta frítekjumarks fyrir tekjur úr lífeyrissjóðum.

Eins og ég nefndi áðan er Guðjón A. Kristjánsson áheyrnarfulltrúi í nefndinni og skrifar hann undir ásamt Valgerði Sverrisdóttur og Álfheiði Ingadóttur.

Hæstv. forseti. Því liggur fyrir breytingartillaga við frumvarp til laga um breytingu á almannatryggingalögum og lögum um málefni aldraðra frá minni hluta heilbrigðisnefndar þar sem í stað þess að nefna upphæðina 300.000 kr. í 16. gr. laganna komi 960.000 kr., þ.e. að frítekjumarkið fari úr 25 þús. kr. í 80 þús. kr. Og í 2. gr. þessara sömu laga komi 960.000 kr. í stað 300.000 kr. í 2. málsl. b-liðar 1. mgr. 26. gr. laga um málefni aldraðra. Tillagan er sem sé að hækka frítekjumarkið hjá öllum og ekki bara öldruðum frá 67 ára heldur öryrkjum líka.

Við fulltrúar minni hlutans, og ég trúi ritari líka, margspurðum að því í heilbrigðisnefnd hvort þetta gæti verið réttur útreikningur, sú upphæð sem hér kemur fram, þ.e. að breytingarnar muni kosta 490 millj. kr. á ári og við fengum þau svör að svo væri. Okkur fannst þetta ótrúlega lág upphæð miðað við að þetta næði yfir öryrkja líka. En staðreyndin er auðvitað sú að öryrkjar hafa ekki verið svo mikið á vinnumarkaðnum og eru þannig í stakk búnir að það geta ekki allir unnið, en upphæðin er ekki hærri en þetta.

Við teljum þó að hægt sé að gera betur og leggjum því til að samsvarandi upphæð og kemur hér fram í frumvarpi ríkisstjórnarinnar verði þá notuð til þess að draga úr tekjutengingu en það má gera á margan hátt. Okkur entist ekki tími til að leggja fram nákvæma útreikninga hvað varðar prósentur á tekjutenginguna en búið er að reikna út fyrir okkur, frummælendur í minni hluta heilbrigðisnefndar, mismunandi leiðir og ég vil, með leyfi hæstv. forseta, fá að rekja þær örlítið. Þetta eru nokkrar tölur og er í sjálfu sér ekki flókið.

Það að hækka frítekjumark gagnvart eigin tekjum af atvinnu í 960 þús. kr. kostar 200 milljónir fyrir ellilífeyrisþega og 290 milljónir fyrir örorkulífeyrisþega eða samtals 490 milljónir, eins og kemur fram í tillögu okkar. Samhliða því eru gerðar breytingar á tengingu við tekjur maka þannig að í stað þess að tekjur af atvinnu verði með 75% vægi gagnvart eigin tekjum og 25% vægi gagnvart tekjum maka er samanlagður kostnaður við báðar þær breytingar 270 millj. kr. fyrir ellilífeyrisþega og 475 millj. kr. fyrir örorkulífeyrisþega eða samtals 745 millj. kr. Þetta er aðeins í við lagt miðað við tillögur ríkisstjórnarinnar en vel að merkja,

þær eru ekki nákvæmar og geta ekki verið það því að það er aldeilis óljóst hversu margir lífeyrisþegar sem ekki eiga rétt á greiðslum vegna hárra tekna muni við þessar breytingar, þ.e. þeir sem eru 70 ára og eldri, skila sér og óska eftir greiðslum lífeyris þar sem þær lífeyrisgreiðslur verði óskertar. Útreikningurinn hlýtur því alltaf að vera mjög óljós. Við fáum að sjá þær tölur eftir eitt eða tvö ár ef af þessari breytingu verður.

Ef breyting á tekjutengingu við tekjur maka er 79% fyrir eigin tekjur og 21% fyrir tekjur maka verður samanlagður kostnaður með hækkun frítekjumarks í 960 þús. kr. 255 millj. kr. fyrir ellilífeyrisþega og 435 millj. kr. fyrir örorkulífeyrisþega eða samtals 690 millj. kr. Ef frítekjumark gagnvart eigin tekjum af atvinnu er hækkað í 900 þús. kr. og tekjutenging við tekjur maka af atvinnu verður 80% af eigin tekjum og 20% af tekjum maka kostar það 250 milljónir fyrir ellilífeyrisþega og 445 milljónir fyrir örorkulífeyrisþega eða samtals 695 milljónir. Þessir útreikningar miðast allir við reglurnar sem gilda fyrir árið 2008 með óbreyttum bótaupphæðum og tekjum lífeyrisþega eins og þær voru í tekjuáætlun í mars í ár.

Hæstv. forseti. Við fengum sérfræðing Tryggingastofnunar til að reikna þetta út fyrir okkur og ég les þær upplýsingar hér upp til þess að sýna að hægt er að fara mismunandi leiðir sem mundu falla innan þess sama kostnaðar sem Tryggingastofnun mundi greiða. Við höfum því ekki verið að útfæra þetta neitt frekar en ég er sannfærð um að hægt væri að ná góðri sátt um hvernig ætti að draga úr tekjutengingum og skerðingum.

Hæstv. forseti. Á þinginu síðasta vetur, haustþinginu 2006, lagði stjórnarandstaðan fram mál á þskj. 3, 3. mál, tillögu til þingsályktunar um nýja framtíðarskipan lífeyrismála. Það var nokkuð ítarleg tillaga um framtíðarskipan lífeyrismála og vel unnin að mínu mati og mjög raunhæf. Í þeirri tillögu kemur fram að á síðasta hausti töldum við sem þá vorum í stjórnarandstöðu og unnum tillöguna að frítekjumarkið vegna atvinnutekna lífeyrisþega þyrfti að vera um 75 þús. kr. á mánuði til þess að lífeyrisþegar hefðu fyrir framfærsluþörf. Því leggjum við til í dag að sú upphæð verði 80 þús. kr. því að þegar búið er að draga frá skatta og með tilliti til þeirra skerðinga sem hafa verið mundu tekjur lífeyrisþega vera rétt um það að hafa fyrir framfærsluþörf.

Ég vil benda á, hæstv. forseti, í þessu sambandi að enn og aftur er kallað eftir því að gerð sé neyslukönnun og það sé fyrirliggjandi hverjar tekjuþarfir aldraðra og öryrkja eru á hverjum tíma, en þá útreikninga höfum við ekki. Meðan við höfum ekki þær tölur og getum ekki sagt að lífeyrisþegar þurfi þessa fjárhæð eða upphæð til að hafa sér til framfærslu og geta lifað þokkalegu lífi, veitt sér eitthvað án þess að vera í lúxus og munaði, þá erum við í rauninni alltaf jafnilla sett. Ég vil því vísa til þeirrar þingsályktunartillögu sem stjórnarandstaðan flutti á síðasta hausti og hvetja hv. þingmenn Samfylkingarinnar að rifja hana vel upp og minnast þeirra hugmynda sem þar voru að baki, þ.e. að auka jöfnuð á milli lífeyrisþega, bæði aldraða og öryrkja.

Ég er ekki lengur sannfærð um að einhver sátt geti náðst við að aftengja alveg skerðingar á launum, atvinnutekjum lífeyrisþega eftir sjötugt, að þeim verði frjálst að vinna eða hafa atvinnutekjur eins og þeir vilja án þess að það skerði lífeyri og aðrar bætur. Ég tel að sá hópur sem er 67 ára til 70 ára verði ekki sáttur þegar upp verður staðið. Það er erfitt að koma aftur inn á vinnumarkaðinn í atvinnu ef fólk á aldrinum 67–70 ára hættir í vinnu vegna þeirra skerðinga sem áfram munu gilda. Ef fólk hættir í vinnu er mjög erfitt fyrir 70 ára gamalt fólk að koma aftur inn á vinnumarkaðinn. Það að ætla sér að þrauka í þessi þrjú ár til að komast þá inn í sælureitinn, að geta unnið eins og maður vill, ég veit ekki hvort það er sú leið sem einhver sátt muni nást um. Ég tel að meiri sátt verði um að hafa sömu reglu fyrir alla frá 67 ára aldri.

Talandi um reglur þá hefur verið og er krafa frá öllum sem koma að tryggingunum og lífeyrissjóðakerfinu að reglurnar verði einfaldaðar, að dregið verði úr þeim flóknu reglum sem eru í dag og að unnið verði að því að einfalda reglurnar hvað varðar lífeyris- og bótagreiðslur og tengingu við lífeyrisgreiðslur. Með þessu frumvarpi og breytingum sem stjórnarliðar eða ríkisstjórnin leggur fram er verið að búa til enn eina regluna og hún er ekki til að einfalda kerfið.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri en vona að hæstv. ríkisstjórn fari vel yfir málið og skoði það vel með tilliti til þess hvaða áhrif umræddar breytingar geti haft á almenna vinnumarkaðinn og stöðu annarra lífeyrisþega og ekki síður öryrkja og hvort þetta sé þá sú leið sem eigi að fara fyrir alla eða hvernig hæstv. ríkisstjórn sjái fram úr því að vinna með þessa reglu samhliða öðrum hópum lífeyrisþega. Ég hvet hæstv. ríkisstjórn til þess að skoða þetta samhengi á milli hlutanna áður en gengið er frá frumvarpinu á sumarþinginu.

[11:51]

Frsm. meiri hluta heilbrn. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mig langar til að spyrja hv. þingmann í fyrsta lagi varðandi skerðingarnar: Það sem gerist er að menn sem eru með tekjur upp að 80 þús. fá engar skerðingar, á bilinu 80–200 þús. kr. eru þeir með 40% skerðingar. Telur hv. þingmaður að hægt sé að bjóða öldruðum sem eru orðnir sjötugir að aldri að fá skerðingar strax við 80 þús. kr. upp á 40% í stað þess sem ríkisstjórnin er að bjóða, að menn geti unnið alveg frítt án þess að það hafi nokkur áhrif?

Í öðru lagi langar mig að spyrja hv. þingmann: Hér er lagt til að þessi breyting nái til öryrkja líka. Það var aldrei í umræðunni við Samtök aldraða. Er hv. þingmaður tilbúin til að segja við aldraða að við ætlum að láta stóran hluta af þeim fjármunum sem áttu að renna til aldraðra renna til öryrkja, sem eflaust eiga þetta skilið líka, þannig að aldraðir njóti ekki þessara fjármuna einir?

Það að menn þrauki í þrjú ár. Fólk er miklu sprækara í dag en fólk var áður. Þegar menn verða 67 ára halda þeir áfram að vinna, hafa sömu laun og áður. Þeir eru ekkert að þrauka eitt eða neitt, þeir fara bara ekki á eftirlaun. Þegar þeir eru orðnir sjötugir fá þeir bætur frá Tryggingastofnun án skerðingar. Þannig sé ég þetta fyrir mér. Menn eru ekkert að þrauka neitt. Og varðandi einfaldleikann, það er afskaplega einfalt að segja við fólk: Þegar þú ert orðinn sjötugur máttu vinna eins og þú vilt.

[11:53]

Frsm. minni hluta heilbrn. (Þuríður Backman) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er mjög einfalt að segja: Þegar þú ert orðinn sjötugur máttu vinna eins og þú vilt án þess að komi til skerðingar bóta. Ég tel að með þessum tillögum sé verið að auka ójöfnuð á milli lífeyrisþega og ég tel að þar sem þessi breyting hefur ekki tekið gildi sé ekki hægt að segja að það sé verið að taka eitthvað af þeim sem eru 70 ára og eldri, þeir hafa ekki fengið þessi auknu réttindi. Ég trúi því líka að lífeyrisþegar séu svo réttsýnir að þeir telji að það sé jöfnuður í því að sama regla gildi frá 67 ára fyrir alla en komi ekki sérregla eftir sjötugt.

Ég tel að ef þessi regla verður sett og hún komist á verði ekki snúið til baka því þá sé verið að taka af fólki, en á meðan hún er ekki komin á er ekki verið að taka af neinum. Og það að hún nái til öryrkja. Ég veit að það þarf miklu meira fjármagn bæði til aldraðra og öryrkja. Við viljum bæta kjör öryrkja, allra lífeyrisþega, og ég á eftir að heyra það frá öldruðum að þeir sjái einhverja annmarka á því að öryrkjar, lífeyrisþegar, lúti ekki sömu reglum og aldraðir hvað frítekjumarkið varðar.

Það er ekki verið að taka af neinum því að þessi lög hafa ekki tekið gildi. Við erum að leita að jöfnuði og réttarbótum og kjarabótum fyrir öryrkja rétt eins og aldraða. En það verður erfitt að snúa til baka ef þetta frítekjumark verður tekið af.

[11:55]

Frsm. meiri hluta heilbrn. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er einmitt það sem hv. þingmaður er að leggja til. Hún er að taka burtu það sem ríkisstjórnin hefur lagt fram. Breytingartillögur minni hlutans ganga út á það að báðar greinarnar séu umorðaðar, það komi nýtt frumvarp. Þetta er ekki lengur gamla frumvarpið um að að tekjur þeirra sem eru orðnir sjötugir hafi ekki áhrif á bætur Tryggingastofnunar. Nei, í staðinn er komið að frítekjumarkið hækki upp í 80 þús. kr. á mánuði fyrir alla. Það er verið að taka til baka.

Hv. þingmaður gengur gegn því að aldraðir sem eru sjötugir megi vinna án þess að það hafi áhrif á bætur Tryggingastofnunar. Hún er að leggja til að það verði fellt niður. Ef þessi breytingartillaga hennar verður samþykkt mun ekki nást fram vilji ríkisstjórnarinnar um að þeir sem eru sjötugir og eldri megi vinna án þess að það hafi áhrif á bætur Tryggingastofnunar.

Hv. þingmaður er að vinna gegn því, hún er að vinna gegn hagsmunum aldraðra, þeirra sem eru sjötugir eða eldri, með því að bæta stöðu öryrkja og aldraðra undir sjötugu, upp að 80 þús. kr. (Gripið fram í.) Nei. Það er verið að taka þá fjármuni sem eiga að fara til aldraðra sem eru sjötugir og eldri og setja þá til þeirra sem eru 67 ára og upp úr og til öryrkja líka. (Gripið fram í.) Hún leggur þetta til, hún er að taka burtu þær hugmyndir sem ríkisstjórnin er með í frumvarpi sínu.

[11:57]

Frsm. minni hluta heilbrn. (Þuríður Backman) (Vg) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, minni hlutinn er sannarlega að leggja til að tillögur ríkisstjórnarinnar verði dregnar til baka. Það verði unnið að jöfnuði en ekki því að farið verði að skilgreina aldraða eftir því hvort þeir eru 67 ára eða 70 ára og eldri. Við ætlum ekki að fara að skipta öldruðum eftir aldri með sérstökum hætti. Við viljum vinna að jöfnuði og við viljum að allir fái það sama. Við gerum okkur líka grein fyrir því að það er ekki hægt að gera allt núna. Það er ekki inni í þessum tillögum.

Í þeirri fjárhæð sem ríkisstjórnin ætlar í þessar breytingar rúmast ekki að hafa frítekjumarkið alveg opið, að allir 67 ára og eldri megi vinna eins og þeir vilja án þess að það skerði tekjurnar. Aftur á móti væri það jöfnuður ef allir 67 ára og eldri gætu unnið eins og þeir vildu, haft þær tekjur sem þeir vildu án þess að það skerti lífeyrisgreiðslurnar, jafnræðisreglan væri þá viðhöfð. Við viljum ná þessari jafnræðisreglu með því að hafa frítekjumarkið 80 þús. kr. og tölum þá um jöfnuð. Að mínu mati hefði frítekjumarkið mátt vera hærra. Það hefði getað verið hærra án þess að sprengja þennan skala, án þess að sprengja þá upphæð sem ríkisstjórnin leggur til.

Þetta er ekki í fyrsta og eina skiptið sem við Pétur H. Blöndal erum ekki sammála og verðum það ekki. Þess vegna erum við í pólitík. Pétur H. Blöndal horfir frekar á einstaklinga og ákveðna hópa í staðinn fyrir að líta á jafnræðisregluna og taka þá sem heild og vinna að meiri jöfnuði, bæði innan þjóðfélagsins og innan einstakra hópa. Þetta verður því hvorki í (Forseti hringir.) fyrsta né síðasta skiptið sem við erum ósammála um leiðir.

[11:59]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég rita undir það nefndarálit sem kemur frá minni hluta heilbrigðisnefndar og fyrir því hefur verið mælt af hv. þm. Þuríði Backman. En til viðbótar því sem þar kemur fram langar mig að segja hér nokkur orð um þetta mál sem fulltrúi Framsóknarflokksins í heilbrigðisnefnd.

Ég get ekki stutt frumvarp hæstv. ríkisstjórnar sem gengur út á það að afnema öll áhrif atvinnutekna á greiðslur á tryggingabætur. Það er ósköp einfalt. Það kemur til af því að þetta frumvarp gengur ekki út á að jafna kjörin, það gengur ekki út á jöfnun. Það er ekkert gert fyrir hópinn 67–70 ára og það er ekkert gert fyrir öryrkja almennt. Mér finnst þetta mjög sérkennilegar áherslur, ekki síst með tilliti til þess að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir að leggja eigi áherslu á bættan hag aldraðra og öryrkja og það verði unnið að einföldun almannatryggingakerfisins. Það er nú aldeilis ekki verið að gera það með þessum tillögum og það er ekkert litið til öryrkja.

Miðað við þau orð sem hér hafa fallið af hálfu hv. þm. Péturs H. Blöndals finnst mér hann líta á það sem trúarbrögð að taka þann hóp sem er 70 ára og eldri út úr og að hann geti aflað sér tekna að vild án þess að það skerði bætur. Ég veit ekki hvað gerðist á landsfundi Sjálfstæðisflokksins sem haldinn var í vetur en það var eitthvað mikið sem

gerðist þar, kannski hefur það eitthvað með trúarbrögð að gera. Það getur vel verið. En niðurstaða þess fundar var sú að þessi leið skyldi farin og þess vegna stöndum við frammi fyrir því að vera að fjalla um þetta frumvarp á vorþinginu og það mátti greinilega ekki bíða. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að þetta er það sem Sjálfstæðisflokkurinn náði fram og að Samfylkingin náði því fram að fjallað yrði um það mál sem næst er á dagskrá og varðar börn og ungmenni. Það er eins og hlutirnir gerast í pólitíkinni og svo sem ekkert um það að segja nema að þessi skyndilega áhersla þingmanna Sjálfstæðisflokksins í þessum málaflokki kom mér nokkuð á óvart. Við höfum auðvitað starfað lengi með sjálfstæðismönnum í ríkisstjórn og þar hafa þessi mál að sjálfsögðu oft verið til umfjöllunar en takmarkaður árangur náðst að mínu mati til að bæta kjör aldraðra. Það gerðist þó í ríkisstjórn Halldórs Ásgrímssonar að skipuð var nefnd undir forustu Ásmundar Stefánssonar í janúar 2006. Ég les hér upp úr fréttatilkynningu, hæstv. forseti, um skipan þessarar nefndar:

„Forsætisráðherra hefur ákveðið að skipa nefnd með fulltrúum stjórnvalda og Landssambands eldri borgara. Verkefni nefndarinnar er tvíþætt: Annars vegar að fjalla um búsetu- og þjónustumál aldraðra með tilliti til fjölbreyttari búsetuforma, stoðþjónustu og samþættingar heimahjúkrunar og félagslegrar heimilisþjónustu. Hins vegar að skoða fyrirkomulag tekjutengingar bóta með hliðsjón af skerðingu bóta lífeyrisþega vegna tekjuöflunar þar sem jafnframt verði þó horft til tekjujöfnunarhlutverks tekjutengingar bóta."

Síðan starfaði þessi nefnd í allmarga mánuði og skilaði af sér 19. júlí 2006. Afraksturinn er sá sem hér kemur fram, með leyfi forseta, þ.e. meginatriði tillagnanna eru eftirfarandi:

„Hækkun lífeyrisgreiðslna almannatrygginga. Einföldun bótakerfisins með fækkun og sameiningu bótaflokka. Lækkun skerðingar bóta vegna tekna maka. Lækkun skerðingar bóta vegna annarra tekna bótaþega. Tekið verði upp frítekjumark vegna atvinnutekna ellilífeyrisþega. Hækkun vasapeninga. Starfslok verði sveigjanleg þannig að lífeyrisgreiðslur hækki við frestun á töku lífeyris. Heimaþjónusta verði stóraukin og áhersla færð frá stofnanaþjónustu. Fjármagn sem nú gengur til reksturs stofnana úr Framkvæmdasjóði aldraðra gangi til uppbyggingar öldrunarstofnana. Verulega aukið fjármagn til framkvæmda og reksturs til átaks vegna biðlista eftir hjúkrunarrýmum. Aukin áhersla verði lögð á fullnægjandi framboð þjónustu- og öryggisíbúða."

Undir þetta rituðu bæði fulltrúar ríkisstjórnar og Landssambands eldri borgara. Þarna er ekki talað neitt um að fara eigi í þá aðgerð sem hér er lögð til af hálfu ríkisstjórnarinnar, enda varð hún til á landsfundi Sjálfstæðisflokksins og samfylkingarmenn láta sér það líka þrátt fyrir að í tillögunum felist ekki jöfnuður.

Landssamband eldri borgara hefur komið á fund til okkar og við höfum fengið áherslur frá samtökunum sem eru dagsettar 7. júní 2007. Þar er tekið fram að samtökin styðji þetta frumvarp en leggi vissulega líka þunga áherslu á aðra þætti eins og þá að tekið sé á málefnum aldraðra frá 67 ára aldri. Að því leyti til er fundið að frumvarpinu sem varðar bara 70 ára og eldri. Síðan er líka lögð áhersla á að grunnlífeyrir verði hækkaður og hann verði ekki skertur vegna annarra tekna. Grunnlífeyrir er ekki hækkaður með þessum tillögum en auðvitað eigum við eftir að sjá fleiri tillögur frá hæstv. ríkisstjórn, reikna ég með, sem varða þennan mikilvæga málaflokk.

Hæstv. forseti. Þetta vildi ég segja í þessari umræðu. Miðað við það að við tókum upp fyrir nokkrum mánuðum síðan frítekjumark sem er 300 þús. kr. á ári þá er ekki skynsamleg tillaga að stökkva strax út í það að afnema alla tengingu atvinnutekna frá 70 ára aldri. Þess vegna munum við framsóknarmenn ekki styðja þetta frumvarp. Við höfum hins vegar lagt fram aðra leið, sem hér hefur verð gerð grein fyrir af hálfu hv. þm. Þuríðar Backman, þar sem verið er að hækka frítekjumarkið verulega. Það er sú leið sem við framsóknarmenn töluðum um fyrir kosningar og viljum gjarnan að sé farin. (**Gripið fram í:** Samfylkingin ...) Samfylkingin mun líka hafa talað fyrir því fyrir kosningar. En það er sem sagt einhver sálfræði sem felst í þessari tillögu og það verða aðrir að útskýra hana en ég.

[12:07]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir gerir margsinnis að umræðuefni ályktanir landsfundar Sjálfstæðisflokksins. Það er í sjálfu sér gott að þingmenn framsóknarmanna skuli vera vel að sér í þeim og nefna þær oft á nafn. En mig langar í framhaldi af ræðu hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur að benda á að lagt er til í stjórnarsáttmála Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, þar sem talað er um bættan hag aldraðra, að tekjutenging launatekna 70 ára og eldri við lífeyri almannatrygginga verði að fullu afnumin, og það er það sem frumvarpið gengur út á.

Hins vegar stendur klárt og kvitt í þessari stefnuskrá samhliða að stefnt verði að hækkun frítekjumarks vegna atvinnutekna fyrir 67–70 ára. Í þessari stefnuyfirlýsingu kemur þetta skýrt og klárt fram og þá ætti hv. minni hluti heilbrigðisnefndar að geta tekið undir það þegar þau skref verða væntanlega stigin þar sem þeir leggja það nú til að frítekjumarkið verði hækkað úr 300 þús. kr. í 960 þús. Það er því a.m.k. von um það þegar næstu skref verða tekin hvað þetta varðar að þá verði minni hluti heilbrigðisnefndar samþykkur því.

Ég sem þingmaður Sjálfstæðisflokksins styð að sjálfsögðu þetta frumvarp. Það er ívilnandi fyrir stóran hóp. Við erum að hvetja 70 ára og eldri til að taka ríkan þátt í atvinnulífi samfélagsins. Það er ekki bara hagur þeirra sem þar eiga hlut að máli heldur er það samfélagslegur hagur okkar allra að sem flestir séu virkir í atvinnulífinu. Fólk 67 ára til sjötugs er það að mestu leyti. Það eru sjálfsagt færri en fleiri sem taka lífeyri strax við 67 ára aldur (Forseti hringir.) þannig að þá þarf ekki að hvetja.

[12:10]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vitnaði í landsfund Sjálfstæðisflokksins vegna þess að mér er það mjög minnisstætt þegar ég fékk þessar fréttir af fundinum og hvað gera átti mikið fyrir aldraða, vegna þess að það var ekki sú reynsla sem ég hafði

af Sjálfstæðisflokknum í samstarfinu í ríkisstjórninni. En á þessum landsfundi var allt í einu allt hægt að gera.

Vegna þess að taka á skref síðar hvað varðar hópinn frá 67 til 70 ára, þá undrast ég það svolítið að þessi hópur skuli vera klofinn upp með tillöguflutningi núna og nefni að það kom fram á fundi í heilbrigðisnefnd frá aðilum vinnumarkaðarins að áhugavert væri að fresta þessu máli meðan það væri ekki fullunnið. Því er ekki hægt annað en undrast að það skulu koma fram tillaga núna á vorþinginu sem varðar bara þennan hóp.

Svo langar mig að spyrja hv. þingmann vegna þess að það er verið að tala um 600 manns sem eru orðin 70 ára en eru ekki inni í kerfinu í dag. Ef þetta fólk, við skulum segja helmingurinn, mundi stimpla sig inn í kerfið, 300 manns, og þar að auki ætti þessi 300 manna hópur rétt á grunnlífeyri fyrir síðustu ár, þá gæti hann tekið út grunnlífeyri fyrir tvö síðustu ár auk þess sem hann gæti fengið í hverjum einasta mánuði yfir hundrað þúsund kall. Hann var ekki í kerfinu áður en gæti þá fengið sem eingreiðslu hálfa milljón. Þarna geta hrokkið út fleiri tugir milljóna. Þess vegna er sú kostnaðaráætlun sem liggur fyrir með frumvarpinu eiginlega mjög ómarkviss og það veit enginn hvað þetta kemur til með að kosta.

[12:12]

Ragnheiður Ríkharðsdóttir (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er sérkennilegt að hlusta á hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur tala hér um að Sjálfstæðisflokkurinn hafi á síðasta kjörtímabili eða í ríkisstjórn almennt ekki viljað bæta hag aldraðra en það hafi ætíð verið vilji framsóknarmanna eða svo mátti skilja.

Ekki ætla ég í umræðu við hv. þingmann um það sem fyrrverandi ríkisstjórn eða fyrrverandi meiri hlutar hafa gert á þingi síðustu kjörtímabil. Það má margt gott um það segja og líka ýmislegt athugunarvert.

Hvað varðar fyrirspurn hv. þingmanns til mín um hvað það muni kosta eða hvað það muni þýða ef þeir sem ekki hafa tekið úr almannatryggingakerfinu núna en gætu komið inn vegna þessara breytinga. Ég svara því eins og þeim sem komu fyrir heilbrigðisnefnd: Við verðum einfaldlega að taka á því þegar þar að kemur. Hvorki ég né aðrir geta svarað því hvað það hefur í för með sér. Engu að síður er það frumvarp sem hér liggur fyrir hvetjandi fyrir 70 ára og eldri til að vera virkari í þátttöku á hinum almenna vinnumarkaði. Ég tel það skipta meginmáli og um það ríki, að því að ég tel, almenn samfélagsleg sátt að þeir sem eru 70 ára og eldri hafi skilað sínu til samfélagsins og eigi þar af leiðandi rétt á þessu. Ég vona að hér sé ekki verið að efna til ófriðar á milli þeirra sem eru 67 ára og 70 ára (Gripið fram í.) og við tökum sameiginlega á því að það er þjóðfélagsleg sátt um þetta.

[12:14]

Valgerður Sverrisdóttir (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef einhver er að efna til ófriðar þá er það ríkisstjórnin. Það er ekki stjórnarandstaðan því að hún leggur til tillögur í þessari umræðu sem koma jafnt við alla. Þá erum við líka að tala um öryrkja, ekki síst vegna þess að það virðist vera vilji ríkisstjórnarinnar samkvæmt stjórnarsáttmála að bæta hag öryrkja líka en þessar tillögur ganga eingöngu út á það að bæta kjör þeirra sem orðnir eru 70 ára og eldri. Við erum ósammála því að taka út þennan eina hóp.

[12:15]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Það hefur ýmislegt komið fram í þessari umræðu og ég ætla að leyfa mér að taka nokkurn tíma í að ræða þau mál. Til upplýsingar af því að spurt var áðan um þá 600 einstaklinga sem ekki sækja rétt sinn til Tryggingastofnunar og hvað þeir mundu taka út úr stofnuninni ef þeir færu allt í einu að sækja þær 1,3 milljónir á ári sem þeir geta fengið. Þetta er einföld margföldun, 780 milljónir, ekki rétt? 130 milljónir á hverja 100. Það hlýtur að vera eitthvað nálægt því sem þeir einstaklingar sem ekki hefur þótt taka því að leita eftir rétti sínum hjá Tryggingastofnun ríkisins gætu tekið út þegar þessi regla er komin á, ef þeir eru 600 en það kom fram áðan, held ég. Þannig er það.

Það er kannski akkúrat málið sem við erum að ræða, hvers vegna við tökum þá ákvörðun að fara þessa leið, að búa til það sem ég held að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hafi kallað hér áðan súperaldraða, þá sem eru 70 ára og eldri.

Ég held að það sé misráðið að fara svona af stað í þetta mál og sérstaklega að flýta sér við það núna á vorþinginu nema að baki liggi sá eindregni vilji sjálfstæðismanna að ná samningum við eldri borgara um að aldursmarkið í framtíðinni verði ekki 67 ár heldur eitthvað annað, t.d. að ná samningum við eldri borgara um að setja lög um það eftir tvö, þrjú ár að aldursmarkið verði fært upp í 69 ár en í staðinn fái allir frítekjumark á allar tekjur sem þeir afla á vinnumarkaði. Er það svo, er það hugsunin sem að baki liggur?

Af því að að baki mér situr hæstv. forseti sem vel þekkir til tryggingamála þá má auðvitað spyrja þeirrar spurningar sem hæstv. forseti getur væntanlega svarað síðar í dag þegar hún er farin úr forsetastóli hvort það hafi yfirleitt hvarflað að þeim sem best þekkja til tryggingamála innan Samfylkingarinnar að þetta væri hugsunin sem að baki lægi hjá sjálfstæðismönnum. Að í framtíðinni ætti að semja um hærri aldur, þar sem hv. þm. Pétur Blöndal nefndi áðan „hina frísku eldri borgara“, og færa aldursmarkið upp í kannski 68 ár eða 69 ár og þá verði sett í lög að allir eldri borgarar fái allar tekjur sem þeir afla á vinnumarkaði til sín án þess að þær valdi skerðingu á bótum frá Tryggingastofnun en að sjálfsögðu verði borgaður af þeim skattur eins og af öðrum tekjum.

Ég velti því fyrir mér, hæstv. forseti, hvort ekki sé verið að draga Samfylkinguna á asnaeyrum í þessu máli með því að fara svona með það af stað í flýti á vorþinginu. Vegna þess að ég held að í framtíðinni gætu legið í því nákvæmlega þær gildrur sem leiða mátti hugann að undir ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals um hina frísku eldri borgara milli 67 og 70 ára, að það væri ekkert lögmál að þeir væru eldri borgarar í þeim skilningi að þeir ættu endilega rétt á bótum vegna þess hve þeir væru friskir. Ég varpa þeirri spurningu inn í þingsalinn, hæstv. forseti, hvort það sé svo að á bak við tjöldin hafi einhvers staðar verið talað um það í þröngri klíku innan Sjálfstæðisflokksins að rétt væri að fara að horfa til þess að hækka ellilífeyrisaldurinn, ná honum upp í

68 eða 69 ár og semja þá um að fara niður úr 70 árum, sem menn eru að flýta sér að setja núna, gegn því að allar tekjur mundu ekki valda neinni skerðingu á bótum hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Þar að auki er útfærslan á tillögu ríkisstjórnarinnar meingölluð að mínu viti. Hún er þannig upp byggð að það er nákvæmlega sama hvaða tekjur einstaklingurinn hefur eftir sjötugt, hann á alltaf rétt á greiðslu frá Tryggingastofnun. Þannig er það ekki í dag. Einstaklingur með meiri atvinnutekjur en 3,1 milljón, ef ég man rétt, á ekki einu sinni rétt á grunnlífeyri því að hann skerðist frá rúmum 2 milljónum og upp í rúmar 3 milljónir eftir 30% reglunni.

Við höfum, að ég tel, verið sammála um það á hv. Alþingi á undanförnum árum að við vildum tryggja sérstaklega hag þeirra sem lakar væru settir, ættu lítinn lífeyrisrétt í lífeyrissjóði sínum, hefðu ekki krafta til að afla sér mikilla tekna á vinnumarkaði. Við vildum mæta því að hin bratta skerðing, sem hv. þm. Pétur H. Blöndal talaði um, umfram 80 þúsund, sem minni hlutinn leggur til, væri ekki eins óréttlát. Í dag er hún svo óréttlát að hún kemur á fyrsta þúsundkallinn.

Þegar núverandi ríkisstjórn setur í stjórnarsáttmála vilyrði um að allir fái úr lífeyrissjóði sínum a.m.k. 25 þús. kr. á mánuði, hvað er þá verið að leggja til? Það er ekki nóg að tala um meðaltöl, hv. þm. Pétur H. Blöndal, upp á 80 þúsund kr. úr lífeyrissjóðum. Ég vænti þess að hæstv. forseti átti sig á því, enda oft tekið dæmi um það í þessum ræðustól, að menn lifa ekki á meðaltölum. Menn lifa á því sem þeir hafa í buddunni í rauntekjum. Ég hélt að hv. þm. Pétri H. Blöndal væri það algjörlega ljóst að það væru rauntekjurnar eftir skerðingar og skatta sem skiptu máli en ekki ímyndað meðaltal. Því miður er það svo að 25% lífeyrisþega á Íslandi hafa minna en 21 þús. kr. á mánuði úr lífeyrissjóði sínum samkvæmt skýrslu sem unnin var af Samtökum atvinnulífsins fyrir tveimur árum. Vafalaust er þessi tala eitthvað hærri í dag því að lífeyristekjur og lífeyrisréttur landsmanna í lífeyrissjóðum er smátt og smátt að aukast.

Þá var líka upplýst í sömu skýrslu að önnur 25% lífeyrisþega hefðu 75 þús. kr. eða meira sér til afkomu. Ég hygg að þessi skýrsla sé um tveggja ára gömul í dag. En meginmálið er auðvitað að menn lifa ekki á meðaltölum. Fólk lifir á því sem það hefur handa á milli eftir að það er búið að fara í gegnum skeðingarreglur og skatta, þ.e. það fólk sem við erum að tala um, eldri borgarar og öryrkjar.

Tillaga ríkisstjórnarinnar byggir ekki á því. Hún byggir á því að það sé sama hvaða tekjur fólk hafi það muni samt sem áður fá fullar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins. Ef við tökum dæmi af þeim ágæta dreng sem hér situr í þingsal, hv. þm. Ellerti B. Schram, sem verður sjötugur eftir tvö ár. Ef að líkum lætur verður árskaup okkar þingmanna u.þ.b. 8–9 milljónir eftir tvö ár að því gefnu að við förum í sömu rúllettuna, í gegnum launanefnd, og sett var af stað með kauphækkun seðlabankastjóra. Ég hygg að svo verði, jafnvel 10 milljónir.

Hæstv. forseti. Þegar svo er komið að hv. þingmaður verður 70 ára, sem ég vissulega vonast til að hann verði og hann verði jafnsprækur og hann er í dag og ég óska honum alls hins besta — þetta er ekki sagt í neinni niðrandi merkingu fyrir hann, þetta er einfaldlega dæmi til að sýna fram á að það sem við erum að gera, hæstv. forseti — þegar hv. þm. Ellert B. Schram verður 70 ára mun hann líka eiga rétt á að fá væntanlega 1,5 milljónir frá Tryggingastofnun þó að hann hafi hér fullar atvinnutekjur upp á 9–10 milljónir ef þetta verður sett í lög sem hér er verið að leggja til.

Ég held að menn ættu að staldra við þetta. Ég hef aldrei skilið það svo að jafnaðarmannaflokkur Íslands, Samfylkingin, færi í vegferð sem bæri þetta í sér. Ég hef alltaf skilið það svo að jafnaðarmannaflokkur Íslands, Samfylkingin, vildi auka jöfnuð í þjóðfélaginu. Það er þess vegna sem ég vara við því að fara þá leið sem ríkisstjórnin er að leggja til vegna þess að ég held að ekki verði aftur snúið þegar menn eru búnir að gera þetta einu sinni. Þegar búið er að setja 70 ára regluna inn held ég að ekki verði aftur snúið af því að við setjum hana ekki inn með neinu tekjuhámarki. Þetta er algjörlega opinn víxill að þessu leyti.

Hingað til hefur öll vinna okkar varðandi Tryggingastofnun, lífeyrissjóðina og réttindi fólks hér á landi byggst á því að reyna að tryggja þeim afkomu sem lakast eru settir. Ég hef skilið það svo að flestir stjórnmálaflokkar væru sammála því. Nú kemur þessi samþykkt frá landsfundi Sjálfstæðisflokksins um 70 árin og það á að keyra hana inn í lög núna á vorþinginu. Ég held því miður að við séum að stíga skref sem að athuguðu máli sé ekki það sem við höfum horft á til þess að bæta jöfnuð í landinu. Ekki það að eldri borgarar yfir sjötugt séu ekki alls góðs maklegir, en ég held að betra væri, hæstv. forseti, að setja frítekjumark, 70, 80, 100 þúsund á mánuði, sem allir nytu eftir 67 ára aldur en fara af stað með það sem hér er lagt upp með, þ.e. 70 árin. Ég óttast að á bak við þetta búi það sem ég sagði í upphafi máls míns að á þessu kjörtímabili muni, ef Sjálfstæðisflokkurinn fær að ráða þessari ferð sem ég harma mjög að Samfylkingin skuli taka þátt í, verða farið að semja um það við eldri borgara að aldursmörkin verði ekki 67 ár heldur 68 eða 69 og á móti komi sú ívilnun að allar tekjur sem eldri borgarar yfir þeim aldri þéna valdi ekki skerðingu á bótum frá Tryggingastofnun ríkisins.

Þetta finnst mér mikið umhugsunarefni, hæstv. forseti, og það var þess vegna sem ég sagði í ræðu þegar þetta mál var kynnt hér í þinginu eftir framsögu hv. þm. Péturs H. Blöndals að þetta mál vekti margar spurningar varðandi þá útfærslu sem hér er verið að leggja til. Þetta var orðrétt tilvitnun úr ræðu minni, hæstv. forseti. Ég held að hér eigi menn virkilega að staldra við.

Hæstv. forseti. Ég tel að þetta sé ákaflega alvarlegt mál og skref sem þurfi að ígrunda mjög vel. Ég spyr, hæstv. forseti, hv. þingmann, framsögumann meiri hlutans, Pétur Blöndal að því hvort það hafi verið rætt einhvers staðar í sölum Sjálfstæðisflokksins að hækka eftirlaunaaldurinn úr 67 árum í 68, 69 eða jafnvel 70 ár. Ég spyr vegna þess að ég get ímyndað mér að hér væru klókir samningamenn að búa sér til samningsstöðu með því að hækka aldursmörkin.

Ég hef allan fyrirvara á þessu máli, hæstv. forseti. Ég ákvað, að athuguðu máli, að styðja aðra útfærslu og leggja þar með til að tillaga ríkisstjórnarinnar næði ekki fram að ganga. Ég vænti þess, hæstv. forseti, að það sem ég sagði áðan, og tók dæmi af hv. þm. Ellerti B. Schram, leiði fólki það fyrir sjónir að að minnsta kosti verði þeirrar spurningar spurt hvort eðlilegt sé, þegar hv. þingmaður verður 70 ára,

með 8–10 millj. kr. í árslaun miðað við forsendur sem ég nefndi varðandi seðlabankastjóra, að hann eigi jafnframt rétt á 1,5 millj. kr. frá Tryggingastofnun, að teknu tilliti til þess að bætur munu að sjálfsögðu hækka á tveimur árum. Þær væru sennilega um 1,3 millj. kr. í dag. Þetta er hin nýja staða í málinu.

Ég get ekki ætlað Samfylkingunni svo illt að trúa því að þingmenn hennar vinni markvisst að einhverri leynistefnu, á bak við tjöldin, með það fyrir augum sem ég var að ýja að um áform Sjálfstæðisflokksins. Ég trúi því ekki, hæstv. forseti. Ég tel hins vegar að samfylkingarfólk sé haft, hvað segir maður, að hálfgerðum fíflum — hæstv. forseti, fyrirgefðu orðalagið en það er stundum talað um að menn séu hafðir að fíflum — ef leiða á þetta í lög. Ég beini þessu sérstaklega til þingmanna Samfylkingarinnar í þessum sal, að hugleiða það sem ég spyr um. Ég bið þá að hugleiða það sem ég er að segja. Er það svo að við séum komin út úr því að vilja byggja á jöfnuði og réttlæti að því er varðar útfærslu á lífeyrisréttindum og tryggingum eldri borgara og öryrkja?

Ég vék áðan, hæstv. forseti, að tillögu Sjálfstæðisflokksins um að greiða ákveðna krónutölu inn í lífeyrissjóði til að koma 25 þús. kr. bráttógreiðslu til lífeyrisþega. Ég hef áður minnst á það mál á Alþingi. Ég tók þá dæmi af einstaklingi sem ef til vill ætti aðeins 15 þús. lífeyrisrétt úr lífeyrissjóði og fengi viðbót upp á 10 þús. kr. frá ríkinu inn í lífeyrissjóðinn. Hverju héldi hann þá eftir að þessum 10 þús. kr. í viðbót? Jú, hann héldi eftir 3.800 kr. miðað við núverandi skerðingarreglur, upp á tæp 40% hjá almannatryggingum og hins vegar tekjuskattsprósentu og útsvari af samanlögðum tekjum úr lífeyrissjóði. Það sem á að bæta verulega hag þessara lífeyrisþega brýtur enn á þessari hörðu skerðingarreglu. En þó hefur verið gefin yfirlýsing um að lækka á kjörtímabilinu skerðingarhlutfallið a.m.k. í 35%, samkvæmt stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar ef ég man rétt.

Að mínu viti þarf að skoða sérstaklega þær reglur sem snúa að tekjum fólks úr lífeyrissjóði og skerðingarreglur sem þar eru við lýði. Það er jú alltaf nokkuð af fólki sem tekur út lífeyri sinn, jafnvel strax eftir 60 ára aldur og fær skertan lífeyri úr flestum lífeyrissjóðum, þótt það sæti þessari hörðu skerðingarreglu, vegna þess að það er ekki í stakk búið til að vera á vinnumarkaði af einhverjum orsökum. Þá fær það fulla skerðingu.

Við í minni hlutanum höfum bent á að eitt af nauðsynlegustu skrefunum í framtíðinni sé að skoða frítekjumarkið gagnvart lífeyristekjum þannig að lífeyrir fólks, jafnvel með lágar lífeyristekjur, með 25 þús. kr. út úr lífeyrissjóði, skerði ekki aðrar bætur. Ef menn meina eitthvað með því að það eigi að hafa rauntekjuhækkunargildi hjá lífeyrisþegum að allir fái 25 þús. kr. út úr lífeyrissjóði sínum þá mundu menn setja frítekjumark upp á 25 þús. Þannig hefði greiðslan úr lífeyrissjóðnum engin skerðingaráhrif. (**PHB:** Það kemur öllum til góða.) Það kæmi öllum til góða sem eiga lífeyrisréttindi. Því miður, hv. þm. Pétur Blöndal, þá eru ekki allir í íslensku þjóðfélagi sem eiga lífeyrisréttindi, eins og þú væntanlega veist, sem hefur öryggið að sérstöku áhugamáli.

Þetta er ekkert gamanmál, hæstv. forseti, sem við erum að ræða hér. Þetta er grafalvarlegt mál, hvernig farið er af stað í þetta. Ég skora á stjórnarliða, sérstaklega þingmenn Samfylkingarinnar, að skoða þetta mál ofan í kjölinn áður en það verður keyrt fram með 43 þingmanna meiri hluta sem lög frá Alþingi á þessu vorþingi, að illa grunduðu máli að mínu viti. Með þessu er ekki leitað þess réttlætis sem ég taldi að flestir leituðu að varðandi tryggingakerfið, að draga úr skerðingarreglu þeirra sem lægstar hafa tekjurnar og lakasta afkomumöguleikana. Það var a.m.k. sameiginleg niðurstaða okkar í haust, stjórnarandstöðuflokkanna, þegar við lögðum fram sameiginlega stefnumótun varðandi lífeyrismál og eldri borgara að það ætti sérstaklega að líta til þess að hífa upp rauntekjur þess fólks sem lakast er sett. Við bentum á margar aðferðir í sameiginlegri tillögu okkar Vinstri grænna, Samfylkingarinnar og Frjálslynda flokksins, um hvernig það mætti gerast. Ég hef alltaf verið stoltur af þeirri vinnu.

Ég hef margsagt það í þessum ræðustól að mér hefði fundist áhugavert að taka þátt í þeirri vinnu að móta þær tillögur vegna þess að þar værum við að leita þess réttlætis að allir sem búa í okkar samfélagi kæmust af af lágmarkstekjunum, lágmarksrauntekjum. Það hefur ekkert gildi að tala um bráttótekjur fólks þegar skerðingarreglurnar í Tryggingastofnun eru eins og þær eru og skattleysismörkin eru ekki hærri en þau eru, þau eru þó komin í 90 þús. en voru 79 þús.

Hvað þarf fólk sér til framfærslu í rauntekjum? Hvað þarf fólk í þessu landi til að geta lifað, við hliðina á okkur hinum sem höfum það betra, mannsæmandi lífi? Ég meina það, eins og ég stend hér. Ég hef oft sagt að ef við þurfum að hækka skatta á okkur hinum með hærri tekjurnar til að aðrir geti komist af sem minna hafa, við hliðina á okkur í þjóðfélagi okkar, þá er ég tilbúinn til þess. Ég hef margsagt það. Ég tel að forgangurinn eigi að vera sá að allir geti komist af á þeim lágmarksrétti sem þeim er tryggður. Svo getum við rifist um framhaldið, þegar við erum sameiginlega búið að ná því að allir komist af á lágmarkstekjum. Rauntekjum. Það held ég að sé markmiðið, hæstv. forseti.

Ég tel að það geti ekki ríkt sátt um það sem hér er verið að gera. Ég sé ekki fyrir mér að þeir einstaklingar í okkar þjóðfélagi sem hafa miklar tekjur, þótt þeir séu orðnir 70 ára, eigi þann rétt að taka fullar bætur út úr Tryggingastofnun á sama tíma og við tryggjum ekki rétt og afkomu þeirra sem ekki hafa nægar tekjur sér til framfærslu og þurfa því að fara um göturnar og safna flöskum til að selja, til þess að hafa tekjur. Það er gott starf að hreinsa borgina og önnur bæjarfélög úti á landi, það er ágætt starf. Það er ekkert niðrandi fyrir eldri borgara að taka þátt í því. En margir eldri borgarar og öryrkjar leita á náðir sveitarfélaga til að fá styrk frá Félagsmálastofnun vegna þess að þeir hafa ekki nægjanlegt sér til framfærslu.

Ég lít svo á, hæstv. forseti, að hér sé stigið skref sem erfitt getur verið að snúa frá, verði þá nokkurn tímann snúið frá því. Í annan stað setjum við ekki þá sem lakast eru settir í forgang. Við erum að setja reglu sem gengur algjörlega upp úr og menn fá eins miklar tekjur og þeir hafa í atvinnutekjur plús þessa viðbót frá Tryggingastofnun.

Við settum svona lög fyrir stuttu síðan á Alþingi að því er varðar fæðingarorlofið. Við breyttum því. Við settum þak á það af því okkur fannst óskynsamlegt að menn gætu

fengið tekjuviðmiðun út á hvaða tekjur sem væru í fæðingarorlofi. Það held ég að hafi að megninu verið skoðun þeirra sem setið hafa á Alþingi í gegnum árin, að reyna að bæta hag þeirra sem lakar eru settir. En jafnframt smátt og smátt að auka réttindi fólks í þjóðfélaginu.

En við skulum ekki gera það þannig, hæstv. forseti, að þeir sem hafa það mjög gott verði sérstakir njótendur bóta frá Tryggingastofnun ríkisins, þurfi þeir ekki á því að halda. Hér var nefnt dæmi um 600 einstaklinga sem hefðu meira að segja ekki sótt þær bætur til Tryggingastofnunar sem þeir ef til vill eiga rétt á en mundu kannski gera það núna. Ég nefndi að það gætu verið 700–800 millj. kr. ef allir færu að sækja rétt sinn, eftir að þetta hefur verið sett í lög. Það fer auðvitað eftir því hvernig einstaklingarnir vinna úr lögunum.

Til er ein meginregla. Hún er sú að fyrst kemur tími löggjafans að setja lög og svo kemur tími fólksins að fara eftir þeim. Fólkið hefur jafnan meira hugmyndaflug en alþingismenn til að vinna úr lögum með einhverjum hætti, löglegum eða ólöglegum. Jafnvel löglegum á pappírum þótt allir viti að það sé tilfærsla. En ég ætla ekki að gefa mér það fyrir fram að eldri borgarar muni allir misnota þær reglur sem hér eru til umræðu. En reglur eru þannig að það er fólkið sem fer eftir þeim og vinnur úr þeim. Hversu vel sem lögspekingar fara yfir lagafrumvörp þá hefur iðulega komið upp önnur aðferð til að nota lögin. Við skulum því vanda okkur vel við þessa lagasetningu við að móta nýjan ramma og nýja framtíðarsýn.

Það er ekki víst að við komumst til baka ef við setjum þessi lög, jafnopin og til stendur að hafa þau, hæstv. forseti. Þess vegna finnst mér finnst þetta mjög alvarlegt. Það þarf virkilega að gaumgæfa þetta mál. Ég veit vel, hæstv. forseti, að það er til fólk í Samfylkingunni sem kann á þessi lög, m.a. hæstv. forseti sem situr hér að baki mér og kann þessar reglur. Ég skora á þingmenn Samfylkingarinnar að láta ekki teyma sig út í það sem hér á að gera.

[12:46]

Ellert B. Schram (Sf):

Hæstv. forseti. Ég hef hlýtt á þessar umræður af athygli og áhuga. Á þessu stigi málsins hafa mér fundist athugasemdir, ábendingar og skoðanir allra sem hér hafa tekið til máls mjög jákvæðar að því leyti að allir taka undir nauðsyn þess að bæta kjör eldri borgara. Það er kannski kjarni málsins, að viðleitni og jákvæður hugur hv. Alþingis er fyrir hendi til að gera stórt og gott átak í þessum málaflokki. Ég vona að ég sé ekki vanhæfur til að taka þátt í þessari umræðu þótt mín hafi verið getið að gefnu tilefni, vegna aldurs míns. En ég er hvorki fórnarlamb né blóraböggull í þessu máli.

Ég vil að gefnu tilefni taka fram að ef mér endist aldur til að sitja við góð kjör á Alþingi næstu fjögur árin og nái þessum umræddu aldri á sama tíma þá muni ég ekki sækjast eftir þessum bótum úr kerfinu enda þarf ég ekki á því að halda frekar en nú. Þegar ég þigg þingfararkaup sem kjörinn alþingismaður hef ég afsalað mér lögbundnum greiðslum úr lífeyrissjóði alþingismanna. Ég vona að fleiri hugsi á þann veg þegar þar að kemur.

Ég kvaddi mér hljóðs við 1. umr. þessa máls og gerði grein fyrir skoðunum mínum og afstöðu til frumvarpsins. Ég held að ég hafi talað af hálfu þingflokks Samfylkingarinnar þegar ég tók fram að við litum svo á að það frumvarp sem hér er til umræðu væri fyrsta skrefið sem tekið er í þessum málaflokki fyrir atbeina hæstv. ríkisstjórnar. Ég vísa þar til stjórnarsáttmálans sem leggur mikla áherslu á að þetta mál hafi forgang og að samspil skatta, bóta og lífeyrisgreiðslna verði tekið til athugunar með það fyrir augum að einfalda kerfið, gera það skiljanlegra og hagnýtara í þágu þeirra sem kerfisins njóta.

Að því leyti lýsum við að sjálfsögðu yfir fullum stuðningi við málið. Það er svo gott svo langt sem það nær vegna þess að það felur einfaldlega í sér að komið er til móts við fólk sem er 70 ára og eldra og að það geti farið út á vinnumarkaðinn og aflað sér atvinnutekna án þess að það hafi í för með sér skerðingar.

Þetta er enn fremur áréttað í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem Samfylkingin stendur að ásamt Sjálfstæðisflokknum. Við fulltrúar Samfylkingarinnar á Alþingi munum að sjálfsögðu standa við þennan stjórnarsáttmála, greiða atkvæði með þeim málum sem þar eru tíunduð og tekið fram að nái fram að ganga í krafti þessa samstarfs. Um þetta hefur verið samið og stuðningur okkar byggist á þeirri forsendu. Við hvikum ekki frá honum. Við getum auðvitað haft alls kyns skoðanir á útfærslum og framkvæmd þessa máls en málið er angi af þeirri viðleitni að bæta hag og kjör eldri borgara. Þá viðleitni styðjum við.

Ég held að tillaga stjórnarandstöðunnar, svo ágæt sem hún annars kann að vera, sé annars eðlis og feli í sér að frumvarpið sem hér er flutt af hálfu ríkisstjórnarinnar verði strikað út af borðinu. En það getum við ekki samþykkt. Það þýðir um leið að væntanlega verðum við að greiða atkvæði á móti tillögu stjórnarandstöðunnar. Þar með er ekki sagt að við séum efnislega á móti því að það mál sé skoðað. Það þarf þó að gera í tengslum við bótareglurnar, skatta, tekjutengingu o.s.frv. Frítekjumarkið getum við ekki afgreitt eitt og sjálfstætt. Ég held hins vegar að það sé verkefni sumarsins, haustsins og Alþingis á komandi missirum, að einfalda kerfið og finna réttu leiðirnar til að það beri virkilegan árangur. Ég held að allar áhugaverðar ábendingar og sjónarmið sem hér eru flutt, hvort heldur frá fulltrúum stjórnar eða stjórnarandstöðu, hafi sitt að segja og séu jákvætt innlegg í umræðuna.

Síðasti ræðumaður spurði hvort áform væru um hækkun á aldri ellilífeyrisþega. Ég get aðeins svarað fyrir mig og sagt með fullri vissu að slík áform hef ég ekki heyrt nefnd og hvergi heyrt umræðu um það, þ.e. ekki um neinar breytingar á þeim aldursmörkum sem nú gilda.

Samfylkingin styður jöfnuð og réttlæti í þessu kerfi, hún vill eldri borgurum vel, vill bæta kjör þeirra og ég undirstrika og árétta það sem ég sagði í upphafi. Mér finnst andrúmsloftið meðal þingmanna úr öllum flokkum á svipuðum nótum. Þess vegna ætti það að létta vinnuna og baráttu okkar. Það ætti að létta okkur að grípa til aðgerða til að taka á þessum málum, einfalda kerfið og gera það skilvirkara og koma til móts við eldri borgara sem á því þurfa að halda.

Ég held, frú forseti, að ég láti þetta innlegg duga af minni hálfu og væntanlega mun það að einhverju leyti skýra afstöðu Samfylkingarinnar til þessa máls. Við vænt-

um góðs af vinnu að þessum málum á komandi mánuðum og næsta vetri.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:54]

Umræður utan dagskrár.

Áhrif framsals aflaheimilda í sjávarbyggðum landsins.

[13:31]

Forseti (Þuríður Backman):

Nú hefst áður boðuð utandagskrárumræða um áhrif framsals aflaheimilda í sjávarbyggðum landsins. Málshefjandi er hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Hæstv. sjávarútvegsráðherra Einar K. Guðfinnsson verður til andsvara. Umræðan fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og stendur í hálfa klukkustund.

[13:31]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til að taka til umfjöllunar áhrif framsalsins í sjávarútvegi á sjávarbyggðir landsins. Ekkert lát er á áhrifum framsals aflaheimilda í sjávarútvegi á atvinnu og kjör fólks í sjávarbyggðum landsins, bæði þeirra sem starfa í sjávarútvegi og annarra sem þar stunda aðra atvinnu.

Samþjöppun aflaheimildanna fækkar fyrirtækjum og víðast hvar er aðeins eitt fyrirtæki og einn atvinnurekandi í byggðarlaginu sem ræður yfir aflaheimildunum og störfunum. Það þarf ekki að fara mörgum orðum um slíkt ástand, það er ekki æskilegt hvernig sem á það er litið.

Framsalið hefur á skömmum tíma leitt til þess að atvinnugreinin hefur verið skuldsett gífurlega. Heildarskuldirnar hafa nær þrefaldast og hækkað um 150–200 milljarða kr. Tiltölulega fáir einstaklingar hafa fengið stærstan hluta af þessum fjárhæðum í eigin vasa án skuldbindinga við nokkurn nema sjálfa sig. Eftir standa skuldirnar sem á eftir að greiða og það eru fyrst og fremst þeir sem starfa í greininni sem munu borga þær á næstu áratugum með lægri launum en ella væri. Laun í fiskvinnslu hafa engan veginn haldið í við launaþróun almennt síðustu árin og svipuð þróun er í gangi í sjávarútvegi. Bæði leynt og ljóst er vegið að hlutaskiptakerfinu sem hefur lengi verið grundvöllurinn að kjörum sjómanna.

Áður fyrr var það svo að hjón gátu haft góðar árstekjur í laun með vinnu í fiskvinnslu og á sjó en það er liðin tíð. Meðaltekjur, einkum þar sem byggt er á botnfisksveiðum, hafa lækkað í samanburði við önnur störf. Á Vestfjörðum voru meðaltekjur þær hæstu á landinu en eru nú um 18% lægri en á höfuðborgarsvæðinu þar sem þær eru hæstar, og í fiskveiðum sérstaklega eru meðalatvinnutekjur á Vestfjörðum þær lægstu á landinu. Augljóst samband er á milli hækkandi verðlags á aflaheimildum og skuldsetningar fyrirtækja og jafnaugljóst er sambandið milli vaxandi skuldsetningar fyrirtækjanna og lækkandi launakostnaðar. Framsalið grefur undan atvinnuöryggi fólks í sjávarbyggðunum eins og skýrast má sjá gerast á Flateyri þessa dagana og í Vestmannaeyjum. Handhafar aflaheimilda hafa algerlega frjálsar hendur um sölu þeirra og þegar verðið er nógu hátt hætta handhafarnir að vera heimamenn og verða eigendur kvótans og taka út eign sína. Ætla má þótt ekki sé það víst að á Flateyri fái seljendur aflaheimilda allt að 2 milljörðum kr. í eigin vasa og í Vestmannaeyjum verða milljarðarnir mörgum sinnum tveir þegar salan brestur á. Það er enginn annars bróðir í þessum hildarleik.

Heimamenn sitja eftir með skaðann óbættan og sárt enn- ið á meðan stjórnmálamennirnir hafa ekki kjark og þor til að gæta almannahagsmuna og láta stjórnast af sérhagsmunum fáeinna vildarvina. Núverandi ástand grefur undan atvinnuöryggi og leiðir til lægri launa. Þróunin er því nokkuð fyrirsjáanleg. Fólki fækkar mjög hratt í sjávarbyggðunum. Að óbreyttum reglum um framsalið verður innan fárra ára staðan orðin svo alvarleg í mörgum sjávarbyggðum að vandséð er hvort hægt verður að snúa þróuninni við. Það er því nú eða ekki. Það verður að ráðast í almennar breytingar á kerfinu og ráðamenn eiga að hætta að blekkja fólk með úrræðum eins og byggðakvótum.

Setja verður löggjöf um sölu og leigu veiðiheimilda. Svo einkennilegt sem það er eru engin lagaákvæði til um þessi miklu verðmæti sem eiga að vera í eigu þjóðarinnar. Skilgreina þarf þessi réttindi í eigu hins opinbera sem á að ráðstafa tímabundið með leigu gegn gjaldi. Andvirði leigugjaldsins verði notað til að styrkja og breikka atvinnugrundvöll byggðarlaganna. Þegar verði verulegur hluti veiðiheimildanna leigður með skilyrðum um útgerð og vinnslu frá einstökum byggðarlögum og atvinnuöryggið aukið þannig. Það eiga allir að geta séð eftir nýjustu atburði, bæði sjávarútvegsráðherra og aðrir, að ekki er hægt að búa við núverandi ástand lengur.

Ég skora á ráðherrann og ríkisstjórnina að snúa sér að því að fara að hugsa um fólkið sem býr í þessum (Forseti hringir.) byggðarlögum.

[13:36]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. þingmanni fyrir að hefja þessa umræðu sem er auðvitað nauðsynleg, og sjálfsagt að við reynum að taka hana og komast að því hvernig hægt er að skipa þessum málum svo best verði á kosið. Sjávarútvegur okkar er grundvallaratvinnugrein og við höfum reynt að skipuleggja hann þannig að hann geti verið, eins og hefur verið, burðarás fyrir góð lífskjör í landinu. Við megum aldrei missa sjónar á því að sjávarútvegurinn okkar verður að hafa tækifæri til að keppa, ekki bara á alþjóðlegum vettvangi heldur líka innan lands.

Núna hafa verið að koma fram nýjar atvinnugreinar sem hafa keppt við sjávarútveginn um fólk og fjármagn og auðvitað verður sjávarútvegurinn að hafa tækifæri til þess að geta svarað þeirri samkeppni með því skipulagi sem við búum honum. Og það er athyglisvert að í þeim löndum sem við berum okkur saman við, t.d. nágrannalönd okkar sem byggja á sjávarútvegi sem höfuðatvinnugrein eða líta þannig á að sjávarútvegurinn sé alvöruatvinnugrein en ekki bara einhver stuðningsatvinnugrein, eins og hann er sums staðar, byggja menn á einstaklingsbundnum veiðirétti. Stundum kalla menn það kvóta, stundum dagakerfi. Það

breytir í sjálfu sér ekki neinu. Í báðum tilvikum er um að ræða einstaklingsbundinn rétt sem hefur m.a. í sér fólginn möguleika á framsali. Á framsalinu er sú jákvæða hlið að það leiðir til þess að hægt er að draga úr tilkostnaði, minnka sóknartengdan kostnað, og það er það sem við höfum síðan gert. Þeir sem hafa talað fyrir annars konar einstaklingsbundnum rétti, þ.e. dagarétti, færeyska kerfinu, hafa eins og t.d. flokkur hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar lagt það til til viðbótar við þetta sérstök byggðaleg úrræði, byggðakvóta. Hv. þingmaður hefur t.d. verið talsmaður þess að auka byggðakvótann og þess vegna kom mér nokkuð á óvart þegar hann talaði um að byggðakvóti væri blekking. Byggðakvóti er ekki blekking, byggðakvóti er tæki til að bregðast við því sem eru neikvæðar afleiðingar af framsalinu sem við sannarlega þekkjum. Ég vek athygli á því að við höfum reynt að byggja inn í fiskveiðistjórnarkerfi okkar mjög umtalsverða þætti sem hafa einmitt það markmið að reyna að draga úr hinum neikvæðu áhrifum á því sem við sjáum varðandi framsalskerfið. Við erum með margs konar takmarkanir á framsali aflaheimilda. Sumar þessar takmarkanir hafa virkað, aðrar ekki. Ég hef t.d. vakið athygli á því að 50% veiðiskyldan virkar ekki sem skyldi og þess vegna hef ég lýst því yfir, og ítreka það núna, að ég tel að við þurfum að endurskoða þann þátt málsins. Við þurfum að gera hann þannig úr garði að annaðhvort höfum við þessa reglu um 50% veiðiskyldu þannig að hún virki alveg eins og Alþingi ákvað á sínum tíma — Alþingi ákvað að auka þessa veiðiskyldu á sínum tíma og þá er það auðvitað okkar verkefni að gera þau lög þannig úr garði að þau nái tilgangi sínum. Tilgangurinn var alveg augljós, hann var sá að þeir sem fengju aflaheimildirnar mundu nýta þær að mestu leyti þótt við hefðum þetta svigrúm síðan til framsalsins.

Við erum með kröfu um það hvað einstök skip geta þá fiskað. Við höfum líka tekið frá sérstakar aflaheimildir til smábáta og við höfum gert það þannig að við settum á framsalstakmarkanir þannig að þeir sem eru með aflaheimildir í minna kerfinu geta leigt til sín aflaheimildir frá stærra kerfinu en þeir sem eru í því stærra geta ekki tekið aflaheimildir frá hinum minni. Þannig erum við líka búin að byggja inn framsalstakmarkanir. Og af hverju gerðum við það? Vegna þess að við sáum að þessir bátar stóðu undir atvinnulífinu í þessum veikustu byggðarlögum. Þess vegna bjuggum við til framsalstakmarkanir fyrir þessa minni báta. Við höfum síðan búið til alls konar önnur úrræði til að bregðast við þegar verður vá í byggðunum, hvort sem það er vegna þess að verið er að selja burtu aflaheimildir eða vegna þess að við höfum upplifað bresti í t.d. rækju- eða innfjarðarveiðum öðrum. Þá höfum við sett þetta upp. Þess vegna finnst mér mjög ósanngjarnt þegar talað er um að við horfum ekki með nokkrum hætti til hinna beinu hagsmuna byggðanna. Það höfum við sannarlega verið að gera.

Ég hef líka lýst því yfir að ég telji að við þurfum að fara betur yfir það hvernig við getum styrkt forkaupsréttinn þannig að í byggðunum gefist mönnum a.m.k. ráðrúm til að bregðast við þegar upp kemur sú staða sem við höfum séð koma stundum upp á undanförnum árum. Það er örugglega ekki einfalt mál að gera það en það er hins vegar óhjákvæmilegt.

Ef við skoðum síðan tilfærslurnar sem orðið hafa í aflamarkskerfinu er athyglisvert að þær hafa auðvitað verið umtalsverðar. Þær hafa a.m.k. verið talsverðar getum við örugglega sagt. Þær hafa einkanlega átt sér stað milli byggðarlaga á landsbyggðinni. Og af hverju er það? Jú, það er vegna þess að veiðiréttinn í sjávarútveginum er fyrst og fremst bundinn við byggðirnar og þess vegna hafa tilfærslurnar ekki verið frá landsbyggðinni til Reykjavíkur. Ef við skoðum síðustu ár sjáum við að veiðiréttur hefur t.d. minnkað í Reykjavík. Þetta hefur verið framsal, þetta hafa verið tilfærslur milli byggðarlaga á landsbyggðinni.

[13:41]

Atli Gíslason (Vg):

Frú forseti. Nú er svo komið að jafnvel eitt öflugasta sjávarpláss landsins, Vestmannaeyjar, þarf að verjast ásælni græðgisaflanna, þar með talið banka sem meta frjálst framsal kvóta, gróðann og upplausnarverð fyrirtækja meira en atvinnuöryggi íbúa Vestmannaeyja, forsendur byggðarinnar þar. Það er svo komið að menn spyrja ekki hvort heldur hvenær Vinnslustöðin verði dauðrotuð rekstrarlega. En sem betur fer virðist órofa samstaða Eyjamanna halda enn sem komið er. Þrátt fyrir að aðvörunarljós hafi logað vítt og breitt um landsbyggðina og alvarleg búseturöskun og atvinnubrestur hafi orðið hlutskipti fjölmargra sjávarbyggða hafa ríkisstjórnir Sjálfstæðisflokksins setið með hendur í skauti. Það hefur verið ríkisstjórnarstefna Sjálfstæðisflokksins frá vori 1991 að til byggðastyrkja kæmi ekki. Það var ekki á dagskrá þeirrar ríkisstjórnar. Það sagði hæstv. fyrrverandi forsætisráðherra Davíð Oddsson vegna hremminga á Suðureyri.

Það er ekki verið að biðja um byggðastyrki og það er ekki verið að biðja um ölmusu. Það er verið að biðja um að íbúar landsbyggðarinnar sitji við sama borð til lífsgæða og aðrir landsmenn, til atvinnu, til fiskveiða, til vinnslu, samgangna o.s.frv., enda borga þeir sömu skatta. Íbúum landsbyggðarinnar er mismunað með tilliti til stjórnarskrárinnar. Hvort sem við deilum um það með eignarréttarkvóta eða ekki er ríkisstjórninni í lófa lagið að setja málefnaleg skilyrði við úthlutun kvótans. Það stenst fullkomlega að banna framsal eða setja því nauðsynlegar og skynsamlegar skorður svo fremi að þær skorður við úthlutun byggi á almennum, málefnalegum rökum og nauðsyn. Ég hygg að það sé hægt að ná bærilegri sátt um það. Við verðum hins vegar að bregðast við svo að Vestmannaeyjar og ótal fleiri sjávarútvegsbæir lendi ekki á dauðalista framsalskvóta og kerfisins almennt.

[13:44]

Karl V. Matthíasson (Sf):

Herra forseti. Það er mjög brýnt að við séum vakandi fyrir því sem er að gerast í lífi landsbyggðarinnar og það er augljóst að það hefur hallað undan fæti hjá mörgum byggðarlögum síðustu árin. Við höfum séð það. Það er alveg greinilegt að það tengist náttúrlega því kerfi sem við höfum búið við. Það er ljóst mál.

Það sem mig langar að segja hérna er að nú er komin ný ríkisstjórn og hún segir í ríkisstjórnarsáttmála sínum berum orðum að það skuli tryggja stöðugleika í sjávarútvegi. Það

er líka talað um jafnvægi í byggð landsins. Eins og staðan er í dag, og hún blasir t.d. við á Flateyri sem hefur verið í umræðunni, held ég að ekki sé nokkur vafi á því að við verðum að grípa til bráðaaðgerða á þeim stöðum með byggðakvóta eins og hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur sagt og hæstv. iðnaðarráðherra líka. Við þurfum að breyta reglunum og hvernig farið er í að úthluta þeim kvóta. Það er það sem þarf að grípa til í bráð.

Síðan getum við velt fyrir okkur hvort þetta sé eina lausnin í lífi landsbyggðarinnar. Auðvitað sjáum við að sjávarútvegurinn er grundvallargrein, ekki síst í þessum byggðum sem verið er að tala um, en engu að síður verðum við líka að fara að horfa á aðra þætti miklu meira, eins og í sambandi við samgöngur og að auka fjölbreytni í atvinnulífi með mörgum aðgerðum sem búið er að stinga upp á og koma með tillögur um. Að þessu verðum við að hyggja og ég vil leggja á það áherslu.

[13:46]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Enn einu sinni ræðum við fiskveiðistjórnarkerfið á hv. Alþingi, að þessu sinni einangraðan þátt, þ.e. framsalið og áhrif þess á sjávarbyggðir. Ég hef alltaf haft tilhneigingu til að líta á sjávarútveginn sem eina af undirstöðuatvinnugreinum þjóðarinnar sem verði að hafa ásættanlegan starfsgrundvöll og starfsumhverfi og verði að geta borið sig. Síðustu örfá ár höfum við verið með hreint kvótakerfi sem gerir það að verkum að við ættum að geta haft betri stjórn á veiðunum sem er mjög mikilvægt mál.

Hvað framsalið varðar tel ég að alveg megi hugsa sér að gera breytingar á því og takmarka það frekar, en þá þarf að koma sveigjanleiki í staðinn, t.d. hvað varðar skipti á milli tegunda. Við þurfum líka að gera okkur grein fyrir því að róttækar breytingar mundu fyrst og fremst bitna á kvótalausum bátum og svo geta menn haft mismunandi skoðanir á því hvort það sé gott eða slæmt.

Það sem ég vil leggja áherslu á er að við megum ekki tapa hvatanum til hagræðingar út úr kerfinu. Auðvitað blandast byggðamál og byggðaþróun mjög inn í þessa umræðu um fiskveiðistjórn en mín skoðun er sú að við stjórnum ekki byggð í landinu eingöngu í gegnum fiskveiðar. Það þarf miklu fleira til.

Fiskveiðistjórnarkerfið hefur í aðalatriðum reynst vel og því vil ég ekki tala um neinar grundvallarbreytingar (Gripið fram í.) á því en er mjög hlynnt því að reynt verði að sníða af því agnúa. Þannig hefur það alltaf verið. En ég er líka sammála því sem kom fram hjá hæstv. sjávarútvegsráðherra að greinin þarf að hafa tækifæri til að keppa.

Úrræði eins og byggðakvóti eru mál sem við framsóknarmenn höfum alltaf lagt áherslu á og víða hefur það úrræði komið virkilega að gagni (Forseti hringir.) þó að það sé takmarkað.

[13:48]

Grétar Mar Jónsson (Fl):

Hæstv. þingforseti. Það er margt sem steðjar að sjávarbyggðum og frjálst framsal er partur af því fiskveiðistjórnarkerfi sem við búum við. En það þarf að taka sjávarútveginn allan til gagngerrar endurskoðunar, það er ekki nóg að tala um að reyna að laga eitthvað með byggðakvóta. Byggðakvóti í dag upp á 140–150 tonn í einhver sveitarfélög gerir bara ekki nokkurn skapaðan hlut. Sæmilegur vertíðarbátur veiðir svoleiðis afla á einni viku. Ég hef margoft veitt 150 tonn á viku og það er bara alveg út í hött að tala um að hægt sé að nota eitthvað svona til að bjarga hlutunum.

Það þarf að taka sjávarútveginn til gagngerrar endurskoðunar, ekki bara kvótakerfið heldur líka vinnubrögð Hafrannsóknastofnunar og hvernig þeir hjá Hafró hafa unnið að rannsóknum sínum. Forstjóri Hafrannsóknastofnunar, Jóhann Sigurjónsson, hefur leyft sér að tala um að brottkast skipti ekki máli, framhjálöndun skipti ekki máli. Hvers lags vísindamenn eru það sem geta talað svona og sagt svona? Finnst alþingismönnum það trúverðugt þegar forstjóri í stofnun eins og Hafrannsóknastofnun getur sagt að svona skipti ekki máli, ef það er alltaf jafnmikið brottkast á hverju ári skipti þetta bara ekki máli? Það er með ólíkindum að menn sem kenna sig við vísindi og vísindavinnubrögð fullyrði þvílíkt.

Það þarf líka að taka togararallið til endurskoðunar og vinnubrögðin hvað það varðar og mælingu yfir höfuð hjá Hafrannsóknastofnun í fiskatalningu hennar. Það er auðvitað ýmislegt annað eins og að þeir skuli ekki taka með í útreikninga sína núna (Forseti hringir.) mjög góða útkomu í netaralli sem er í sögulegu hámarki. Sú útkoma er ekki (Forseti hringir.) höfð með í fiskatalningunni.

[13:51]

Illugi Gunnarsson (S):

Virðulegi forseti. Sjávarútvegur er og verður um fyrirsjáanlega framtíð hryggjarstykkið í atvinnulífi landsbyggðarinnar og það skiptir því miklu máli að það stjórnkerfi sem við búum við tryggi að afkoma greinarinnar sé viðunandi og helst góð.

Vissulega er það rétt að framsal aflaheimilda skapar ákveðið vandamál í byggðum landsins, einkum og sér í lagi í minnstu þorpunum þar sem byggðajafnvægið er hvað viðkvæmast. En fram hjá því verður ekki horft að núverandi fiskveiðistjórnarkerfi hefur gerbreytt öllu rekstrarumhverfi greinarinnar. Á árunum 1980–1984, fyrir daga aflamarkskerfisins, var tap í sjávarútvegi á bilinu 5–9%. Það var ekki mikið atvinnuöryggi í greininni á þeim árum, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. (**Gripið fram í:** 10 sinnum meira en ...)

Frá árinu 1991 hefur verið hagnaður í íslenskum sjávarútvegi á nærri því hverju einasta ári. Þegar litið er til hagsmuna landsbyggðarinnar má vera ljóst að viðvarandi taprekstur í sjávarútvegi hlýtur að lokum að leiða til stórkostlegra byggðavandamála (Gripið fram í.) og það er ekki langt síðan, virðulegur þingmaður, að biðstofur ráðherra voru fullar af útgerðarmönnum og sveitarstjórnarmönnum sem allir báðu um skattpeninga til að bjarga nærri gjaldþrota sjávarútvegsfyrirtækjum í byggðarlögum sínum.

Vandi sjávarbyggðanna núna er margslunginn. Hann snýr ekki bara að þeim vanda sem er fólginn í framsali aflaheimilda. Niðurskurður þorskveiðiheimilda við upphaf síðasta áratugar fór t.d. mjög illa með byggðirnar á Vestfjörðum. Sú hagræðing sem hefur orðið í greininni og aðlögun

hennar að minnkandi afla kemur m.a. fram í þeirri staðreynd að störfum við hefðbundinn sjávarútveg hefur farið fækkandi. Árið 1996 störfuðu 15.500 manns við fiskveiðar og fiskvinnslu en nú, rúmlega 10 árum síðar, eru þeir rúmlega 8.400. Auðvitað segir þetta til sín í byggðaþróuninni, nema hvað. En framsal aflaheimilda er lykillinn að því að hægt sé að reka sjávarútveg á Íslandi með skynsamlegum hætti og baráttumálið á því ekki að vera að (Forseti hringir.) vængstýfa íslenskan sjávarútveg með því að koma í veg fyrir aflaframsalið heldur einmitt að finna (Forseti hringir.) nýjar og betri leiðir til að tryggja byggðina í landinu öllu.

[13:53]

Forseti (Þuríður Backman):

Forseti biður hv. þingmenn um að gæta að tímamælingu.

[13:53]

Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Það er deginum ljósara að ekki hefur ríkt sátt um stjórnkerfi fiskveiða eftir að kvótakerfið var sett á og allt er tengist framsali veiðiheimilda og áhrifum þess á sjávarbyggðir. Alvarlegast er þó að það hefur ekki skilað þeim meginmarkmiðum að fiskstofnarnir byggðust upp og skiluðu hámarksafrakstri. Það blasir við að okkur hefur mistekist í að vernda og byggja upp þorskstofninn með núgildandi fiskveiðistjórn, verndunaraðgerðum og ákvörðun um veiðialag.

Nú þegar liggja fyrir niðurstöður Hafrannsóknastofnunar um að draga verði úr veiðum vegna ástandsins á stofninum, ekki bara í ár heldur einnig næstu ár. Við verðum að horfast í augu við að okkur hefur mistekist eitthvað einhvers staðar á leiðinni. Þetta eru alvarlegar upplýsingar, ekki síst fyrir þau svæði sem nær eingöngu byggja á þorskveiðum. Ábyrgðarlaust væri að hunsa ráðgjöfina. Hafrannsóknastofnun er eina stofnunin sem fer með rannsóknir á þessu sviði og ekki um annað að velja í dag þó að margir séu ósammála mörgu í aðferðafræði þeirra þar starfa, sérstaklega í röðum sjómanna og útvegsmanna. Því er nauðsynlegt og fyrir því röksemdir að endurmeta verði undirstöður og aðferðafræði á þessu sviði frá grunni.

Ef það kæmi í ljós að um vanmat væri að ræða væri það gleðilegt fyrir alla, ekki síst fyrir sjómenn og útgerðarmenn. Ef ekki, hver ber þá ábyrgðina? Stjórnvöld hafa sett fram stefnu um sjálfbæra þróun atvinnulífs og í því samhengi hlýtur sjávarútvegurinn að skipa háan sess sem undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar. Fiskveiðar verða að vera sjálfbærar og auðlindin endurnýtanleg. Því má ekkert til spara til að tryggja vöxt og viðgang nytjastofna í hafinu.

Virðulegi forseti. Það er óumflýjanlegt að grípa strax til markvissra aðgerða til að treysta undirstöður atvinnulífsins og búsetu í sjávarbyggðunum sem margar eiga í erfiðleikum og þurfa svo í framhaldinu að takast á við afleiðingar minni þorskveiða. Það þarf þverpólitískt samstarf um heildarendurskoðun allrar aðferðafræði við fiskveiðistjórn og skipan sjávarútvegsmála við þær aðstæður sem nú blasa við í sjávarútveginum. Þingflokkur Vinstri grænna (Forseti hringir.) hefur lýst sig reiðubúinn til samstarfs sem ekki byggir á yfirborðskenndum viðbrögðum í þeim málum. (Forseti hringir.) Með leyfi forseta spyr ég: Hver eru áform hæstv. ríkisstjórnar í þessum málum?

[13:56]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Þetta er ekki í fyrsta og ekki síðasta skipti sem sjávarútvegsmál verða rædd hér í þinginu. Ég gæti trúað að menn hafi deilt um stjórn fiskveiða í eina 4–5 áratugi í það minnsta og enn eru uppi háværar deilur um það hvernig eigi að stjórna fiskveiðum. Fiskveiðar eru undirstaðan undir atvinnuvegi á landsbyggðinni og undirstaðan fyrir byggð þar. Þess vegna er alveg geysilega mikilvægt fyrir landsbyggðina hvernig þessum málum er fyrir komið.

Vandinn er sá að hér er um takmarkaða auðlind að ræða og þess vegna þarf að nýta hana skynsamlega. Það hefur hins vegar gerst að fyrst og fremst landsbyggðin hefur þurft að bera hallann af þeirri hagræðingu sem að hefur verið stefnt. Þar kreppir skórinn því að það er ekki sanngjarnt að þegar námunni er lokað, eins og segja má að gert hafi verið vegna þess að menn gátu sótt óhindrað á miðin, beri aðeins landsbyggðin hallann af hagræðingunni. Þetta finnst mér skipta miklu máli og ef landsbyggðin ein á að bera hallann af þessu er mikilvægt að ríkið komi þar einnig til skjalanna og mæti þeirri hagræðingu á einhvern tiltekinn hátt.

Hæstv. sjávarútvegsráðherra talaði áðan um að auka veiðiskylduna, ég skildi hann þannig, og það er mikilvægt enda var tilgangurinn á sínum tíma sá að menn veiddu kvótann en seldu ekki. En um leið og það verður skylda að veiða meira er algjörlega ljóst að það mun gera mörgum útgerðum erfitt um vik því að þá verður minna á markaðnum fyrir kvótalítil skip. Þetta dregur fram hversu vandmeðfarið þetta mál er allt saman og mér hefur virst meira að segja í þessari umræðu að hjá bæði fulltrúum (Forseti hringir.) Frjálslynda flokksins og Sjálfstæðisflokksins megi greina áherslumun innan flokka, (Forseti hringir.) svo snúið er þetta mál.

[13:58]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Sjávarútvegurinn er vissulega ein af undirstöðuatvinnugreinum íslensks þjóðfélags. Í þessari umræðu má alls ekki líta fram hjá þeirri staðreynd að síðustu 16 ár hefur hann staðið undir sjálfum sér og skapað atvinnu um allt land.

Tillögur Hafrannsóknastofnunar um þriðjungssamdrátt í þorskveiðum voru vissulega váleg tíðindi. Ljóst er að það verður að bregðast við þeirri alvarlegu stöðu sem nú blasir við sjávarbyggðum víðs vegar um land. Ég fagna þeirri stefnubreytingu sem hæstv. sjávarútvegsráðherra hefur boðað um samráð allra þingflokka til að leysa þann vanda sem nú blasir við. Þar er um stefnubreytingu að ræða þar sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur farið með þennan málaflokk síðustu 16 árin.

Sá vandi sem nú blasir við verður ekki leystur með róttækum breytingum á aflamarkskerfinu. Sú staðreynd að fiskurinn í sjónum er ekki ótæmandi auðlind gerir það að verkum að á einhvern hátt verður að skapa kerfi þar sem sjávarútvegsfyrirtæki geta þrifist og skapað verðmæti og tekjur fyrir þjóðfélagið. Greinin þarf einfaldlega að geta borið sig.

Kerfið er þó ekki gallalaust og það þarf að skoða það

með þessu samráði. Frá árinu 1994 hafa til að mynda verið veiddar 1,3 millj. tonna umfram tillögur Hafrannsóknastofnunar og þar getur vandinn vissulega legið að hluta. Ég tel að það geti vel komið til skoðunar að auka veiðiskylduna í 90% og tek því undir með hæstv. sjávarútvegsráðherra um að þar þurfi að breyta til.

Þá tel ég að einnig eigi að skoða hvort ekki eigi að líða tvö ár frá því að sá sem selur frá sér kvóta geti keypt hann aftur. (Forseti hringir.) Allt þetta gæti leitt til þess að sátt gæti skapast um það kerfi sem er við lýði.

[14:00]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær umræður sem hér hafa verið í dag, svör ráðherra og viðbrögð hans. Þetta hafa verið málefnalegar umræður sem þingmenn hafa komið með. Ég tók sérstaklega til umfjöllunar framsalið sjálft sem er grundvöllurinn í kerfinu og helsti áhrifavaldurinn að breytingum og þess vegna er eðlilegt að horfa til þess hvernig megi bregðast við þeim vanda sem menn sjá um allt land að hefur skapast vegna framsalsins og hvaða lausnir menn sjá fyrir sér að hægt sé að grípa til til að bæta úr. Mér fannst það samdóma álit þeirra sem tóku til máls að menn voru tilbúnir til að ræða breytingar á framsalinu í því skyni að bregðast við vandamálinu. Það er góðs viti að menn séu tilbúnir til þess enda er það grundvallaratriði að menn nái saman um reglur um framsalið.

Við skulum ekki gleyma því að til þess getur komið þó að það sé ekki í augsýn um þessar mundir að Íslendingar gangi í Evrópusambandið. Menn hafa rætt um það þegar sú umræða hefur verið í gangi hver áhrifin yrðu af þeirri inngöngu á sjávarútveginn og hvernig menn gætu komið í veg fyrir að veiðiheimildirnar flyttust af landi brott þannig að nýting þeirra færi eingöngu fram á hafi úti á erlendum skipum. Þar hafa menn sagt að hægt væri að setja þá löggjöf að nýtingin væri bundin því að landa í íslenskri höfn. Það er rétt, það er hægt. En það er líka hægt að gera það í núverandi kerfi og segja: Nýtingin á aflaheimildum er bundin tilteknum skilyrðum um löndun og vinnslu. Þar þarf ekki að vera mikil breyting á framsalinu sjálfu, það getur átt sér stað og orðið eigendaskipti á aflaheimildum, en það tryggir atvinnugrundvöllinn og samband byggðanna við fiskimiðin, virðulegi forseti.

[14:03]

Sjávarútvegsráðherra (Einar K. Guðfinnsson) (S):

Virðulegi forseti. Ég fagna þessari umræðu sem ég tel að hafi verið málefnaleg og sýnir vilja þingmanna til að reyna að fjalla um þessi mál á þann veg að við reynum að tala frekar í lausnum en einungis í gagnrýni og sleggjudómum. Þetta eru snúin mál og á þeim eru ýmsar hliðar sem við þurfum að gaumgæfa.

Almennt talað vil ég segja að ég er þeirrar skoðunar að tiltekin veiðiskylda eigi að vera í þessu kerfi. Ég lít þannig á að um það hafi verið býsna gott samkomulag. Á sínum tíma breytti Alþingi lögunum til þess m.a. að koma til móts við þau sjónarmið sjómanna og útvegsmanna og gekk langt til móts við gagnrýni sem uppi hafði verið varðandi veiðiskylduna. Við settum inn tilteknar reglu, svokallaða 50% reglu, og það sem ég vakti athygli á áðan var að eins og við höfðum gengið frá lögunum, þá er þetta ekki nægjanlega markvisst. Við getum ekki tryggt það nægilega vel að menn fari eftir þeirri reglu sem ásetningur Alþingis stóð til á sínum tíma. Það sem ég vísaði til var fyrst og fremst það að ég tel að við verðum að fara yfir það hvernig við getum gert þessa reglu skarpari þannig að ljóst sé að ásetningur Alþingis, vilji Alþingis sem kom glögglega fram ráði þegar við setjum þessi lög og að lögin séu þannig úr garði gerð að 50% reglan a.m.k. standist. Það er hins vegar vandi ef við aukum veiðiskylduna, eins og hv. þm. Lúðvík Bergvinsson sagði áðan, að þá koma upp vandamál alveg sérstaklega gagnvart þeim útgerðum sem hafa minni aflaheimildir. Það er athyglisvert að á sama tíma og t.d. sjómannasamtökin öll og Landssamband íslenskra útvegsmanna hafa óskað eftir því að auka veiðiskylduna hafa komið fram kröfur frá sjómönnum og útgerðarmönnum af kvótaminni bátum sem hafa mótmælt þessu. En engu að síður er nauðsynlegt fyrir okkur að fara yfir þessi mál.

Ég vakti líka athygli á því að í rauninni eru meiri framsalstakmarkanir í okkar kerfi en mönnum virðist við fyrstu sýn. Ég fór yfir það á margvíslegan hátt. Menn eiga því ekki að tala um það eins og það séu ekki framsalstakmarkanir. Þær eru til staðar en við þurfum hins vegar að skoða þessi mál í því ljósi sem þessi umræða hefur gefið tilefni til.

Almannatryggingar og málefni aldraða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 11. mál (afnám tekjutengingar við atvinnutekjur 70 ára og eldri). — Þskj. 11, nál. 22 og 32, brtt. 23 og 33.

[14:05]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Í stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar Íslands er kafli sem ber heitið *Bættur hagur aldraðra og öryrkja.* Með leyfi forseta langar mig til að vísa í þann samning og lesa úr honum. Þar segir m.a.:

„Ríkisstjórnin leggur áherslu á að styrkja stöðu aldraðra og öryrkja. Unnið verði að einföldun almannatryggingakerfisins. Samspil skatta, tryggingabóta, greiðslna úr lífeyrissjóðum og atvinnutekna einstaklinga verði skoðað sérstaklega til að tryggja meiri sanngirni og hvetja til tekjuöflunar og sparnaðar."

Síðar í þessari sömu málsgrein segir:

„Dregið verði úr tekjutengingum og skerðingum bóta í almannatryggingakerfinu. Stefnt verði að hækkun frítekjumarks vegna atvinnutekna fyrir aldurshópinn 67–70 ára. Tekjutenging launatekna 70 ára og eldri við lífeyri almannatrygginga verði að fullu afnumin sem og skerðing tryggingabóta vegna tekna maka. Skoðað verði hvort undanskilja megi hluta af lífeyrissjóðstekjum eldri borgara skerðingum í almannatryggingakerfinu. Jafnframt skal stefnt að því að ríkissjóður tryggi ellilífeyrisþegum lífeyri að lágmarki 25 þúsund krónur á mánuði frá lífeyrissjóði. Almennt skerðingarhlutfall í almannatryggingakerfinu lækki í 35%."

Þessi ákvæði stjórnarsáttmálans vöktu eðlilega miklar

væntingar um að í augsýn væri réttarbót í þessu kerfi, að það væri virkilega meiningin að bæta stöðu aldraðra og öryrkja sérstaklega gagnvart skerðingunum í almannatryggingakerfinu. Ekki minnkuðu væntingarnar þegar í ljós kom að það átti að verða fyrsta verkefni ríkisstjórnarinnar að leggja fram tillögu til breytinga á almannatryggingalögum til að uppfylla þessi ákvæði stjórnarsáttmálans og það var vissulega sagt strax í byrjun að þetta væri bara fyrsta skrefið.

Virðulegi forseti. Hér er að mínu mati og þeirra sem standa að minnihlutaáliti heilbrigðisnefndar og þeim tillögum til breytinga á almannatryggingalögum og lögum um málefni aldraðra um mjög mikið og slæmt fyrsta skref að ræða. Eins og bent hefur verið á í dag er ekki um að ræða að sú tillaga sem hér er lögð fram auki jöfnuð og réttlæti, eins og hv. þm. Ellert Schram nefndi áðan, heldur þvert á móti mun hún auka ójöfnuð og ranglæti í kerfinu. Sérstaklega er verið að valda vonbrigðum og auka ranglæti gagnvart þeim sem minnst hafa handa í milli og eru öryrkjar eða eru á aldursbilinu 67–70 ára.

Verði tillagan að lögum þýðir það að öryrkjar sitja algerlega óbættir hjá garði í þessari fyrstu aðgerð ríkisstjórnarinnar til að uppfylla það sem heitir í stjórnarsáttmálanum bættur hagur aldraðra og öryrkja. Ekki nóg með það heldur sitja þeir einnig hjá sem eru 67, 68 og 69 ára á hverjum tíma. En eins og bent hefur verið á í umræðunum fyrr í dag er ákvæði í lögum um aldraða sem segir skýrt að þeir eru aldraðir sem eru 67 ára og eldri. Hér er verið að skipta þeim í tvo hópa og þykir eins og bent hefur verið á bæði óþarft að flækja málin með þessum hætti og búa til nýjan aðskilnað í kerfinu með öllum þeim tæknilegu erfiðleikum sem það kostar en fyrst og fremst mismunun gagnvart þeim sem í hlut eiga. Við sem stöndum að tillögum minni hlutans í hv. heilbrigðisnefnd teljum að það eigi á þessum grundvelli að gilda ein meginregla fyrir alla aldraða og öryrkja og alla lífeyrisþega Tryggingastofnunar að þessu leyti.

Með tillögu okkar sem hefur ræki lega verið kynnt, en breytingartillögurnar er að finna á þskj. 33 og nefndarálit á þskj. 32, um að hækka frítekjumarkið úr því sem nú er 25 þús. kr. á mánuði og skerðir ekki bætur frá almannatryggingum upp í 80 þús. kr. á mánuði er aðeins notaður hluti af því fjármagni sem hér er ætlað í að fella niður skerðingu vegna atvinnutekna 70 ára og eldri. Þess vegna leggjum við til að til viðbótar verði fjármagni varið í að draga úr tekjutengingu lífeyrisþega við tekjur maka þannig að heildarkostnaðurinn af þeim breytingum sem við leggjum til verði svipaður og lagt er upp með í upphaflegu frumvarpi sem er í kringum 700 millj. kr.

Það er viðurkennd staðreynd að þó að þetta hafi aðeins verið lítið skref frá síðustu áramótum, 25 þús. kr. frítekjumark á mánuði án þess að skerða bætur, þá hefur því verið vel tekið og það hefur skilað sér í því að dregið hefur úr svarti vinnu og það hvetur fólk til að taka þátt í atvinnulífinu.

Sú tillaga sem hér liggur fyrir gerir í raun ráð fyrir að refsa sérstaklega þeim hópi, 67–70 ára sem eru á vinnumarkaðnum, senda þá heim og kalla þá svo aftur út á vinnumarkaðinn þegar þeir eru orðnir sjötugir. Það sér hver maður í hendi sér að það gengur ekki upp.

Ég vil minna á eins og gert var í 1. umr. um frumvarpið að allar þessar skerðingar í bótakerfinu skerða ekki aðeins möguleika einstaklinga sem í hlut eiga til tekjuöflunar heldur skerða þær einnig tekjur ríkissjóðs með því að skatttekjur og tekjur af aukinni veltu auka tekjur ríkissjóðs og til staðfestingar þessu liggur nú ný könnun hagfræðideildar Háskólans á Bifröst.

Ég tel mjög mikilvægt, hæstv. forseti, að ekki verði farið af stað með þeim hætti sem hér er gert. Það verður aldrei hægt að taka þetta til baka og við skulum muna að við erum ekki bara að tala um venjulegar atvinnutekjur í þessum efnum, við erum líka að tala um eftirlaun. Og það er alveg ljóst eins og hér hefur verið bent á að stór hópur fólks mun væntanlega sjá sér skyndilega hag í því að þiggja lífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins eftir að þetta frumvarp er orðið að lögum og sækja rétt sinn til lífeyris tvö ár aftur í tímann eins og heimilað er. Það eru í rauninni engar efnahagslegar forsendur, það eru engir útreikningar, það er ekkert sem styður þessa skiptingu í 70 ára og eldri annars vegar á móti því að hafa þetta alla aldraða og öryrkja. Ég bendi á og rifja upp að í stórri könnun sem gerð var á síðasta ári um tekjur lífeyrisþega, aldraðra og öryrkja kom fram að um 24% þeirra höfðu á árinu 2006 undir 80 þús. kr. í ráðstöfunartekjur. Ríflega 40% til viðbótar voru með tekjur á bilinu 80 þús. til 110 þús. kr. Þetta þýðir að á síðasta ári voru 65% allra aldraðra og öryrkja með innan við 110 þús. kr. í ráðstöfunartekjur á mánuði. Það er ekkert sem bendir til þess að hópur þeirra sem eru 70 ára og eldri sé með einhverja sérstöðu í þessum efnum og það sé einhver ástæða til að draga þann hóp sérstaklega út. Hv. þm. Pétur Blöndal sagði fyrr í dag að enginn ágreiningur væri um það að 70 ára og eldri hefðu skilað sínu vinnuframlagi en ég vil fullyrða að með lögunum um aldraða er skilningur löggjafans sá að það eru 67 ára og eldri sem eiga þann rétt.

Ég vil rifja upp þau viðvörunarorð sem hafa verið höfð uppi af okkur í minni hluta heilbrigðisnefndar og talsmönnum þessarar breytingartillögu. Það veit enginn hvað þetta mun kosta. Hér er talað um í frumvarpinu og að mati fjármálaráðuneytis eru þetta í kringum 700 millj. eins og ég nefndi áðan. En rök hafa verið færð að því að ef allir þeir 600 einstaklingar sem ekki þiggja ellilífeyri núna frá Tryggingastofnun ríkisins sjá sér hag í því eftir þessa breytingu þá geti það numið 600 millj. til viðbótar. Það eru ekki litlir peningar og er ótrúlegt að menn skuli ætla að deila þeim svona ójafnt út til þeirra sem á þurfa að halda. Þetta fyrsta skref vekur upp ótta um það sem á eftir mun koma, hvað það í rauninni er sem vakir fyrir hæstv. ríkisstjórn þegar hún talar í stjórnarsáttmálanum um bættan hag aldraða og öryrkja.

Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson hefur bent á að þau áform um að láta 25 þús. kr. í lífeyri, tryggingu til allra lífeyrisþega ganga í gegnum lífeyrissjóðina séu í rauninni svikamylla og ég held að betra væri fyrir hæstv. ríkisstjórn að fara sér hægar í þessum efnum. Það er alveg ljóst að með frumvarpinu er verið að efna til ófriðar og verið er að mismuna gróflega hópum og þetta er illa af stað farið þegar um mikilsvert og mikilvægt málefni er að ræða.

[14:18]

Frsm. meiri hluta heilbrn. (Pétur H. Blöndal) (S):

Frú forseti. Ég þakka þá ágætu og málefnalegu umræðu sem hér hefur átt sér stað í dag. Ég fór í andsvar við nokkra þingmenn í byrjun en ákvað síðan að fara í gegnum málefni þeirra og sjónarmið í ræðu í lokin.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sagði að ekki væri skynsamlegt að tekjur eftir 70 ára aldur skertu ekki bætur og að þetta gengi ekki út á jöfnuð. Það er alveg hárrétt. Ég benti á það í framsögu minni með málinu að þetta væri ekki til að jafna tekjur. Ég nefndi meira að segja nokkur dæmi þar sem myndast ójöfnuður, bæði milli þeirra sem geta unnið og fá vinnu og hinna aldraða sem líka eru 70 ára og geta ekki unnið eða fá ekki vinnu, t.d. bænda sem fá ekki vinnu. Ég nefndi líka mismuninn sem verður á milli tveggja manna sem vinna hlið við hlið og annar verður sjötugur og fær allt í einu bætur frá Tryggingastofnun. Þess vegna sagði ég að það væri svo mikilvægt að það væri sátt um þessa aðgerð.

En hún er að sjálfsögðu ekki til þess að jafna kjör aldraðra. Hún er til þess að nýta reynslu, kraft og vinnuþrek þeirra öldruðu sem vilja vinna áfram (Gripið fram í.) þjóðinni til góðs og þeim sjálfum til góðs í staðinn fyrir að vera hlutverkalaus heima. Þetta er meginmarkmiðið með þessari tillögu. Hún er sett fram nokkuð hratt og vel. Hún á að taka gildi eftir rúman mánuð vegna þess að þetta var sú aðgerð af þeim fjórum sem ríkisstjórnin hefur lagt til til að bæta stöðu þeirra aldraðra sem auðveldast var og einfaldast að koma í framkvæmd. Það eina sem við þurfum að breyta er að tekjur manns sem er orðinn sjötugur skerða ekki bætur Tryggingastofnunar, það er svo einfalt. Það er ekkert flóknara en svo. Þessari aðgerð var ekki ætlað að ganga út á jöfnuð.

Ég vil benda á það í þessu sambandi að sú tillaga sem sett er fram af minni hluta heilbrigðisnefndar til höfuðs þessari tillögu er ekki heldur til jöfnunar. Engan veginn. Þar er gert ráð fyrir því að menn geti haft 80 þús. kr. án þess að bætur Tryggingastofnunar skerðist, líka frá 67 ára, líka öryrkjar. Það er ekki til jöfnunar. Öryrki sem ekki getur unnið neitt og fær ekki vinnu fær ekki þessar 80 þús. kr. án skerðingar. Sá sem getur unnið fær 80 þús. kr. skerðingarlausar. Það er alls ekki til jöfnunar. Láti menn sér ekki detta það í hug. Alls ekki.

Báðar tillögurnar sem hér eru til umræðu, tillögur minni hluta og meiri hluta hv. heilbrigðisnefndar, eru ekki til jöfnunar. Við skulum hafa það alveg á hreinu. Þær eru til þess að nýta kraft og vinnuþrek aldraðra í þágu þeirra sjálfra og þjóðfélagsins. Svo koma af því að sjálfsögðu skatttekjur sem ekki eru inni í kostnaðarmatinu en ættu náttúrlega að vera þar.

Hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson var mjög neikvæður gagnvart þessum tillögum og ég get alveg hlustað á rök hans. Hann sagði að þetta gagnaðist ekki þeim sem verst eru settir. Það gerir það ekki. Það stóð ekki til. (**Gripið fram í:** Stóð ekki til?) Nei, það stóð ekki til, frú forseti. Til þess eru aðrar aðgerðir, t.d. 25 þús. kr. lágmarkið frá lífeyrissjóði. Það kemur þeim 10.500 manns til góða sem verst eru sett. Það er hugsað fyrir þau. Það var reyndar ekki krafa eldri borgara. En það reyndist vera meira mál að koma þeirri hugmynd í framkvæmd því að það þarf að vinna náið með lífeyrissjóðunum við framkvæmd þeirrar tillögu. En mér sýnist og ég verð sífellt sannfærðari um að sú tillaga muni koma þeim langbest sem verst eru sett í hópi aldraðra.

Svo var talað um það í stjórnarsáttmálanum að minnka skerðingar í 35%. Það er heldur ekki til jöfnunar, ef einhver skyldi halda það. Það er til að auka upp lífeyrinn og bætur þeirra sem hafa háan lífeyri úr lífeyrissjóði, háar tekjur eða háar fjármagnstekjur. Menn skulu bara átta sig á því en ekki tala svona út og suður um að minnka skerðingar og að það eigi að leiða til jöfnunar. Það er ekki til jöfnunar, að sjálfsögðu ekki. Ef menn ætla að hugsa um algjöra jöfnun verður 100% skerðing ofan á. Menn geta ekki talað svona tungum tveim eftir því sem hentar.

Hv. þm. Guðjón Kristjánsson ræddi mikið um ellilífeyrismörk. Það var mjög athyglisverð umræða og hún mætti gjarnan fara fram. Þannig er mál með vexti að 67 ára ellilífeyrismörkin sem menn hafa talað um að væri einhver heilagur sannleikur — (**ÁI:** Það er í lögum.) Það er í lögum, en við setjum lög, frú forseti. (Gripið fram í.) Ég vil benda á að Alþingi setur þessi lög. Við getum breytt þeim. Þetta er ekki heilagur sannleikur frá guði. Nei, þetta var sett í almannatryggingalögin árið 1936. Þessi aldursmörk eru búin að vera þar síðan og, það sem meira er, þetta má rekja allt aftur til Bismarcks í Þýskalandi, 1886 minnir mig. Þaðan koma þessi mörk og hvað hefur ekki breyst, frú forseti, í aldri þjóðarinnar síðan? Langlífi er miklu meira. Ég ætla ekki að nefna hvað fólk er miklu sprækara núna við 67 ára aldur en það var 1930, hvað þá 1880. Ég ætla ekki að bera það saman. Að vera enn þá föst í því að negla sig í einhverja tölu sem sett var fyrir öldum er bara fráleitt. Menn þurfa að fara að velta aðeins vöngum yfir því hvort þetta eigi rétt á sér í dag.

Ég tel, og það er ekkert leyndarmál svo ég beini máli mínu til hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar, og ég hef margoft nefnt það að þessi ellilífeyrismörk eru mjög skemmandi fyrir hinn aldraða. Hann er nefnilega settur í ákveðinn bás og margir atvinnurekendur nota þetta til að segja mönnum upp, mönnum sem ekki vilja endilega hætta að vinna, vilja ekki endilega missa hlutverk í lífinu, vilja ekki endilega vera kippt út úr félagslegu umhverfi vinnustaðarins. Menn þurfa að hugsa dálítið meira.

Nei, þeir sem vara við hækkun á ellilífeyrismörkum, eins og hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, úr 67 ára aldri ganga út frá því sem vísu að vinnan sé kvöð og áþján. (Gripið fram í.) Annars væru þeir ekki að þessu, annars væri þetta valkvætt. Ef vinnan er skemmtun eða ánægja ættu menn að geta valið hvort þeir vildu vinna lengur.

Ég held nefnilega, og það er bjargföst skoðun mín, að velflest fólk líti sem betur fer ekki á vinnuna sem áþján. Það lítur á vinnuna sem ákveðna skemmtun, ákveðið hlutverk í lífinu og félagsskap með góðum vinnufélögum. Þá þurfum við líka að huga að því hvort eigi að fara að skikka menn heim, allt í einu upp úr þurru 67 ára. Ég tel ekki. Ég vil að menn skoði þessi mörk mjög vandlega.

Það eru líka alls konar mörk í gang í dag. 95 ára regla hjá B-deild LSR, Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, gefur mönnum kost á því að fara á lífeyri allt niður í 60 ára aldur, fara á eftirlaun, fara á ellilífeyri 62 ára. Jesús minn, ég er að

verða 63 ára og mér líður bara illa við þessa tilhugsun.

65 ára regla var líka einu sinni hjá Lífeyrissjóði sjómanna. Þetta er ekkert heilagur sannleikur. Þegar atvinnuleysið var sem mest í Þýskalandi lækkuðu menn ellilífeyrismörk hjá konum niður í 62 ára aldur til að minnka atvinnuleysið. Það minnkaði reyndar ekki neitt. En margar bráðfriskar konur voru sendar heim.

Ég vildi gjarnan að menn ræddu betur um ellilífeyrismörk en ekki á þeim neikvæðu nótum sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson ræddi um þau. Ég vildi gjarnan t.d. að menn færu á ellilífeyri að hluta til, gætu tekið hluta af ellilífeyri, 60% ellilífeyri og unnið 40% eða tekið 40% ellilífeyri og unnið 60%. Ég vil að menn skoði alla þessa kosti. Að menn séu ekki sendir allt í einu upp úr þurru heim til sín. Gullúr eftir 25 ára gott starf í þágu fyrirtækisins og svo bara burt með þig, vinur, næsti. Mér finnst það ómanneskjulegt. Ég veit að mjög margir atvinnurekendur hugsa eins. Þeim finnst það líka ómanneskjulegt. Þetta frumvarp er ekki nein gildra sem hér er lögð til þess að hækka ellilífeyrisaldurinn. Það er margbúið að ræða um þetta. Auðvitað eiga menn að ræða um ellilífeyrismörkin alveg óháð því hvort menn megi vinna eftir sjötugt án þess að tekjurnar skerði bætur almannatrygginga.

Mér sýndist af ræðu hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar að hann væri ekki einu sinni sáttur við 70 árin. Honum finnst ósanngjarnt að menn sem eru orðnir sjötugir fái bætur úr Tryggingastofnun óskertar, hvað þá þjóðfélagið allt. Þess vegna er tómt mál að tala um að lækka þessi mörk með því bara að hlusta á ræðu hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar. Hann var ekki sáttur við 70 árin. Hugsanlega væri hann sáttur við 80 ár, að menn sem eru orðnir áttræðir mættu vinna án þess að það skerti bætur Tryggingastofnunar. Honum finnst það kannski nægilega hár aldur til að menn séu búnir að skila sínu til þjóðfélagsins. Mér finnst 70 árin ágæt, fellst alveg á þau aldursmörk.

Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir talaði um að skipta mönnum í tvo hópa eftir þeirri reglu að hafa 67 ára, sem hún lítur á sem einhvern heilagan sannleika af því að sá aldur er í lögum sem Alþingi hefur sett, og síðan þessi 70 ár. Við erum með fullt af mörkum, t.d. geta menn frestað töku lífeyris hjá Tryggingastofnun ríkisins frá 67 ára upp í 72 ára og aukið lífeyrisréttindin umtalsvert í staðinn. Þeir spara ríkinu lífeyrisgreiðslur. Þetta geta menn í dag. Það eru ekki mörk við 67 ára endilega þar. Það er tiltölulega nýbúið að breyta þessu þannig að menn geti unnið til 72 ára aldurs og frestað töku lífeyris og þá hækkar lífeyririnn, mig minnir um 30% fyrir þessi fimm ár sem er umtalsvert.

Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir talaði líka um að reglan yki jöfnuð, ég er búinn að fara í gegnum það, en svo segir hún að öryrkjar sitji óbættir hjá garði í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Það er bara ekki rétt. Það er nefnd að störfum sem er að fara í gegnum örorkumatið. Hefur ekki lítið verið fjallað um það. Þar á að fara að líta á getu mannsins, getu öryrkja til þess að sinna starfi en ekki alltaf að líta á vangetuna. Það á ekki að fara að stimpla menn öryrkja heldur að vita hvað þeir geta gert. Við skulum rækta þá eiginleika og reyna að koma öryrkjum út á vinnumarkað, þeim sem eru vinnufærir. Það er að störfum mikil nefnd sem ég bind miklar vonir við gagnvart öryrkjum. Það er ekki þannig að þeir sitji einhvern veginn óbættir hjá garði. Þá þekkja menn ekki vel til.

Hv. þingmaður segir að 25 þús. kr. mörkin hafi dregið út svartri atvinnustarfsemi. Hvað mundi þá algert skerðingarfrelsi tekna þeirra sem eru 70 ára og eldri draga úr svartri atvinnustarfsemi? Hafa ekki margir sjötugir og eldri hugsanlega stundað svarta atvinnustarfsemi samkvæmt því sem hv. þingmaður segir? Það mun virka nákvæmlega eins þar.

Síðan vill hann reka 67 ára fólk heim og kalla það svo aftur inn eftir 70 ára aldur. Þetta er ekki hugsað þannig, maður sem er 67 ára þarf ekkert að fara á eftirlaun. Ef hann er sprækur og telur sig geta unnið eftir sjötugt vinnur hann bara áfram, hefur sínar tekur og fær hugsanlega einhverjar bætur frá Tryggingastofnun, reyndar skertar, til sjötugs og eftir það óskertar.

Ég held að þetta sé bara ágætisniðurstaða sem við erum búin að fá hérna, að hvetja fólk til vinnu eftir sjötugt og njóta hæfileika þess og reynslu. Ég tel eftir ræðu hv. þm. Guðjón A. Kristjánssonar að mörkin við 70 ár séu rétt, það sé sátt um að á þeim aldri séu menn búnir að skila sínu til þjóðfélagsins en ekki endilega fyrir þann aldur.

[14:32]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Það var ýmislegt merkilegt sem kom fram í ræðu hv. þm. Péturs H. Blöndals, framsögumanns meiri hlutans. Í fyrsta lagi kom fram sú skýra yfirlýsing að alls ekki hefði staðið til að ná fram neinum jöfnuði með þessari tillögu, það væri ekki markmiðið. Menn hefðu alls ekki verið að leita að því, bara alls ekki. Það liggur þá mjög skýrt fyrir, hæstv. forseti.

Mér finnst líka liggja fyrir ef ráða má í mál hv. þingmanns að það hafi meira en verið rætt innan Sjálfstæðisflokksins að vel gæti komið til greina og megi sérstaklega skoða það að hækka aldursmörk varðandi eldri borgara, þ.e. hvenær menn verða eldri borgarar, ekki 67 ára heldur á einhverjum allt öðrum aldri, (**Gripið fram í:** 85?) jafnvel yfir 72 ára. Núna erum við hins vegar að festa það í lög, ef af verður, að 70 ár séu sú lína sem dregin verði um það að þá eigi menn rétt á bótum frá Tryggingastofnun ríkisins óháð tekjum. Það skiptir ekki máli hvort tekjurnar eru 5 millj., 10 millj., 15 millj. eða 20 millj., allir sem eru komnir yfir sjötugt eiga rétt á að fá samkvæmt núgildandi reglum, að settum nýjum lögum, frá Tryggingastofnun greiddar út á bilinu 1,3–1,5 millj. á ári. Þetta er allt önnur stefna en almennt hefur verið unnið eftir í sambandi við lífeyrismál og réttindi aldraða og öryrkja á undanförnum árum og áratugum. Það er mjög athyglisvert að Samfylkingin skuli vera þátttakandi í að móta þessa stefnu. Það er mjög athyglisvert, finnst mér, og ég held að maður geti ráðið þannig í ræðu hv. þm. Péturs Blöndals að hann telji sig bara á nokkuð góðri leið með þessi markmið sem hann lýsti sem áhugaverðum, þ.e. að hækka ellilífeyrisaldurinn, það væri engin regla á bak við það að nota 67 ár. Það kann vel að vera, maður getur kannski velt því eitthvað upp. Að minnsta kosti mætti hugsa sér að það væri valkvætt ef viðkomandi einstaklingur vildi. Það er að mörgu að hyggja í þessu máli, hæstv. forseti, og ýmislegt sem ég sagði í ræðu minni í morgun finnst mér vera að birtast í orðum hv. síðasta ræðumanns í þá veru

að það hafi ekki verið svo fjarri lagi sem ég vakti athygli á.

Það er algerlega rétt sem hv. þingmaður sagði, það þarf sérstaklega að skoða fólkið í lífeyrissjóðunum sem á sáralítinn rétt en sýndartillagan sem ríkisstjórnin ætlar að framkvæma um að setja 10 þús. kr. inn í lífeyrissjóðinn til að greiða manninum sem hefur 15 þús. kr. rétt 25 þús. kr. út úr lífeyrissjóðnum bætir ekki mikið, hæstv. ráðherra. Það verða 3.800 kr. eftir af þessum 10 þús. kr. sem ríkisstjórnin hyggst bæta stöðu lífeyrisþega þegar búið er að fara í gegnum skerðingarregluna upp á 40% og skattinn upp á 36%. Auðvitað eru áhrifin sérstaklega valin með tilliti til þess að fara í gegnum lífeyrissjóðina og hafa þar ekkert frítekjumark og þá kemur það svo mikið til baka til ríkisins. Orð Stefáns Ólafssonar eru algerlega hárrétt, svona útfærsla gerir það að verkum að ríkissjóður er stærsti lífeyrisþeginn. Hann fær mest til baka af svona útfærslu.

Ég hélt að menn væru búnir að fara svo oft í gegnum rökræðu um tengingar og annað slíkt að stefnan sem menn hefðu markað, m.a. með því að fara núna úr 45% niður í 39,95%, hefði verið sú að draga úr tengingunni við tekjur, það væri sem sagt almenna leiðin, en núna á að fara með þetta niður í 35% í væntanlegri framtíð. Þá vænkast hagurinn örlítið en það er samt staðreynd að það vantar frítekjumark á lægstu lífeyristekjur. Það er staðreynd. Ef það á virkilega að laga réttarstöðu þess fólks sem af einhverjum ástæðum getur ekki verið úti á vinnumarkaði heldur þarf á því að halda að lifa af greiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins annars vegar, þ.e. grunnlífeyri, tekjutryggingu og öðrum bótum plús þeim litla lífeyri sem fólk á í lífeyrissjóði, og þegar við stöndum uppi með þá staðreynd að 25% allra lífeyrisþeganna sem áttu fyrir einu og hálfu ári innan við 21 þús. kr. réttindi í lífeyrissjóði og eiga síðan að missa 40% af því í skerðingarreglur hjá Tryggingastofnun og borga 36% tekjuskatt af því sem eftir er, hljóta menn að skilja hversu brýnt þetta mál er.

Þá erum við líka komin að því, hæstv. forseti, að við erum að tala um að lagfæra stöðu þeirra sem lakast eru settir, ekki endilega þeirra sem eru betur settir. En það erum við að gera í þessari tillögu, við setjum ekkert þak, ekki frekar en við settum þak á Fæðingarorlofssjóðinn á sínum tíma þó að menn áttuðu sig síðar á því að það gat ekki gengið. Þá settu menn þak. Við setjum ekki neitt þak í þessa tillögu, hvorki við 10, 20 né 30 millj. í tekjur hjá einstaklingi. Dæmið sem ég tók í morgun af hv. þm. Ellerti B. Schram um það að þegar hann verður sjötugur eftir tvö ár og ætti rétt á sínum launum, eðlilega, sem þingmaður gæti hann tekið þessar viðbótargreiðslur frá Tryggingastofnun. Þannig er það bara, hæstv. forseti, og þegar þeir 600 einstaklingar sem hirða ekki núna um að taka rétt sinn hjá Tryggingastofnun fara kannski að gera það þegar þeir eiga orðið 1,3–1,5 millj. í rétt eins og ég benti á í morgun getur það orðið upp undir 780 millj. Ef við notum bara töluna 1,3 millj. er það svo: 600 x 1,3 = 780. Það er þá hreinn viðbótarkostnaður við þá tillögu sem hér er vegna þess að menn vita ekki hvort þessir einstaklingar fara að taka þetta út. Eins og ég hef margsagt í þessum ræðustól er það svo að við setjum lögin og síðan er það fólksins að fara eftir þeim. Hvers vegna skyldi fólk ekki nýta þessa réttarstöðu þegar hún er komin upp? Hvers vegna skyldi það afsala sér 1,3 millj. á ári? Auðvitað er þetta bráttótala, fólk sem hefur svona miklar tekjur fyrir er náttúrlega fyrir löngu búið að nýta persónuafsláttinn sinn og mun auðvitað borga skatta af þessum greiðslum frá Tryggingastofnun. Við getum auðvitað dregið það frá.

Það er afar nauðsynlegt, hæstv. forseti, að menn tali um þetta eins og það er, menn tali um lífeyriskerfið, bótakerfið frá Tryggingastofnun og greiðslur Tryggingastofnunar, menn tali um þessar tengingar, hvernig skattkerfið kemur inn í þetta og menn tali um skattleysismörkin. Það er samspil allra þessara þátta sem gerir það að lokum að verkum hvað fólk stendur uppi með í buddunni sem rauntekjur til að lifa af. Ef það er rétt sem sagt er, ég hygg að Hagstofan hafi gefið það út að það þurfi 160–170 þús. kr. í íslensku þjóðfélagi til að komast af, þ.e. ef þeir borgarar eiga að geta leyft sér eitthvað sem kallað er menningartengd eyðsla, þ.e. að fara kannski tvisvar í leikhús eða eitthvað slíkt og fá að gefa börnunum sínum og barnabörnum gjafir — Ég sé að hv. þm. Pétur H. Blöndal hristir höfuðið. (Gripið fram í.) Þú getur gáð að því sjálfur, hv. þingmaður. Spurðu Hagstofuna hvað hún telji að þurfi fyrir einstakling til að komast (Forseti hringir.) af í okkar þjóðfélagi.

Hæstv. forseti. Ég mælist til þess að hv. þingmaður verði beðinn um að leita sér upplýsinga.

Það er ekki rétt hjá hv. þm. Pétri H. Blöndal að ég hafi lagt til eða væri að hugleiða að fara með slík viðmiðunarmörk sem hér er verið að leggja til upp í 80 ár og ég liti það einhverjum sérstökum öfundaraugum að draga þessa línu yfir 70 ár. Ég lít það ekki öfundaraugum. Ég sé hins vegar misréttið sem kemur upp þegar menn sem teljast hátekjumenn í þjóðfélagi okkar geta jafnframt tekið fullar greiðslur frá Tryggingastofnun. Þannig hefur tryggingakerfið ekki verið byggt upp á undanförnum árum. Við höfum byggt það upp þannig að þeir sem hefðu meira handa á milli yrðu að sætta sig við að þola skerðingar. Áður var skerðingarreglan 67% hjá Tryggingastofnun, var fyrir nokkrum árum lækkuð niður í 45% og þá héldu eldri borgarar að þeir væru að bæta kjör sín verulega. En bótin týndist á 2–3 árum. Hvar týndist hún? Í lækkuðum skattleysismörkum. Menn fundu ekki þessa krónutölu sem þeir héldu að þeir fengju í budduna vegna þess að skattleysismörkin voru látin síga, persónuafslátturinn seig, og þar af leiðandi hvarf þessi mismunur á milli 45% og 67%. Ég hef oft spurt eldri borgara hvort þeir hafi ekki átt góð ár eftir að 67% reglan var færð niður í 45%. Það kannast eiginlega enginn við það enda er það rétt hjá þeim. Sá mismunur hvarf mjög fljótlega.

Hæstv. forseti. Ég fer ekki ofan af því að það þarf að horfa á þessi mál í heild sinni og af því að tilgangurinn hingað til hefur verið sá að reyna að bæta kjör þeirra sem lægstar hafa tekjurnar en ekki endilega færa þeim 1,3 millj. sem hafa 15 millj. í tekjur eins og við munum gera með þeim lögum sem hér á að samþykkja. Þar finnst mér öfugt farið að. Ég verð bara að segja það alveg eins og er, mér finnst öfugt farið að. Ég hefði talið að við ættum að halda okkur við þau markmið að útfæra þessar tekjutengingar þannig að þeir sem betur eru settir þurfi betur að þola þær en ekki hinir sem ekki hafa nægilegt sér til framleiðslu, ekki nægilegt til hnífs og skeiðar. Þegar maður stendur uppi með þá fullyrðingu hv. þingmanns að aldrei hafi staðið til

að þetta verk yrði til jöfnuðar þarf maður svo sem ekkert að rífast um það. Þá vilja menn bara gera þetta svona.

[14:45]

Frsm. meiri hluta heilbrn. (Pétur H. Blöndal) (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þingmaður talar um að auka eigi jöfnuð í kerfinu.

Samt sem áður stendur hann að tillögu og skrifar undir, með leyfi frú forseta:

„Guðjón A. Kristjánsson, áheyrnarfulltrúi í nefndinni, er samþykkur áliti þessu."

Þetta stendur í þskj. 32 sem er nefndarálit minni hluta hv. heilbrigðisnefndar. Hann er sem sagt samþykkur því að fyrstu 80 þúsund krónurnar á mánuði skerði ekki bætur hjá öryrkjum, hjá 67 ára og eldri, öldruðum, þ.e. að maður sem ekki getur unnið og er í sambúð, fær 103 þús. kr. úr Tryggingastofnun og er ekki með neitt annað, kunningi hans sem er nákvæmlega eins settur, er í sambúð með 103 þús. kr. úr Tryggingastofnun og er ekki með neitt úr lífeyrissjóði en getur unnið, hann má hafa 80 þús. kr. í laun og hafa það sama hjá Tryggingastofnun og hinn. (**GAK:** Í dag er það 25 þús. kr.) Þetta er ekki jöfnuður. (**GAK:** Til upplýsingar fyrir þig, þú settir sjálfur ...) Þetta er ekki jöfnuður, frú forseti, sem hv. þingmaður stendur að sjálfur. Hann er ekki að jafna kjörin.

Svo hefur hann auk þess lagt til í ræðu sinni að frítekjumark væri sett á lífeyristekjur frá lífeyrissjóðunum. Það er heldur ekki jöfnuður. Þeir sem hafa ekkert úr lífeyrissjóðum njóta þess í engu og það er fólkið sem verst er sett. Þeir sem hafa háar lífeyristekjur fá út úr þessu 10 þúsundkall ef miðað er við 25 þús. kr. frítekjumark og skerðingarstuðul.

Hvorug þessara tillagna sem hv. þingmaður hefur rætt um er til jöfnunar því að sá sem hefur 200 þús. kr. úr lífeyrissjóði mundi njóta 25 þús. kr. frítekjumarks. (**GAK:** Farðu í guðs friði, Pétur minn.)

[14:48]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Svo virðist vera sem aðkoma stjórnarflokkanna sé með mjög misjöfnum hætti að þeim tillögum sem liggja fyrir. Þannig sagði hv. þm. Ellert B. Schram að Samfylkingin styðji jöfnuð og réttlæti og þess vegna byggðist stuðningur hans við frumvarpið á þeim grundvelli.

Síðan kemur hv. þm. Pétur Blöndal og segir að tillagan sé sett fram til að nýta þrek aldraðra þjóðfélaginu til góðs en sé ekki til jafnaðar.

Hann endurtekur síðan og segir, með leyfi forseta:

„Það stóð ekki til að gagnast þeim sem verst eru settir."

Það er að segja, þessi tillaga er ekki sett fram til þess að tryggja jöfnuð í þjóðfélaginu, ekki sett fram til að auka jöfnuð í þjóðfélaginu, þetta er ekki tillaga til að auka velferð eða tillaga í anda þess grunns þeirra hugmynda þess velferðarkerfis sem við settum og byggðum upp.

Af því að hv. þm. Pétur Blöndal vísaði til þess sem járnkanslarinn Otto von Bismarck gerði á sínum tíma, að vísu með tilliti til þess hvaða aldursmörk voru sett, er kannski vert að vekja athygli á því að þær hugmyndir sem þá lágu að baki þeim takmörkuðu tryggingum sem settar voru urðu til þess að tryggja þeim sem verst voru settir í því þjóðfélagi bættan hag til að auka jöfnuð í þjóðfélaginu.

Almennt séð byggjum við upp velferðarkerfi og höfum velferðarkerfi ekki til þess að auka millifærslur í þjóðfélaginu millifærslnanna vegna heldur til þess að færa fjármuni til þeirra sem hafa lakari kjör frá þeim sem hafa það betra. Þannig hefur velferðarþjóðfélag verið byggt upp, með skattkerfi og millifærslum til þeirra sem hafa lakari kjör. Einhvern veginn hefur þetta borið allt að með einstaklega sérkennilegum hætti og skekkst þannig, bæði skattkerfi og millifærslukerfi innan velferðarkerfisins, að ekki er um jöfnuð að ræða. Það er ekki réttlæti eins og komið hefur fram sérstaklega í máli hv. þingmanna Guðjóns Arnars Kristjánssonar og Álfheiðar Ingadóttur í ræðum þeirra um frumvarpið fyrr í dag.

Velferðarkerfi á að byggja upp fyrir þá sem á þurfa að halda til að auka jöfnuð í þjóðfélagi. Það sem við erum horfa á hér er ekki tillaga í samræmi við eða að hún hafi nokkra þýðingu varðandi velferðarkerfið og hefur enga þýðingu hvað varðar jöfnuð.

Mér brá svolítið við þegar ég hlustaði á hv. þm. Pétur Blöndal þegar hann lýsti því svo afdráttarlaust yfir að hér væri ekki um tillögu að ræða til að auka jöfnuð í þjóðfélaginu. Mér varð á að fara og skoða betur það álit sem meiri hlutinn leggur fram og sá að þetta var rétt hjá hv. þingmanni, að hvergi er vikið að því að tillagan sé til þess að auka jöfnuð í þjóðfélaginu. Ég skoðaði þá næst stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í málinu þar sem fjallað er um bættan hag aldraðra og öryrkja og kom í ljós líka það sama, að ekki er verið að miða við aukinn jöfnuð í þjóðfélaginu. Svo virðist því sem stuðningur hv. þm. Ellerts B. Schrams við frumvarpið sé byggður á fölskum forsendum því að stuðningur hans var, eins og hann sagði áðan, byggður á því að hann vildi auka jöfnuð í þjóðfélaginu, sem ekki er stefnt að.

Það sem mér fannst mjög sérkennilegt og mjög athyglisvert við það sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði var að tillagan er til að nýta þrek aldraðra í þjóðfélaginu. Ég verð að segja að mér fundust þessi orð vera nokkuð kaldranaleg í garð þessa hóps. Það var ekki spurningin um að bæta hag fólksins (Gripið fram í.) heldur að nýta þrek þeirra. (**PHB:** Þeir geta stundað vinnu.) Það var eins og gamall kommisar úr Sovétríkjunum væri að tala um hvernig mætti ná fram sem mestu út úr þjóðfélagsborgurunum. Mér fannst þetta óviðurkvæmilegt, ég verð að segja það.

Sjálfur hef ég eindregið verið þeirrar skoðunar að miklu máli skipti að við tækjum upp þá stefnu að hafa frítekjumark fyrir aldraða og öryrkja. Ég held því fram að við eigum að gera það en við eigum ekki að káka í málum með þeim hætti sem hér er verið að gera. Við eigum að gera það fyrst og fremst til að bæta lífskjör þessara hópa og til að auka jöfnuð í þjóðfélaginu. Það eiga að vera þær forsendur sem við byggjum á. Frítekjumark kostar ríkið ákaflega lítið ef nokkuð. Það getur jafnvel orðið til þess að auka tekjur ríkisins fyrir utan að það getur skilað okkur og fært okkur ánægðari og sælli þjóðfélagsborgara sem nýta og njóta þess betur að vera til og starfa í þjóðfélaginu. Það er það sem við eigum að stefna að, að auka lífshamingju auk þess sem við bætum hag þeirra sem þar er um að ræða. Á þann hátt vil ég starfa og ég vil leggja upp með slíka hluti.

Til að fara af stað með frítekjumark hefðum við þurft að

fóta okkur og feta okkur hægt áfram. Við hefðum þurft að byrja með því að ákveða tölu, eins og t.d. lagt er til í tillögu minni hluta nefndarinnar, jafnvel u.þ.b. 1 milljón á ári sem væri frítekjumark bæði fyrir aldraða og öryrkja. Af hverju? Til að sjá hvernig sú breyting kæmi út í þjóðfélaginu.

Ég held því fram að hækka megi slíkt frítekjumark og væri það til góðs. Þegar verið er að taka upp breytta aðferðafræði er skynsamlegt að feta sig hægt áfram, skoða og sjá hvaða þjóðfélagsbreytingar það hefur í för með sér. Það að taka upp frítekjumark þar sem öldruðum og öryrkjum er gefinn kostur á að starfa án þess að það leiði til skerðingar bóta af hálfu ríkisins er af hinu góða og eins og ég sagði áðan til þess fallið að auka lífshamingju og bæta lífskjör. Það er ekki til þess að nýta þrek aldraðra í þjóðfélaginu þjóðfélagsins vegna heldur er það að mínu mati, öfugt við það sem hv. þm. Pétur Blöndal sagði, til að bæta hag þessara hópa. Þarna er meginmunur á milli þess sem ég verð að segja stjórnlyndra skoðana, eins og komu fram hjá hv. þm. Pétri Blöndal, og þeirra sem hafa frjálslynd þjóðfélagsleg viðhorf um hvernig við eigum að auka jöfnuð í þjóðfélaginu og gera hlutina á þann hátt að það gagnist sem flestum sem á þurfa að halda.

Velferðarkerfi á ekki að vera eingöngu velferðarkerfisins vegna til millifærslu fjármuna heldur útbúið með þeim hætti að það gagnist þeim sem á þurfa að halda til að tryggja jöfnuð í þjóðfélaginu, það er það sem er forsendan. Sú tillaga sem liggur fyrir er ekki til þess fallin að auka jöfnuð í þjóðfélaginu, þvert á móti eykur hún á óréttlæti gagnvart ýmsum. Þess vegna er útilokað annað fyrir alla þá sem unna jöfnuði og vilja vinna að raunverulegum umbótum fyrir hagsmuni aldraðra og öryrkja að greiða atkvæði gegn frumvarpinu og standa gegn því að öllu leyti.

Ég vil taka fram annað atriði varðandi þessi mál. Það hefði verið æskilegt að fyrst ríkisstjórnin er að leggja fram hugmyndir sem þessar hefði hún átt að gera það heildstætt, lagt fram heildstæðar hugmyndir varðandi aldraða og öryrkja og þá ekki bara aldurshópinn yfir 70 ára heldur frá 67 ára aldri. Ef það er hugmynd og hugsun að breyta viðmiðunaraldrinum hvað snertir aldraða úr 67 í eitthvað hærra væri æskilegt að það lægi fyrir. Taka ætti hagsmuni þessara hópa, aldraðra og öryrkja, saman og móta samræmdar tillögur. Það á ekki að taka út úr ákveðinn hóp, eins og hér er verið að gera, það er röng aðferðafræði.

[14:57]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Virðulegur forseti. Umræðurnar í dag hafa verið afskaplega afhjúpandi að tvennu leyti. Í fyrsta lagi hefur verið upplýst að í gildi er varðandi afstöðuna til velferðarkerfisins óbreytt og sú sama stjórnarstefna og hér hefur verið við lýði undangengin ár. Það stóð aldrei til að jafna með þessu frumvarpi, sagði hv. þingmaður og talsmaður meiri hluta heilbrigðisnefndar, hv. þm. Pétur H. Blöndal. Það er sama gamla lagið, það á að bæta kjör sumra. Hverjir skyldu þessir sumir vera? Jú, það eru þeir sem mest hafa handa á milli, við þekkjum alveg fingraför síðustu ríkisstjórnar og hvert hún hefur leitt. Til aukins ójafnaðar í samfélaginu, til vaxandi misskiptingar.

Það hefur líka verið mjög afhjúpandi að hlusta á það hversu gjörólík viðhorfin eru til skattkerfisins og almannatryggingakerfisins. Sú hugsjón að nota skattkerfið og tryggingakerfið er ómöguleg að mati hv. þm. Péturs H. Blöndals vegna þess að hún sækir eitthvað aftur í aldir, hún er gömul. Ja, hvað skyldi nú Biblían vera í huga þessa ágæta hv. þingmanns, frú forseti, ef 100, 200 ára gömul plögg eru orðin ónýt?

Við vinstri græn teljum það beinlínis hlutverk okkar að nýta skattkerfið og tryggingakerfið til að jafna kjörin í landinu. Þess vegna höfum við bent á að með þessu frumvarpi er verið að auka á ójöfnuð, það er verið að deila og drottna. Verið er að búa til sérstakan hóp í þjóðfélaginu og auðvitað er það ekki gert nema á kostnað einhverra annarra. Menn skulu átta sig á því að þegar teknar eru, þó að það séu ekki nema 600, 700 millj. kr. út úr almannatryggingakerfinu til að setja í pott handa tilteknum hópi þá er verið að taka þá fjármuni af öðrum.

Það var athyglisvert að heyra að hv. þm. Pétur Blöndal sér aðeins jöfnuð í tryggingakerfinu með 100% skerðingu. Eina leiðin til að jafna í þessu kerfi, sagði hv. þingmaður, er að skerða 100%. Ég held að nær væri, frú forseti, að strika yfir svo sem eins og 60% af þeim skerðingum á einu bretti og fara þá leið sem við erum að fara, minni hluti heilbrigðisnefndar, að jafna kjör, að bæta kjör þeirra sem almennt eru verst settir í samfélaginu.

Það er ekki aðeins að umræðan hafi verið afhjúpandi hvað varðar afstöðu ríkisstjórnarinnar sem heildar og hv. þm. Péturs H. Blöndals, það hefur verið mjög afhjúpandi að lengst af umræðunni hafa engir fulltrúar Samfylkingarinnar verið í salnum og eru nú liðnar tvær og hálf mínúta síðan einn slíkur kom hér í salinn og veri hann velkominn. Hér hefur aðeins einn þingmaður Samfylkingarinnar tekið til máls, hv. þm. Ellert B. Schram. Hann sagði að hér hefði verið um samkomulag að ræða. Hann ætlaði að styðja þetta vegna þess að þetta væri til jafnaðar eins og bent hefur verið á. Hann sagði líka að þetta hefði verið samkomulag. Það er kannski skýringin á því að samfylkingarmenn láta ekki sjá sig í salnum, þora ekki að kannast við þetta. Hv. þm. Ellert B. Schram kom ekki með neinar skýringar á því af hverju þeir sem eru 70 ára og eldri eiga skilið eða þurfa frekar á að halda, skulum við segja, þeim 600, 700 millj. kr. sem hér er um að ræða en þeir sem eru 67–70 ára, eða þá öryrkjar.

Við erum að tala um að horfa á þá sem njóta lífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins sem einn hóp og tryggja stöðu þeirra sem verst eru settir í þeim hópi, ekki þeirra sem best eru settir, þeirra sem hafa hæst eftirlaunin og hæstu tekjurnar, því að það er það sem verið er að gera með frumvarpinu. Ég vænti þess að Samfylkingin láti sjá sig hér í þessum ræðustól fyrst þeir eru komnir í þingsal, a.m.k. einn hv. þingmaður þeirra.

Velferðarkerfið okkar er komið að fótum fram. Ríkisstjórn undir forustu Sjálfstæðisflokks undangengin 16 ár er auðvitað ástæðan fyrir því. Það er ömurlegt til þess að vita, hæstv. forseti, að Samfylkingin skuli ganga þeirra erinda og það skuli vera fyrstu verk þess flokks á sínum fyrstu dögum í ríkisstjórn á Íslandi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[15:04]

Útbýting:

Viðaukasamningur um álbræðslu við Straumsvík, 13. mál, nál. meiri hluta iðnn., þskj. 34.

Aðgerðaáætlun til að styrkja stöðu barna og ungmenna, síðari umr.

Stjtill., 12. mál. — Þskj. 16, nál. 27.

[15:04]

Frsm. fél.- og trn. (Guðbjartur Hannesson) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti félags- og tryggingamálanefndar um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna.

Eins og fram kemur í nefndarálitinu kallaði nefndin til fjölmarga aðila til að fara yfir þessa þingsályktunartillögu, fyrst og fremst til að leita álits þeirra og fá hugmyndir og ábendingar um með hvaða hætti hægt væri að fjalla um þau mál sem koma fram í tillögunni, vitandi þó að þetta er þingsályktunartillaga sem er fyrst og fremst um það að setja mál í ákveðinn farveg. Þetta eru mál sem fara til ráðuneyta til frekari skoðunar og koma þar af leiðandi á síðari stigum aftur inn í þingið eftir umfjöllun þar.

Meginhugmyndin á bak við þessa þingsályktunartillögu er að skapa samráðshóp undir forustu félagsmálaráðherra, þar eru fulltrúar ráðuneyta, þar sem sameinast er um aðgerðaáætlun í fjölmörgum málaflokkum og eru tilgreindir átta kaflar í aðgerðaáætluninni. Þegar fjallað var um þingsályktunartillöguna var ákveðið að breyta ekki texta í tillögunni heldur bæta við og koma með ábendingar, umsagnir og tillögur um með hvaða hætti skoða ætti málin í framhaldinu.

Ef ég fer yfir nefndarálitið, ég ætla ekki að lesa það upp í öllum atriðum heldur skoða hvern kafla fyrir sig, þá er í fyrsta lagi fjallað um hverjir komu til máls við nefndina og hvað gögn bárust, m.a. frá SÁÁ, Lýðheilsustöð og fleiri aðilum. Næst er fjallað, eins og ég sagði, um samráðshópinn og síðan er kafli sem ég ætla að lesa úr nefndarálitinu:

„Helstu atriði sem lögð er áhersla á samkvæmt tillögunni eru bætt afkoma barnafjölskyldna, m.a. með hækkun barnabóta tekjulágra fjölskyldna, lenging fæðingarorlofs og stuðningur við foreldra í uppeldisstarfi, forvarnaaðgerðir með aukinni hreyfingu og hollari næringu annars vegar og aðgerðir gegn reykingum, áfengisneyslu og ólöglegri fíkniefnaneyslu hins vegar, aðgerðir í þágu barna og ungmenna með þroskafrávik og geðraskanir, sem og langveikra barna, aðgerðir í þágu barna og ungmenna með hegðunarerfiðleika og sem eiga við vímuefnavanda að etja, aðgerðir sem vernda börn og ungmenni gegn kynferðisbrotum og aðgerðir til að styrkja stöðu barna innflytjenda."

Þetta gefur innsýn í það hversu stór málaflokkur það er sem þarna er lagður undir, mörg mál, og öflug aðgerðaáætlun sem verið er að leggja fram.

Svo segir:

„Nefndin fagnar tillögunni og telur hana vera mikilvægan áfanga á þeirri leið að bæta og styrkja markvisst stöðu barna og ungmenna."

Það er ítrekað í nefndarálitinu, sem okkur fannst mikilvægt að taka sérstaklega fram, að þar sem verið er að ræða um börn og foreldra er auðvitað átt við öll börn og ungmenni. Þar er verið að tala um fötluð börn, börn óháð búsetu og þjóðfélagsstöðu, börn innflytjenda, bara til að segja það sérstaklega í álitinu, þannig að ekki fari á milli mála að ákvæðin sem þarna eru gilda um öll börn.

Á það er líka bent í nefndarálitinu að nefndin telur efnisatriði tillögunnar vera forgangsverkefni á sviði velferðar í landinu og telur mikilvægt að við framkvæmd hennar verði horft til nágrannaþjóðanna í sambandi við framkvæmdina.

Þá er í nefndarálitinu ítrekað að nefndin telur mikilvægt að leitað verði leiða til að sporna við fátækt og sérstaklega neikvæðum áhrifum hennar á andlega og líkamlega líðan barna og aðgengi að þjónustu. Við viðurkennum að tryggja þurfi að börn óháð efnahag hafi aðgengi að þjónustu og að þeim sé á engan hátt mismunað í okkar ágæta samfélagi. Það er bent sérstaklega á hópa sem huga þarf að, eins og einstæða foreldra og meðlagsgreiðendur, til að tryggja að þeir verði ekki fátæktinni að bráð. Eins er bent á vandamál tengd húsnæðisvanda sem þarf að berjast gegn.

Á bls. 2 í nefndarálitinu er fjallað um fæðingarorlofið og lengingu þess og ítrekað mikilvægi þess að brúa bilið frá fæðingarorlofi þar til dagvistarúrræði taka við og bent á að taka þurfi bæði umgengnis- og forsjármálin til sérstakrar skoðunar með hliðsjón af rétti barna til að njóta samvista við báða foreldra. Það kom ítrekað fram í umræðunni í nefndinni eins og hafði komið fram áður í þinginu að þar sem fjallað er um fæðingarorlof er ekki verið að tala um einhverjar tilfærslur heldur bókstaflega viðbætur í sambandi við fæðingarorlofið.

Næst er í álitinu fjallað um forvarnir og þá er sérstaklega talað um tannverndina og ítrekað að það þurfi að tryggja að tannverndin nái til allra. Nefndin fékk ágæta heimsókn þar sem kynnt var hver staðan væri gagnvart tannvernd og þess vegna kemur fram í nefndarálitinu sú skoðun að leita þurfi leiða til að ná til allra barna hvað varðar skipulagt eftirlit og m.a. var rætt um hvort taka ætti upp skólatannlækningar en það varð ekki niðurstaðan að stinga upp á því heldur sérstakri skipulagðri skoðun eða eftirliti með tannheilsu í tengslum við skólana vitandi að þar höfum við öll börnin og getum með þeim hætti náð til þeirra allra í sambandi við að skoða ástandið og fylgja því eftir með skipulegum hætti.

Þar á eftir er fjallað um stöðu barna og unglinga, og sérstaklega unglinga, varðandi nám í framhaldsskólum og hvernig áhrif búseta getur haft á aðgengi og kostnað í sambandi við framhaldsnám. Nefndin telur mikilvægt að því verði fylgt eftir að hugað verði að atriðum varðandi námskostnað í þéttbýli annars vegar og dreifbýli hins vegar og sá kostnaður jafnaður.

Þá er nefnt brottfall úr framhaldsskólum og að huga þurfi að því í sambandi við umfjöllun um aðgerðaáætlunina. Nefnd er staða drengja sem hefur verið töluvert til umræðu þar sem það kemur fram í mörgum skýrslum að staða drengja er oft verri en stúlkna og brottfallið meira o.s.frv.

Þá er ítrekað að auk íþrótta- og félagsstarfs sem nefnt er í tillögunni þurfi að huga að listnámi, þar með talið tónlistarnámi unglinga, og öllu uppbyggilegu tómstundastarfi

ekki hvað síst á vegum sveitarfélaganna og stofnana sem sveitarfélög reka, það er ekki bara horft til frjálsra félaga. Þarna er aftur ítrekað að huga þarf að þessari þjónustu til að tryggja að börn eigi aðgang að henni óháð efnahag og að huga þurfi sérstaklega að þátttöku barna innflytjenda í sambandi við slíkt starf.

Svo kemur kafli í nefndarálitinu sem fjallar um aðgerðir til að vinna á biðlistum eftir þjónustu barna- og unglingageðdeildar og Greiningar- og ráðgjafarstöðvar og er þeim áformum fagnað og mikilvægt talið að fylgja þeim eftir.

Síðan kemur hefðbundinn kafli sem fjallar um kostnað og kostnaðarskiptingu þar sem minnt er á þá sjálfsögðu hluti að auðvitað þurfi að fylgja öllum tillögum varðandi framkvæmd áætlunarinnar ítarlegt kostnaðarmat og það þurfi að sjálfsögðu að vinnast í samráði við sveitarfélög og aðila vinnumarkaðarins og einstakar stofnanir og félög sem tillögurnar fjalla um, þ.e. þingsályktunartillagan og aðgerðaáætlunin.

Þarna er aðeins fjallað um innflytjendur, þ.e. það er heill kafli í þingsályktunartillögunni en það er smákafli í nefndarálitinu, til að skerpa á því að muna eftir að virða og leyfa innflytjendum sem hafa annað móðurmál en íslensku að njóta þess og að halda í kunnáttu á sínu máli. Það er þannig í dag að ekki er mikið um slíka þjónustu við börn, þ.e. að viðhalda þekkingu þeirra á þeirra eigin móðurmáli. Það þarf að huga að því en ekki síður að í framhaldsskólakerfinu, í valkerfinu í skólunum, verði metin til eininga kunnátta þeirra í þeirra eigin tungumáli, líkt og gert er með ákveðin tungumál eins og þýsku og ég nefndi rússnesku í umræðunni um þetta. Það eru til skólar sem bjóða upp á kennslu í slíku og auðvitað njóta þeir krakkar sem koma frá þeim löndum kunnáttu sinnar. En ef við tökum mál eins og pólsku og Asíumálin þá hafa menn ekki leyft þessum einstaklingum að njóta þess að þeir kunna þessi tungumál og þau eru ekki metin. Þarna er smákafli til að minna á þetta til að halda því til haga að það þarf að sinna þessu.

Í lokin er ítrekað að þó að þetta sé ítarleg aðgerðaáætlun um að styrkja stöðu barna og ungmenna þá er henni í sjálfu sér á engan hátt ætlað að rýra hlutverk foreldra í sambandi við uppeldi. Auðvitað verður það áfram að grunninum til á ábyrgð foreldra og skiptir gríðarlegu miklu máli að það sé vel unnið, enda er sérstakur kafli í aðgerðaáætluninni um að styðja foreldra í uppeldishlutverkinu. Þar er talað um námskeið í foreldrafærni sem er byggt á ákveðinni reynslu, m.a. frá Reykjanesbæ og Hafnarfirði þar sem eru tvær ólíkar aðferðir við slíka foreldrafræðslu. Það er líka hægt að sækja fyrirmyndir erlendis frá um foreldrafærni sem þarna er verið að tala um, ekki síst í sambandi við ákveðna áfanga í lífinu, svo sem fyrsta barn og þegar börn fara á milli stiga eins og í grunnskóla eða í framhaldsskóla.

Þetta eru niðurstöðurnar. Það var auðvitað mjög lífleg og góð umræða í nefndinni og ég þakka samnefndarmönnum sérstaklega fyrir það að hafa af lipurð og dugnaði reynt að hjálpa okkur að ljúka þessari vinnu því að þetta er auðvitað umfangsmikið mál.

Allir nefndarmenn skrifa undir nefndarálitið, að vísu þrír með fyrirvara. Ég vona að við náum breiðri samstöðu um nefndarálitið og að því verði fylgt vel eftir. Ég veit að málið er í góðum höndum þannig að við eigum vonandi eftir að sjá árangurinn af þessari stórmerkilegu tillögu sem komin er fram með litlum fyrirvara. Við gerum okkur fyllilega grein fyrir því að auðvitað eru mörg mál sem ekki eru þarna inni en verður að sjálfsögðu fylgt eftir, bæði varðandi málefni fatlaðra og eins menntamálin, en það var nefnd ýmisleg vinna sem er í gangi nú þegar hjá ráðuneytunum og hún kemur að sjálfsögðu inn í þetta á síðari stigum.

Ég hef nú gert grein fyrir nefndarálitinu og nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Undir nefndarálitið rita Guðbjartur Hannesson formaður, Ármann Kr. Ólafsson, Ásta R. Jóhannesdóttir, Árni Johnsen, Pétur H. Blöndal og Jón Gunnarsson.

Álfheiður Ingadóttir, Höskuldur Þórhallsson og Kristinn H. Gunnarsson skrifa undir álitið með fyrirvara.

[15:17]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Ég þakka formanni félags- og tryggingamálanefndar ágæta yfirferð yfir nefndarálitið sem ég eins og fram kemur skrifa undir með fyrirvara. Ég gerði við 1. umr. grein fyrir viðhorfi okkar vinstri grænna til þeirrar aðgerðaáætlunar sem hér liggur fyrir á þingskjali 16 og ætlað er að styrkja stöðu barna og ungmenna. Þetta er góð áætlun um mikilvæg verkefni svo langt sem hún nær. Ljóst er að hæstv. félagsmálaráðherra á eftir að sækja fé til allra þeirra þátta sem þar eru nefndir í hendur ráðherra Sjálfstæðisflokksins, í hendur ráðherra heilbrigðismála, menntamála og ekki síst í hendur fjármálaráðherra. En öllum þessum stóru ráðuneytum sem mikið og mjög koma að í þessari áætlun stýrir Sjálfstæðisflokkurinn svo sem kunnugt er.

Orð Einars Odds Kristjánssonar hv. þingmanns við 1. umr. hér og yfirlýsing hans um það að hann styddi ekki þá þingsályktunartillögu sem hér liggur fyrir sýna að það verður ekki einfalt mál fyrir hæstv. félagsmálaráðherra að sækja fjárveitingar í þessu skyni. Þetta er í raun ítrekað í nefndarálitinu sem hér liggur fyrir. Í þriðju síðustu málsgrein segir, með leyfi forseta:

„Nefndin bendir á mikilvægi þess að þeim lagafrumvörpum og tillögum sem lögð verða fram í kjölfar samþykktar tillögunnar fylgi ítarlegt kostnaðarmat. Þá bendir nefndin á að horfa þurfi til afkomu ríkissjóðs og efnahagslífsins í heild við framkvæmd þeirra aðgerða sem tillagan felur í sér.“

Þetta voru einmitt þau viðvörunarorð sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson tók til umræðu og taldi reyndar að þessi þingsályktun bæri vott um lausagang í fjármálum ríkisins, sem honum þótti mjög slæmt enda útlitið í efnahagsmálum þjóðarinnar svart um þessar mundir og tæpast tilefni til þess að fara í þær aðgerðir sem raktar eru í þingsályktunartillögunni og óþarft, að hans mati.

Frú forseti. Eins og hv. formaður nefndarinnar rakti komu fjölmargir gestir á fund nefndarinnar. Mér telst svo til að þeir hafi verið nítján talsins á þremur og hálfri klukkustund. Það var vissulega mjög ánægjulegt að hitta allt þetta góða fólk og hlýða á það sem það hafði fram að færa, bæði ábendingar og athugasemdir, svona eftir tilefni. En það var svolítið dapurlegt að verða vitni að þeirri hraðferð, því óðagoti, sem er á málsmeðferðinni. Það endurspeglast í því að þingályktunartillagan er lögð fram algjörlega óbreytt og

niðurstaða formanns nefndarinnar og meiri hluta nefndarinnar var að það væru ekki efni eða aðstæður til þess að gera beinar breytingartillögur við þingsályktunartillöguna. Þess í stað var farin sú leið, í nokkuð ítarlegu nefndaráliti, að benda á, væntanlega til að bæta í, þann pakka sem á að koma síðan til frekari skoðunar í ráðuneytum, eins og hv. formaður félags- og tryggingamálanefndar nefndi áðan.

Ég vona, frú forseti, að þetta séu nokkuð óvenjuleg vinnubrögð. Ég held að það hafi ekki bara verið óþægilegt fyrir mig sem nefndarmann heldur einnig fyrir gestina sem þar komu að átta sig á því hve lítinn tíma þingið og nefndin gaf sér til þess að hlýða á það sem þetta ágæta fólk hafði fram að færa og eins að ekki yrði tekið beint tillit til þess sem þar var lagt fram. En í nefndarálitinu koma fram nokkur ný áhersluatriði sem hv. formaður nefndarinnar rakti áðan. Ég ætla að leyfa mér, frú forseti, að tæpa aðeins á þeim.

Þar er fyrst til að telja að á fyrstu síðu nefndarálitsins er tekið fram að nefndin telji mikilvægt að allra leiða verði leitað til að sporna við fátækt. Mér telst svo til að í neðstu málsgrein bls. 1 komi þrisvar eða fjórum sinnum fyrir orðið fátækt. En í fyrri umr. um málið benti ég á hve mikilvægt það væri að viðurkenna að fátækt er staðreynd á Íslandi og hefur mjög alvarleg áhrif á andlega og líkamlega líðan barna. Niðurstöðu nefndarinnar sem þarna kemur fram tel ég því mjög mikilvæga því að í tillögunni sem slíkri er ekki um þetta fjallað heldur talað um bágan efnahag, að mig minnir. Þetta er þó ekki allsendis rétt orðalag hjá mér, frú forseti.

Í öðru lagi er, eins og formaður nefndarinnar hv. nefndi, minnt á meðlagsgreiðendur, á börn fíkla og einnig á húsnæðismál, á húsnæðisvanda fátækra barnafjölskyldna. Nefndin hvetur til þess að hann verði skoðaður sérstaklega í aðgerðum til að sporna við fátækt.

Í umræðum í nefndinni kom fram það mat fulltrúa Alþýðusambands Íslands, sem kom fyrir nefndina, að húsnæðismál væru í öngstræti og mikilvægt væri að efla félagslega íbúðakerfið. Í því efni vil ég minna á umræður sem nú eru uppi um Íbúðalánasjóð og vara sterklega við atlögu markaðsaflanna, sem nú stendur fyrir dyrum, að Íbúðalánasjóði en um hana má sjá merki um á forsíðu Morgunblaðsins í dag. Það þarf að vera samtaka í að hrinda þeirri atlögu. Íbúðalánasjóður með öllum sínum kostum og göllum er bjarghringur fyrir þær fjölskyldur sem versta aðstöðu hafa til að afla sér húsnæðis og sérstaklega er hann mikilvægur á landsbyggðinni.

Til viðbótar þessu er í nefndarálitinu ítrekað minnt á að brúa bilið frá fæðingarorlofi þar til dagvistarúrræði taka við og þarf, að mati nefndarinnar, að taka umgengnis- og forsjármál til sérstakrar skoðunar.

Það veldur mér nokkrum vonbrigðum, sem er ein ástæðan fyrir því að ég skrifa undir þetta nefndarálit með fyrirvara, að ekki hefur verið tekið nógsamlega inn í nefndarálitið hve mikil nauðsyn er að endurskoða lögin um fæðingarorlof. Það er auðvitað mjög brýnt að lengja fæðingarorlof og mikilvægt, sem fram hefur komið, að þar er verið að hugsa um viðbótarfjármagn. En það þarf að auka sveigjanleika í fæðingarorlofinu, sérstaklega gagnvart námsmönnum. Eins og kerfið er í dag þá felst í því það sem fulltrúi Alþýðusambands Íslands kallaði óþolandi mismunun, þ.e. að foreldrar á almennum markaði eiga ekki kost á því eins og opinberir starfsmenn að reikna sér orlof ofan á fæðingarorlofið, sem þýðir í reynd að foreldrar á almenna vinnumarkaðnum fá fæðingarorlof sem er fjórum vikum styttra en orlof opinberra starfsmanna. Þetta er það sem fulltrúi ASÍ kallaði óþolandi mismunun. Ég hefði kosið að það kæmi sterkara inn í þetta nefndarálit, t.d. ábending um þörfina á að endurskoða fæðingarorlofið.

Frú forseti. Ég tel mikilvægt að í þessu nefndaráliti kemur fram að nefndin telji rétt að tekið verði til sérstakrar skoðunar skipulagt eftirlit með tannheilsu í tengslum við skólana. Það hefur mikið verið um það rætt, þau ósköp sem hér urðu þegar skólatannlækningar voru lagðar af. Með rannsóknum hefur verið sýnt fram á að tannheilsu á Íslandi, barna sérstaklega, hefur hrakað síðan. Á fund nefndarinnar kom Reynir Jónasson yfirtryggingatannlæknir. Í máli hans kom fram það mat að það hefðu verið mikil mistök að leggja niður skólatannlækningar. Með því var yfirlæknirinn ekki að segja að aðstaða eða efni væri til þess að setja upp tannlæknastóla í hverjum skóla í landinu. En að senda tannfræðinga og tannlækna inn í skólana til þess að skoða börn og vísa til tannlækna, taldi hann geta bætt árangur í tannheilsu.

Staðreyndin er sú að í rannsókn sem hann sjálfur ásamt tveimur starfsmönnum Lýðheilsustofnunar og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis gerði fyrir skömmu kemur fram að á aldursbilinu 6–17 ára voru það 14.500 börn sem ekki höfðu komið til tannlæknis í eitt ár, 5.900 börn á þessum aldri, 6–17 ára, höfðu ekki komið til tannlæknis í tvö ár og 3.500 börn sem ekki höfðu komið til tannlæknis í þrjú ár. Þarna erum við að tala um 25.000 börn af um 50.000 börnum á þessu aldursbili, ef allt er til talið, þeir sem búa í útlöndum o.s.frv.

Það var athyglisvert í þessu sambandi að hlýða á orð tryggingayfirlæknis tannlækninga í ljósi þess að fram til ársins 1993 voru tannlækningar gjaldfrjálsar eins og þær eru nú í Svíþjóð og fram hefur komið. En tannheilsa barna á Íslandi er helmingi verri en tannheilsa barna í Svíþjóð.

Tryggingayfirlæknirinn segist hafa bent á það fyrir síðustu áramót, vegna fjárlagagerðar, væntanlega fyrir árið 2008, að hann teldi þurfa 30% hækkun á fjárframlögum til Tryggingastofnunar í þennan málaflokk, tannlækningar barna, til að gjaldskrá sú sem ráðherra hefur sett næði máli gagnvart gjaldskrá sem þá var í gildi hjá tannlæknum almennt. En á þeim tíma, frú forseti, var auðvitað ekki í gildi samningur á milli tannlækna og Tryggingastofnunar.

Tryggingayfirlæknir taldi að ef sama hlutfall ætti að vera á fjárlögum og var 1992 til 1993, sem er síðasta árið sem tannlækningar barna og ungmenna voru gjaldfrjálsar eða ókeypis á Íslandi, þyrftu að koma til um 1.000 millj. kr. til viðbótar, 1 milljarður kr. En nú munu renna um 600 millj. kr. til tannlækninga barna og unglinga, sem er um helmingur þess sem fer í tannlækningar í tryggingakerfinu.

Tryggingayfirlæknir benti einnig á að þessi framlög hefðu ekki hækkað á sama hátt og aðrir flokkar almannatrygginga á sama árabili. Það hefur, ásamt stóraukinni gjaldtöku af sjúklingum og foreldrum barna sem fara með börn sín til tannlæknis, valdið því mikla misvægi sem nú stendur. Það mun því vanta um 1.000 millj. kr. til að sama

hlutfall haldist og árið 1993. Þetta vildi ég að kæmi fram, frú forseti, vegna þess að ég þekki ekki til þess að tryggingayfirlæknir hafi áður tjáð sig með þessum hætti. Ég vona að ég hafi farið rétt með allt hans mál og tel mig reyndar hafa gert það.

Ég tel mikilvægt, frú forseti, að í nefndarálitinu kemur fram ítrekun um að rétt sé að taka til sérstakrar skoðunar skipulegt eftirlit með tannheilsu í tengslum við skólana. Ég fagna því líka að í nefndarálitinu er bent á þá misskiptingu sem hefur verið eftir búsetu fyrir börn og unglinga til náms í framhaldsskólum og minni í því tilliti á stefnu Vinstri grænna um að nám í framhaldsskólum, til 18 ára aldurs í það minnsta, eigi að vera sem næst heimabyggð eða með fjarkennslu. Þar er líka minnt á hversu alvarlegt brottfallið í framhaldsskólunum er og að taka þurfi sérstaklega til umfjöllunar stöðu drengja í skólunum.

Ég fagna einnig að í nefndarálitinu er minnt á að huga þurfi að auknu aðgengi að ýmiss konar listnámi barna og unglinga, ekki aðeins íþrótta- og félagsstarfi. Það er eins og margt annað til komið í þetta nefndarálit samkvæmt ábendingum þeirra sem heimsóttu nefndina, einhverra af þeim 19 gestum sem höfðu stuttan stans hjá nefndinni en höfðu mikið fram að færa.

Ég gerði að sérstöku umtalsefni við 1. umr. það sem segir í V. kafla aðgerðaáætlunarinnar, 5. lið, um að stytta biðlista á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, t.d. með árangurstengdum samningum við tiltæka sérfræðinga með þekkingu og reynslu. Ég lagði mig eftir því, frú forseti, þegar fulltrúar Landspítalans og frá barna- og unglingageðdeild, Greiningarstöð ríkisins og landlækni voru á fundi nefndarinnar, að spyrja hvert væri álit þeirra á þessum hugmyndum sem ég tel að eigi mjög illa við í geðlækningum og geðheilbrigðissviði, þ.e. um árangurstengingu. Ég spurði líka sérstaklega eftir því hvaðan þetta ákvæði væri ættað, hvaðan það væri komið. Á fundi nefndarinnar gekkst Bragi Guðbrandsson, forstöðumaður Barnaverndarstofu, við þessum orðum og túlkaði þetta sem svo að það mætti gjarnan leita samninga við sjálfstætt starfandi sérfræðinga um tiltekinn fjölda greininga til þess að stytta þá biðlista sem nú eru eftir greiningu á Greiningarstöð ríkisins. En þar eru nú 250 börn.

Stefán Hreiðarsson, yfirlæknir á Greiningarsstöðinni, taldi að það mætti stytta þessa biðlista á tveimur árum í sérstöku átaksverkefni annars vegar og hins vegar með þremur nýjum stöðugildum sem vilyrði væri fyrir. En hann sagði að það væri ekki faglega ákjósanlegt að fara í árangurstengingu á þessu sviði.

Matthías Halldórsson landlæknir taldi að það væri erfitt að fara í árangurstengingu í geðlækningum og Magnús Pétursson á Landspítalanum taldi að það væri flókið og erfitt að fara í árangurstengingu á einu sviði. Það yrði þá að taka til allrar göngudeildarþjónustu á Landspítala. En í þessum hugmyndum er reyndar ekki um að ræða árangurstengingu á BUGL, eða barna- og unglingageðdeildinni, heldur einungis varðandi Greiningarstöð ríkisins.

Ég tel að í nefndarálitinu sé nokkur varnagli settur hvað þetta varðar í framhaldi af því sem var rætt í nefndinni. Hér er bent á að skoða þurfi hvort og með hvaða hætti sé hægt að árangurstengja starfsemi á borð við starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Nefndin bendir á að hagsmunir skjólstæðinga kerfisins þurfi ávallt að vera í fyrirrúmi þannig að full samvinna sé á milli stofnana og sérfræðinga.

Ég tel, frú forseti, mikilvægt að stíga varlega til jarðar í þessu efni og held að það geti skapað falska öryggiskennd að ætla að ráðast að þessum biðlistum með því hugarfari að því fleiri á því styttri tíma, því betra eða því meiri árangur. Ég held að það sé ekki rétt nálgun og leyfi mér að vísa til orða gesta nefndarinnar í því tilliti.

Ég vil einnig gera að umtalsefni þá miklu þörf sem er á að efla fagstéttir á geðlæknissviði og menntun, sérstaklega á sviði geðlækninga. Það þarf að taka sálfræðinga inn í kerfið á sama hátt og geðlækna til að gera það sveigjanlegra og hverfa frá þeirri gömlu hugsun að lyflækningar séu bestar í geðheilbrigðismálum. Aðrar aðferðir henta mörgum betur og þarf að taka þær inn í dæmið.

Það kom fram í máli Matthíasar Halldórssonar landlæknis að nú eru aðeins um 10 barna- og unglingageðlæknar starfandi á landinu og enginn í slíku námi. Það eru hins vegar 50 til 60 manns í fullorðinsgeðlækningum. Hann benti á að skýringanna á þessu mikla misvægi gæti verið að leita í því að í því fagi er aðeins einn aðjúnkt í Háskóla Íslands. Það vantar kennslustól í geðlækningum barna- og unglinga. Það vantar prófessora í geðlækningum barna og unglinga til þess að styrkja þetta faglega. Eitt af því sem við er að etja í þessum efnum og veldur biðlistunum er skortur á fagmenntuðu starfsfólki, svo sem geðlæknum, sálfræðingum, iðjuþjálfum og geðhjúkrunarfræðingum.

En það eru ekki aðeins þessar stéttir sem þarf að horfa til og efla menntun á þeirra sviði heldur þarf auðvitað að líta til kjara umönnunarstéttanna allra og þeirrar starfsaðstöðu sem þeim er boðin, hvort heldur er á stofnunum fyrir börn og unglinga, fyrir aldraða eða inni á sjúkrahúsunum í heild. Það hefði að mínu viti mátt koma inn í þetta nefndarálit að ósekju. Það er auðvitað undirliggjandi.

Einn fyrirvari minn byggir á því, sem er svipað og ég nefndi við fyrri umr., að það er mikilvægt að viðurkenna og horfa til þess sem sveitarfélögunum er ætlað að leggja til í þessari aðgerðaáætlun. Í nefndarálitinu er vissulega mun sterkar að orði kveðið en í ályktuninni sem slíkri en þar segir að nefndin ítreki mikilvægi þess að náið og fullt samráð verði haft við sveitarfélögin í landinu, aðila vinnumarkaðarins, einstaka stofnanir og þeim félögum sem snúa að þeim.

Þórður Skúlason, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, kom á fund nefndarinnar og upplýsti að í aðdraganda þessarar þingsályktunartillögu hefði ekki verið haft sérstaklega samband við Samband íslenskra sveitarfélaga. Hann lagði áherslu á að þar sem um væri að ræða ný verkefni tengd þessari aðgerðaáætlun eða öðrum verkefnum yrði að kostnaðargreina þau, gera um þau sérstaka samninga við sveitarfélögin og láta tekjustofna fylgja. Þetta kom til umræðu við fyrri umr. en ég tel nauðsynlegt að ítreka þetta enn og aftur vegna þess að það er nánast engin grein í þessari aðgerðaáætlun þar sem er ekki minnst á hlutverk sveitarfélaganna eða þau mikilvægu verkefni sem á þeirra borðum eru, hvort sem um er að ræða forvarnir eða eftirfylgni.

Það mætti nefna ýmislegt fleira sem hefði mátt vera í

þessu nefndaráliti og þingsályktun. Ég vænti þess að aðrir hv. nefndarmenn nefni það kannski á eftir. Ég vil að lokum segja, frú forseti, að ég styð auðvitað allar þær breytingar eða viðbætur sem hafa verið settar inn í nefndarálitið. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra félagsmála taki tillit til þeirra við frekari úrvinnslu í þessum mikilvæga málaflokki. Ég tel ljóst að við höfum fyllilega efni á að búa börnum landsins öruggt skjól þannig að þau fái sem best uppvaxtarskilyrði.

Mig langar að lokum að nefna eitt mikið áhugamál mitt, og vonandi fleiri þingmanna í þessum efnum, þ.e. hvað varðar áhrif barna í samfélaginu. Það er mikilvægt að rödd barna og ungmenna fái að heyrast og eftir því verði hlustað, ekki síst á hinu háa Alþingi, hvað þau hafa um þau mál að segja sem þeim viðkoma.

[15:44]

Ásta R. Jóhannesdóttir (Sf) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef smáathugasemd í formi andsvars við ræðu hv. þingmanns, án þess að ég ætli að gera neinar athugasemdir við málflutning hennar. Mig langar að geta þess, af því hún gerði málsmeðferðina í nefndinni að umræðuefni, að það hefur frekar verið regla en undantekning að taka marga saman inn til nefndar þegar fjallað er um svona þingmál. Ég hef t.d. setið í heilbrigðis- og tryggingananefnd í á annan áratug og þar hefur þetta viðgengist. Auðvitað vildi maður hafa sem bestan tíma með sem fæstum í einu á nefndarfundum þegar fjallað er um svona mál. En það er engin undantekning hvernig málið var tekið fyrir í nefndinni.

Vegna þess að hv. þingmaður talaði um að menn hefðu ekki viljað gera breytingar á þingsályktuninni þá eru ekki gerðar breytingar á þingsályktunum nema kannski á álitunargreinum og þá yfirleitt þegar um er að ræða þingmannamál sem koma inn í nefndina. Þá hafa nefndirnar gert breytingar en stjórnarálitanir hafa yfirleitt alltaf, svo mig rekur minni til, farið óbreyttar út úr nefnd.

Aftur á móti hafa menn komið með athugasemdir í nefndaráliti og síðan náttúrlega í ræðum í seinni umferð í þinginu. Ég vildi bara koma þessari athugasemd að, án þess að ég andmæli nokkru í ræðu hv. þingmanns.

[15:46]

Álfheiður Ingadóttir (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka þessar upplýsingar frá hv. þm. Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur. Ég vil bara að það komi skýrt fram að ég var alls ekki að kvarta undan fjölda þeirra sem heimsóttu nefndina. Það hafði meira að segja láðst að kalla til fulltrúa frá t.d. Alþjóðahúsi og reyndar líka frá BS-RB og ef til vill einhverjum fleirum. Það var nú leyst snöfurmannlega varðandi Alþjóðahúsið af hv. formanni nefndarinnar og haft samband þangað sem sýnir sig í nefndarálitinu. Ég var ekki að kvarta undan fjöldanum, það hefðu gjarnan mátt vera fleiri en það hefði líka mátt vera betri tími.

[15:47]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Ég vildi kannski bæta inn í þessa umræðu og fjalla aðeins um bæði húsnæðismál og áfengismál auk svona almennra athugasemda eða ábendinga um efni þessa máls.

Ég vil fyrst segja að mér finnst vanta verulega í þessa ályktun að þar sé getið sem skyldi þeirrar þýðingar sem breytingar á húsnæðislánakerfi hafa leitt af sér á undanförnum árum. Það kom mjög skýrt fram í máli fulltrúa einstæðra foreldra og Alþýðusambands Íslands að það þyrfti að gera átak í húsnæðismálum til þess að tryggja talsverðum hópi landsmanna aðgang að húsnæði á kjörum sem þeir réðu við. Fulltrúi Alþýðusambandsins orðaði það svo að það þyrfti að endurreisa félagslega húsnæðiskerfið.

Það féllu vissulega aðvörunarorð frá þessum aðilum sem ástæða er til að taka alvarlega, og það alvarlega að það ætti að vera gildur þáttur í þessari ályktun um aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna að setja sér markmið í þeim efnum.

Út af fyrir sig er hægt að setja á fót starfshóp um þetta mál og kanna það. Ég efa ekki að stjórnarmeirihlutinn hafi uppi áform um að slíkt verði gert. Þó hefði verið betra að menn hefðu tekið mið af þeim upplýsingum sem fyrir liggja og sett sér pólitísk markmið í þessum efnum en þau liggja því miður ekki fyrir. Mér finnst ástæða til að vekja máls á því að svo er. Það segir manni að stjórnarflokkarnir hafa ekki náð saman um markmið í húsnæðismálum til að bæta kjör láglaunafólks á Íslandi.

Það er svo sem kannski ekki við því að búast að stjórnarflokkarnir hafi ráðið fram úr öllum atriðum á örfáum vikum eftir að þeir ákváðu að starfa saman. Að sama skapi segir það líka að menn eru kannski að flýta sér býsna mikið við að knýja fram yfirlýsingu Alþingis í þessum efnum ef þeir gefa sér ekki tíma til að fara yfir og koma sér niður á pólitíska stefnumörkun í svo veigamiklum þætti sem húsnæðismál eru. Það er alveg ljóst að áætlun sem lýtur að því að bæta stöðu barna og ungmenna hlýtur að fela í sér aðgerðir sem lúta að fjölskyldum þeirra og þar með eru þá húsnæðismálin efst á baugi.

Við sjáum í upplýsingum um útgjöld heimilanna að sá kostnaðarliður í útgjöldum heimilanna sem hefur vaxið hvað mest á síðustu árum er til húsnæðismála. Það kemur fram í rannsókn Hagstofunnar sem birt var í desember sl. að hlutur húsnæðis, hita og rafmagns hafi hækkað úr 22,9% af útgjöldum heimilanna upp í 25,4%, þ.e. hækkað um 2,5 prósentustig. Það er dálítið mikil hækkun þegar þess er gætt að þarna er um að ræða meðaltalsútgjöld á þriggja ára tímabili, 2003–2005, borið saman við næstu þrjú ár á undan, þ.e. 2002–2004. Einu ári er sleppt, árinu 2002, og einu ári bætt við, 2005, og bara þessi eina breyting leiðir til þess að þessi útgjöld hækka um 2,5 prósentustig. Það bendir til þess að sjálfkrafa verði hækkun líka á næsta ári þegar árið 2006 bætist við og 2003 fellur burt úr samantektinni.

Ástæðan fyrir því að þessi hlutur vex, þessi þáttur af útgjöldum heimilanna, er einmitt sú að vaxtakostnaðurinn hefur vaxið og verðið á íbúðarhúsnæði hefur hækkað. Þessi mikla verðsprenging sem varð á höfuðborgarsvæðinu hefur leitt til þess að þessi þróun er í gangi.

Ef við skoðum greiningu á þessum kostnaði eftir búsetu og eftir félagslegri stöðu sjáum við að langhæstur er hlutur einhleypra á landinu öllu. Þar er þessi þáttur kominn í 28,3% af öllum útgjöldum. Þegar tekin eru með húsgögn og

heimilisbúnaður sem eru 6,8% sést að einhleypir verja þriðjungi tekna sinna til húsnæðismála, sem er náttúrlega býsna há tala. Einstæðir foreldrar verja 31% af útgjöldum sínum til húsnæðismála.

Ég held að það þurfi að bregðast við þeirri þróun sem er í gangi, vaxandi húsnæðiskostnaði sem er hæstur á höfuðborgarsvæðinu eins og vænta má vegna þess að þar er íbúðaverðið hæst. Þar er húsnæðisþátturinn tæp 27% af öllum útgjöldum en í dreifbýli á landsbyggðinni er það ekki nema 21%. Ég held að aðgerðaáætlun eins og þessi geti ekki annað en tekið mið af þessari þróun og að í henni verði að vera einhver stefna ríkisstjórnarinnar um það hvernig eigi að bregðast við.

Það kom fram í máli fulltrúa Alþýðusambandsins að hann taldi að það yrði að endurreisa félagslega íbúðakerfið án þess að útskýra það svo sem nánar en það hlýtur að þýða að framboð þarf að vera á húsnæði sem kostar minna á mánuði en boðið er í dag, hvort sem menn líta til leigu- eða eignarhúsnæðis.

Það er auðvitað út af fyrir sig stefna að gera það en ríkisstjórnin þarf eiginlega að svara því hvort hún vill gera þetta. Vill hún bæta kjör lágtekjufólks á Íslandi, sem er kannski sá hópur sem horft er til varðandi stöðu barna og ungmenna, með því að verja fjármagni til þess að lækka húsnæðisútgjöldin hjá þessum hópi, hvort sem það er gert með því að byggja og leigja þær íbúðir á verði sem endurspeglar byggingarkostnað en ekki markaðsverð — eins og við vitum er markaðsverð á höfuðborgarsvæðinu verulega yfir byggingarkostnaði — eða hvort leigan verður meira niðurgreidd, meira fé varið til húsaleigubóta og annars slíks? Það eru út af fyrir sig ýmis úrræði sem hægt er að nota til að lækka þennan útgjaldalið en það er alveg ljóst að það vantar hina pólitísku stefnu ríkisstjórnarinnar í þessu máli sem er langstærsti einstaki útgjaldaliður fjölskyldnanna. Aðgerðaáætlun til að styrkja stöðu barna og ungmenna og fjölskyldna þeirra getur ekki verið fullbúin nema það sé til stefna í þessu máli. Það er dálítið sláandi að svona veigamikinn þátt skuli vanta í stefnumörkunina.

Ég er ekki að segja að það sé endilega einhver frágangssök að flokkarnir hafi ekki komið sér saman um stefnu um það eftir svona skamman tíma. Ég vil þó segja að fyrst að flokkarnir lögðu af stað með þessa þingsályktunartillögu er það eiginlega frágangssök að mínu mati að skilja þennan þátt alveg eftir og svara engu um það hvort flokkarnir telja þetta yfir höfuð hluta af vandamálinu sem þurfi að glíma við, og ef svo er hvernig þeir ætli að gera það. Til dæmis er þessi liður miklu hærri en matarútgjöld. Nú er mikið talað um kostnað heimilanna af innlendum matvælum. Sá liður er ekki nema um 5% af útgjöldum heimilanna. Samfylkingin hefur lagt töluverða áherslu á umræðu um þann þátt málsins og að hægt sé að lækka þessi útgjöld með innflutningi á matvælum. Það má vel vera að það kunni að vera gerlegt að lækka þessi 5% eitthvað. Ég veit ekki hverju menn gætu hugsanlega náð, niður í 4% eða 3,5%, en það er samt ekki nema brot af hækkuninni sem varð á milli ára í húsnæðisliðnum sem var 2,5 prósentustig og verður örugglega líka önnur hækkun á næsta ári þegar árið 2006 bætist við. Það er árið með háa húsnæðisverðinu. Árið 2003 dettur út úr þessari þriggja ára viðmiðun, árið þegar húsnæðisverðið er ekki komið upp sem varð eftir að bankarnir fóru inn á íbúðalánamarkaðinn árið 2004.

Ég mundi giska á að húsnæðisliðurinn hækkaði a.m.k. jafnmikið við næstu mælingu þegar tekin verða árin 2004, 2005 og 2006 og færi þá jafnvel upp í 28% eða eitthvað slíkt. Það gæti síðan enn hækkað á næsta ári þegar tekin verða árin 2005, 2006 og 2007 vegna þess að hækkunin kemur ekki öll fram á árinu 2004. Inni í þessari þriggja ára mælingu sem hér er undir í síðustu mælingu Hagstofunnar er aðeins hálft tímabilið eftir að verðlagið tók að stíga á fasteignamarkaðnum.

Ef maður giskar á niðurstöðuna þegar allt mælingatímabilið verður farið að endurspegla hið háa íbúðaverð má leiða líkur að því að húsnæðisútgjöldin nálgist 30% af útgjöldunum en eru núna við síðustu mælingu 25,4%. Þetta er auðvitað gríðarlega stór liður og mikil hækkun.

Ég nefni þetta til að vekja menn til umhugsunar og vonandi umræðu um hvernig eigi að bregðast við sem ég held að sé fyrsta spurningin sem þarf að svara. Í öðru lagi, ef menn hafa svarað því játandi að það eigi að bregðast við til að tryggja a.m.k. tilteknum hópi aðgang að húsnæði á lægra verði en er í boði þarf að finna leiðirnar sem menn vilja fara til þess. Það er út af fyrir sig önnur umræða því að svona þingsályktunartillaga er fyrst og fremst stefnumörkun en ekki útfærsla á leiðum. Ég hefði talið eðlilegt í þessu, fyrst ákveðið var að leggja þessa þingsályktunartillögu fram, að stefna hefði verið mörkuð, að flokkarnir gætu svarað því játandi að þeir teldu ástæðu til að lækka húsnæðiskostnað lágtekjufólks.

Í öðru lagi minni ég á að tekjur fjölskyldna eru breytilegar eftir búsetu og sú þróun hefur mjög vaxið á síðustu árum. Áður fyrr, og kannski er ekki svo langt síðan svo var, voru tekjur að jafnaði hærri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu og voru fyrst og fremst bornar uppi af háum tekjum í sjávarútvegi, fiskvinnslu og útgerð. Nú hefur þetta snúist við. Hátekjustörfin hafa fyrst og fremst orðið til í öðrum atvinnugreinum sem eru hér á höfuðborgarsvæðinu og hátekjustörfum í fiskveiðum hefur fækkað verulega og reyndar flust til, mörg þeirra starfa eru komin á höfuðborgarsvæðið. Laun í fiskvinnslu hafa líka lækkað og það þýðir að meðaltekjur fjölskyldna á landsbyggðinni eru orðnar lægri en á höfuðborgarsvæðinu. Í þessari skýrslu Hagstofunnar kemur fram að munurinn er verulegur. Meðalráðstöfunartekjur fjölskyldu á höfuðborgarsvæðinu voru 4,6 millj. af þessu meðaltali áranna 2003–2005 en aðeins 4,1 millj. í þéttbýli á landsbyggðinni, þ.e. nálægt hálfri milljón lægri, sem er rúmlega 11%. Í dreifbýli voru þessar meðaltekjur 3,7 millj., þ.e. um 900 þús. kr. lægri sem er nærri 20% munur.

Ef þetta er skoðað sem meðaltalstekjur á einstakling, vegna þess að það eru jú fleiri sem afla tekna í venjulegri fjölskyldu en einn aðili, eru meðaltekjurnar á höfuðborgarsvæðinu um 1.850 þús. á mann, 1.600 þús. í þéttbýli utan höfuðborgarsvæðisins og 1.500 þús. í dreifbýli. Þetta rímar dálítið við þær upplýsingar sem tiltækar eru annars staðar frá um að tekjulágt fólk sé mikið í sveitum landsins, t.d. er tekjulægsta landsvæðið Norðurland vestra, gamla kjördæmið, þar eru lægstu meðaltekjur á Íslandi og hafa verið lengi. Næstlægsta svæðið er svo Suðurlandsundirlendið þar sem

landbúnaður er líka mjög stór þáttur í atvinnulífi. Við vitum að fjölskyldur til sveita standa oft illa að vígi þegar þarf að mennta börn þeirra, sérstaklega þegar þau komast á framhaldsskólaaldur. Ég held að þingsályktunartillaga sem lýtur einmitt að því að styrkja stöðu barna og ungmenna þurfi að taka á þessu. Í nefndaráliti kemur fram ábending um að jafna mismunandi kostnað vegna skólasóknar í framhaldsskóla og það kemur svona til móts við þetta en ég held að það þurfi að skoða málið frekar því að ég held að það sé líka það mikill munur á tekjum að það sé ástæða til að hafa töluverðar áhyggjur. Því er ekki hægt að líta fram hjá þessum staðreyndum um lágar tekjur til sveita.

Þriðja atriðið sem ég vildi fjalla um lýtur að kaflanum um almennar forvarnaaðgerðir, 2. tölul. þar sem vikið er að áfengi og tóbaki. Þar segir í 1. málsl. að stuðlað „verði að reyklausu umhverfi barna og ungmenna og forvörnum gegn reykingum verður áfram sinnt vel". Þetta er út af fyrir sig ágæt stefna og í samræmi við það sem menn hafa gert og náð árangri. Það að stuðla að reyklausu umhverfi er gert með ýmiss konar aðgerðum til að breyta viðhorfi barna og ungmenna til tóbaks. Það er viðhorfsbreytingin sem er kannski lykillinn að árangrinum sem við höfum náð á þessu sviði á síðustu 20 árum. Það er algjör breyting, gerbylting, í viðhorfi til tóbaks á mjög stuttum tíma til hins betra. Það er árangur stefnu, það gerðist ekki af sjálfu sér heldur er þetta stefna sem stjórnvöld hafa átt sinn þátt í bæði að móta og hrinda í framkvæmd eins og auðvitað fleiri aðilar sem hafa komið að því að breyta þessu viðhorfi.

Á hinn bóginn er aðra sögu að segja um áfengið. Þar er þróunin sú á undanförnum árum að áfengisneysla hefur farið vaxandi og sérstaklega í hópi fullorðinna. Áfengisvandamál hafa aukist og allt viðhorf til áfengisneyslu má segja að sé fremur jákvætt. Umræðan um áfengismál þessa dagana snýst um að verjast því að viðhalda banni við áfengisauglýsingum. Eitt dagblaðanna hefur að undanförnu skrifað fréttaskýringar gegn banni við áfengisauglýsingum. Það hefur ekki komið fram hvað vakir fyrir ritstjórn þess dagblaðs en mér finnst það bera vott um vilja til þess að opna nýja tekjulind fyrir útgáfustarfsemina til þess að geta aflað sér auglýsingatekna með sölu auglýsinga undir áfengi og hafa því aðra hagsmuni en þá að draga úr afleiðingum af áfengisneyslu.

Í þessum texta segir það um áfengisneyslu að ungmennum verði „veitt viðeigandi fræðsla um áhrif og afleiðingar áfengisneyslu" og að „hugað verði að aðgengi ungmenna undir lögaldri að áfengi". Þarna er ekki mikið sagt. Meginuppistaðan í hinni pólitísku stefnu í áfengismálum hjá ríkisstjórninni er að veita viðeigandi fræðslu um áhrif og afleiðingar neyslu.

Þeir sem kynna sér tiltækt efni um áfengi og afleiðingar þess, eins og t.d. bók sem Lýðheilsustöð gaf út fyrir ekki svo löngu síðan, geta kynnt sér ýmsan fróðleik um þessi mál. Það sem stendur kannski upp úr þar eru upplýsingar frá bandarískum aðilum. Ég leyfi mér kannski að lesa eina setningu úr þessu riti, með leyfi forseta:

„Í stuttu máli má því segja að fræðsla og áróður hafi í besta falli lítil áhrif. Og þá sjaldan að jákvæð áhrif koma fram þá fjara þau fljótt út aftur."

Uppistaðan í áfengisstefnunni í þessu skjali er að vitna í fræðsluna sem hefur minnst gildi í áfengisstefnunni, hefur „í besta falli lítil áhrif" segir hér í ritinu frá Lýðheilsustöð. Það er ekki getið um það að stuðla að áfengislausu umhverfi. Stjórnmálamenn og ríkisstjórn geta auðvitað gengið á undan með góðu fordæmi og gefið út yfirlýsingar um að þau stefni að því að ekki verði veitt áfengi í opinberum veislum eða dregið úr því eða eitthvað slíkt til þess að hafa áhrif á fólk, alveg eins og menn gera varðandi tóbakið. En það er ekki gert. Það er að mínu viti vegna þess að viðhorf til áfengisneyslu er of jákvætt af hálfu stjórnmálamanna.

Það kemur líka fram í þessu riti og reyndar öðrum sem menn geta haft aðgang að ef þeir gá að þessum bókmenntum að það sem helst hefur áhrif á áfengisneyslu og vandamál er peningar. Neyslan er ekki vandamál í sjálfu sér en ef við horfum hins vegar á hana sem hluta af fjárveitingavaldinu horfum við á útgjöld. Það eru stórkostleg útgjöld sem ríkissjóður verður fyrir vegna áfengis og þau lenda á skattgreiðendum. Þess vegna er það skylda stjórnvalda að marka sér einhverja stefnu í þessum efnum til að lágmarka kostnaðinn, til að hafa áhrif á það að neyslan verði minni sem og kostnaður samfélagsins og skattgreiðendanna. Þetta gera öll almennileg stjórnvöld. Áfengisneyslan hefur vaxið, hún hefur tvöfaldast á ekki löngum tíma á Íslandi. Kostnaðurinn hefur líka vaxið, ég veit ekki hvort segja megi að sama skapi en hann hefur vaxið mikið.

Af því að í nefndarálitinu er sleginn varnagli við öllum fögru áformunum í málefnum barna og ungmenna, sá varnagli að horfa þurfi til afkomu ríkissjóðs og efnahagslífsins í heild við framkvæmd þeirra, hljóta menn að gera það líka í stefnumörkun í áfengismálum. Menn geta varla leyft sér að sleppa því að móta sér stefnu til að draga úr kostnaðinum vegna þess að þá eru menn að segja að sá kostnaður sé eitthvað sem menn hafi ekki áhyggjur af. Það gengur ekki upp. Ég ætla ekki stjórnarflokkunum eða öðrum það skeytingarleysi að kostnaður sem fellur á þjóðfélagið og ríkissjóð vegna áfengismála sé kostnaður sem þurfi ekki að tala um heldur bara láta ríkið borga en að setja þurfi fyrirvara við kostnað sem fellur til vegna framkvæmda við ýmis fögur áform í málefnum barna og ungmenna, við ráðumst ekki í þennan eða hinn kostnaðinn nema aðstæður í efnahagslífinu og ríkisbúskapnum leyfi okkur að setja peninga í það.

Í þessu felast auðvitað líka ákveðin viðhorf. Ég dreg þetta fram til að mönnum sé það ljóst og geti þá bætt úr ef sjónarmið manna í stjórnarliðinu eru á annan veg en þessi viðhorf lýsa, þ.e. að varnaglinn sé sleginn vegna útgjalda til barna og ungmenna af almennum toga en ekki minnst á útgjöldin sem verða vegna áfengismála. Eru þau þó mikil og fara vaxandi.

Það er líka ástæða til að hafa áhyggjur af þessu vegna áherslna þeirra ráðherra sem kannski eiga helst að leggja tillögu eða efni inn í nýja áfengisstefnu, heilbrigðisráðherra og félagsmálaráðherra. Hverjar hafa verið helstu áherslur þeirra á undanförnum árum í þessum málum? Annar ráðherrann hefur ár eftir ár lagt fram til tillögu eða lagafrumvarp ásamt fleirum um að lækka áfengiskaupaaldur úr 20 árum niður í 18. Hinn hefur lagt fram lagafrumvarp ásamt fjöldamörgum öðrum þingmönnum um að áfengi verði selt í matvörubúðum.

Nú vill svo til að áhrifin af því að fara þessar leiðir eru

þekkt erlendis frá og við getum lesið okkur til um hvað menn hafa uppskorið þar sem þeir hafa gripið til þessara aðgerða. Bandaríkjamenn lækkuðu áfengiskaupaaldurinn hjá sér úr 21 ári í 18 ár fyrir nokkrum árum og niðurstaðan varð svo skelfileg að alríkið setti löggjöf og skilyrti framlög til vegamála því að ríkin hækkuðu áfengiskaupaaldurinn aftur upp í 21 ár — sem þau gerðu — vegna þess að tjónið af dauðsföllunum varð svo mikið að menn stóðu ekki undir því. Þegar búið var að hækka áfengiskaupaaldurinn aftur dró úr skaðanum, dró úr dauðsföllunum og kostnaðinum sem féll á þjóðfélagið vegna þessara mála.

Þessi reynsla er til víðar, t.d. á Nýja-Sjálandi, og ég spyr: Ætlar félagsmálaráðherrann að standa á skoðun sinni og leggja til að lækka áfengiskaupaaldur niður í 18 ár? Er það þátturinn í áfengisstefnu núverandi ríkisstjórnar að fara þá leið, vitandi til hvers það getur leitt? Ég hefði viljað, virðulegi forseti, að í þessu skjali væri stefna mörkuð á þann veg að menn gerðu það ekki og að stefnan væri líka mörkuð þannig varðandi aðgengi að áfengi að menn færu ekki með sölu á áfengi í matvöruverslanir vegna þeirra afleiðinga sem menn vita að verða af því.

Samandregið má segja að það sem skipti máli til að reyna að halda niðri kostnaði vegna notkunar og misnotkunar áfengis er aldurstakmarkanir við áfengiskaup, ríkiseinkasala á áfengi eða eitthvert sambærilegt form við að selja það, takmarkaður sölutími, söludagar og fjöldi sölustaða og að hafa verðlagið hátt. Þetta eru meginþættirnir sem hafa áhrif og ef menn beita þeim draga menn úr notkun og þar með úr kostnaði. Um þetta allt er ekkert sagt í skjalinu nema að aðeins er vísað á fræðsluna sem líka er vitað að hefur nánast engin áhrif.

Ég vil, virðulegi forseti, fara yfir þetta vegna þess að mér finnst þetta alvörumál. Mér finnst alvörumál að þetta skuli vanta, kannski vegna þess að það er ekki komið svo langt að móta stefnuna, við skulum a.m.k. halda því opnu að svo sé, en í ljósi þess sem við vitum um afstöðu þeirra tveggja ráðherra sem mest áhrif hafa á stefnuna er ástæða til að ætla að ekki sé áhugi hjá þeim til að beita þeim ráðum sem helst duga, heldur þvert á móti sé áhugi þeirra til þess að breyta núverandi fyrirkomulagi sem mun leiða af sér meiri kostnað, meiri vandamál og meiri útgjöld fyrir ríkissjóð. Ég held að ekki sé hægt að fara í gegnum umræðu um þetta mál öðruvísi en að taka umræðu um áfengisstefnuna og kalla eftir henni.

Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í áfengismálum? Er hún sú að auka vandann eða er hún í stuttu máli sú að minnka hann? Ríkisstjórnin svarar því ekki skýrt að öðru leyti en því að eina ráðið í þessari skýrslu sem lagt er til að gripið verði til er það ráð sem minnstu máli skiptir.

Maður hlýtur að velta fyrir sér hver afstaða ríkisstjórnarinnar verði gagnvart áfengisauglýsingum. Ætlar ríkisstjórnin að vinna með þeim sem eru að vinna í þessum málaflokki og verja áfengisauglýsingabannið eða ætlar ríkisstjórnin að hrekjast undan þeim aðilum sem vilja brjóta það niður og eru að gera það leynt og ljóst, m.a. í gegnum útvarpið og sjónvarp? Það er auðvitað stefna í sjálfu sér að leyfa öðrum aðilum að brjóta niður varnarþættina í stefnunni. Þá er líka engin ástæða til að hlífa mönnum við því heldur láta þá svara fyrir það.

Virðulegi forseti. Ég held að ég láti þetta duga um þessa þætti sem mér finnst kannski að ástæða væri til að gera frekari grein fyrir en fram kemur í þingsályktunartillögunni og nefndarálitinu, þ.e. þeim sem lúta að tekjum og útgjöldum heimilanna til húsnæðismála og áfengisstefnunni. Mér finnst svolítið sérstakt að afstaða stjórnarflokkanna skuli vera sú að flytja mál af þessum toga en lýsa því jafnframt yfir að ekki komi til greina að breyta því þannig að þingleg meðferð málsins lýtur ekki að því að breyta skjalinu sem lagt er fyrir þingið og það hefur til meðferðar. Ég er svo sem ekki að gera stórar athugasemdir við það, út af fyrir sig getur ríkisstjórnin sagt: Þetta er stefnuyfirlýsing okkar, og þá bara flytur hún hana. Þegar hins vegar ákveðið er að flytja það sem þingmál er ætlast til þess að allir þingmenn hafi afstöðu til málsins og þá felst líka í því að menn ætla væntanlega að gera eitthvað með það sem aðrir hafa fram að færa. Það sem er óvenjulegt er að lýsa því yfir að skjalinu verði ekki breytt. Þó svo að í nefndaráliti sé látið koma fram ýmislegt af því sem fram hefur komið, m.a. frá fulltrúum stjórnarandstöðunnar sem út af fyrir sig er góðra gjalda vert, er nefndarálit ekki það sama og þingsályktun, það er tvennt ólíkt. Nefndarálit er aðeins yfirlýsing þeirra sem undirrita það, bindur engan annan, bindur ekki þingið og bindur ekki ríkisstjórnina. Þó að eitthvað sem nefnt er í nefndaráliti nái ekki fram að ganga hefur ekkert gerst. Þingsályktun er yfirlýsing þingsins sem ráðherrarnir taka þátt í að samþykkja með atkvæðum sínum og eru þar af leiðandi búnir að lýsa yfir að þeir ætli að standa við. Það er tvennt ólíkt að bera saman það sem er í ályktuninni og það sem er í nefndaráliti þó að ég ætli ekki að gera lítið úr því sem stendur í nefndarálitinu. Það er öðru nær en það hefur bara allt aðra og miklu minni þýðingu

Þess vegna finnst mér skipta máli að það skuli bara standa í nefndarálitinu að leggja áherslu á að draga úr námskostnaði í dreifbýli og jafna hann við námskostnað í þéttbýli. Það er gott markmið sem ég held að menn séu sammála um en það stendur ekki í þingsályktunartillögunni sem þýðir einfaldlega að það er ekki vilji til þess hjá ríkisstjórninni að láta það koma hér fram og verða hluti af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Það þýðir ekki endilega að ekki verði staðið við það en það þýðir a.m.k. að það eru engin loforð um að staðið verði við það.

Mér finnst líka skipta máli að það stendur bara í nefndarálitinu að lenging fæðingarorlofs eigi ekki að leiða til þess að fæðingarorlofsupphæð hvers einstaklings lækki. Textinn í þingsályktunartillögunni er þannig orðaður að það er hægt að lengja fæðingarorlofið í 12 mánuði án þess að auka kostnaðinn. Við höfum fordæmi fyrir því að brugðist hefur verið við ákveðinni lengingu fæðingarorlofs með því að lækka kostnaðinn hjá hverjum og einum einstaklingi. Það var gert á síðasta kjörtímabili.

Ég ætla ekkert að vefengja vilja nefndarmanna í félagsmálanefnd til að standa við það sem hér stendur um að lenging fæðingarorlofsins verði ekki til þess að draga úr réttindum foreldra. Ég ætla ekki að draga það í efa en sú yfirlýsing er ekki hluti af því sem þingið mun samþykkja þannig að það liggur ekkert fyrir um að ríkisstjórnin muni framfylgja málinu á þennan veg.

Fleira ætla ég ekki að segja um þetta mál, virðulegi for-

seti, en þegar er komið fram annað en að þetta er í sjálfu sér ágæt aðferð við að koma með svona eitthvert manifestó í málaflokki eins og þessum, fara með það fyrir þingið og afgreiða það sem stefnuyfirlýsingu. Ég hef ekkert á móti því og tel það að mörgu leyti til bóta. En ég vænti þess að menn endurskoði þá framkvæmd að útiloka fyrir fram að hin þinglega meðferð hafi einhverjar breytingar á skjalinu í för með sér. Það er þá kannski óþarfi að leggja málið fyrir þingið ef það á ekki að endurspegla vilja þingsins heldur bara stjórnarflokkanna.

[16:25]

Katrín Júlíusdóttir (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru tvö atriði sem mig langar að ræða hér við hv. þingmann varðandi það sem hann kom inn á í ræðu sinni.

Eins og við vitum er þingið að fara að samþykkja mjög veigamiklar og mikilvægar áherslur í málefnum barna. Við skulum halda því til haga að þetta er í fyrsta sinn sem mótuð er heildstæð stefna utan um börnin okkar. Við höfum hingað til verið að samþykkja byggðaáætlanir, vegáætlanir og fleira í þeim dúr, nú er komið að börnunum þannig að það er það sem er verið að gera hér sem er auðvitað fagnaðarefni.

Hv. þingmaður kallaði eftir stefnumótun í húsnæðismálum. Þá þykir mér rétt að benda á það úr þessum stóli og minna hv. þingmann á það að fyrir örfáum dögum var hér heilmikil umræða utan dagskrár um Íbúðalánasjóð. Í þeirri umræðu kom hæstv. félagsmálaráðherra Jóhanna Sigurðardóttir fram með mjög afgerandi yfirlýsingu hvað varðaði húsnæðismálin og þá ekki síst gagnvart þeim sem lægstar hafa tekjurnar. Þar sagði hún að það væri skylda stjórnvalda á hverjum tíma að leita leiða til að lækka kostnað almennings, ekki síst tekjulágra fjölskyldna, við að eignast öruggt húsnæði.

Hún lýsti líka áhyggjum sínum af því að á undanförnum árum, frá 1997, hefur dregið mjög úr hinum félagslega þætti húsnæðiskerfisins og hún lýsti því yfir í þeirri ræðu að það mál yrði skoðað sérstaklega þar sem hún er nú komin í ráðuneytið. Mér þótti rétt að benda hv. þingmanni á þetta.

Að lokum vil ég líka draga það fram að ég er alveg sammála því sem hv. þingmaður sagði þegar honum varð tíðrætt um hið háa íbúðaverð. Ég vil líka benda á það að í tíð síðustu ríkisstjórnar, sem hv. þingmaður studdi lengi framan af, voru vaxtabætur sem eru tæki til að mæta hinu háa húsnæðisverði skertar um meira en milljarð (Forseti hringir.) á síðasta kjörtímabili. Það er auðvitað þáttur sem við þurfum að skoða líka.

[16:27]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hæstv. félagsmálaráðherra hafi vikið að þessum málum í þingræðu og getið um að hún mundi taka þessi mál til athugunar. Það er góðs viti og vonandi kemur það þá fram síðar. Mig langar að spyrja hv. þingmann hvernig á því standi að þessar áherslur koma ekki fram í þessari aðgerðaáætlun. Er það vegna þess að málið var ekki undirbúið nægjanlega þannig að menn hefðu ekki komið auga á þennan þátt þegar gengið var frá textanum eða var það vegna þess að ekki er pólitísk samstaða milli stjórnarflokkanna um aðgerðir í húsnæðismálum? Mér þætti kannski rétt að draga það hér fram vegna þeirrar yfirlýsingar sem hv. þm. Einar Oddur Kristjánsson gaf í umræðunni um málið að hann styddi það ekki. Þá auðvitað vakna upp efasemdir um að það séu full heilindi hjá Sjálfstæðisflokknum í öllum þeim atriðum sem þessi þingsályktunartillaga lýtur að. Ég vildi gjarnan, virðulegi forseti, fá upplýsingar um hvort reynt hafi á hvort stjórnarflokkarnir næðu samkomulagi um aðgerðir í húsnæðismálum.

Í öðru lagi er varðandi barnabætur alveg rétt að þær hafa skerst töluvert mikið sem hlutfall af landsframleiðslu á undanförnum áratug og það er ekki til fyrirmyndar. Ég vek þó athygli á því sem rétt er að nefna að við myndun ríkisstjórnarinnar fyrir fjórum árum var kveðið á um að bæta við peningum til barnabóta og staðið var við það þó að það dygði ekki til þess að vega upp skerðingu sem þá var orðin.

[16:29]

Katrín Júlíusdóttir (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að yfirlýsingar hæstv. félagsmálaráðherra hafi gefið mönnum innsýn í það hvað verið er að ræða á stjórnarheimilinu og ég treysti hæstv. félagsmálaráðherra fullkomlega til að fylgja því eftir.

Það sem ég átti við áðan var að vaxtabætur sem eru tæki sem við eigum til þess að mæta síhækkandi húsnæðiskostnaði og háum vöxtum á Íslandi voru skertar allverulega á síðasta kjörtímabili.

Aðeins langar mig að koma líka hér að öðrum þætti, hv. þingmaður talaði eins og eingöngu væri lögð áhersla á forvarnir þegar kæmi að vímuefna- og áfengisneyslu í þessari aðgerðaáætlun. Því vil ég bara fá að benda á það að í lið 4 í kafla VI segir að unnin „verði heildstæð aðgerðaáætlun í forvörnum vegna vímuefnaneyslu barna, meðal annars í samstarfi við frjáls félagasamtök".

Ég vil líka benda á að í skýringum með frumvarpinu segir um kafla IV:

„Ungmennum verður veitt viðeigandi fræðsla um áhrif og afleiðingar áfengisneyslu ekki síður en ólöglegra vímuefna í samræmi við lögbundna fræðslu um tóbaksvarnir í grunnskólum auk þess sem hugað verði að aðgengi ungmenna undir lögaldri að áfengi."

Þarna er á býsna heildstæðan hátt tekið utan um og því lýst yfir að hér verði mótuð aðgerðaáætlun varðandi vímuefnaneysluna og einnig að skoðaðar verði ekki eingöngu forvarnir gegn áfengisneyslu heldur verði einnig farið yfir aðgengi ungmenna að áfengi. Ég vona að hv. þingmaður samþykki þetta og samþykki að þarna sé verið að taka heildstætt á málefnum barna og ungmenna og áfengis.

[16:31]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við fengum ekki upplýsingar um stöðu málsins í nefnd ríkisstjórnarinnar í húsnæðismálum, hvort reynt hefði á að flokkarnir næðu saman um aðgerðir í þeim efnum og eða ekki. Varðandi vaxtabætur minni ég á að núverandi sjávarútvegsráðherra hefur lýst því yfir og gerði það á síðasta kjörtímabili að hann teldi rétt að fella þær alveg niður. Hann var andvígur því að hafa vaxtabætur,

þær skekktu markaðinn. Ég minni á nýlegt álit Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sem gengur mjög langt í þá veru að saka í raun Íbúðalánasjóð um að vera valdur að því að vandræði séu hér í efnahagslífinu vegna þess að hann nái of góðum árangri í samkeppni við viðskiptabankana, of góðum árangri í þeim skilningi að lántakendur fái of góð kjör sem verði til þess að þeir hafi of mikinn kaupmátt sem er síðan vandamálið í efnahagslífinu um þessar mundir að mati Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Varðandi áfengismálin þá er ég búinn að fara yfir það með viðeigandi fræðslu. Það er út af fyrir sig ágætt en það liggur bara fyrir að það hefur enga þýðingu, það hefur engin áhrif í þá veru sem menn vilja væntanlega ná, þ.e. að draga úr neyslunni, draga úr vandanum og úr kostnaðinum.

Um aðgengi ungmenna undir lögaldri að áfengi sem getið er um er það út af fyrir sig rétt að það stendur þar en ég spyr þá: Hvað felur þetta í sér? Undir lögaldri þýðir væntanlega 18 ára. Er þá meiningin sú að halda áfram því sem menn hafa gert að reyna að koma í veg fyrir að ungmenni undir 18 ára nálgist áfengi? Og er þá meiningin sú að lækka áfengiskaupaaldurinn niður í 18 ár, eins og hæstv. félagsmálaráðherra hefur ítrekað lagt til á Alþingi?

[16:34]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill geta þess áður en næsti ræðumaður tekur til máls að ekki er gert ráð fyrir atkvæðagreiðslu á þessum degi en umræðan mun halda áfram í samræmi við dagskrá.

[16:34]

Höskuldur Þórhallsson (F):

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað og þeim vilja til að styrkja stöðu barna og ungmenna. Það lítur allt út fyrir að halda eigi áfram því góða starfi sem Framsóknarflokkurinn hefur unnið, því starfi sem unnið var í tíð fyrrverandi félagsmálaráðherra. Sérstaklega fögnum við því að stefnt skuli að því að lengja fæðingarorlofið í áföngum á tímabilinu. Þetta er í samræmi við þau kosningaloforð sem við framsóknarmenn gáfum í kosningabaráttunni. Þó að það komi kannski ekki alveg skýrt fram í þingsályktunartillögunni vona ég að orlofið verði ekki bara lengt í 12 mánuði heldur fylgi því þá peningar til að greiða fyrir þann kostnað sem við bætist. Fæðingarorlofið er einfaldlega kerfi sem stendur framarlega í heiminum og finnst ekki annars staðar. Þetta er einfaldlega eitthvað það besta sem gert hefur verið fyrir ungar barnafjölskyldur.

Þá fögnum við líka áformum um hækkun barnabóta. Barnabætur hækkuðu á síðasta kjörtímabili, þ.e. greiðslur með börnum yngri en 7 ára hækkuðu upp í 56 þús. kr. á ári síðasta kjörtímabil. Þá hafa almennar barnabætur hækkað upp í 18 ára aldur, var áður við 16 ára aldur. Frítekjumörk barnabóta hafa hækkað um 60% og skerðingar vegna tekna foreldra hafa minnkað. Nú á að gera enn betur í þessum efnum og því ber að fagna.

Sérstaklega er ánægjulegt að sjá að ný ríkisstjórn vill efla forvarnir. Fram kemur í nefndarálitinu neðarlega á fyrstu blaðsíðu að hugað verði að alvarlegri stöðu barnafíkla. Ég hefði óskað að þetta fengi meiri umfjöllun bæði í þingsályktuninni og nefndarálitinu vegna þess að þetta er kannski eitt það alvarlegasta mál sem íslenskt þjóðfélag stendur frammi fyrir og þarna þarf að gera verulega bragarbót á.

Þá er vert að geta þess að því er fagnað að auka eigi svokallaðan dreifbýlisstyrk eða jafna kostnað námsmanna sem búa langt frá skólum sínum. Þó að það hafi reyndar ekki komið inn í þingsályktunartillöguna gerum við ráð fyrir að þetta sé í þeim áformum sem ný ríkisstjórn ætlar að beita sér fyrir.

Ég samþykkti þetta nefndarálit með fyrirvara. Í fyrsta lagi set ég fyrirvara við heiti þingsályktunartillögunnar. Ég tel að hér sé ekki um eiginlega aðgerðaáætlun að ræða. Það eru einfaldlega engin tölusett markmið. Það er heldur ekkert yfirlit yfir kostnaðarþætti sem þarf að vera til að um eiginlega aðgerðaáætlun sé að ræða. Þetta er einhvers konar framhald á þeirri viljayfirlýsingu eða þeim stjórnarsáttmála sem ný ríkisstjórn gerði og má í rauninni segja að hún sé eins almennt orðuð og óskýr og stjórnarsáttmálinn var.

Það eru fleiri atriði sem ég vil setja fyrirvara við. Fram kemur í nefndarálitinu að tekið verði til sérstakrar skoðunar skipulagt eftirlit með tannheilsu í tengslum við skólana. Maður veltir fyrir sér hvernig það á að framkvæmast. Mig langar að spyrja hv. þm. Guðbjart Hannesson um hvaða leiðir á að fara í þessu efni. Á að taka upp skólatannlækningar? Þetta er mjög óskýrt og loðið í mínum huga.

Þá kemur fram í þingsályktunartillögunni í V. kafla að þegar í stað verði gripið til sérstakra aðgerða til að vinna á biðlistum eftir þjónustu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, t.d. með árangurstengdum samningum. Því ber að fagna að minnka eigi biðlista, sérstaklega þegar geðheilbrigðismál eru annars vegar, en ég vil setja stóran fyrirvara við orðið árangurstengt. Ég held að það hafi ekki komið nægilega skýrt fram við hvað er átt. Á þeim nefndarfundi sem ég sat komu fram þær skýringar að í rauninni væri ekki átt við góðan árangur við að greina þá sem ættu við geðræn vandamál að stríða heldur væri einfaldlega verið að tala um þetta afkastatengt þannig að sá utanaðkomandi sérfræðingur sem gæti greint flesta á sem stystum tíma fengi meira greitt fyrr. Ég tel að ef það er réttur skilningur sé nefndin algjörlega á rangri leið vegna þess að það skiptir öllu að vandað sé til verka og að gæðin standi upp úr en ekki það að um sé að ræða einhvers konar uppmælingu á verkum þeirra sérfræðinga sem verða fengnir til að stytta biðlistana. Það verður jafnframt að gera ráð fyrir að um er að ræða afar stóra ákvörðun þegar slíkar greiningar fara fram og það verður í rauninni ekki aftur tekið ef mistök eru gerð.

En ég vil samt ítreka að það er jákvætt að útrýma eigi biðlistum og styð að það verði gert tímabundið með því að leita til sjálfstætt starfandi sérfræðinga en vil gera fyrirvara við þetta orðalag um árangurstenginguna.

Það sem ef til vill vantar einna helst í í þingsályktunartillöguna er kafli um húsnæðismál. Hæstv. félagsmálaráðherra talaði skýrt en ég hefði engu að síður viljað sjá kafla eða einhverja umfjöllun um húsnæðismál vegna þess að Íbúðalánasjóður er einfaldlega tæki, ekki bara fyrir þá sem búa á landsbyggðinni þar sem veðhæfi eigna þeirra er minna og allt annað en íbúa í Reykjavík, heldur að þar yrðu líka ákvæði sem í rauninni styrkja samningsstöðu þeirra sem hafa lent í vandræðum með afborganir á lánum sínum.

Því er ágætt að Íbúðalánasjóður sé þá til þar sem tekið er tillit til þeirra vandræða sem fólk getur lent í.

Á síðustu metrunum var settur inn í nefndarálitið kafli um að horfa þurfi til afkomu ríkissjóðs og efnahagslífsins í heild við framkvæmd þeirra aðgerða sem tillagan felur í sér. Þá veltir maður fyrir sér orðum hv. þm. Einars Odds Kristjánssonar sem styður ekki þessa tillögu um að dökkar horfur séu fram undan í efnahagslífinu. Ég held að það sé á margan hátt rétt hjá honum. Við vitum af nýjum tillögum Hafrannsóknastofnunar. Því er viðbúið að mikill samdráttur verði í sjávarbyggðum og kannski á landsbyggðinni allri á næstunni. (Gripið fram í.) Í ljósi þess að horfa þurfi til afkomu ríkisins og efnahags skýtur kannski skökku við að í nefndarálitinu komi fram á fyrri blaðsíðunni að efnisatriði tillögunnar eigi að vera forgangsatriði á sviði velferðar í landinu. Taka má undir að þetta eigi að vera forgangsatriði en ég held að við verðum að horfa til fleiri þátta en að gera eigi allt fyrir alla án þess að fram komi hvernig það verður gert eða hvað það komi til með að kosta.

[16:46]

Frsm. fél.- og trn. (Guðbjartur Hannesson) (Sf) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 10. þm. Norðaust., Höskuldur Þórhallsson, spyr um útfærsluna varðandi tannheilsu og af hverju nefndir séu skólar í því samhengi. Það má skýra svo út að það varð góð umræða í nefndinni, eins og honum er kunnugt um, um hvort taka ætti upp skólatannlækningar að nýju. Það kom fram í umræðunni að sjónarsviptir hefði orðið að skólatannlækningum á sínum tíma en jafnframt kom fram að útilokað væri að endurreisa þær. Við settum því inn í nefndarálitið að með einhverjum hætti þyrfti að tryggja aðgengi að þessum krökkum, t.d. með skipulegri innköllun þaðan sem öll börnin væru, þ.e. í skólunum. Það er ekki lengra komið í útfærslu en með þeim hætti að tannlæknar fengju leyfi til að kalla inn börn og hafa samband við þau í gegnum skólakerfið. Þannig skildi ég útfærsluna en auðvitað á eftir að útfæra það frekar. Raunar er þegar komið í gang frá fyrri ríkisstjórn ákveðið eftirlitskerfi sem gæti orðið grunnurinn að framhaldinu, svo það komi fram líka.

Varðandi biðlistana kom það fram hjá Greiningar- og ráðgjafarstöðinni að það sem átt var við með árangurstengingu var einfaldlega að hægt yrði að leita til aðila til að sinna verkefnum sem menn kæmust ekki yfir á Greiningar- og ráðgjafarstöðinni nú þegar, til væru aðilar í landinu sem væri tilbúnir að vinna þessa vinnu og hægt að leita til þeirra.

Þetta orð „árangurstenging“ er villandi. Ég er sammála því vegna þess að það er ekki verið að tala um annað en að skilgreina kröfur frá Greiningar- og ráðgjafarstöðinni um hvernig eigi að vinna. Þeir hafa umsjón með því og líta á það að leysa biðlistana sem skammtímaúrræði. Það kom skýrt fram frá Greiningar- og ráðgjafarstöðinni hvað átt var við í sambandi við árangursmælinguna í þingsályktunartillögunni. Þetta skýrðist áðan í nefndinni.

[16:49]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Guðbjarti Hannessyni fyrir útskýringar hans varðandi tannheilsuna og biðlistana. Það kom samt ekki nógu skýrt fram hvort um væri að ræða eiginlega skólatannlækna eða hvort leita ætti til sérfræðinga úti í bæ. **(GuðbH:** Það er ekki hugmyndin að það verði skólatannlæknar.) Þá hefur það einfaldlega komið fram að það er ekki hugmyndin að vera með skólatannlækna en í anda annars í þessari aðgerðaáætlun er þetta afskaplega óskýrt og loðið.

Varðandi biðlistana tel ég að ef það stendur ekki til að árangurstengja á nokkurn hátt sé orðalagið villandi eða óskýrt og eigi einfaldlega ekki að vera í aðgerðaáætluninni. En eins og ég kom að áðan er það kannski rangnefni á vilja ríkisstjórnarinnar að gera vel í þessum efnum. En þetta er í raun ekki skýr aðgerðaáætlun.

[16:50]

Frsm. fél.- og trn. (Guðbjartur Hannesson) (Sf) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að ræða um það hvort orðið árangurstengt er rétt eða rangt í sjálfu sér.

Það kom mjög skýrt fram hjá Stefáni Hreiðarssyni frá Greiningar- og ráðgjafarstöðinni og frá Braga Guðbrandssyni frá Barnaverndarstofu að þeir sæju fyrir sér að það yrði útlistað og skilgreint hvaða árangurskröfur yrðu gerðar. Eins og fram kom í umræðunni áðan þá þarf að tryggja það. Það er ekki um það að ræða að ljúka ákveðnu magni greininga óháð því hvernig þær eru unnar. Þetta vinnst með nákvæmum skilgreiningum á hvaða greiningu er verið að vinna og hvernig þær eru unnar en að því geta aðrir aðilar unnið en Greiningar- og ráðgjafarstöðin sem fylgdist með árangrinum af því starfi. Þannig skil ég þessa árangursmælingu. Það kom fram í nefndinni og þar var talað um að þannig væri hægt að vinna með biðlistana en síðan þarf að leita að langtímalausnum varðandi aðra þætti.

Önnur atriði voru nefnd í ræðunni en ég reikna með að fá tækifæri til að koma þeim að í lokaræðu þar sem við förum yfir málið.

[16:51]

Höskuldur Þórhallsson (F) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ánægjulegt að fram hafi komið hjá hv. þm. Guðbjarti Hannessyni að það sé í rauninni ekki verið að greina fólk með svokallaðri uppmælingu. Það hefur að mínu mati komið mjög skýrt fram og eftirlit verði mjög strangt með því að vinna niður þessa biðlista. Ég vona að því verði fylgt eftir og það takist að vinna á biðlistunum.

[16:52]

Auður Lilja Erlingsdóttir (Vg):

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. félagsmálaráðherra fyrir að leggja fram þessa aðgerðaráætlun og hrósa hæstv. félagsmálaráðherra fyrir skörungsskap. Það kalla ég skörungsskap að ná að snara fram slíkri aðgerðaáætlun þegar á sumarþingi svo skömmu eftir kosningar. Það var líka löngu orðið tímabært að íslensk stjórnvöld mótuðu markvissa stefnu í málefnum barna og fylgdu þar með fordæmi annarra Norðurlanda.

Ég lýsi yfir stuðningi við markmið þessarar áætlunar, þ.e. að styrkja stöðu barna og ungmenna hér á landi. Ég

vona að aðgerðirnar komist sem fyrst í framkvæmd. Þrátt fyrir að ég sé að flestu leyti ánægð með áætlunina hefði ég óskað þess að hún væri á stöku stað skýrari og afdráttarlausari hvað það varðar að taka af allan vafa um að öll börn hafi rétt á tiltekinni þjónustu án gjaldtöku. Hluti vandans er að sjálfsögðu fólginn í því að með tilfærslu grunnskólans frá ríki yfir til sveitarfélaganna fylgdu ekki nægilegir tekjustofnar. Því er ljóst að þessi áætlun mun seint ná fram að ganga ef ekki verður gengið til viðræðna við sveitarfélög í landinu og verulegir fjármunir fluttir til þeirra svo þeir nái að sinna öllum þeim verkefnum. Viljinn er vissulega til staðar en ekki fjármagnið.

Staðreyndin er sú að hér á landi fæðast ekki allir jafnir. Sum börn fæðast inn í ríkar fjölskyldur, önnur inn í fátækar. Meðan ekki er tryggt að öll börn hafi jafnan aðgang að dagvistun, fæði í grunnskólum landsins, tannviðgerðum, íþróttaiðkun, tónlistar- eða tómstundanámi, svo fátt eitt sé nefnt og þetta allt án gjaldtöku, viðheldur menntakerfið stéttaskiptingu og mismunun. Sú staða er óþolandi og á ekki að líðast í velmegunarþjóðfélagi líkt og okkar.

Hvernig er hægt að rökstyðja það að sum börn finni fyrir misskiptingunni í þjóðfélaginu með maganum og fái að sitja til hliðar og fylgjast með bekkjarsystkinum sínum snæða heitan mat í hádeginu. Það er ekki hægt, m.a. hefur könnun Félagsfræðingafélags Íslands sýnt að börnum sviður óréttlætið og þau finna fyrir mismununinni ekki síður en við fullorðna fólkið. Er þetta virkilega það sem við viljum kenna börnunum okkar? Nei, ekkert barn á að búa við fátækt á Íslandi. Að þessu leyti get ég því ekki dulið ákveðin vonbrigði mín með aðgerðaáætlunina. Ég hefði óskað þess að hún gengi lengra. Það að ætla að vinna að því að bæta aðgengi allra barna og ungmenna til íþróttaiðkunar og félagsstarfs er ekki nægilegt. Það þarf einfaldlega að tryggja rétt allra barna og ungmenna til íþróttaiðkunar og tómstundanáms, m.a. til listanáms. Það er ekki nægjanlegt að segjast ætla að styðja nemendur í framhaldsskóla til kaupa á bókum og öðrum námsgögnum en minnast ekkert á í hverju sá stuðningur felst. Það verður einfaldlega að tryggja að allir nemendur í framhaldsskólum sitji við sama borð og fái ókeypis námsgögn til að geta stundað nám sitt.

Þótt ég leyfi mér að gagnrýna um leið og ég hrósa er það svo hvað varðar megináherslur og tilgang aðgerðaáætlunarinnar að mér finnst hún mjög góð. Í henni er tekið á mörgum veigamiklum atriðum sem mörg hver voru til umræðu rétt fyrir kosningar og ég fagna t.d. sérstaklega að í áætluninni sé tekið á tannheilsu barna. Það liggur í augum uppi að þau börn sem illa eru stödd fjárhagslega og félagslega fá minnstar tannlækningar og hafa því þegar í æsku verri tannheilsu og slíkt fylgir þeim allt lífið.

Íslenskt samfélag hefur verið í mikilli uppsveiflu undanfarna áratugi. Það hefur gengið í gegnum hraðar og miklar breytingar, sumar góðar og aðrar slæmar. Menn vinna langan vinnudag og álag á foreldra er mikið, samverustundir með börnum eru fáar. En álag á börn og ungmenni við slíkar aðstæður er ekki síður mikið og við þær aðstæður er mikilvægt að hlúa vel að fjölskyldum, börnum og foreldrum. Það eru sennilega fáir foreldrar ef nokkrir sem óska sér þess að vinna mikið og geta þar af leiðandi sinnt börnum sínum minna en ella. Ég tel sérlega mikilvægt að farið verði í vinnu við að stytta vinnuvikuna sem allra fyrst og fagna þeim hluta aðgerðaáætlunarinnar sérstaklega.

Ég fagna því jafnframt að fæðingarorlofið eigi að lengja í 12 mánuði en tel um leið þörf á að endurskoða kerfið og gera það sveigjanlegra, til að mynda hvað varðar námsmenn. Einnig tel ég verulega þörf á að endurskoða fæðingarorlofskerfið með stöðu einstæðra foreldra í huga. Það er því miður svo að sum börn fá eingöngu notið sex mánaða heima við. Ég kýs að líta á fæðingarorlofið ekki eingöngu sem rétt foreldra heldur að sama skapi sem rétt barna til að njóta samvista við foreldra sína fyrstu mánuðina. Það hefur oft verið sagt að hægt sé að dæma þjóðfélög eftir því hvernig komið er fram við börn og aldraða. Að mínu mati mun framkoman við þá einstaklinga sem skapa munu framtíðina sannarlega vera einn af mikilvægustu mælikvörðunum. Því styð ég þessa aðgerðaáætlun en vona að gengið verði lengra í þá átt að láta börn ekki finna fyrir misskiptingunni í þjóðfélaginu í gegnum menntakerfið.

[16:59]

Karl V. Matthíasson (Sf):

Herra forseti. Hér er verið að ræða tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna. Ánægjulegt er að vera vitni að því hve margir eru jákvæðir gagnvart henni og lýsa yfir hrifningu yfir mörgu sem kemur fram í ályktuninni og er það vel, enda er harla erfitt að mæla á móti þingsályktunartillögu sem þessari því hún miðar að barnavernd og að styrkja stöðu barna, eins og segir í heiti hennar.

Ég vil byrja á að óska hv. þm. Auði Lilju Erlingsdóttur til hamingju með fyrstu ræðu sína á Alþingi Íslendinga og þótti mér gott að heyra jákvæðni þingmannsins í garð tillögunnar þótt hún kæmi með ákveðnar ábendingar um það sem betur mætti fara.

Ég ætla ekki að fara í öll atriði þingsályktunartillögunnar, herra forseti, en mig langar sérstaklega til að víkja að VI. kafla þar sem talað er um aðgerðir í þágu barna og ungmenna með hegðunarerfiðleika og í vímuefnavanda. Þessi kafli er í raun og veru algerlega í samræmi við það sem kemur fram í stjórnarsáttmálanum þar sem talað er um örugga heilbrigðisþjónustu og vímuefnavarnir í einum kaflanum þar og ætla ég að lesa það, með leyfi hæstv. forseta:

„Nauðsynlegt er að bregðast hart við aukinni vímuefnavá með öflugri fræðslu og forvörnum, stuðningi við fjölskyldur í vanda, fjölbreyttum meðferðarúrræðum og hertri löggæslu. Ríkisstjórnin leggur sérstaklega áherslu á að meðferðarúrræði séu nægjanleg fyrir þá sem ánetjast vímuefnum og tryggt sé að þjónusta á þessu sviði sé samþætt og markviss og gagnist öllum hópum sem á þurfa að halda. Fylgja þarf eftir áætlunum um uppbyggingu fangelsa.“ Segir í lok þessa kafla.

Þessi kafli leiðir síðan til VI. kaflans í tillögunni sem liggur fyrir. Þar er t.d. talað um að „fjölbreytni meðferðarúrræða fyrir börn og ungmenni með hegðunar- og vímuefnavanda verði aukin. Í því skyni verði komið á fót meðferð utan stofnana sem veitt skal á vettvangi fjölskyldunnar og í nánasta umhverfi barnsins og verði Barnaverndarstofu nú þegar falið að annast framkvæmd þess.“

Þetta er eitt af þeim atriðum þar sem ekki er verið að

tala um að fara eigi í einhvern tíma síðar og eitthvað sé óljóst, eins og sumir hv. þingmenn ýja að stundum. Verið er að tala um að fara eigi strax í málin og hér er vikið að mjög mikilvægu atriði. Það er nefnilega svo, hæstv. forseti, að margir foreldrar sem horfa upp á veikindi barna sinna og fíkniefnaneyslu þjást og líða fyrir það. Síðan er stundum brugðið á það ráð að börnin eru tekin af heimilinu og þau sett á meðferðarheimili og síðan meðan dvalið er á meðferðarheimilinu og verið er að styðja við börnin, byggja þau upp og reyna að hjálpa þeim til að komast út úr fíkninni eða sálrænum vanda sínum eða hvað sem það er, þá eru foreldrarnir heima. Stundum er það þannig að þeir geta — hvað eigum við að segja, upplifað að þeir séu komnir í algera hvíld og gera lítið í sínum málum. Svo allt í einu kemur barnið heim af meðferðarheimilinu og þá kemur fljótt upp sama staðan og var. Þess vegna finnst mér það vera mjög gott atriði í tillögunni þar sem nefnt er að stuðningsaðilar komi inn á heimilið og hjálpi til við meðferðina þar sem fólkið mætir vandanum á þeim vettvangi sem vandinn brýst mest út.

Í 2. lið VI. kaflans er talað um viðbragðsflýti og að „markvissari íhlutun í mál ungmenna með vímuefnavanda verði aukin, meðal annars með ráðgjöf fyrir foreldra."

Í þessu sambandi langar mig til að víkja að því sem stundum hefur verið talað um þegar unglingar hafa verið teknir ítrekað undir áhrifum fíkniefna. Mörgum finnst eins og ekki sé tekið nógu ákveðið og fast á þeim málum fyrr en allt er komið í óefni og viðkomandi unglingur er búinn að fremja einhver ódæðisverk og margbúinn að brjóta lögin. Náttúrlega brýtur viðkomandi einstaklingur strax lögin með því að fara út í fíkniefnaneyslu. Mér finnst koma til álita, herra forseti, að við förum að horfa meira á það að hægt sé að dæma fólk til meðferðar, að setja fólk í meðferð. Reyndar eru ýmis viðhorf í því efni en það er þó að minni hyggju betra að 16 ára unglingur sé tekinn úr umferð og settur á eitthvert heimili og látinn vera edrú, ef svo má að orði komast, í stað þess að hann sé bara tekinn og einhver smáskýrsla tekin af honum. Síðan er hann viku síðar aftur tekinn. Þegar fólk er komið í slíka hringiðu og þennan vítahring verður einhver að taka á málinu. Það hlýtur auðvitað að vera skylda hinna fullorðnu að gera það og þar með samfélagsins. Síðan er hægt að taka þetta fólk og láta það vera utan við þennan leik í nokkurn tíma til að byggja það upp og styrkja.

Þetta kemur líka inn á alla umræðuna um þau lögbrot sem hljótast af áfengis- og fíkniefnaneyslu. Mér finnst það vera mjög íhugunarvert svo ég nefni það aftur að fólk sé dæmt til áfengis- og fíkniefnameðferðar þar sem fólk fær að fræðast um vandamál sín og taka á þeim málum í stað þess að vera dæmdur í fangelsi og þurfa að sitja þar einhvern ákveðinn tíma og lítið eða ekkert kannski hægt að gera þó svo ég vilji ekki draga fjöður yfir það, hæstv. forseti, að miklar framfarir hafa verið að eiga sér stað í þeim efnum, t.d. í tengslum við Vernd og velvilja margra þeirra sem fara með slík mál.

Síðan kem ég að 3. liðnum þar sem talað er um að stuðningur við börn og ungmenni sem lokið hafa stofnanameðferð verði efldur. Þetta kemur í framhaldi af því sem Allan Morthens, forstöðumaður í Háholti, hefur sagt, en hann hefur verið með heimili fyrir unglinga og börn sem hafa glímt við ýmiss konar vanda. Hann hefur bent á að þegar börnin eru farin af heimilinu sé eftirfylgnin ekki næg. Þetta tengist náttúrlega því, herra forseti, sem áður hefur verið nefnt að einnig þarf að tengja meðferðina við heimilið sjálft og það sem er að gerast á heimilinu.

Svo kemur 4. liðurinn, en þar segir: „Unnin verði heildstæð aðgerðaáætlun í forvörnum vegna vímuefnaneyslu barna, meðal annars í samstarfi við frjáls félagasamtök."

Það er nauðsynlegt verkefni sem blasir alltaf við samfélaginu á hverjum tíma og að við höfum ákveðna og skýra sín í þessum málum, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson nefndi. Hvaða afstöðu höfum við gagnvart áfengisauglýsingum? Hvaða afstöðu höfum við gagnvart sölu áfengis í matvöruverslunum o.s.frv.? Ég vil að tekið verði mjög strangt og ákveðið á því og ekki slakað til í þeim efnum, einkum og sér í lagi með tilliti til þeirrar reynslu sem við höfum frá Bandaríkjunum og Evrópu, eins og nefnt var. Við erum að heyra fréttir t.d. af mjög alvarlegri áfengissýki meðal breskra ungmenna allt niður í 12 ára aldur sem sagt var frá í fréttum ekki alls fyrir löngu.

Þetta eru atriði sem mig langaði til að víkja að í þessari tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun til að styrkja stöðu barna og ungmenna. Auðvitað er hægt að víkja að ótal mörgum málum. En það sem mér finnst líka skipta miklu máli, herra forseti, í tengslum við þetta allt saman er að þetta skuli koma á borð Alþingis, þetta skuli koma í sali Alþingis til umfjöllunar og til umræðu um hag barna lands okkar. Það skiptir svo miklu máli hvað kemur frá þinginu, hvað heyrist frá þinginu og hvaða áherslur þingið og hver ríkisstjórn er með hverju sinni. Þess vegna fagna ég þingsályktunartillögunni og vona að allir þingmenn sjái sér fært að styðja hana.

[17:10]

Pétur H. Blöndal (S):

Herra forseti. Við ræðum nefndarálit frá félagsmálanefnd, sem hún öll skrifar undir, og fjallar um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna. Þetta er afskaplega mikilvægt plagg og er í reynd ákveðin stefnuyfirlýsing eða ákveðið aðgerðarplan til að gæta hagsmuna þessa mikilvæga hóps í þjóðfélaginu sem eru börn og unglingar. Við verðum að átta okkur á því að velferðarkerfið er mjög mikilvægt hverjum einstaklingi, bæði hvernig það tekur á stöðu hans sjálfs og er eiginlega hluti af launakjörum eða starfskjörum hvers manns og hluti af lífi hans öllu. Þess vegna er mjög mikilvægt að velferðarkerfið sé skilvirkt, skipulegt, rökrétt og réttlátt.

Herra forseti. Mikið hefur verið talað um fátæk börn og mikið hefur verið notast við stærðfræðilega skilgreiningu á fátækt, sem er sú að þeir aðilar sem hafa minna en 50% af miðgildi tekna teljast fátækir. Þessi skilgreining er afskaplega gölluð, menn þurfa bara að átta sig á því og vita af því. Ef öll laun og bætur hækkuðu tvöfalt mundi fátæktin ekkert minnka þó að fólk gæti keypt tvöfalt meira. Nákvæmlega sama fólkið yrði áfram fátækt. Ef allir væru með jafnháar tekjur, segjum 70 þús. kr. á mánuði til ráðstöfunar, allir, þá er enginn fátækur samkvæmt þessari skilgreiningu.

Maður sem á miklar eignir, heilu jarðirnar og lendur og ég veit ekki hvað og hvað, svæði sem nýbúið er að skipuleggja, óskaplega ríkur en hefur engar tekjur, hann telst fátækur. Menn þurfa því að átta sig á þessu. Og umrædd skilgreining tekur ekki mið af eignum eða skuldum. Menn geta verið alveg skuldum vafnir með góðar tekjur af því að þeir þurfa að hafa góðar tekjur til að borga af skuldunum, eiga aldrei krónu en þeir eru taldir vera ríkir, ekki fátækir sem sagt.

Herra forseti. Ég sé alveg koma á næstu árum miðað við þá miklu skuldsetningu sem sumir hafa steypt sér í að við munum upplifa fyrirbærið fátækir hátekjumenn. Það er fólk sem búið er að ráðstafa öllum tekjum sínum til framtíðar með neyslulánum. Þótt það sé með háar tekjur þá er það búið að ráðstafa þeim og það hefur lítið sem ekkert til að lifa af. Þetta gætum við upplifað á næstu árum. Þess vegna er mjög mikilvægt að greiningin sem menn eru að reyna að setja fram í sambandi við fátæk börn sé rétt og menn átti sig á þeim galla sem fylgir svona stærðfræðilegri skilgreiningu.

Herra forseti. Mig langar til að ræða nokkuð það sem ekki má tala um og það er það sem síðasti hv. ræðumaður kom inn á, þ.e. fíkn. Við tökumst á við ýmiss konar fíkn, áfengis-, eiturlyfja- og spilafíkn, jafnvel neyslufíkn sem endurspeglast í óreiðu í fjármálum og mikilli skuldsetningu. Nú getur vel verið að einhver segi að það sé enginn fíkill á Íslandi. Það getur vel verið að einhver segi: Við skulum bara horfa fram hjá þessu, þetta er ekki vandi. En mér finnst menn oft líta á þetta eins og óhreinu börnin hennar Evu. Það á ekki að tala um þetta, þetta er óþægilegt. Þetta er þarna og ég held að það geti enginn mótmælt tilvist fíkla. Það má kannski segja að sumir haldi því fram að þeir hafi komið sér í þetta sjálfir. Það eru ýmis áhöld um það. En börnin þeirra hafa örugglega ekki komið sér í slíka stöðu sjálf eða systkini þeirra, foreldrar þeirra eða öll ættin sem fylgir með og jafnvel vinir sem eru að reyna að bjarga og hjálpa. Allt þetta fólk er saklaust og lendir í því að vera fátækt og verst er það með börnin. Það er ekki nóg með að alltaf vanti pening hjá fíklinum því fíknin er svo dýr, alltaf vantar peninga, það er bara einkenni, það held ég að flestir geti tekið undir, heldur er líka vanræksla hjá þessum börnum af því að fíkillinn er svo upptekinn af því að stunda sína fíkn og stundum er hann hreinlega út úr heiminum og jafnvel báðir foreldrar og þá er barnið hræðilega vanrækt. Svo lendir þetta barn auk þess stundum í ofbeldi því að fíknin leiðir oft til slagsmála og rifrildis eins og við þekkjum. Og ætla sér að horfa fram hjá þessu í aðgerðaáætlun til fjögurra ára þegar styrkja á stöðu barna og ungmenna finnst mér vera mjög alvarlegt.

Nú veit ég ekki hversu mörg börn eða unglingar falla undir þetta. Ég spurði um það á fundi í nefndinni í gær og fulltrúi SÁÁ ætlaði að gefa mér upp einhverja tölu en hún er ekki komin enn þá þannig að ég veit ekki hvað þetta eru mörg börn. Hvort þau eru 100, 1.000, 2.000, 5.000 eða hvað, ég veit það ekki. En vandi þeirra allra er mjög alvarlegur og það er mjög alvarlegt ef Alþingi ætlar sér að horfa fram hjá þessu af því að það er óþægilegt.

Það merkilega er að ef menn ætla sér að hækka barnabætur til að bæta stöðu fátækra barna, hvert halda menn, herra forseti, að þær renni hjá fíklunum? Ef barnabætur hækka um 3.000 kr., hvort halda menn að fíkillinn kaupi galla á barnið eða bokku fyrir sig? Ég læt mönnum eftir að svara þeirri spurningu. Hækkun barnabóta virkar ekki til hagsbóta þessara barna, ekki neitt. Menn þurfa að grípa til annarra ráða. Ég veit ekki hver þau eru en menn þurfa að ræða það, fara í gegnum það og finna út úr því.

Svo finnst mér líka, eins og ég hef nefnt áður á Alþingi, að við erum með fæðingarorlof sem gildir almennt til níu mánaða aldurs barnsins. Og hvað þá? Ég hef spurt að því. Hvað þá? Hvað gerist með barnið þegar það er níu mánaða? Fundin er einhver dagmamma og barnið fer að heiman níu mánaða gamalt. Sum þeirra þola það, önnur þola það ekki. Einmitt á þeim tíma þegar barnið er hvað virkast í því að mynda tengsl við foreldra sína er það rifið frá þeim. Allan daginn er það úti að vinna eins og foreldrarnir, tekið að heiman, sent út í heim. Ég tel að börn séu allt of ung til að fara út í heim níu mánaða gömul. Við þurfum og verðum að finna einhverja lausn fyrir börn þannig að þau þurfi ekki að vera að heiman, helst ekki undir þriggja ára aldri. Það er mín skoðun. Ég held að börn um þriggja ára aldur séu upptekin af því að uppgötva sitt nánasta umhverfi og mynda tengsl við þær tvær persónur eða einu sem er foreldri þeirra. Það er mjög mikilvægt.

Við gætum í rauninni fundið lausn á þessu ef atvinnulífið ynni með og foreldrarnir ynnu t.d. á vöktum, annað fyrir hádegi og hitt eftir hádegi. Og við tækjum inn í dæmið greiðslur sveitarfélaganna til dagmæðra og barnaheimila, þá er hugsanlega hægt að finna lausn á þessu án mikils kostnaðarauka við núverandi kerfi en þetta krefst skipulagningar.

Mér finnst líka vanta, það kemur reyndar inn í nefndarálitið, úrlausn hjá meðlagsgreiðendum sem eru atvinnulausir. Það er alveg hræðileg staða. Þetta eru yfirleitt karlmenn og segjum að einhver þeirra borgi meðlag með þrem börnum, 50 þús. kr. ef borgað er einfalt meðlag á mánuði, og ef hann er atvinnulaus er hann kominn eftir þrjá mánuði niður í einfaldar atvinnuleysisbætur og þá fær hann rétt rúmlega 100 þús. kr. útborgaðar. Þessi maður þarf sem sagt að lifa af 50 þús. kr. á mánuði og það sér hver einasti maður að það gengur ekki upp, 50 þús. kr. er of lítið til að lifa af og sérstaklega ef hann á að taka sómasamlega á móti þessum þrem börnum sínum þegar þau koma í heimsókn. Þetta er því eitthvað sem við verðum að ræða, jafnvel þó sumir haldi því fram að karlmenn eigi að borga með börnum sínum hvað sem tautar og raular.

Það sem einnig vantar inn í aðgerðaáætlunina er kannski það að foreldrar í dag hafa enga reynslu úr barnæsku sinni varðandi tölvunotkun, þegar börn eru mikið við tölvu, sjónvarp, í tölvuleikjum o.s.frv. Foreldrar hafa almennt enga reynslu úr sínu eigin uppeldi, það voru ekki tölvur þá, netið var ekki. Hvað á barn að vera marga klukkutíma á dag á netinu og hvaða hættur blasa þar við? Þetta er eitthvað sem getur fallið undir það sem kemur fram í III. kafla í tillögunni um þjálfun í foreldrafærni en helst þyrfti að taka það fram og þess vegna nefni ég það hérna.

Að lokum, herra forseti, vil ég lesa upp úr nefndarálitinu það sem ég tel kannski vera mikilvægast í þessu, með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndin bendir á mikilvægi þess að þeim lagafrum-

vörpum og tillögum sem lögð verða fram í kjölfar samþykktar tillögunnar fylgi ítarlegt kostnaðarmat. Þá bendir nefndin á að horfa þurfi til afkomu ríkissjóðs og efnahagslífsins í heild við framkvæmd þeirra aðgerða sem tillagan felur í sér."

Þetta er afskaplega mikilvægt. Vitaskuld er þetta sjálfsagt mál og ætti í rauninni ekki að þurfa að taka það fram. En það er því miður þannig að mjög margir og jafnvel þingmenn telja að guð almáttugur borgi þetta allt saman. En að sjálfsögðu er þetta allt saman á kostnað skattgreiðenda landsins og hafa þarf í huga að þeir geti og vilji borga þessar aðgerðir allar og svo þurfa menn að hafa í huga að aðgerðirnar þurfa ekki endilega að vera dýrar. Það er ekki endilega þannig að tvöfalt meiri peningar gefi tvöfalt meiri velferð. Einföld skipulagsbreyting getur gefið það og gert sama gagn.

[17:21]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vakti athygli mína í ræðu hv. þm. Péturs Blöndals þar sem hann var að fjalla um hversu hollt eða ekki hollt það væri fyrir börn að vera í leikskólum jafnvel frá níu mánaða aldri og hann gat þess í ræðu sinni að hann teldi í raun og veru að það væri ekki gott að börn undir þriggja ára aldri að vera í leikskólum. Þar sem hér er á ferðinni framsögumaður af hálfu Sjálfstæðisflokksins í þessari umræðu, ef ég skil rétt, leikur mér forvitni á að vita hvort þetta er almenn skoðun á þeim bæ að leikskólinn ætti helst ekki að vera nema fyrir börn frá þriggja ára aldri og hvort þingmaðurinn hafi kynnt sér það uppeldisstarf og í rauninni fræðslu- og menntastarf sem fram fer í leikskólum almennt. Hvort hann telji að það sé af hinu vonda og hvort hann telji að börn hafi betra af því að vera í uppeldi heima hjá sér allan daginn með öðru hvoru foreldra, t.d. fyrir framan tölvuna sem hann nefndi sérstaklega í máli sínu.

Ég ætla ekki að vera með neinar fullyrðingar um hvað þingmaðurinn á við en mér leikur forvitni á að vita hvort hann sé þeirrar skoðunar að það ætti frekar að draga úr því að börn fari á leikskóla eins og þróunin hefur verið undanfarin ár, að auka og efla starfsemi leikskólanna í landinu og gera þá jafnvel gjaldfrjálsa þannig að þeir séu raunverulega hið fyrsta skólastig eins og lög kveða á um.

[17:23]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þessu máli er ég ekki fulltrúi eins né neins nema sjálfs mín og ég held að flestir þingmenn séu það og samkvæmt stjórnarskránni eru þeir eingöngu bundnir af sannfæringu sinni. Ég er ekki að mæla hér fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins, dettur það ekki í hug, hver og einn er alveg einfær um að svara fyrir sig. Ég er bara að tala um það sem ég tel í þessu máli, þetta er ekki stórpólitískt mál. Ég hef upplifað það — ég er nú búinn að ala upp sex börn — að börn undir þriggja ára aldri, það er reynsla mín almennt séð, vilja vera heima hjá sér. Þau vilja ekkert fara í heimsóknir eða fara út svona almennt séð. Auðvitað er það geysilega misjafnt. Sum þeirra hafa gaman af því að fara að heiman, jafnvel eins árs, tveggja ára, sum þeirra þola það bara alls ekki. Ég hef upplifað það í þessum frábæru skólum þar sem uppeldisaðferðirnar eru allar mjög góðar að barn grenjar og grenjar. Það veit bara ekki af því hvað þetta er æðislega góð aðstaða. Það langar bara til að vera heima, það er svo einfalt.

Þetta er mjög misjafnt og það getur vel verið að sum börn hafi gott og gaman af því að fara á leikskóla en ég held að þessi síaukni þrýstingur að setja börn á leikskóla sé vegna þrýstings atvinnulífsins, vegna þrýstings alls kerfisins. Það er ekki bara verið að horfa á hagsmuni barnsins, ég held það. Ég held að menn ættu virkilega að fara að skoða það og jafnvel spyrja börnin þó að þau geti kannski ekki svarað beint, þau svara með hegðun sinni, hvort þeim líki að fara að heiman klukkan 8 eða 9 á morgnana og vera dröslað upp í bíl í öllum veðrum og fara að vinna.

[17:25]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir það sem þingmaðurinn sagði varðandi atvinnulífið. Ég held að það sé rétt að atvinnulífið hefur alls ekki verið nógu sveigjanlegt þegar kemur að þessum málum. Í raun og veru eru allir steyptir í sama mót hvað það snertir, vinnutíminn er ekki nógu sveigjanlegur og jafnvel þó að oft sé talað um að hafa sveigjanlegan vinnutíma þá er hann ekki nógu sveigjanlegur. Vinnutíminn er almennt það langur hjá flestum og báðir foreldrar þurfa nú að vinna úti eins og staðan er hjá okkur, þannig að það er ekki mikið um annað að tefla en að börn séu á leikskólum í átta og jafnvel níu tíma, stundum lengur, meðan foreldrarnir vinna.

Hins vegar vil ég segja að ég hef talsverða reynslu af því að starfa í leikskólageiranum sem borgarfulltrúi í Reykjavík og formaður í leikskólaráði Reykjavíkur í fjögur ár. Ég hef kynnst mjög mikið uppbyggingu leikskólanna og ég fullyrði að það er afar metnaðarfullt og gott uppeldisstarf og menntastarf sem fer fram í leikskólunum almennt í landinu og er síst eftirbátur þess starfs sem fer fram í grunnskólunum og höfum við þó gjarnan talað um að þeir séu góðir og grunnskólinn má margt læra af leikskólunum að mínu viti. Ég tel að þar fari fram mjög metnaðarfullt og mikilvægt starf sem börn hafa gott af en auðvitað eru börn eins og allir aðrir einstaklingar mismunandi og það getur verið persónubundið hvað hentar hverjum og einum. Mér fannst í ræðu þingmannsins gæta of mikillar alhæfingar hvað það snertir að börn ættu helst ekki að fara í leikskóla fyrr en við þriggja ára aldur og ég lýsi mig ósammála því viðhorfi.

[17:27]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var ekki alhæfing, ég talaði ekkert um gæði eða galla leikskólanna, ég var ekkert að ræða um það. Ég var að ræða um hvernig þetta liti út, hvernig heimsmyndin liti út frá sjónarhorni barns sem er níu mánaða og foreldrarnir þurfa að fara að vinna af því að fæðingarorlofið er búið. Ég var bara að líta á þetta frá sjónarhorni barnsins. Yfirleitt fara börnin til dagmömmu fyrst og síðan í leikskóla. Ég tel að við þurfum virkilega að ræða þetta betur og reyna að finna lausn sem er barnvænni.

[17:28]

Karl V. Matthíasson (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig langar aðeins að víkja að því vegna ummæla hv. þm. Péturs H. Blöndals um stöðu þeirra barna sem eiga foreldra sem eru fíklar að hún er auðvitað mjög alvarleg og það er í raun og veru ekkert líf varnarlausara en líf barna sem búa við slíkt ástand. Og þó að það komi ekki fram í þessari þingsályktunartillögu erum við með barnaverndarlög þar sem gerðar eru miklar kröfur um tilkynningarskyldu ef eitthvað alvarlegt er að, t.d. ef kennari eða skólayfirvöld eða aðrir sjá að það er eitthvað alvarlegt á ferðinni á heimili einhvers fíkils og það er barn þar þá ber mönnum náttúrlega að tilkynna það og grípa þar inn í.

Mig langaði aðeins til að koma inn á þetta. Við vitum að það eiga sér stað gríðarlega miklar aðgerðir á vegum félagsþjónustunnar víða um land vegna þess að börn búa á heimilum fíkla. Auðvitað reynum við að koma inn í það líf með því að hjálpa foreldrunum að fara í meðferð og oft hefur inngrip samfélagsins skipt máli og hjálpað þeim til að geta haft börnin sín áfram.

[17:30]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í þeirri aðgerðaáætlun sem við ræðum hér er eingöngu rætt í VI. kafla um aðgerðir í þágu barna og ungmenna með hegðunarerfiðleika og í vímuefnavanda. Það er ekki rætt um hinn endann sem eru börn sem eiga foreldra sem eru fíklar. Jafnvel þó að við séum með barnaverndarlög er það afskaplega viðkvæmt mál og ekki endilega víst að barnið vilji vera tekið frá foreldrunum. Það er eitt af erfiðustu málum sem við upplifum hvenær sú staða er komin upp. Hvenær staðan er orðin svo slæm að það sé betra að taka barnið frá foreldrunum en að leyfa því að vera áfram hjá þeim, því að yfirleitt vill barnið vera áfram ef það væri spurt.

Þessi vandi er óskaplega stór. Ég hef enga lausn á honum, ekki hér og nú, en ég vildi gjarnan að menn áttuðu sig á honum samt áður en þeir fara að glíma við alls konar önnur vandamál sem að mínu mati eru minna þungbær.

[17:31]

Karl V. Matthíasson (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil bara taka undir og deila áhyggjum með hv. þm. Pétri H. Blöndal um það sem hann sagði áðan, en auðvitað skiptir líka miklu máli viðhorf samfélagsins til áfengis- og fíkniefnaneyslu og hvernig talað er um þau mál almennt.

Við getum t.d. bara séð það í sjónvarpinu, þar var frétt um daginn um það að einhverjar nunnur á Spáni voru fengnar til að drekka bjór og það átti sanna að bjórinn minnkaði kólesterólmagn í blóði. Þetta var náttúrlega bara hlægilegt. Ég hálfvorkenndi nunnunum. Ég bara segi það.

Svo var önnur frétt tveim dögum áður að nú væri hægt að drekka bjór með mat en ekki bara léttvín. Það er svona áróður sem blasir alls staðar við okkur. Og jafnvel í tengslum við knattspyrnuleiki og annað setjast heilu hóparnir og þamba bjór til að horfa á íþróttamenn sem varla geta drukkið svona mikið af bjór því að þá gætu þeir ekki sýnt þau afrek sem þeir sýna. Það er ákveðnar mótsagnir í þessu öllu saman.

Það sem skiptir máli í raun og veru er sýn samfélagsins til þessara mála. Er bara eðlilegt að menn drekki einn, tvo, þrjá bjóra á dag? Eða eina, tvær eða þrjár rauðvínsflöskur á viku? Eða reyki fjórar eða fimm hasspípur? Eða taki amfetamín í nefið eða kókaín, jafnvel þó að það sé alveg kolólögt?

Ég þakka hv. þingmanni fyrir að nefna þessi atriði en ég bendi líka á þá skyldu samfélagsins að grípa inn í þó að það sé mjög erfitt og viðkvæmt sem það svo sannarlega er.

[17:33]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Mig langar undir lok þessarar umræðu að drepa á tvö atriði. Annað hefur lítt verið í umræðunni hér og það er, vænti ég, ekki vegna þess að það sé eitthvað minna mikilvægt en annað, heldur vegna þess hversu umfangsmikil þessi tillaga er. Það vill svo til að þetta er VIII. kaflinn, um aðgerðir í þágu barna innflytjenda. Ég vil nota tækifærið og fagna sérstaklega því sem þar er tínt til og einnig því sem kemur fram til viðbótar í nefndaráliti hv. félagsmálanefndar.

Það sem mér finnst sérstaklega mikilvægt og vil nefna af því hér var verið að ræða leikskólann er að í 4. tölulið segir að unnið verði að því að skilgreina rétt leikskólabarna af erlendum uppruna til að læra íslensku og til að fá viðeigandi málörvun. Í þessu sambandi er auðvitað mjög mikilvægt að muna eftir því að jafnvel þó að leikskólinn sé orðinn viðurkenndur hluti af skólakerfinu þá er leikskólinn ekki ókeypis. Það er því miður þannig, a.m.k. þar sem ég þekki til, að hlutfallslega færri börn af erlendum uppruna sækja leikskóla en börn annarra hér í borginni.

Ég fagna því sérstaklega sem segir í nefndarálitinu hvað það varðar að það eigi ekki aðeins að horfa til vankunnáttu þessara erlendu barna í íslensku heldur einnig að taka tillit til þekkingar þeirra á sínu móðurmáli, eins og formaður nefndarinnar ítrekaði reyndar fyrr í dag.

Mig langar aðeins til að taka þátt í þeirri umræðu sem hefur spunnist hér um tannlækningar. Það er og verður vissulega mjög dýrt að vinna upp alla þá vanrækslu sem hefur verið á því sviði á undanförnum árum. Allt frá 1993 þegar fallið var frá því að hafa tannlækningar barna og ungmenna án endurgjalds eða ókeypis, að ég tali ekki um ósköpin þegar skólatannlækningar voru lagðar niður með tilvísun til samkeppnislaga og að kröfu forsvarsmanna Tannlæknafélags Íslands, held ég, frekar en Reykjavíkur.

Það hefur verið upplýst hér að það kosti um 1.000 millj. kr. til viðbótar við þær 1.200 millj. kr. sem nú þegar er varið til tannlækninga í tryggingakerfinu, að ná því marki sem var á árinu 1993. En á þessum tíma hafa framlög til sjúkratrygginga aukist verulega og hafa haldist í öðrum málaflokkum, í öðrum greinum. Tannlækningarnar hafa hins vegar dregist það mikið aftur úr að í dag þarf að mati tryggingayfirlæknis 1.000 millj. kr. til viðbótar.

Varðandi skólatannlækningarnar hins vegar er staðan nákvæmlega sú sama. Hver tannlæknastóll kostar 20 millj. kr. að því er upplýst var í hv. félagsmálanefnd. Í Reykjavíkurborg eru 40 grunnskólar. Ætli þeir séu ekki jafnmargir út um land? Það sést því strax, hæstv. forseti, að það er gríðarlega dýrt og mikið verk fram undan til að vinna upp þessa

áratugavanrækslu. Það verður auðvitað ekki gert í einu skrefi með því að byggja upp skólatannlækningar að nýju inni í skólunum.

Ég vil hins vegar ítreka afstöðu mína í þeim efnum að ég skil það svo sem segir í nefndarálitinu, að tekið verði til sérstakrar skoðunar skipulagt eftirlit tannheilsu í tengslum við skólana, að þar sé verið að ræða um hvernig ná megi til þeirra u.þ.b. 5.000 barna sem aldrei koma til tannlæknis. Það er auðvitað hægt í gegnum skólana og það er hægt með öðru móti en því að hafa þar skipulegar skólatannlækningar, sem eins og ég sagði mundi kosta bara í Reykjavíkurborg einni 800 millj. að koma af stað. Það er hægt að gera með því að tannfræðingar og jafnvel tannlæknar fari inn í skólana til eftirlits og vísi börnum til sérfræðinga. Mér hugnast það betur en að tannlæknar eða tannlæknastofur fái eins konar aðgang eða fái að auglýsa sig inni í skólunum. Ég lít svo á þetta nefndarálit að þar sé verið að fjalla um skipulegt eftirlit með tannheilsu.

Ég fagna því sérstaklega að formaður nefndarinnar hefur tekið hér af allan vafa um hvað þetta þýðir með árangurstenginguna og tek undir með hv. þm. Höskuldi Þórhallssyni að það skiptir miklu máli að tekinn sé af allur vafi um að ekki standi til að fara að greina börn með uppmælingu.

[17:39]

Frsm. fél.- og trn. (Guðbjartur Hannesson) (Sf):

Hæstv. forseti. Ég þakka þá jákvæðu umfjöllun og góðu umræðu sem hér hefur farið fram og jákvæð orð í garð þeirrar þingsályktunartillögu sem er til umræðu. Almennt hafa menn fagnað henni og ætlast til að með þingsályktuninni verði sett í gang aðgerðaáætlun í samræmi við þá punkta sem þar eru.

Það komu auðvitað fram í ræðum manna ýmsar ábendingar eða áminningar um að þeir vilji fylgja einhverjum ákveðnum stefnumálum flokka sinna. Allt þetta hlýtur að fara til skoðunar í framhaldinu og til málefnalegrar umfjöllunar þegar farið verður að vinna að þessari aðgerðaáætlun í einstökum ráðuneytum eða í samráðsnefndinni. Þess vegna er mikilvægt að þetta hafi komið fram hér í dag. Það eru auðvitað mörg mál sem ekki hafa verið rædd en það þýðir ekki að þau komi ekki til skoðunar í framhaldsvinnunni.

Ef ég fer aðeins yfir þau atriði sem hafa komið fram og ástæða er til að minnast örlítið á og fjalla um úr ræðum einstakra þingmanna, þá ræddi hv. þm. Álfheiður Ingadóttir um áhyggjur sínar af afstöðu Sjálfstæðisflokksins til málsins. Ég held að menn þurfi ekkert að hafa áhyggjur af því, það hefur komið skýrt fram að þetta mál er lagt fram af þingflokkunum sameiginlega og stjórnarflokkunum. Þeir standa sameiginlega að málinu heils hugar.

Þá kom fram í máli hv. þingmanns að kannski hefði þurft að fjalla betur um kjör umönnunarstétta og þeirra sem eru að fjalla um málefni barna. Ég tek heils hugar undir það í sjálfu sér að muna þurfi eftir því en bendi á að í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er sérstakt ákvæði um það og auðvitað treystum við á að því verði fylgt eftir. Sama gildir um samstarf við sveitarfélög sem rætt var um og það skilaði sér líka mjög vel í nefndinni og kemur fram í nefndarálitinu. Það segir sig sjálft að margt af því sem hér er verið að boða og þarf að koma til framkvæmda þarf að vinnast í mjög nánu samstarfi við sveitarfélögin og í einhverjum tilvikum verður örugglega að skoða tekjuskiptinguna á milli þessara aðila eins og hefur líka komið fram annars staðar að gert verður.

Það er líka ágæt ábending sem ég vil halda til haga sem kom kannski ekki fram þarna en hefur komið fram í umræðunni og það er um að raddir barna og unglinga heyrist. Það er sá lýðræðislegi þáttur að þessir aðilar hafa auðvitað heilmikið til málanna að leggja og ég vil taka undir þau orð og vona að það komi fram í allri vinnunni að þetta er gríðarlega verðmætur hópur til að leita skoðana hjá. Get ég talað þar af mikilli reynslu hafandi notað þá aðferð oft í starfi mínu að leita til barna og alltaf hafa þau bætt málin þar sem þau hafa um fjallað.

Hv. 9. þm. Norðvest., Kristinn H. Gunnarsson, gerði húsnæðismálin að umtalsefni og vildi að við lykjum húsnæðisstefnu ríkisstjórnarinnar í aðgerðaáætluninni. Ég held að það sé nú ofætlan að slík þingsályktunartillaga taki á þeim málaflokki eins og hann leggur sig. En það hefur komið fram í umræðunni mjög skýr afstaða varðandi Íbúðalánasjóð. Það hefur komið fram bæði hjá hæstv. félagsmálaráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur og einnig hjá hæstv. fjármálaráðherra. Það stendur ekki til í sjálfu sér að selja eða breyta Íbúðalánasjóði að öðru leyti því sem við verðum neydd til í samræmi við þær kröfur sem koma frá EFTA og ESA. Þessum málaflokki verður að sjálfsögðu sinnt með eðlilegum hætti en það kemur fram í nefndarálitinu að húsnæðismálin er auðvitað kostnaðarliður sem hefur veruleg áhrif á framfærslu barnafjölskyldna og þarf að skoðast sem slíkur.

Sama gildir um tekjumismun milli landsbyggðar og höfuðborgar og áhrif þessa tekjumismunar á stöðu barna, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson kom réttilega inn á. Þetta er einnig mjög skýrt ákvæði í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og engin ástæða til ætla annað en að reynt verði að sinna því, sérstaklega að jafna stöðuna fyrir landsmenn alla.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gerði einnig áfengismálin að umræðuefni. Ég get í sjálfu sér tekið undir obbann af því sem þar kom fram. Þó verð ég að segja að mér fannst lítið gert úr áhrifum fræðslu, þó að vitnað sé í að hún ein og sér ráði ekki því hvort menn drekki áfengi eður ei. Það er auðvitað vitað að þekkingin ein hindrar ekki athafnir en það má alls ekki gera lítið úr því að tekist hefur að minnka áfengisneyslu í grunnskólum og það hefur verið gert með samstilltu átaki foreldra og starfsfólks skólanna og m.a. Lýðheilsustöðvar. Ég held að fræðslu- og uppeldisþátturinn í þessu sé stórlega vanmetinn. Næsta skrefið varðandi áfengisneysluna er auðvitað viðhorfsbreyting og aukin fræðsla og áróður einmitt til að móta viðhorf nemenda á fyrstu árum í framhaldsskólunum.

Varðandi meðferðina á skjalinu sem slíku, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson ræddi um, að það sé óeðlilegt að gera ekki textabreytingar, þá gerði ég grein fyrir því í inngangsræðu að ég mæti það svo að hægt hefði verið að fara í textabreytingar í þingsályktunartillögunni en mikilvægara væri þó að draga saman þau atriði sem við teldum að þyrftu að koma til umfjöllunar. Það var heiðarlega gert í samráði við alla nefndarmenn, enda held ég að allir nefnd-

armenn í félags- og tryggingamálanefnd geti séð í nefndarálitinu mörg þeirra atriða sem þeir lögðu til í umræðunni.

Hv. þm. Höskuldur Þórhallsson, 10. þm. Norðaust., telur þetta ekki vera aðgerðaáætlun heldur bara viljayfirlýsingu og það má svo sem deila um orð. Ef menn telja að aðgerðaáætlun þurfi að vera tölusett eða markmiðssett sem einhvers konar skorkort þá er það vissulega rétt að þetta mundi ekki heita aðgerðaáætlun en þarna er klárlega lýst yfir hvaða aðgerðum á að beita í málefnum barna og ungmenna og þess vegna tel ég að þessi áætlun standi fyllilega undir nafni. Þó að útfærslurnar séu ekki í öllum smáatriðum á þessu stigi nú á sumarþinginu þá eru þetta skýr fyrirmæli um hvaða vinnu á að setja í gang og hvaða málum við munum eiga von á inn þingið í framhaldinu.

Hv. þm. Auður Lilja Erlingsdóttir óskaði eftir því að margt væri afdráttarlausara og auðvitað væri það kannski æskilegt í sumum tilfellum en það er kannski vísun á það að þessi mál þurfa að fá umfjöllun, m.a. frá börnum eins og hv. þingmaður benti réttilega á. Hv. þingmaður benti líka réttilega á ósanngirni í samfélaginu og það að við setjum sum börn skör lægra vegna fátæktar eða annarra hluta, aðgengi að þjónustu sé takmarkað og annað slíkt, og þessu óréttlæti finni börn fyrir. Ég tek heils hugar undir það. Þess vegna er aðgerðaáætlunin svo mikilvæg. Hún er til að rétta hlut barna og tryggja að þau fái ekki ranga forgjöf inn í okkar ágæta samfélag.

Hv. þm. Pétur H. Blöndal, 6. þm. Reykv.n., samnefndarmaður, dró fram nokkur atriði sem komu ágætlega fram í málefnavinnunni líka. Það er auðvitað ávallt umdeilanlegt hvernig á að skilgreina fátækt en ég held að það sé enginn ágreiningur um það að fátækt er til staðar og við þurfum að vinna gegn henni og eyða henni og það skiptir auðvitað mestu máli.

Ég vil ekki taka eins sterkt til orða og hv. þingmaður varðandi það að við viljum ekki ræða fíkn eða vandamál barna fíkniefnaneytenda. Ég vil gjarnan að það verði rætt og ég vil gjarnan að það verði tekið upp í aðgerðaáætluninni, þ.e. í vinnunni við hana. Þetta er hópur sem situr ekki við sama borð og aðrir og við þurfum auðvitað að ræða það mjög alvarlega og reyna að leita lausna sem eru ekki auðfundnar eins og fram hefur komið.

Ég gæti haldið áfram að taka upp einstök mál og fylgja þeim eftir hér í lokaræðu minni um þessa þingsályktunartillögu. Ég held að ekki sé ástæða til þess, ég held að mörg af þeim málum sem huga þarf að hafi komið mjög skýrt fram í umræðunni. Vonandi fáum við tækifæri til að koma að þessu á síðari stigum í umfjöllun um einstaka þætti málsins.

Ég ætla aðeins að segja í lokin að mér finnst stórkostlegt að þessi aðgerðaáætlun í málefnum barna og ungmenna skuli vera komin fram og ég hlakka til að takast á við að koma henni í framkvæmd í framhaldinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[17:50]

Útbýting:

Frestun á fundum Alþingis, 14. mál, stjtill. forsrh., þskj. 35.

Viðaukasamningur um álbræðslu við Straumsvík, 13. mál, nál. minni hluta iðnn., þskj. 36.

Stjórnarráð Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 1. mál (sameining ráðuneyta, tilfærsla verkefna). — Þskj. 1, nál. 24 og 26, brtt. 25.

[17:50]

Frsm. meiri hluta allshn. (Birgir Ármannsson) (S):

Herra forseti. Allsherjarnefnd hefur fjallað um málið sem hér er til umræðu og lagt fram nefndarálit meiri hluta og minni hluta. Nefndin fékk á fund sinn allnokkurn hóp gesta þar sem farið var yfir málið og er meiri hluti allsherjarnefndar þeirrar skoðunar að rétt sé að samþykkja frumvarpið eins og það liggur fyrir en þó með nokkurri breytingu á 3. gr., sem ég mun koma nánar að á eftir.

Sé efni frumvarpsins dregið saman felur það í fyrsta lagi í sér breytingar á heitum ráðuneyta í samræmi við stefnumörkun nýrrar ríkisstjórnar. Í því felst að heiti félagsmálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis verður breytt þannig að tryggingamálahlutinn færist frá heilbrigðisráðuneyti til félagsmálaráðuneytis og landbúnaðarráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti verða einnig sameinuð.

Í öðru lagi er lagt til að heimilt sé með forsetaúrskurði að sameina ráðuneyti, í þriðja lagi að heimilt verði að bjóða starfsmönnum Stjórnarráðsins störf innan þess án þess að starfið sé auglýst opinberlega og í fjórða lagi eru lögð til ákvæði til að tryggja réttindi starfsmanna vegna tilfærslu verkefna á milli ráðuneyta.

Meiri hluti nefndarinnar styður þær skipulagsbreytingar sem lagðar eru til í 1. gr. frumvarpsins um breytingar á ráðuneytum og telur að þær séu til bóta. Í f-lið 1. gr. frumvarpsins segir að forseti Íslands geti með úrskurði sameinað ráðuneyti. Með þeirri breytingu er gert kleift að fækka ráðuneytum án þess að lagabreytingu þurfi til. Heimildin er þó háð þeirri takmörkun að áfram verður óheimilt að fjölga ráðuneytum án lagaheimildar. Í nefndarálitinu vísum við til þess að í nágrannalöndunum er fyrirkomulag með mismunandi hætti og sums staðar tíðkast að skipulag og verkaskipting ráðuneyta sé alfarið á hendi framkvæmdarvaldsins. Með þeirri breytingu sem um ræðir í frumvarpinu er ekki gengið svo langt en svigrúm framkvæmdarvaldsins þó aukið að þessu leyti.

Þá er með frumvarpinu áformað að breyta Hagstofunni í sjálfstæða ríkisstofnun. Enginn ágreiningur er um þá breytingu enda hefur Hagstofan ekki lengur verkefni sem telja má að eigi að heyra undir ráðuneyti, hvorki stjórnvaldsákvarðanir, sem hún þó gerði á árum áður, né pólitíska stefnumörkun. Segja má að stjórnvaldsákvarðanir og pólitísk stefnumörkun séu lykilatriði í verksviði ráðuneyta. En þessi breyting er óumdeild og felur aðeins í sér að regluverki Hagstofunnar verði breytt til samræmis við veruleikann.

Mesta umræðu í nefndinni fékk 3. gr. frumvarpsins er fjallar um heimild til að bjóða starfsmönnum Stjórnarráðsins laust starf innan þess án þess að starfið sé sérstaklega auglýst samkvæmt almennum reglum. Með þeirri breytingu er verið að auka sveigjanleika í rekstri og stjórnun hjá þessum hluta ríkisins, stuðlað að auknum hreyfanleika starfs-

manna og þar með möguleikum þeirra til að þróast í starfi. Þetta kemur til viðbótar öðrum ráðstöfunum í þessa veru eins og vistaskiptum milli ráðuneyta sem hafa staðið til boða í nokkur ár. Jafnframt er rétt að vekja athygli á að samkvæmt gildandi lögum er allmikið svigrúm til að færa starfsmenn milli starfa innan einstakra ráðuneyta, meðal annars með því að ráða sérfræðinga í stöður deildarstjóra, án þess að stöðurnar séu sérstaklega auglýstar. Eins og fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpinu er með breytingunni sem hér er lögð til verið að útvíkka þetta svigrúm þannig að það nái til alls Stjórnarráðsins, en það hefur til þessa verið fyrir hendi innan ráðuneyta. Því er um að ræða ákveðið skref, ekki stórt en ákveðið þó, í þá átt að gera Stjórnarráðið að einum vinnustað.

Meiri hlutinn leggur til þá breytingu á frumvarpinu að við 3. gr. til að undirstrika það sem kom fram í greinargerð með frumvarpinu, þ.e. að forsætisráðherra skuli setja reglur sem mæli fyrir um tilhögun auglýsinga innan Stjórnarráðsins um laus störf og önnur atriði er varða framkvæmd þessa ákvæðis. Ráðningar verða því ekki í neinu tómarúmi og með því verður tryggt að um notkun framangreindrar heimildar gildi ákveðnar reglur, til dæmis að því er varðar form tilkynninga innan Stjórnarráðsins um laus störf og mat á umsækjendum. Hér er um að ræða heimild og geta því stjórnendur kosið að auglýsa laus störf strax með almennri auglýsingu, t.d. ef talin er þörf á umsækjendum með reynslu utan Stjórnarráðsins. Með þessu er í sjálfu sér ekki dregið úr möguleikum almennings til að fá störf hjá Stjórnarráðinu, því að jafnaði ætti tilflutningur starfsmanns innan Stjórnarráðsins að leiða til þess að eldri staða hans verði laus til umsóknar. Á endanum má ætla að fjöldi þeirra starfa sem auglýst eru opinberlega verði sá sami.

Vegna umræðu sem átti sér stað í nefndinni áréttar meiri hlutinn jafnframt að ákvæði stjórnsýslulaga gilda um allar stjórnvaldsákvarðanir, þar á meðal um ráðningu í störf hjá Stjórnarráðinu.

Í 4. gr., sem var heldur ekki umdeild, er sérstaklega fjallað um réttindi þeirra starfsmanna sem flytjast vegna tilfærslu verkefna milli ráðuneyta sem boðuð hefur verið og að hluta til felst í ákvæðum 1. gr. um breytt heiti og skipulag ráðuneyta. Meiri hlutinn telur að ásamt ákvæðum annarra laga tryggi greinin að starfsmenn njóti sömu réttinda og verið hefur samkvæmt gildandi rétti.

Á þessum grundvelli leggur meiri hluti allsherjarnefndar til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu sem ég gat um og fyrir liggur á þskj. 25, en þar segir:

„3. gr. orðist svo:

Við 3. mgr. 11. gr. laganna bætast tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Sama á við ef starfsmanni, sem ráðinn er ótímabundið, sbr. 1. mgr. 41. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er boðið annað starf innan Stjórnarráðsins. Í reglum, sem forsætisráðherra setur, skal mæla fyrir um tilhögun auglýsinga innan Stjórnarráðsins um laus störf og önnur atriði er varða framkvæmd þessa ákvæðis.“

Undir nefndarálitið og breytingartillöguna rita auk mín: hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson, Sigurður Kári Kristjánsson, Ellert B. Schram, Ólöf Nordal og Karl V. Matthíasson.

[18:00]

Frsm. minni hluta allshn. (Atli Gíslason) (Vg):

Frú forseti. Ég flyt minnihlutaálit mitt, Jóns Magnússonar og Sivjar Friðleifsdóttur.

Minni hlutinn tekur ekki afstöðu til nafnbreytinga á ráðuneytum samkvæmt frumvarpinu, m.a. af þeirri ástæðu að verkaskiptingin er enn óljós. Það er mat minni hlutans að eðlilegt hefði verið að verkaskiptingin hefði legið fyrir áður en gengið hefði verið til afgreiðslu frumvarpsins en um hana er nú óvissa. Það má segja að hér hafi eggið komið á undan hænunni.

Ýmis afar vandasöm vandamál blasa við varðandi þessar breytingar sem að mati minni hlutans hefur alls ekki verið hugsað út í heldur hefur skipting ráðuneyta, úr ráðuneytum í það sem ég gæti kallað örráðuneyti, valdið því að það þarf að fara í þessa vegferð en óvissan er mikil og vandinn mikill fram undan. Það varðar m.a. landbúnaðarskólana og hugsanlegan flutning þeirra undir menntamálaráðuneytið, það varðar byggðamálin og ekki síst Tryggingastofnun ríkisins og flutning verkefna þaðan. Það rekst svolítið hvað á annars horn.

Með f-lið 1. gr. frumvarpsins verður forseta Íslands heimilt að úrskurða um sameiningu ráðuneyta. Okkur er ljóst að slíkt fyrirkomulag tíðkast víða annars staðar og er markmið þess að gera framkvæmdarvaldinu auðveldara að fækka ráðuneytum. Sjálfur hef ég fyrirvara um þetta og hefði talið eðlilegra að slík breyting yrði gerð á grundvelli löggjafar.

Þá breytingu að gera Hagstofu Íslands að ríkisstofnun í stað ráðuneytis telur minni hlutinn eðlilega með tilliti til þeirra verkefna sem stofnunin sinnir nú og styður hann breytinguna hvað það varðar.

Minni hlutinn samþykkir hins vegar ekki 3. gr. frumvarpsins þar sem afnumin er sú skylda að auglýsa störf innan Stjórnarráðsins. Þessari grein er skellt inn í frumvarpið án nokkurra tengsla við þær breytingar sem uppstokkun ráðuneyta í kjölfar ríkisstjórnarskipta kallar á og er gerð án samráðs við stéttarfélög starfsmanna ráðuneytisins. Það kom í ljós á fundum nefndarinnar að þessi breyting byggir á einhliða ákvörðun forsætisráðuneytisins, eða hæstv. forsætisráðherra, án nokkurs samráðs.

Þessi breyting er nokkuð í anda þeirra breytinga sem gerðar voru á réttarstöðu starfsmanna þeirra ríkisfyrirtækja sem einkavædd voru á síðasta kjörtímabili. Ég nefni Ríkisútvarpið og Matvælastofnun Íslands og fleiri fyrirtæki sem einkavædd voru á síðasta kjörtímabili. Ég sagði þá í einhverri ræðu að manni sýndist þáverandi ríkisstjórn vera í nöp við opinbera starfsmenn og mér sýnist með þessari 3. gr. hér hafa orðið framhald á þeirri andúð sem maður merkti í fari fyrri ríkisstjórnar í garð opinberra starfsmanna.

Nefndin fékk fulltrúa BSRB og BHM á fund sinn og bæði stéttarfélögin vara eindregið við breytingu á auglýsingaskyldunni sem nú gildir. Í umsögn BSRB segir m.a. orðrétt:

„BSRB leggst á hinn bóginn alfarið á móti 3. gr. frv. sem felur í sér að afnumin verði sú skylda að auglýsa laus störf innan Stjórnarráðsins. BSRB varar við því að hróflað verði við auglýsingaskyldunni og telur mikilvægt að fólki séu gefin jöfn tækifæri til starfa og starfsframa innan

Stjórnarráðsins. Bandalagið áréttar að markmiðið með starfsauglýsingum er ekki eingöngu að tryggja jöfn tækifæri til starfa og starfsframa heldur einnig að hæfasti einstaklingur sem völ er á hverju sinni verði ráðinn til starfans. Jafnframt telur BSRB mikilvægt að gagnsæi sé viðhaft við ráðningar í störf. Sé þess gætt dregur verulega úr svigrúmi til ómálefnalegra vinnubragða við ráðningar.

BSRB telur afar mikilvægt að ákvarðanir um ráðningar starfsmanna séu sýnilegar og að fólk, jafnt innan Stjórnarráðsins sem utan, geti auðveldlega séð hvernig að þeim sé staðið í öllum aðalatriðum. Jafnframt telur bandalagið mjög mikilvægt í þessu samhengi að horft sé til þeirra varna sem þegar eru fyrir hendi til að auka möguleika kvenna og aðkomu þeirra að störfum. Ekki verður annað séð en 3. gr. frv. kollvarpi helstu vörnum í þessu efnum. Að þessu leyti, sem og í ýmsum öðrum veigamiklum atriðum er það því niðurstaða BSRB að með frv. þessu sé verið að stíga stórt skref aftur á bak."

Fyrir mér er það alvarlegt mál ef stigið er skref til baka í jafnréttismálum því að ekki var úr háum söðli að detta í þeim efnum. Gagnsæ og lýðræðisleg umfjöllun um stöðuveitingar er helsta vopn kvenna í baráttu þeirra til jafnræðis og jafnréttis. Stöðuveitingaleyndin, ógagnsæið, er gróðrarstía mismununar rétt eins og leyndin um laun er gróðrarstía kynbundins launamunar.

Það er mín skoðun að þessi breyting sé ekki í anda jafnréttislaga og þeirrar sóknar sem við viljum viðhafa í réttindabaráttu kvenna. Ég minni á þau markmið jafnréttislaga í þessum efnum sem eru að „koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins" og að allir „einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði". Enn fremur segir síðan í lögunum að markmiði þessu skuli náð með því að „gæta jafnréttissjónarmiða á öllum sviðum samfélagsins" og „bæta sérstaklega stöðu kvenna og auka möguleika þeirra í samfélaginu".

Umrædd 3. gr. er afturför að mínu mati í þessum efnum en ekki framsækið spor eins og raunin hefði þurft að verða eður að láta kyrrt liggja. Þetta óheillaspor byggir, eins og ég sagði fyrr, á einhliða ákvörðun hæstv. forsætisráðherra og hún er að mínu mati á skjön við þessi markmið jafnréttislaga.

Í umsögn BSRB segir enn fremur:

„Í 3. gr. frv. er opnað á mjög almenna meðferð við ráðningar í störf og reyndar svo að ógerlegt er að lesa út úr frv. hvernig ráðningarferlið á að fara fram. M.a. má spyrja eftirtalinna spurninga í þessu sambandi:

1. Verður starfsmaður valinn í laust starf án þess að öðrum starfsmönnum Stjórnarráðsins sé veitt formlegt tækifæri til að gefa kost á sér til starfsins?

2. Verða laus störf í öllum tilvikum auglýst innan Stjórnarráðsins?

3. Verður það matsatriði hverju sinni hvernig staðið skuli að vali starfsmanns, þ.e. hvort aðeins einn tiltekinn komi til greina eða að auglýst verði og þá til hvaða hóps auglýsing eigi að höfða?

Í þessu samhengi er jafnframt rétt að huga grannt að því hvað verði um rökstuðning fyrir stöðuveitingum eftir ráðningarferli á borð við það sem að framan er lýst. Það kemur ekki skýrt fram. Getur einstaklingur sem ekki hefur verið viðraður í stöðu óskað eftir rökstuðningi fyrir flutningi eða ráðningu starfsfélaga?"

Síðar segir í umsögninni:

„Með hliðsjón af framansögðu varar BSRB við því að afnema auglýsingaskyldu innan Stjórnarráðs Íslands. Bandalagið óttast að með þessu sé verið að stíga fyrsta skrefið í þá átt að afnema auglýsingaskyldu á störfum hjá hinu opinbera. Sé það virkilega stefna stjórnvalda verður að gera þá lágmarkskröfu að þau marki þá stefnu sína einungis að vandlega athuguðu máli, að verklagsreglur verði skýrar og að fullt samráð verði haft við samtök launafólks."

Það er mitt mat að breytingartillaga meiri hlutans megni ekki að sníða þá agnúa af frumvarpinu sem ég hef hér nefnt.

Þar segir eftirfarandi:

„Í reglum, sem forsætisráðherra setur, skal mæla fyrir um tilhögun auglýsinga innan Stjórnarráðsins um laus störf og önnur atriði er varða framkvæmd þessa ákvæðis."

Hæstv. forsætisráðherra hefur algjörlega frjálsar hendur með það hvernig hann útfærir þessar reglur, hvað er auglýst, hvað er ekki auglýst, hvernig málsmeðferðin er og þar fram eftir götunum. Ég ítreka að það er enn ekkert samráð við samtök launafólks. Þessi breyting breytir ekki megininntaki þeirrar gagnrýni sem minni hlutinn hefur fram að færa á frumvarpið. Þar er hvorki mælt fyrir um eindregna fulla auglýsingaskyldu né samráð við hagsmunasamtök starfsmanna Stjórnarráðsins.

BHM tekur í sama streng og segir í umsögn sinni:

„BHM leggst hins vegar á móti því að auglýsingaskylda starfa verði afnumin innan Stjórnarráðs Íslands. Grunnhugsun bak við auglýsingaskyldu opinberra starfa er að tryggja að hæfasti starfsmaður sé ráðinn í hverju tilviki, jafnframt að gagnsæi sé tryggt við ráðningu opinberra starfsmanna. Í meðhöndlun almannafjár, svo sem við ráðningar starfsmanna, eru miklar skyldur lagðar á stjórnendur og ekki einungis þarf að tryggja að því sé vel ráðstafað, heldur má enginn vafi leika á að svo sé.

Bandalagið styður á allan hátt hreyfanleika starfsmanna innan opinbera vinnumarkaðarins og styður að þeim sé auðveldað að afla sér nýrrar reynslu, veita af sinni reynslu og öðlast ný tengsl. Má í því sambandi benda á það að starfsmenn geta fengið leyfi frá störfum til að vinna við erlendar stofnanir og að til eru reglur um skiptidvöl norrænna ríkisstarfsmanna. Einnig er nú í gangi tilraun með tímabundin vistaskipti starfsmanna með þátttöku fjögurra ráðuneyta og undirstofnana þeirra. Með hliðsjón af framangreindu varar BHM við því að afnema auglýsingaskyldu innan Stjórnarráðs Íslands og bendir á að engin rök hafi verið færð fyrir því hver sérstaða Stjórnarráðsins sé í þessu tilliti og óttast að þetta sé fyrsta skrefið til að afnema auglýsingaskyldu starfa hjá hinu opinbera."

Ég vek sérstaka athygli á því tilraunaverkefni sem BHM vísar til. Með 3. gr. er hæstv. forsætisráðherra með einhliða inngrip í það verkefni sem á að standa til ársins 2008 og átti að þróast síðan áfram.

Minni hlutinn bendir á það enn fremur að óskum hans um að fulltrúar BHM og BSRB kæmu fyrir nefndina á nýj-

an leik var hafnað en minni hlutinn taldi mikilvægt að eiga kost á því að ræða við fulltrúa stéttarfélaganna þar sem nefndarmönnum hafði sama morgun borist í hendur skrifleg umsögn BSRB og BHM. Einnig var farið fram á að gerð yrði nánari grein fyrir þeim reglum sem forsætisráðherra hygðist setja í þessu sambandi en ekki var á það fallist. Þá var á það bent að óeðlilegt væri að löggjafarvaldið framseldi rétt sinn með þeim hætti sem lagt væri til, samanber viðbót við 3. gr. sem meiri hluti nefndarinnar leggur til, og einnig að málið væri tekið út úr nefndinni með meirihlutavaldi án þess það væri tilbúið til afgreiðslu. Málið var afgreitt úr nefndinni gegn atkvæðum minni hlutans og eindregnum óskum hans um frekari umsagnir og skoðun. Það gerir málsmeðferðina enn ámælisverðari að sáttaleiðir í málinu blöstu við en þeim var hafnað án viðhlítandi rökstuðnings.

Ég ítreka að þessi 3. gr. er hreint smyglgóss inn í þetta frumvarp, hreint og klárt smyglgóss, og kemur hvorki stjórnarskiptunum við né þeirri skiptingu ráðuneyta sem stjórnarflokkarnir hafa orðið ásáttir um, kemur því ekkert við þannig að tilgangurinn er einhver annar. Tilgangurinn er að mínu mati sá að leggja stein í götu starfsmanna ráðuneytisins og draga úr starfsmannalýðræði og gagnsæjum opinberum ráðningum. Það lá heldur ekkert á að lögfesta þetta ákvæði. Það gat fullkomlega beðið haustsins og vandaðrar og góðrar umfjöllunar allsherjarnefndar sem nefndarmenn voru svo sannarlega tilbúnir að leggja á sig, jafnvel nú á sumarþingi ef þess hefði verið kostur. Þetta veldur mér satt best að segja vonbrigðum í ljósi þess að ríkisstjórnin hefur í stefnuyfirlýsingu sinni lýst því yfir að hún hyggist eiga gott samstarf við alla flokka á Alþingi og standa vörð um sjálfstæði Alþingis og eftirlitshlutverk þess. Þessi málsmeðferð fullnægir ekki þessum góða vilja ráðuneytisins.

Þessi 3. gr. er keyrð í gegn þrátt fyrir ummæli hæstv. utanríkisráðherra og formanns Samfylkingarinnar í stefnuumræðum sem ég hef farið með áður hér í ræðu en tel ekki vanþörf á að hafa yfir aftur. Hún sagði orðrétt við stefnuumræðuna:

„Ný ríkisstjórn er byrjuð á því verki að stokka upp verkaskiptingu ráðuneyta og innleiða ný vinnubrögð hjá framkvæmdarvaldinu. Ég vil leyfa mér að færa fram þá ósk að við sameinumst um að bæta vinnubrögð einnig hér á Alþingi Íslendinga. Okkur ber að vera öllu lýðræðislegu félagsstarfi í landinu góð fyrirmynd. Við eigum að leita sáttaleiða þegar þær eru færar en virða grundvallarmun á afstöðu án svikabrigsla eða stóryrða."

Þessi vinnubrögð sem hæstv. utanríkisráðherra kallar eftir liggja ekki í þessari 3. gr., þvert á móti. Þarna koma upp gamalkunnir draugar, og vart draugar því að það er ekki búið að kveða þessi vinnubrögð niður. Þetta er nákvæmlega sama aðferðin og þegar Ríkisútvarpið var einkavætt og fleiri opinberar stofnanir, réttindi starfsmanna voru fyrir borð borin. Þar var þó verið að semja frumvörp um þær opinberu stofnanir sem átti að einkavæða. Hér er verið að huga að skiptingu ráðuneyta og þessu smyglgóssi er laumað inn.

Hæstv. utanríkisráðherra er ekki einhöm í þessum efnum samráðs og lýðræðis. Ég verð að minna á Borgarnesræður hv. formanns Samfylkingarinnar haldnar í febrúar og mars/apríl 2003, ræður sem vöktu verulega athygli og höfðu yfir sér blæ nýmæla í málsmeðferð, boðuðu nýtt fagnaðarerindi lýðræðis og málefnalegra ákvarðana á 21. öldinni. Fyrri ræðuna flutti hv. formaður Samfylkingarinnar í Borgarnesi 9. febrúar. Hún fór illilega fyrir brjóstið á stuðningsmönnum Sjálfstæðisflokksins og jafnvel fleiri.

Í síðari ræðunni segir hv. formaður Samfylkingarinnar orðrétt:

„Síðan þessi fundur var haldinn þann 9. febrúar, þá hef ég verið á ferð og flugi um landið með formanninum og öðrum frambjóðendum og við höfum verið að tala milliliðalaust við fólk. Við höfum haldið 24 opna fundi og þetta er líklega sá 25. Við höfum verið að tala við fólk um það sem skiptir máli í pólitík, hin pólitísku aðalatriði vorsins. Og ég hef komist að því að það sem ég sagði í Borgarnesi þann 9. febrúar á sér samsvörun hjá fólkinu í landinu og það sem ég sagði þó ég hafi ekki talið það merkilegt á þeim tíma, það skiptir máli. Ég hef fengið staðfestingu á því að fólki mislíkar hvernig gæðum og embættum er útdeilt í samfélaginu, að fólk hefur fengið sig fullsatt á sjálfmiðuðu stjórnlyndi stjórnarherranna, að fólk vill gefa stjórnmálunum nýtt inntak og nýja ímynd, að fólk vill leggja áherslu á lífsgæði sem eru ekki bara efnisleg gæði heldur lúta að aðgangi að fjölbreyttri menningu, góðri menntun og öruggu velferðarkerfi. Fólk vill að jafnrétti, sanngirni og réttlæti séu leiðarljós í stefnumótun hins opinbera. Fólk vill þróa hér sómasamlegt samfélag þar sem stofnanir og stjórnmálamenn koma fram af virðingu gagnvart fólki, fara að leikreglum sem eru gegnsæjar og það sé fyllsta jafnræðis gætt. Þar sem staða, stétt og flokkspólitísk afstaða skiptir ekki máli, þar sem býr ein þjóð í einu landi."

Því er það svo þá í anda þessarar ræðu að hér er skotið inn bakdyramegin eða smyglað inn þessari 3. gr. án nokkurs samráðs við stéttarfélög starfsmanna Stjórnarráðsins? Er þetta ekki gamalt vín á nýjum belgjum? Auðvitað er það það. Ég hygg reyndar að belgurinn sé gamall enn þá. Ég held að hinum nýja stjórnarflokki hafi verið troðið inn í hinn gamla belg og sitji þar.

Rauði þráðurinn í þessum Borgarnesræðum hv. formanns Samfylkingarinnar var samráð og samræða, samræðupólitík, en ekki átakastjórnmál hins stjórnlynda Sjálfstæðisflokks, eins og það var margsinnis orðað, hins stjórnlynda Sjálfstæðisflokks. Á þessu sumarþingi hafa hin fögru fyrirheit í Borgarnesræðunum brugðist. Það er miður og boðar ekki gott og það er í annað sinn á þessu stutta sumarþingi sem þetta gerist.

Er Sjálfstæðisflokkurinn hættur að vera stjórnlyndur? (Gripið fram í.) Er það ekki stjórnlyndi að taka burtu auglýsingaskyldu án nokkurs samráðs við starfsmenn Stjórnarráðsins? Hvaða afleiðingar getur það haft þegar menn makka bak við tjöldin? Það er ekki góð starfsmannastefna. Það skapar ólgu og óróa að vera ekki með gagnsætt lýðræði í ráðningum og velja þann hæfasta.

Þessi 3. gr. er dæmigerð stjórnlyndisgrein og mikil vonbrigði að því er varðar fyrirheit ríkisstjórnarinnar í stefnuyfirlýsingunni og Borgarnesræður hv. formanns Samfylkingarinnar. Ég lýsi vanþóknun minni á þessum vinnubrögðum.

[18:22]

Frsm. meiri hluta allshn. (Birgir Ármannsson) (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Atli Gíslason kom víða við í ræðu sinni og verð ég að sjá hvort mér vinnst tími til að svara því öllu í stuttu andsvari en ella mun ég koma aftur á mælendaskrá og fara betur yfir ýmsa þætti sem þar komu fram.

Í fyrsta lagi vil ég geta þess að athugasemdir um að eggið sé að koma á undan hænunni varðandi það að marka þennan ramma um ráðuneytabreytingarnar, að það sé óeðlilegt, þá hafna ég því. Ég tel eðlilegt að fyrst sé meginstefna mótuð og lagabreytingar gerðar varðandi ráðuneytin sem marka þennan ytri ramma og tel ekki óeðlilegt að síðan verði fyllt inn í þann ramma með nánari útfærslu sem varða einstakar stofnanir og einstök verkefni.

Yfirlýsingar liggja fyrir um að það verði gert á haustþingi, þ.e. áður en þessar breytingar eiga að taka gildi, sem eru um næstu áramót. Ég hafna því að það sé eitthvað óeðlilegt við þessa röð mála.

Varðandi 3. gr. sérstaklega þá held ég að rétt sé að átta sig á því hvaða breyting er nákvæmlega hér á ferðinni. Það sem um er að ræða er að í staðinn fyrir að það verði ótvírætt í öllum tilvikum skylt að auglýsa störf innan Stjórnarráðsins með opinberri auglýsingu er gert ráð fyrir að til viðbótar þeirri leið verði hægt að auglýsa störf innan Stjórnarráðsins, gefa starfsmönnum Stjórnarráðsins sem áhuga hafa tækifæri til þess að sækja um. Það hefur verið rökstutt með því að það sé gert til þess að auðvelda sveigjanleika og svigrúm. En það er alls ekki ætlunin og er erfitt að finna þeim orðum hv. þm. Atla Gíslasonar stað að með því sé með einhverjum hætti verið að ganga gegn réttindum þessara starfsmanna. Ég bið hv. þingmann að útskýra hvað hann á við með því.

[18:24]

Frsm. minni hluta allshn. (Atli Gíslason) (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég fullyrði það, ég hef ekki tíma til að rökstyðja það nánar, að hér kemur eggið á undan hænunni. Vegna valdaskipta og uppskipta á ráðherrastólum er lítið ráðuneyti gert að tveimur örráðuneytum. Síðan á að færa á milli eftir valdaskiptingunni en ekki eftir því að gera Stjórnarráðið skilvirkt. Það er alveg fullkomlega ljóst að það liggur ekkert fyrir hvernig á að taka á þeim vandamálum sem blasa við flutningi verkefna Tryggingastofnunar. Þau eru vandmeðfarin. Að flytja Byggðastofnun frá félagsmálaráðuneytinu er afar vandmeðfarið. Af hverju á að taka byggðamálin út úr félagsmálaráðuneytinu og flytja þau eitthvað í burtu? Engin rök eru fyrir því. Það veit heldur enginn í ráðuneytinu hvað á að flytja og hvað þá af hverju á að flytja.

Varðandi 3. gr. þá var komið af stað samráð og reglur á milli ráðuneytanna og starfsmanna sem viðurkenndu þessa flutningsþörf. Starfsmenn segja það. Fulltrúar frá BHM og BSRB sem komu fyrir nefndina viðurkenndu það. En þeir sögðu skýrt og skorinort að gallarnir við að lögbinda þetta væru miklum mun meiri en kostirnir. Þeir viðurkenndu að kostir væru í þessu dæmi og ég skil sjónarmiðin sem hv. þm. Birgir Ármannsson fer með. En gallarnir eru miklum mun meiri. Ég hefði haldið að góður stjórnandi í góðu fyrirtæki, stóru fyrirtæki eins og Stjórnarráðið er, með yfirráð yfir að mig minnir 500 starfsmönnum, hefði leitað samráðs og mótað reglurnar og mótað þær innan dyra áður en dembt var á þá ofan frá einhliða reglum að hætti hæstv. forsætisráðherra, einhliða. Það skapar ólgu og það skapar vondan vinnuanda.

[18:26]

Frsm. meiri hluta allshn. (Birgir Ármannsson) (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi afstöðu starfsmanna og stéttarfélaganna í þessu máli er það rétt sem kom fram í máli hv. þm. Atla Gíslasonar að BHM og BSRB lögðust gegn þessu ákvæði frumvarpsins. Hins vegar er líka rétt að geta þess að þeir sem komu fyrir nefndina fyrir hönd starfsmanna Stjórnarráðsins voru jákvæðir í garð breytinganna. Talsmaður félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins var afar jákvæður og fulltrúi starfsmannafélags Stjórnarráðsins taldi að breytingarnar væru til bóta. Ég gat ekki skilið orð hennar öðruvísi.

Hins vegar gat hún þess aðspurð að hún teldi rétt að þarna giltu einhverjar reglur vegna þess að hún hafði áhyggjur af því að ekki væri skýrt að starfsmenn innan Stjórnarráðsins hefðu raunverulega vitneskju um störf sem losnuðu með þessum hætti.

Segja má að með þeirri breytingartillögu sem meiri hluti allsherjarnefndar leggur til við þessa umræðu sé komið til móts nákvæmlega við þessi sjónarmið. Það var raunar gert í athugasemdum með frumvarpinu. En í breytingartillögunni er skýrt kveðið á um að forsætisráðherra skuli setja reglur um tilhögun auglýsinga og aðra þætti sem varða framkvæmd þessa ákvæðis. Í því felst auðvitað að kominn er rammi sem hægt er að vinna eftir.

Með öðrum orðum verður tryggt með setningu reglna af þessu tagi að ekki verður um geðþóttaákvarðanir að ræða eins og sumir óttuðust í upphafi. Það verður ekki um að ræða neinar geðþóttaákvarðanir enda stóð það aldrei til heldur verða skýrar reglur sem gilda um þetta. Og það m.a. gefur auðvitað þeim sem áhuga hafa á þessum störfum, en fá ekki, tækifæri til þess að leita réttar síns á grundvelli almennra stjórnsýslureglna, sem að sjálfsögðu munu áfram gilda um ákvarðanir af þessu tagi.

[18:29]

Frsm. minni hluta allshn. (Atli Gíslason) (Vg) *(andsvar)*:

Ég ítreka, frú forseti, að það blasti við að hægt var að gera þetta öðruvísi og finna sáttaleiðir. Fyrst við starfsmenn og einnig var hægt að sætta málið innan allsherjarnefndar. Hægt var að bíða með þetta mál fram á haustþing og leysa það fagmannlega í stað þess að taka hin alvöldu fyrirmæli ofan frá og setja þau inn án tengsla við það sem um ræðir, þ.e. breytingu á nöfnum ráðuneyta.

Þær reglur sem hv. þm. Birgir Ármannsson vísar til gefa hæstv. forsætisráðherra algerlega lausan tauminn. Ég gagnrýndi það í ræðu minni að nefndin skyldi ekki verða við beiðni minni hlutans um að kalla forsætisráðherra á fund

nefndarinnar til að skýra inntak þessara væntanlegu reglna. Það var ekki gert. Ég spyr, af hverju ekki?

Það er svo að hæstv. forsætisráðherra getur að eigin vild haft reglurnar eins og honum sýnist. Það er ekki flóknara en það. Það opnar fyrir geðþótta án þess ég ætli hæstv. forsætisráðherra það.

[18:31]

Jón Magnússon (Fl):

Virðulegi forseti. Ég tek undir þau sjónarmið og málflutning sem hv. þm. Atli Gíslason hafði uppi sem framsögumaður minnihlutaálits allsherjarnefndar, sem ég stend að ásamt honum og hv. þm. Siv Friðleifsdóttur.

Til viðbótar vil ég koma að því að það liggur fyrir að minni hlutinn stóð að störfum í nefndinni með málefnalegum hætti og vildi leggja sitt lið til þess að afgreiða frumvarpið sem hér um ræðir í fullri sátt við meiri hlutann. Það var ljóst að þótt skoðanir gætu verið skiptar um nokkur atriði þá var eitt atriði algjörlega sérstakt, þ.e. ákvæði 3. gr. frumvarpsins.

Eins og hv. þm. Atli Gíslason kom inn á í ræðu sinni áðan þá skiptir þetta ákvæði engu máli varðandi þá breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands sem er tilkomin vegna breytinga sem hafa orðið varðandi ríkisstjórn Íslands. Þarna var sett inn ákvæði þar sem vikið var frá hefðbundnum skilmálum varðandi ráðningu starfsmanna hins opinbera. Við erum að tala um starfsmenn Stjórnarráðsins. Það liggur fyrir að við erum að tala um hóp starfsmanna, fjölda starfsmanna, um 600 manns eða rúmlega 560 stöðugildi. Við erum að tala um að auglýsingaskyldan, eins og hún er samkvæmt þeim lögum sem gilda, verði afnumin gagnvart þessum hópi. Þarna er búin til sérstök víggirðing, sérstakt virki utan um Stjórnarráðið þar sem um er að ræða tilflutning starfa án þess að um hefðbundnar auglýsingar sé að ræða.

Þá spyr ég: Hvað gerði það svo nauðsynlegt að taka þetta mál á dagskrá og keyra í gegn á þessu sumarþingi? Hvaða máli skipti þótt það hefði beðið og verið tekið upp til skoðunar í fullu samstarfi við þau stéttarfélög sem um er að ræða og stjórnarandstöðuna? Við í minni hlutanum fórum fram á, sérstaklega með tilliti til þess að við bættist nýr málsliður við 3. gr. af hálfu meiri hluta nefndarinnar, að kallað yrði á nýjan leik í talsmenn þeirra samtaka sem um er að ræða, þ.e. BHM og BSRB, en því var hafnað. Við vildum fá forustumenn stéttarfélaganna til að gera grein fyrir því hvort þeim fyndist í sjálfu sér sú viðbót sem borin var fram einhverju máli skipta eða ekki. En ekki var um það að ræða að þetta fengist í gegn og þar af leiðandi liggur afstaða þeirra ekki fyrir.

Hv. þm. Atli Gíslason gerði grein fyrir sjónarmiðum frá Bandalagi háskólamanna og BSRB, þegar þeir komu fyrir nefndina og erindi sem þeir sendu allsherjarnefnd. Það liggur fyrir að bæði þessi starfsmannafélög leggjast eindregið gegn því að 3. gr. verði samþykkt. Það liggur hins vegar ekki fyrir hver afstaða þeirra er til viðbótarinnar sem meiri hluti allsherjarnefndar leggur til, þ.e. síðustu setningarinnar í ákvæðinu eins og það liggur fyrir. Þó má ætla, miðað við það orðalag sem kemur fram hjá Bandalagi háskólamanna í erindi sem þeir sendu til allsherjarnefndar, að samtökin séu alfarið á móti reglunum hvort sem er. Í erindinu segir að BHM leggist á móti því að auglýsingaskylda starfa verði afnumin innan Stjórnarráðs Íslands. Þá breytir sú viðbót sem hér er um að ræða engu. BHM leggst á móti því að auglýsingaskylda starfa verði afnumin innan Stjórnarráðs Íslands. Það er höfuðatriðið.

Bandalagið vekur athygli á því að grunnhugsunin á bak við auglýsingaskyldu opinberra starfa sé að tryggja að hæfasti starfsmaðurinn sé ráðinn í hverju tilfelli og jafnframt að gagnsæi sé tryggt við ráðningu opinberra starfsmanna. Það er jú það sem máli skiptir í þessu sambandi, að gagnsæi sé tryggt, hæfasti starfsmaðurinn ráðinn og að fólkið í landinu viti hvað um er að ræða. En það á að víkja frá þessu varðandi þennan vinnustað sem um er að ræða, Stjórnarráðið, þennan mikilvæga vinnustað, þvert á skoðanir og þau sjónarmið sem komu fram frá þeim stéttarfélögum þar sem meginhluti starfsmanna Stjórnarráðsins er aðili að. Maður skyldi ætla að það hafi verið vilji ríkisstjórnarinnar, vilji meiri hlutans, að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem þar koma fram. En nei, það var ekki.

Í viðbótinni sem lögð er til af hálfu meiri hluta allsherjarnefndar segir:

„... við 3. gr. bætist nýr málsliður þar sem kveðið verði á um það að forsætisráðherra skuli setja reglur sem mæli fyrir um tilhögun auglýsinga innan Stjórnarráðsins um laus störf og önnur atriði er varða framkvæmd þessa ákvæðis.“

Það var farið fram á að fulltrúar stéttarfélaganna gerðu grein fyrir þeim sjónarmiðum sem þau hefðu varðandi þessa viðbót en við því var ekki orðið. Ég hef getið um það fyrr í ræðu minni að þá má ætla, miðað við orðalagið í bréfum frá Bandalagi háskólamanna og BSRB að þeim muni ekki finnast þessi viðbót skipta máli. Þarna er um frávik að ræða frá auglýsingaskyldunni sem bæði þessi stéttarfélög telja að beri að sinna og eigi að vera ófrávíkjanleg.

Ég er á móti þessari viðbót á þeim forsendum að ég tel að með henni sé löggjafarvaldið að framselja vald sitt með óeðlilegum hætti til ríkisstjórnarinnar. Það hefði verið eðlilegra og sæmra að Alþingi mótaði sjálft þær starfsreglur sem eiga við í þessu efni, að Alþingi setti sjálft þær reglur sem mæla fyrir um tilhögun auglýsinga innan Stjórnarráðsins, yrði samþykkt að fara þá leið sem meiri hlutinn leggur til.

Það er óeðlilegt að einn ráðherra í ríkisstjórninni, forsætisráðherra einn, eigi að hafa með það að gera að geðþótta með hvaða hætti og hvernig skuli standa að auglýsingum starfa innan Stjórnarráðsins og hvernig þeim tilkynningum skuli háttað. Það hefði verið eðlilegra að Alþingi sjálft hefði um það fjallað. Farið var fram á það að gerð yrði grein fyrir inntaki þeirra reglna sem þarna væri um að ræða. Hvað væri átt við þannig að Alþingi væri ekki að samþykkja einhverja viðmiðun, einhver sjónarmið, orð án innihalds. Við því var ekki orðið. Sú regla sem hér er lögð til er í raun ekki önnur en sú að forsætisráðherra skal mæla fyrir um tilhögun auglýsinga innan Stjórnarráðsins um laus störf og önnur atriði er varða framkvæmd þessa ákvæðis.

Hvenær skyldi svo forsætisráðherra eiga að mæla fyrir um þessa tilhögun? Hvenær skyldi hann eiga að ganga frá reglum um þessi atriði? Hvað skyldi nú segja í frumvarpinu

um það? Merkilegt nokk. Það segir akkúrat ekkert um það. Hvaða heimildir hefur þá forsætisráðherra varðandi þau atriði? Hann hefur gjörsamlega ótímabundnar heimildir. Síðasta viðbótin var tilraun til að setja þetta óheillaákvæði í einhvern skynsamlegri farveg til þess að reyna að láta líta svo út sem komið væri til móts við minni hlutann og þau stéttarfélög sem hér er um að ræða, þótt sú sé ekki raunin. Samt sem áður tekst ekki betur til en svo að þetta er í raun ótímabundið og ég vil nánast segja innihaldslaust ákvæði. Geðþóttaákvörðun.

Alþingi framselur forsætisráðherra lagasetningarvald og felur það geðþóttaákvörðun forsætisráðherra að ákveða einhvern tímann þegar honum hentar að setja reglur um það hvernig meðferð auglýsinga og tilkynninga um störf innan Stjórnarráðsins skuli háttað. Þetta er með öllu óeðlilegt, að standa þannig að framkvæmd mála, standa þannig að lagasetningu.

Mér til mikils ama þá starfar Alþingi Íslendinga undir skjaldarmerki dansks arfakonungs. Ég hefði talið eðlilegra að það skjaldarmerki yrði brotið niður og hins vegar skjaldarmerki lýðveldisins Íslands tekið upp og sett á Alþingishúsið. Það hefði verið eðlilegt fyrir sjálfstæða þjóð að standa þannig að málum. En mér til mikils ama þá störfum við undir merki danska arfakonungsins en einkunnarorð þeirra konunga, sem höfðu þegið að eigin mati vald sitt frá Guði, ekki frá fólkinu heldur frá Guði. Það er munurinn á lýðveldissinnum og konungssinnum að lýðveldissinnar telja að valdið stafi frá fólkinu en konungssinnar að vald sumra stafi frá Guði og sumir hafi blárra blóð en aðrir. En við lýðveldissinnar viljum að réttindi fólksins séu virt. En arfakonungarnir dönsku sem þjóðin laut um aldir höfðu einkunnarorðin: „Vér einir vitum." Vér einir vitum. Þá kom fólki bara ekkert meira við hvað og hvernig hlutirnir gengu að öðru leyti. Því þeir einir vissu.

En dönsku arfakonungana skipti engu máli hvað var sagt. Það voru reyndar fleiri arfakonungar. Það er hægt að fara í söguna og vísa til þess sem Friðrik mikli Prússakonungur, sem taldi sig einn helsta talsmann upplýsingarinnar, sagði á sínum tíma. Hann sagði að þegnarnir mættu hafa þær meiningar sem þeir vildu. Þeir mega segja það sem þeir vilja en það er ég sem ræð. Mér finnst meiri hlutanum farast dálítið eins og dönsku og prússnesku arfakonungunum fórst varðandi það að taka afstöðu með þeim hætti sem gert er hér. Það hefði verið eðlilegra að taka hlutina með lýðræðislegum hætti, taka tillit til þeirra sjónarmiða sem komu fram og tillit til andsvara, til viðhorfa stéttarfélaganna, til viðhorfa minni hlutans sem var tilbúinn til alls samstarfs um það að koma lágmarks vitrænum hlutum í þessa tillögu.

[18:44]

Frsm. meiri hluta allshn. (Birgir Ármannsson) (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki ætla ég að andmæla meginsjónarmiðum lýðveldissinna í þessari umræðu. En ég vil þó geta þess að mér finnst mikils virði að fá tækifæri til að starfa í sögufrægu húsi sem heldur þeim einkennum sem á því voru þegar það var reist. Ég tel að það varði ekki innihald þeirra starfa sem við höfum hér með höndum.

Nokkur atriði í ræðu hv. þm. Jóns Magnússonar vildi ég þó geta sérstaklega um. Í fyrsta lagi vil ég, vegna vangaveltna hans um óeðlilegt framsal valds til forsætisráðherra, geta þess að það er ekki óþekkt að löggjafinn veiti ráðherrum reglugerðarheimild til að setja nánari fyrirmæli um framkvæmd tiltekinna ákvæða. Ég hygg að þetta tiltekna ákvæði skeri sig í engan hátt frá því. Það er nokkuð ljóst að forsætisráðherra hlýtur við setningu slíkra reglna vera bundinn af meginreglum í stjórnsýslurétti. Ég held að enginn þurfi að draga það í efa. Orðalagið sem þarna er er ekki mjög frábrugðið orðalagi sem varðar sambærilega hluti, t.d. í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þar sem segir m.a. í 2. mgr. 7. gr.:

„Önnur störf skulu auglýst opinberlega„ — þ.e. önnur störf en embætti, sem eru sérstaklega skilgreind — „samkvæmt reglum sem settar skulu af fjármálaráðherra. Forstöðumanni stofnunar er heimilt að setja sérreglur um það hvernig auglýsa skuli störf hjá stofnuninni, enda sé það gert opinberlega og reglurnar hljóti staðfestingu fjármálaráðherra. Í reglum samkvæmt þessari málsgrein má mæla svo fyrir að störf þar sem ekki er krafist tiltekinnar sérmenntunar eða sérhæfingar þurfi ekki að auglýsa opinberlega."

Það eru ekkert nánari fyrirmæli um það hvernig þetta varðar. Við setningu ákvæða af þessu tagi held ég að það sé alveg óþekkt að sérstök fyrirmæli séu um tímafrest sem ráðherra hafi til að segja reglurnar. Það er bara ætlast til að það sé gert svo fljótt sem auðið er.

[18:46]

Jón Magnússon (Fl) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það eitt í ræðu hv. 9. þm. Reykv. s. að við erum í sögufrægu húsi og það er vel. Hitt er annað mál að sögufrægum húsum má breyta og hefur verið gert. Það eina sem ég var að vekja athygli á var það að við störfum undir gunnfána dansks arfakonungs sem er óeðlilegt fyrir frjálsa og fullvalda þjóð, að Alþingi lýðveldisins skuli ekki standa og starfa undir gunnfána lýðveldisins. Það var það eina og kemur í sjálfu sér sögufrægum hlutum ekkert við. Þetta er bara spurningin um hvaða markmið og hvaða einkennistákn við setjum okkur. Í gegnum aldirnar börðust menn iðulega um það, voru í heraldískum vopnaburði, skjaldarmerkjafræði, þannig að það skiptir að sjálfsögðu máli en þetta er aukatriði.

Hv. 9. þm. Reykv. s. vakti athygli á að það væri ekki óþekkt að Alþingi framselji vald sitt. Það er alveg hárrétt, enda hefur það iðulega verið rekið til baka af sjálfum Hæstarétti vegna þess að framsal valdsins hefur verið umfram öll þau eðlilegu mörk sem dómstólar hafa talið að verið væri að gera. Ég tel að það sé spurning um virðingu Alþingis, það sé spurningin um það að Alþingi starfi með þeim hætti að það taki það tillit til sjálfs sín að vera ekki með óeðlilegt framsal á valdi sínu heldur standi vel að málum og setji þau lög sem Alþingi er ætlað að setja. Það finnst mér höfuðatriði.

[18:48]

Frsm. meiri hluta allshn. (Birgir Ármannsson) (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi það hvort hér er um óeðlilegt

framsal valds að ræða eða ekki þá vísa ég til þess að við höfum lengi haft í gildi lög sem fela fjármálaráðherra reglusetningarvald með mjög svipuðum hætti og hér er orðað og mér er ekki kunnugt um að það hafi nokkurn tíma verið ágreiningur um það að framsal samkvæmt því ákvæði sem ég vitnaði til í starfsmannalögunum stæðist stjórnarskrá. Ég deili ekki áhyggjum hv. þingmanns af þessu tiltekna atriði.

Ég vek líka athygli á því, og vík þá að öðru atriði sem kom fram í ræðu hv. þm. Jóns Magnússonar, að með því að segja með skýrum hætti í lagaákvæðinu að setja skuli reglur um þetta efni þá er auðvitað verið að stíga stórt skref til þess að tryggja að það séu fyrir hendi einhverjar málsmeðferðarreglur um ráðningu í stöður á forsendum þessa ákvæðis. Það komu fram athugasemdir í meðförum nefndarinnar um að þetta væri ella í lausu lofti og hætta væri á einhverjum geðþóttaákvörðunum þar sem ráðherrar eða eftir atvikum aðrir stjórnendur í ráðuneytum gætu ráðið menn í störf án þess að um það giltu einhverjar málsmeðferðarreglur. Með þessari breytingu er verið að koma verulega til móts við þessi sjónarmið. Það munu gilda um þetta reglur sem verða fyrirliggjandi og öllum ljósar. Það er jafnframt gert ráð fyrir að þeim sem eiga kost á að sækja um störf á grundvelli þessa ákvæðis, þ.e. starfsmönnum Stjórnarráðsins, verði tilkynnt um það með tryggum hætti. Þó að við mælum ekki nákvæmlega fyrir um það með hvaða aðferð það verði gert þá verði tryggt að það verði auglýst í hópi þeirra sem eiga rétt á að sækja um samkvæmt þessu ákvæði þannig að það er búið að koma til móts við allar þær forsendur, um gagnsæi og vitneskju manna um lausu störfin, og áhyggjur manna að þessu leyti. Hins vegar er rétt að það er ágreiningur um það hvort hafa eigi þessa heimild til þess að horfa sérstaklega til starfsmanna Stjórnarráðsins eða ekki. En það er hins vegar komið til móts við áhyggjur sem hafa komið fram af þessum tilteknu þáttum.

[18:50]

Jón Magnússon (FI) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vill nú svo til að ég er alveg sammála hv. 9. þm. Reykv. s. um að ég hef í sjálfu sér ekki áhyggjur af því að Hæstiréttur muni ógilda þá viðbót sem meiri hluti allsherjarnefndar leggur til þó að um framsal valds sé að ræða, ég tel ég að hún sé ekki með þeim hætti að það muni valda ógildingu. Ég vakti einfaldlega athygli á þessu og þetta var spurningin um það hvað og hvernig við viljum haga störfum okkar sem þingmenn, hvaða metnað við höfum fyrir hönd lagasetningarvaldsins gagnvart stjórnvöldum. Það er fyrst og fremst spurningin um það sem um er að ræða og það var þess vegna sem ég vakti athygli á þessum hlut vegna þess að það er engin knýjandi nauðsyn á því að samþykkja þetta lagaákvæði, að samþykkja 3. gr. núna. Þess vegna var möguleiki á því að kalla eftir þeim reglum sem forsætisráðherra hygðist setja, vita hvaða kjöt var á þeim beinum sem þarna er verið að leggja til. Í öðru lagi var hægt að kalla menn fyrir og athuga hvaða sjónarmið væru uppi að öðru leyti. En það var ekki orðið við því. Það var ákveðið að hafa þetta þannig að í raun er verið að setja eyðuframsal til forsætisráðherra um það með hvaða hætti og hvernig hann ætlar að fara með þetta vald sitt.

Að sjálfsögðu veit ég og geri mér grein fyrir því að það er rétt sem hv. 9. þm. Reykv. s. segir að auðvitað gilda ákveðnar reglur varðandi mannaráðningar. Ég veit að stjórnlyndur flokkur eins og Sjálfstæðisflokkurinn fylgir ekki stjórnleysi í störfum sínum, hann miðar við ákveðinn framgangsmáta en hér er hann að leggja til að það sé gert með þeim hætti að girt sé fyrir gagnsæi varðandi mannaráðningar í Stjórnarráðinu.

[18:53]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Ég er aðili að minnihlutaálitinu og vil gera í stuttu máli grein fyrir sjónarmiðum okkar framsóknarmanna gagnvart því.

Frumvarpið sem hér er um að ræða er í nokkrum greinum og þær snúa að breytingum á Stjórnarráði Íslands og allar þessar greinar tengjast nema ein og það er 3. gr. sem á ekkert erindi inn í þetta frumvarp. Hún tengist því ekki á nokkurn hátt. Hún dettur, má segja, af himni ofan inn í þetta frumvarp og hefur ekkert með hinar greinarnar að gera. Það vekur furðu að hún skuli vera borin fram hér á stuttu sumarþingi, sérstaklega í því ljósi að aðalumræðan um þetta frumvarp er um þessa téðu 3. gr. sem tengist ekkert málinu í heild sinni.

Þetta vekur líka furðu vegna þess að 3. gr. er sú grein sem umsagnaraðilar okkar hafa gert mest veður út af og bæði stéttarfélögin sem hafa komið á fund okkar einu sinni og gefið skriflegar umsagnir, bæði BSRB og BHM, eru alfarið á móti þessari grein. Virðulegur forseti. Það hlýtur að vekja mikla furðu að Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin skuli velja að ganga svona hart fram gegn stéttarfélögunum á þessu stutta sumarþingi og greinilega án samráðs við þau líka. Ekki stendur til að bakka eitthvað með þetta þó að stéttarfélögin lýsi yfir mikilli óánægju og lýsi sig algerlega andsnúin þessari 3. gr.

Meiri hlutinn hefur lagt fram breytingartillögu við 3. gr. sem að mínu mati skiptir engu máli og ég mun færa nánari rök fyrir því á eftir. Til að fara skipulega yfir frumvarpið vil ég fyrst gera að umtalsefni 1. gr. en þar er verið að fjalla um breytingar á nöfnum ráðuneyta. Við teljum ekki ástæðu til í Framsóknarflokknum að taka beina afstöðu til þessara nafnabreytinga vegna þess að það er óljóst á þessu stigi hvernig verkaskiptingin verður. Við höfum heyrt umræður um þessa verkaskiptingu. Forustumenn Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar hafa gefið í skyn að ákveðin verkefni flytjist á milli. Annað er greinilega enn þá umdeilt á milli flokkanna og eitthvað óútkljáð sem kannski eru ekki deilur um. Verkaskiptingin er óljós og við tökum því ekki afstöðu til nafnabreytinganna.

Það var mjög athyglisvert að hlusta á gestina sem komu til að ræða verkaskiptinguna við okkur. Ég vil þar sérstaklega nefna eitt dæmi vegna þess að það skiptir máli varðandi nafnabreytingar á ráðuneytum. Verði þetta frumvarp að lögum stendur til í framtíðinni að félagsmálaráðuneytið heiti félags- og tryggingamálaráðuneyti. Af hverju ætti það að heita það? Jú, væntanlega af því að tryggingamálin færast. En hvað færist? Það er mjög óljóst. Hæstv. utanríkisráðherra, formaður Samfylkingarinnar, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefur talað um það opinberlega að þarna sé verið að tala um lífeyristryggingarnar. Aðrir hafa sagt að það

sé eitthvað meira sem eigi að flytjast en það er óljóst. Í tali fulltrúa Tryggingastofnunar sem komu til allsherjarnefndar kom fram að ef einungis lífeyristryggingarnar færast þá sé það minni hluti almannatryggingana og því er það ekki réttmæt breyting að kalla félagsmálaráðuneytið félags- og tryggingamálaráðuneyti. Ef það verður bara lífeyrishlutinn sem færist væri nær að kalla heilbrigðisráðuneytið áfram heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og félagsmálaráðuneytið áfram félagsmálaráðuneyti.

Það kom fram í tali fulltrúa Tryggingastofnunar að þau telja að það eigi að fara meira en lífeyristryggingarnar og það getur vel verið að það verði niðurstaðan, við vitum það ekki. Þau færðu ágætisrök fyrir því að hjálpartækjabankinn gæti hugsanlega færst yfir til félagsmálaráðuneytisins og jafnvel líka hluti af sjúkratryggingasviðinu, sjúkradagpeningar. Þeir væru að einhverju leyti félagslegt fyrirbrigði þannig að eðlilegt væri að flytja meira en bara lífeyristryggingarnar. Þetta er ekki ljóst á þessari stundu þannig að það er svolítið erfitt fyrir okkur í þinginu að taka afstöðu til þessara nafnabreytinga af því að við vitum ekki alveg hvað fer á milli. En það getur vel verið að þetta hitti akkúrat rétt á ef meiri hluti tryggingamálanna fer yfir í félagsmálaráðuneytið.

Það er líka athyglisvert í þessu sambandi að draga það fram hér, af því að talsverð umræða varð um það í tvíburafrumvarpinu, þ.e. frumvarpinu um breytingar á þingsköpunum, af hverju ekki sé sett á stofn atvinnuvegaráðuneyti. Þrátt fyrir að bæði Samfylkingin og Sjálfstæðisflokkurinn hafi ályktað sérstaklega um það á landsfundum sínum að slíkt bæri að gera, þá er það ekki gert. Það er einungis verið að setja saman landbúnaðarráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti í nýtt sjávarútvegs- og landbúnaðaráðuneyti og á sama tíma hafa stjórnarflokkarnir, Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin, kosið að deila viðskipta- og iðnaðarráðuneytinu á tvo ráðherra, annars vegar á iðnaðarráðherra og hins vegar á viðskiptaráðherra. Það kom fram í umræðum í þinginu um daginn að það væri ekki gott að tala um nýtt atvinnuvegaráðuneyti núna því að það yrði bara risaráðuneyti. Þetta kom fram í röksemdafærslu hæstv. forsætisráðherra. Það er mjög athyglisvert að skoða það nánar hvort einhver innstæða sé fyrir þessari nafngift að þetta yrði risaráðuneyti af því að svo er alls ekki. Ef við sameinum fjögur ráðuneyti í eitt atvinnuvegaráðuneyti, þ.e. iðnaðarráðuneyti, viðskiptaráðuneyti, landbúnaðarráðuneyti og sjávarútvegsráðuneyti, hvað yrðu mörg stöðugildi í þessu svokallaða risaráðuneyti, sem er rangnefni? Það yrðu 66,3 stöðugildi. Þetta yrði alls ekki stærsta ráðuneytið, langt langt frá því.

Stærsta ráðuneytið í dag er utanríkisráðuneytið, með 98,5 stöðugildi. Það ber reyndar höfuð og herðar yfir öll önnur ráðuneyti í mannfjölda en yfir hundrað manns vinna í utanríkisráðuneytinu, 103 nánar tilgreint.

Þar á eftir kemur Hagstofan með 76,1 stöðugildi. Reyndar stendur til að gera Hagstofuna að stofnun en í dag er hún sem sagt næststærsta ráðuneytið ef svo má segja.

Þriðja stærsta ráðuneytið er menntamálaráðuneytið með 71 stöðugildi og í fjórða sæti kæmi þá hið svokallaða atvinnuvegaráðuneyti. Eins og ráðuneytaskiptingin er í dag þá eru þrjú ráðuneyti stærri, sem eru þá risa-risaráðuneyti væntanlega miðað við nafngiftina sem hæstv. forsætisráðherra gaf nýju hugsanlegu atvinnuvegaráðuneyti, sem við sjáum hugsanlega í framtíðinni með 66,3 stöðugildi. Það eru því engin rök fyrir því að óttast að þetta ráðuneyti, ef það verður að veruleika einhvern tímann, verði eitthvað stærra en hin. Önnur ráðuneyti eru til sem eru talsvert mikið stærri.

Það er líka mjög athyglisvert þegar maður skoðar stærð ráðuneyta, að skoða iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, þ.e. iðnaðarráðuneytið annars vegar og viðskiptaráðuneytið hins vegar, sem stjórnarflokkarnir ákváðu að skipta upp, en einn ráðherra hefur borið hitann og þungann af þessum ráðuneytum upp á síðkastið. En í iðnaðarráðuneytinu og í viðskiptaráðuneytinu eru fá stöðugildi.

Ef við tökum viðskiptaráðuneytið fyrst, sem stjórnarflokkarnir sáu ástæðu til að fela einum ráðherra, sem var að sjálfsögðu gert til að bjarga stólum undir samfylkingarþingmenn, gera þá að ráðherrum. Það sjá það allir þegar þeir rýna í þessar tölur. Í viðskiptaráðuneytinu eru heil 15,2 stöðugildi. Það eru 16 starfsmenn sem sinna þessum 15,2 stöðugildum hjá hæstv. viðskiptaráðherra Björgvini Sigurðssyni. Þetta er ekki stórt. Þetta er örráðuneyti, algjört örráðuneyti.

En hvað skyldi þá vera í iðnaðarráðuneytinu, hjá hæstv. iðnaðarráðherra Össuri Skarphéðinssyni? Þar eru heil 13,1 stöðugildi og 14 manns sem sinna því 13,1 stöðugildi. Það er hið allra minnsta ráðuneyti sem um getur í landinu í dag. Þessi tvö ráðuneyti saman eru með 28,3 stöðugildi, sem er bara frekar lítið ráðuneyti ef þau væru saman. Það er mjög ankannalegt að horfa upp á núverandi ríkisstjórn fela tveimur ráðherrum að fara með svo lítil ráðuneyti. Það hefði nú verið nær að sameina þessi ráðuneyti við landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti, eins og flokkarnir höfðu ályktað um. Þá væru 66,3 stöðugildi í svokölluðu atvinnuvegaráðuneyti.

Þetta er mjög sérstök staða, virðulegi forseti. En þó skal til þess líta að flokkarnir, kannski í framtíðinni, á næstu missirum, ég ætla ekkert að útiloka það, kunna að taka upp á að sameina þessi væntanlega þrjú ráðuneyti, af því að þá verður sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti eitt, í eitt atvinnuvegaráðuneyti. Það er verið að opna á það í 1. gr. f-lið, að það megi sameina ráðuneyti án þess að það fari aftur fyrir þingið. En eins og fram kemur í nefndaráliti minni hlutans varðandi f-lið þá verður forseta Íslands heimilt að úrskurða um sameiningu ráðuneyta. Slíkt fyrirkomulag tíðkast víða annars staðar og er markmið þess að gera framkvæmdarvaldinu auðveldara að fækka ráðuneytum.

Framsóknarflokkurinn lítur jákvætt á þessa breytingu. Við teljum eðlilegt að framkvæmdarvaldið hafi þetta svigrúm til að sameina ráðuneyti og þar með fækka þeim. Hér er ekki verið að tala um að hægt sé að fjölga þeim, bara sameina til að fækka. Við teljum þó að hafa beri í huga það væri ekki æskilegt að fækka ráðuneytum svo mikið að þau yrðu bara eitt eða tvö. En það er ekkert sem bendir til þess að það sé í bígerð. Við gerum því enga breytingartillögu varðandi f-liðinn sem gengi þá út á að tryggja lágmarksfjölda ráðuneyta. Við gerum það ekki að tillögu. Við teljum ekkert í farvatninu sem bendi til þess að menn ætli að fækka ráðuneytum í stórum stíl. Ekki er sá svipurinn á nýju ríkisstjórninni að það sé í farvatninu, miðað við að fela tveimur ráðherrum að fara með annars vegar iðnaðarráðu-

neyti og hins vegar viðskiptaráðuneyti, þessi örráðuneyti.

Varðandi nafnabreytinguna og væntanlega færslu lífeyristrygginga til félagsmálaráðuneytisins þá var líka mjög athyglisvert, virðulegi forseti, að hlusta á fulltrúa Landssambands eldri borgara sem kom til nefndarinnar. Þau styðja það að lífeyristryggingarnar fari til félagsmálaráðuneytisins og það er vegna þess, og þau færðu ágæt rök fyrir því, að í félagsmálaráðuneytinu eru sveitarstjórnarmálin. Þau telja að sveitarstjórnirnar hafi ríkum skyldum að gegna varðandi málefni aldraðra og vilja reyndar að málefni aldraðra fari alfarið yfir til sveitarfélaganna í framtíðinni, sem reyndar Framsóknarflokkurinn og fleiri flokkar styðja. Sett var í gang vinna sem lýtur að því að greiða fyrir því máli. Það voru rökin fyrir því að lífeyristryggingarnar ættu að færast í félagsmálaráðuneytið, af því að þar eru sveitarstjórnarmálin.

Maður veltir því fyrir sér, virðulegi forseti, að samkvæmt því sem fram hefur komið í tali bæði forustu Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar, stendur til að færa málefni sveitarfélaganna til samgönguráðuneytisins. Maður veltir fyrir sér hvort lífeyristryggingarnar eigi að fara í samgönguráðuneytið af því að málefni þeirra fari þangað. Annars næst ekki samþættingin sem Landssamband eldri borgara dró svo sterkt fram í sínu máli. Það var mjög fróðlegt að hlusta á rök þeirra af því þau samtvinnuðu algerlega lífeyristryggingarnar við ráðuneyti þar sem málefni sveitarfélaganna eru vistuð.

Virðulegi forseti. Í seinni hluta ræðu minnar vil ég gera að umtalsefni 3. gr., grein sem datt greinilega af himnum ofan í þetta frumvarp. Sumir hafa kosið að kalla hana laumufarþegann í þessu frumvarpi. Þessi grein er mjög sérstök af því hér er um að ræða alger nýmæli. Við erum að breyta í grundvallaratriðum þeim reglum sem hafa gilt um auglýsingar gagnvart störfum í Stjórnarráðinu. Nú gildir sú regla almennt — hún gildir ekki um embættismenn, ekki um ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra, heldur almennt um starfsmenn í Stjórnarráðinu — að störfin eru auglýst. Þó eru ákveðnar undantekningar og menn geta ráðið sérfræðinga í deildarstjórastöður án auglýsingar. En almenna reglan er sú að það á að auglýsa stöðurnar.

Af hverju í ósköpunum ákváðu menn það á sínum tíma? Þetta var mikið hagsmunamál launþega og stéttarfélaga. Það var að sjálfsögðu gert til þess að hafa gagnsæi þegar verið væri að ráða inn í störf, að allir hefðu jafnan aðgang, gætu sótt um og svo væri farið yfir umsóknirnar á gagnsæjan hátt og hinn hæfasti valinn. Auðvitað voru þetta grundvallarsjónarmiðin þegar auglýsingaskyldan var sett á. Nú á að falla frá henni. Nú má auglýsa, þeir sem ráða í Stjórnarráðinu, ef menn vilja. Ef þeir hafa áhuga á því. Þeir munu geta sleppt því en geta ekki sleppt því í dag. Meginreglan er sú að það á að auglýsa.

Færð hafa verið rök fyrir því að við þessa breytingu séu kostir. Meiri hlutinn hefur gert það og það kemur fram í greinargerð með frumvarpinu. Kostirnir eru að þetta eykur sveigjanleika innan Stjórnarráðsins. Ef einhver sem er í einhverju starfi í Stjórnarráðinu vill láta færa sig, vill færa sig af eigin hvötum eða einhverjum öðrum, þá er hægt að gera það án þess að auglýsa það fyrir hinn almenna markað. Þá er bara hægt að klára það mál innan Stjórnarráðsins. Jú, þetta eru ákveðin rök.

En hér er líka búið að færa rök fyrir göllunum. Það gerði hv. þm. Atli Gíslason, framsögumaður minni hlutans með nefndarálitinu. Það er alveg ljóst, að þau rök eru mun veigameiri. Þau vega mun þyngra en hin rökin, þ.e. jákvæðu rökin ef við getum kallað þau jákvæð. Ég tel reyndar neikvætt að fella út auglýsingaskylduna. Bæði BSRB og BHM vara eindregið við þessu. Þau ekki bara vara við þessu heldur orða það mjög sterkt, virðulegi forseti. Í umsögn BSRB segir, með leyfi virðulegs forseta:

„BSRB leggst á hinn bóginn alfarið á móti 3. gr. frv. sem felur í sér að afnumin verði sú skylda að auglýsa laus störf innan Stjórnarráðsins. BSRB varar við því að hróflað verði við auglýsingaskyldunni og telur mikilvægt að fólki séu gefin jöfn tækifæri til starfa og starfsframa innan Stjórnarráðsins."

Sem sagt, BSRB leggst alfarið á móti. Það er mjög sterkt til orða tekið, virðulegi forseti. Og BHM segir í umsögn sinni, með leyfi virðulegs forseta:

„BHM leggst hins vegar á móti því að auglýsingaskylda starfa verði afnumin innan Stjórnarráðs Íslands. Grunnhugsun bak við auglýsingaskyldu opinberra starfa er að tryggja að hæfasti starfsmaður sé ráðinn í hverju tilfelli."

Þannig að BHM leggst á móti. Ég vil líka vekja athygli þingsins á því að BHM sendi bréf í dag, 12. júní, til að vekja athygli á ályktun sem þau samþykktu á fundi miðstjórnar bandalagsins fyrir sex dögum, 6. júní síðastliðinn. Þar er ítrekað að miðstjórn BHM vari eindregið við að auglýsingaskyldan verði afnumin.

Í þessari ályktun segir, með leyfi forseta:

„Miðstjórn telur ekki að nein rök sé hægt að færa fyrir því að gefa Stjórnarráðinu þessa sérstöðu og telur jafnframt hættu á að þetta verði fyrsta skrefið til að afnema auglýsingaskyldu vegna starfa hjá hinu opinbera almennt. Miðstjórn bendir á að afnám auglýsingaskyldu getur reynst alvarlegt skref aftur á bak í réttindabaráttu opinberra starfsmanna, sérstaklega hvað varðar jafnréttismál. Miðstjórn bendir enn fremur á að þessi ráðstöfun gengur þvert á þá þróun sem stefnt hefur verið að varðandi gegnsæi í stjórnsýslu á Íslandi og lýsir undrun sinni á að reynt skuli að færa klukkuna aftur á bak á þennan hátt."

Að mati miðstjórnar BHM á Stjórnarráð Íslands að ganga á undan með góðu fordæmi hvað varðar málefni starfsmanna en ekki að fá afslátt af þeim kröfum sem gerðar eru almennt til ríkisstofnana. Þau segja í niðurlaginu að þau vonist til þess að þetta ákvæði verði fellt út úr frumvarpinu enda sé undarlegt til þess að horfa ef ákvæði fyrsta frumvarps ríkisstjórnar, sem í stefnuskrá sinni leggur áherslu á að jafnrétti í reynd verði leiðarljós í allri stefnumótun, verði í raun skref afturábak í jafnréttismálum.

BHM tekur mjög sterkt til orða, virðulegi forseti. Það vekur undrun hvað meiri hlutinn keyrir þetta mál hart fram og ætlar að klára með breytingu sem hefur ekkert að segja. Í breytingartillögu meiri hlutans er bætt við málsliðum og þar segir að setja eigi reglur sem mæli fyrir um tilhögun auglýsinga innan Stjórnarráðsins um laus störf. Það má færa rök fyrir því að þetta sé skárra en ekkert en þetta skiptir eiginlega engu máli. Aðalmálið er: Á að auglýsa störfin á opinberum markaði, þ.e. fyrir alla, eða á að halda þessum

auglýsingum eða tilkynningum eða hvernig sem það verður gert, innan Stjórnarráðsins, bara fyrir þá sem eru í Stjórnarráðinu?

Það er það sem meiri hlutinn er að gera hér. Hann heldur sig við meginbreytinguna, að ekki þurfi að auglýsa. En ef það er valið, að auglýsa ekki þá eigi samt að auglýsa innan Stjórnarráðsins. Þannig að þetta skiptir faktískt engu máli, virðulegi forseti.

Framsóknarmenn ræddu þessa breytingu í sínum þingflokki. Það var mjög gaman að fara í gegnum þá umræðu. Þeir sem sitja í þingflokknum hafa talsvert mikla reynslu af vinnu í Stjórnarráðinu. Þeir hafa margir stýrt ráðuneytum um lengri eða skemmri tíma. Þar komu fram þau sjónarmið að ekki væri æskilegt, og reyndar var tekið það sterkt til orða að það væri mjög vont, að afnema auglýsingaskylduna.

Menn sjá fyrir sér að það sé bæði hægt að draga að sér starfsmenn með þessari nýju breytingu, þ.e. með því að ekki þurfi að auglýsa. Þá geta ráðherrar og þeir sem stjórna ráðuneytum farið að draga að sér starfsmenn frá öðrum ráðuneytum. Kannski ekki gegn vilja þeirra — draga hirð að sér, gæti einhver orðað það ef menn vildu orða það frekar opinskátt. Eins gætu þeir ýtt mönnum frá sér og reynt að losna við menn, ef maður gæti orðað það líka mjög opinskátt, yfir í önnur ráðuneyti.

Það kom fram að það væri líka ákveðin vörn í því að auglýsa, fyrir þá sem stýra ráðuneytunum. Að með þeirri skyldu að auglýsa geti allir sótt um, bæði þeir sem eru innan ráðuneytanna en líka þeir sem eru úti á markaðnum sem hafa hæfileika, menntun, starfsreynslu o.s.frv. Það gæti minnkað þrýstinginn á ráðherra og þá sem stýra ráðuneytum að þessi auglýsingaskylda héldist inni. Það var mjög gaman að hlusta á þessi sjónarmið.

En virðulegi forseti. Ég hef í stórum dráttum farið yfir sjónarmið okkar. Við tökum ekki afstöðu til nafnabreytinganna af því við vitum ekki hvernig því reiðir af með verkaskiptinguna. Það er óljóst enn þá.

Við styðjum að Hagstofan verði stofnun. Það hafa ekki verið gerðar athugasemdir við það og miðað við störf hennar er eðlilegt að sú breyting verði á og við styðjum að hægt sé að sameina ráðuneyti án þess að það verði endilega dregið inn í þingið. Við veitum framkvæmdarvaldinu ákveðið frelsi í þeim efnum.

En við getum alls ekki stutt að afnema auglýsingaskylduna. Þá minnkar gagnsæið og við teljum ekki að sérstaða Stjórnarráðsins sé slík. Það er alls ekki íþyngjandi að auglýsa. Ef eitthvað er, þá er það betra, bæði fyrir ráðuneytin sjálf og fyrir þá sem eru úti á markaði og vilja sækja um störfin, hvort sem þeir fá þau eða ekki.

[19:17]

Frsm. meiri hluta allshn. (Birgir Ármannsson) (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt sem ráða mátti af ræðu hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur að auðvitað eru í þessu máli sem varðar 3. gr. þessa frumvarps ákveðin rök með og ákveðin rök á móti. Það er síðan okkar hlutverk hvers og eins að vega og meta hvor sjónarmiðin okkur finnst vega þyngra og það er akkúrat að því leyti sem okkur greinir á. En ég skal fyrstur viðurkenna að vissulega eru rök fyrir mismunandi afstöðu í málinu.

Vegna ræðu hv. þingmanns að öðru leyti vil ég kannski staldra við þau ummæli hennar að þessi breyting hafi dottið af himnum ofan og sé ekki í sérstöku samhengi við þær breytingar sem eru boðaðar í öðrum ákvæðum frumvarpsins, þá er það er rétt að þetta er sjálfstæð breyting sem þarna er lögð til.

Hins vegar verð ég að segja að ekki er óeðlilegt að hugað sé að þessum málum á sama tíma þegar ljóst er að breytingar verða á högum talsverðs fjölda starfsmanna Stjórnarráðsins vegna þeirra breytinga á ráðuneytum sem frumvarpið að öðru leyti gerir ráð fyrir. Því er ekki óeðlilegt að huga að þessum málum í samhengi þó að það sé vissulega rétt að breytingarnar gætu staðið hver fyrir sig, annars vegar 3. gr. og svo hins vegar hin ákvæði frumvarpsins. Mér finnst þetta nú ekki atriði sem ástæða er til að velta sér mikið upp úr.

Varðandi annað atriði í ræðu hennar verð ég að segja að mér finnst ekki rétt lýsing á innihaldi ákvæðisins að tala, eins og hún og fleiri hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa iðulega gert, um afnám auglýsingaskyldu. Auglýsingaskyldan verður áfram fyrir hendi sem almenn regla. (Forseti hringir.) Hér er hins vegar gert ráð fyrir undantekningu sem mun þó lúta sérstökum reglum eins og gert er ráð fyrir í breytingartillögu meiri hlutans.

[19:19]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Jú, þessi breytingartillaga í 3. gr. dettur af himnum ofan. Hér er sagt að ekki sé óeðlilegt að huga að þessum málum núna af því að breytingar eru að verða á ráðuneytum, ég er ekki sammála þessu. Þó að breytingar séu að verða á ráðuneytum og þar með kemur ákveðið rót innan Stjórnarráðsins, menn eru að flytjast úr sínu gamla ráðuneyti yfir í eitthvert sameiginlegt ráðuneyti eða verkefni eru að flytjast á milli ráðuneyta, ef fólk er eitthvað ósátt við það og vill láta færa sig til vegna þessa róts sem óhjákvæmilega kemur, þá mundu þeir aðilar bara sækja um það starf eins og aðrir sem hafa áhuga á því starfi. Starfið yrði bara auglýst og þeir sem eru innan ráðuneytanna gætu sótt um viðkomandi starf en líka þeir sem væru utan ráðuneyta og eru í einhverjum allt öðrum störfum á markaði og svo yrði bara sá hæfasti ráðinn. Ég sé ekki að þessi 3. gr. tengist ekki hinu málinu, hún kemur inn af allt öðrum ástæðum. Enda segir í frumvarpinu að þetta hafi verið í umræðunni lengi, löngu áður en þessi ríkisstjórn var mynduð o.s.frv. Þetta tengist því ekki.

Verið er að afnema auglýsingaskylduna. Í dag er auglýsingaskylda en verið er að afnema hana og þess vegna rísa bæði BSRB og BHM upp á afturfæturna og segja: Við erum alfarið á móti þessu. Þetta er mikil breyting, þetta er grundvallarbreyting því verið er að afnema auglýsingaskylduna. Menn geta auglýst ef þeir vilja en menn geta líka sleppt því ef þeim þóknast svo, en það er ekki hægt í dag. Þetta er því grundvallarbreyting.

[19:21]

Frsm. meiri hluta allshn. (Birgir Ármannsson) (S) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Svo ég taki upp þráðinn þar sem hv. þm. Siv Friðleifsdóttir skildi við hann þá er auglýsingaskyldan almenn regla í dag. Eins og kemur fram í nefndaráliti meiri hlutans og kom skýrt fram í umræðunni í nefndinni er svigrúm fyrir hendi innan ráðuneytanna. Ef deildarstjórastaða losnar er ekki skylt að auglýsa þá stöðu ef t.d. sérfræðingur í sama ráðuneyti er færður í það starf. Ef starf í deild A í ráðuneyti losnar er heimilt að færa starfsmann úr deild B í þá stöðu án opinberrar auglýsingar. Þetta er því ekki alveg eins einfalt og hv. þingmaður vill vera láta.

Það sem m.a. er verið að gera með þeirri breytingu sem lögð er til er að útvíkka þetta svigrúm sem nú er til staðar innan ráðuneytanna yfir á Stjórnarráðið sem heild. Eins og ég gat um í framsöguræðu minni er það ákveðin nálgun að nálgast Stjórnarráðið í þeim skilningi frekar sem einn vinnustað en sem safn 12 eða 13 mismunandi vinnustaða. Fyrir því eru í mínum huga ákveðin rök vegna þess að eðli þeirra starfa sem eru unnin innan einstakra ráðuneyta er oft svipað. Þó að viðfangsefnin séu ólík eftir þeim málaflokkum sem ráðuneytin fást við er eðli starfanna sem felst í undirbúningi lagafrumvarpa, samningu reglugerða, töku stjórnvaldsákvarðana eða aðstoð við ráðherra við pólitíska stefnumörkun svipað. Þetta eru eðlislík störf þó að viðfangsefnin séu ólík frá einu ráðuneyti til annars.

Þess vegna og í ljósi þess að sjónarmið hafa verið uppi sem ég tel að séu mjög veigamikil um að rétt sé að auka þennan sveigjanleika innan Stjórnarráðsins, m.a. vegna hagsmuna þeirra starfsmanna sem hugsanlega vilja láta flytja sig til, fá frama í einu ráðuneyti, ef þeir sjá ekki (Forseti hringir.) stöður losna í öðru ráðuneyti o.s.frv., þá tel ég að þetta séu góð og gild rök fyrir þeirri breytingu sem hér er lögð til.

[19:24]

Siv Friðleifsdóttir (F) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Já, það er rétt sem hér kemur fram og ég dró það fram í ræðu minni að hægt er að ráða í deildarstjórastöðurnar án auglýsingar, en hin almenna regla er auglýsingaskylda og það er verið að víkja frá henni. Þetta er það mikil breyting að bæði BSRB og BHM lýsa sig algjörlega á móti henni. Þetta er því mikil breyting. Ég hef það á tilfinningunni að hv. þm. Birgir Ármannsson sé að reyna að gera eitthvað minna úr þeirri breytingu en tilefni stendur til.

Að líta á Stjórnarráðið sem einn vinnustað, jú, það eru rök fyrir því að menn geti farið og flust á milli starfa án auglýsingar af því að þetta sé eðlislíkt o.s.frv. En ef þetta eru rökin sem halda er alveg eins hægt að færa rök fyrir því að ráðuneyti og stofnanir þess séu einn vinnustaður af því að það er miklu eðlislíkara að mörgu leyti en ráðuneyti sem eru með mismunandi málaflokka í sinni umsjá og umsýslu.

Ég spyr hv. þingmann: Telur hann eðlilegt að litið verði á ráðuneyti og undirstofnanir þess sem einn vinnustað og menn geti þá flutt ráðuneytisstarfsfólk fram og til baka inn í undirstofnanir með þeim hætti án auglýsinga?

[Fundarhlé. — 19:25]

[20:00]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls míns í umræðu um það frumvarp sem hér er á dagskrá, frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, leyfa mér að gera athugasemd við það tómlæti sem hæstv. ráðherrar sýna málinu með því að vera ekki viðstaddir 2. umr. frumvarpsins. Mér hefur skilist að 2. umr. um lagafrumvörp sé yfirleitt meginumræðan um þau og ég verð að segja að það er undarlegt að ráðherrar skuli ekki sýna frumvarpi um Stjórnarráð Íslands meiri áhuga en raun ber vitni. Ef þeir eru orðnir svona leiðir á starfi sínu er ég sannfærður um að margir gætu hugsað sér að leysa þá af hólmi ef út í það væri farið og væru reiðubúnir til að sitja hér í þinginu undir umræðu um Stjórnarráðið. Þetta er sérstaklega bagalegt þegar haft er í huga að mörg atriði hafa komið fram í umræðunni, í máli ræðumanna, í nefndarálitum, bæði frá meiri hluta og minni hluta, og í umsögnum sem hafa komið um málið til nefndar, sem vekja upp spurningar og sem áhugi er á að beina til hæstv. ráðherra. Þar er ég kannski fyrst og fremst að hugsa um flutningsmann frumvarpsins, hæstv. forsætisráðherra, en líka mætti nefna formann hins stjórnarflokksins, hæstv. utanríkisráðherra, og svo kannski þá ráðherra sem sérstaklega er verið að fjalla um í lagafrumvarpinu. Það eru hæstv. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, heilbrigðisráðherra og félagsmálaráðherra, en hann fer m.a. með vinnumarkaðsmál sem einn angi af þessu máli tengist.

Ég vil því leyfa mér að koma því á framfæri, herra forseti, að óánægja er með það að hæstv. ráðherrar skuli ekki taka þátt í umræðunni og mér finnst mikilvægt að þeim skilaboðum sé komið á framfæri við ráðherrana. Þó er ekki öll nótt úti enn því að sjálfsögðu er hægt að ræða þetta mál frekar við 3. umr. og óska þá eftir svörum frá ráðherrum við þeim spurningum sem kunna að vakna. Ég vænti þess að ráðherrarnir verði viðstaddir þá umræðu, enda væntanlega einhverjar atkvæðagreiðslur í tengslum við þann fund á hv. Alþingi. Þetta vildi ég láta koma fram í upphafi.

Ég ætla að fjalla aðeins efnislega um einstaka greinar í lagafrumvarpinu og verður vafalaust sumt tilefni til meiri umræðu en annað í því efni. Fyrst verður fyrir 1. gr. frumvarpsins þar sem gerðar eru tillögur um breytingar á 4. gr. laganna um Stjórnarráð og það er nafnbreytingin í fyrsta lagi, en þar segir, með leyfi forseta: „Í stað orðsins „félagsmálaráðuneyti“ í 1. mgr. kemur: félags- og tryggingamálaráðuneyti.“

Í annan stað er verið að leggja til að orðin „Hagstofa Íslands“ í falli brott. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti“ í kemur: heilbrigðisráðuneyti. Orðið „landbúnaðarráðuneyti“ í fellur brott. Í stað orðsins „sjávarútvegsráðuneyti“ í kemur: sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti. Ég ætla að geyma mér umræðuna um f-liðinn þar til aðeins síðar.

Nú má vissulega segja að um þessar breytingar er kannski ekkert stórvægilegt að segja í sjálfu sér. Þó hafa komið fram í umræðunni athyglisverðar ábendingar. Til að mynda kom fram í máli hv. 10. þm. Suðvest., Sivjar Friðleifsdóttur, ábending um að sérkennilegt væri að leggja til á þessum tímapunkti að félagsmálaráðuneytið fengi heitið félags- og tryggingamálaráðuneyti þegar ekki lægi fyrir

hvaða þættir tryggingamálanna það væru sem ættu að flytjast úr heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti yfir í félagsmálaráðuneyti. Þegar á það er m.a. bent að í raun kunni svo að vera að minni hluti tryggingamálanna fari úr heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti yfir í félagsmálaráðuneyti, þá verður þessi nafnbreyting enn þá sérkennilegri. Nema að sjálfsögðu að það liggi fyrir einhvers staðar annars staðar en í sölum Alþingis að það verði stærri hluti tryggingamálanna sem fari.

En það hefur ítrekað verið farið fram á það, og það var gert þegar hæstv. forsætisráðherra mælti fyrir frumvarpinu, að fá upplýsingar um hvaða breytingar væru fyrirhugaðar á Stjórnarráðinu aðrar en þær sem liggja fyrir í því frumvarpi sem er til umræðu. Við þá umræðu var ítrekað sagt af hálfu hæstv. forsætisráðherra og fleiri að miðað við núgildandi lög væri hægt að breyta verkefnum milli ráðuneyta með einfaldri reglugerðarbreytingu. Þess vegna væri ekki þörf á að ræða þau mál hér í þingsal heldur einungis það sem lyti að breytingum á lögunum sjálfum.

En staðreyndin er engu að síður sú að fyrirhugaðar eru mjög umfangsmiklar breytingar á skipan Stjórnarráðsins. Það sem við sjáum þessu í frumvarpsformi er aðeins toppurinn af þeim ísjaka. Þess vegna er mjög eðlilegt að þingmenn vilji fá upplýsingar um það og skýr svör hvaða breytingar eru í vændum. Sérstaklega þegar við höfum í huga það sem áformað er að gera með f-lið 1. gr. Það er skiljanlegt og málefnalegt að óska eftir því að þetta liggi fyrir.

Þessu máli tengist kannski líka annað mál sem er þegar afgreitt á þinginu, fyrstu lögin sem þetta þing hefur samþykkt, lögin um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis. Í þeirri umræðu kom fram að eðlilegt væri að þingið skipaði málum sínum í samræmi við skipan Stjórnarráðsins. Þess vegna þurfti að breyta þingskapalögum til þess að kveða á um hvernig nefndir væru skipaðar, hvað þær hétu og hvaða verkefni væri þá verið að fjalla um í þessum tilteknu nefndum.

Í þeirri umræðu var í raun sagt: Nefndirnar á Alþingi eiga að taka mið af þeirri málefnaskiptingu sem á við í Stjórnarráðinu. Ef það er svo þá er eðlilegt að þingið fjalli um það. Þingið á auðvitað að ráða málum sínum sjálft. Þingið á að ráða því hvernig þingsköpin eru, hvaða nefndir eru og hvaða málaflokkar heyra undir hverja nefnd. En ef það er þannig sem mátti skilja á umræðunni í upphafi að þingnefndirnar ættu að taka mið af ráðuneytaskiptingunni, þá verðum við að sjálfsögðu að fá að vita hvernig skiptingin í Stjórnarráðinu á að vera. Ekki bara það sem segir í lögunum um Stjórnarráð heldur að sjálfsögðu í reglugerðinni líka. Annars væri bara hægt að segja: Þingið ræður málum sínum á eigin forsendum og hefur þær nefndir sem það vill hafa. Og þá hefði ekki þurft að koma til þetta frumvarp um breytingu á þingsköpum Alþingis út af fyrir sig. Menn hefðu að sjálfsögðu getað haft þær nefndir sem áður voru í þeim lögum og vísað málum til þeirra eftir því sem henta þótti. Má í því sambandi líka minna á að ekki er fordæmalaust að þingnefndir séu að taka við málum frá fleiri en einum ráðherra. Mun það t.d. eiga við um hv. allsherjarnefnd og átti væntanlega við um efnahags- og viðskiptanefnd þegar hún var og hét.

Nei, það er sem sagt hægt að færa rök fyrir því að þessar breytingar á heitum ráðuneytanna séu illa ígrundaðar og sérstaklega með félagsmálaráðuneytið og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið. Þó er engin sérstök ástæða til að gera mikið veður út af því ef ríkisstjórnin kýs að hafa þetta með þessum hætti, þá skyldi maður ætla að því fylgdi að verulegur hluti tryggingamálanna væri að fara yfir í félags- og tryggingamálaráðuneytið úr því að það á að verða heiti hins nýja ráðuneytis.

Í b-lið 1. gr. er talað um Hagstofu Íslands og lagt til að hún verði felld niður sem ráðuneyti og verði sérstök stofnun, væntanlega undir forsætisráðuneyti. Um það er ósköp lítið að segja og ég hygg að enginn ágreiningur sé um það. Það er tímabært að Hagstofa Íslands sé ekki lengur ráðuneyti og skipan hennar verði á þann hátt sem hér er lagt til.

Varðandi landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið kom fram í 1. umr. um málið og hefur komið fram í viðhorfum stjórnmálaflokkanna lengi, held ég megi segja, að skynsamlegt væri að sameina ráðuneyti eða málaflokka atvinnuveganna í eitt ráðuneyti. Þar hafa sjávarútvegsráðuneytið og landbúnaðarráðuneytið verið að sjálfsögðu til umræðu og einnig iðnaðarráðuneytið og viðskiptaráðuneytið. Ferðamál sem heyra undir samgönguráðuneytið, ferðaþjónustan o.s.frv. Þessi breyting er í raun og veru lágmarksbreyting ef svo má segja. En þá komum við aftur að því að boðaðar hafa verið frekari breytingar en þetta frumvarp segir til um. Þá á ég við að því hefur verið kastað fram í fjölmiðlum, haft eftir oddvitum stjórnarflokkanna, að gera eigi t.d. þá breytingu að landgræðslan og skógrækt fari úr sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti í umhverfisráðuneytið og menntamál landbúnaðarins fari úr því ráðuneyti og yfir í menntamálaráðuneytið.

Um þetta eru áreiðanlega skiptar skoðanir. Það eru áreiðanlega kostir og gallar við hvort tveggja. Ég er t.d. ekki sannfærður um að landbúnaðarskólunum verði greiði gerður með því að flytja þá undir menntamálaráðuneytið. Ég hef svo sem enga sannfæringu fyrir því heldur að þeir megi ekki vera þar, því það er alveg hægt að færa sannfærandi rök fyrir því að háskólar á landbúnaðarsviði eigi að heyra undir menntamálaráðuneyti eins og aðrar fræðslustofnanir.

En ég veit líka um mjög marga sem telja að það hafi verið styrkur þessara skóla sem eru svo mjög tengdir atvinnuveginum að heyra undir það ráðuneyti sem fer með málefni viðkomandi atvinnugreinar. Þau sjónarmið eru áreiðanlega uppi. Það væri fróðlegt að vita hvaða sjónarmið greinin sjálf hefur, bæði skólarnir og atvinnugreinin sjálf hefur til þessara álitamála.

Varðandi landgræðslu og skógrækt var farið ágætlega yfir það í 1. umr. málsins, m.a. af hv. þm. Kolbrúnu Halldórsdóttur, að í raun mætti líta á landgræðslu og skógrækt bæði sem umhverfismál og sem atvinnuveg. Það væri eðlilegt að hugsa skiptinguna frekar út frá því að sá þáttur þeirra mála sem eru sannarlega umhverfismál séu undir umhverfisráðuneyti og sá þáttur sem sannarlega er atvinnumál heyri undir atvinnuvegaráðuneytið. Þannig má auðvitað taka fleiri málaflokka en landgræðslu og skógrækt. Þarna mætti t.d. taka auðlindanýtinguna almennt. Við gætum verið að tala um málefni sjávarútvegsins. Tökum t.d. Hafrannsóknastofnun sem oft hefur verið rætt um að ætti

gjarnan heima undir umhverfisráðuneyti enda þótt stjórn fiskveiðanna, ákvörðun um það hvernig aflaheimildum er úthlutað o.s.frv. sé á hendi atvinnuvegaráðuneytis. Þannig eru orkumálin til að mynda. Mörg rök eru fyrir því að orkumálin séu að hluta til umhverfismál og að hluta til atvinnugreinin.

Við höfum talað fyrir því, vinstri græn, að umhverfisráðuneytið verði sérstaklega styrkt og eflt, m.a. með þetta að leiðarljósi, þannig að auðlindanýtingin heyri í raun undir umhverfisráðuneytið enda þótt atvinnustarfsemin sem tengist auðlindanýtingunni sé á hendi atvinnuvegaráðuneytis. Fyrir þessu eru mörg fordæmi, m.a. að því er varðar orkumálin. Orkumálin í Svíþjóð heyrðu a.m.k. í eina tíð undir umhverfisráðuneyti, ég veit ekki hvort því hefur verið breytt í seinni tíð en á sínum tíma voru umhverfis- og orkumálaráðuneyti eitt og sama ráðuneytið.

Herra forseti. Ég fór við 1. umr. um þetta mál aðeins yfir þær áherslur og sjónarmið sem ég vildi koma á framfæri í þessari umræðu og ég ætla aðeins að rifja upp nokkur atriði í því sambandi. Í tengslum við breytingu á Stjórnarráðinu erum við auðvitað að tala um meira en frumvarpið segir til um eins og ég hef þegar sagt. Þar erum við að tala um það sem kom fram í almennri umræðu og á blaðamannafundi formanna stjórnarflokkanna í kjölfar myndunar nýrrar ríkisstjórnar þar sem talað var um miklu fleiri mál en hér ber á góma. Þar var t.d. talað um að sveitarstjórnarmál flytjist frá félagsmálaráðuneyti til samgönguráðuneytis. Um þetta eru áreiðanlega líka mjög deildar meiningar. Mörgum finnst kyndugt að sjá sveitarstjórnarmálin undir samgönguráðuneytinu en í umræðunni í dag hefur verið bent á að þau eigi mjög góða samleið með málefnum sem félagsmálaráðuneytið fjallar um. Á það er bent að málefni eins og málefni fatlaðra og aldraðra séu að fara frá ríki til sveitarfélaga eða það er stefnan eins og málum er háttað í dag, stefnan er að þessir málaflokkar færist til sveitarfélaganna, þannig að umfangsmiklir málaflokkar á sviði velferðarmála verði á hendi sveitarfélaganna og þess vegna sé kyndugt að færa þann málaflokk úr félagsmálaráðuneytinu yfir í samgönguráðuneytið.

Ég hef haldið því fram, ég gerði það í 1. umr. og ætla að ítreka það hér að sveitarstjórnarmálin og byggðamálin eigi að heyra saman. Það eru engin haldbær rök fyrir því að vista byggðamál í iðnaðarráðuneyti og sveitarstjórnarmál í samgönguráðuneyti eins og umræðan er núna. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir sveitarfélögin að tengjast málum sem lúta að byggðaþróun vegna þess að sveitarfélögin eru að sýsla með uppbyggingu mikilvægrar samfélagsþjónustu í þeim tilgangi að búa íbúunum góðar aðstæður til uppvaxtar, til menntunar, til búsetu, til atvinnu og einmitt þessi atriði eru undirstöður heillavænlegrar byggðaþróunar í landinu. Sveitarfélögin eiga gríðarlega mikið undir því að byggðaþróunin sé jákvæð og stefna í byggðamálum hlýtur að ganga út á það að efla sveitarfélögin til að takast á við þau verkefni sem þau eru að takast á við og færa meira af ákvörðunum heim í hérað. Þannig tengjast byggðamálin og sveitarstjórnarmálin að mínu viti órjúfanlegum böndum.

Þannig er þessu til að mynda háttað víða í kringum okkur þar sem ég hef kynnt mér, m.a. í Finnlandi, Noregi, Írlandi og Englandi og að vissu marki líka í Þýskalandi þar sem stjórnsýslan er að vísu frábrugðin að því leyti til að þar er þriðja stjórnsýslustigið, löndin svokölluðu, afar sterk og með mikið af málum hjá sér eins og t.d. byggðaþróunarmál sem ekki er með sama hætti hér og annars staðar. Þannig er þessum málum t.d. farið hjá Evrópusambandinu og verst að hér skuli ekki vera neinn þingmaður Samfylkingarinnar að hlusta á það en það er einmitt þannig hjá Evrópusambandinu að sveitarstjórnarmál og byggðamál eru tekin saman undir einum og sama framkvæmdastjóra einmitt vegna þess hvernig þau tengjast.

Í mínum huga væri það því mjög mikilvæg breyting að færa saman byggðamálin og sveitarstjórnarmálin. Þótt þau væru eitt ráðuneyti eða væru vistuð með öðrum málaflokkum, svo sem félagsmálum eða samgöngumálum, finnst mér kannski ekki aðalatriðið í þessu samhengi. Það má vel færa rök fyrir því að samgöngumál séu líka mikilvæg í tengslum við byggðaþróun og uppbyggingu byggðarlaganna og sveitarfélaganna. Kannski er það þannig í dag að almennar samgöngur, fjarskipti og slíkir hlutir séu það sem mestu máli skiptir fyrir uppbyggingu byggða og þess vegna er alveg hægt að færa rök fyrir því að samgönguráðuneytið fari með þessi mál en þá tel ég byggðahlutann vanta í þær hugmyndir og þá hugsun sem hefur verið viðruð af hálfu forustumanna stjórnarflokkanna.

Ég hef þegar nefnt umhverfisráðuneytið, okkar sýn á það að mikilvægt sé að styrkja hugsunina um sjálfbæra þróun, svona heildarsýn á umhverfismál á grundvelli hugmyndafræðinnar um sjálfbæra þróun, rannsóknir á náttúruauðlindum lands og sjávar og verndun þeirra og áætlanir um nýtingu, að þær séu á forræði umhverfisráðuneytisins sem við mundum gjarnan vilja kalla umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Ég ætla líka að koma aftur og betur að atvinnuvegaráðuneytinu og þeirri hugsun sem birtist í því frumvarpi sem hér er til umræðu um að sameina landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti. Raunar fannst mér hv. 10. þm. Suðvest., Siv Friðleifsdóttir, fara prýðilega yfir það þegar hún rakti eða hrakti ætti ég öllu heldur að segja röksemdir hæstv. forsætisráðherra þegar hann sagði í 1. umr. um málið að fallið hefði verið frá því eða ekki tekið það skref núna að leggja til eitt atvinnuvegaráðuneyti vegna þess að það yrði svo risavaxið. Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir fór hér prýðilega yfir það, m.a. með hliðsjón af starfsmannafjölda þessara ráðuneyta, að atvinnuvegaráðuneyti þar sem sameinuð væru landbúnaðarráðuneytið, sjávarútvegsráðuneytið, iðnaðarráðuneytið og viðskiptaráðuneytið væri alls ekkert svo risavaxið í samanburði við ýmis önnur ráðuneyti nema síður væri. Þá vaknar sú spurning og gerist áleitin: Hvers vegna í ósköpunum var sú leið þá ekki farin?

Ég held að svarið sé í raun og veru býsna skýrt og ljóst öllum sem það vilja vita: Það þurfti að tryggja jafnmarga ráðherrastóla fyrir báða stjórnarflokkana. Sjálfstæðisflokkurinn gat að sjálfsögðu ekki fækkað í ráðherraliðinu hjá sér og þar með varð Samfylkingin að fá jafnmörg ráðuneyti, jafnmarga ráðherrastóla öllu heldur. Þá var farið í þennan leik. Landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti voru sameinuð vegna þess að það var eitthvað sem flokkarnir höfðu talað mikið um og vafalaust hefur Samfylkingin lagt á það áherslu að koma landbúnaðarráðuneytinu með einhverju

móti undir eitthvað annað og ekki hafa það eitt og sér. Þá varð að grípa til þess úrræðis að taka iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, sem raunar eru tvö ráðuneyti samkvæmt lögum í dag en hafa verið rekin sem eitt ráðuneyti, líklega um 20 ára skeið eða allt að því, og skipta því upp á milli tveggja ráðherra. Og það er svo komið að hæstv. iðnaðarráðherra Össur Skarphéðinsson tekur við væntanlega fámennasta ráðuneytinu, iðnaðarráðuneytinu, sem einhverjir hafa viljað kalla örráðuneyti, og leggst þá nú lítið fyrir þennan fyrrverandi formann Samfylkingarinnar.

Ég ræddi um það við 1. umr. að í raun og veru væri ekkert vandamál að leggja niður iðnaðarráðuneytið með skynsamlegum breytingum á Stjórnarráðinu. Ef við t.d. flyttum byggðamálin og létum þau vera með sveitarstjórnarmálunum, t.d. í samgönguráðuneytinu ef menn kjósa það, ef menn tækju ákvörðun um það að efla umhverfisráðuneytið á markvissan hátt þannig að það yrði umhverfis- og auðlindaráðuneyti og byggju síðan til eitt atvinnuvegaráðuneyti þá væri búið að hluta iðnaðarráðuneytið niður á þessa málaflokka í þessi ráðuneyti og þá væri hægt að leggja það niður. En það mundi augljóslega leiða til þess að ráðherrastólum Samfylkingarinnar fækkaði um einn og það var væntanlega eitthvað sem ekki gekk upp. Ég held, virðulegur forseti, að þegar á allt er litið blasi það við að þær breytingar sem hér er verið að ræða um þjóna þeim tilgangi einum að passa fyrir þessa tvo stjórnarflokka.

Það er líka undarlegt að í vetur lýsti hæstv. forsætisráðherra áhuga á því að ná pólitískri samstöðu um breytingar á Stjórnarráðinu en sagði jafnframt að af því hefði ekki getað orðið á síðasta þingi vegna þess að ekki hefði náðst nægilega mikil pólitísk samstaða í því efni. Nú bregður hins vegar svo við að þegar Sjálfstæðisflokkur og Samfylking hafa myndað sína ríkisstjórn eða tekið ákvörðun um að mynda hana þá er ekkert að vanbúnaði að lýsa því yfir að farið verði í uppstokkun á ráðuneytum og kynnt hér til sögunnar frumvarp sem tekur á afar afmörkuðum þætti málsins en jafnframt látið að því liggja að það verði farið í umfangsmeiri uppstokkun. Þá er skyndilega ekki þörf á því að hafa neitt samráð við aðra stjórnmálaflokka um það efni. Þó hygg ég að flestir séu sammála því í grundvallaratriðum að það ríki sæmilega breið pólitísk sátt um skipan stjórnsýslunnar, Stjórnarráðsins, alveg eins og með starfshætti á Alþingi. Það er ekki gott að mikið sé verið að róta í því fyrirkomulagi. Ég verð því að segja að ég harma það að ekki skyldi hafa verið leitað breiðrar pólitískrar samstöðu og heildarendurskoðunar á Stjórnarráðinu þannig að öll sjónarmið gætu a.m.k. komist á framfæri.

Nú er rétt að geta þess að hæstv. forsætisráðherra sagði í andsvari við ræðu minni í 1. umr., með leyfi forseta:

„Með öðrum orðum, það er ekki útilokað að við getum orðið sammála um einhverjar fleiri breytingar þegar líður á haustið.“

Ég túlka það þannig og skil það svo að hæstv. forsætisráðherra muni a.m.k. kynna sér þau sjónarmið sem koma fram í umræðunni hér, að jafnvel þótt hann sé ekki viðstaddur umræðuna sjálfa muni hann kynna sér þau sjónarmið sem hér hafa komið fram. Auðvitað gerði hann réttast í því að mínum dómi að óska eftir samstarfi stjórnmálaflokkanna um þá endurskoðun sem væntanlega fer fram í sumar, því að það er boðað að hér komi aftur frumvarp í haust vegna þess að gera þurfi ýmsar breytingar á einstökum lögum, sérlögum, með tilliti til þeirrar verkaskiptingar sem fyrirhuguð er.

Hv. 9. þm. Reykv. s., Birgir Ármannsson, formaður allsherjarnefndar, sagði í umræðu um málið fyrr í kvöld að það væri eðlilegt að móta meginstefnuna fyrst. Ég skil hann þannig að hann líti svo á að með því frumvarpi sem hér liggur fyrir með þessum breytingum sé verið að móta ákveðna meginstefnu. Ég verð að segja fyrir mína parta að ég tel að hér sé í raun og veru ekki verið að móta neina meginstefnu þegar fyrir liggur að fara á í miklu viðameiri breytingar á skipan Stjórnarráðsins. Þannig er ljóst að það eru mjög margir, til að mynda starfsmenn Stjórnarráðsins, sem eru í fullkominni óvissu um hvað tekur við hjá þeim um áramót, hvar þeir verða vistaðir. Meginstefnan er sem sagt ekki skýrari en svo að það eru einungis gerðar þessar lágmarksbreytingar á félagsmála-, heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti og landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneyti. Enn þá er margt óljóst í þessu efni, óvissan að sjálfsögðu mikil varðandi verkaskiptinguna og að sjálfsögðu varðandi starfsumhverfi starfsmanna. Nóg um þetta.

Í f-lið 1. er er lagt til að heimilt verði að sameina ráðuneyti með úrskurði forseta Íslands. Ég varaði í 1. umr. við því að þetta ákvæði yrði sett í lög með þeim hætti. Meginrökin eru þau að auðvelda eigi framkvæmdarvaldinu að sameina ráðuneyti en ekki að gera framkvæmdarvaldinu kleift að fjölga ráðuneytum nema með lögum. En það á að auðvelda framkvæmdarvaldinu að sameina þau með einföldum forsetaúrskurði fyrir atbeina forsætisráðherra.

Ég er þeirrar skoðunar að þarna yrði lagasetningarvaldið í raun framselt vegna þess að samkvæmt lögunum um Stjórnarráð skal tiltekið hve mörg ráðuneytin eru og hvað þau heita. Þannig birtast lögin þeim sem vilja kynna sér þau, m.a. í lagasafni, en síðan er hægt að breyta ákvæðum þessara laga með einföldum forsetaúrskurði. Þá skiptir í raun engu máli hvort það væri til að fjölga ráðuneytum eða fækka því að gerningurinn er sá sami eðli málsins samkvæmt, hvort menn fækka eða fjölga ráðuneytum. Ég tel að það eigi að gilda sömu reglur um hvort tveggja. Það er ekkert ofverk einnar ríkisstjórnar að leggja fram frumvarp á Alþingi og gera breytingar á skipan Stjórnarráðsins ef hún svo kýs. Í mínum huga á þetta að vera bundið í lögunum.

Ég er hins vegar sammála því fyrirkomulagi sem verið hefur, að einstökum málaflokkum sé skipað með reglugerð sem forsætisráðherra setur, eins og nú er. En ráðuneytin sjálf ættu að vera tilgreind í lögum, fjöldi þeirra og heiti, og því verði aðeins breytt með lögum. Ég tel að það hafi verið skynsamleg rök sem lágu þar á bak við þegar fyrrv. forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson, beitti sér fyrir lögunum um Stjórnarráðið. Hann taldi þá að kominn hefði verið slíkur óskikkur á skipan stjórnsýslunnar og málaflokkar sem voru saman í ráðuneyti gátu skipst á jafnvel fleiri en einn ráðherra. Hann taldi nauðsynlegt að taka upp skipan sem þá var gerð með stjórnarráðslögunum frá 1969. Ég tel að það hafi verið skynsamlegt.

Ég er því ekki sammála því að þessi lagabreyting verði að veruleika. Hefði raunar verið fróðlegt í þessu samhengi

að heyra álit lögfróðra manna því að mér skilst að þeir séu margir í hv. allsherjarnefnd. Finnst þeim ekki að það sé verið að framselja lagasetningarvaldið með þessu ákvæði, með því að með forsetaúrskurði sé hægt að breyta lögunum.

Það sem viðkemur 2. gr. frumvarpsins snýr einungis að orðinu „hagstofustjóri" sem lagt er til að falli brott og ég hef enga athugasemd við, í samræmi við það sem ég hef sagt um Hagstofuna.

Þá erum við komin að 3. gr. laganna sem fjallar um starfsmannamál. Hér hefur ítarlega verið farið yfir þau sérstaklega vegna þess að í nefndaráliti minni hlutans er sérstaklega tekið á þessu ágreiningsefni. Ég vil ítreka það og undirstrika sem hefur komið fram hjá talsmönnum minni hlutans í allsherjarnefnd að hér er verið að blanda inn í frumvarpið málefni sem er alls óskylt breytingum á Stjórnarráðinu, þeim breytingum sem gera á á ráðuneytinu. Ég hef leyft mér að kalla þetta laumufarþega í lagafrumvarpi, að lauma inn þessu ákvæði sem ekkert á skylt við breytinguna á Stjórnarráðinu sjálfu.

Það segir í áliti minni hlutans að með þessari grein sé afnumin sú skylda að auglýsa störf innan Stjórnarráðsins. Við þessa breytingu gera samtök opinberra starfsmanna, bæði BSRB og BHM, verulegar athugasemdir og mótmæla því sem efnislega er gert ráð fyrir í þessari grein.

Það segir t.d. í umsögn BSRB eftirfarandi, með leyfi forseta:

„BSRB varar við því að hróflað verði við auglýsingaskyldunni og telur mikilvægt að fólki séu gefin jöfn tækifæri til starfa og starfsframa innan Stjórnarráðsins. Bandalagið áréttar að markmiðið með starfsauglýsingum er ekki eingöngu að tryggja jöfn tækifæri til starfa og starfsframa heldur einnig að hæfasti einstaklingurinn sem völ er á hverju sinni verði ráðinn til starfans. Jafnframt telur BSRB mikilvægt að gagnsæi sé viðhaft við ráðningar í störf. Sé þess gætt dregur verulega úr svigrúmi til ómálefnalegra vinnubragða við ráðningar. BSRB telur afar mikilvægt að ákvarðanir um ráðningar starfsmanna séu sýnilegar og að fólk, jafnt innan Stjórnarráðsins sem utan, geti auðveldlega séð hvernig að þeim sé staðið í öllum aðalatriðum. Jafnframt telur bandalagið mjög mikilvægt í þessu samhengi að horft sé til þeirra varna sem þegar eru fyrir hendi til að auka möguleika kvenna og aðkomu þeirra að störfum. Ekki verður annað séð en 3. gr. frv. kollvarpi helstu vörnum í þessu efnum. Að þessu leyti, sem og í ýmsum öðrum veigamiklum atriðum er það því niðurstaða BSRB að með frumvarpi þessu sé verið að stíga stórt skref aftur á bak."

Í umsögn Bandalags háskólamanna segir, með leyfi forseta:

„Grunnhugsun bak við auglýsingaskyldu opinberra starfa er að tryggja að hæfasti starfsmaður sé ráðinn í hverju tilviki, jafnframt að gagnsæi sé tryggt við ráðningu opinberra starfsmanna."

Þarna er kjarni málsins. Menn geta auðvitað haft þá skoðun að það sé þægilegt og hægt sé að ráða fólk til starfa án þess að störf séu auglýst í einhverjum tilvikum. Auðvitað er hægt að ráða fólk í tiltekin störf. Hér hefur þegar verið nefnt að hægt sé að ráða sérfræðinga í ráðuneyti í störf deildarstjóra, það er hægt að ráða fólk verkefnabundið í einstök verkefni innan ráðuneyta án þess að þau störf séu auglýst, hygg ég, en meginreglan á að vera sú að þessi störf séu auglýst. Hér hefur komið fram að þrátt fyrir að það séu kostir við að hafa þetta svigrúm eins og hér lagt til séu gallarnir mun fleiri.

Í umsögn BSRB um þetta frumvarp og þessa grein sérstaklega leyfir bandalagið sér að spyrja eftirtalinna spurninga sem ég ætla að rekja, með leyfi forseta:

„1. Verður starfsmaður valinn í laust starf án þess að öðrum starfsmönnum Stjórnarráðsins sé veitt formlegt tækifæri til að gefa kost á sér til starfsins?

2. Verða laus störf í öllum tilvikum auglýst innan Stjórnarráðsins?

3. Verður það matsatriði hverju sinni hvernig staðið skuli að vali starfsmanns, þ.e. hvort aðeins einn tiltekinn komi til greina eða að auglýst verði og þá til hvaða hóps auglýsing eigi að höfða?"

Það er grundvallaratriði í góðri stjórnsýslu að ákvarðanir, m.a. að því er lúta að mannaráðningum, séu rökstuddar. Þá þurfa menn að geta rökstutt af hverju tiltekinn einstaklingur er valinn í tiltekið starf. Það er auðvitað afar erfitt þegar um handahófskenndar ákvarðanir eða ráðningar er að ræða, þegar menn eru í raun pikkaðir upp og settir til starfa án þess að öðrum sé gefinn kostur á að sækja um á jafnréttisgrundvelli. Því er grundvöllurinn sem hér er verið að ræða um að allir eigi jafnan rétt, og rétt á því að sækja um starf, svo séu menn metnir að verðleikum.

Ég skil ekki af hverju það á að sveipa ráðningar hjá Stjórnarráðinu hulu. (**KVM:** Hvaða hulu?) Þeirri hulu að það sé ekki ljóst hvort málefnaleg sjónarmið ráða ferðinni við ráðningar á starfsmönnum. (Gripið fram í.) Það er ekki tryggt eins og málin eru lögð hér fyrir í þinginu að svo verði. Það eykur jafnvel þrýsting á ómálefnalegar ráðningar.

Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir, formaður þingflokks Framsóknarflokksins, greindi frá því í sinni ræðu að umræðan í þingflokki Framsóknarflokksins hefði m.a. verið sú, þar sem menn sem hafa allnokkra reynslu af því að stýra ráðuneytum, að menn teldu það mikinn kost að það væri skylda að auglýsa störf. (Gripið fram í.) Þá geta þeir að sjálfsögðu bara auglýst, það er út af fyrir sig rétt, en það er ekki skylt að gera það og þrýstingurinn verður sem áður talsverður á ráðherra.

Það er líka annað sem í þessu máli, þ.e. að þegar ekki er um formlegar auglýsingar að ræða og fólk er ráðið til starfa á grundvelli ákvarðana, ég ætla ekki að segja tilviljunarkenndra eða handahófskenndra eða ómálefnalegra ákvarðana. Ég segi einfaldlega: Á grundvelli ákvarðana sem ráðherra getur tekið á hverjum tíma þá liggur í hlutarins eðli að það verður ákveðin leynd yfir því hvaða sjónarmið réðu ferðinni af því að það er ekki allt sem er opið og liggur hreint og klárt fyrir.

Það hefur margsinnis verið nefnt að leynd af þessum toga — það á t.d. líka við um launaleyndina svonefndu — bitnar á konum í miklu ríkari mæli en á körlum. Það er undarlegt að ríkisstjórn sem talar um það í stefnuyfirlýsingu sinni að taka eigi jafnréttismálin föstum tökum skuli vilja viðhafa vinnubrögð af þessu tagi.. Það er líka undarlegt að ríkisstjórn sem boðar, a.m.k. sá hluti hennar sem samanstendur af Samfylkingunni, skuli tala um opna, gegnsæja

stjórnsýslu, samræður og samtöl, en skuli vilja viðhafa vinnubrögð af þessu tagi og hlusta ekki á þau aðvörunarorð sem koma fram í umsögnum stéttarfélaganna og gera eitthvað með þau sem að gagni má koma.

Í ræðu sem formaður Samfylkingarinnar hélt og kennd var við Borgarnes segir m.a. á einum stað, með leyfi forseta:

„Í hinu frjálslynda lýðræði er hinum frjálsa einstaklingi skipað hærra en stofnunum samfélagsins. Þar tekur einstaklingurinn að sér að verja ákveðin grundvallarréttindi mannsins, þ.e. rétt hvers og eins til þess að skapa sjálfan sig, vera til á eigin forsendum, hafa sérstöðu og njóta viðurkenningar sem slíkur. Í hinu frjálslynda lýðræði viðurkennum við rétt fólks til skoðana, þar byggjum við á samskiptum og samræðum milli stjórnvalda og samfélags óbreyttra borgara."

Samræður og samskipti milli stjórnvalda og samfélags óbreyttra borgara, það finnst mér t.d. vera að hlusta á samtök opinberra starfsmanna sem fjalla um þau álitamál sem uppi eru í tengslum við það frumvarp sem við erum að ræða. Það segir líka í sömu ræðu, með leyfi forseta:

„Ég vil gagnsæjar ákvarðanir um úthlutun embætta og gæða. Ég vil jafnræði og jafnrétti. ... Ég vil að konur sitji þar við sama borð og karlar."

Það er kostulegt að lesa þessi orð þegar maður ber þau síðan saman við það sem maður sér af efndum í því máli sem er til umræðu. Vegna þess að hér er ekki verið að hlusta á samtök opinberra starfsmanna. Hér er ekki verið að taka mark á eða taka mið af því sem fram kemur í áliti þeirra við þær breytingar sem á ferðinni eru og eiga eins og áður hefur komið fram í rauninni ekkert skylt við efni málsins að öðru leyti.

Við hljótum því að velta fyrir okkur, virðulegi forseti, hvernig Samfylkingin skýrir þessa stefnubreytingu. Formaður Samfylkingarinnar talaði í áður tilvitnaðri ræðu um jafnræði og jafnrétti og í stjórnarsáttmála er talað um að útrýma kynbundnum launamun. Leiðin til þess er að sjálfsögðu ekki það ráðningarferli hjá hinu opinbera eins og hér er lagt til. Vegna þess að jafnvel þótt aðeins sé verið að tala um Stjórnarráðið, og eru nú allmargir starfsmenn þar, þá er hætt við að þeirri aðferð verði síðan velt yfir á aðrar stofnanir ríkisins þegar fram líða stundir.

Að mínum dómi er því alls ekki verið að auka gagnsæi í stjórnsýslunni nema síður sé. Það er einmitt grundvallaratriði, mundi ég telja, jafnaðarstefnunnar, að minnsta kosti hinnar róttæku jafnaðarstefnu sem við vinstri græn stöndum fyrir, að í stjórnsýslunni sé gagnsæi, það sé lýðræði og menn viti hvernig ákvarðanir eru teknar, þær séu skýrar og ljósar og allir eigi jafnan rétt til að gefa kost á sér til starfa og verða metnir að verðleikum.

Við hljótum því að ítreka verulega athugasemdir okkar við að þessu ákvæði sé dembt inn í frumvarpið og ætlunin sé að keyra það í gegnum þingið á þann hátt sem meiri hluti hv. allsherjarnefndar leggur til í berhögg við opinbera starfsmenn.

Ég sagði í upphafi ræðu minnar, herra forseti, að ég gerði athugasemd við það að enginn ráðherra ríkisstjórnarinnar skyldi vera viðstaddur 2. umr., m.a. vegna þess að margvísleg sjónarmið hafa komið fram hjá hv. þingmönnum sem tekið hafa til máls í umræðunni sem hefði verið gagnlegt fyrir ráðherrana að kynna sér.

Í þeirri breytingartillögu sem meiri hluti allsherjarnefndar leggur til við fyrirliggjandi frumvarp er það eitt lagt til að forsætisráðherra skuli setja reglur um auglýsingu starfa innan Stjórnarráðsins. Nú vitum við svo sem ekkert í hverju þær reglur eiga að felast. Mér skilst að óskað hafi verið eftir því að hæstv. forsætisráðherra yrði boðaður á fund allsherjarnefndar en ekki hafi verið tekið undir það. Þá hefði til að mynda verið tilefni til þess að spyrja hæstv. forsætisráðherra hvernig hann sæi slíkar reglur fyrir sér. Ég hefði gjarnan vilja spyrja hæstv. forsætisráðherra — ef tækifæri hefði verið gefið til þess, sem verður vonandi á morgun við 3. umr., fjarvera ráðherranna við þessa umræðu hlýtur að kalla á að umræða verði um málið við 3. umr. — hvert verði inntak reglna sem forsætisráðherra mun setja eða á að setja á grundvelli laga samkvæmt þeirri breytingartillögu sem meiri hluti allsherjarnefndar hefur lagt fram og hvenær hyggst ráðherrann setja slíkar reglur? Því eins og þegar hefur komið fram í umræðunni er ekkert sem segir neitt um hvort einhver tímamörk eru á því.

Ég hefði líka viljað spyrja talsmenn Samfylkingarinnar, fyrst og fremst hæstv. utanríkisráðherra, formann Samfylkingarinnar, eða eftir atvikum hæstv. félagsmálaráðherra sem fer með vinnumarkaðsmál í ríkisstjórninni, a.m.k. enn þá, nema þeim málaflokki verði skákað eitthvað annað, t.d. til iðnaðarráðuneytisins sem sárlega skortir verkefni að því best verður séð: Boða þessi vinnubrögð sem hér eru viðhöfð upphaf að samskiptamáta við stéttarfélög sem núverandi hæstv. ríkisstjórn hyggst ástunda? Ég hefði talið mikilvægt að við fengjum svör við þeim spurningum og vafalaust mörgum öðrum sem brenna á öðrum þingmönnum. Þetta eru atriði sem ég hefði viljað koma að í umræðunni og gjarnan viljað fá viðbrögð frá ráðherrum við.

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir fyrstu þrjár greinar í frumvarpinu. Ég tel ekki ástæðu til að fjalla frekar um frumvarpið, þ.e. 4. eða 5. gr., eins og það birtist hér og ég hef örlítið komið inn á þá breytingartillögu sem meiri hluti allsherjarnefndar hefur lagt til við fyrirliggjandi frumvarp. Ég tel að ég hafi í meginatriðum komið sjónarmiðum mínum á framfæri varðandi það frumvarp sem liggur fyrir. Ég tel að eðlilegra hefði verið að við hefðum haft heildarmyndina fyrir framan okkur. Heildarendurskoðun Stjórnarráðsins hefði legið fyrir þegar umræðan færi fram. Það hefði verið hnitmiðaðra fyrir alla aðila að mínum dómi og áreiðanlega fyrir þá sem vinna vinnuna. En það var kosið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar að gera það ekki heldur leggja þetta fram í þessum bútum og koma síðan með frekari lagafrumvörp í haust sem tengist áframhaldi þessarar vinnu. Það væri þá fróðlegt að sjá hvernig það lítur út og við munum vafalaust eiga eftir að skiptast á skoðunum um það mál.

Ég vil í lokin, herra forseti, ítreka að hér eru ákveðnar spurningar sem ég tel mikilvægt að ráðherrar í ríkisstjórninni fái tækifæri til að svara. Og þar sem þeir eru ekki viðstaddir þessa umræðu áskil ég mér rétt til að ítreka þær við 3. umr. um lagafrumvarpið.

[20:53]

Forseti (Magnús Stefánsson):

Vegna orða hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar vill forseti geta þess að gerðar voru ráðstafanir til að koma ósk hans um viðveru hæstv. ráðherra á þessum þingfundi til skila.

[20:53]

Frsm. meiri hluta allshn. (Birgir Ármannsson) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Árni Þór Sigurðsson hefur farið yfir sjónarmið sín í allítarlegu máli en ýmislegt í því gefur tilefni til andsvara. Að vísu hafa mjög mörg atriði sem hann gat um í ræðu sinni komið fram áður í umræðunni og ég hef svarað allmörgum þeirra í andsvörum við ræðum annarra talsmanna stjórnarandstöðunnar.

Ég tel þó rétt að árétta eitt sérstaklega. Það er vegna ummæla sem hv. þingmaður hafði uppi og raunar hefur örlað á í umræðunni fyrr í kvöld. Það er eiginlega sú ályktun eða tilfinning margra talsmanna stjórnarandstöðunnar að um verði að ræða, að því er varðar 3. gr. frumvarpsins, einhvers konar lagalegt tómarúm eða verið sé að sveipa ákvarðanir einhverri hulu eða leynd eða skapa svigrúm til geðþóttaákvarðana eða þess háttar. Þetta hefur komið upp í umræðunni hvað eftir annað. Ég taldi mig raunar vera búinn að svara því að einhverju leyti fyrr í kvöld. En mér finnst þó rétt að árétta að hafi menn haft slíkar áhyggjur þegar frumvarpið var lagt fram, þá ætti breytingartillaga meiri hluta allsherjarnefndar að koma verulega til móts við slík sjónarmið af því að í breytingartillögunni er einmitt gert ráð fyrir að um þessar ráðningar á grundvelli 3. gr. verði sérstakar reglur settar af forsætisráðherra og öllum ljósar, öllum aðgengilegar. Þar er jafnframt gert ráð fyrir auglýsingu þeirra starfa sem um ræðir auk þess sem áréttað er í nefndaráliti okkar, sem raunar hefur alltaf legið fyrir, að reglur stjórnsýslulaga (Forseti hringir.) mundu gilda um þessar ákvarðanir. Ummæli um annað eru mjög villandi að mínu mati.

[20:56]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Við höfum sagt að við teljum að sú breyting sem meiri hluti allsherjarnefndar leggur til svari ekki þessari gagnrýni. Hún kemur hugsanlega að einhverju leyti til móts við hana en við teljum að hún svari ekki þeirri gagnrýni.

Við höfum farið yfir það að engum sé ljóst um hvað þessar reglur eigi að vera. Því hefur verið hafnað að hæstv. forsætisráðherra komi á fund allsherjarnefndar til gera grein fyrir áherslum sínum í þessu sambandi og hvernig hann sæi fyrir sér reglur af þessum toga og til að svara þeim spurningum sem nefndarmenn og aðrir þingmenn kunna að hafa.

Ég vísa því til þess. Við munum að sjálfsögðu ganga eftir því við 3. umr. að við fáum einhver frekari svör við því. Við teljum að breytingartillagan breyti í raun engu stóru í þessu samhengi og komi ekki til móts við þær gagnrýnisraddir sem uppi hafa verið af hálfu talsmanna stjórnarandstöðunnar í málinu og einnig af hálfu talsmanna stéttarfélaganna.

[20:57]

Frsm. meiri hluta allshn. (Birgir Ármannsson) (S) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ljóst er ef menn skoða málið frá upphafi, framsöguræðu hæstv. forsætisráðherra, greinargerð með frumvarpinu og annað þess háttar, að auðvitað var aldrei ætlunin að búa til eitthvert svigrúm fyrir menn að taka ákvarðanir á ómálefnalegum forsendum eða samkvæmt einhverjum geðþótta í sambandi við umræddar starfsmannaráðningar.

En hafi menn haft slíkar áhyggjur ætti að vera allveruleg trygging að slíkar ákvarðanir verði teknar á grundvelli skýrra reglna sem fram koma frá forsætisráðherra og hafa reglugerðarstöðu. Það þýðir þá að fyrir fram munu liggja fyrir þær leikreglur sem farið verður eftir í þessu sambandi.

Jafnframt liggur líka fyrir að stjórnsýslulög gilda um þetta eins og aðrar stjórnvaldsákvarðanir. Réttur manna til að krefjast upplýsinga, krefjast rökstuðnings og annars þess háttar verður auðvitað áfram til staðar. Annað stóð aldrei til. Ég hefði haldið að þessi breyting mundi undirstrika að hugmyndin er ekki önnur en að málefnaleg sjónarmið komi til.

Hins vegar er önnur spurning sem við höfum einnig talað um í allsherjarnefnd sem snýst um það prinsipp: Á að hafa meira svigrúm innan Stjórnarráðsins en verið hefur þannig að hægt verði að kynna laus störf sérstaklega innan þess ramma án þess að fara með málin í almenna auglýsingu? Vissulega eru skiptar skoðanir um það og eins og fram kom í andsvörum mínum við ræðu hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur áðan eru rök með og rök á móti.

Við í meiri hlutanum teljum hins vegar að með þessu sé svigrúmið (Forseti hringir.) aukið innan Stjórnarráðsins, að möguleikar starfsmanna þar til starfsframa verði auknir. Við teljum að það séu jákvæðar breytingar sem vegi þyngra (Forseti hringir.) þegar við vegum og metum þessi mismunandi sjónarmið.

[20:59]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það ákvæði sem er almenna reglan í dag um að störf séu auglýst opinberlega og öllum aðgengileg kemur ekki í veg fyrir að fólk færi sig til innan Stjórnarráðsins, kemur ekki í veg fyrir að þeir sem í dag starfa í Stjórnarráðinu sæki um störf sem eru laus í Stjórnarráðinu. Að sjálfsögðu ekki.

En reglan eins og hún er í dag um að öll störf séu auglýst tryggir betur en nokkuð annað að ákvarðanir séu gegnsæjar. Það sé jafnrétti þannig að allir hafi sömu möguleika á að sækja um þau störf sem eru laus til umsóknar hjá Stjórnarráðinu en kemur að sjálfsögðu ekki í veg fyrir að menn færist úr einu ráðuneyti í annað ef svo ber undir ef fólk sækir um og er metið á jafnréttisgrundvelli jafnhæft eða hæfast af umsækjendum.

Síðan er annað. Ef það er ekki tilgangurinn að auka möguleika ráðherranna til þess að ráða fólk til starfa, ég vil segja án auglýsinga og þá hugsanlega á einhverjum öðrum en málefnalegum forsendum, til hvers er þá verið að setja þetta ákvæði inn í lagafrumvarpið? Mér er það algerlega óskiljanlegt.

[21:01]

Frsm. meiri hluta allshn. (Birgir Ármannsson) (S):

Herra forseti. Þetta hefur verið áhugaverð umræða. Kannski hafa sjónarmið hér ekki komið á óvart, flest þeirra höfðu áður komið fram í allsherjarnefnd eða við 1. umr. málsins en engu að síður held ég að umræðan hafi í heild verið gagnleg. Ég hef reynt að svara athugasemdum sem komið hafa fram af hálfu talsmanna stjórnarandstöðunnar nokkurn veginn jafnóðum en hins vegar vildi ég þegar líður nú að lokum umræðunnar árétta nokkur sjónarmið.

Í fyrsta lagi hefur skotið hér upp umræðu um f-lið 1. gr. varðandi forsetaúrskurð um sameiningu ráðuneyta. Uppi eru mismunandi skólar um það hvort nauðsynlegt sé að binda ákvarðanir um sameiningu ráðuneyta við lagasetningu, þ.e. að lagasetningar sé alltaf þörf ef ákvörðun er tekin um þetta. Ég verð að segja að mér finnst ákvæðið í fliðnum afar varfærið, það felur ekki í sér mjög róttæka breytingu frá núverandi fyrirkomulagi. Í meginatriðum er skipting ráðuneyta bundin í lög en hins vegar er gefið svigrúm til að ákveða í sameiningu með forsetaúrskurði og ég tel það til bóta. Það getur auðvitað komið til þess að það sé talið skynsamlegt innan ríkisstjórnar að fara þessa leið og þá er fyrirkomulagið auðvitað léttara ef hægt er að gera það með forsetaúrskurði í staðinn fyrir að breyta lögum.

Eins og hv. þm. Árni Þór Sigurðsson kom að væri líka hægt að gera þetta með lagabreytingum en þarna er verið að létta leiðina við sameiningu ráðuneyta frá því sem nú er. Engu að síður verður áfram gerð krafa um lagabreytingu ef ætlunin er að fjölga ráðuneytum sem telja má að sé viðurhlutameiri ákvörðun en að sameina ráðuneyti sem eru fyrir hendi.

Í annan stað vildi ég nefna að í umræðunni hefur nokkuð verið rætt um 3. gr. frumvarpsins sem einhvers konar smyglgóss eða laumufarþega í lagafrumvarpi eins og einn hv. þingmaður kaus að nefna það. Það er alveg rétt, eins og hefur komið fram hér í umræðunni, að 3. gr. er ekki nauðsynleg eða óhjákvæmileg vegna þeirra meginbreytinga sem frumvarpið felur í sér, þ.e. þeirra breytinga á skipan ráðuneyta sem telja má meginefni þessa frumvarps. Það er alveg rétt. 1. og 2. gr. fela í sér efnisbreytingu og 4. gr. felur í sér áskilnað um að réttinda starfsmanna sé gætt vegna þessara tilteknu breytinga á Stjórnarráðinu. 3. gr., eins og ég kom að áðan í andsvörum við ræðu hv. þm. Sivjar Friðleifsdóttur, hefur hins vegar þau efnislegu tengsl við málið að það er farið að huga að stöðu starfsmanna í tengslum við breytingar sem verða á Stjórnarráðinu. Það er ljóst að þær breytingar sem felast í 1. gr. frumvarpsins sérstaklega munu leiða til nokkurs róts innan Stjórnarráðsins og þess vegna er ekki óeðlilegt að það sé hugað að þeim atriðum sem tekið er á í 3. gr. um leið, þó að það sé alveg rétt að breytingin sem þar er boðuð sé ekki nauðsynleg eða rökbundin afleiðing af þeim breytingum sem felast í 1. gr. Það er samt ekkert óeðlilegt að um leið sé hugað að stöðu starfsmanna Stjórnarráðsins að þessu leyti. Í ljósi þess að það verða allmiklar breytingar innan Stjórnarráðsins í kjölfar þessara lagabreytinga og síðan annarra lagabreytinga sem gera má ráð fyrir að fari fyrir þingið í haust finnst mér ekki óeðlilegt að um leið sé hugað að því hvernig hægt sé að greiða fyrir eða auka svigrúm starfsmanna innan Stjórnarráðsins til að flytja sig milli ráðuneyta. Það er akkúrat inntakið í 3. gr.

Hv. þm. Árni Þór Sigurðsson spurði í lok ræðu sinnar áðan hvers vegna farið væri í þennan leiðangur, af hverju við værum að þessu. Það er auðvitað á þeim forsendum að auka svigrúm fyrir starfsmenn innan Stjórnarráðsins til að færa sig á milli ráðuneyta. Eins og hefur verið rakið ítarlega í umræðunum er nokkurt svigrúm innan einstakra ráðuneyta en með þessari breytingu er verið að horfa á málið aðeins heildstæðara, það er verið að horfa á Stjórnarráðið sem heild í þessu sambandi, og eins og ég kom að hér fyrr í umræðunni er ekki óeðlilegt í ljósi þess að þau verkefni sem menn inna af hendi í einstökum ráðuneytum eru að mörgu leyti keimlík. Menn eru að fást við m.a. reglugerðarsetningu, undirbúning lagafrumvarpa, störf sem varða stefnumótun í einstökum málaflokkum þannig að menn eru að vinna að mörgu leyti eftir sömu verkferlum og beita sömu vinnubrögðum þó að málaflokkarnir séu ólíkir. Það er ekki óeðlilegt að horft sé á Stjórnarráðið svolítið heildstætt í þessu sambandi.

Hv. þm. Siv Friðleifsdóttir spurði, hygg ég, að því hvort þetta mundi hugsanlega leiða til þess að skoðað yrði með tilflutning frá undirstofnunum til ráðuneyta eða öfugt. Ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki sambærileg breyting, slík breyting væri miklu viðameiri og róttækari. Ég held að það sé líka svolítið annars eðlis. Þó að menn séu hugsanlega að fást við svipaða eða sömu málaflokka í ráðuneytum annars vegar og undirstofnunum hins vegar eru viðfangsefnin önnur eins og ég rakti, viðfangsefni ráðuneyta eru í eðli sínu svolítið sérstök, sinnar gerðar ef svo má segja. Þó að við gerum þessa breytingu varðandi Stjórnarráðið er í mínum huga allt önnur spurning hvort svipuð regla verði látin gilda milli ráðuneyta og undirstofnana þeirra. Í mínum huga eru rökin fyrir einhverri breytingu í þá átt miklu veikari og ég hef ekki ástæðu til að ætla að neinar hugmyndir um það séu uppi.

Hér hefur verið vikið nokkuð að gagnsæi ákvarðana varðandi mannaráðningar og skyld mál. Ég undirstrika það sem ég hef áður sagt að ég tel að um ákvarðanir af þessu tagi, ráðningu starfsmanna innan Stjórnarráðsins í anda 3. gr., gildi sérstakar reglur sem svari sjónarmiðum manna talsvert í þeim efnum. Það er þá ljóst að menn verða ekki ráðnir í störf á grundvelli þessarar greinar nema fylgt sé málsmeðferðarreglum sem forsætisráðherra setur þar um. Þær reglur verða öllum aðgengilegar. Jafnframt er gert ráð fyrir því að um auglýsingu slíkra starfa innan Stjórnarráðsins verði að ræða þannig að þeir starfsmenn Stjórnarráðsins sem áhuga hafa á viðkomandi störfum og sækja um og fá ekki munu hafa, eins og þeir hefðu samkvæmt núgildandi rétti, möguleika á því að krefjast rökstuðnings og eftir atvikum leita réttar síns vegna ákvarðana ef þeir teldu þær ómálefnalegar eða ólögmætar. Ég held að skýrt ákvæði um að krafist sé reglna á þessu sviði svari mjög mörgum þeim áhyggjum sem komið hafa fram vegna breytingarinnar.

Það hefur nokkuð verið rætt að með þessari breytingu sé með einhverjum hætti gengið gegn jafnréttissjónarmiðum og sumir hv. þingmenn hafa tekið býsna djúpt í árinni að því leyti, talið að þessi breyting gengi gegn sjónarmiðum um að auka beri jafnrétti og jafnræði milli kynja. Ég verð að segja að ég hafna slíkum fullyrðingum alfarið og held að

það sé erfitt að rökstyðja slík sjónarmið. Eins og ég hef áður rakið er ljóst að ákvarðanir af þessu tagi verða teknar fyrir opnum tjöldum, það er gert ráð fyrir að ákveðnum málsmeðferðarreglum, ákvæði laga um málsmeðferð í stjórnsýslunni eiga að sjálfsögðu við þannig að slíkar tryggingar verða áfram fyrir hendi. Ég fæ því ekki séð hvernig menn geta fundið það út að með einhverjum hætti sé verið að ganga gegn jafnréttissjónarmiðum eða sjónarmiðum um jafna stöðu karla og kvenna með þessari lagabreytingu.

Ég vek athygli á því að þessi breyting hefur eðli málsins samkvæmt fyrst og fremst áhrif á stöðu starfsmanna Stjórnarráðsins. Nú hygg ég að það sé almennt — a.m.k. er það þannig í þeim ráðuneytum sem ég þekki til að þar eru kynjahlutföll alls ekki eins ójöfn og víða annars staðar í þjóðfélaginu. Ég hygg að í mörgum ráðuneytum séu konur í meiri hluta starfsmanna þannig að ég sé ekki að hagur þeirra skerðist neitt með þessari breytingu. Mér finnst eiginlega að það sé svona — ja, ég veit það ekki, ég mundi kalla það feilskot í þessari umræðu að taka það sjónarmið inn í vegna þess að eftir sem áður verður möguleiki fyrir starfsmenn að leita réttar síns með þeim hætti sem áður hefur verið, það er ekki verið að taka neinn rétt af mönnum í því sambandi. Eina breytingin er sú að það er verið að greiða leið fyrir starfsmenn til að færa sig til milli starfa milli ráðuneyta innan Stjórnarráðsins og sú leið til þess að þróa sig áfram í starfi og hugsanlega takast á við ný verkefni í öðru ráðuneyti mun standa konum jafnopin og körlum. Ég held að það sjónarmið eigi sér ekki stoð í þessu máli.

Að lokum vildi ég segja þetta: Við höfum rætt lengi um 3. gr. Hún er vissulega til þess fallin að auka svigrúm starfsmanna Stjórnarráðsins að nokkru leyti. Mér finnst hins vegar að í umræðunni hafi málinu verið gefið æðimikið vægi miðað við inntak þess. Þessi breyting leiðir ekki til þess að auglýsingar starfa innan Stjórnarráðsins leggist af, öðru nær, eins og getið er um í nefndaráliti meiri hluta allsherjarnefndar gerist það auðvitað að ef starfsmaður í einu ráðuneyti flyst í laust starf í öðru ráðuneyti opnast væntanlega í flestum tilvikum gamla starfið hans þannig að þar myndast eitthvert svigrúm sem síðan verður hugsanlega fyllt í með opinberri auglýsingu. Eins er það alveg óljóst hve margir starfsmenn munu nýta sér ákvæði af þessu tagi, það vitum við ekki fyrir fram.

Hér hefur verið vísað nokkuð í verkefni sem hefur verið í gangi innan Stjórnarráðsins um svokölluð vistaskipti ráðuneytisstarfsmanna þar sem þeir geta farið til starfa í öðru ráðuneyti í eitt ár, tímabundið starf í öðru ráðuneyti í eitt ár í senn og haldið gamla starfinu sínu á meðan. Ég hygg að það verkefni hafi reynst þeim ágætlega sem hafa nýtt sér það en ég held að það hafi ekki verið mikið nýtt, mér skildist það á þeim sem um það fjölluðu í allsherjarnefnd. Við vitum ekki hvað þessi breyting kemur til með að leiða til mikilla breytinga en kjarninn er þessi: Það er verið að útvíkka svigrúm sem þegar er fyrir hendi innan einstakra ráðuneyta yfir Stjórnarráðið í heild, það er allt og sumt. Áfram verður sá möguleiki fyrir hendi að auglýsa störf á almennum markaði og ég hygg að sú heimild verði áfram notuð í mörgum tilvikum. Sú mikla umræða sem hefur orðið um þetta og þær miklu áhyggjur sem mér hefur fundist birtast í ræðum hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar út af þessu held ég að séu ekki byggðar á veigamiklu tilefni.

Það er hins vegar mat mitt og meiri hluta allsherjarnefndar að breytingin sem felst í 3. gr. sé, eins og frumvarpið í heild, til bóta og þess vegna styðjum við það og teljum að það verði enn þá betra með þeirri breytingartillögu sem við gerum tillögu um á þingskjali og hefur verið boðuð. Þar með ætti að slá á áhyggjur manna af því að einhver ómálefnaleg eða geðþóttasjónarmið verði uppi við töku ákvarðana á þessum grundvelli. Ég hygg því að málið sé í ágætum farvegi með þessu og vonast til þess að það fái góðar undirtektir hér líka við 3. umr. málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbréfaviðskipti, 2. umr.

Stjfrv., 7. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 7, nál. 28, brtt. 29.

og

Kauphallir, 2. umr.

Stjfrv., 8. mál (EES-reglur, heildarlög). — Þskj. 8, nál. 28, brtt. 30.

og

Fjármálafyrirtæki o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 9. mál (EES-reglur). — Þskj. 9, nál. 28, brtt. 31.

[21:18]

Frsm. viðskn. (Ágúst Ólafur Ágústsson) (Sf):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frumvarp til laga um verðbréfaviðskipti, frumvarp til laga um kauphallir og frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl. Þetta eru sem sagt þrjú frumvörp sem var mælt fyrir í einu lagi við 1. umr. og þau tengjast öll með beinum hætti efnislega og höfum við talið í hv. viðskiptanefnd rétt að skila einu nefndaráliti hvað það varðar.

Viðskiptanefndin er ein af hinum nýju nefndum sem voru settar á fót á þessu þingi og það er afburðahópur sem skipar nefndina, að mínu mati a.m.k., og þingmenn nefndarinnar lögðu sig fram um að kynna sér málið þó að tíminn væri skammur, kynna sér það eins vel og kostur var. Þetta eru viðamiklir lagabálkar og mikið lesefni og við hittum helstu hagsmunaaðila hvað þá varðar og afraksturinn er það nefndarálit sem ég mun hér kynna.

Viðskiptanefndin hefur sem sagt fjallað um þetta mál og fengið á sinn fund Guðbjörgu Bjarnadóttur og Hlyn Jónsson frá Fjármálaeftirlitinu, Árnínu Steinunni Kristjánsdóttur og Þórð Friðjónsson frá Kauphöllinni, Bolla Héðinsson frá Samtökum fjárfesta, Guðjón Rúnarsson og Þórð Örlygsson frá Samtökum fjármálafyrirtækja, Guðmund Kr. Tómasson og Sigríði Logadóttur frá Seðlabanka Íslands, Harald I. Birgisson frá Viðskiptaráði og Harald Örn Ólafsson, Kjart-

an Gunnarsson og Ólöfu Emblu Einarsdóttur frá viðskiptaráðuneyti. Fulltrúar viðskiptaráðuneytis lögðu fyrir nefndina umsagnir um frumvörpin sem nýlega hafa borist ráðuneytinu.

Með þessum þremur frumvörpum eru lögð til ný heildarlög um verðbréfaviðskipti og ný heildarlög um kauphallir. Jafnframt er lögð til breyting á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki. Með frumvörpunum er ætlunin að innleiða í íslenskan rétt tvær tilskipanir Evrópusambandsins sem báðar eru hluti aðgerðaáætlunar Evrópusambandsins á sviði fjármálamarkaðar.

Er annars vegar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004, um markaði fyrir fjármálagerninga, og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE, svonefnd MiFID-tilskipun. Tilskipunin hefur að geyma reglur um stofnun og rekstur markaða fyrir fjármálagerninga og miðar að því að skapa skilvirkan sameiginlegan innri markað með fjármálaþjónustu. Á grundvelli tilskipunarinnar skulu öll lönd á Evrópska efnahagssvæðinu setja sameiginlegar reglur um fjármálafyrirtæki og skipulega markaði. Meginmarkmið MiFID-tilskipunarinnar er að stuðla að því að þróa og tryggja skilvirkni evrópsks fjármálamarkaðar ásamt því að auka yfirsýn og tiltrú fjárfesta á markaðnum. Tilskipunin miðar að því að öll viðskipti verði jafnskilvirk, hvort sem aðilar að viðskiptunum eru í sama landi eða í fleiri en einu landi á Evrópska efnahagssvæðinu. Í þessu skyni er meðal annars mælt fyrir um það í tilskipuninni að lagarammi Evrópusambandsins nái til allrar starfsemi sem tengist fjárfestum, en það er talið nauðsynlegt þar sem fleiri fjárfestar hafa á undanförnum árum orðið virkir á fjármálamörkuðum og í boði er stöðugt flóknari og víðtækari þjónusta og gerningar. Kveður tilskipunin því á um samræmingu sem veitir fjárfestum víðtæka vernd og heimilar fjármálafyrirtækjum sem hafa leyfi til verðbréfaviðskipta að veita þjónustu alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli eftirlits í heimalandi þar sem fyrir er óskiptur markaður. MiFID-tilskipunin felur í sér aukna samræmingu reglna sem gilda um fjármálafyrirtæki og er víðtækari og ítarlegri en hin svonefnda ISD-tilskipun um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta sem hún kemur í staðinn fyrir. Gildissvið MiFID-tilskipunarinnar er víðtækara, eins og sagt er, en tilskipunin sem fyrir var þar sem í henni er einnig fjallað um þau starfsskilyrði og þær kröfur sem gerðar eru til skipulegra verðbréfamarkaða. Samkvæmt MiFID-tilskipuninni er framkvæmdastjórninni heimilað að setja ítarlegri reglur á vissum sviðum. Hefur framkvæmdastjórnin gefið út tvær gerðir í því sambandi, eina tilskipun og eina reglugerð. Gert er ráð fyrir að flestar þær reglur sem koma fram í reglusetningu bandalagsins verði teknar upp í íslenskan rétt með stjórnvaldsfyrirmælum en þó er lagt til í frumvarpi til laga um verðbréfaviðskipti að hluti þeirra verði tekinn upp í lög.

Hins vegar er tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB um samræmingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB, svonefnd gagnsæistilskipun. Sú tilskipun mælir einkum fyrir um samræmingu reglna um birtingu reglulegra upplýsinga um útgefendur verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og um birtingu upplýsinga um breytingu á verulegum hlut atkvæðisréttar hjá slíkum útgefendum. Markmið tilskipunarinnar er að samræma kröfur um skyldu útgefenda til að veita upplýsingar og stuðla með því að raunverulegum innri markaði og víðtækri vernd fyrir fjárfesta. Mælt er fyrir um það í tilskipuninni að tilnefnt skuli lögbært stjórnvald sem skal bera ábyrgð á framkvæmd tilskipunarinnar.

Til viðbótar við þær breytingar sem leiðir af MiFID-tilskipuninni og gagnsæistilskipuninni eru lagðar til breytingar á viðurlagaákvæðum laga um verðbréfaviðskipti til samræmis við lög nr. 55/2007, um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði, sem voru samþykkt á 133. löggjafarþingi, sem sagt á síðasta þingi. Af 16 köflum frumvarpsins eru sex kaflar að mestu samhljóða gildandi lögum. Helstu breytingar sem felast í frumvarpinu sem lúta að verðbréfaviðskiptum eru eftirfarandi:

Hugtakið verðbréf er útvíkkað þannig að fjárfestingarráðgjöf og rekstur markaðstorgs fjármálagerninga (MTF) teljist til verðbréfaviðskipta. Einnig eru lagðar til breytingar á hugtakinu fjármálagerningur, einkum hvað varðar þær afleiður sem falla undir hugtakið. Gerðar eru auknar kröfur um skipulag og innri málefni fjármálafyrirtækja. Lagt er til að lögfestar verði ítarlegri reglur um skipulag fjármálafyrirtækja í verðbréfaviðskiptum og um ráðstafanir sem þeim ber skylda til að gera svo að reksturinn geti talist traustur og hagsmunir viðskiptavina séu tryggðir. Þá verður fjármálafyrirtækjum í auknum mæli gert að gera skriflega samninga við viðskiptavini sína auk þess að halda skrár yfir þjónustu sem það veitir og viðskipti sem það hefur milligöngu um á sviði verðbréfaviðskipta. Kveðið er á um auknar kröfur til upplýsingagjafar fjármálafyrirtækja til viðskiptavina og skyldu þeirra til að meta hvort verðbréfaviðskipti séu við hæfi viðskiptavina. Þá eru í frumvarpinu reglur um kvaðir á fjármálafyrirtæki um að þau skuli ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavini sína. Gert er ráð fyrir að viðskiptavinir fjármálafyrirtækja verði flokkaðir í þrjá flokka, sem viðurkenndir gagnaðilar, fagfjárfestar eða almennir fjárfestar. Njóta viðskiptamenn mismikillar réttarverndar eftir því hvaða flokki þeir tilheyra. Samkvæmt frumvarpinu er fjármálafyrirtækjum skylt að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um öll viðskipti sem það framkvæmir með fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Þá eru lagðar til auknar kröfur til útgefenda verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, um birtingu á ársreikningi, árshlutareikningi o.fl., og er auk þess lagt til að útgefendum verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði verði skylt að veita upplýsingar um útgáfu nýrra lána og breytingar á réttindum. Í frumvarpinu er flöggunarskylda afmörkuð skýrar en gert er í gildandi lögum. Er lagt til að frestur flöggunarskylds aðila til tilkynningar verði lengdur um einn dag þannig að tilkynning verði send í síðasta lagi næsta viðskiptadag í stað samdægurs eins og nú er. Útgefandi skal annast opinbera birtingu upplýsinga í flöggunartilkynningu í stað skipulegs markaðar sam-

kvæmt gildandi lögum.

Ákvæði gagnsæistilskipunarinnar um eftirlitsstjórnvald mæla fyrir um tilnefningu eins lögbærs stjórnvalds sem skal bera ábyrgð á framkvæmd tilskipunarinnar. Þó er gerð sú undanþága að heimilt er að tilnefna annan aðila en lögbæra stjórnvaldið til að kanna hvort upplýsingar samkvæmt tilskipuninni eru samdar í samræmi við viðeigandi reikningsskilareglur. Í frumvarpinu er lagt til að Fjármálaeftirlitið verði lögbært stjórnvald í skilningi gagnsæistilskipunarinnar og að ársreikningaskrá kanni hvort upplýsingar séu samdar í samræmi við viðeigandi reikningsskilareglur.

Lögum um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða frá árinu 1998 hefur verið breytt nokkrum sinnum en yfirleitt hefur verið um minni háttar breytingar að ræða. Með lögum nr. 66/2005 voru stigin fyrstu skrefin við innleiðingu MiFID-tilskipunarinnar en þá var tekið upp ákvæði sem mælti fyrir um heimild Fjármálaeftirlitsins til að leyfa rekstur markaðstorgs. Áframhaldandi innleiðing tilskipunarinnar leiðir til umfangsmeiri breytinga á lögunum og er því nú lagt fram frumvarp til nýrra heildarlaga.

Verði frumvarpið að lögum verður hugtakanotkun laga um kauphallir í samræmi við MiFID-tilskipunina. Lagt er til að hugtakið skipulegur verðbréfamarkaður verði notað um sjálfan markaðinn en hugtakið kauphöll um rekstraraðilann. Lagt er til að hugtakið skipulegur tilboðsmarkaður falli brott. Verði frumvarpið að lögum fær hugtakið kauphöll aðra merkingu en samkvæmt gildandi rétti og verður samkvæmt frumvarpinu notað um hlutafélag sem rekur skipulegan verðbréfamarkað. Gert er ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið muni veita og afturkalla starfsleyfi skipulegra verðbréfamarkaða.

Þá er lagt til að gerður verði skýr greinarmunur á annars vegar opinberri skráningu verðbréfa á skipulegan verðbréfamarkað og hins vegar töku fjármálagerninga til viðskipta á skipulegan verðbréfamarkað. Samkvæmt gildandi lögum nær hugtakið skráning yfir þessar tvær aðgerðir. Gert er ráð fyrir því í frumvarpinu að Fjármálaeftirlitið annist opinbera skráningu fjármálagerninga en að kauphöll sem rekur skipulegan verðbréfamarkað annist töku fjármálagerninga til viðskipta. Með frumvarpinu eru einnig lagðar til nýjar reglur um gagnsæi á skipulegum verðbréfamarkaði. Þetta eru ákvæði um upplýsingagjöf skipulegs verðbréfamarkaðar um annars vegar tilboð og hins vegar viðskipti. Tilgangur þeirra fyrrnefndu er að auðvelda fjárfestum eða markaðsaðilum að meta forsendur viðskipta með tiltekin hlutabréf en þeirra síðarnefndu að auðvelda sömu aðilum að sannreyna eftir á þá skilmála sem viðskipti fóru eftir. Þá er kveðið á um það í frumvarpinu að unnt verði að taka verðbréf til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði án samþykkis útgefanda.

Með frumvarpi til laga um breytingar á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki er gerð tillaga að breytingum á lögum um fjármálafyrirtæki og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Lagt er til það nýmæli að fjárfestingarráðgjöf og rekstur markaðstorgs fjármálagerninga verði starfsleyfisskyld starfsemi auk þess sem lagðar eru til breytingar á undanþágum frá starfsleyfisskyldri starfsemi. Gert er ráð fyrir að gerðar verði mismunandi eiginfjárkröfur til verðbréfafyrirtækja með hliðsjón af ólíkum starfsheimildum þeirra. Lagt er til að Fjármálaeftirlitið veiti kauphöll leyfi til að reka markaðstorg fjármálagerninga. Þá er gert ráð fyrir að stofnunin hafi eftirlit með tilteknum þáttum varðandi starfrækslu erlendra útibúa á sviði verðbréfaviðskipta og hafi heimildir til að grípa til tiltekinna úrræða vegna þess eftirlits. Jafnframt eru lögð til fyllri ákvæði hvað varðar hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra og tilkynningarskyldu fjármálafyrirtækja um breytingar á skipan slíkra aðila.

Fram kom við meðferð frumvarpanna í nefndinni að hagsmunaaðilar leggja þunga áherslu á að frumvörpin verði að lögum sem fyrst. Nefndin tekur undir það sjónarmið. Það auðveldaði mjög umfjöllun nefndarinnar að víðtækt samráð hafði verið haft af hálfu ráðuneytisins við hagsmunaaðila við samningu frumvarpanna og ber að fagna slíku verklagi.

Um það var rætt í nefndinni hvort heimila ætti félögum sem eru þegar skráð í kauphöll utan Evrópska efnahagssvæðisins að skrá hluti sína einnig í íslenskri kauphöll án þess að falla undir tvöfalt regluverk. Fyrir liggur að viðskiptaráðuneytið mun í samráði við hagsmunaaðila kanna frekar svigrúm til þess.

Samkvæmt gildandi lögum um verðbréfaviðskipti gildir svokölluð heimaríkisregla. Í henni felst að Fjármálaeftirlitið fer með eftirlit með fyrirtækjum sem eru með skráða skrifstofu hér á landi og einnig með starfsemi þeirra erlendis, þ.e. þegar íslenskt fyrirtæki hefur stofnað útibú erlendis. Nefndin tekur undir það sem kemur fram í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þar sem fram kemur að áhersla verði lögð á að efla Fjármálaeftirlitið til þess að íslenski fjármálamarkaðurinn njóti fyllsta trausts.

Ljóst er að búast má við að hluti regluverks á þessu sviði verði tekinn upp í íslenskan rétt með stjórnvaldsfyrirmælum. Nefndin leggur áherslu á mikilvægi þess fyrir samkeppnisstöðu íslenskra fjármálafyrirtækja að starfsskilyrði séu sambærileg hér á landi og í helstu samkeppnislöndum. Nefndin telur því mikilvægt að þegar unnið verði að setningu stjórnvaldsfyrirmæla á grundvelli laganna verði horft til þeirra leiða sem farnar verða í nálægum ríkjum. Með tilliti til þeirra fyrirtækja sem starfa í alþjóðlegu umhverfi er almennt æskilegt að löggjöf á þessu sviði sé hagað með sama hætti hér á landi og í nágrannalöndunum.

Nefndin leggur til nokkrar breytingar á frumvörpunum. Flestar þeirra lúta að orðalagi eða tæknilegum atriðum eða eru til nánari skýringar. Við frumvarp um verðbréfaviðskipti er gerð sú breytingartillaga að tekið verði fram að framkvæmdastjóri lögaðila sem er einkaumboðsmaður skuli hafa staðist próf í verðbréfaviðskiptum enda geta einkaumboðsmenn bæði verið einstaklingar og lögaðilar. Þá eru lögð til tvö ný ákvæði til bráðabirgða til að undanskilja tiltekna aðila tilboðsskyldu skv. 100. gr. frumvarpsins samkvæmt nánar tilgreindum skilyrðum. Lagt er til að við frumvarp til laga um kauphöll verði bætt nokkrum ákvæðum úr frumvarpi til laga um fjármálafyrirtæki sem talin eru passa betur inn í fyrrgreinda frumvarpið.

Nefndin leggur til að frumvörpin verði samþykkt með framangreindum breytingum sem gerðar eru tillögur um í þingskjölum 29, 30 og 31.

Undir þetta nefndarálit skrifa Ágúst Ólafur Ágústsson,

Guðfinna S. Bjarnadóttir, Birgir Ármannsson, Árni Páll Árnason, Birkir J. Jónsson, Jón Gunnarsson, Höskuldur Þórhallsson og síðan Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir með fyrirvara.

[21:34]

Guðfinna S. Bjarnadóttir (S):

Frú forseti. Undanfarinn áratug hafa gríðarlegar breytingar átt sér stað á íslenskum fjármálamarkaði, breytingar sem hafa m.a. leitt til þess að um þriðjung hagvaxtar undanfarinna ára má rekja til eflingar fjármálafyrirtækjanna.

Starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja hefur ekki einungis vaxið hér heima, heldur einnig erlendis og þess má geta að á síðasta ári kom ríflega helmingur tekna þeirra erlendis frá. Útrás íslenskra fjármálafyrirtækja og starfsemi þeirra hefur styrkt hagkerfi okkar, atvinnulíf og samfélag. Væntingar eru um að íslensk fjármálafyrirtæki haldi áfram á sömu braut.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er fjallað um aukið vægi alþjóðlegrar þjónustustarfsemi í umbreytingu íslensks atvinnulífs á undanförnum árum og sérstaklega er getið um fjármálaþjónustu í því samhengi. Í stefnuyfirlýsingunni segir enn fremur orðrétt, með leyfi forseta: „Ríkisstjórnin stefnir að því að tryggja að slík starfsemi geti áfram vaxið hér á landi og sótt inn á ný svið í samkeppni við önnur markaðssvæði og að útrásarfyrirtæki sjái sér áfram hag í að hafa höfuðstöðvar á Íslandi. Áhersla verður lögð á að efla Fjármálaeftirlitið til þess að íslenski fjármálamarkaðurinn njóti fyllsta trausts."

Starfsemi verðbréfamarkaða, kauphalla og fjármálafyrirtækja er í eðli sínu alþjóðleg. Því má telja eðlilegt að á undanförnum árum hefur verið unnið að samræmingu laga og reglna um slíka starfsemi á EES-svæðinu, m.a. með MiFID-tilskipuninni (e. Markets in Financial Instruments Directive) sem ætlað er að tryggja skilvirkni evrópsks fjármálamarkaðar og auka tiltrú fjárfesta á markaðnum. Eins og komið hefur fram er MiFID-tilskipunin hluti af sérstakri aðgerðaáætlun Evrópusambandsins á sviði fjármálamarkaðar sem miðar að því að skapa skilvirkan sameiginlegan og samræmdan innri markað með fjármálaþjónustu. Ætlunin er að ýta undir samkeppni meðal fjármálafyrirtækja sem mun leiða þá til aukinnar skilvirkni í starfsemi þeirra. MiFID-tilskipunin mun fjarlægja hindranir á veitingu fjármálaþjónustu milli aðildarríkja og jafna þar með samkeppnisstöðu fjármálamarkaða. Öflug ákvæði um neytendavernd einkenna tilskipunina, m.a. ákvæði um bestu framkvæmd, upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja, fjárfestingarráðgjöf og skilvirkt eftirlit.

Með frumvörpunum um verðbréfaviðskipti, kauphallir og um breytingar á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl. sem nú eru til umfjöllunar eru lögð til ný heildarlög um verðbréfaviðskipti og ný heildarlög um kauphallir. Jafnframt er lögð til breyting á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki. Með þessu er ætlunin, eins og áður hefur komið fram, að innleiða í íslenskan rétt tvær tilskipanir Evrópubandalagsins, annars vegar MiFID-tilskipunina og hins vegar svokallaða gagnsæistilskipun sem ég mun greina nánar frá síðar. MiFID-tilskipunin var birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins þann 30. apríl 2004 og kemur í stað ISD-tilskipunarinnar frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta. Þann 29. apríl 2005 var MiFID-tilskipunin tekin upp í EES-samninginn. Hér á landi hefur viðskiptaráðuneytið unnið um nokkurt skeið að undirbúningi innleiðingar á tilskipuninni. Hæstvirtur þáverandi viðskiptaráðherra fól kauphallarnefnd að hafa umsjón með vinnu við MiFID-innleiðinguna hér á landi og skipaði sérstakan vinnuhóp þann 6. október 2004 til að vera nefndinni til aðstoðar. Sömuleiðis skipaði ráðherra vinnuhóp um innleiðingu gagnsæistilskipunar sem fjallar m.a. um samræmingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa. Sá vinnuhópur var settur á laggirnar 23. maí 2006.

Þegar frumvörpin hafa verið innleidd geta fjármálafyrirtæki með einfaldari hætti en áður veitt þjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu á grundvelli eftirlits í heimalandi. Þessu breytta fyrirkomulagi hefur verið líkt við það að þurfa einungis eitt vegabréf (e. single passport) í fjármálaviðskiptum innan EES-svæðisins og vísar samlíkingin til þeirrar einföldunar sem samræmd löggjöf hefur í för með sér. Með innleiðingu tilskipananna skapast það réttaröryggi sem milliríkjaviðskipti þurfa að byggja á. Ljóst er að innleiðing tilskipananna mun breyta starfsemi evrópskra fjármálafyrirtækja töluvert og því þarf að gera ráð fyrir aðlögunartíma. Upphaflega var gert ráð fyrir að báðar tilskipanirnar yrðu lögfestar í janúar 2007. Þannig gæfist tækifæri og svigrúm til undirbúnings í þeim fyrirtækjum og stofnunum sem löggjöfin nær til. Þetta þótti mikilvægt þar sem umræddar tilskipanir á að innleiða á gjörvöllu EES-svæðinu þann 1. nóvember nk.

Frú forseti. Gert er ráð fyrir í frumvörpunum að innleiða tilskipanirnar hér á landi á tilsettum tíma þann 1. nóvember, eftir um fjóra og hálfan mánuð. Mikilvægt er fyrir hagsmuni okkar allra að íslenskt fjármálakerfi og fjármálamenning njóti trausts alþjóðlega. Það væri ekki traustvekjandi fyrir íslensk fjármálafyrirtæki ef lögin væru samþykkt á síðustu stundu, enn síður væri það traustvekjandi að fresta innleiðingu tilskipananna. Ég met stöðuna þannig að fjármálafyrirtækin gætu orðið fyrir álitshnekki ef tilskipanirnar verða ekki innleiddar hér á tilsettum tíma.

Innleiðing tilskipananna er grundvallarskilyrði fyrir áframhaldandi framrás íslenskra fjármálafyrirtækja. Í frumvörpunum er leitast við að styrkja og efla möguleika fjármálafyrirtækjanna til þess að halda áfram á alþjóðavegferðinni sem einkennt hefur starfsemi þeirra á undanförnum missirum. Andi frumvarpanna er sá að hafa sem mest samræmi við tilskipanirnar og það sem almennt gerist í nágrannaríkjum okkar og draga sem mest úr sérískenskum ákvæðum. Við vinnslu frumvarpanna var haft gott samstarf við stjórnvöld á hinum Norðurlöndunum sem hafa ýmist þegar samþykkt eða eru í þann mund að samþykkja löggjöf um innleiðingu MiFID.

Í viðskiptanefnd hafa frumvörpin til laga um verðbréfaviðskipti, kauphallir og um breytingar á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl. verið til umfjöllunar. Nefndin hefur skilað áliti og mælt með afgreiðslu frumvarpanna á yfirstandandi sumarþingi. Frumvörpin fengu jákvæða umsögn allra þeirra hagsmunaaðila sem sóttu fundi nefndarinnar. Ekki kom fram efnislegur ágreiningur í máli þeirra og ekki

heldur í þeim skriflegu umsögnum um frumvörpin sem nefndinni bárust. Frumvörpin eru viðamikil og fela í sér umtalsverðar breytingar og því er ljóst að löggjöfin mun þróast á næstu árum, bæði hér á landi og í nágrannalöndunum eftir því sem reynsla fæst á innleiðingu laganna. Í þessu samhengi er einnig vert að benda á að hér er um 1. stigs tilskipanir að ræða og því er von á reglum frá Evrópusambandinu í kjölfarið. Nánari útfærslur kalla á náið samstarf hagsmunaaðila til að tryggja að samkeppnishæfni íslenskra fjármálafyrirtækja sé ávallt til fyrirmyndar.

Eins og fram kemur í nefndaráliti er lögð áhersla á mikilvægi þess fyrir samkeppnisstöðu íslenskra fjármálafyrirtækja að starfsskilyrði þeirra séu sambærileg hér á landi og í helstu samkeppnislöndum. Þar kemur einnig fram, með leyfi forseta:

„Nefndin telur því mikilvægt að þegar unnið verði að setningu stjórnvaldsfyrirmæla á grundvelli laganna verði horft til þeirra leiða sem farnar verða í nálægum ríkjum. Með tilliti til þeirra fyrirtækja sem starfa í alþjóðlegu umhverfi er almennt æskilegt að löggjöf á þessu sviði sé hagað með sama hætti hér á landi og í nágrannalöndunum.“

Þessum nýju lögum er ætlað að auka samkeppni fjármálafyrirtækja á Evrópska efnahagssvæðinu með því að auðvelda viðskipti milli landa. Þessi aukna samkeppni mun án efa bæði bæta þá þjónustu sem viðskiptavinum stendur til boða og einnig lækka kostnað. Með frumvörpum þessum eru lagðar ríkari kröfur á fjármálafyrirtækin til að gæta að hagsmunum viðskiptavina sinna og veita þeim meiri upplýsingar en áður. Þannig er með frumvörpunum verið að auka neytendavernd. Þá er í frumvörpunum gert ráð fyrir að skotið verði traustari stoðum undir starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Því ber að fagna og það er í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar.

Ég vil í lokin lýsa ánægju með vinnubrögðin sem viðhöfð voru í ráðuneytinu við undirbúning frumvarpanna. Svokölluð kauphallarnefnd með víðtæku samráði hagsmunaaðila hóf undirbúning að innleiðingu MiFID-tilskipunarinnar þegar haustið 2004 eins og fram hefur komið. Vinnuhópur ráðuneytisins var nefndinni til aðstoðar frá sama tíma. Því kemur ekki á óvart að þessir sömu hagsmunaaðilar eru sáttir við frumvarpið og mæla samhljóða með því að lögfesta það. Töf á afgreiðslu frumvarpanna er talin geta hindrað starfsemi íslenskra fjármálafyrirtækja á EES-svæðinu og því eru hagsmunir miklir.

Frú forseti. Frumvörpin eru í anda stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, þau eru studd af öllum hagsmunaaðilum og hafa fengið jákvæða umfjöllun. Niðurstaða viðskiptanefndar er í samræmi við þetta. Ég styð því eindregið að frumvörpin verði að lögum.

[21:45]

Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir (Vg):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir greinargóðar útskýringar hv. þm. og formanns viðskiptanefndar, Ágústs Ólafs Ágústssonar. Hér er rætt um frumvörp til laga um verðbréfaviðskipti, kauphallir og fjármálafyrirtæki. Við vinstri græn erum sammála nefndarálitinu en höfum fyrirvara varðandi þáttinn um heimaríkisregluna. Í henni felst að Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með fyrirtækjum, lögum og reglum um verðbréfaviðskipti þess lands sem fyrirtækið er frá, sem er með útibú hér á landi eða útibú héðan erlendis.

Fjármálaeftirlitið fer með eftirlit með fyrirtækjum sem eru með skráða skrifstofu hér á landi og einnig með starfsemi þeirra erlendis. Í þessu frumvarpi á heimaríkisreglan reyndar eingöngu við um verðbréfaviðskipti og að mati þeirra hagsmunaaðila sem umsagnir hafa gefið um málið er óþarft að hafa af því áhyggjur.

Virðulegi forseti. Þróun gæti verið umhugsunarverð í kjölfar þessa, t.d. þjónustutilskipunin sem reynt var að koma á og hefur verið í undirbúningi innan Evrópusambandsins og átti að reyna að knýja í gegn á sínum tíma, en með henni átti ekki einungis að heimila eftirlitsskyldu heldur innleiða allar reglur og þar með talið reglur er snúa að launakjörum og starfsréttindum launþega. Þetta getur m.a. grafið undan vinnurétti og ber því, virðulegi forseti, að hafa rækilega í huga og vera vakandi yfir áframhaldandi þróun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 21:49.

---

9. FUNDUR

miðvikudaginn 13. júní,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 14. mál, þskj. 35. — Ein umr. *Ef leyft verður.*
2. Almannatryggingar og málefni aldraða, stjfrv., 11. mál, þskj. 11, nál. 22 og 32, brtt. 23 og 33. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Aðgerðaáætlun til að styrkja stöðu barna og ungmenna, stjtill., 12. mál, þskj. 16, nál. 27. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
4. Stjórnarráð Íslands, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 24 og 26, brtt. 25. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 7. mál, þskj. 7, nál. 28, brtt. 29. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Kauphallir, stjfrv., 8. mál, þskj. 8, nál. 28, brtt. 30. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Fjármálafyrirtæki o.fl., stjfrv., 9. mál, þskj. 9, nál. 28, brtt. 31. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Þátttaka Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu, stjfrv., 2. mál, þskj. 2. — 3. umr.
9. Viðaukasamningur um álbræðslu við Straumsvík, stjfrv., 13. mál, þskj. 17, nál. 34 og 36. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:
Björn Bjarnason dómsmrh., 6. þm. Reykv. s.,
Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanrrh., 2. þm. Reykv. s.,
Katrín Jakobsdóttir, 4. þm. Reykv. n.,
Þorgerður K. Gunnarsdóttir menntmrh., 1. þm. Suðvest.,
Össur Skarphéðinsson iðnrh., 2. þm. Reykv. n.

Athugasemdir um störf þingsins.

Vatnalög – hækkun launa seðlabankastjóra.

[10:33]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Setning nýrra vatnalaga, heildarlaga, í stað þeirra sem gilt hafa frá 1923 var eitt allra umdeildasta mál á 132. löggjafarþingi, næstsíðasta þingi. Þáverandi stjórnarandstaða sameinaðist í andstöðu við það mál og lagði til að því yrði vísað frá. Meginrök stjórnarandstöðunnar voru þau að með frumvarpinu væri hróflað með óábyrgum og óvarlegum hætti við farsælli niðurstöðu Alþingis um nýtingarrétt á vatni frá 1923 og að einkaeignarrétti væri gert of hátt undir höfði. Við lokameðferð málsins eftir harðar deilur náðist sú málamiðlun að fresta gildistöku nýrra vatnalaga fram yfir kosningar á þessu vori og þar til nýtt þing hefði haft aðstöðu til að taka afstöðu til málsins. Gildistakan er því miðuð við 1. nóvember nk.

Við þingmenn Vinstri grænna höfum flutt frumvarp um brottfall þessara umdeildu vatnalaga, laga nr. 20/2006, sem liggur fyrir þessu þingi en nú lítur því miður ekki út fyrir að tími vinnist til að taka það mál á dagskrá, hvað þá að það fái efnislega afgreiðslu. Í því ljósi er óumflýjanlegt að spyrja forustumenn ríkisstjórnarinnar og ég beini spurningum þá til hæstv. forsætisráðherra: Um hvað hafa stjórnarflokkarnir samið í þessum efnum? Gildir afstaða Samfylkingarinnar um að fella lögin úr gildi eða eitthvað annað og er þess að vænta að frumvarp verði flutt og þá ekki seinna en í upphafi næsta þings þannig að koma megi í veg fyrir að lögin taki gildi 1. nóvember nk. sem þau munu annars gera að óbreyttu?

Ég held að það sé á sínum stað að hæstv. forsætisráðherra upplýsi Alþingi um þetta. Að sjálfsögðu getum við endurflutt mál af þessu tagi við upphaf næsta þings en það er alveg ljóst að það er ekki mikill tími til stefnu ef menn ætla að fella úr gildi eða endurskoða sérstaklega með einhverjum hætti þau lög.

[10:35]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Um þetta mál hefur ekkert verið sérstaklega samið milli stjórnarflokkanna. Vatnalögin taka gildi 1. nóvember nk. nema aðrar ráðstafanir verði gerðar eins og blasir við. Núverandi stjórnarflokkar höfðu mismunandi afstöðu til þessa máls. Málaflokkurinn er á forræði núverandi iðnaðarráðherra. Ég geri ráð fyrir að hann muni fara yfir málið og meta hvort ástæða sé til að leggja fram einhverjar tillögur um breytingar á þeim lögum sem Alþingi samþykkti. Í millitíðinni munu stjórnarflokkarnir fara nánar yfir hvort ástæða sé til breytinga.

Þannig stendur þetta mál en um það er ekki fjallað með neinum hætti í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þannig að að óbreyttu taka þessi lög gildi, eins og þingmaðurinn sagði, 1. nóvember nk. en stjórnarflokkarnir munu vafalaust ráða ráðum sínum um þetta mál fyrir þann tíma.

[10:36]

Helgi Hjörvar (Sf):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir að inna eftir þessu málefni sem svo mjög brann á þinginu á síðasta kjörtímabili, enda lög nr. 15/1923 einhver þau gagnmerkustu sem sett hafa verið í þessari stofnun frá upphafi og er þá langt til jafnað.

Það er út af fyrir sig óþarfi að bæta nokkru við það sem fram kom hjá hæstv. forsætisráðherra. Það er viðbúið að iðnaðarráðherra fari yfir málið eins og fram kom hjá forsætisráðherra. Það hefur ekki verið samið um það í þessum stjórnarsáttmála með neinum hætti en er til umfjöllunar auðvitað eins og önnur mál, auk þess sem fyrir liggur að á kjörtímabilinu mun ríkisstjórnin þurfa að beita sér fyrir innleiðingu á vatnatilskipun Evrópusambandsins sem var eitt af stóru atriðunum sem við í stjórnarandstöðunni lögðum ríka áherslu á í málflutningum á síðasta kjörtímabili að mikilvægt væri að ná í höfn, einmitt til að tryggja almannahagsmuni og almannarétt í þessu málefni.

Það er auðvitað þannig að yfirlýsingar fyrri stjórnarandstöðu um að afturkalla lögin fengi hún til þess þingmeirihluta í kosningum eiga ekki við lengur því að eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon veit fékk fyrrverandi stjórnarandstaða ekki þingmeirihluta í síðustu kosningum til að fylgja þeim yfirlýsingum eftir og þess vegna er sú staða uppi núna að við höfum aðra ríkisstjórn og nokkuð breytta stjórnarandstöðu.

[10:38]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Herra forseti. Það er athyglisvert að Samfylkingin setti ekki vatnalögin á oddinn í samningaviðræðum fyrir myndun þessarar ríkisstjórnar og því er enn óvissa um afdrif þeirra. Eins mikilvægt og það er að þetta komi fram er líka mjög mikilvægt að halda áfram þeirri umræðu sem hófst hér í gær um laun seðlabankastjóra og hækkun þeirra. Tvískinnungur samfylkingarmanna í þeim efnum gekk gjörsamlega fram af mér og væntanlega fleirum. Hingað komu tveir hv. þingmenn Samfylkingarinnar í gær og fordæmdu í rauninni þá ákvörðun sem tekin var með fullu samþykki fulltrúa Samfylkingarinnar í bankaráði Seðlabankans um að hækka laun bankastjóra þar um 200 þús. kr. á mánuði í tveimur áföngum á árinu. Þetta kölluðu samfylkingarmenn í þinginu óhæfuverk sinna manna í bankastjórn Seðlabankans.

Það er nauðsynlegt, herra forseti, að það komi skýrt fram hér að um þessa hækkun launa til seðlabankastjóra var mikill ágreiningur í bankaráði Seðlabankans. Fulltrúi Vinstri grænna í bankaráðinu, Ragnar Arnalds, greiddi einn atkvæði gegn þessari hækkun. Þessi hækkun er pólitísk ákvörðun fyrst og fremst og hún verður ekki skrifuð á ábyrgð annarra en Samfylkingarinnar í bankaráði Seðlabankans ásamt með fulltrúum hinna flokkanna, Framsókn-

ar- og Sjálfstæðisflokks. Einnig þá á ábyrgð Samfylkingarinnar í ríkisstjórn því þetta dregur athygli að því, herra forseti, að kjarasamningar eru á næsta leiti og á sama tíma og menn býsnast yfir þessum launahækkunum segja þeir að þær megi ekki ganga út til annarra. Ég spyr: Hvar eru áformin um hækkun launa hjá umönnunarstéttum? Eða veit hægri höndin ekki hvað sú vinstri gjörir (Forseti hringir.) á stjórnarheimilinu?

[10:40]

Valgerður Sverrisdóttir (F):

Hæstv. forseti. Ég get ekki staðist freistinguna að tala aðeins um vatnalögin hérna fyrst það gefst tækifæri til. Ég á miklar minningar úr þessum ræðustóli frá síðasta kjörtímabili um þennan merkilega lagabálk frá 1923 sem breytt var. Sannleikurinn er sá að breytingin var eingöngu formlegs eðlis en ekki efnislegs. Þetta sagði ég ábyggilega 100 sinnum í umræðunni en stjórnarandstaðan sem þá var gat alls ekki verið sammála mér um það. Það er bara eins og lífið er.

En auðvitað vissi ég að engin ríkisstjórn færi að breyta þessu aftur í gamla farið og það mun þessi ríkisstjórn ekki gera, það er ég 100% viss um. Þarna var bara verið að nútímavæða gömul lög með eins og ég segi formbreytingu en ekki efnisbreytingu. Nú geta hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar sagt að yfirlýsingarnar eigi ekki við lengur, allar stóru yfirlýsingarnar sem komu á síðasta kjörtímabili í þessu máli og svo mörgum öðrum. Allt átti að gera og öllu átti að breyta en nú á þetta bara ekki við lengur. Þetta er svona einfalt.

Ég skal segja það, hæstv. forseti, að lokum að ég get ekki annað en skemmt mér svolítið yfir þessu og auðvitað veit ég að það kemur engin breyting á þessum lögum fram hjá nýju ríkisstjórninni.

[10:42]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Virðulegur forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Álfheiði Ingadóttur að það var undarlegt að hlýða á þingmenn Samfylkingarinnar í gær hneykslast á launahækkun til seðlabankastjóra sem bankaráð Seðlabankans ákveður og ber ábyrgð á, en að þeirri ákvörðun stóðu tveir fulltrúar Samfylkingarinnar í bankaráði Seðlabankans. Það er svo sem þeirra mál í Samfylkingunni hvernig þeir greiða úr þessu en athyglisvert var þetta engu að síður.

Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir skýr svör hvað varðar vatnalögin. Þau eru alveg skýr. Það var ekkert um þetta samið milli stjórnarflokkanna og vatnalögin taka gildi að óbreyttu 1. nóvember nk. nema annað verði ákveðið. Þá liggur það fyrir. Þá er hér á ferðinni enn eitt málið þar sem Samfylkingin virðist engu hafa náð fram í samræmi við áherslur sínar á fyrra kjörtímabili og það í einu af heitasta og harðasta deilumáli þess kjörtímabils sem, ef ég man rétt, var rætt lengur en öll önnur mál til samans nema ef vera skyldi Ríkisútvarpið. Kannski hefur Samfylkingin alls ekki reynt að ná neinu fram. Það vitum við ekki um og það er skaði að hafa ekki hér hæstv. iðnaðarráðherra Össur Skarphéðinsson því nógu var sú kempa vígreif í umræðum um vatnafrumvarpið á sínum tíma.

En þetta er sem sagt niðurstaðan, að því er virðist óbreytt stjórnarstefna með öllu þangað til annað kemur þá í ljós. Þetta er eins og með Írak, óbreytt stjórnarstefna nema eitthvað annað og óvænt komi í ljós á næstunni sem fátt bendir reyndar til. Það er athyglisvert að menn ákveða fyrst að mynda ríkisstjórn og síðan á eftir að fara að ræða um málin, þar á meðal deilumálin. Það er öfugt við það sem er t.d. að gerast á Írlandi núna þar sem flokkur græningja er að gerast aðili að ríkisstjórn eftir 14 daga harðar samningaviðræður um málefni, og umhverfismál ekki síst.

[10:44]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Hér heyrum við greint frá enn einu málinu sem er ófrágengið í ríkisstjórnarsamstarfinu. Það skýrist enn frekar með hverjum deginum að við búum við ríkisstjórn hins ófullgerða stjórnarsáttmála. Stjórnarflokkarnir eru ósammála um hækkun á launum seðlabankastjóra og eiga eftir að semja um niðurstöðu í því máli. Þeir eru ósammála um vatnalögin og eiga eftir að semja um niðurstöðu í því máli. Þeir eru ósammála um hvalveiðar í atvinnuskyni og eiga eftir að semja um niðurstöðu í því máli. Þeir eru ósammála um hversu langt eigi að ganga í friðun Þjórsárvera og eiga eftir að semja um niðurstöðu í því máli. Og þeir eru ósammála um niðurstöðu í starfsemi Íbúðalánasjóðs og eiga eftir að semja um niðurstöðu í því máli.

Svo er eitt mál enn sem er að vísu ekki komið fram sem ágreiningsmál á milli flokkanna en var það og er það vonandi enn og það er Ríkisútvarpið ohf. sem stjórnarandstaðan þáverandi sameinaðist um að lýsa yfir að hún mundi afnema lög um og breyta Ríkisútvarpinu til hins fyrra horfs ef hún hefði til þess þingstyrk að afloknum kosningum. Nú er Samfylkingin komin í ríkisstjórn. Hún stendur með yfirlýsingu sína um Ríkisútvarpið á herðunum og þarf að leysa úr því hvernig unnið verði að því að ná fram efnisatriðum þeirrar yfirlýsingar og ég vænti þess að Samfylkingin standi við hana og beiti sér fyrir því að afnema þessi lög um opinbert hlutafélag Ríkisútvarpsins þannig að ég vil leyfa mér að bæta því við sem sjötta málinu í hinum ófullgerða stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar.

[10:46]

Guðni Ágústsson (F):

Hæstv. forseti. Eftir því sem fleiri dagar þessa þings líða verð ég meira og meira undrandi. Ég vorkenni hinum meinlausa og hrekklausa hæstv. forsætisráðherra Geir H. Haarde, hversu grandalaus hann er þegar hann gengur til þessa samstarfs og kemur hér upp og hefur samið um nánast ekki nokkurn hlut enn þá við samstarfsflokkinn. Veit hæstv. forsætisráðherra ekki að Samfylkingin er samfylking fólks úr svo gjörsamlega ólíkum áttum? Það hefur sýnt sig í þinghaldinu að þau koma í dag til að rífast við ráðherra samstarfsflokksins um þetta mál, um annað mál á morgun þannig að þetta er óvarleg ferð, hæstv. forsætisráðherra, sem mér sýnist að ríkisstjórnin sé í. Ég held að það væri mikilvægt fyrir hæstv. forsætisráðherra að fara sem fyrst aftur með hæstv. utanríkisráðherra á Þingvöll til að rifja upp þá sælu daga í þinginu þar sem kemur í ljós að ekki hefur verið samið um neitt.

Samfylkingarþingmennirnir eru hver og einn með hina og þessa handsprengjuna í vösum sem þeir henda hiklaust á ráðherra Sjálfstæðisflokksins. Ég hef samúð með hæstv. forsætisráðherra við þessar aðstæður og ég sé auðvitað hér í þingsalnum að undir öllum þessum skelfingarræðum samfylkingarmannanna rísa hárin á höfðum margra sjálfstæðismanna sem hafa hár til þess að bera. Þetta er margslungið mál og það verður vissulega gaman þegar 1. nóvember rennur upp. Þá munum við flytja allar sýndarmennskuræðurnar sem samfylkingarmennirnir fluttu í vatnalögunum. Það er einhver merkilegasta umræða sem ég hef heyrt í þinginu, stóð vikum saman eins og (Forseti hringir.) að það væri verið að vinna vont verk. Ég bið hæstv. forsætisráðherra að gá að sér.

[10:49]

Lúðvík Bergvinsson (Sf):

Virðulegi forseti. Það hefur verið ánægjulegt að hlýða á umræðurnar í morgun og þær útskýringar sem fram hafa komið hjá stjórnarandstöðunni um samstarf ríkisstjórnarflokkanna. Ég velti fyrir mér í þessari umræðu hvort einhver misskilningur kunni að vera á ferðinni, þ.e. að ríkisstjórnarsamstarf feli í sér að flokkar sameinist, að þeir verði einn, þetta verði einn og sami flokkurinn eins og kannski hefur verið undanfarin 12 ár. Ég held að menn gleymi því í þessari umræðu að hér er um tvo flokka að ræða sem hafa sameinast um verkefni. Það er einnig þannig að stjórnarsáttmálinn er ekki tæmandi hvað lýtur að öllum verkefnum sem upp kunna að koma á þessu kjörtímabili. Það er rétt að halda því til haga en þessir flokkar hafa ekki sameinast og þeir hafa áfram sína sterku skírskotun. Þannig verður það. Hins vegar eru þeir einhuga um þau verkefni sem þeir ætla að vinna.

Mig langaði aðeins að nefna hér, vegna þess að það gladdi mig alveg sérstaklega, að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir er glöð í dag. Hún lýsti því yfir að í umræðu um vatnalögin hefði hún ekki verið sérlega kát og jafnvel talað um að yfirlýsingar um form og efni hefðu aldrei komist inn fyrir skel hv. þingmanna stjórnarandstöðunnar á þeim tíma. Mig langaði aðeins að nefna að það er athyglisvert að nú er verið að vinna að doktorsverkefni um nákvæmlega þetta mál og það væri mjög fróðlegt innlegg fyrir þann sem er að vinna það verkefni að heyra umræðu hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur um þetta mál því að það voru a.m.k. andstæð sjónarmið þeim sem hafa komið fram hjá okkar helstu spekingum.

[10:51]

Fjármálaráðherra (Árni M. Mathiesen) (S):

Herra forseti. Það eru ekki allt stór mál sem stjórnarandstaðan hefur mestar áhyggjur af þessa dagana, hvort við notum gamlan eða nýjan texta í vatnalögunum, hvort það eru stafir fyrir aftan Ríkisútvarpið eða ekki. Það eru hins vegar tvö mál sem hafa verið nefnd í þessari umræðu sem eru stór og annað er Íbúðalánasjóður. Að því máli hefur verið unnið í þó nokkurn tíma til að leysa úr því, m.a. vegna kæru bankanna til ESA. Það var bara ekki komið að lokum þeirrar vinnu þegar komið var að kosningum og ég hef komið að þeirri vinnu með þremur félagsmálaráðherrum úr Framsóknarflokknum. Þeirri vinnu verður haldið áfram og á endanum mun komast góð og ásættanleg niðurstaða í það mál.

Hitt málið sem var nefnt eru hvalveiðarnar. Ég var dálítið hissa á því hvernig hv. þingmenn tóku þær inn í þessa umræðu eins og þær væru eitthvað sem hefði átt að semja um á milli ríkisstjórnarflokkanna. Ég held að hv. þingmenn séu búnir að gleyma á hvaða forsendum hefur verið unnið í hvalveiðimálum á undanförnum árum. Það er unnið á forsendum þingsályktunar frá Alþingi frá 1999. Hún var þingmannamál og það voru svo margir þingmenn á þeirri tillögu að ég man eiginlega ekki hvað þeir voru margir. Þeir muna það sem eru í salnum og voru á tillögunni, en ég man að 1. flutningsmaður var núverandi hæstv. sjávarútvegsráðherra. Ég var einn af flutningsmönnum tillögunnar og það voru flutningsmenn úr öllum flokkum á þessari tillögu. Á grundvelli hennar hefur verið unnið og ég held að hv. þingmenn ættu að muna það að forsendurnar (Forseti hringir.) voru lagðar hér af hv. þingmönnum.

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:53]

Of skammt var liðið frá útbýtingu 1. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 48 shlj. atkv.

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 14. mál. — Þskj. 35.

[10:54]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þingsályktunar um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 12. júní 2007 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka."

Tillagan skýrir sig sjálf.

[10:54]

Kristinn H. Gunnarsson (Fl):

Virðulegi forseti. Eins og menn vita er ástæðan fyrir því að flutt er þingsályktunartillaga og Alþingi samþykkir frestun sú að það er talið nauðsynlegt til að ríkisstjórnin hafi ótvíræða heimild til að gefa út bráðabirgðalög. Í ljósi þeirrar umræðu sem fór fram fyrr á fundinum og dró fram hversu mörg mál eru ófrágengin í samningum stjórnarflokkanna vil ég kanna hjá hæstv. forsætisráðherra hvort til standi af hálfu ríkisstjórnarinnar, þegar niðurstaða verður fengin í sum af þessum ágreiningsefnum, eins og t.d. um Íbúðalánasjóð, að framfylgja þeirri niðurstöðu með setningu bráðabirgðalaga.

Ég er ekkert að segja, virðulegi forseti, eða halda því fram að það standi til en mér þykir ástæða til að kalla eftir svörum ráðherra við þessu til að taka af allan vafa í þeim efnum því að ég teldi afar óheppilegt ef ríkisstjórnin ætlaði

sér að lögfesta slíka niðurstöðu með þeim hætti.

[10:55]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Virðulegi forseti. Það er væntanlega öllum þingmönnum kunnugt að ríkisstjórnin er bráðabirgðalöggjafi þegar Alþingi er ekki að störfum og getur gefið út bráðabirgðalög þegar brýna nauðsyn ber til. Engin ríkisstjórn getur gefið frá sér það vald sem henni er falið að þessu leyti til í stjórnarskránni og hefur ekki leyfi til þess að afsala sér slíkum heimildum sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir. Þetta er auðvitað svarið við spurningu hv. þingmanns.

Hitt er annað mál að ég get upplýst að það hefur ekki borið á góma að beita þessu valdi með neinum þeim hætti sem hv. þingmaður gaf í skyn.

[10:56]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Ég vil ekki ætla hæstv. forsætisráðherra það fyrir fram að hafa áform um bráðabirgðalagasetningu. Ef ég man rétt hefur hæstv. ráðherra verið í hópi þeirra sem hafa heldur en hitt talað fyrir því að þrengja ef ekki afnema bráðabirgðalagaréttinn. Það er annað sem er kannski ástæða til að spyrja um úr því að umræður eru hafnar um þingfrestunartillögu á annað borð og það er hvort hæstv. ríkisstjórn hafi eitthvað hugleitt þann möguleika að breyta starfstilhögun Alþingis þannig að kveðja þing saman fyrr en 1. október nk. Það vill svo til að í ríkisstjórn er núna flokkur sem heitir Samfylkingin og hefur eins lengi og ég man flutt á þingi tillögur um að æskilegt væri t.d. að Alþingi kæmi saman fyrr að haustinu, gott ef fyrrverandi hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir var ekki aðalhvatamaður að þessum tillöguflutningi innan Samfylkingarinnar.

Að mörgu leyti er ekki óskynsamleg hugmynd að Alþingi komi saman eitthvað fyrr að haustinu til að hafa meiri tíma varðandi fjárlagaundirbúning og afgreiðslu og annað í þeim dúr og þyrfti ekki endilega að kalla á að fjárlagafrumvarp lægi fyrir fyrr en á svipuðum tíma og verið hefur, þ.e. 1. október, en væntanlega gæti þingið nýtt tímann fram að því til að koma ýmsum málum af stað hér. Vegna þess skipulags sem enn er á um þingstörfin, að mál þarf að endurflytja í upphafi hvers þings hafi þau ekki náð fullnaðarafgreiðslu á því sem á undan er gengið, hefur þessi hugmynd oft komið upp. Það væri kannski ekki galið að gera þá slíka breytingu í upphafi kjörtímabils ef menn eru að velta henni fyrir sér á annað borð. Þess vegna held ég að ef þetta kæmi til greina væri ágætt að það lægi fyrir nú áður en Alþingi lýkur störfum í vor.

[10:58]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

Herra forseti. Núverandi löggjafarþing sem er hið 134. í röðinni situr að störfum til 1. október nk. Það eru engin sérstök áform um að kalla það saman fyrir þann tíma. Í stjórnarskránni er hins vegar gert ráð fyrir því að hægt sé að ákveða með lögum sérstakan samkomudag Alþingis og það hefur vissulega komið til tals eins og hv. þingmaður benti á að kalla þingið saman árlega eitthvað fyrr en gert hefur verið, þ.e. fyrir 1. október. Um það er hins vegar engin niðurstaða fengin og a.m.k. ekki að þessu sinni hvað varðar komandi haust enda hafa engin slík lög verið samþykkt. Þeir sem sátu hér á síðasta þingi muna kannski að þetta bar á góma á vettvangi þingflokksformanna og formanna stjórnmálaflokkanna en það varð engin niðurstaða að því leyti til að ekkert frumvarp kom fram og málið er þess vegna eins og það hefur ævinlega verið. Ef þingið verður ekki kallað saman sérstaklega, það 134. í röðinni, kemur nýtt þing saman 1. október nk. og verður þá nr. 135 í röðinni.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:00]

Till. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ALE, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjH, BjörgvS, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GAK, GÁ, GSv, HHj, HöskÞ, IllG, IIG, JónG, JM, KVM, KaJúl, KÓ, KHG, KÞJ, LB, MS, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞSveinb, ÞBack.

14 þm. (ÁKÓ, BjörkG, BBj, EMS, GMJ, GLG, GÞÞ, ISG, JóhS, KJak, KLM, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Tillagan afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 37).

Almannatryggingar og málefni aldraða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 11. mál (afnám tekjutengingar við atvinnutekjur 70 ára og eldri). — Þskj. 11, nál. 22 og 32, brtt. 23 og 33.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[11:01]

Bjarni Harðarson (F) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég vil gera grein fyrir atkvæðum okkar framsóknarmanna í þessu máli. Afstaða okkar er sú að með þessum breytingum sé í rauninni stigið mikið óheillaskref í tryggingamálum þjóðarinnar. Hér er stefnt að ákveðnum ójöfnuði þar sem öldruðum er skipt upp í tvo hópa, 67–70 ára og svo hina eldri. Auk þess, sem er kannski alvarlegra, skiljum við líka eftir fjöldamarga aðra bótaþega þessa lands, öryrkja einkanlega, sem margir hverjir eiga mun erfiðara með að lifa af bótum sínum en fólk sem náð hefur 70 ára aldri og haft ævina til að safna nokkru fé.

Við teljum að þessi leið sé þá aðeins fær að tekjutengingar verði afnumdar hjá öllum þessum hópum í framhaldinu og munum í samræmi við það sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

Það er rétt að vekja athygli á því að hér hefur tillaga landsfundar Sjálfstæðisflokksins fengið að fara óbreytt inn í ríkisstjórnarsamstarfið. Það er mjög miður að í samstjórn krata og sjálfstæðismanna skuli það vera Sjálfstæðisflokkurinn sem ræður í velferðarmálunum. Svo illa var þó aldrei komið fyrir Framsóknarflokknum í samstarfi með Sjálfstæðisflokki að hann þyrfti að láta Sjálfstæðisflokkinn ráða í þessum — (Gripið fram í.) Ha? Það var aldrei í velferðarmálum.

Þessi tillaga mun ekki gagnast fátæku erfiðisvinnufólki sem er útslitið um 70 ára aldur, hún mun fyrst og fremst gagnast hinum sem halda fullri starfsorku og vinna auk þess léttari vinnu. Það vita allir að það rær enginn til fiskjar og afgreiðir enginn á lager í búð 70 ára gamall. Það getur samt vel verið að ýmsir sem vinna rólegri kyrrsetustörf og hafa einmitt haft hærri laun geti nýtt sér þessi ákvæði eins og þau eru núna. (Gripið fram í.) Ég heyri ekki nema þið gasprið hærra. (**SKK:** Það er skurðgröfumaður fyrir austan á níræðisaldri.) (Forseti hringir.) Þeir eru til.

Það er rétt sem hefur komið fram hjá hv. alþingismanni Pétri Blöndal að hér er verið að stíga það skref að skattpeningar þjóðarinnar séu notaðir til þess að hinn fátækari borgi með hinum ríkari og viðbárur eða rökstuðningur hv. þm. Péturs Blöndals fyrir því að þetta sé gagnlegt fyrir atvinnulífið vegna þess að atvinnulífið þurfi (Forseti hringir.) á að halda þessum níræða gröfumanni sem Sigurður Kári minnist á er auðvitað svo haldlaust og fyndið að það tekur því ekki að tala um það. (Forseti hringir.)

[11:04]

Þuríður Backman (Vg) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Það ætti öllum að vera ljóst að bæta þarf kjör aldraðra, sérstaklega þeirra sem hafa eingöngu lífeyri frá almannatryggingum. Stór hópur aldraðra, einkum konur, hefur lágar greiðslur úr almennum lífeyrissjóðum eða lágar atvinnutekjur og eru þessir einstaklingar í raun í fátæktargildru í dag vegna skerðingarreglna og tekjutenginga almannatrygginga. Þetta er staðreynd sem við stöndum frammi fyrir. Eftir langa stjórnarsetu Sjálfstæðisflokksins og áralanga réttindabaráttu allra lífeyrisþega, aldraðra sem öryrkja, hefur Sjálfstæðisflokkurinn nú viðurkennt að kjör lífeyrisþega verði að bæta og sett inn í stjórnarsáttmála kafla um bættan hag aldraðra og öryrkja.

Nú á stuttu sumarþingi vill ríkisstjórnin sýna á spilin og láta verkin tala með því að byrja á því að rétta hag þeirra sem eru 70 ára og eldri. Þeir einstaklingar eiga vissulega skilið að fá tækifæri til að vinna eftir því sem heilsan leyfir og án þess að skerða að miklum hluta lífeyrisgreiðslur almannatrygginga, en að leggja til að afnema að fullu frítekjumarkið hjá þessum hópi er stefna Sjálfstæðisflokksins. Hún leiðir ekki til meiri jöfnuðar eða til að bæta kjör þeirra sem verst eru settir, ellilífeyrisþega frá 67 ára aldri og öryrkja.

Sú leið sem ríkisstjórnin leggur til býr til nýjan hóp ellilífeyrisþega, lífeyrisþega sem verða á sérkjörum og gefur hinum efnuðustu í þessum hópi fullan rétt á óskertum lífeyrisgreiðslum almannatrygginga allt að 1,5 millj. kr. á ári. Um þessa leið sem fyrsta skref til að bæta kjör lífeyrisþega hefði þurft náið samráð Landssambands eldri borgara, Samtaka atvinnulífsins, Öryrkjabandalagsins og launþega. Það samráð fór ekki fram og er það miður.

Sú leið sem við í stjórnarandstöðunni hefðum valið er að hækka frítekjumark allra lífeyrisþega, þ.e. aldraða og öryrkja, upp í 80 þús. kr. og draga úr skerðingum svo að rauntekjur lífeyrisþega hækki.

Hæstv. forseti. Það er vissulega tímabært og mikilvægt að ríkisstjórnin haldi áfram að vinna að bættum kjörum og horfi þá til allra lífeyrisþega, öryrkja og aldraða, og hafi jafnræðisregluna að leiðarljósi.

[11:07]

Ásta Möller (S) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hér er komin til atkvæðagreiðslu eftir 2. umr. frumvarp til breytinga á lögum um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra þar sem lagt er til að atvinnutekjur þeirra sem eru 70 ára og eldri hafi hvorki áhrif á rétt lífeyrisþegans né maka hans til greiðslna frá almannatryggingum. Hér er verið að koma til móts við kröfur eldri borgara um að geta tekið virkan þátt í samfélaginu og bæta hag sinn félagslega, heilsufarslega og ekki síst fjárhagslega með því að stunda atvinnu án þess að það leiði til skerðingar á lífeyri almannatrygginga. Hér er tekið stórt og mikilvægt skref til hagsbóta fyrir eldri borgara og samfélagið allt. Þetta hefur verið mikið baráttumál fyrir samtök eldri borgara á ýmsum vettvangi.

Aðstæður eldri borgara eru afar mismunandi og hafa breytingar á lögum um almannatryggingar sem gerðar hafa verið á síðustu árum því mismunandi áhrif á kjör þeirra eftir því hvers eðlis þær eru. Verði þær breytingar sem hér eru til umræðu að lögum er gengið enn lengra en áður í að minnka tekjutengingar milli maka. Eftir 70 ára aldur munu atvinnutekjur maka ekki hafa áhrif á lífeyri almannatrygginga hins makans. Þessi breyting er til viðbótar minnkun á tekjutengingum milli maka sem samþykktar voru í desember sl. og taka að fullu gildi um næstu áramót, en frá næstu áramótum munu tekjur maka úr lífeyrissjóði ekki hafa nein áhrif á lífeyri hins makans úr almannatryggingum.

Stór skref hafa verið tekin til þess að bæta fjárhagslega stöðu eldri borgara á síðustu árum og missirum. Á síðasta ári var m.a. grunnlífeyrir almannatrygginga hækkaður. Þá var eignarskattur aflagður, tekjuskattur lækkaður og skattleysismörk hækkuð á síðasta kjörtímabili sem kemur þeim best sem eru með lægstar tekjur og ekki síst þeim sem eru eldri borgarar.

Frá árinu 2003 hefur skerðingarhlutfall lífeyris almannatrygginga vegna annarra tekna verið lækkað úr 67% í 39,95% um síðustu áramót og verður 38,5% um næstu áramót. Samkvæmt stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar verður þetta hlutfall lækkað í 35% á kjörtímabilinu.

Virðulegi forseti. Það frumvarp sem nú er til afgreiðslu er fyrsti liður af þremur er varða bættan hag eldri borgara sem stjórnarsáttmálinn segir til um. Horfa verður á öll þessi þrjú atriði sem eina heild. Í haust verður lagt fram frumvarp sem á að tryggja öllum lífeyrisþegum að lágmarki 25 þús. kr. úr lífeyrissjóði. Sú ráðstöfun varðar um þriðjung ellilífeyrisþega og beinist sérstaklega að því að bæta hag þeirra sem verst eru settir.

Virðulegi forseti. Hér er um mikið framfaramál að ræða sem mikilvægt er að styðja.

[11:09]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Við í Frjálslynda flokknum höfum í gegnum árin verið miklir stuðningsmenn þess að bæta stöðu eldri borgara og öryrkja í tryggingakerfinu, enda flutt um það margar tillögur. Við höfum lagt upp úr því að það væri gert til aukins jöfnuðar og einkanlega til að hífa upp

kjör þeirra sem lakasta hafa stöðuna í tryggingakerfinu, bæði aldraðra og öryrkja. Breytingartillaga okkar í minni hlutanum gengur út á það að fylgja þeirri hugsjón að það eigi fyrst og fremst að jafna til þeirra og bæta stöðu þeirra sem lakast eru settir í tryggingakerfinu.

Hér er verið að leggja til af hálfu ríkisstjórnarinnar að fara allt aðra leið, þá leið að taka upp algjört frítekjumark eftir 70 ára aldur óháð tekjum, algjörlega óháð tekjum. Þetta er alveg ný leið í tryggingamálum okkar Íslendinga.

Dæmið sem ég tók í gær um manninn sem hefur e.t.v. 10 millj. í laun stendur þannig að hann á líka rétt á greiðslum frá Tryggingastofnun ef þetta verður hér lögfest sem stefnir í af hálfu ríkisstjórnarmeirihlutans. Þannig hefur tryggingakerfið ekki verið uppbyggt á undanförnum árum. Það hefur verið þannig byggt upp að reyna að hífa þá upp í rauntekjum sem lakast eru settir.

Í stefnu ríkisstjórnarinnar er líka talað um að lagfæra stöðu þeirra sem lakast eru settir í lífeyrissjóðum með því að ríkissjóður leggi peninga inn í lífeyrissjóðinn svo allir geti fengið 25 þús. kr. þaðan greiddar út. Þá má spyrja, hæstv. forseti: Ætla menn þá að setja frítekjumark á lífeyristekjur upp á 25 þús. kr. svo það muni eitthvað um þetta sem á að leggja inn af hálfu ríkisins ella taki það fullum skerðingum? Af hverjum 10 þús. kalli sem ríkisstjórnin mun leggja inn í lífeyrissjóðinn til að greiða lífeyrisþega sem á svona lítil réttindi fær ríkissjóður til baka 6.200 kr. Þannig er það, hæstv. forseti.

Við í Frjálslynda flokknum munum ekki styðja tillögu ríkisstjórnarinnar vegna þess að hún tekur ekki tillit til þeirra grunnsjónarmiða að halda áfram að reyna að bæta hag þeirra sem lakast eru settir heldur er það svo að hinn nýi lífeyrisþegi sem er yfir sjötugt (Forseti hringir.) getur fengið viðbótartekjur úr Tryggingastofnun þó að hann hafi afar háar tekjur, jafnvel (Forseti hringir.) hærri tekjur en alþingismenn.

[11:13]

Ellert B. Schram (Sf) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það er hvorki staður né stund lengur til að fara að rökræða ítarlega efnisinnihald þessarar tillögu eða skiptast á skoðunum frekar en við erum búin að gera í umræðunni. Ég stend hér upp til þess að minna á það sem áður hefur komið fram að hér er um að ræða einn þátt og eitt atriði í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem samið var um og hefur verið lögð fram. Í krafti þess samkomulags sem gert hefur verið milli Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar um þessa stjórnarmyndun mun ég og væntanlega þingmenn Samfylkingarinnar að sjálfsögðu greiða atkvæði með þessari tillögu og styðja framgang hennar.

Hér er efnislega um að ræða mál sem snýr að því að möguleikar 70 ára og eldri eru auknir til þess að afla sér atvinnutekna án skerðinga og ég held að það sé skref í rétta átt. Þetta er fyrsta skrefið. Málefni eldri borgara hafa forgang í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og ég hef fulla trú á því og fulla vissu fyrir því að unnið verði ötullega að þessum málefnum í sumar og haust, á komandi mánuðum, og þar fylgir hugur máli.

Af þeim sökum vil ég segja það um tillöguna sem flutt er af stjórnarandstöðunni að hún er ágæt út af fyrir sig en hún snýr öfugt við það sem frumvarpið sjálft sem hér er til meðferðar kveður á um. Með samþykki tillögu stjórnarandstöðunnar er verið að fella frumvarpið sjálft. Það gefur því augaleið að við sem styðjum frumvarpið munum greiða atkvæði gegn tillögu stjórnarandstöðunnar.

Eftir að hafa hlustað á umræður undanfarinna daga um þetta mál vil ég aðeins segja það að mér finnst vera góður andi, góður vilji, af hálfu allra þingflokkanna að vinna af heilindum að málefnum eldri borgara og ná fram bættum kjörum í þágu þeirra. Það finnst mér vera góð vísbending og góður vitnisburður um það að allir þingflokkarnir og allir þingmenn væntanlega eru sama sinnis um að miklu betur þurfi að gera fyrir hag eldri borgara.

Brtt. 33,1 felld með 33:16 atkv. og sögðu

já: AtlG, ALE, ÁI, ÁÞS, BJJ, BjH, GMJ, GAK, HöskÞ, IIG, JM, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack.

nei: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GSv, HHj, IllG, JónG, KVM, KaJúl, KÓ, KÞJ, LB, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞSveinb.

14 þm. (ÁKÓ, BjörkG, BBj, EMS, GLG, GÞÞ, GÁ, ISG, JóhS, KJak, KLM, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:16]

Þuríður Backman:

Hæstv. forseti. Með þeirri breytingartillögu sem við erum að greiða atkvæði um leggur minni hlutinn, stjórnarandstaðan, til að ellilífeyrisþegar og örorkuþegar hafi 80 þús. kr. í frítekjumark á mánuði og það verði jafnt fyrir þennan hóp allan, 67 ára og eldri og alla öryrkja. Við leggjum áherslu á að eitt skuli yfir alla ganga meðal aldraðra og bendum á að einstaklingar á aldrinum 67–69 ára eru að jafnaði betur í stakk búnir til að afla sér atvinnutekna en þeir sem eru 70 ára og eldri. Framangreind hækkun frítekjumarksins mun auka möguleika lífeyrisþega til þátttöku á vinnumarkaðnum en slíkt mun skila sér bæði til einstaklinganna sjálfra og samfélagsins. Það er staðreynd að því meiri sem atvinnuþátttakan er, þeim mun meiri eru lífsgæðin og það mun skila sér í skatttekjum til ríkisins. Því kemur þetta sér vel fyrir alla.

[11:17]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Þessi tillögugrein gengur út á að tryggja jöfnuð í hópi aldraðra. Með tillögu okkar eiga allir aldraðir, 67 ára og eldri, og örorkulífeyrisþegar að fá hærra frítekjumark, upp í 960 þús. kr. á ári. Þetta er einmitt það sem Samfylkingin gerði sérstaklega að umtalsefni, bæði fyrir kosningar og í kosningabaráttunni á síðasta þingi og því er ég mjög hissa á að Samfylkingin skuli nú fella tillögu sem hún flutti sjálf. Þetta vekur mikla furðu.

Af hverju í ósköpunum eru Sjálfstæðisflokkurinn og Samfylkingin að skilja hópinn 67 til 70 ára eftir? Það er sprækasta fólkið og ef gera ætti eitthvað fyrir eldri borgara þá er það sá hópur sem ætti að koma fyrst hvað varðar hækkun á frítekjumarki. En við viljum að frítekjumarkið hækki á allan hópinn, 67 ára og upp úr, en hér er verið að kljúfa hóp aldraðra tvennt, skilja stærsta hópinn eftir sem er

67 til 70 ára. Þetta vekur geysilega furðu, virðulegi forseti.

Brtt. 23,1 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, EKG, EOK, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GSv, HHj, IllG, JónG, KVM, KaJúl, KÓ, KÞJ, LB, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞSveinb, ÞBack.

13 þm. (AtlG, ALE, ÁI, ÁÞS, BJJ, BjH, GAK, HöskÞ, IIG, KHG, MS, SF, SJS) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁKÓ, BjörkG, BBj, EMS, GLG, GÞÞ, GÁ, ISG, JóhS, JM, KJak, KLM, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GSv, HHj, IllG, JónG, KVM, KaJúl, KÓ, KÞJ, LB, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞSveinb.

16 þm. (AtlG, ALE, ÁI, ÁÞS, BJJ, BjH, GMJ, GAK, HöskÞ, IIG, JM, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁKÓ, BjörkG, BBj, EMS, GLG, GÞÞ, GÁ, ISG, JóhS, KJak, KLM, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 33,2 felld með 33:16 atkv. og sögðu
já: AtlG, ALE, ÁI, ÁÞS, BJJ, BjH, GMJ, GAK, HöskÞ, IIG, JM, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack.
nei: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GSv, HHj, IllG, JónG, KVM, KaJúl, KÓ, KÞJ, LB, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞSveinb.

14 þm. (ÁKÓ, BjörkG, BBj, EMS, GLG, GÞÞ, GÁ, ISG, JóhS, KJak, KLM, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 23,2 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GSv, HHj, IllG, JónG, KVM, KaJúl, KÓ, KÞJ, LB, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞSveinb.

16 þm. (AtlG, ALE, ÁI, ÁÞS, BJJ, BjH, GMJ, GAK, HöskÞ, IIG, JM, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁKÓ, BjörkG, BBj, EMS, GLG, GÞÞ, GÁ, ISG, JóhS, KJak, KLM, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GSv, HHj, IllG, JónG, KVM, KaJúl, KÓ, KÞJ, LB, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞSveinb.

16 þm. (AtlG, ALE, ÁI, ÁÞS, BJJ, BjH, GMJ, GAK, HöskÞ, IIG, JM, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁKÓ, BjörkG, BBj, EMS, GLG, GÞÞ, GÁ, ISG, JóhS, KJak, KLM, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GSv, HHj, IllG, JónG, KVM, KaJúl, KÓ, KÞJ, LB, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞSveinb.

16 þm. (AtlG, ALE, ÁI, ÁÞS, BJJ, BjH, GMJ, GAK, HöskÞ, IIG, JM, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁKÓ, BjörkG, BBj, EMS, GLG, GÞÞ, GÁ, ISG, JóhS, KJak, KLM, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 23,3 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GSv, HHj, IllG, JónG, KVM, KaJúl, KÓ, KÞJ, LB, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞSveinb.

16 þm. (AtlG, ALE, ÁI, ÁÞS, BJJ, BjH, GMJ, GAK, HöskÞ, IIG, JM, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁKÓ, BjörkG, BBj, EMS, GLG, GÞÞ, GÁ, ISG, JóhS, KJak, KLM, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Aðgerðaáætlun til að styrkja stöðu barna og ungmenna, frh. síðari umr.

Stjtill., 12. mál. — Þskj. 16, nál. 27.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, AtlG, ALE, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjH, BjörgvS, EKG, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HöskÞ, IllG, IIG, JónG, JM, KVM, KaJúl, KÓ, KHG, KÞJ, LB, MS, ÓN, PHB, REÁ, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞSveinb, ÞBack.

1 þm. (EOK) greiddi ekki atkv.

16 þm. (ÁKÓ, BjörkG, BBj, EMS, GLG, GÞÞ, GÁ, HHj, ISG, JóhS, KJak, KLM, RR, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:22]

Guðbjartur Hannesson:

Hæstv. forseti. Ég tel rétt að koma hér upp fyrir atkvæðagreiðsluna og fagna því að þetta góða og vandaða mál sem unnist hefur á ótrúlega skömmum tíma, sem er aðgerðaáætlun í málefnum barna og ungmenna, skuli vera komið til atkvæðagreiðslu og ég treysti á að sú samstaða sem ríkt hefur um málið skili sér í samstöðu allra flokka í atkvæðagreiðslunni. Þetta er nýtt, stórt og merkilegt skref í málefnum barna og færir okkur framar í röðinni hvað varðar þennan málaflokk í heiminum. Við höfum sett okkur það markmið að vera í fremstu röð í menntamálum, heilbrigðismálum og málefnum barna og ungmenna og ég fagna því að við stígum hér mjög stórt skref í þá átt.

[11:23]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegur forseti. Þetta mál getur verið gott og vandað en það getur líka verið lítið og ekki neitt. Talað er um að þetta sé aðgerðaáætlun en ég vek athygli á að það er ekki eitt einasta tímasett markmið í áætluninni, það er ekki settur tímafrestur á neitt og ekki fjármagn í neitt. Þetta eru falleg orð á blaði og Framsóknarflokkurinn styður þessi fallegu áform. Við munum því greiða atkvæði með þessari svokölluðu áætlun þó að ekkert sé tímasett eða tölusett varðandi fjármagn.

Ég vek líka athygli á að það er sagt í þingsályktunartillögunni að gera eigi þessi fallegu áform að veruleika ef efnahagsaðstæður leyfa. Við erum því ekki að samþykkja raunverulega áætlun, við erum að samþykkja stefnu, fallega stefnu. Við munum styðja málið en vekjum athygli á því að ekkert af þessu er komið til aðgerða, það er ekki búið að gera neitt af þessu og hugsanlega verður mjög lítið úr þessum aðgerðum en við vonum það besta.

[11:24]

Álfheiður Ingadóttir:

Herra forseti. Við Vinstri græn munum styðja þessa þingsályktunartillögu þó að okkur sé fyllilega ljóst að það mun mikið vatn renna til sjávar áður en öll þau góðu áform sem þar er lýst geta orðið að veruleika, ekki síst vegna þeirrar andstöðu sem fram hefur komið í þingsölum, m.a. frá einum hv. þm. Sjálfstæðisflokksins, Einari Oddi Kristjánssyni.

Við munum hér eftir sem hingað til hvetja félagsmálaráðherra, úr hvaða flokki sem hann er, til dáða í málefnum barna, ungmenna og fjölskyldna þeirra því að það skiptir miklu fyrir okkar samfélag að þar sé vel að verki staðið. En þessari áætlun þurfa að fylgja peningar, ekki síst til sveitarfélaganna, herra forseti.

[11:25]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Það telst til pólitískra stórtíðinda að þessi tillaga skuli hafa náð fram að ganga og það er frækilegt verk hjá hæstv. félagsmálaráðherra að koma þessari tillögu svo hratt og vel til þings og nefndinni inn í þingið aftur.

Hér er um að ræða mörg af mikilvægustu og brýnustu verkefnum okkar samfélags og okkar stjórnmálamanna. Hér er um að ræða hækkun barnabóta, að námsgögn í framhaldsskólum verði nemendum að hluta til að kostnaðarlausu, lengingu á fæðingarorlofi, sérstakar aðgerðir vegna barna með þroskafrávik og geðraskanir sem er eitt mikilsverðasta atriði þessarar tillögu, þ.e. að börn með geðraskanir fái greiningu og meðferð strax og að biðlistarnir skammarlegu á BUGL heyra sögunni til. Hér er um að ræða gagngerar breytingar á aðstæðum þessara barna sem lakast standa í samfélaginu, barna með þroskafrávik og geðraskanir, og því ber sérstaklega að fagna.

[11:27]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er sjálfsagt að styðja þessa tillögu og í því felst tvíþættur stuðningur. Í fyrsta lagi við aðferðafræðina sem slíka, að það sé unnið samkvæmt framkvæmdaáætlun af þessu tagi, eða „handlingsplani" eins og alsiða er annars staðar á Norðurlöndunum, og það er ágætis verklag, og í öðru lagi er innihald þessarar áætlunar ágætt. Þarna er mikið um falleg fyrirheit. Það er að vísu misskilningur hjá hæstv. viðskiptaráðherra að þetta sé allt saman komið til framkvæmda, að það sé orðin sú gerbreyting á högum barna og ungmenna sem hann talaði um áðan. Það vantar sem við á að éta, það vantar peningana. Og vonbrigðin eru auðvitað þau að ekkert hefur fengist upp gefið um hvaða fjármunir verða settir til þessara verkefna, þar á meðal ekki, sem er sérstakt áhyggjuefni, á hvern hátt eigi að gera sveitarfélögunum með fjármunum kleift að standa við sinn hlut málsins.

Ábyrgð þeirra sem flytja tillöguna er þar með fólgin í því að hér eru gefin mikil fyrirheit og vaktar miklar væntingar án þess að neitt sé í hendi um það í hvaða mæli menn reynast menn til að standa við þau. Það getur framtíðin ein skorið úr um.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ALE, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjH, BjörgvS, EKG, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HöskÞ, IllG, IIG, JónG, JM, KVM, KaJúl, KÓ, KHG, KÞJ, LB, MS, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, ÞSveinb, ÞBack.

1 þm. (EOK) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁKÓ, BjörkG, BBj, EMS, GLG, GÞÞ, GÁ, HHj, ISG, JóhS, KJak, KLM, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Tillagan afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 39).

Stjórnarráð Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál (sameining ráðuneyta, tilfærsla verkefna). — Þskj. 1, nál. 24 og 26, brtt. 25.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:29]

1. gr., a-liður, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GSv, IllG, JónG, KVM, KaJúl, KÓ, KHG, KÞJ, LB, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞSveinb.

13 þm. (AtlG, ALE, ÁI, ÁÞS, BJJ, BjH, GAK, HöskÞ, IIG, MS, SF, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁKÓ, BjörkG, BBj, EMS, GMJ, GLG, GÞÞ, GÁ, HHj, ISG, JóhS, JM, KJak, KLM, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., b-liður, samþ. með 48 shlj. atkv.

1. gr., c–e liðir, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, EKG, EOK, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, IllG, JónG, JM, KVM, KaJúl, KÓ, KHG, KÞJ, LB, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞSveinb.

12 þm. (AtlG, ALE, ÁI, ÁÞS, BJJ, BjH, HöskÞ, IIG, MS, SF, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁKÓ, BjörkG, BBj, EMS, GLG, GÞÞ, GÁ, HHj, ISG, JóhS, KJak, KLM, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., f-liður, samþ. með 36:7 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjH, BjörgvS, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GSv, HöskÞ, IllG, JónG, KVM, KaJúl, KÓ, KÞJ, LB, MS, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, SVÓ, StB, ÞSveinb.
nei: AtlG, ALE, ÁI, ÁÞS, IIG, SJS, ÞBack.

4 þm. (GMJ, GAK, JM, KHG) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁKÓ, BjarnB, BjörkG, BBj, EMS, GLG, GÞÞ, GÁ, HHj, ISG, JóhS, KJak, KLM, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 48 shlj. atkv.

Brtt. 25 (ný 3. gr.) samþ. með 32:16 atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GSv, IllG, JónG, KVM, KaJúl, KÓ, KÞJ, LB, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞSveinb.
nei: AtlG, ALE, ÁI, ÁÞS, BJJ, BjH, GMJ, GAK, HöskÞ, IIG, JM, KHG, MS, SF, SJS, ÞBack.

15 þm. (ÁKÓ, BjörkG, BBj, EMS, GLG, GÞÞ, GÁ, HHj, ISG, JóhS, KJak, KLM, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:32]

Atli Gíslason:

Herra forseti. 3. gr. er algerlega óviðkomandi þeim breytingum á Stjórnarráðinu sem hér eru til umræðu. Greinin er runnin undan rifjum hæstv. forsætisráðherra og sett inn í frumvarpið algerlega án samráðs við stéttarfélög starfsmanna. Bæði BHM og BSRB eru algerlega mótfallin greininni, telja hana alvarlegt skref aftur á bak í jafnréttismálum og hvað varðar gegnsæi í stjórnsýslu og þróun réttindamála starfsmanna stjórnsýslunnar.

Ég vil líka halda því til haga að greinin gengur þvert á stefnu Samfylkingarinnar í þessum málum sem birtist skýrast í Borgarnesræðu hv. formanns Samfylkingarinnar.

Ég vil enn fremur halda því til haga að það er áratuga reynsla kvenna að leynd um stöðuveitingar og leynd um laun er ein helsta hindrun í vegi þeirra til starfsframa og jafnréttis. Ég segi nei.

[11:33]

Siv Friðleifsdóttir:

Virðulegi forseti. Framsóknarmenn geta ekki fallist á þessa breytingu. Við teljum eðlilegt að áfram sé skylt að auglýsa, það sé aðalreglan að skylt sé að auglýsa störf innan Stjórnarráðsins. Þessi leið býður upp á ógagnsæi. Hún býður líka upp á að hinn hæfasti sé ekki valinn af því að ekki verður skylda að auglýsa úti á hinum almenna markaði, Stjórnarráðið er því að vissu leyti að loka sig af. Og það vekur furðu hve meiri hlutinn, sjálfstæðismenn og samfylkingarmenn, rekur þetta mál hart í gegnum þingið af því að það hefur ekkert með breytingar á Stjórnarráðinu að gera. Þetta er laumufarþegi eins og hér hefur verið sagt úr pontu og þetta er í algerri andstöðu við bæði BSRB og BHM. Það vekur því furðu hve hart meiri hlutinn gengur fram á sumarþingi við að koma þessu máli í gegn sem tengist á engan hátt breytingum á Stjórnarráðinu. Það er rétt sem komið hefur fram að þetta er ekki konum í hag og það kemur mjög skýrt fram í umsögn BSRB. Við höfnum því þessari breytingu.

[11:35]

Jón Magnússon:

Virðulegi forseti. Það er sorglegt að ekki skuli vera hægt að afgreiða þetta frumvarp til laga um breytingar á Stjórnarráði Íslands með samþykki þingmanna og þeirra þingflokka sem hér sitja. Það hefði verið hægt ef ekki hefði komið til þessi svokallaði laumufarþegi sem minnst var á áðan úr ræðustól, þ.e. 3. gr. frumvarpsins, sem er algerlega óviðkomandi öðrum breytingum á frumvarpinu þar sem verið er að afnema auglýsingaskylduna sem verkalýðsfélögin sem um þetta mál hafa fjallað, bæði BHM og BSRB, telja óviðunandi að sé gert.

Það eru þessi atriði sem valda því að við í Frjálslynda flokknum greiðum atkvæði gegn þeim breytingum sem verið er að leggja til varðandi 3. gr. og getum ekki stutt frumvarpið í heild.

[11:35]

Birgir Ármannsson:

Herra forseti. Meiri hluti allsherjarnefndar leggur til breytingu á 3. gr. frumvarpsins sem verið er að greiða atkvæði um. Upphaflega greinin fól í sér að svigrúm starfsmanna Stjórnarráðsins til að færast á milli ráðuneyta er aukið. Gert er ráð fyrir að með því móti verði bæði hægt að auka sveigjanleika á þeim vinnustað, gefa mönnum betri kost á að þróast í starfi og öðlast hugsanlega framgang með skilvirkari hætti en verið hefur.

Breytingartillagan sem meiri hlutinn leggur til gengur út á að forsætisráðherra skuli setja reglur um hvernig greinin er framkvæmd. Það er til að svara athugasemdum sem fram hafa komið um að gagnsæi væri ekki fyrir hendi varðandi ákvarðanir sem eru teknar á þeim grundvelli (Forseti hringir.) og meiri hlutinn er þeirrar skoðunar að áhyggjur sem fram hafa komið að um einhverjar geðþóttaákvarðanir yrði að ræða samkvæmt þessu ákvæði eru (Forseti hringir.) ástæðulausar og reglurnar samkvæmt breytingartillögunni eru til þess fallnar að tryggja að svo verði.

4.–5. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, EKG, EOK, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, IllG, JónG, JM, KVM,

KaJúl, KÓ, KHG, KÞJ, LB, ÓN, REÁ, RR, SKK, StB, ÞSveinb.

12 þm. (AtlG, ALE, ÁI, ÁÞS, BJJ, BjH, HöskÞ, IIG, MS, SF, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁKÓ, BjörkG, BBj, EMS, GLG, GÞÞ, GÁ, HHj, ISG, JóhS, KJak, KLM, PHB, SVÓ, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Verðbréfaviðskipti, frh. 2. umr.

Stjfrv., 7. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 7, nál. 28, brtt. 29.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:39]

1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ALE, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjH, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HöskÞ, IllG, IIG, JM, KVM, KaJúl, KÓ, KHG, LB, MS, ÓN, REÁ, RR, SKK, SF, SJS, StB, ÞSveinb, ÞBack.

23 þm. (ÁI, ÁKÓ, BjarnB, BjörgvS, BjörkG, BBj, EMS, GMJ, GLG, GÞÞ, GÁ, HHj, ISG, JóhS, JónG, KJak, KÞJ, KLM, PHB, SVÓ, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:38]

Viðskiptaráðherra (Björgvin G. Sigurðsson):

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða mikilsvert mál sem lengi hefur verið unnið að í viðskiptaráðuneytinu og er ástæða til að þakka starfsfólki þar fyrir sérstaklega vel unnin störf. Eins og fram kom í meðferð nefndarinnar á dögunum hefur víðtækt samráð verið haft við þá sem að þessu máli koma. Hér er um að ræða inntak þeirra frumvarpa þriggja sem greidd eru atkvæði um núna í röð og eru um breytingar á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki, verðbréfaviðskipti og kauphallir. Þetta er hluti af sérstakri aðgerðaáætlun Evrópusambandsins sem miðar að því að skapa skilvirkan innri markað um fjármálaþjónustu, svo sem styttri viðbragðstíma, skilvirkara eftirlit og öflugri neytendavernd. Markmiðið með tilskipuninni er að skapa skilvirkari innri markað fjármálafyrirtækja en verið hefur um fjármálaþjónustu og samræmdar reglur um fjármálafyrirtæki. Því fylgir margt afar jákvætt eins og sérstaklega öflugt hlutverk fjármálaeftirlits og slíkra eftirlitsstofnana. Þessi mál hafa því mjög margt jákvætt í för með sér og fagna ég því að þau nái fram að ganga.

2. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 29,1 samþ. með 46 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
4.–19. gr. samþ. með 46 shlj. atkv.
Brtt. 29,2–4 samþ. með 47 shlj. atkv.
20.–150. gr., svo breyttar, samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 29,5 samþ. með 47 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. I, svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
Ákvæði til brb. II–III samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 29,6 (ný ákv. til brb., verða ákv. til brb. IV–V) samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Kauphallir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 8. mál (EES-reglur, heildarlög). — Þskj. 8, nál. 28, brtt. 30.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:43]

1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
2.–3. gr. samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 30,1 samþ. með 47 shlj. atkv.
4. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 30,2–10 samþ. með 46 shlj. atkv.
5.–40. gr. (verða 5.–42. gr.), svo breyttar, og ákv. til b samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Fjármálafyrirtæki o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 9. mál (EES-reglur). — Þskj. 9, nál. 28, brtt. 31.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:45]

Brtt. 31,1 samþ. með 47 shlj. atkv.
1. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv.
Brtt. 31,2–10 samþ. með 47 shlj. atkv.
2.–16. gr., svo breyttar, samþ. með 47 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frumvarpið gengur til 3. umr.

Þátttaka Lýðveldisins Búlgaríu og Rúmeníu á Evrópska efnahagssvæðinu, 3. umr.

Stjfrv., 2. mál (stækkun Evrópusambandsins og EES). — Þskj. 2.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:46]

Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjH, BjörgvS, EKG, EOK, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HöskÞ, IllG, JónG, JM, KVM, KaJúl, KÓ, KHG, KÞJ, LB, MS, ÓN, REÁ, RR, SKK, SF, SVÓ, StB, ÞSveinb.

7 þm. (AtlG, ALE, ÁI, ÁÞS, IIG, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁÓÁ, ÁKÓ, BjörkG, BBj, EMS, GLG, GÞÞ,

GÁ, HHj, ISG, JóhS, KJak, KLM, PHB, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 44).

Viðaukasamningur um álbræðslu við Straumsvík, 2. umr.

Stjfrv., 13. mál. — Þskj. 17, nál. 34 og 36.

[11:47]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta iðnaðarnefndar um frumvarp til laga um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Alcan Holdings Switzerland Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.

Nefndin hefur fjallað mjög ítarlega um málið og fengið á sinn fund Guðrúnu Þorleifsdóttur, lögfræðing hjá iðnaðarráðuneytinu, og Guðjón Axel Guðjónsson, skrifstofustjóra hjá sama ráðuneyti. Auk þeirra komu líka á fund nefndarinnar Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðarbæjar, og Már Sveinbjörnsson, hafnarstjóri þar í bæ, vegna þess að þessi samningur hefur að sjálfsögðu talsverð áhrif á Hafnarfjarðarbæ og Hafnarfjarðarhafnir.

Með frumvarpinu er lagt til að lögfestur verði samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Alcans um álbræðslu í Straumsvík. Sú meginbreyting sem í samningnum felst er að frá og með 1. janúar 2005 lýtur Alcan íslenskum skattalögum eins og aðrir lögaðilar sem bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi. Breytingarnar eru settar fram í sjötta viðauka samningsins sem var undirritaður þann 5. mars sl. Iðnaðarráðherra undirritaði samninginn fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og að sjálfsögðu með fyrirvara um samþykki Alþingis og um það snýst málið hér.

Með bréfi, dagsettu 28. maí 2003, tilkynnti Alcan íslenska ríkinu að félagið kysi að lúta íslenskum lögum og reglum hvað varðar skattlagningu og greiðslu opinberra gjalda. Samkvæmt ákvæðum í aðalsamningnum hefði þessi breyting átt að öðlast gildi rúmum sex mánuðum síðar eða 1. janúar 2004 en þar sem viðræður milli aðila drógust á langinn og endanlegt samkomulag náðist ekki fyrr en í byrjun marsmánaðar 2007 náðist samkomulag um að miða við framangreint tímamark, þ.e. 1. janúar 2005.

Fram til þessa hefur Alcan greitt svonefnt framleiðslugjald sem hefur komið í stað tekjuskatts, eignarskatts, fasteignaskatts og fleiri skatta og gjalda en það verður nú afnumið með samþykkt frumvarpsins. Þann 16. nóvember 1995 var gerður samningur á milli ríkisins og Hafnarfjarðarbæjar frá 16. nóvember 1995 þar sem Hafnarfjarðarbær fær hlutdeild í framleiðslugjaldinu í stað fasteignaskatta frá Alcan beint. Sú breyting verður nú að um gjöld til Hafnarfjarðarbæjar fer að íslenskum lögum eins og segir í 5. gr. þess samnings. Hafnarfjarðarbær vakti athygli nefndarinnar á því að bæjarfélagið hefði gert ráð fyrir því að samið yrði frá 1. janúar 2004. Við upphaf samningsgerðar milli Alcans og ríkisins réðst Hafnarfjarðarbær í umfangsmikið mat á fasteignum á svæðinu til að mæta þeirri dagsetningu. Fulltrúar Hafnarfjarðarbæjar og bæjarstjóri Hafnarfjarðar sem komu fyrir nefndina greindu frá því að þeir mundu reyna að leita samninga við ríkið beint vegna greiðslna fyrir árið 2004 þó að samningsaðilar, Alcan og ríkið, hafi náð því samkomulagi að láta samninginn gilda frá 1. janúar árið 2005.

Virðulegi forseti. Það kom einnig upp ákveðið mál varðandi hafnirnar og það sem snýr að höfnunum í Hafnarfirði. Ræddi nefndin töluvert um þær breytingar sem gerðar verða með samningnum er lúta að gjaldi fyrir höfn og hafnarmannvirki. Um er að ræða 3. gr. samningsins sem er fylgiskjal með þessu frumvarpi. Nefndin fékk þær upplýsingar frá fulltrúum Hafnarfjarðarbæjar að skort hafi samráð við þá um gerð þessa samnings en samningurinn er eins og fyrr segir milli Alcans og ríkisins en hefur töluverð áhrif á Hafnarfjarðarbæ og Hafnarfjarðarhafnir. Ákvæði 3. gr. samningsins sem lögfestur verður með frumvarpinu felur í sér breytingu á 8. gr. aðalsamningsins, sem síðan er nánar útfært í 11. gr. hafnar- og lóðarsamningsins. Í þeim samningi er tekið fram að Alcan skuli greiða Hafnarfjarðarbæ sérstakt vörugjald fyrir allt ál sem flutt er út með skipi frá höfninni og skuli það jafngilda 0,1% af útflutningsverðmæti afurða sem tekur síðan mið af heimsmarkaðsverði áls. Þó sé ekki greitt af því sem er á milli 105 þús. og 175 þús. tonna af útflutningsverðmæti afurða þar sem sá hluti telst samkvæmt þessum hafnar- og lóðarsamningi vera greiddur fyrir fram. Það þýðir, virðulegi forseti, að verið er að greiða 0,1% af því sem er frá 0–105 þús. tonn og síðan aftur af því sem fer yfir 175 þús. tonn. Þessi samningur gildir til ársins 2014, hann var gerður árið 1997 og átti þá að gilda í 17 ár, þ.e. fyrirframgreiðslan.

Samningurinn er í gildi til ársins 2014 og um þetta var talsvert rætt, virðulegi forseti, vegna þess að það var álitamál hvort þessi 0,1% regla ætti að falla niður árið 2014 eða ekki. Nefndin fór talsvert ítarlega yfir það mál og hún skilur það svo að árið 2014 falli 0,1% reglan niður, þ.e. þegar samningurinn um viðbótarhafnarbakkann frá árinu 1997 fellur úr gildi. Það er skilningur nefndarinnar eftir samráð við iðnaðarráðuneytið að staðan árið 2014 verði þannig að búið verði að breyta aðalsamningnum og áðurnefndur hafnar- og lóðasamningur falli úr gildi það ár. Eftir standa þá í fyrsta lagi lögin eins og þau eru á þeim tíma og það sem stendur þá í aðalsamningi og í öðru lagi réttur Hafnarfjarðarbæjar til að semja um málið.

Virðulegi forseti. Í samningnum felst að við gildistöku hans munu allar sérreglur og undanþágur um skatta, tolla og gjöld sem gilda um starfsemi álversins falla niður. Frá og með gildistökunni ber Alcan að greiða tekjuskatt og önnur opinber gjöld sem almennt eru lögð á hér á landi, eftir þeim reglum sem um það munu gilda samkvæmt lögum á hverjum tíma. Þar með er Alcan að ganga inn í almennt skatta- og gjaldaumhverfi sem gildir hér á landi.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt.

Undir nefndarálitið rita ásamt þeirri sem hér stendur Kristján Þór Júlíusson, Bjarni Benediktsson, Guðni Ágústsson, Ragnheiður Elín Árnadóttir og Grétar Mar Jónsson.

Hv. þm. Álfheiður Ingadóttir skilaði séráliti en að öðru leyti stóð nefndin saman að afgreiðslu málsins.

[11:56]

Frsm. minni hluta iðnn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að gera grein fyrir því að í nefndaráliti minni hluta iðnaðarnefndar á þskj. 36 var prentvilla og er verið að prenta nefndarálitið upp. Þar var í 4. mgr. vísað til 16. gr. þar sem átti að vera 5. gr. Nefndarálitið verður sem sagt prentað upp.

Ég skila minnihlutaáliti um frumvarp til laga um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og Alcan Holdings Switzerland Ltd. um álbræðslu við Straumsvík. Í lok þess álits kemur fram að ég tek ekki afstöðu til frumvarpsins.

Afstaða mín byggist á því, herra forseti, að málið er að mínu mati vanbúið þrátt fyrir mjög langan aðdraganda, allt frá 28. maí 2003 þegar Alcan óskaði eftir því að skattaumhverfinu yrði breytt með tilvísun í ákvæði 33.03 í aðalsamningi.

Ríkið hefur samið um gildistíma þessa samkomulags við Alcan fyrir sitt leyti, um að hann taki gildi frá 1. janúar 2005. En jafnframt hefur ríkið samið um gildistímann gagnvart Hafnarfjarðarbæ, greinilega í óþökk Hafnfirðinga og að því mér virðist þvert á þau ákvæði sem ég nefndi áður, þ.e. ákvæði 33.03 í aðalsamningi. En einnig hefur ekki verið uppfyllt nægilega vel sú ráðslagsskylda sem greint er frá í 5. gr. samnings milli ríkisins og Hafnarfjarðarbæjar um framleiðslugjaldið frá 16. nóvember 1995. Af þessu leiðir að uppi er veruleg óvissa varðandi stöðu og fjárhag Hafnarfjarðarbæjar í viðskiptum og samningum fram í tímann við álbræðsluna í Straumsvík, við Alcan Holdings Switzerland Ltd., eins og það heitir nú.

Ég vil herra forseti, að það komi skýrt fram, að ég geri ekki athugasemdir við breytingarnar sem slíkar. Það er að Alcan, eða álbræðslan í Straumsvík fari með öllu inn í íslenskt skattaumhverfi. Það er óumdeild heimild fyrir slíku í aðalsamningnum að við því skuli verða ef óskað er eftir slíku af hálfu Alcan. Það hefur verið gert og ég geri ekki athugasemdir við það.

Hins vegar hlýt ég að gera vinnubrögðin, að því er lýtur að Hafnarfjarðarbæ og hagsmunum sveitarfélagsins sem ég hlýt að gera verulegar athugasemdir við. Því þar eru gríðarlegir hagsmunir í húfi. Þetta eru tvö atriði, virðulegi forseti, sem þetta snýst um. Það er annars vegar hvað varðar gildistímann.

Þannig er að samkvæmt því ákvæði sem ég áður nefndi, 33.03, í aðalsamningi milli Íslands og álbræðslunnar í Straumsvík, er ljóst að geri Alcan kröfu um að fara inn í almenn íslensk skattalög að þá skuli fyrir 1. júní ár hvert sú breyting taka gildi frá og með 1. janúar á næsta almanaksári. Það er óvefengt að beiðnin barst frá Alcan 23. maí, sem sagt fyrir tilskilinn frest skal því samkvæmt þessu ákvæði breytingin taka gildi frá 1. janúar 2004.

Nú stöndum við frammi fyrir því að í þessum samningum hefur verið samið um að láta breytinguna taka gildi ári síðar. Eins og ég sagði áðan er ríkið ekki aðeins að semja fyrir sig, heldur einnig fyrir Hafnarfjarðarbæ. Ég leyfi mér að efast um, hæstv. forseti, að það sé gerlegt, að það standist í raun lög. Ég hef a.m.k. ekki fengið tæk rök fyrir því að þetta rétt vinnubrögð þannig að ég treysti mér til að styðja þau. Við skulum athuga að munurinn á gildistíma upp á eitt ár skiptir Hafnarfjarðarbæ hátt í 100 millj. kr. Það eru milli 90 og 100 millj. kr. sem Hafnarfjarðarbær tapar beint vegna ákvörðunar ríkisins um að semja við Alcan um breyttan gildistíma frá því er segir í samningnum sem slíkum.

Hafnfirðingar hafa mótmælt þessu kröftuglega. Ítrekað hafa þeir bæði sent bréf til iðnaðarráðuneytis, ein þrjú á þessu ári, en einnig kom fram á fundi hv. iðnaðarnefndar mikil andstaða og jafnframt, eins og kemur fram í báðum álitunum, kom fram að Hafnfirðingar munu reyna að leita samninga við ríkið beint vegna greiðslna fyrir árið 2004. Það er sem sagt viðbúið, tel ég, að ríkið þurfi að bæta Hafnfirðingum þá tekjuskerðingu upp á tæpar 100 millj. kr. sem í þessum samningi felst.

Herra forseti. Þar með er ekki allt upp talið. Með því að taka inn í 3. gr. samningsins, án samráðs við Hafnarfjarðarbæ, ákvæði um hafnargjöld, virðist sýnt að Hafnfirðingar geti orðið af um 40 millj. kr. á ári beint í hafnargjöld eftir árið 2014, með samningnum sem hv. þm. Katrín Júlíusdóttir, formaður iðnaðarnefndar, gerði grein fyrir áðan.

Í nefndaráliti minu bendi ég á að hagsmunir Straumsvíkurhafnar, sem er hluti af Hafnarfjarðarhöfn og hagsmunir Hafnarfjarðarhafnar þar með, geti verið í verulegri óvissu og jafnvel uppnámi vegna þessa, þótt í meirihlutaálitinu segi að skilningur nefndarinnar, eftir samráð við iðnaðarráðuneytið, sé að staðan árið 2014 verði þannig að búið verði að breyta aðalsamningnum og áðurnefndur hafnar- og lóðarsamningur verði fallinn úr gildi. Þá standa í fyrsta lagi eftir lögin eins og þau þá verða á þeim tíma og í öðru lagi réttur Hafnarfjarðarbæjar og Alcans til að semja. Það er minn skilningur að skilningur nefndarinnar á þessu hafi ekkert lögformlegt gildi. Það er mikill munur á lögum og því að lýsa skilningi nefndarinnar. Það lýsir í rauninni því að það er ekki vissa, engin staðfesting, að við höfum ekki fengið tóm til þess að leita endanlegrar niðurstöðu í þessu efni.

Ég ítreka, herra forseti, að málið er vanbúið að þessu leyti. Þarna hefur greinilega orðið ágreiningur milli iðnaðarráðuneytis og Alcans um gildistímann. Hafnfirðingar líta svo á að drátturinn á samningsgerðinni, sem átti að hefjast eftir 23. maí 2003 en lauk ekki fyrr en mörgum árum síðar, sé alfarið á ábyrgð ráðuneytisins og Alcans og eigi þess vegna ekki að bitna á Hafnarfjarðarbæ. Ég verð að taka undir það sjónarmið, herra forseti. Í gögnum frá Hafnarfjarðarbæ kemur fram að þar vísar hvor á annan, Alcan og ráðuneytið, um hver beri þar ábyrgð. En það er sem sagt skoðun Hafnarfjarðarbæjar að samkvæmt aðalsamningi hafi Alcan átt að greiða lóðarleiguna og fasteignagjöld til Hafnarfjarðar frá 1. janúar 2004.

Það kann vel að rætast, sem er skilningur nefndarinnar, að Hafnarfjarðarbær verði í stöðu til að semja aftur um hafnargjöld eftir árið 2014. En þá spyr maður sig: Hver verður samningsstaðan, herra forseti? Það læðist svolítill grunur að manni um að hún verði kannski ekki jafngóð og jafnvel verri en hún er í dag. Eins og við vitum hafa heyrst fréttir um yfirtöku á Alcan. Það er ekki víst að samningsaðilinn til 40 ára verði sá sami. Það glittir ekki aðeins í Alcoa í gegnum þá gátt heldur er Rio Tinto þar líka á biðilsbuxum.

Ég verð að segja, herra forseti, að ég hefði talið rétt, eins

og segir í nefndarálitinu, að ríkið leysti úr þessum ágreiningi áður en samningurinn yrði lagður fyrir þingið. Ég sé ekki að neinir þeir hagsmunir séu fyrir borð bornir, hvorki ríkisins, Alcans né Hafnarfjarðarbæjar, með því að vinna þetta mál betur og taka aftur upp á næsta þingi. Ástæðan fyrir því að ekki tókst að ná samkomulagi á milli þessara aðila var einfaldlega tímaskortur og sú staðreynd að nú er hásumar og bæði starfsmenn iðnaðarráðuneytis og starfsmenn Alcans fjarverandi.

Það er ekki gott fordæmi, herra forseti, miðað við gerða samninga eins og gert hefur verið við bæjarfélagið Hafnarfjörð, á milli ríkis og Hafnarfjarðarbæjar allt frá árinu 1995 þar sem í 5. gr. segir skýrt að óski Ísal og Alcan eftir endurskoðun á þessum samningum og að flytjast inn í íslenskt skattaumhverfi þá skuli Hafnarfjarðarbær eiga fulla aðild að þeim samningaviðræðum. Þótt einhver samskipti hafi verið á milli Hafnarfjarðarbæjar og ríkisins í þessu efni þá er langt í frá að þetta ákvæði hafi verið uppfyllt. Því er það, virðulegi forseti, að við teljum málið vanbúið og munum ekki geta stutt það.

[12:09]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Miðað við ræðu hv. þingmanns er ég nokkuð undrandi yfir því að hún hefur ekki getað verið á nefndaráliti því sem meiri hlutinn skilaði. Hún lýsti þar mjög svipuðum áherslum og eru í nefndaráliti meiri hlutans.

Ég er undrandi á því að hv. þingmaður skuli reyna að búa til ágreining um þann þátt sem snýr að gildistíma hafnar- og lóðasamningsins, þ.e. að samningurinn sé í gildi til ársins 2014. Ég fór yfir það í máli mínu áðan. Hún heldur því fram að málið sé vanbúið þegar það er staðreynd að nefndin fór vel yfir málið. Um það snerust fjölmargir fundir hennar.

Virðulegi forseti. Eftir þá yfirferð er skýrt í huga meiri hluta nefndarinnar, þ.e. allra nefndarmanna nema hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur, að þessi 0,1% regla muni falla úr gildi árið 2014 þegar samningstímanum lýkur. Það er skilningur nefndarinnar. Það að hv. þingmaður skuli gera jafnlítið úr því og hún gerði í sinni ræðu þykir mér leitt. Ég er undrandi yfir því og mér þykir það alger óþarfi.

Það er skilningur okkar og niðurstaða nefndarinnar eftir ítarlega yfirferð og samráð við iðnaðarráðuneytið, að staðan árið 2014 verði þannig, alveg skýrt, að búið verður að breyta þessum aðalsamningi og þessi hafnar- og lóðasamningur falli úr gildi. Þá standa eftir lögin eins og þau verða og sömuleiðis auðvitað réttur Hafnarfjarðarbæjar og Alcans til að semja vilji menn fara aðrar leiðir en lögin segja til um.

[12:11]

Frsm. minni hluta iðnn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kann að vera rétt hjá hv. þm. Katrínu Júlíusdóttur að ekki sé ágreiningur um staðreyndir. Málið bar einfaldlega ekki þannig að. Misvísandi gögn voru lögð fyrir nefndina trekk í trekk á þeim mörgu fundum sem voru haldnir vegna málsins. Það gafst í raun ekki tóm til að fá endanlega og skriflega eina niðurstöðu í málið. Þess vegna er notað orðalagið álit meiri hlutans, um skilning nefndarinnar að höfðu samráði við iðnaðarráðuneytið.

Á sama fundi var dreift plaggi sem er undirritað af hafnarstjóra Hafnarfjarðarbæjar, Má Sveinbjörnssyni, dagsettu 12. júní, þar sem fram kemur sá skilningur að bæjarstjórn Hafnarfjarðar hafi ekki fjallað um málið. En sá skilningur er þar skriflegur að munað geti um 40 millj. kr., hér segir 39 millj. kr., eftir því hver afdrifin verða eftir árið 2014 á þessu 0,1% vörugjaldsákvæði.

Ég endurtek bara það sem ég sagði áðan. Að sjálfsögðu hefði ríkið átt að leysa úr þessum ágreiningsefnum gagnvart sveitarfélaginu. Þetta eru annars vegar 100 millj. kr. en hins vegar getur munað 40 millj. á ári eftir árið 2014. Það leyfi ég mér, herra forseti, að kalla vanbúið, að koma með málið svona inn. Ég sé ekki, eftir allan þann drátt sem orðinn er, að það hefði skipt sköpum eða skaðað hagsmuni nokkurs aðila að málinu að geyma það fram til haustsins.

[12:13]

Frsm. meiri hluta iðnn. (Katrín Júlíusdóttir) (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við tökum fram í nefndaráliti meiri hlutans að skort hafi á samráð í öllu ferlinu. Um það er ekki deilt á milli okkar nefndarmanna og hv. þm. Álfheiðar Ingadóttur.

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður dregur fram, sem er hárrétt, bréf frá hafnarstjóra, Má Sveinbjörnssyni. Þar er deilumál sem við í nefndinni ræddum ítarlega um, þ.e. túlkun á hafnar- og lóðasamningnum og því hvað gerist eftir 2014. Það er akkúrat kjarni málsins. Þegar þetta álitamál kom upp fór nefndin af stað og reyndi að skoða hvað mundi gerast eftir 2014. Það er hárrétt hjá hv. þingmanni. Þetta kom upp í nefndinni.

Eftir yfirferð og eftir að hafa fengið að heyra frá Hafnarfjarðarbæ að það væri álitamál hvað gerðist eftir 2014 komumst við að þeirri niðurstöðu að þessi samningur mundi þá fallinn úr gildi og þar með 0,1% reglan.

[12:15]

Frsm. minni hluta iðnn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir leitt ef hv. þingmaður telur mig vera að búa til ágreining. Ég held að öllum megi vera ljóst að málið ber þannig að að á fundi nefndarinnar er kynnt það samráð sem haft var við iðnaðarráðuneytið, símleiðis vegna þess að starfsmenn þar voru erlendis, eins og ég segi, um hásumartímann, annars vegar um að það sé óhætt að trúa því að þetta falli niður á árinu 2014 og hins vegar lá þar fyrir það mat hafnarstjórans sem ég vil leyfa mér að lesa upp, með leyfi forseti:

„Það lítur þannig út að eftir að samningstíminn rennur út 2014 muni 0,1% reglan halda gildi sínu um ókomin ár."

Þetta stendur í þessu bréfi og lái mér hver sem vill þótt ég segi að málið beri ekki rétt að. Það hefði verið hægt að vinna það betur og spara málaþras fyrir Hafnarfjarðarbæ sem þarf núna væntanlega að sækja rétt sinn með tilraunum til áframhaldandi samninga og jafnvel fyrir dómi varðandi gildistímann og síðan aftur til Alcans og jafnvel þeirra sem

það kunna að eiga á árinu 2014 að breyta þessum samningi. Ég tel að það eigi ekki að láta mál bera að með þessum hætti, allra síst þegar það er upplýst að beiðnin kom fram 23. maí 2003 og 2–3 mánuðir í viðbót, fram til haustþings, hefðu ekki skipt sköpum fyrir afgreiðslu málsins en hefði getað létt þessari óvissu. Í nefndarálitinu hefði getað staðið að nefndin „væri þess fullviss" og að nefndin „hefði fengið staðfest" í stað þess að hér stendur að það sé „skilningur nefndarinnar". Í þessu er afstaða mín fólgin, virðulegi forseti.

[12:17]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S):

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs í umræðunni um frumvarp til laga um lagagildi viðaukasamnings milli íslenska ríkisins og Alcans sem snýr að skattalegri meðferð fyrirtækisins.

Eins og fram hefur komið í umræðunni hafa skattamál fyrirtækisins verið sérstök að því leytinu til að um þau hefur verið fjallað í sérstökum samningi sem upprunalega var gerður fyrir rúmum 40 árum þegar fyrirtækið eða forveri þess hóf starfsemi hér á landi. Í stað þess að greiða gjöld samkvæmt almennum íslenskum skattalögum hefur fyrirtækið greitt sérstakt framleiðslugjald. Í samningum þess við íslenska ríkið hefur frá upphafi verið ákvæði þess efnis að fyrirtækið geti, ef það svo kýs, óskað eftir því að breyta þessu fyrirkomulagi þannig að um það gildi almenn íslensk skattalög. Fyrirtækið ákvað eins og kunnugt er árið 2003 að nýta sér þetta ákvæði og hófu samningsaðilar þá viðræður sem lauk með viðaukasamningi þeim sem við munum væntanlega lögfesta síðar í dag.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu og tel að öll meginefnisatriði hennar séu komin fram. Ég vek samt athygli á því sem ég tel vera stóru fréttina í þessu máli, og er mjög gleðileg að mínum dómi, þá að fyrirtæki eins og Alcan sem getur rekið fyrirtæki sitt hvar sem er í heiminum sjái sér hag í því að láta af hendi sérsamninga til 40 ára til að fara yfir í almennt íslenskt skattaumhverfi. Fyrirtækið tekur ekki þá ákvörðun nema vegna þess að íslenskt skattaumhverfi er á heimsmælikvarða eftir þær gagngeru breytingar sem gerðar hafa verið á því á undanförnum árum. Þær breytingar urðu hins vegar ekki af sjálfu sér, heldur voru þær afrakstur pólitískrar hugmyndafræði og markvissrar stefnumótunar sem oft hefur verið tekist á um, sérstaklega í þessum sal.

Stefna um lækkun skatta á einstaklinga og fyrirtæki og einföldun kerfisins alls hefur skilað ótvíræðum árangri og verið sannkölluð innspýting fyrir íslenskt atvinnulíf. Það sést vel á því hvernig skatttekjur ríkisins hafa stóraukist frá því að skatthlutfallið var lækkað á sínum tíma úr 30% niður í 18%. Hæstv. forsætisráðherra sagði eftirfarandi í ræðu á viðskiptaþingi Viðskiptaráðs Íslands í vor, með leyfi forseta:

„Jákvæð reynsla okkar af skattbreytingum á undanförnum árum styrkir mig í þeirri trú að ef við göngum enn lengra í þessum efnum munum við ná meiri árangri við að byggja hér upp öflug fyrirtæki sem aftur skila miklum skatttekjum. Við eigum ekki að vera í samkeppni við skattaparadísir um illa fengið fé. En íslensk stjórnvöld eiga að setja sér það markmið að vera með eitt samkeppnishæfasta skattaumhverfi í heimi og ganga helst aldrei skemur en samkeppnisþjóðir okkar í umbótum. Ef við náum árangri í að laða hingað fjármagn skjótum við sterkari stoðum undir hinn opinbera rekstur og tryggjum öflugt velferðarkerfi þjóðarinnar."

Ég tek heils hugar undir þessi orð hæstv. forsætisráðherra og hvet okkur öll sem hér erum til að halda áfram á þessari braut og tryggja að hér verði áfram samkeppnisfært umhverfi fyrir fyrirtækin í landinu til að starfa í. Þannig náum við að halda í góð og öflug fyrirtæki eins og það sem hér er til umfjöllunar í dag en náum vonandi einnig fleiri slíkum hingað til lands til hagsbóta fyrir okkur öll.

[12:21]

Frsm. minni hluta iðnn. (Álfheiður Ingadóttir) (Vg) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það sem hv. þingmaður sagði um mikilvægi þess skrefs að létta af öllum sérreglum og sérákvæðum í fyrirtækjarekstri þannig að eitt megi yfir alla ganga. Ég tek undir það sem hv. þingmaður sagði um mikilvægi þess. Ástæðan fyrir því að Alcan kýs að fara inn í þetta umhverfi núna eða fór fram á það fyrir fjórum árum er væntanlega sú að fyrirtækið sér sér hag í því enda kemur fram í fylgiskjali frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins að ríkið þarf að endurgreiða að því er mér sýnist í fljótu bragði um 200 millj. kr. til Alcans fyrir hvert það ár sem liðið er frá því að þetta kom fram.

Ég nefndi við 1. umr. að það er fleira en skattskil fyrirtækis af þessum toga sem skiptir máli. Það sem skiptir höfuðmáli er raforkuverðið og raforkusamningurinn og ég spyr hv. þingmann eins og ég spurði við 1. umr.: Er hún mér sammála um að þar eigi líka að vera skýrar og ljósar reglur og allt uppi á borði? Í fyrsta samningi ríkisins við Alusuisse frá 1967 hvíldi engin leynd yfir raforkuverðinu. Hún var fyrst tekin upp 1995 eða 1996. Ég hvet hv. þingmann til að styðja viðleitni okkar vinstri grænna í að létta hulunni af raforkuverði til stóriðju á Íslandi.

[12:23]

Ragnheiður E. Árnadóttir (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er afar ánægð með það að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir skuli vera mér sammála um það að afnám sérreglna fyrir fyrirtæki sé til bóta og fagna því að við séum sammála um það.

Varðandi afnám leyndar á orkusamningi er ég ekki alveg eins sammála hv. þingmanni. Ég tel þau rök að þarna sé um að ræða viðskiptasamninga fyrirtækja sem eru í samkeppni hvert við annað vega þyngra en þau rök sem þingmaðurinn nefndi.

[12:23]

Gunnar Svavarsson (Sf):

Virðulegi forseti. Ég ætla örlítið að blanda mér í umræðuna og lengja hana því að hér er búið að segja ýmislegt í framhaldi af viðamikilli umræðu sem við áttum sl. fimmtudag, í 1. umr. um þetta mál. Ég verð að segja fyrir mitt leyti að ég er ánægður með hvað hv. 11. þm. Reykv. s., Álfheiður Ingadóttir, er orðinn mikill talsmaður Hafnarfjarðarbæjar í málunum og hvernig hún í raun ber mál sitt fram í þessum efnum. Ég hef bent á að menn þurfi að gæta þess á Alþingi

að tala vel til sveitarfélaganna og horfa á að tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga sé mál sem þurfi að taka upp. Ég geri mér grein fyrir að hv. þm. Álfheiður Ingadóttir er væntanlega að vísa til þess í umfjöllun sinni að þetta mál sé þannig vaxið að það tengist tekjuauka eða tekjubreytingu sveitarfélagsins Hafnarfjarðarbæjar. Þar af leiðandi get ég tekið undir ýmislegt sem hv. þm. Álfheiður Ingadóttir hefur sagt í ræðu sinni en ég ætla hins vegar ekki að fara yfir þá hluti heldur vísa til nokkurra atriða sem ég benti á síðasta fimmtudag. Að vísu var umræðan þá mjög víðfeðm, eins og kom kannski fram í andsvörum áðan, að farið var að tala um orkusamninga og umhverfismál, orkufyrirtæki og stóriðju vítt og breitt um landið.

Það er skemmtilegt til þess að hugsa að dagsetningin, þ.e. árið 2014, er nákvæmlega sú sama og gildistaka á núverandi samningum sem álverið í Straumsvík hefur við Landsvirkjun varðandi núverandi framleiðslu. Það má því kannski segja að öll sú umræða sem verið hefur í morgun segir okkur að menn horfi til þess að álverið í Straumsvík verði með starfsemi sína í Hafnarfirði ekki bara fyrir 2014 heldur líka eftir 2014 þar sem áherslan er á að búið sé að semja um ákveðin atriði er lúta að hafnarstjórn og hafnarmannvirkjunum eftir þann tíma, enda hef ég fulla trú á að álverið í Straumsvík muni ganga inn í það fyrirkomulag sem nefndarálit meiri hluta iðnaðarnefndar gerir ráð fyrir, þ.e. að eftir 2014 verði hægt að taka upp nýjan samning og/eða þá að menn gangi einfaldlega inn í gjaldskrárákvæði Hafnarfjarðarhafnar á þeim tíma.

Vandamálið kannski við þetta mál frá því að það birtist fyrst — og er rétt að geta þess að það voru forsvarsmenn álversins í Straumsvík sem vöktu á því athygli í kjölfarið af skattbreytingum sem urðu á meðal fyrirtækja í landinu og ýttu af stað öðru máli sem tengist sveitarfélögunum, svo ég víki að því og hef vikið að því, en það er fjölgun einkahlutafélaga hér á landi sem er mjög af hinu góða. Sveitarfélögin hafa hins vegar talið að í þeirri gríðarlegu fjölgun hafi þau borið svolítið skarðan hlut frá borði má segja í sköttum þannig að útsvar sem þó hefur hækkað á milli ára líkt og skattar af fyrirtækjum, útsvarsgreiðslur frá einstaka aðilum, séu lægri en ella ef við hefðum verið í hinu gamla umhverfi. Ég held að þetta sé atriði og ég finn fyrir því á þinginu að þetta eru atriði sem menn vilja skoða í alvöru og hætta í sjálfu sér að ræða um það heldur að líta frekar á það þannig að tekjustofnar sveitarfélaganna styrkist.

Ég tek alveg undir að það var má segja gleðiefni og þjóðþrifamál að fara fram með umræddar skattbreytingar á sínum tíma gagnvart íslenskum fyrirtækjum. Ég fann fyrir því á þeim tíma hversu mikið það skipti máli. Það skipti miklu máli að búa það umhverfi til fyrir fyrirtæki hér á landi að þau gætu starfað til jafns við aðra því að við erum þó að horfa á þetta í alþjóðlegu samhengi. Þetta hefur þýtt að ýmis fyrirtæki sem voru að hugsa um að flytja starfsemi sína úr landi hafa haldið henni uppi hér á landi og það hefur orðið þó nokkuð mikill vöxtur í atvinnulífinu á undanförnum árum og þarf enginn að deila um slíkt.

Það sem hins vegar gerðist var að forsvarsmenn álversins í Straumsvík settust niður við reiknilíkanið sitt og sáu einfaldlega að sú samkeppni sem þeir voru komnir í við önnur álfyrirtæki hér á landi, miðað við það skattaumhverfi sem þeim var boðið, leiddi til þess að þeir voru bundnir við það í samningnum að bera skarðan hlut frá borði. Þess vegna lýstu þeir því yfir strax þegar umræddar skattbreytingar fóru í gegn, að þeir mundu sækjast eftir því að taka upp samninginn. Það var gert strax 2001–2002. Þá hófst vinna hjá Hafnarfjarðarbæ að meta allar fasteignir álversins í Straumsvík. Það var gríðarlega mikil vinna því það var eitt af lykilatriðunum að ef álverið færi inn í íslenskt skattaumhverfi mundi það um leið fara að borga fasteignaskatta til Hafnarfjarðarbæjar og hætta að greiða svokallað framleiðslugjald. Þessi vinna var á endapunkti á haustdögum árið 2002 og álverið var ekki sátt við niðurstöðu fasteignamatsins og kærði það til yfirfasteignamatsnefndar en á vordögum 2003 sættist álverið á niðurstöðuna, enda í raun ekki annað hægt. Og eins og komið hefur fram í umræðum óskuðu þeir eftir því formlega í maí 2003 að fara inn í nýtt íslenskt skattaumhverfi — eða ekki nýtt, í raun og veru það umhverfi sem önnur álfyrirtæki og önnur fyrirtæki eru í.

Síðan má segja að sá tími sem hefur liðið frá maí 2003 til dagsins í dag sé allt of langur miðað við þetta verkefni og það hefur auðvitað ýmislegt þvælst þarna inn á milli. Það urðu m.a. eigendaskipti í álverinu á sama tíma og önnur stór verkefni sem álverið vann að sem voru sett á forgangslistann.

Hafnarfjarðarbær stóð í þeirri meiningu að hann mundi koma að þessari samningsgerð á einn eða annan hátt. Taka má undir ýmislegt sem sagt hefur verið í umræðunni, t.d. að samningstæknin gekk út á það að halda Hafnarfjarðarbæ upplýstum um það sem var að gerast en ekki það að vera beinn samningsaðili, enda er frumvarpið sem hér er til umræðu um viðaukasamninginn, þetta er tvíhliða samningur. Hafnarfjarðarbær á ekki beina aðild að samningnum. Niðurstaða mín í málinu er því einfaldlega sú að það hefði mátt vera víðtækara samráð. Eins og kom fram hjá hæstv. viðskiptaráðherra í morgun var viðamikið samráð þegar verið var að vinna lög um verðbréfaviðskipti, kauphallir og fjármálafyrirtæki, en víðtækara samráð hefði mátt vera í þessum efnum. Hins vegar eins og ég sagði áðan verðum við að horfa til þess að umræddur viðaukasamningur er á milli ríkisstjórnar Íslands og Alcan Holdings Switzerland um álbræðsluna í Straumsvík. Hafnarfjarðarbær er ekki beinn aðili að þeim samningi. Ég geri því fastlega ráð fyrir að þegar umrædd lög hafa tekið gildi muni sveitarfélagið Hafnarfjörður óska eftir, eins og kemur fram í nefndaráliti meiri hlutans, með leyfi forseta, þar sem segir:

„Fulltrúar Hafnarfjarðarbæjar sem komu fyrir nefndina greindu frá því að þeir mundu reyna að leita samninga við ríkið beint vegna greiðslna fyrir árið 2004.“

Þetta er í raun annað atriði sem ég vík að. Ég er einfaldlega að segja að ég hafi minni áhyggjur af þessu varðandi hafnarmálin en ég hef meiri áhyggjur af því sem ég nefndi og geri því fastlega ráð fyrir að Hafnarfjarðarbær muni, líkt eins og önnur sveitarfélög á Íslandi mundu líklegast gera, fara þess á leit við ríkið að endurgreiða þær tekjur sem sveitarfélagið hefur á beinan og óbeinan hátt misst vegna þess að gildistakan er ekki þann 1. janúar 2004 eins og bæjarfélagið stóð í trú um.

Við skulum ekki gleyma því í umræðunni að ríkið er þá kannski ekki að missa neinn spón úr aski sínum að því leyt-

inu til að við það, hv. þingmenn, að Alcan tekur ákvörðun um að semja um það 1. janúar 2005 hefur ríkið fengið vegna ársins 2004 hátt í 350 millj. kr. meira en ella. Þó að ríkið mundi ganga fram og ná samningum við Hafnarfjarðarbæ um greiðslu á vangoldnum fasteignagjöldum vegna 2004 eða einhvers konar mismununar, þá mun ríkið alltaf halda eftir um 200–250 milljónum. Það er trú mín að þeir aðilar af hálfu ríkisins sem munu fara fram með þetta verkefni og leita samninga við Hafnarfjarðarbæ munu gera það á sanngjarnan hátt og ég held að þetta mál endi farsællega.

Ég vék örlítið að því í ræðu minni á fimmtudaginn, þriðja atriðinu í þessu máli, sem tengist má segja mengun og mengunarvörnum og er samningurinn um það frá 1966, þ.e. grunnsamningurinn. Mengunarvarnir álversins í Straumsvík hafa gerbreyst á þeim tíma og auðvitað batnað bæði varðandi flúor- og brennisteinstvíoxíð en á þeim tíma, árið 1966, var sett í lög svokallað svæði takmarkaðrar ábyrgðar. Það svæði takmarkaðrar ábyrgðar er lögfest eins og ég sagði í þessum samningi og það tryggir í raun og veru að álverið og starfsemi þess hefur takmarkaða ábyrgð gagnvart mengun á svæði sem umlykur álverið. Þetta svæði er nokkuð stærra en svokallað þynningarsvæði álversins en þynningarsvæðið er síðan fest í aðalskipulag Hafnarfjarðarbæjar. Hafnarfjarðarbær hefur lagt til við álverið og aðra að þessi tvö svæði séu sett í sömu línu, séu jafnstór að stærð þannig að þau kyssist í rauninni, og þar af leiðandi þarf á einhverjum tímapunkti, og ég vona að iðnaðarnefnd skoði það mál, að taka það upp á þingi að minnka þetta svæði takmarkaðrar ábyrgðar.

Nú lá líka ljóst fyrir í deiliskipulagi sem nokkuð var til umræðu á vormánuðum og hv. þingmenn muna eftir enda kom það fram í umræðum á fimmtudaginn í síðustu viku, að umrætt deiliskipulag sem gerði ráð fyrir stækkuðu álveri í Straumsvík gerði ráð fyrir enn minna þynningarsvæði en nú er sýnt í aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar. Ef það deiliskipulag hefði verið samþykkt eða farið til auglýsingar hefði komið enn ríkari krafa frá Hafnarfjarðarbæ gagnvart álverinu og ríkisstjórninni að svæði takmarkaðrar ábyrgðar mundi minnka sem því næmi. En ljóst er að umrætt þynningarsvæði verður a.m.k. ekki minnkað á næstunni vegna þess að deiliskipulagið náði ekki fram að ganga á þeim tíma, en þetta er þá líka verkefni sem við horfum fram á og við verðum að horfa á það að þegar umrætt svæði takmarkaðrar ábyrgðrar var sett í lög 1966 var viðhorf okkar til umhverfismála allt annað, auk þess sem tæknin við mengunarvarnir var allt önnur. Það skiptir því miklu máli fyrir sveitarfélagið að umrætt svæði verði minnkað en vissulega verðum við líka að horfa á það að fyrirtækið hefur ákveðinna hagsmuna að gæta og er auðvitað með þetta svæði lagabundið og þar af leiðandi þyrfti að taka þann samning upp líkt eins og hér er verið að gera.

Ég mun greiða þessum lögum síðar í dag atkvæði mitt á jákvæðan hátt. Ég mun hins vegar gera grein fyrir atkvæði mínu en ég verð að gera það líklegast í styttra máli en ég hef gert núna. Ég vil sérstaklega taka undir ýmislegt sem hér hefur verið sagt, t.d. það sem hv. 9. þm. Suðvest., Ragnheiður E. Árnadóttir, nefndi, að vissulega er fagnaðarefni að Alcan, álverið í Straumsvík, sé að fara inn í íslenskt skattaumhverfi, sé að lækka í raun tekjuskattsprósentu sína úr 30% í 18%. Það er fagnaðarefni að fyrirtækið sækist eftir því að fara inn í sama umhverfi og önnur fyrirtæki því ef umhverfið væri ekki með þeim hætti þá hefði fyrirtækið líklegast ekki viljað taka samninginn upp. Á sama hátt má segja að hv. iðnaðarnefnd sé búin að ná niðurstöðu varðandi hafnarmálin og hvað verður um þau eftir 2014. Í þriðja lagi er nokkuð ljóst að Hafnarfjarðarbær hefur gert grein fyrir því að hann mun sækja um endurgreiðslu vegna ársins 2004 og ég hef farið yfir það að ég geri ekki ráð fyrir öðru en að þeir aðilar sem koma að því af hálfu ríkisins muni taka því jákvætt. Í fjórða lagi hef ég minnst á að næsta verkefni varðandi þessa samningsgerð sem á rætur að rekja til ársins 1966, er að taka upp svæði takmarkaðrar ábyrgðar og ná að minnka það til jafns við svokallað þynningarsvæði eins og það er sýnt í aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

[12:41]

Kristján Þór Júlíusson (S):

Virðulegi forseti. Þar sem ég er líkast til síðasta jómfrúin á þessu sumarþingi, (**Gripið fram í:** Ekki alveg.) ekki alveg, ein af síðustu, ég þakka leiðréttinguna, þá þykir mér við hæfi að hafa nokkur orð um þetta mál sem ég átti hlut að að vinna ásamt hv. þingmönnum í iðnaðarnefnd.

Það hefur mikið farið fyrir því í umræðunni hér að hún kristallast í kringum sveitarfélagið Hafnarfjörð en hins vegar minna þeim orðum og áherslum sem í frumvarpinu eru sem lúta að því sem m.a. kom fram við 1. umr. málsins hjá hv. þingmönnum Sigurði Kára Kristjánssyni og Pétri H. Blöndal, sem hældu þessu frumvarpi í hástert, ekki síst fyrir það hversu skemmtileg staðfesting felst í frumvarpinu á því að íslenskum stjórnvöldum hefur á síðustu árum tekist að skapa fyrirtækjunum í landinu gott skattalegt umhverfi. Hv. þm. Pétur H. Blöndal gekk jafnvel svo langt í gleði sinni að líta á frumvarp þetta sem vottorð um það að íslenskt atvinnulíf byggi við samkeppnisfærar skatta- og eftirlitsreglur líkt og best gerðist í veröldinni og ég tek heils hugar undir þau orð hans.

Í áratugi hefur álbræðslan í Straumsvík verið undanþegin íslenskum lögum varðandi ýmis ákvæði sem á sama tíma hafa íþyngt íslenskum hlutafélögum. Nú ber svo við að Alcan óskar eftir því að losna undan samningsbundnum ívilnunum vegna álversins í Straumsvík og vill fá að starfa í sama skattalega umhverfi og önnur fyrirtæki á Íslandi. Því ber að fagna að hið almenna skattalega umhverfi sé orðið eftirsóttara en skattlagning á sérkjörum.

Á síðustu árum hafa íslensk fyrirtæki verið í harðnandi samkeppni við erlend fyrirtæki, bæði hér heima og heiman, og því er brýn þörf á að skattaumhverfi okkar sé hvort tveggja í senn stöðugt og örvi jafnframt atvinnulífið til frekari sóknar. Frumvarpið mun vissulega létta útgjöldum sem áður gengu til ríkissjóðs af álverinu í Straumsvík en að sama skapi fær fyrirtækið þá aukið svigrúm til athafna.

Sömuleiðis má gera ráð fyrir því að vinir Hafnarfjarðar um allt land muni einnig kætast við samþykkt og afgreiðslu þessa frumvarps. Fasteignaskattar af húseignum álverksmiðjunnar verða lagðir á og innheimtir og í bæjarsjóð þeirra Hafnfirðinga munu greiðslur vegna þessa aukast um u.þ.b. 100 millj. kr. á ári. Mér segir svo hugur að væntanlega verði bæjarfulltrúar í Hafnarfirði ekki í vandræðum

með ráðstöfun á þessum viðbótartekjum til hagsbóta fyrir umbjóðendur sína.

Hitt er svo aftur annað mál hvernig þeir samningar sem eru grunnur þessa frumvarps hafa gengið. Eitt atriði vil ég þó nefna sérstaklega hér. Það er ljóst af viðtölum við gesti sem mættu á fund hv. iðnaðarnefndar við yfirferð málsins að bæjarstjórn Hafnarfjarðar þykir samráð við sveitarstjórnina hafa verið í lágmarki og er ástæða til að beina þeim eindregnu tilmælum til þeirra ríkisstofnana sem koma að vinnslu mála sem þessara að virða rétt sveitarstjórna til samningsgerðar varðandi verkefni og tekjustofna þeirra. Í máli sem þessu er bæði eðlilegt og sjálfsagt að sveitarfélagið sé frá upphafi samningaviðræðna fullgildur þátttakandi í ljósi þeirra miklu hagsmuna sem í húfi eru fyrir Hafnarfjarðarbæ.

Að lokum, virðulegi forseti, get ég ekki látið hjá líða að nefna áður en ég geng út í sumarið, ekki lengur jómfrú á hinu háa Alþingi, að upplifun mín á störfum þingsins á þessu sumarþingi hefur verið nokkuð einkennileg. Mér hefur þótt með ólíkindum oft og tíðum hversu þingmenn fara vítt um völl í umræðum um einstök mál. Af þessum stuttu kynnum hef ég sannfærst um gildi þeirra orða sem hæstv. forseti flutti þingheimi við upphaf sumarþings og lutu að því að koma betri skipan á störf og skipulag þingstarfa.

[12:45]

Gunnar Svavarsson (Sf) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég óska hv. 1. þm. Norðaust., Kristjáni Þór Júlíussyni, til hamingju með jómfrúrræðu sína og fagna því sem kom fram í orðum hans um þann stuðning sem Hafnarfjarðarbær og þeir sem þar búa mega eiga von á varðandi það að klára þetta mál allt til enda. Enda hef ég fundið fyrir því í umræðunni að það er ríkur stuðningur við það mál líkt og ég kom hér að áðan.

Ég vil hins vegar víkja að þeim orðum hans í ræðunni sem lúta að skattaumhverfi íslenskra fyrirtækja og þeim tímamótum sem urðu í því rétt upp úr síðustu aldamótum. Ég skildi það svo, og vil þá fá það staðfest, að hv. þingmaður hafi verið sammála mér í því að það væri líka stórt verkefni sem biði okkar á hinu háa Alþingi við að taka upp umræður um tekjustofna sveitarfélaga og verkefnaflutning og að tekjustofnar sveitarfélaga eða tekjur þeirra hefðu á óbeinan hátt rýrnað þó að þær hafi aukist á umliðnum árum í kjölfar breytinganna.

Ég hjó eftir þessu í ræðu hans sem var um margt góð, og líklega sú besta sem hann hefur flutt hingað til á þinginu, en ég vildi fá það staðfest að það væri fullur skilningur okkar á milli í þessu máli.

[12:47]

Kristján Þór Júlíusson (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst af öllu þakka þann heiður sem hv. þm. Gunnar Svavarsson, formaður fjárlaganefndar, sýnir þeim sem hér stendur að kalla eftir andsvari við það sem ég hafði fram að færa. Hann vekur hér að sjálfsögðu máls á ágætu og mjög mikilvægu umræðuefni í málefnum sveitarfélaga og samstarfi þeirra við ríkið.

Á sama hátt og ég geri ráð fyrir að forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, Gunnar Svavarsson, vilji eiga þessar viðræður við forseta bæjarstjórnar Akureyrar, sem heitir Kristján Þór Júlíusson, þá dreg ég ekki í efa að varaformaður og formaður í hv. fjárlaganefnd muni eiga góða viðræðu og mjög efnismikla og árangursríka á komandi vetri um álitaefni í tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

[Fundarhlé. — 12:49]

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:04]

1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, EKG, EOK, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HöskÞ, IllG, JónG, JM, KVM, KaJúl, KÓ, KHG, KÞJ, MS, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, SVÓ, StB, ÞSveinb.

6 þm. (AtlG, ALE, ÁI, ÁÞS, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, BJJ, BjH, BjörkG, BBj, EMS, GLG, GÞÞ, GÁ, HHj, ISG, IIG, JóhS, KJak, KLM, LB, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddur.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:03]

Gunnar Svavarsson:

Virðulegi forseti. Ég hef farið yfir sjónarmið mín í þessu máli, bæði á fimmtudaginn og í morgun. Ég ítreka að umræddur samningur er tvíhliða samningur, annars vegar á milli ríkisstjórnar Íslands og Alcan Holdings, en Hafnarfjarðarbær á eftir að sækja ákveðin atriði til ríkisins eins og kemur fram í nefndaráliti. Ég styð þetta frumvarp og vísa að öðru leyti til þess sem ég sagt í umræðu um þetta mál.

[14:03]

Álfheiður Ingadóttir:

Virðulegi forseti. Ég hef lýst þeirri skoðun minni að ég telji þetta mál vanbúið. Ég tel mjög mikilvægt að standa fast á rétti sveitarfélaga í stóru og smáu til þess að halda utan um tekjustofna sína gagnvart ríkinu og ég tel að þess hafi ekki verið nógsamlega gætt í þessu máli. Ég sit því hjá við atkvæðagreiðsluna.

2.–3. gr. og fylgiskjal samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, BjörgvS, EKG, EOK, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GSv, HöskÞ, IllG, JónG, JM, KVM, KaJúl, KÓ, KHG, KÞJ, MS, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, SVÓ, StB, ÞSveinb.

6 þm. (AtlG, ALE, ÁI, ÁÞS, IIG, ÞBack) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁKÓ, ÁJ, ÁMM, BJJ, BjH, BjörkG, BBj, EMS, GLG, GÞÞ, GÁ, HHj, ISG, JóhS, KJak, KLM, LB, SJS, VS, ÞKG, ÖS) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frumvarpið gengur til 3. umr.

Fundi slitið kl. 14:05.

10. FUNDUR

miðvikudaginn 13. júní,
að loknum 9. fundi.

Dagskrá:

1. Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í landskjörstjórn til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 12. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

2. Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í nefnd um erlenda fjárfestingu til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu skv. 12. gr. laga nr. 34 25. mars 1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

3. Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 26. gr. laga nr. 36 22. maí 2001 um Seðlabanka Íslands.

4. Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Viðlagatryggingar Íslands til fjögurra ára, skv. 2. gr. laga nr. 55 2. júní 1992, um Viðlagatryggingu Íslands.

5. Kosning yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

6. Kosning yfirkjörstjórnar Norðausturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

7. Kosning yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

8. Kosning yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

9. Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis suður, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

10. Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis norður, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

11. Kosning sjö alþingismanna og jafnmargra varamanna í Þingvallanefnd, til upphafs næsta þings, skv. 2 mgr. 2. gr. laga nr. 47 1. júní 2004, um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

12. Almannatryggingar og málefni aldraða, stjfrv., 11. mál, þskj. 38. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

13. Stjórnarráð Íslands, stjfrv., 1. mál, þskj. 40. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

14. Verðbréfaviðskipti, stjfrv., 7. mál, þskj. 41. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

15. Kauphallir, stjfrv., 8. mál, þskj. 42. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

16. Fjármálafyrirtæki o.fl., stjfrv., 9. mál, þskj. 43. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

17. Viðaukasamningur um álbræðslu við Straumsvík, stjfrv., 13. mál, þskj. 17. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]

Of skammt var liðið frá síðustu umr. 12.–17. dagskrármáls. — Afbrigði samþ. með 43 shlj. atkv.

Tilhögun þingfundar.

[14:07]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill geta þess að atkvæðagreiðslur verða að lokinni umræðu um 12.–17. dagskrármálið.

Almannatryggingar og málefni aldraða, 3. umr.

Stjfrv., 11. mál (afnám tekjutengingar við atvinnutekjur 70 ára og eldri). — Þskj. 38.

[14:08]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta frumvarp við 3. umr. en það er þó alveg tilefni til að fara aðeins yfir það þegar það kemur hér til lokaumfjöllunar og þessi málapakki ríkisstjórnarinnar er að renna sitt skeið á enda á þessum síðasta þingdegi. Það er nægur tími enn til kvölds og okkur er ekkert að vanbúnaði að ræða þau mál sem enn er efni til að ræða í einhverjum tilvikum og við gerum það auðvitað eins og venjulega fyrir tómum ráðherrabekkjunum því að það er eins og við manninn mælt þegar mál er tekið hér á dagskrá að þá spýtast allir hæstv. ráðherrar úr salnum.

Það sem vekur auðvitað sérstaka athygli við þetta mál sem á að vera einhvers konar fáni eða fyrsta mál ríkisstjórnarinnar hvað varðar velferðarmálasviðið og er beinlínis kynnt þannig í greinargerð að með því sé verið að stíga eitt skref af mörgum, eins og það er orðað, í átt að þeim vilja ríkisstjórnarinnar að styrkja stöðu aldraðra og öryrkja að því er varðar bætur almannatrygginga.

Þetta er allt hárrétt, hverju orði sannara. Þetta er eitt skref og eina skrefið, því að þetta er eina efnislega breytingin á sviði velferðarmála sem tekur strax gildi sem hefur efnisáhrif frá og með því að það er samþykkt. Annað sem hér hefur verið á dagskrá eru falleg fyrirheit í markmiðskenndum ályktunum. Þá vekur auðvitað sérstaka athygli hvert þetta eina skref er, skrefið, með ákveðnum greini. Það

væri auðvitað sérstaklega gaman ef talsmenn Samfylkingarinnar hefðu lagt eitthvað til umræðunnar að þessu leyti, og þá er ég í sjálfu sér ekki að tala bara um nefndarformenn eða aðra slíka sem hafa unnið málið innan þings heldur forustumenn Samfylkingarinnar sem við höfum ekki séð mikið af hér á þinginu undanfarna klukkutíma og sólarhringa.

Þetta er skrefið og það er hrátt kosningaloforð Sjálfstæðisflokksins og ályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins í þessum efnum. Punktur og basta. Það er framlag ríkisstjórnarinnar að þessu leyti, hið eina efnislega sem á að afgreiða á þessu fyrsta þingi stjórnarinnar og snýr að þessum málaflokki. Sumir feðra þetta þannig að hv. þm. Pétur H. Blöndal eigi að þessu höfundarrétt sem tillögumaður á landsfundum Sjálfstæðisflokksins. Nú veit ég það ekki en löngum var það talið athyglisvert þegar sá mikli talsmaður Sjálfstæðisflokksins í velferðarmálum gladdist yfir hlutum hér, að þá væri kannski ástæða til að hafa varann á því að þá væri hann að ná sinni frjálshyggju fram í þeim efnum.

Það er sérstaklega merkilegt, ekki síst í ljósi fallegra fyrirheita í stjórnarsáttmálanum, að þetta skuli vera skrefið sem ríkisstjórnin stígur, hrátt kosningaloforð Sjálfstæðisflokksins um að þeir sem eru orðnir eldri en sjötugir megi halda öllum sínum launatekjum og greiðslur úr almannatryggingakerfinu haldist óskertar, þannig að menn sem kunna að hafa milljónir eða milljónatugi í tekjur annars staðar frá fái óskertar greiðslur úr almannatryggingakerfinu.

Það er sérstaklega athyglisvert í ljósi þess að ekkert er gert fyrir aðra hópa og er það þá sú forgangsröðun sem t.d. jafnaðarmannaflokkurinn mikli, Samfylkingin, er stolt af, að það sé ekkert gert fyrir tekjulága eða tekjulausa öryrkja og aldraða á milli 67 ára og sjötugs og aldraða sem ekki hafa aðstæður til eða heilsu til að bæta stöðu sína með vinnu. Því það er auðvitað hárrétt, svo aftur sé vitnað í talsmann ríkisstjórnarinnar í velferðarmálum, hv. þm. Pétur H. Blöndal, að þetta lagar ekki stöðu þeirra. (Gripið fram í.) Það er hárrétt, en það er ekkert hreyft við öllu hinu. (**Gripið fram í:** Það kemur.) Það kemur, já, kannski kemur það með haustskipunum. Það segir sína sögu á hverju er byrjað. Og það er athyglisvert að Samfylkingin sem er með formann samtaka aldraðra, 60 plús, innan Samfylkingarinnar — hann situr nú á þingi, a.m.k. var sá ágæti maður, hv. þm. Ellert B. Schram, í forsvari þar, ef ég man rétt, og getur kannski staðfest að svo sé enn, hann er hér — stendur að þessu.

Það er ástæða til að ræða hér þá stefnumörkun eða þá skírskotun sem í þessari aðferðafræði er fólgin og ég tek undir margt það sem sagt var hér í umræðunum, bæði við 1. og 2. umr., um það efni. Auðvitað getur það vel komið til greina sem fyrirkomulag að við einhver tímamörk hætti menn með öllu að taka tillit til utanaðkomandi tekna þegar menn eru orðnir ellilífeyrisþegar. Hvort sú tala á að vera við sjötugt eða eitthvað ofar er útfærsluatriði. En það er svo bersýnilega ósanngjarnt að gera þetta svona nema á undan sé gengið eitthvert tímabil þar sem menn mega hafa umtalsverðar tekjur án skerðinga, þ.e. að umtalsvert frítekjumark væri þá í gildi gagnvart öðrum, þeim sem yngri eru og öryrkjum. Hér er verið að mismuna svo gróflega þessum hópum eftir stöðu þeirra eða aldri að það hálfa væri nóg.

Ég vil taka fram að við vinstri græn höfum ekki útilokað það og gerum ekki í okkar áherslum á þessu sviði að við einhver tímamörk verði hætt að horfa til atvinnutekna en það verður að vera í samhengi við áherslur í þessum málaflokki í heild sinni. Það sem þarf að innleiða hér er auðvitað aukinn sveigjanleiki. Það er ekki verið að gera það, heldur er verið að negla þetta niður við 70 ára aldursmörkin. Það var undarlegt að heyra hv. þm. Pétur Blöndal fara hér mikinn og skammast út í aldursmörk í gildandi lögum, sem flokkur hans hefur reyndar haft 16 ár til að breyta, en horfa fram hjá því að hér er verið að negla inn ný aldursmörk og það er við sjötugt, þannig að aldraðir á bilinu 67–70 ára eru í annarri og verri stöðu en þeir sem eru orðnir sjötugir. Er það mjög rökrétt?

Ef markmiðið er að auðvelda þessu fólki að halda áfram á vinnumarkaði, því sem hefur heilsu og aðstöðu til, þá er ekki gáfulegt að hafa fyrsta tímann sem í hlut á frá því að menn samkvæmt skilgreiningu teljast aldraðir og öðlast þessi réttindi, við 67 ár aldursmörkin og fram að sjötugu, svona úr garði gerð með, hvað það er, 30 þús. kr. frítekjumark sem er auðvitað eins og hver annar brandari. Ég tek því eindregið undir það að sú útfærsla sem stjórnarandstaðan flytur hér tillögur um er auðvitað að miklum mun gáfulegri.

Ef við veltum því fyrir okkur hverjir eru í mestri þörf fyrir úrlausn sinna mála, þó að við höfum fullan skilning á þessu sjónarmiði að það sé gott fyrir báða aðila, vinnumarkaðinn og samfélagið annars vegar og hina öldruðu hins vegar, að nýta starfskrafta þeirra ef þeir hafa heilsu og aðstöðu til. Ég tek innilega undir það og það voru einmitt rök okkar í stjórnarandstöðunni þegar við mæltum fyrir tillögu okkar síðastliðið haust um 75 þús. kr. frítekjumark. Hvar er nú einurð Samfylkingarinnar í því máli? Af hverju gufaði það svona harkalega upp allt saman sem stjórnarandstaðan þáverandi sameinaðist um að leggja hér til sem mikilvægustu og brýnustu verkefnin á sviði velferðarmála á síðastliðnu hausti? Þar var alveg kjarnapunktur að taka upp 75 þús. kr. frítekjumark fyrir alla, öryrkja og aldraða. Þarna er horfið frá því og þessi eini hópur valinn út úr. Hvernig skyldu aðstæður hans vera borið saman við aðra sem standa höllum fæti og þurfa að reiða sig á framfærslu með greiðslu úr hinu opinbera tryggingakerfi? Þetta er af augljósum ástæðum langbest setti hópurinn af þeim öllum vegna þess í fyrsta lagi að hann hefur heilsu til að vinna — annars reynir ekki á það — og hefur þar af leiðandi ekki útgjöld eða erfiðleika sem því eru samfara að stríða við heilsubrest og skerta eða enga starfsorku, og hann verður síðan í aðstöðu til að vinna og hafa góðar tekjur, með öðrum orðum best setti hópurinn. Þetta er augljóslega best setti hópurinn af öllum sem þarna á undir, það liggur í hlutarins eðli. Hann er tekinn hér fram fyrir alla og hann einn fær úrlausn sinna mála þegar ríkisstjórnin loksins lætur eitthvað gerast í þessum efnum. (Gripið fram í.) Já, ég segi loksins vegna þess að ríkisstjórninni var í lófa lagið að taka hér fleira með ef hún hefði svo kosið.

Það hefði verið sjónarmið út af fyrir sig ef ríkisstjórnin hefði sagt: Við ætlum ekkert að gera í þessum efnum fyrr en í haust, við ætlum að koma þá með málin undirbúin og klár, í staðinn fyrir að henda inn þessum frumvörpum og

halda hálfgert sýndarmennskuþing sem út úr kemur nánast ekki neitt nema nafnbreytingar á ráðuneytum og staðfesting á fallegum fyrirheitum úr stjórnarsáttmála í velferðarmálum og þetta eina atriði. Um þennan forgangshóp ríkisstjórnarinnar, þann hluta aldraða sem orðinn er sjötugur og er við svo góða heilsu að hann getur bætt stöðu sína með því að vinna áfram. (Gripið fram í.) Að sjálfsögðu, staddur eins og hann er gagnvart þessu kerfi að öllu öðru leyti.

Öryrkjarnir, þeir sem hafa skerta eða enga starfsorku eða eru þannig settir af einhverjum ástæðum, búsetulega eða fjölskyldulega, að þeir geta ekki unnið, eru skildir eftir. Allir hóparnir sem í raun og veru af einum eða öðrum ástæðum standa augljóslega lakar að vígi en þessir sem geta nýtt sér þetta. Ég tek aftur fram að við erum ekki að leggjast gegn því sem slíku að þessi hugsun sé höfð með, að það sé æskilegt að nýta krafta þessa fólks. Ég er eindregið þeirrar skoðunar og það er hollt fyrir samfélögin og það er reyndar gert í þó nokkrum mæli fyrst og fremst á landsbyggðinni. Þar er þetta fólk í þó nokkrum mæli að hjálpa til á hinum almenna vinnumarkaði, t.d. í verstöðvunum. Í Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum eru hjón sem vinna fullan vinnudag, konan er 77 ára og karlinn áttræður. Þau eru meðal bestu starfsmanna þess fyrirtækis og það er glæsilegt.

Við erum síður en svo á móti því að skoða það að fólk sem hefur lagt svo mikið af mörkum á langri starfsævi fái að njóta þess, m.a. í því að halda sínum greiðslum úr samtryggingarkerfinu. En það má þó velta því fyrir sér hvort það eigi að vera án nokkurs þaks. Á að hverfa að öllu leyti frá tekjujöfnunarhugsuninni þegar þetta á í hlut? Verða menn ekki að átta sig aðeins á því hvers konar almannatryggingakerfi við ætlum að hafa hér? Grunnurinn að hinu norræna samtryggingarkerfi hefur verið lengi þannig að það er ákveðin ótekjutengd samtrygging í kerfinu sem er auðvitað annað aðalsmerki hinna norrænu velferðarsamfélaga. Það tryggir að allir eiga hagsmuna að gæta í því og standa vörð um það. Það auðveldar þverpólitíska samstöðu um það og hefur alltaf gert. En það hefur líka alltaf verið þannig að ofan á þann grunn koma viðbótarráðstafanir gagnvart þeim sem lakast eru settir og þær eru gjarnan með einhverri hliðsjón af tekjum eða fjölskylduaðstöðu, eðlilega. Þannig næst síðan jöfnunin fram.

Mér finnst vera horfið frá þessu hér að vissu leyti, sérstaklega þegar þetta er gert með þessum hætti, þegar í raun og veru er byrjað á öfugum enda, byrjað á hópnum sem er best settur eða verður best settur á komandi árum. Þetta hefði gjarnan mátt koma síðast þegar menn voru búnir að gera það vel við alla þá aðra, öryrkja og aldraða, sem standa miklu lakar að vígi, hafa ekkert nema tryggingarnar, eru ekki heilsuhraustir eða eru það fatlaðir að þeir hafa enga starfsorku og geta ekkert bætt stöðu sína með þessum hætti. Þegar búið væri að taka myndarlega á þeirra málum hefði mátt skoða að klára svo verkið með þessu, að draga einhvers staðar viss mörk og segja: Þegar menn eru komnir yfir tiltekinn aldur ætlum við hins vegar að leyfa þeim að leggja sitt af mörkum, ef þeir geta, til samfélagsins án þess að það hafi nein áhrif á bætur þeirra. Hvort það hefði átt að miðast við 70 eða jafnvel hærri aldur í ljósi þess hvernig okkar líffræðilega mynd er að þróast, það má ræða slíkt.

Þetta vildi ég gera að umtalsefni, virðulegi forseti, við lokaumræðu þessa máls. Ég sakna þess reyndar dálítið að ekki skuli meira hafa verið rætt um hvernig menn sjá fyrir sér þróunina að þessu leyti á Íslandi í heild varðandi sveigjanleg starfslok, möguleika fólks til að fara að draga úr vinnu en halda áfram störfum eftir því sem heilsa þeirra, aðstæður og áhugi leyfa. Það er það sem menn eru að leita eftir alls staðar í löndunum í kringum okkur en við á Íslandi höfum afar lítið komist áfram með. Í kerfinu eins og það er úr garði gert eða virkar hjá okkur eru þessi skil allt of skörp. Það er alls ekkert í samræmi við aðstæður og áhuga fólks nú um stundir að gera þetta þannig. Þess vegna hefði auðvitað þurft að spila þetta saman við skynsamlegar ráðstafanir sem væru hluti af því að gera þetta æviskeið sveigjanlegra fyrir fólk, að það gæti betur nýtt krafta sína og aðstæður og notið lífsins í bland, eins og alls staðar er keppikefli manna og ég hygg að flestir vilji gera þegar þeir komast á þennan aldur, að sjá það gjarnan fyrir sér að geta farið að hafa eitthvað hægara um sig og eiga meiri frítíma án þess þó að vera kastað til hliðar eins og ónýtu gagni akkúrat við einhver tiltekin tímamörk. Þessi hugsun er ákaflega blind í þessu máli og ekki til bóta nema síður sé að búa til þessa aðgreiningu á öldruðum eftir því hvort þeir eru 67 eða 70 ára gamlir. Þess vegna held ég að þetta mál hljóti að þurfa að endurskoðast.

Ég veit ekki hvort það stendur í stjórnarsáttmálanum, þetta klassíska sem staðið hefur í 30 ár, að það beri að endurskoða almannatryggingalögin í heild. Ég held að það hafi í verið í eiginlega öllum stjórnarsáttmálum svo lengi sem ég man og eitthvað lengur, enda vita allir að þau eru ákaflega bætt löggjöf sem búið er að klastra í með ýmsum hætti og það væri mikið þarfaverk ef tækist að fara í almennilega heildstæða endurskoðun og upp að vissu marki einföldun á þeim lagabálki. Það mætti alveg horfa til hinna Norðurlandanna í þeim efnum þar sem slík einföldun og endurskoðun hefur víða farið fram. Ég veit ekki hvort maður er sérstaklega spenntur fyrir því að það gerist í tíð núverandi ríkisstjórnar í ljósi þess hvernig hún byrjar. Ég verð að segja að upphafið lofar ekki góðu. Það gerir það ekki ef það eina sem hér skuli konkret vera gert og eiga að afgreiðast á þessu þingi og hefur bein efnisleg áhrif og fer að virka strax, skuli vera þetta hráa fjrálshyggjukosningaloforð Sjálfstæðisflokksins.

[14:24]

Frsm. meiri hluta heilbrn. (Ásta Möller) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon verður að horfa á hlutina í samhengi. Hann hefur langt pólitískt minni, geri ég ráð fyrir, og eins og hann veit eru þrjú atriði í stjórnarsáttmálanum. Það eru þrír þættir sem snúa sérstaklega að hag aldraða sem ríkisstjórnin mun beita sér fyrir. Þetta er fyrsta atriðið, varðandi atvinnutekjur þeirra sem eru 70 ára og eldri. Það varðar sem sagt þann hóp sem hefur tök á og vilja til að vinna. Næsti hópur sem verður tekið á er sá hópur sem hefur það kannski verst meðal aldraðra. Það eru þeir sem eru með lægstar lífeyrissjóðstekjur. Það er þriðjungur þeirra sem er með undir 25 þús. kr. tekjur frá lífeyrissjóðnum á mánuði eftir því sem þær upplýsingar

sem við höfum í höndunum sýna. Síðan munum við fara í að lækka skerðingarmörkin úr tæplega 40% í 35%.

Aldraðir eru hópur sem býr við mjög ólíkar aðstæður. Sumir eru giftir en aðrir búa einir. Sumir hafa möguleika á að afla sér tekna gegnum atvinnu. Aðrir hafa lífeyrissjóðstekjur, mismunandi háar. Aðstæður fólks eru mjög mismunandi. Þær ákvarðanir sem eru teknar varðandi breytingar á lögum ná ekki endilega utan um alla þessa hópa.

Ef við horfum nokkur ár aftur í tímann, til ársins 2001, getum við rifjað upp að byrjað var á því að minnka tekjutengingu á milli hjóna. Árið 2002 gengum við lengra í því með samkomulagi sem þá var gert við aldraða. Við hækkuðum lífeyri allra og á síðasta ári var gengið enn þá lengra í því að minnka tekjutengingar á milli maka og vegna eigin tekna og lífeyrissjóðstekna.

Það sem mér fannst ekki síst athyglisvert varðandi það sem hv. þingmaður sagði var að honum fannst ekkert athugavert við að miða við einhvern tiltekinn aldur þar sem væri (Forseti hringir.) horft fram hjá atvinnutekjum. Ég spyr þá hv. þingmann: Við hvaða aldur vill hann miða? (Forseti hringir.)

[14:27]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það geti vel komið til greina. Það var vonandi skýrt í ræðu minni að miða við einhver tiltekin aldursmörk enda séu ríkleg frítekjumörk í gildi upp að þeim aldri. Þetta væri þá bara einfaldlega þannig að menn hefðu ríflega möguleika, bæði aldraðir og öryrkjar, til að bæta stöðu sína, sá hluti hópsins sem það getur heilsu sinnar vegna og aðstöðu. Á einhverjum tilteknum tímapunkti yrði síðan sagt: Eftir það hættum við með öllu að horfa til tekna, vegna þess að þá segjum við: Þetta fólk er búið að leggja sitt af mörkum.

En mér finnst ekki koma til greina að gera þetta eins og ríkisstjórnin leggur þetta upp, að byrja á þeim enda. Þá skiptir í mínum huga ekki öllu máli hvort aldursmörkin eru 70 eða 75 ár. Væntanlega færu menn ekki með þau niður nema þá þannig að frá 67 ára aldri mættu menn hafa óskertar tekjur.

Annars þakka ég hv. þingmanni fyrir að staðfesta að það er byrjað á öfugum enda. Það er byrjað á þeim best settu. Hv. þingmaður sagði að númer tvö kæmi lakast setti hópurinn — en hann er látinn bíða. Ég þakka hv. þingmanni fyrir að staðfesta að það er ekki byrjað á lakast setta hópnum. Hann kemur seinna, með haustskipunum kannski ef vel vill til. Og þá eru það þeir sem eru með mjög lágar eða engar lífeyrissjóðstekjur. Það er hárrétt. Það er hópur sem á tilfinnanlega erfitt. Um þriðjungur þeirra er líklega með tekjur undir þessum mörkum.

Móðir mín, rúmlega áttræð, er fyrrum húsfreyja í sveit. Það þarf enginn að segja mér neitt um það hvernig lífeyrisréttindum fjölmennra stétta kvenna á Íslandi er háttað nú um stundir. Ég veit allt um það.

Það er auðvitað mikið réttlætismál að taka á því, og það er jafnréttismál því að þarna eiga konur að langmestu leyti í hlut. Síðast á svo að taka á skerðingunni. Hér er það einfaldlega staðfest sem ég var að segja í ræðu minni, og ég þakka hv. þingmanni Ástu Möller hjartanlega fyrir að staðfesta að það er byrjað á öfugum enda.

[14:29]

Frsm. meiri hluta heilbrn. (Ásta Möller) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég legg áherslu á að hugmyndirnar sem koma fram í stjórnarsáttmálanum eru ein heild. Auðvitað var álitamál hvar ætti að byrja. Ég verð að segja fyrir sjálfa mig að auðvitað hefði ég viljað byrja með því að taka allt saman inn, allt þetta þrennt. Af praktískum ástæðum þótti einfaldast að byrja þarna vegna þess að útfærslan á 25 þús. kr. sem á að fara í gegnum lífeyrissjóðina krefst þess að gengið verði til samninga við lífeyrissjóðina. Það var ekki hægt á svona stuttum tíma.

Aldraðir hafa sjálfir lagt á það áherslu að þeir hafi ekki tíma til að bíða. Okkur fannst það mikilvægt til að sýna alvöru málsins að við ætluðum virkilega að fara þessa leið að sýna þá á þessi spil sem voru þarna á hendi sem auðveldast var að koma í framkvæmd.

Hv. þingmaður sagði að auðvitað gæti komið til greina að við einhvern tiltekinn aldur væri hægt að horfa fram hjá atvinnutekjum. Það var niðurstaða okkar að þessi tiltekni aldur væri 70 ár. Þegar við ræddum við fulltrúa Landssambands eldri borgara til þess að viðra þessar hugmyndir lögðu þeir sjálfir fram að hann yrði 72 ár. Okkur fannst hins vegar 70 ára aldur heppilegur. Á þeim aldri væru almennt flestir hættir að vinna — (**ÁRJ:** Landssambandið ...) Það voru viðræður sem fóru fram á milli þingmanna Sjálfstæðisflokksins, það hefur komið fram, og fulltrúa Landssambands eldri borgara. Það er ekkert leyndarmál. Þessar hugmyndir voru viðraðar þar. Þeir tóku fullan þátt í að vinna þessar hugmyndir með okkur og útfæra þær.

70 ára aldurinn þótti okkur heppilegur vegna þess að þá væru flestir hættir að vinna. Ef hv. þingmaður ætlar að miða við 77 ára aldurinn eða áttræðisaldurinn, hverjum mun þetta þá gagnast? Ég spyr. Er það þetta ágæta fólk sem hann þekkir í Vestmannaeyjum? Það er miklu nær að færa þetta niður í 70 ára aldurinn þar sem þeir hafa raunverulega möguleika á að halda áfram starfi og nýta (Forseti hringir.) sér þetta ákvæði.

[14:31]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki viss um að það skipti öllu máli að snúa þessu upp í yfirheyrslu á mér um það hvar við teljum nákvæmlega að þessi mörk eigi að liggja. Ég opnaði bara á að það mætti skoða, enda væri það í samhengi við aðstöðu hópsins þar fyrir neðan. Það ankannalega við þetta mál er auðvitað að þarna kemur bil og það skiptir kannski ekki öllu máli hvort það eru þrjú ár eða fimm ár þar sem nánast stærsti hluti teknanna hverfur ef menn reyna að vinna. Þannig er ástandið vegna tekjutenginganna og þess að til viðbótar borga menn svo auðvitað skatt af slíkum tekjum. Þá verður ósköp lítið eftir eins og hv. þm. Guðjón Arnar Kristjánsson hefur rækilega reynt að útskýra hér fyrir stjórnarliðinu en hefur kannski ekki alveg náð alla leið.

Það er þessi undarlega staða sem er búin til með þessu sem við sættum okkur náttúrlega mjög illa við. Þetta mál væri í allt öðru samhengi ef 80–100 þús. kr. frítekjumark

gilti fyrir alla upp að einhverjum tilteknum aldursmörkum. En það sjá allir hversu fáránlegt það er fyrir fólk að vera að rembast við að reyna að vinna í þrjú eða þótt það væru fimm ár og fá sáralítið af því, laga stöðu sína nánast ekki neitt, en ef það svo verður nógu gamalt lagast það ef heilsan er ekki biluð þegar þar að kemur.

Þetta er ekki rétt nálgun að mínu mati. Það væri miklu gáfulegra að reyna að innleiða sveigjanleika í kerfið þannig að menn gætu trappað niður vinnu sína og notið góðs af þeim tekjum sem þó bætast við í hóflegum mæli strax frá því að þeir hafa lífeyristökurétt sem er breytilegur hjá ýmsum eins og við vitum. 67 ára mörkin eru þar ekkert heilög. Það er 95 ára regla hjá opinberum starfsmönnum og það eru fleiri breytilegar reglur um það hvenær menn geta hafið töku lífeyris og síðan kemur almenna reglan í almannatryggingakerfinu.

Það þarf að horfa á þetta allt í samhengi. Það er ríkisstjórnin ekki að gera hér. Það er byrjað á öfugum enda, eins og nú er búið að staðfesta rækilega af stjórnarliðinu sjálfu og það er ástæða til að þakka fyrir það, það var sem sagt forgangshópurinn (Forseti hringir.) sem ríkisstjórnin eða, les: á mannamáli, Sjálfstæðisflokkurinn valdi.

[14:33]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Við ræddum þetta mál ítarlega í gær en hv. þingmaður var ekki við þá umræðu. Þetta var allt saman rætt, líka það að 80 þús. kr. sem við felldum í morgun fyrir stjórnarandstöðunni er líka frumvarp ójafnaðar. Þeir sem geta ekki unnið fá 126 þús. kr. út úr Tryggingastofnun en maðurinn við hliðina á honum, sem getur unnið, í nákvæmlega sömu stöðu byrjar ekki að skerðast fyrr en hann er kominn upp í samtals 206 þús. kr.

Þetta eru hvort tveggja ójafnaðarfrumvörp. Ég nefndi það líka í umræðunni í gær og er ekkert feiminn við það. Það sem við erum að segja er að það er sjálfsagt að nýta reynslu og krafta þess fólks sem er búið að skila sínu, orðið sjötugt, þess sem það vill. Það er mikil þörf í atvinnulífinu fyrir starfskrafta þessa fólks og það liggur á að koma þessu í gegn vegna þess að gamalt fólk getur ekki beðið, eðli málsins samkvæmt.

Það var mikil áhersla lögð á það í stjórnarmyndunarviðræðunum að ná 25 þús. kr. í gegn. Það gekk ekki tæknilega og það verður sett í gang eins hratt og hægt er, líka með það sjónarmið að baki að gamalt fólk getur ekki beðið. Það frumvarp er hins vegar afskaplega tekjujafnandi. Það er eina frumvarpið sem er virkilega til þess að jafna stöðu manna því að 10 þús. manns sem eru með minni lífeyri úr lífeyrissjóði en 25 þús. kr. munu njóta þess. Það verður mikil bót fyrir þá sem eru verst settir.

Svo vil ég benda á að það eru ein aldursmörk í viðbót. Menn geta frestað töku lífeyris til 72 ára aldurs. Það eru ýmis aldursmörk í gangi í kerfinu. Enn fremur vil ég benda á að við tókum það upp í nóvember að minnka verulega skerðingar á tekjum með því að 60% af tekjum teljist til tekna en 40% ekki.

[14:35]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Tillögur stjórnarandstöðunnar frá því í haust tóku á málinu í heild. Þær voru tekjujafnandi vegna þess að í þeim fólst ekki síst umtalsverð hækkun grunnlífeyris og tekjutryggingar, hækkun vasapeninga og lækkuð skerðingarhlutföll. Við þurfum ekkert að skammast okkar fyrir okkar framlag að því leyti.

Það er sérkennilegt ef hv. þm. Pétur Blöndal hefur tekið að sér hér alveg sérstakt talsmannshlutverk fyrir jafnaðarstefnuna og ræðst á menn fyrir að vilja ekki hafa kerfið nógu tekjujafnandi. Ég held að við skiljum þetta alveg, hv. þingmaður, þannig að við þurfum í sjálfu sér ekki ókeypis námskeið frá hv. þingmanni til að átta okkur á því. En úr því að þessi mál eru á dagskrá flytjum við um það tillögur að fara frekar frítekjumarksleið en þessa undarlegu leið Sjálfstæðisflokksins.

Þegar hv. þingmaður talar hér fjálglega um að það eigi að nýta krafta og starfsgetu þessa fólks frá sjötugu, hvað vill hann gera við 67–70 ára hópinn? Á hann að fara heim og bíða í þrjú ár og koma svo aftur inn á vinnumarkaðinn? (Gripið fram í.) Auðvitað nær þetta ekki máli, frú forseti, þegar betur er að gáð. Þetta er mótsagnakenndur málflutningur.

Varðandi 25 þús. kr. greiðslur frá ríkinu í gegnum lífeyrissjóði til þeirra sem lakari eða engan lífeyrisrétt hafa, þ.e. að tryggja mönnum lífeyri upp að þeim mörkum, er það í sjálfu sér ágæt hugsun og sérstaklega hefði ég fagnað henni ef hún hefði tekið til öryrkja líka, ef hún tæki öryrkja inn í lífeyriskerfið í þeim skilningi að stefnt væri á að mynda fyrir þá lífeyrisrétt eins og aðra landsmenn. Þeir stefna í að verða eini hópurinn sem verður utan þess kerfis sem á réttindi í lífeyrissjóðum þegar starfsævinni lýkur. Það þarf að huga að því hvernig menn ætla að búa um þeirra mál til framtíðar.

En 25 þús. kallinn gerir lítið gagn að óbreyttum skattleysis- og skerðingarmörkum, hv. þm. Pétur Blöndal. Það er búið að sýna fram á það hér. Ég held að hv. þingmaður ætti að bíða með að hrósa sér mikið af því þangað til fyrir liggur hvort ríkisstjórnin ætlar þá að sjá til þess að menn fái þá peninga.

[14:38]

Pétur H. Blöndal (S) *(andsvar)*:

Frú forseti. Í fyrsta lagi varðandi 25 þús. kr., þær gera ekki minna gagn en það að þær hækka lægstu bætur eða lægstu laun sem einstæður ellilífeyrisþegi á Íslandi getur fengið úr 126 þús. kr. upp í tæpar 140 þús. sem er töluvert meira en lægstu laun í landinu. (Gripið fram í.) Já, það gerir það. (**Gripið fram í:** Bruttó.) Bruttó, já, að sjálfsögðu. Menn tala yfirleitt alltaf um lægstu laun líka fyrir skatt þannig að það er alveg á hreinu. (Gripið fram í.)

En varðandi þá sem eru 67–69 ára heldur það fólk bara áfram að vinna eins og ekkert hafi í skorist. Menn eru nefnilega miklu frískari í dag en þeir voru fyrir 30–40 árum þegar þessi aldursmörk voru sett, miklu frískari, og geta haldið áfram að vinna til sjötugs og eiga þá í vændum þessar bætur þegar þeir verða sjötugir. Ég held að þetta sé bara mjög góð regla.

Síðan varðandi öryrkjana, þeir eru með aldurstengd lífeyrisréttindi sem voru sett á líka í tíð síðustu ríkisstjórnar á grundvelli samnings við öryrkja. Auk þess er ríkisstjórnin að vinna núna með örorkunefnd að stórlegri endurskoðun á öllu örorkumatinu og allri stöðu öryrkja þar sem á að fara að líta núna á getu manna, getu öryrkja til vinnu en ekki alltaf vangetuna. Það verður verulega mikil breyting þegar það kerfi nær í gegn og með stóraukinni endurhæfingu þar sem markmiðið er að koma fólki aftur til vinnu, aftur í tengsl við vinnumarkaðinn. Það er verið að gera heilmikið fyrir öryrkja líka.

[14:39]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)*:

Já, já, talsmaður ríkisstjórnarinnar í velferðarmálum kallar það svo að það sé verið að gera helling fyrir öryrkja líka. Við skulum sjá hvernig aðrir upplifa það.

Ég var ekki að tala um stöðu öryrkja á meðan þeir eru á örorkulífeyristímabilinu, þ.e. frá því að örorkan hefst, þ.e. ef hún er frá byrjun, og þangað til þeir samkvæmt skilgreiningu breytast í aldraða. Ég er að tala um þá stöðu sem þá kemur upp. Þá eru þeir utan lífeyrissjóðakerfisins (Gripið fram í.) af því að lífeyrisréttur er ekki myndaður hjá þeim. Það er það sem spurningin snýst um í mínum huga. Á þá ekki að taka það formlega inn í lífeyrissjóðaávinnslukerfið og greiða inn iðgjöld fyrir þá þannig að þeir myndi slíkan rétt og verði jafnsettir öðrum þegar þar að kemur? Það held ég að sé langgæfulegasta aðferðin í þessum efnum.

Varðandi þessi aldursmörk segir hv. þm. Pétur Blöndal: Þetta fólk heldur bara áfram að vinna. En staðreyndin er sú að það býr við þessar miklu skerðingar þangað til það verður 70 ára og hættir að horfa til atvinnuteknanna. Það er búin til öfug kúrfa í þessum efnum. Venjan er sú að hugsa hlutina þannig að menn hafi mesta þörf fyrir hæstu tekjurnar eftir að starfsævinni lýkur. Þá hafi þeir heilsu, aðstöðu, möguleika og áhuga til að njóta lífsins og það sé vont að höggið verði of mikið. Hins vegar sé það síður skaðlegt kannski þó að réttindin deyi út eða lækki þegar menn ná enn hærri aldri. Þannig er sérsparnaðurinn hugsaður, að halda minna bili milli atvinnuteknanna og teknanna sem taka við fyrstu árin þar á eftir. Svo deyr hann gjarnan út, kannski við 75–80 ára aldurinn.

Hér er hv. þm. Pétur Blöndal í raun og veru að búa til algerlega öfuga kúrfu. Þetta verður miklu erfiðara fyrir fólk á bilinu 67–70 ára en þá batnar ástandið fyrir þá sem hafa heilsu til að nýta sér það þegar þar að kemur. Þetta er undarleg hugsun, verð ég að segja.

[14:42]

Guðjón A. Kristjánsson (Fl):

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að flytja mjög langa ræðu um þetta mál. Það er búið að ræða það fram og til baka en þó er ýmislegt sem ástæða er til að staldra við, m.a. það að búið er að upplýsa úr þessum ræðustól að það sé skoðun fólks í Sjálfstæðisflokknum að þeir sem lakast eru settir séu þeir sem eiga minnst lífeyrisréttindi í lífeyrissjóði og geta ekki unnið. Ég er sammála þeirri skilgreiningu, ég held að hún sé rétt. Þegar ríkisstjórnin finnur upp á því að koma með tillögu um að koma peningum til þessa fólks til þess að bæta hag þess, hvaða aðferð er þá valin? Þá er valin sú leið að fara með viðbótarpeningana upp á 25 þús. kr. inn í lífeyrissjóðinn og greiða því þaðan út 25 þús. krónurnar án þess að orð sé sagt um að það eigi að búa til frítekjumark á þessar tekjur. Þetta þýðir á mannamáli að sá sem fær 10 þús. kr. í viðbót — (**PHB:** Alltaf vitað.) enda aldrei staðið til að bæta hag þeirra sem lakast eru settir. Nei, alltaf vitað. Sama hugsun og þegar menn komust að því miðað við orðin áðan að það hefði verið skoðað hverjir væru hættir að vinna og þá er sérstaklega settur inn farvegur fyrir þá. Það kostar minna. Þetta er stórmannlegt, hv. þm. Pétur Blöndal. Það sem menn eru hér að gera og tala um sem skrefið sem hefði þurft að stíga er það sem snýr að lífeyrisþegum sem eiga minni lífeyrisréttindi en 25 þús. kr. á mánuði. Það er einn þriðji af lífeyrisþegum, þ.e. þeim sem eru að fá réttindi til lífeyris. Þá hefði verið nokkurt fagnaðarefni ef hv. þingmenn og talsmenn Sjálfstæðisflokksins í tryggingamálum hefðu getað komið því út úr sér að það stæði til að búa til frítekjumark upp á 25 þús. kr. fyrir þessa lífeyrisþega þannig að þeir fengju þá þessa peninga (Gripið fram í.) til sín og borguðu bara af þeim þann skatt sem á að greiða á hverjum tíma sem er núna sami skattur og við borgum öll, þ.e. full tekjuskattsprósenta og útsvarsprósenta en ekki t.d. fjármagnstekjuskattur eins og margir hafa lagt til. (Gripið fram í.)

Þetta er framsetningin á þessu máli og hér er í raun og veru verið að útfæra lagfæringu fyrir þann hóp sem er ekki verst settur, það er búið að viðurkenna það í þessum ræðustól. Það er talað um að málið varðandi þá sem eru verst settir sé svo erfitt og flókið að það þurfi að byrja að ræða, og við hverja? Það á að byrja á að ræða við lífeyrissjóðina um það hvernig hægt sé að koma 10 þús. kalli inn í sjóðina og svo aftur út. Það þarf ekki að ræða innbyrðis um skerðingarreglurnar og skattana af þeirri krónutölu sem á að setja inn til að bæta. Það á áfram að vera svoleiðis að ríkið sé stærsti lífeyrisþeginn og fái mest til baka í þessari útfærslu. Þið hafið ekki sagt, hv. talsmenn Sjálfstæðisflokksins, að það stæði til að búa til frítekjumark á lífeyristekjur. Það hefur ekki verið sagt. Hvers vegna skyldi það vera, hv. þm. Pétur Blöndal? (**PHB:** Það kemur hátekjumönnum til góða.) Þetta er misskilningur, þetta er hins vegar frekar dýrt. (**PHB:** Nei, nei.) Það eru mjög margir lífeyrisþegar sem þurfa á þessu að halda. Þar er þörfin, þar er fjöldinn. (**PHB:** ... háu tekjurnar.) Ekki háu tekjurnar, hv. þingmaður.

Ég verð að viðurkenna að ég er eiginlega að gefast upp á því að rökræða við hv. þm. Pétur H. Blöndal um lífeyrismál. Ég veit að hann hefur þetta sem trúarsetningu og ég sagði við hann í gær, með leyfi hæstv. forseta, að ég vonaði að hann gengi á guðs vegum. Ég meina það. (**PHB:** Hvers annars?)

Það sem verið er að gera núna, svo við tökum eitt dæmi af þessu sem núna liggur í spilunum, er að talað er um að ráðstafa um 700 millj., það er áætlað, þar til viðbótar eru svo 600 manns sem ekki hafa hirt um að sækja peningana sína í Tryggingastofnun, kannski vegna þess að þeir eru vel settir og þeim hefur ekki fundist þörf á því að sækja það litla sem þeir áttu rétt á miðað við þær útfærslur í skerðingarreglum sem eru til staðar. Ef þeir allir ákveða að nýta sér

lögin eins og þau hafa verið sett þarf að láta út aðrar 780 millj. til að færa þeim sem hafa haft tekjur sem þeir hafa talið nægja sér til framfærslu og ekki hirt um að sinna þeirri viðbót sem þeir gátu fengið úr Tryggingastofnun. Ef það eru 1,3 millj. eru það 780 millj. á 600 manns sem fara til viðbótar. Þá er kostnaðurinn við þessa sérstöku tillögu ekki 700 millj. heldur tæpar 1.500 millj. og þá eru menn að velja það í forgang að setja 1.500 millj. inn í þessa leið eina og sér sem brýtur blað í útfærslu á tryggingamálum á Íslandi eins og þau hafa verið unnin á undanförnum árum. Við höfum stefnt að því að þegar settir væru fjármunir inn í tryggingakerfið værum við aðallega að bæta hag þeirra sem lakast væru settir og reyna að tryggja það með skerðingarreglum, útfærslum og frítekjumarki að þeir peningar lentu hjá þeim sem lakast væru settir Við værum ekkert endilega að bæta þá sem hafa 5 millj. í árslaun eða 10 millj. — en núna ætlum við að fara að gera það. Nú ætlum við að velja þann forgang. Þetta er algjört stílbrot á því sem allir flokkar hafa staðið að í tryggingamálum í áratugi. Menn hafa kannski deilt svolítið um leiðir en þetta er algjört stílbrot, hæstv. forseti, þannig að það er ekki skrýtið þó að menn horfi á þetta með þeim augum að það sé ekki beinlínis eftirsóknarverðasta skrefið að fara þessa leið enda hefur verið upplýst af þingmönnum Sjálfstæðisflokksins í umræðunni að það væri annað sem væri betur til þess fallið að lagfæra stöðu þeirra sem lakast eru settir og það væri annað atriði sem lægi meira á. Þetta var valið og sennilega vegna þess að þetta var ályktun á landsfundi Sjálfstæðisflokksins. Og Samfylkingin var svo góðhjörtuð að ganga inn í ríkisstjórnina með því að taka við þessu loforði, gera það að sínu. Það hlýtur að vera niðurstaðan því að hingað til hefur Samfylkingin talað um að reyna að auka jafnræði og bæta hag þeirra sem lakar eru settir. Sá hefur verið málflutningur þingmanna Samfylkingarinnar fram að þessu.

Hæstv. forseti. Ég held að það þurfi ekki að ræða þetta mál miklu meira. Ég held að það blasi alveg skýrt við þjóðinni hvernig þetta liggur. Það er verið að taka upp nýja reglu, 5. eða 6. regluna við framkvæmd greiðslu bóta frá Tryggingastofnun og nú er verið að setja það í lög að allar atvinnutekjur þeirra sem eru 70 ára og eldri, hversu háar sem þær eru, hafi engin áhrif á neinar skerðingar á bótum frá Tryggingastofnun. Þar af leiðandi geta allir yfir sjötugt haft eins miklar tekjur og þeir vilja og fengið á aðra milljón á ári í viðbótargreiðslur frá Tryggingastofnun en þeir sem eru þar fyrir neðan skulu halda áfram í skerðingarreglunum, 40% skerðingarreglur frá Tryggingastofnun á öllum lífeyri niður í — (**PHB:** 24 þúsund.) og síðan áfram, hv. þingmaður.

Svo kemur skattkerfið þar til viðbótar, þetta er forgangsröðin. Mér finnst leitt að við skulum fara þessa leið í stað þess að velja þann forgangshóp sem sjálfstæðismenn sjálfir sögðu í þessum ræðustól fyrir stuttu síðan að væri vissulega sá hópur sem lakast væri settur. Ég hefði tekið þátt í því með sjálfstæðismönnum að reyna að lagfæra þá stöðu. (Gripið fram í.) Þessa útfærslu styð ég ekki.

[14:51]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Virðulegur forseti. Já, við í Framsóknarflokknum teljum líka að þetta sé ekki rétt skref sem meiri hlutinn er að taka. Til að stytta mál mitt vil ég koma því á framfæri að hér á að nota fjármuni sem reyndar er deilt um hvað eru miklir. Í kostnaðarmatinu kemur fram að frumvarp ríkisstjórnarinnar muni kosta 560–700 millj. kr. Þó hefur komið fram í máli hv. þm. Guðjóns Arnars Kristjánssonar að hugsanlega kostar þetta mun meira, jafnvel helmingi meira, en segjum að það kosti þetta sem fram kemur í kostnaðarmatinu, 560–700 millj. kr., að afnema tengingarnar hjá þeim sem eru 70 ára eða eldri — þá er það það fjármagn sem menn ætla að setja í þetta skref, skref sem hér er búið að færa afar sterk rök bæði í 2. og 3. umr. fyrir að sé ekki það sem ætti að taka fyrst, alls ekki, og gagnast ekki þeim sem lakast eru settir. Miklu nær væri að nota þessa peninga á annan hátt eins og minni hlutinn hefur flutt tillögu um og var felld. Þar var lagt til að til að sem flestir mundu hagnast á breytingum yrði frítekjumarkið hækkað úr 300 þús. kr. upp í 960 þús. kr., bæði fyrir ellilífeyrisþega — og þá alla ellilífeyrisþega, 67 ára og eldri — og líka þá sem taka örorkubætur.

Sú aðgerð hefði kostað í kringum 490 millj. kr., virðulegur forseti, þannig að það hefði sem sagt verið nálægt neðri mörkum kostnaðarmats meiri hlutans. Sú leið hefði ekki kostað meira en meiri hlutinn er að leggja til, alls ekki, hún hefði kostað nálægt neðri mörkunum þannig að minni hlutinn lagði fram tillögu um að hækka frítekjumarkið á alla þannig að það væri hvati fyrir alla til að vinna og fá þá minni skerðingar. Það felldi hins vegar meiri hlutinn í atkvæðagreiðslu og það kemur okkur sérstaklega spánskt fyrir sjónir af því að Samfylkingin lagði svo mikla áherslu á þetta á síðasta kjörtímabili. Samfylkingin hélt varla ræðu úr þessum ræðustól nema koma því á framfæri varðandi lífeyrismálin að það ætti að hækka frítekjumarkið. Frítekjumarkið var nýmæli sett á í tíð síðustu ríkisstjórnar og þar var valið að fara í 300 þús. kr. á ári en við leggjum til að það verði hækkað í 960 þús. kr. Það var sem sagt fellt þannig að hér er ekki farin leið jöfnunar.

Maður hlýtur að spyrja sig af hverju Samfylkingin styðji þetta mál. Af hverju samdi Samfylkingin svona við Sjálfstæðisflokkinn, að styðja það ekki að fara leið jafnaðar? Það vekur mikla furðu. Nú á að skilja eftir aldurshópinn 67–70 ára og hugsanlega gera eitthvað fyrir hann síðar eins og hér hefur komið fram. Við í Framsóknarflokknum lýsum mikilli furðu yfir þessari leið þar sem við teljum að ekki sé verið að taka það skref sem réttast væri að taka á þessari stundu sem við teljum að væri að nýta peningana þannig að allur hópurinn hefði hag af því, allir lífeyrisþegar og líka örorkulífeyrisþegar, og það er að hækka frítekjumarkið.

[14:55]

Álfheiður Ingadóttir (Vg):

Frú forseti. Í umræðum í morgun tók til máls hv. þingflokksformaður Samfylkingarinnar, Lúðvík Bergvinsson. Hann taldi sig hafa orðið varan við mikinn og alvarlegan misskilning hjá stjórnarandstöðunni, sem sé þann að stjórnarandstaðan léti sem svo að við stjórnarmyndun hefðu þessir tveir flokkar, Sjálfstæðisflokkur og Samfylking, runnið saman í einn. Hann taldi ástæðu til að vekja athygli á því að þetta væru enn þá tveir flokkar.

En hvers vegna skyldu menn halda og fá það á tilfinn-

inguna að Samfylkingin hefði runnið í heilu lagi inn í Sjálfstæðisflokkinn og verið innbyrt þar með manni og mús? *Hvers vegna er það, frú forseti, að hér er fyrsta verk ríkisstjórnarinnar sem í framkvæmd fer stefnumál einungis eins flokks, annars stjórnarflokksins, Sjálfstæðisflokksins, og hvers vegna er það, frú forseti, sem hér tala engir fyrir málinu aðrir en fulltrúar eins flokks, þ.e. Sjálfstæðisflokksins, að undanskildum hv. þm. Ellerti B. Schram sem sagði að um þetta hefði verið samið, punktur og basta?* Ég held að hv. þm. Lúðvík Bergvinsson og aðrir þurfi ekki að vera hissa á því að einhverjum detti í hug að Samfylkingin hafi horfið í heilu lagi inn í Sjálfstæðisflokkinn við þessa ríkisstjórnarmyndun. Það frumvarp sem hér liggur fyrir er einmitt merki um að svo sé.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarráð Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 1. mál (sameining ráðuneyta, tilfærsla verkefna). — Þskj. 40.

[14:58]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg):

Frú forseti. Það er sömuleiðis aðeins stutt ræða um þetta mál af minni hálfu við lokaumfjöllun þess. Það ber vel í veiði og ég fagna því að hæstv. forsætisráðherra er genginn í salinn.

Þetta mál tengist öðru sem afgreitt var fyrr á þinginu, breytingum á þingsköpum Alþingis. Bæði málin eru sögueleg á vissan hátt vegna þess að aðdragandi þeirra og það hvernig þau eru borin fyrir þingið er mjög óheföbundið. Satt best að segja eru þar rofnar áratugahefðir, hefðir sem hafa gilt allan lýðveldistímann. Ástæða er til að hnykkja á því við lokaafgreiðsluna og fá það inn í þingtíðindi að hæstv. forsætisráðherra, Geir H. Haarde, brýtur í blað í þessum efnum sem forsætisráðherra ríkisstjórnar hvað varðar samskipti þings og framkvæmdarvalds, hvað varðar samskipti þings og ríkisstjórnar í báðum þessum tilvikum.

Varðandi þingsköpin er það auðvitað fáheyrt og hefur aldrei gerst að breytingar á þingskapalögum séu fluttar af stjórnarflokkum án tilraunar til samráðs við stjórnarandstöðuna og knúnar í gegn jafnvel með afbrigðum, eins og hér var gert. Og að framkvæmdarvaldið hlutist þannig um innra verkskipulag þingsins er auðvitað mjög óeðlilegt. Það eru mjög vond skilaboð um virðingu manna eða skort á henni öllu heldur varðandi þrískiptingu valdsins og sjálfstæði valdþáttanna í samfélaginu. Það er ólýðræðislegur þankagangur sem í því er fólginn að ákveða úti í bæ að breyta skuli skipulagi Alþingis og flytja síðan um það frumvarp án þess að svo mikið sem gera tilraun til pólitísks samráðs um það. Mætti meira um það segja en því skal sleppt hér.

Varðandi Stjórnarráðið er hið sama upp á teningnum. Þar er málið enn neyðarlegra fyrir Sjálfstæðisflokkinn því hann er gjarnan hreykinn af arfleifð síns fyrrum foringja, Bjarna Benediktssonar, fyrrverandi hæstv. forsætisráðherra og ráðherra, þingmanns og borgarstjóra og hvað það nú var allt saman.

Það er nákvæmlega þannig að Bjarni Benediktsson, sem var virtur lögspekingur, átti merka sögu í því að endurskoða skipulag Stjórnarráðsins. Hann flutti á Alþingi, þá sem stjórnarandstæðingur, tillögu — um að gera hvað? Að kjósa þverpólitíska nefnd til að reyna að vinna að samkomulagi að breytingum á skipulagi Stjórnarráðsins. Það var gert. Það var undanfari þess að lög voru sett árið 1969 um breytingar á Stjórnarráðinu sem tóku gildi árið 1970.

Arfleifð Bjarna Benediktssonar er því ekki sýndur mikill sómi af núverandi formanni Sjálfstæðisflokksins, þaðan af síður hefðum um að leita þverpólitísks samkomulags um mikilvæg mál af þessu tagi. Kannski hefur þetta verið gert í hugsunarleysi. Kannski hefur nýju ríkisstjórninni legið svo á. Kannski er þetta afleiðing af því að menn byrja á öfugum enda. Menn ákveða fyrst að búa til ríkisstjórn og svo semja menn um hvað hún skuli vera. Menn ákveða fyrst að breyta Stjórnarráðinu og svo fara þeir að velta því fyrir sér hvernig þeir eigi að gera það og hvað eigi að koma út úr því.

Það er mjög merkilegt að hæstv. forsætisráðherra er ekki einu sinni trúr eigin frumkvæði og eigin málafylgju á þessu sviði frá fyrri tíð. Það er t.d. til á prenti ótal sinnum að hæstv. forsætisráðherra, Geir H. Haarde, er þeirrar skoðunar að fækka eigi ráðuneytum, að fækka eigi ráðuneytum en ekki fjölga þeim. Ég veit ekki betur en báðir stjórnarflokkarnir hafi reyndar ályktað um það.

En þegar þessi sami hæstv. ráðherra, þá hv. þm. Geir H. Haarde, hamaðist gegn því að stofnað yrði umhverfisráðuneyti þá var ein meginröksemdin sú að fækka ætti ráðuneytum en ekki fjölga þeim. (**Forsrh.:** Ég tók aldrei til máls í þeirri umræðu.) Það er þá líklegt að það hafi ekki verið. Ég veit ekki betur en í umræðum á Alþingi, 18. apríl 1989, hafi Geir H. Haarde talað. Svo eitthvað skjöplast minni hans eða þá að þingtíðindin eru rangt færð. Hvoru skyldum við nú trúa betur?

Hér kemur fram að Geir H. Haarde hafi tekið til máls og sagt sem svo að honum finnist undarlega staðið að málum í sambandi við þetta frumvarp, sem var frumvarp til laga um stofnun umhverfisráðuneytis. Og vitnaði þar til þess að í gangi væri vinna að heildarendurskoðun á Stjórnarráðinu og þannig ætti auðvitað að vinna að þeim hlutum. Með leyfi forseta, sagði núverandi hæstv. forsætisráðherra, þáverandi stjórnarandstæðingur, Geir H. Haarde:

„Forsætisráðherra upplýsti í framsöguræðu sinni að sú endurskoðun“ — þ.e. endurskoðun á skipulagi Stjórnarráðsins — „sem hafin var 1983 stæði enn yfir að þessu leyti til og væru menn á hans vegum að vinna að henni. Hins vegar hefði borið brýna nauðsyn til að flytja sérstakt frumvarp um tvö atriði. Hið fyrra er um hið ráðgerða umhverfismálaráðuneyti og hið síðara er um að búa til sérstaka stöðu aðstoðarráðuneytisstjóra í ráðuneytunum.

Varðandi fyrra atriðið vildi ég eingöngu taka undir með mínum félögum úr Sjálfstæðisflokknum sem hér hafa talað í kvöld um það mál. Ég tel að ef eitthvað er þá eigi að fækka ráðuneytunum en ekki að fjölga þeim og það sé röng stefna að taka eitt slíkt mál og búa til utan um það nýtt ráðuneyti án þess að því fylgi þá heildarendurskoðun alls Stjórnarráðsins. Ég tel að rangt sé að taka þetta mál úr því skipulagslega samhengi sem stjórnarráðslögin eiga að vera í.“

Með öðrum orðum var hv. þm. Geir H. Haarde að tala fyrir svona heildstæðri nálgun og heildstæðum og vönduðum vinnubrögðum í þessum efnum. Akkúrat tala gegn vinnubrögðum af því tagi sem hér eru nú ástunduð. Síðar í sömu ræðu, sem er svo gleymd hæstv. ráðherra að hann mundi ekki eftir að hafa talað í málinu, sagði hæstv. forsætisráðherra, með leyfi forseta:

„Mér þykir þetta heldur kyndugt og ekki góð vinnubrögð þegar verið er að fjalla um jafnmikilvægan lagabálk og stjórnarráðslögin. Slík lög á að sjálfsögðu að setja í heilu lagi en ekki að vera að kroppa í þau hingað og þangað eftir atvikum á hverjum tíma."

Hvað er nú verið að gera, hæstv. forsætisráðherra, annað en að kroppa í stjórnarráðslögin hingað og þangað eftir atvikum á hverjum tíma? Það sem hentaði til að koma ríkisstjórninni saman er orðið að fullboðlegri ástæðu að mati sama manns og talaði svona fallega 1989, til þess að kroppa akkúrat í stjórnarráðslögin hér og þar, með handarbakavinnubrögðum af því tagi sem við höfum orðið vitni að, að stjórnarflokkarnir hafi í raun ekki komið sér saman um neitt nema nafnbreytingar á ráðuneytum og eiga eftir að útfæra hvað í því felst þegar kemur að sundurdrætti viðfangsefna. En eitt gátu þeir þó komið sér saman um. Það var að fækka ekki ráðuneytum. Vegna þess að það mátti ekki. Það hentaði ekki samningunum um myndun ríkisstjórnar. Og þá var gripið til enn hallærislegra ráðs en að stofna nýtt ráðuneyti um mikilvæg viðfangsefni eins og umhverfismál auðvitað eru. Ég held að engum dytti í hug í dag, í ljósi mikilvægi þess málaflokks, að mæla gegn því að umhverfismálin verðskulda ráðuneyti. Það má hrósa framsýni þeirra sem stofnuðu umhverfisráðuneytið 1989 í því ljósi. Nei, hæstv. ríkisstjórn fór enn hallærislegar í þetta núna. Hún skipti upp einu minnsta ráðuneyti Stjórnarráðsins vegna þess að það varð að útvega tvo stóla. Það varð að búa til tvo stóla úr einum. Saga varð einn ráðherrastólinn í sundur og draga hann inn í tvö herbergi. Á öðrum helmingnum situr hæstv. iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson, og hefur örugglega skotið kókkassa undir til að stóllinn velti ekki á tveimur fótum, en á hinum helmingi stólsins situr hæstv. viðskiptaráðherra, Björgvin G. Sigurðsson. Þeir sitja með sína 15 starfsmenn hvor eða svo í því sem fyrir var, í einu minnsta ráðuneyti Stjórnarráðsins. Það er nú öll málafylgjan. Það eru innstæðurnar gagnvart því að ekki eigi bara að halda ráðuneytafjölda óbreyttum, heldur fækka þeim. Eins og sömu flokkar, sömu hæstv. stjórnmálamenn hafa ítrekað sagt á undanförnum árum og álykta um að landsfundum sínum og svarað fyrir í fjölmiðlum.

Um inntak þessa stjórnarráðsfrumvarps hefur það auðvitað verið rækilega rætt og í nefndaráliti minni hlutans er farið mjög vel yfir það og ég hef ekki margt um það að segja eða mörgu við það að bæta sem kemur þar fram. Ég vil þó staldra við eitt atriði og hefði verið gaman ef hér hefði náð að vera í salnum eins og einn hæstv. ráðherra Samfylkingarinnar. Hvar er hæstv. utanríkisráðherra? Er hægt að fá hana hér til fundar áður en þessu lýkur til að svara fyrir um afstöðu Samfylkingarinnar í þeim efnum? Eða er hæstv. félagsmálaráðherra, ráðherra vinnumarkaðsmála, til staðar? Ég veit að málið heyrir ekki undir viðkomandi ráðherra en það er engu að síður þannig að venjan hefur verið sú ef menn vilja beina spurningum til fleiri ráðherra sem mál varða eða til forustumanna stjórnarflokka er hægt að fá þá til að mæta til umræðunnar, enda eiga þeir að gegna þingskyldum sínum ef þeir hafa ekki lögmæt forföll.

Ég hefði áhuga á að fá að heyra forustumenn Samfylkingarinnar, helst hæstv. utanríkisráðherra, ef ekki þá hæstv. félagsmálaráðherra, svara aðeins fyrir um ákvæði 3. gr. frumvarpsins um breytingar á lögum um Stjórnarráðið. Ég vil fá að heyra Samfylkinguna svara því hvort þetta sé það upphaf á samskiptum hennar við stéttarfélögin og verkalýðshreyfinguna sem hún sé stolt af. Hér á að fara að afgreiða þetta mál gegn háværum mótmælum, hörðum mótmælum heildarsamtaka opinberra starfsmanna, BSRB og BHM.

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti vill upplýsa hv. þingmann um að báðir hæstv. ráðherrar sem hv. þingmaður óskaði eftir eru með fjarvist, bæði hæstv. félagsmálaráðherra og hæstv. utanríkisráðherra. Þau eru hvorug á landinu. Hér með er hv. þingmaður upplýstur um það.)

Ég þakka fyrir þær upplýsingar. Það er bagalegt en það má kannski spyrja hvort einhver gegni ekki embættum fyrir þessa hæstv. ráðherra úr því þeir eru úr landi farnir. Þá væntanlega er einhver af öðrum ráðherrum Samfylkingarinnar starfandi utanríkisráðherra eða starfandi félagsmálaráðherra í dag.

Mér finnst mjög slæmt, virðulegi forseti, að þessari umræðu ljúki öðruvísi en að sá sem ber ábyrgð á þessum málum fyrir hönd Samfylkingarinnar í dag, einhver sem er starfandi ráðherra á viðkomandi sviðum, gegnir fyrir hæstv. utanríkisráðherra og formann Samfylkingarinnar eða gegnir fyrir hæstv. félagsmálaráðherra, komi hér og svari þessari einföldu spurningu.

Hverju sætir það að Samfylkingin ætlar að láta frumvarpið fara í gegn svona? Með þessum laumufarþega, þessu smyglgóssi, sem á ekkert erindi inn í málið að öðru leyti, á að fella niður skyldu til að auglýsa störf innan Stjórnarráðsins, sem er mjög varhugavert ákvæði. Í umræðunum hafa verið færð fram mjög sterk rök gegn því og þetta gengur náttúrlega gjörsamlega á skjön við allt sem Samfylkingin vill í orði kveðnu hafa. Eða er það svo að ekkert sé að marka tal Samfylkingarinnar, t.d. um að hún vilji reyna að standa þannig að málum á vinnumarkaði að það bæti stöðu kvenna? Þetta er augljóslega mjög háskalegt ákvæði hvað það varðar. Enginn vafi er á því að fráhvarf frá auglýsingum á stöðum og gagnsæi í þessum efnum er háskalegt, hvað varðar t.d. möguleika kvenna á framvindu í starfi og að keppa þá að minnsta kosti á sæmilegum jafnræðisgrundvelli um stöður innan Stjórnarráðsins og ætli veiti nú af.

Þetta gengur gegn anda þeirrar hugsunar að menn eigi að standa jafnt að vígi. Það á alltaf að vera öllum ljóst ef stöður eru í boði og það er gert með auglýsingum, opinberum auglýsingum, ekki einhverju laumuspili innan Stjórnarráðsins eða einhverjum feluleik, eins og aðeins hefur borið á að menn hafi gert. Skotið inn auglýsingu í Lögbirtingablaðið sem fáir lesa til þess í raun að geta ráðið síðan næstum samstundis í stöðuna þá sem búið var að ákveða að fengju hana, eins og vill nú brenna við t.d. innan utanríkisráðuneytisins. Mér er nær að halda að ef þetta verður gert muni það miða við það sem praktíserað hefur verið þar á

bæ heyra sögunni til, að stöður verði auglýstar t.d. í utanríkisráðuneytinu og munar þá um minna ef þessi leið verður farin. Því þar hefur nú því miður sá plagsiður viljað vera dálítið áberandi að skáka mönnum eftir öðrum leikreglum en þeim sem flokkaðar yrðu undir gagnsæi eða að menn vildu endilega tryggja að hæfustu einstaklingar í samfélaginu sem væru á lausu á vinnumarkaði á hverjum tíma og kynnu að hafa áhuga á starfinu, ættu kost á að fá það.

Virðulegi forseti. Er það svo að enginn sé hér sem gegnir fyrir Samfylkinguna og ráðherra hennar þannig að þeir geti komið í salinn?

(**Forseti** (ÁRJ)**:** Forseti vill upplýsa hv. þingmann um að hann hefur gert ráðstafanir til þess að fá staðgengil a.m.k. félagsmálaráðherra, Björgvin G. Sigurðsson, sem er hér í húsinu. Það er verið að sækja hann.)

Ég þakka fyrir þessi mikilsverðu tíðindi að hæstv. viðskiptaráðherra sé hér í húsinu og vonandi líður þá að því að hann komi í salinn og geti svarað þessari spurningu.

Rétt til að minna á það, virðulegi forseti, sem kemur fram í umsögnum BSRB sem birt er sem fylgiskjal með nefndaráliti minni hlutans, að þau samtök, stærstu heildarsamtök opinberra starfsmanna, leggjast alfarið gegn 3. gr. frumvarpsins sem felur í sér að afnumin verði sú skylda að auglýsa störf innan Stjórnarráðsins. BSRB varar við því að hróflað verði við auglýsingaskyldunni og telur mikilvægt að fólki séu gefin jöfn tækifæri til starfa og starfsframa innan Stjórnarráðsins. Þar er líka áréttað í áliti BSRB að þetta er gert, ekki bara til þess að tryggja jöfn tækifæri, heldur einnig til að hæfasti einstaklingur sem völ er á hverju sinni verði ráðinn til starfans. Jafnframt er minnt á að gagnsæi við ráðningar í störf sé mikilvægt og það dragi úr svigrúmi til ómálefnalegra vinnubragða við ráðningar.

Það er mikið í húfi. Einhvern tímann hefði maður nú haldið að á góðum degi gæti Samfylkingin tekið undir þetta, að mikilvægt væri að haga vinnulöggjöfinni þannig að hún væri sem gagnsæjust, að hún tryggði jöfn tækifæri og jafna möguleika og dragi úr svigrúmi fyrir ómálefnaleg vinnubrögð. Hvar er Samfylkingin? Hvar eru svör hennar við þeirri gagnrýni? Hvernig stendur á því að Samfylkingin ætlar að láta sig hafa það engu að síður að láta þetta frumvarp fara svona í gegn? Hvað segir formaður samtakanna 60 plús? Er hann sáttur við þetta? Ég spyr. (**Gripið fram í:** Gaman að heyra í þér.) Já.

Bandalag háskólamanna er með mjög hliðstæðar röksemdir í niðurstöðu sinni. Það sendir alþingismönnum bréf 12. júní og vitnar þar til samþykktar miðstjórnar samtakanna, með leyfi forseta, sem er svohljóðandi:

„Miðstjórn BHM varar eindregið við því að auglýsingaskylda starfa verði afnumin innan Stjórnarráðs Íslands. Miðstjórnin telur ekki að nein rök sé hægt að færa fyrir því að gefa Stjórnarráðinu þessa sérstöðu og telur jafnframt hættu á að þetta verði fyrsta skrefið til að afnema auglýsingaskyldu vegna starfa hjá hinu opinbera almennt."

Er það kannski í vændum? Liggur á bak við sá vilji, sá áhugi, sú hugsun Sjálfstæðisflokksins, sem augljóslega ræður hér ferðinni einu og öllu? Því verður ekki trúað að óreyndu að Samfylkingin hafi barist fyrir þessu. Það verður að segja manni það tvisvar eða þrisvar. En hún ætlar samt að láta sig hafa það. Hún tekur við þessu eins og öðru frá Sjálfstæðisflokknum. Það er greinilegt. Hún tekur við þessu eins og kosningaloforði Sjálfstæðisflokksins um að horfa ekki til tekna eldri en 70 ára. Landsfundarsamþykktir Sjálfstæðisflokksins ganga inn í frumvörp ríkisstjórnarinnar og Samfylkingin kyngir því og fær ekkert annað af áherslumálum sínum í gegn.

Miðstjórn BHM bendir á að afnám auglýsingaskyldu getur reynst alvarlegt skref aftur á bak í réttindabaráttu opinberra starfsmanna, sérstaklega hvað varðar jafnréttismál. Hvar er jafnréttismálaráðherrann? Hvað segir hæstv. félagsmálaráðherra, starfandi félagsmálaráðherra um þessa gagnrýni, að þetta sé mjög varhugavert ákvæði sérstaklega hvað varði réttindabaráttu opinberra starfsmanna á sviði jafnréttismála?

Enn fremur segir:

„Miðstjórn bendir enn fremur á að þessi ráðstöfun gengur þvert á þá þróun sem stefnt hefur verið að varðandi gegnsæi í stjórnsýslu á Íslandi og lýsir undrun sinni á að reynt skuli að færa klukkuna aftur á bak á þennan hátt."

Það er auðvitað það sem væri verið að gera. Þetta er skref aftur á bak en ekki áfram hvað varðar réttindi starfsmanna og alveg sérstaklega baráttu á jafnréttissviðinu og möguleika kvenna sem ekki veitir nú af að styrkja frekar en hitt til þess að standa jafnt að vígi í framvindu í starfi hjá hinu opinbera. Á að slá þennan tón?

Ég vil fá að heyra einhver svör Samfylkingarinnar við þeim rökum sem flutt eru hér af hálfu talsmanna heildarsamtaka opinberra starfsmanna. Ég vil fá útskýringar á því af hverju Samfylkingin stendur að frumvarpinu svona. Nema Samfylkingin hafi misst málið og enginn sem treysti sér til að svara fyrir hana. Þá er það auðvitað niðurstaða í sjálfu sér. Að meira að segja hinn vígreifi hv. þm. Helgi Hjörvar sem hefur nú hjólað hér upp að undanförnu ýmsa daga, sérstaklega þegar hann telur sig hafa færi á því að sparka í undirritaðan, þá hefur hann málið. En hvar er hann núna? Hvar er málið núna, hv. þm. Helgi Hjörvar? Hvar er málsvörn Samfylkingarinnar gagnvart þessu? Eru þetta þau samskipti við verkalýðshreyfinguna, við stéttarsamtökin, sem í vændum er af hálfu ríkisstjórnarinnar? Upphafið veldur miklu. Það segir sína sögu um hvað menn setja í forgang, fyrir hverju menn berjast, eða kannski öllu heldur fyrir hverju menn berjast ekki. Það segir kannski miklu meira um það sem menn eru ekki, þegar á hólminn er komið ef Samfylkingin lætur þetta yfir sig ganga og stendur að afgreiðslu frumvarpsins (Gripið fram í.) gegn mjög hörðum mótmælum stéttarfélaganna sem í hlut eiga.

Þykist ekki Samfylkingin samt vera týpískur norrænn krataflokkur sem vinni þétt með verkalýðshreyfingunni að hagsmunamálum hennar og baráttumálum og standi á réttindum hennar? Einhvern tímann hefði maður haldið það en það fer lítið fyrir því að því er virðist. (Gripið fram í.)

Ég held að ég geti ekki hamrað betur á þessu, frú forseti, en ég hef gert. Ég hef komið spurningum mínum á framfæri. Það er búið að gera Samfylkingunni viðvart um að við óskum eftir að heyra svör hennar. Ég bíð líka spenntur eftir að heyra hvað hæstv. forsætisráðherra segir um það sem ég fór yfir í upphafi ræðu minnar og hvernig hann lítur á bæði eigin arfleifð og ekki síður fyrrverandi foringja þeirra sjálfstæðismanna, Bjarna Benediktssonar, í þessum efnum og

hverju þessi nýju vinnubrögð sæta. En auðvitað dreg ég ekki menn í ræðustólinn með handafli. Þeir verða að vilja það sjálfir ef þeir telja sig hafa einhverja málsvörn. Ef þeir hafa hana ekki og kjósa að þegja þá er það líka niðurstaða í sjálfu sér.

[15:20]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er verið að fækka ráðuneytum úr 14 í 12 með þeirri breytingu sem hér er lögð til. Hagstofan er ráðuneyti í skilningi laganna og við sameiningu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis fækkar um eitt. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytin eru formlega hvort sitt ráðuneytið samkvæmt lögunum í dag.

Hv. þingmaður rifjaði upp ummæli mín frá 1989 sem ég mundi ekki sjálfur eftir reyndar en þau eru góð og gild. Sannleikurinn er sá að á þeim 18 árum sem síðan eru liðin hefur ekki tekist að fara þá leið sem þar var talað um. Það hafði heldur ekki tekist á árunum 1983–1989 að endurskoða stjórnarráðslögin heildstætt. Þess vegna er það þannig, eins og ég sagði við 1. umr. þessa máls, að það verður einhvers staðar að byrja.

Þetta er góð byrjun sem hér er lögð til varðandi sjálfar lagabreytingarnar, varðandi Hagstofu Íslands og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytin og það er þá a.m.k. komið í veg fyrir að menn hagi sér eins og þeir gerðu 1988 og braski með Hagstofu Íslands í því skyni að koma saman ríkisstjórn eins og hv. þingmaður var sjálfur þátttakandi í á þeim tíma.

[15:21]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)*:

Herra forseti. Málsvörnin sem eftir stendur er Hagstofan. Afrekið er Hagstofan, það er að vísu rétt, það er rétt hjá hæstv. forsætisráðherra að hann er að vinna hér það tímamótaþrekvirki að slá af Hagstofuna sem ráðuneyti sem auðvitað hefur verið brandari manna á meðal lengi að hafa verið talin með ráðuneytum og enginn hefur í raun og veru litið á sem slíka. Menn hafa yfirleitt ekki talið að þeir gegndu ráðuneyti þó að Hagstofan heyrði undir þá.

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hefur auðvitað verið eitt ráðuneyti í hugum manna langalengi. Það hefur ekkert verið annað á dagskrá við myndun ríkisstjórna aftur og aftur en að líta á það sem eitt ráðuneyti sem einn maður gegndi enda er það, sameinað undir einum manni, samt eitt minnsta ráðuneyti Stjórnarráðsins, fámennasta ráðuneyti Stjórnarráðsins.

Hin praktíska uppskipting þess á nýjan leik í tvennt vegur þá upp fækkunina af sameiningu landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytis. Eftir stendur Hagstofan. Það er ástæða til að óska hæstv. forsætisráðherra til hamingju með þetta þrekvirki og gott ef sér ekki bara á ráðherranum eftir það erfiði að slá af Hagstofuna sem ráðuneyti. Það er mikill árangur.

Ég held að hæstv. forætisráðherra sem hefur nú sýnt hér á spilin fyrstu dagana og vikurnar eftir myndun ríkisstjórnar sinnar ætti að fara varlega í að tala um að aðrir hafi stundað eitthvert prútt og prang við myndun ráðuneyta. Þó að vissulega hafi verið sviptingatímar í pólitík á árunum 1987, 1988 og fram yfir 1991 sem margt mætti um segja held ég að það þoli alveg skoðun borið saman við það sem hæstv. forsætisráðherra sjálfur ber nú ábyrgð á.

[15:23]

Ellert B. Schram (Sf) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef alltaf gaman af því að hlusta á hv. þm. Steingrím Sigfússon enda góður og snjall ræðumaður og tekur mikið upp í sig. Mér finnst kannski að honum sé fullmikið niðri fyrir svona strax í upphafi þings eða í lok þings eftir því hvernig við lítum á það, en honum tókst að mana mig hérna upp í ræðustólinn, ég stóðst ekki þessa áskorun. Ekki þannig að ég geti talist talsmaður Samfylkingarinnar í öllum þeim stóryrðum sem hann lét falla um þann ágæta flokk, en ég er nefndarmaður í allsherjarnefnd sem skilar þessu áliti og gerir hér tillögu um breytingar á lögum um Stjórnarráðið.

Hann vék sérstaklega að 3. gr. sem BSRB og BHM hafa gert athugasemdir við. Ég lít svo á að hér sé verið að gera dálítið merkilega hluti, það er verið að breyta Stjórnarráðinu, gera það sveigjanlegra, fá heimildir til að færa verkefni þar á milli og líta kannski á Stjórnarráðið sem eina heild, hvort sem við notum orðið stofnun eða annað í því sambandi, þar sem við erum að ræða um að gera praktíska hagræðingu og koma málum þannig fyrir að sem best nýting sé á verkefnum og mannafla. Að því leyti finnst mér það spor í rétta átt að geta hreyft fólk til á milli ráðuneyta eftir verkefnum án þess að það sé auglýst opinberlega gagnvart allri þjóðinni, heldur geti þá yfirmenn auglýst innan Stjórnarráðsins, enda er búið að gera tillögu um það, og bjóða starfsfólki sem þar er fyrir að taka að sér þessi störf.

Þegar upp er staðið endar það náttúrlega þannig að ef einn stjórnarráðsmaður tekur við af öðrum verður eitthvert starf laust sem væntanlega verður þá auglýst samkvæmt gildandi lögum og í samræmi við vilja BSRB. (Forseti hringir.) Allt orkar tvímælis, það má endalaust deila um þetta atriði og þetta ákvæði en ég held að það sé alveg tilraunarinnar virði að láta á það reyna.

[15:25]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þingmanni, mér finnst viðleitni hans virðingarverð. Ég er alveg tilbúinn til að gefa honum eina 5 í einkunn fyrir viðleitni í málsvörn fyrir Samfylkinguna. (**Gripið fram í:** Það þýðir að hann hafi náð.) Þá hefur hann náð, en rétt naumlega. Það eru einhverjir sem vita hvar mörkin liggja.

Það getur verið góðra gjalda vert að vilja auka sveigjanleika í rekstri og skipulagi stofnana og starfsemi. En það er ekki gott ef sá sveigjanleiki er keyptur dýru verði á kostnað annarra og mikilvægari markmiða. Það er það sem stéttarfélögin eru hér að segja. Þau segja að það sé miklu meiru fórnað en vinnst með þessu hvað varðar gagnsæi í stjórnsýslunni, þeirri tryggingu sem gagnsæi er fyrir því að ekki séu ómálefnaleg sjónarmið látin ráða og minna þar sérstaklega á stöðu kvenna. Maður hélt að þetta væru rök sem einhvern tíma hefðu bitið á jafnaðarmenn. Þess vegna er undarlegt ef tæknihyggjan, rekstrarhyggjan eða hvað það nú er, ber menn ofurliði og þeir telja svo mikilvægt að geta rúttað

starfsfólki fram og til baka að það eigi að ráða en ekki hitt að tryggja þessi mikilvægu markmið um gagnsæi, jöfn tækifæri og möguleika t.d. kvenna til þess að keppa um störf til jafns við karla innan hinnar opinberu stjórnsýslu. Ekki á ég í vandræðum með að velja að þetta er mikilvægara og á að koma á undan hinu sem hv. þingmaður reyndi að tína til málinu til varnar.

[15:27]

Ellert B. Schram (Sf) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú óþarfi hjá hv. þingmanni að vera að gera lítið úr þeim svörum sem ég hef borið hér fram, það var gert með málefnalegum hætti og í samræmi við þá sannfæringu og skoðun sem ég hef á þessu máli.

Ég get ómögulega séð að þetta geti bitnað frekar á konum en körlum ef út í það er farið. Ég hef engar sérstakar áhyggjur af að konur gjaldi fyrir þá breytingu á lögunum sem nú er verið að gera. Ef einhver geldur fyrir hana bitnar það jafnt á báðum kynjum, geri ég ráð fyrir.

Ég vek athygli hv. þingmanns á því að í raun og veru er sannleikurinn sá að hvort sem starfið er auglýst eða ekki hefur verið tiltölulega auðvelt í praxís að ráða það fólk sem menn vilja kannski að eigin geðþótta hafa í starfinu. Hver þekkir ekki þá aðferð að þegar starf losnar er einhverjum boðið að taka við því í eitt ár eða svo og svo er það auglýst? Ég meina, þetta er einfaldur leikur fram hjá öllum leikreglum.

Við verðum að horfast í augu við þessar staðreyndir meðfram því sem við tölum um breytingar á lögunum og átta okkur á því að eitt er kannski lög og annað er framkvæmd þeirra. Ég held að sú breyting sem nú á sér stað þurfi ekkert að leiða eitthvað verra af sér en núgildandi lög hafa gert í raun og veru.

[15:29]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þingmanni að því miður er misbrestur á því að málefnaleg sjónarmið ráði alltaf um ráðningu starfsmanna, og líka í hinu opinbera kerfi. Tímabundnar ráðningar án auglýsinga o.s.frv. þekkjast og sum ráðuneyti hafa kannski gengið lengra í því en önnur. Ég leyfði mér að nefna eitt þeirra hér áðan. Þó að kannski sé ekki sanngjarnt að skella allri skuldinni á utanríkisráðuneytið er það þó þannig að miðað við sögu þess undanfarin ár og þegar það er skoðað hefur það æðioft fengið ofanígjöf fyrir að hafa stytt sér leið í slíkum efnum.

Ég met svör hv. þingmanns mikils og finnst virðingarvert að hann einn samfylkingarmanna leggur út í það hér að reyna að verja heiður flokksins í þessum efnum. Mér finnst hins vegar málsvörnin veikluleg.

Konur sækja ekki um störf sem þær vita ekki að eru laus, frú forseti, það er nefnilega það sem er. Það er það sem þarna er verið að benda á. (Gripið fram í.) Ef stöður eru auglýstar og allir hafa jafna aðstöðu til að sækja um þær, ef konur sækja um til jafns við karla og það er gengið fram hjá þeim þótt hæfari séu eða að öðru leyti eigi að styðjast við ákvæði jafnréttislaga gilda þau og það er hægt að sækja rétt sinn á grundvelli þeirra laga. (Gripið fram í.) Það sem er verið að segja hér er að þetta býður upp á svigrúm til ómálefnalegra aðferða við ráðningar í stöður innan Stjórnarráðsins og það er miklu meiru fórnað með því en að halda auglýsingareglunni inni og frekar styrkja hana, auka frekar gagnsæið en að draga úr því. Það vita allir sem vilja að gagnsæi bæði hvað varðar stöðuveitingar og launakjör uppi á borðinu er skásta tækið í baráttunni við kynbundinn launamun og þann aðstöðumun sem konur búa við varðandi ráðningar og starfskjör. Það er ekkert um það deilt. Einstöku ofstækisnýfrjálshyggjumenn reyna kannski að halda einhverju öðru fram, að markaðurinn muni leiðrétta þetta af því að hann sé svo eigingjarn að hann muni alltaf velja hæfni á undan öðru en annað kemur nú á daginn. (Forseti hringir.)

Þetta er eins einfalt og það getur verið, þetta mál er afturför en ekki framför.

[15:32]

Árni Þór Sigurðsson (Vg):

Herra forseti. Ég vil við lokaumræðu um málið sem hér er á dagskrá, frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, fagna því að hæstv. forsætisráðherra skuli vera viðstaddur umræðuna. Hér fór fram ítarleg umræða um málið í gær og fram á kvöld eins og forsætisráðherra er væntanlega kunnugt um. Þá gat ég þess sérstaklega og fleiri að ráðherrar ríkisstjórnarinnar sýndu málefnum Stjórnarráðsins ótrúlegt tómlæti með því að vera fjarverandi alla þá miklu umræðu, 2. umr. um frumvarpið sem venju samkvæmt er meginumræðan um málið. Þess vegna er það fagnaðarefni að hæstv forsætisráðherra skuli vera hér. Jafnframt veldur það vonbrigðum að enginn ráðherra Samfylkingarinnar skuli vera til staðar undir þessari umræðu. Mér skildist á frú forseta, að gerðar hefðu verið ráðstafanir til að sækja staðgengil félagsmálaráðherra, hæstv. viðskiptaráðherra, og hann væri hér í húsinu. Það er örugglega liðinn hálftími síðan það var upplýst og ég hélt ekki að þetta hús væri svo stórt og mikið og gangar svo erfiðir að það tæki þetta langan tíma að komast í þingsalinn fyrir hæstv. viðskiptaráðherra.

(**Forseti** (ÁRJ): Forseti vill upplýsa hv. þingmann um að gerðar voru ráðstafanir til að fá hingað hæstv. viðskiptaráðherra til umræðunnar en hann var því miður upptekinn á fundi og hugðist koma hér um leið og tök væru á að hann kæmist af þeim fundi.)

Ég þakka forseta fyrir þessar upplýsingar. Engu að síður veldur það vonbrigðum að ráðherrar Samfylkingarinnar, sem eru sex talsins eins og kunnugt er, skuli allir kjósa að vera fjarri þessari umræðu og að mér sýnist líka hv. þm. Ágúst Ólafur Ágústsson sem er varaformaður Samfylkingarinnar og gæti ef til vill hlaupið til og svarað fyrir flokkinn ef út í það er farið.

Ég ætla ekki að endurtaka þá umræðu sem hér fór fram í gær og í gærkvöldi. Það var ítarleg umræða um málið og þar komu fram mörg sjónarmið, m.a. ábendingar af minni hálfu sem ég vonast til að ríkisstjórnin íhugi vegna þess að í andsvari við ræðu minni við 1. umr. gat hæstv. forsætisráðherra þess að þar hefðu verið ýmsar ábendingar sem verðugt væri að skoða. Ég vonast til að það verði gert.

Hér komu fram nokkrar spurningar í gær, m.a. til hæstv. forsætisráðherra. Tilefnið var það að meiri hlutinn í alls-

herjarnefnd lagði til breytingar við frumvarpið þar sem kveðið er á um að forsætisráðherra skuli setja sérstakar reglur um auglýsingu starfa innan Stjórnarráðsins. Framsögumaður meiri hlutans, formaður allsherjarnefndar, hv. þm. Birgir Ármannsson, lét þess getið að forsætisráðherra mundi setja slíkar reglur ef breytingartillaga nefndarinnar yrði að veruleika.

Það var líka upplýst að óskað hefði verið eftir því að hæstv. forsætisráðherra kæmi á fund allsherjarnefndar þegar málið var þar til umræðu til þess að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi auglýsingar starfa innan Stjórnarráðsins. Þess vegna lék mér forvitni á að vita hjá hæstv. forsætisráðherra hvert inntak slíkra reglna yrði sem hæstv. forsætisráðherra er þá ætlað að setja á grundvelli laganna samkvæmt breytingartillögunni og hvenær ráðherrann hyggst setja slíkar reglur.

Sömuleiðis hafði ég áhuga á að fá svör frá ráðherrum Samfylkingarinnar við þeirri spurningu sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur þegar borið fram við þessa umræðu, 3. umr., til ráðherra Samfylkingarinnar, í ljósi þeirra sjónarmiða sem komið hafa frá stéttarfélögunum, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Bandalagi háskólamanna, við hinni umdeildu 3. gr. frumvarpsins um að fella niður auglýsingaskylduna.

Þá höfum við óskað eftir að fá svar, annaðhvort frá formanni Samfylkingarinnar eða staðgengli, félagsmálaráðherra sem ráðherra vinnumarkaðsmála eða staðgengli, eða einhverjum öðrum forustumönnum Samfylkingarinnar, við eftirfarandi spurningu: Boða þau vinnubrögð sem hér eru viðhöfð upphafið að samskiptamáta við stéttarfélögin sem núverandi ríkisstjórn með Samfylkinguna innan borðs hyggst ástunda?

Þetta eru spurningar sem mér finnst mikilvægt að fá svör við. Hér hafa komið fram sjónarmið þar sem dregið er í efa að niðurfelling auglýsingaskyldunnar muni sérstaklega bitna á konum en það eru þau sjónarmið sem sérstaklega er haldið fram í málatilbúnaði stéttarfélaganna. Þá hlýtur maður að spyrja sig að því: Telja þingmenn sem eru sömu skoðunar að það sé ekkert til í þeim sjónarmiðum og þeim málflutningi sem stéttarfélögin hafa uppi í þessu efni? Telja þeir þingmenn að stéttarfélögin vaði reyk í þessu efni?

Ég tel að svo sé ekki. Ég tel að stéttarfélögin viti giska vel hvað þau eru að tala um þegar þau tala um málefni eins og auglýsingar á störfum. Þetta eru stéttarfélög sem hafa unnið mikið og lengi og gott starf í þágu sinna starfsmanna og vita nákvæmlega hvað klukkan slær þegar þau tala um þessi atriði.

[15:37]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þingmaður hefur spurt mig um nokkur atriði varðandi 3. gr. frumvarpsins. Ég vil byrja á að taka það fram að markmiðið með þessari grein er nú síst af öllu það að draga úr möguleikum kvenna til að ná framgangi í Stjórnarráðinu eða bregða fæti fyrir eðlilega þróun í jafnréttisátt á þeim vinnustað. Það er auðvitað alveg fráleitt að gera því skóna.

Markmiðið með þessari breytingu er að auka hreyfanleika innan Stjórnarráðsins, gera starfsmönnum kleift að afla sér starfsreynslu á fleiri en einum stað innan Stjórnarráðsins og líta á Stjórnarráðið sem einn og sama vinnustaðinn að þessu leyti til. Ég held að allir geti verið sammála um að það sé til góðs og mér þykir miður hvað búið er að gera mikið veður út af þessu máli.

Ég sé það á umsögnum að bæði BSRB og BHM hafa tekið mjög einarða afstöðu gegn þessu. Ég tel að sú afstaða sé á misskilningi byggð. Við munum auðvitað fara yfir þá reynslu sem af þessu fæst, ef þessi frumvarpstexti verður að lögum, og fylgjast með því hvort þetta gefur góða raun eða ekki.

Þeirri breytingartillögu sem kemur frá meiri hluta allsherjarnefndar er auðvitað ætlað að koma til móts við gagnrýni sem fram hefur komið á þetta, þannig að forsætisráðherra setji reglur um hvernig haga eigi auglýsingum innan Stjórnarráðsins um laus störf og önnur atriði sem varða þetta mál. Hvenær slíkar reglur taka gildi er ekki ákveðið en vonandi getur það orðið hið fyrsta og eigi síðar en um áramót.

[15:39]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir að láta svo lítið að koma hér í ræðustól og svara þeim spurningum sem til hans er beint þó að það séu ekki fullgild svör. Það er meiri mannsbragur að því, verð ég að segja, en að láta sig algerlega vanta í umræðuna og svara engu sem til er beint eins og á við um hæstv. ráðherra Samfylkingarinnar.

Ég held eftir sem áður að það sé full ástæða til að hafa áhyggjur af þessu ákvæði 3. gr. og held að þau sjónarmið sem stéttarfélögin hafa haldið fram í þessu efni eigi fullkomlega rétt á sér. Sérstaklega hefur gagnrýni okkar beinst að því að þessi grein frumvarpsins og þetta ákvæði er ekki tengt öðrum breytingum sem verið er að leggja til með þessu frumvarpi. Hefði verið hægur vandi að spara sér sporin í þessa átt með því að láta þetta ákvæði sérstaklega eiga sig. Það er kannski lengi von, það er ekki enn þá búið að ganga frá þessu sem lögum frá Alþingi. Ég held að ríkisstjórnarmeirihlutinn hefði þó gert betur í því, t.d. í umræðunni í allsherjarnefnd, að koma algerlega til móts við þau sjónarmið sem stéttarfélögin hafa látið fram í þessu máli með því að kippa greininni út en það virðist ekki vera í boði eins og sakir standa.

[15:41]

Karl V. Matthíasson (Sf):

Herra forseti. Við ræðum frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands og sérstaklega um 3. gr. þess, sem fjallar um hvernig haga skuli mannaráðningum innan Stjórnarráðsins. Það er verið að skapa þá hugsun og hefð að litið verði á Stjórnarráðið sem einn vinnustað og horfa til þess að fólk sem lengi hefur starfað í ráðuneytunum hefur aflað sér reynslu, ekki endilega kannski mikillar háskólamenntunar og hárra gráða, en engu að síður öðlast menntun og reynslu í störfum sínum. Að minni hyggju er með frumvarpinu horft til þessa fólks og því gefið tækifæri á framgangi í starfi.

Við höfum orðið vör við að menn horfa mikið á hversu margar gráður og mörg próf menn hafa. Það hefur oft verið

á kostnað þeirra sem hafa aflað sér menntunar og reynslu með vinnu sinni og eljusemi í störfum. Við höfum oft horft upp á í slíkt í samfélaginu þegar störf eru auglýst, að þá er oft einhver tekinn utan úr bæ, sem er kannski með einhverja svakalega flotta og glæsilega háskólagráðu og hann á að fá starfið af því að hann telst hæfastur, af því að hann hefur svo mikið af doktorsprófum og slíku. Menn horfa þar með fram hjá þeim aðila sem mikið hefur lagt á sig í vinnu og þjónustu fyrir viðkomandi stofnun, en hann getur því miður ekki komist að af því að hann hefur ekki tilskilin próf eða slíkt að mati ýmissa.

En samfélagið er því miður þannig þó við köllum eftir jafnrétti og réttlæti í alls konar stofnunum. Hvernig er það í stjórnmálaflokkum þegar verið er að raða t.d. á lista? Hvernig fara menn í það? Er handraðað, fá flokksfélagar almennt að taka þátt í því hvernig raðað er á listana eða er það fámenn klíka sem ákveður þetta? Auðvitað er gott að þessi umræða skuli fara fram, við eigum náttúrlega að vera vakandi í þessu öllu saman. Hvernig er það þegar fólk er valið í nefndir eða til að vera fulltrúar tiltekins hóps? Það er vandinn sem við stöndum frammi fyrir í þessu samfélagi, þ.e. réttlætið og hvernig á að gera þessa hluti.

Fjöldi fólks hefur unnið ákveðinn tíma í ráðuneytunum og sér að það er laus staða. Þá fer viðkomandi að hugsa: Það væri nú gott fyrir mig að komast í þessa stöðu en ég á enga möguleika af því að það eru svona og svona reglur sem ákveða hæfi manna. Þess vegna get ég ekki fengið starfið af því að ég hef bara verið að vinna þessa vinnu. Við verðum líka að horfa á þetta með jákvæðum augum, með tilliti til þeirra sem hafa verið að vinna störfin og hafa lagt hart að sér.

Ég geri ráð fyrir því að fólkið sem vinnur í ráðuneytunum hér á landi sé bara venjulegt íslenskt, heiðarlegt fólk og njóti einhver þess að fá flutning í starfi úr landbúnaðarráðuneytinu yfir í viðskiptaráðuneytið eða öfugt þá losnar staða viðkomandi einnig, sem maður gerir ráð fyrir að yrði auglýst. Ekki hugsum við dæmið þannig að allir sem starfa í Stjórnarráðinu eigi eftir að starfa þar til eilífðar, það losna náttúrlega stöður, fólk eldist og hættir að starfa, fer annað o.s.frv. Þetta er ekki lokaður hringur sem einhver einn ráðherra stjórnar þannig að þessi þarna og þessi þarna. Hér er einfaldlega verið að gefa ráðherra heimild, eða þeim sem stjórnar, til að flytja fólk til í starfi á jákvæðan hátt. Ég lít þannig á þetta.

Við lögðum reyndar til að bætt yrði við greinina, við frumvarpið, að störfin yrðu auglýst innan Stjórnarráðsins til að fá meira gagnsæi. Auðvitað er best að réttlætið ráði. Við skulum bara skoða það þegar verið er að auglýsa stöður hvar sem er. Svo segja sumir: Af hverju fékk ekki sá hæfasti starfið? Svo fara menn að ræða: Hver er sá hæfasti? Er það sá sem hefur besta prófið? Er það sá sem er búinn að starfa lengst? Er það karl eða er það kona? Svona má lengi spyrja.

Ég mun greiða atkvæði með frumvarpinu á þeim forsendum sem ég hef verið talað um. Ég lít á að þetta sé fremur möguleiki fyrir fólk innan ráðuneytisins til að komast áfram og fá jákvæðan framgang frekar en að þetta sé hugsað til þess að hæstv. ráðherra ætli að beita kúgunarvaldi til þess að ráða vini og vandamenn. Það er alltaf hægt að og er ekki hægt að gera það hvort sem er, hvort sem það er auglýst eða ekki?

[15:47]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að við út af fyrir sig skiljum alveg sjónarmið háttvirts þingmanns. Vandinn er bara sá að ef þessi sjónarmið eiga við þá eiga þau ekki bara við um Stjórnarráðið heldur um allan opinbera vinnumarkaðinn. Það má þá alveg eins heimfæra þau á allar stofnanir ríkisins út af fyrir sig. Það er það sem menn hafa verið að segja í þessari umræðu. Þetta kann að vera fyrsta skrefið í þá átt að afnema auglýsingaskylduna, ekki bara í Stjórnarráðinu heldur í öllum stofnunum ríkisins. Því hljótum við auðvitað að vara við.

Ég held að ef þessi sjónarmið hv. þm. Karls Matthíassonar eiga við þá eigi þau ekki bara við um Stjórnarráðið afmarkað heldur um allan opinbera vinnumarkaðinn.

[15:48]

Karl V. Matthíasson (Sf) *(andsvar)*:

Ég tek undir orð hv. þm. Árna Þórs Sigurðssonar. Þetta var svona almennt um ráðningar og hæfi. Það má t.d. horfa til þjóðkirkjunnar. Við getum hugsað okkur prest sem hefur þjónað á stað þar sem ekki hefur verið sérstaklega vinsælt að vera prestur, menn sækja t.d. meira í þéttbýli en dreifbýli. Við sjáum það á umsóknum þegar losnar prestsembætti t.d. hér í Reykjavík eða Kópavogi eða í þéttbýlinu, þá sækja mun fleiri um en ef auglýst er úti á landi. Því miður er það bara þannig. Það er bara veruleikinn.

Síðan sækir um prestur utan af landi, búinn að vera prestur í 10–15 ár og verið dyggur og trúr í sínum störfum. Svo kemur einhver ungur og nýr með kannski aðeins fleiri próf. Á hann þá að fá embættið eða hinn sem stóð sína plikt og sinnti þjónustu? Um þetta er þetta náttúrlega almennt togstreita og um það hvernig siðferði á að vera hjá okkur.

Ég reikna með því að ráðherrarnir sem fá valdið í hendur muni reyna að vera heiðarlegir í sínum störfum. Við stöndum náttúrlega alltaf frammi fyrir því, sem erum alþingismenn. Við tökum stundum þátt í því að hafa áhrif á hver er kosinn í nefnd, í ráð eða eitthvað svoleiðis. Hvernig vinnum við sjálf þegar þannig er valið? Förum við yfir völlinn og segjum: Já, nú ætla ég að vera rosalega faglegur og réttlátur? Eða kemur inn freistingin og segir: Bíddu, þessi er vinur minn og ég ætla að hygla þessum?

Þetta er hluti mennskunnar. Við eigum náttúrlega, (Gripið fram í.) sá yðar sem syndlaus er, já. (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) Takk, góð ábending. (Gripið fram í.) Við erum syndug í Samfylkingunni, en þið saklaus í Vinstri grænum.

[15:50]

Árni Þór Sigurðsson (Vg) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér fundust orð hv. þm. Karls Matthíassonar staðfesta að þetta sé fyrsta skrefið í þá átt að afnema auglýsingaregluna hjá hinu opinbera. Það verður byrjað á Stjórnarráðinu og síðan verður haldið áfram.

[15:51]

Karl V. Matthíasson (Sf) *(andsvar)*:

Það er reyndar ekki mín meining, hv. þm. Árni Þór Sigurðsson, að þetta sé þannig.

Það sem ég vil segja að lokum í sambandi við þetta er að viðbótarákvæðið um að ráðherra setji ákveðnar reglur um málið, hvernig auglýsa skuli innan Stjórnarráðsins, finnst mér mjög jákvætt. En grundvallaratriðið er að þeir sem hafa starfað í ráðuneytunum og staðið sig vel í störfum fái að njóta þess. Þannig skil ég þetta, í staðinn fyrir að þurfa að fara í rosaleg viðtöl, í gengnum ráðningarskrifstofur og ég veit ekki hvað og hvað. Margt fólk veigrar sér orðið við því, í því samfélagi sem við búum í núna, að sækja um störf vegna þess að það þarf að komast í gegnum alls konar síur.

Auðvitað á að vera meginmarkmið að störfin séu auglýst enda gerum við ráð fyrir því að það sé reglan. Hins vegar er verið að veita heimild til að það þurfi ekki að auglýsa alltaf. En auðvitað hlýtur það að vera meginreglan að auglýsa. En Vinstri grænir tala eins og eins og verið sé að afnema að það að auglýsa. Áherslan og þunginn hefur verið slíkur á málinu hjá þeim. (**Gripið fram í:** Og stéttarfélögin.) Stéttarfélögin, já, þau hafa túlkað þetta svona. Það kom fram á allt of stuttum fundi, ég skal viðurkenna það. En tíminn er ekki alltaf nægur.

En það er nauðsynlegt að fram komi bæði viðhorfin í þessu máli. Það hefur oft verið talað um að (Forseti hringir.) tími hins unga og uppvaxandi eigi að koma og hinir eldri eigi að detta út og ekkert að njóta þess sem þeir hafa verið að vinna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðbréfaviðskipti, 3. umr.

Stjfrv., 7. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 41.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kauphallir, 3. umr.

Stjfrv., 8. mál (EES-reglur, heildarlög). — Þskj. 42.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjármálafyrirtæki o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 9. mál (EES-reglur). — Þskj. 43.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðaukasamningur um álbræðslu við Straumsvík, 3. umr.

Stjfrv., 13. mál. — Þskj. 17.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 15:54]

Almannatryggingar og málefni aldraðra, frh. 3. umr.

Stjfrv., 11. mál (afnám tekjutengingar við atvinnutekjur 70 ára og eldri). — Þskj. 38.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:18]

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GSv, HHj, IllG, JónG, KVM, KaJúl, KÓ, KÞJ, LB, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞSveinb.

18 þm. (AtlG, ALE, ÁI, ÁÞS, BJJ, BjH, GMJ, GAK, GÁ, HöskÞ, IIG, JM, KHG, MS, SF, SJS, VS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁKÓ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EMS, GLG, GÞÞ, ISG, JóhS, KJak, KLM, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 45).

Stjórnarráð Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál (sameining ráðuneyta, tilfærsla verkefna). — Þskj. 40.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:19]

Frv. samþ. með 32:18 atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BjarnB, EKG, EOK, EBS, GHH, GuðbH, GSB, GSv, HHj, IllG, JónG, KVM, KaJúl, KÓ, KÞJ, LB, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SVÓ, StB, ÞSveinb.

nei: AtlG, ALE, ÁI, ÁÞS, BJJ, BjH, GMJ, GAK, GÁ, HöskÞ, IIG, JM, KHG, MS, SF, SJS, VS, ÞBack.

13 þm. (ÁKÓ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EMS, GLG, GÞÞ, ISG, JóhS, KJak, KLM, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 46).

Verðbréfaviðskipti, frh. 3. umr.

Stjfrv., 7. mál (heildarlög, EES-reglur). — Þskj. 41.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:20]

Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ALE, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjH, EKG, EOK, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GÁ, GSv, HHj, HöskÞ, IllG, IIG, JónG, JM, KVM, KaJúl, KÓ, KHG, KÞJ, LB, MS, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞSveinb, ÞBack.

13 þm. (ÁKÓ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EMS, GLG, GÞÞ, ISG, JóhS, KJak, KLM, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 47).

Kauphallir, frh. 3. umr.

Stjfrv., 8. mál (EES-reglur, heildarlög). — Þskj. 42.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:20]

Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ALE, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjH, EKG, EOK, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GÁ, GSv, HHj, HöskÞ, IllG, IIG, JónG, JM, KVM, KaJúl, KÓ, KHG, KÞJ, LB, MS, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞSveinb, ÞBack.

13 þm. (ÁKÓ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EMS, GLG, GÞÞ, ISG, JóhS, KJak, KLM, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 48).

Fjármálafyrirtæki o.fl., frh. 3. umr.

Stjfrv., 9. mál (EES-reglur). — Þskj. 43.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:20]

Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, AtlG, ALE, ÁÓÁ, ÁI, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁÞS, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjH, EKG, EOK, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GÁ, GSv, HHj, HöskÞ, IllG, IIG, JónG, JM, KVM, KaJúl, KHG, KÞJ, LB, MS, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, SJS, SVÓ, StB, VS, ÞSveinb, ÞBack.

14 þm. (ÁKÓ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EMS, GLG, GÞÞ, ISG, JóhS, KJak, KÓ, KLM, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 49).

Viðaukasamningur um álbræðslu við Straumsvík, frh. 3. umr.

Stjfrv., 13. mál. — Þskj. 17.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:21]

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ArnbS, ÁÓÁ, ÁPÁ, ÁJ, ÁMM, ÁRJ, ÁMöl, BÁ, BJJ, BjarnB, BjH, EKG, EOK, EBS, GHH, GMJ, GuðbH, GSB, GAK, GÁ, GSv, HHj, HöskÞ, IllG, JónG, JM, KVM, KaJúl, KÓ, KHG, KÞJ, LB, MS, ÓN, PHB, REÁ, RR, SKK, SF, SVÓ, StB, VS, ÞSveinb.

7 þm. (AtlG, ALE, ÁI, ÁÞS, IIG, SJS, ÞBack) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁKÓ, BjörgvS, BjörkG, BBj, EMS, GLG, GÞÞ, ISG, JóhS, KJak, KLM, ÞKG, ÖS) fjarstaddir.

Frumvarpið afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 50).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í landskjörstjórn til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 12. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Gísli Baldur Garðarsson (A),
Hervör Lilja Þorvaldsdóttir (A),
Ástráður Haraldsson (B),
Bryndís Hlöðversdóttir (A),
Þórður Bogason (A).

Varamenn:
Hrafnhildur Stefánsdóttir (A),
Ólafur Helgi Kjartansson (A),
Sólveig Guðmundsdóttir (B),
Elín Blöndal (A),
Eysteinn Eyjólfsson (A).

[16:22]

Steingrímur J. Sigfússon (Vg) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér á nú að fara að kjósa í nefndir og ráð og þar á meðal í landskjörstjórn og allar yfirkjörstjórnir kjördæmanna. Nú háttar svo til eins og menn vita að óvenjusterkur þingmeirihluti stendur að baki ríkisstjórnar og stjórnarandstaða er fáliðuð en samanstendur af þremur flokkum. Hlutföll leggjast þannig að ríkisstjórnarflokkarnir hafa þingstyrk til þess að ná fjórum mönnum af fimm í allar kjörstjórnir í landinu.

Því máli var hreyft við formenn þingflokka stjórnarliðsins að við þessar óvenjulegu aðstæður yrði kannski horft til þess að ástæða gæti verið til í þágu lýðræðis og valddreifingarsjónarmiða, í þágu þess að a.m.k. sem flestir flokkar gætu átt aðild að kjörstjórnum í landinu, til þess að hafa þar fulltrúa, fylgjast með og vera í aðstöðu til að leggja lóð sitt á vogarskálar þess að kosningar færu vel og lýðræðislega

fram, að jafna hlutföllin. Það er skemmst frá því að segja að niðurstaðan af því varð sú að tilkynnt var að þingflokkar stjórnarliðsins væru ekki til viðtals um það að jafna eitthvað hlutföll, ekki einu sinni í kjörstjórnum í landinu.

Niðurstaðan er sú að stjórnarflokkarnir fá fjóra af fimm fulltrúum í allar kjörstjórnir kjördæmanna og í landskjörstjórn og eru þar af leiðandi heldur með yfirvigt en hitt ofan á hinn sterka meiri hluta í kjörstjórnunum, með fjóra af fimm, 80%, af fulltrúunum. Þetta er umhugsunarefni í ljósi þeirra aðstæðna sem hér eru uppi og í ljósi þess að a.m.k. í orði kveðnu hafa nú flestir flokkar uppi mikla lýðræðisást í málflutningi sínum og telja mikilvægt að tryggja framgang lýðræðisins og hafa skilning á þeim sjónarmiðum að í vissum tilvikum sé þessa gætt þegar ekki á nú einu sinni að þurfa að óttast að flokkspólitískur ágreiningur kalli á að hlutföllum sé fylgt til hins ýtrasta við skipan í nefndir eða stjórnir af þessu tagi. En þessa sér nú ekki stað, a.m.k. ekki í þessu tilviki.

Ég tel það nokkurt umhugsunarefni að á næsta kjörtímabili skuli þessir hlutir verða þannig að tveir af þremur flokkum sem eiga fulltrúa á Alþingi og eru í stjórnarandstöðu muni ekki eiga þess kost að eiga aðild að einu sinni kjörstjórnum í landinu.

Bæði ætti þá að hugleiða hvort ekki væri réttara að breyta lögum og tryggja að fulltrúar allra flokka ættu ætíð sæti í kjörstjórnum og/eða þá að reyna að stuðla að því að til valda komist þingmeirihluti á komandi árum sem hafi meiri skilning á grunnforsendum og (Forseti hringir.) mikilvægi lýðræðisins og fjölræðisins en þetta.

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í nefnd um erlenda fjárfestingu til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu skv. 12. gr. laga nr. 34 25. mars 1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Sigurður B. Stefánsson (A),
Adolf H. Berndsen (A),
Arnar Bjarnason (B),
Guðríður Þorsteinsdóttir (A),
Reynir Harðarson (A).

Varamenn:
Sigríður Arnbjarnardóttir (A),
Bryndís Haraldsdóttir (A),
Þuríður Jónsdóttir (B),
Arnar Guðmundsson (A),
Steini Þorvaldsson (A).

Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Seðlabanka Íslands til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 26. gr. laga nr. 36 22. maí 2001 um Seðlabanka Íslands.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Halldór Blöndal (A),
Erna Gísladóttir (A),
Ragnar Arnalds (B),
Hannes Hólmsteinn Gissurarson (A),
Jón Sigurðsson (A),
Jónas Hallgrímsson (B),
Jón Þór Sturluson (A).

Varamenn:
Halla Tómasdóttir (A),
Birgir Þór Runólfsson (A),
Tryggvi Friðjónsson (B),
Sigríður Finsen (A),
Sigríður Ingibjörg Ingadóttir (A),
Ingibjörg Ingvadóttir (B),
Valgerður Bjarnadóttir (A).

Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Viðlagatryggingar Íslands til fjögurra ára, skv. 2. gr. laga nr. 55 2. júní 1992, um Viðlagatryggingu Íslands.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Adolf Guðmundsson (A),
Jóna Kristín Þorvaldsdóttir (A),
Andrés Skúlason (B).

Varamenn:
Sölvi Sólbergsson (A),
Torfi Áskelsson (A),
Halla Sigríður Steinólfsdóttir (B).

Kosning yfirkjörstjórnar Norðvesturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Ríkarður Másson (A),
Ólafur K. Ólafsson (A),
Karl Á. Gunnarsson (B),
Ingibjörg Hafstað (A),
Guðný Ársælsdóttir (A).

Varamenn:
Jónas Guðmundsson (A),
Björn Jóhannesson (A),
Guðrún Sighvatsdóttir (B),
Lárus Valdimarsson (A),
Líney Árnadóttir (A).

Kosning yfirkjörstjórnar Norðausturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Margrét María Sigurðardóttir (A),
Inger Linda Jónsdóttir (A),
Páll Hlöðvesson (B),
Inga Þöll Þórgnýsdóttir (A),
Sigurjón Björnsson (A).

Varamenn:
Snædís Gunnlaugsdóttir (A),
Halldór Þormar Halldórsson (A),
Jóhann Hansson (B),
Hreinn Pálsson (A),
Ólafía Þ. Stefánsdóttir (A).

Kosning yfirkjörstjórnar Suðurkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Karl Gauti Hjaltason (A),
Ellert Eiríksson (A),
Þórir Haraldsson (B),
Guðjón Ægir Sigurjónsson (A),
Jón Ingi Hauksson (A).

Varamenn:
Finnbogi Björnsson (A),
Halldóra Guðmundsdóttir (A),
Sigurður Ingi Andrésson (B),
Erla Sigurjónsdóttir (A),
Unnur Kristjánsdóttir (A).

Kosning yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Jónas Þór Guðmundsson (A),
Ástríður Sólrún Grímsdóttir (A),
Birgir Stefánsson (B),
Guðmundur Benediktsson (A),
Sigrún Benediktsdóttir (A).

Varamenn:
Jón Atli Kristjánsson (A),
Guðríður Guðmundsdóttir (A),
Björn Birgisson (B),
Hörður Zóphaníasson (A),
Jóna Björk Gísladóttir (A).

Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis suður, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Sveinn Sveinsson (A),
Brynjar Þ. Níelsson (A),
Kristján H. Kristjánsson (B),
Oddný Mjöll Arnardóttir (A),
Elín Smáradóttir (A).

Varamenn:
Heimir Örn Herbertsson (A),
Erna Hjaltested (A),
Tryggvi Agnarsson (B),
Stefán Jóhann Stefánsson (A),
Ingvi Snær Einarsson (A).

Kosning yfirkjörstjórnar Reykjavíkurkjördæmis norður, fimm manna og jafnmargra varamanna, til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 13. gr. laga nr. 24 16. maí 2000, um kosningar til Alþingis.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Erla Svanhvít Árnadóttir (A),
Bragi Steinarsson (A),
Kolbeinn Guðjónsson (B),
Páll Halldórsson (A),

Katrín Theódórsdóttir (A).

Varamenn:
Kristín Edwald (A),
Þorsteinn Davíðsson (A),
Björg Bjarnadóttir (B),
Heiða Björg Pálmadóttir (A),
Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir (A).

Kosning sjö alþingismanna og jafnmargra varamanna í Þingvallanefnd, til upphafs næsta þings, skv. 2 mgr. 2. gr. laga nr. 47 1. júní 2004, um þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Björn Bjarnason (A),
Kjartan Ólafsson (A),
Kolbrún Halldórsdóttir (B),
Arnbjörg Sveinsdóttir (A),
Össur Skarphéðinsson (A),
Bjarni Harðarson (B),
Lúðvík Bergvinsson (A).

Varamenn:
Birgir Ármannsson (A),
Björk Guðjónsdóttir (A),
Katrín Jakobsdóttir (B),
Illugi Gunnarsson (A),
Ásta R. Jóhannesdóttir (A),
Guðjón A. Kristjánsson (B),
Einar Már Sigurðarson (A).

Þingfrestun.

[16:35]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Háttvirtir alþingismenn. Sumarþingi er senn lokið. Þetta þing hefur verið nokkru lengra en tvö undanfarin sumarþing, enda ný ríkisstjórn tekin við sem hefur þurft að leggja ýmis mál fyrir Alþingi. Átta frumvörp urðu að lögum á þessu þingi og tvær þingsályktunartillögur voru samþykktar.

Nú í lok þinghaldsins þakka ég þingmönnum ánægjulegt og gott samstarf þennan tíma. Skrifstofustjóra og starfsfólki Alþingis þakka ég alla aðstoð. Þann tíma sem ég hef gegnt starfi þingforseta hafa augu mín opnast enn betur fyrir því að ýmislegt má bæta í aðstöðu þingmanna og starfsháttum þingsins. Ég mun huga að þeim málum yfir sumarmánuðina og móta tillögur í þeim efnum að höfðu samráði við alla þingflokka og ríkisstjórn.

Ég óska þingmönnum og starfsfólki ánægjulegra sumardaga og vænti þess að við hittumst öll heil á ný er Alþingi kemur saman í haust.

[16:36]

Siv Friðleifsdóttir (F):

Hæstv. forseti. Fyrsta þing að afloknum alþingiskosningum er alltaf sérstakt. Nýir alþingismenn hafa bæst í hópinn og því til viðbótar hefur ný ríkisstjórn tekið við landstjórninni. Ríkisstjórnin hefur óvenjulega mikinn meiri hluta að baki sér í þinginu að þessu sinni. Við slíkar aðstæður er hlutverk stjórnarandstöðunnar sérlega mikilvægt og undirstrikar nauðsyn þess að vel sé búið að stjórnarandstöðunni til að hún geti rækt hlutverk sitt sómasamlega. Í reynd er það svo að það kemur fyrst og fremst í hlut stjórnarandstöðunnar að halda uppi þinglegu eftirliti með gjörðum ríkisstjórnarinnar. Við munum gera okkur far um að standa undir þessari ábyrgð og veita meiri hlutanum nauðsynlegt aðhald um leið og við munum styðja þau mál sem til bóta horfa fyrir landsmenn.

Ég þakka nýkjörnum forseta ágæta samvinnu á þessu vorþingi og vænti áframhaldandi góðs samstarfs við hann á komandi þingi. Ég óska honum og fjölskyldu hans, þingmönnum öllum og starfsfólki Alþingis góðs sumars og þess að við hittumst öll heil að loknu sumarhléi.

Ég bið hv. þingmenn að taka undir orð mín og óskir með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

[16:38]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Ég þakka hv. 10. þm. Suðvest., Siv Friðleifsdóttur, fyrir hlý orð og góðar óskir í minn garð og minnar fjölskyldu og hv. þingmönnum fyrir að taka undir þau orð með því að rísa úr sætum.

Ég endurtek þakkir mínar og óskir til hv. þingmanna og alls starfsfólks Alþingis.

[16:38]

Forsætisráðherra (Geir H. Haarde) (S):

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 134. löggjafarþings, frá 12. júní 2007 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til septemberloka.

Gjört á Bessastöðum, 12. júní 2007.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Geir H. Haarde.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með vísan til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 134. löggjafarþings, er frestað.

Ég óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins svo og landsmönnum öllum allra heilla.

Fundi slitið kl. 16:40.